ALÞINGISTÍÐINDI 1930

FERTUGASTA OG ANNAÐ LÖGGJAFARÞING

C.

UMRÆÐUR

UM

FALLIN FRUMVÖRP OG ÓÚTRÆDD

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1930

Aðalefnisyfirlit og skammstafanaskrá fylgir B-deild.

Efnisskrá C-deildar.

Almennur ellistyrkur 1042
Ábúðarlög 732
Ágangur búfjár 728
Átta stunda vinnudagur í verksmiðjum 869
Bókasöfn prestakalla 468
Bókhald 1022
Brunabótafélag Íslands 267
Bryggjugerð í Borgarnesi 319
Byggingar á prestssetrum 327
Byggingar- og landnámssjóður 931
Bæjarstjóri á Siglufirði 291
Dómkirkjan í Reykjavík 890
Einkasala á tóbaki 807
Embættiskostnaður sóknarpresta og aukaverk 466
Fasteignaskattur 799
Fátækralagabreyting 1057
Fimmtardómur 361
Fiskiveiðasjóður Íslands 593
Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl. 113
Gelding hesta og nauta 894
Hafnargerð á Akranesi 696
Hafnargerð í Dalvík 677
Hafnargerð á Sauðárkróki 484
Háskólabygging 455
Heimavistir við menntaskólann .. 553
Iðja og iðnaður 891
Innflutningsgjald af benzíni 996
Jarðræktarlög (stjórn Búnaðarfél. Íslands) 734
Járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár 602
Jöfnunarsjóður ríkisins 968
Kirkjugarðar 469
Kirkjur 469
Kirkjuráð 891
Kjördagar 331
Kosning þingmanns fyrir Siglufjörð 637
Kvikmyndir og kvikmyndahús 350
Lax- og silungsveiði 907
Loftskeytanotkun veiðiskipa 253
Lýðskóli með skylduvinnu nemenda 980
Lækningaleyfi 1037
Menntaskólinn í Reykjavík 327
Myntlög 634
Óskilgetin börn 1061
Póstlagabreyting 635
Raforkuveitur utan kaupstaða 554
Raforkuvirki 875
Rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju 590
Sala Hólma í Reyðarfirði 130
Samskólar Reykjavíkur 471
Seðlaútgáfa Íslandsbanka, hlutafjárauki o. fl. 2
Skipulag kauptúna og sjávarþorpa 873
Sóknargjöld 198
Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur 219
Sundhöll í Reykjavík 882
Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HG) 768
Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HStef og MG) 639
Tollagabreyting 805
Túnyrkja í Nesjum í Hornafirði .. 926
Utanfararstyrkur presta 891
Útflutningsgjald af síld 309
Útvegsbanki 676
Veiting prestakalla 470
Verðfesting pappírsgjaldeyris 598
Verðtollur (frv. HStef og MG) 672
Verzlunar- og útvegsbanki Íslands 879
Vélgæzla á mótorskipum 1035
Þingmannakosning í Reykjavík .. 1

Lagafrumvörp felld.

1. Þingmannakosning í Reykjavík.

Á 17. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík (þmfrv., A. 72).

Á 19. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson):* Ég skal ekki þreyta hv. d. með því að reifa þetta mál með langri ræðu. Ég býst við, að hv. þdm., hvort sem þeir eru sammála okkur eða ekki, muni hljóta að finnast það eðlilegt, þegar byrjað er að bera fram till. um fjölgun þingmanna, til að bæta úr því misrétti, sem ríkir um þá, að þá sé á það minnzt, hve fáa þm. Reykjavík sendir á þing. Hér býr nú einn fjórði allra landsmanna, en þessi fjórði hluti landsmanna sendir aðeins 4 þm. af 36 kjördæmakosnum, og það sjá allir, hvað sem sagt er um aðstöðu Reykjavíkur til þess að hafa áhrif á þingmenn o. s. frv., að þetta nær engri átt. Að réttu lagi eru tíu þm. það minnsta, sem Reykjavík ætti að senda, ef farið væri eftir höfðatölu einni. Rétt væri, að Reykjavík kysi a. m. k. 10 þm., því að tíu er þó ekki alveg fjórði hluti (af 42), sem svarar til þess, sem Reykjavík ætti að kjósa.

Annars er margt að segja um það, eftir hverju ætti að fara, þegar ákveðið verður um þingmannafjölgun, — en ég skal ekki fjölyrða um það, heldur aðeins mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og þeirrar n., sem hefir annað svipað frv. til meðferðar — og mun vera allshn.

ATKVGR.

Frv. fellt frá 2. umr. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: HG, HV, JJós, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, SÁÓ, GunnS, BSv.[1])

nei: IngB, JAJ,[2]) LH, MT. PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ.

Þrír þm. (ÓTh, SE, HK) fjarstaddir.

2. Seðlaútgáfa Íslandsbanka, hlutafjárauki o. fl.

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. (þmfrv., A. 67).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv., sem ég og hv. 2. þm. G.-K. flytjum,

* Stjarna (*) aftan við nafn ræðumanns táknar, að þm. hafi óskað þess getið, að ræðan sé prentuð eftir óyfirlesnu handriti innanþingsskrifara.

1) Með svofelldri grg.: Ég geri þá grein fyrir atkv. mínu, að ég mun ekki verða með frv. út úr d., en vil leyfa að ræða það í n., og segi þess vegna já.

2) Með svofelldri grg.: Ég álít, að á annan hátt eigi að bæta úr þeim misrétti, sem er á kjördæmaskipun landsins, en með því að fjölga þingmönnum. Þess vegna segi ég nei.

gengur út á það, að ríkið skjóti fé inn í Íslandsbanka sem forgangshlutafé, að uppfylltum vissum skilyrðum, og ennfremur að ríkissjóður ábyrgist innlánsfé og annað innstæðufé bankans í hlaupandi viðskiptum til loka leyfistímans, 31. des. 1933. Er það meining okkar að fyrirbyggja með frv. þessu, að Íslandsbanki þurfi að stöðva starfsemi sína lengur en örfáa daga. Það er kunnugt, að síðastl. nótt var haldinn lokaður fundur um þetta mál í sameinuðu þingi, og vildi ég fyrir mitt leyti helzt mega skoða þennan fund sem framhald hins að nokkru leyti, þó að hann væri lokaður og í sameinuðu þingi. Ef ég geng út frá þessu, þá er ekki nauðsynlegt fyrir mig sem stendur að rifja upp það, sem sagt var um þetta mál í nótt. En ef hér verða miklar umr., er óhjákvæmilegt að endurtaka aðalatriðin úr því, sem sagt var á hinum lokaða fundi.

Fyrst og fremst vildi ég þá varpa fram 2 spurningum, þessum: Hvað verður, ef bankinn hættir starfsemi sinni, og hvað leiðir af því ef hann er studdur til þess að halda áfram?

Ég vil fyrst taka til athugunar fyrri spurninguna. Hvað verður, ef bankinn hættir starfsemi? — Af því leiðir fyrst og fremst, að truflun kemst á atvinnulífið í þessu landi. Þess verður að minnast, að þessi banki hefir nú starfað hér mjög lengi, og það er öllum vitanlegt, að hann á svo víða rætur í atvinnulífi landsins, að það er með öllu ómögulegt að skera fyrir þær rætur án þess að af hljótist mikill skaði fyrir atvinnulífið. Það er með öllu ómögulegt að kippa viðskiptum þessa banka yfir í annan banka í fljótu bragði, og auk þess vafamál, hversu æskilegt það væri.

Ég held, að við höfum með reynslunni fengið að sjá það, hversu erfitt það er að flytja viðskipti milli banka. Við sjáum það af þeirri reynslu, sem hefir orðið hjá okkur. Við höfum ætlað að láta viðskiptin smátt og smátt dragast saman hjá Íslandsbanka, í sambandi við innlausn seðlanna, en reynslan hefir sýnt, að það er ekki hægt. Og ég er hræddur um, að einmitt þetta eigi talsverðan þátt í því, sem nú er fram komið.

Þetta er hliðin inn á við, sú sem snýr að landsmönnum sjálfum.

En svo er hin hliðin út á við, sú, er snýr að öðrum löndum. — Ég er mjög hræddur um að lokun bankans verði til skaða fyrir lánstraust okkar út á við. Ég vil ógjarnan endurtaka rökin, sem færð voru fyrir þessu í nótt sem leið, en ég vil leyfa mér að geta þess, að í dag hefir einn af bankastjórum Íslandsbanka fengið skeyti, sem ég skal lesa hér upp í ísl. þýðingu. Það hljóðar svo:

„Orðrómur frá Kaupmannahöfn hermir að banki yðar hafi stanzað útborganir .... óska að leggja áherzlu á hin alvarlegu áhrif á lánstraust landsins hér (þ. e. í Englandi), sem það hefir, ef banki yðar, með þremur bankaráðsmönnum tilnefndum af hinu opinbera, getur ekki staðið í skilum, sérstaklega á ári, sem er svo áríðandi fyrir Ísland".

Ég hefi hér á ensku þetta skeyti, og það er undirskrifað af Charles Hambro. Þessi maður er, eftir því sem ég veit bezt, í bankaráði Englandsbanka, og er bankastjóri í Hambrosbanka. Þetta skeyti hefir hann sent, eins og það sjálft sýnir, út af orðrómi, sem borizt hefir frá Kaupmannahöfn til Englands. Það er kunnugt um þennan bankamann, að hann er okkur vinveittur, og það er enn fremur kunnugt, að hann er einn meðal mestu fjármálamanna Englands. Ég get ekki verið í neinum efa um það, að orð hans um þetta eru rétt, að þetta er hans álit, og ég held að það sé engin ástæða til að ætla að hann fari villur vegar í þessu áliti sínu. Ég held í raun og veru að það væri ekki nema hlægilegt, að ég færi að útlista betur, hversu hættulegt þetta er okkar lánstrausti út á við, því ég ætla mér ekki þá dul að mæla mig við þann mann, sem þetta skeyti hefir sent, um þekkingu á fjármálefnum erlendis.

Þetta er þá það, sem mér sýnist blasa við: **Inn á við truflun atvinnuveganna. Út á við lánstraustsspjöll.** Það er áreiðanlegt, að þessu máli er fylgt með mestu athygli hér um allt land. Það mun vera svo, að í dag hafi ekki gengið á öðru meira en símafyrirspurnum um það, hvort bankinn myndi að fullu stöðvast, og sýnir þetta betur en langar umræður, hversu mikið menn þykjast eiga undir því, að þessi banki haldi áfram að starfa.

En þá kem ég að hinni hlið málsins,

hvað verður, ef þetta frv., sem hér er til umr., verður samþykkt. Þá verður það, að ríkissjóður leggur fram fé til styrktar bankanum og ábyrgist innlánsfé hans. Ég viðurkenni, að það er talsvert stórt skref að stíga. Það er þó skref, sem maður sér út yfir, hvert leiðir. En ég sé ekki út fyrir, hvert hitt leiðir, ef ekkert er gert. Og þegar um tvennt er að velja, eins og hér, þá sýnist mér vera sjálfsagt að velja það, sem maður hefir betri skilyrði til að sjá og skilja, heldur en hitt, sem enginn sér, hvað af leiðir. En auk þess er nú það, að það er sérstök skylda þingsins að sjá fyrir atvinnuvegum landsins. Ég veit satt að segja ekki á hverju þetta land á að lifa, ef atvinnuvegirnir geta ekki haldið áfram.

Það er svo um okkar atvinnuvegi, að þeir eru misbrestasamir. Jafnvel í góðum árum veitir ekki af, að allt sé truflunarlaust. Og auðvitað er sérlega hættulegt, ef svo skyldi fara saman illt árferði og lokun bankans.

Það var upplýst hér í umr. í nótt, að forsætisráðherra hafi látið skyndirannsókn fara fram á bankanum af tveim ágætum mönnum (Forsrh.: Það var bankaráð Íslandsbanka). Ég hefi skilið það svo, að forsrh. hafi tilnefnt tvo menn til rannsóknar á bankanum, en ekki bankaráðið. Það er heldur ekki hægt fyrir mig að sjá það, hvenær hann starfar fyrir bankann sem forsrh. og hvenær sem bankaráðsmaður; hæstv. ráðh. getur heldur ekki skilið sig í tvo gerólíka menn, forsrh. Íslands og bankaráðsmann fyrir Íslandsbanka. En hvað sem um það er, þá vorum við allir sammála um það í nótt, að mennirnir hafi verið góðir; álit þeirra skiptir mestu máli, og þeir álíta það, að bankinn eigi fyrir skuldum, ef hann fær að halda áfram starfi.

Þetta segja þeir, og við höfum þetta að byggja á, og get ég ekki séð, að það væri forsvaranlegt að hjálpa ekki bankanum yfir þrepskjöldinn, því hvað ætli það væru mörg atvinnufyrirtæki hér á þessu landi, sem ætti að stöðva, ef heimtað væri, að þau ættu meira en fyrir skuldum?

Ég er viss um, að það er ekki lítill hluti af viðskiptalífi þjóðarinnar, sem þetta snertir, ef þannig verður farið að við þessa stofnun. — Þegar svo líka það er athugað, að það má vænta árlega allmikils gróða af bankarekstrinum, ef varlega er að farið, þá get ég ekki séð annað ef gengið er út frá þessu mati, en að það sé ekki óglæsileg framtíð, sem þessi stofnun eigi fyrir sér.

Að því er nú snertir þetta frv. sjálft, þá skal ég viðurkenna, að það hefir ekki verið næsta mikill tími til undirbúnings því, en ég vona samt, að það sé nokkurn veginn frambærilegt. Ég vil um leið taka það fram, að það er ekki svo, að við flm. þessa frv. séum alveg ófúsir til samninga. Þvert á móti erum við reiðubúnir til samninga, bæði við hæstv. landsstj. og n., með því skilyrði, að niðurstaðan verði sú, að bankinn haldi áfram störfum og þurfi ekki að stanza nema örskamma hríð, og auðvitað að því tilskildu líka, að við getum fellt okkur við þær leiðir, sem farnar eru til að ná því marki. Ég vil þess vegna biðja hæstv. stj. að skoða ekki þetta frv. sem ófrávíkjanlegan grundvöll eða ófrávíkjanlegt tilboð frá okkar hálfu. Við erum fúsir til samkomulags með þeim úrslitum, sem ég áður lýsti.

Ég vil nú mjög innilega óska þess og vænta, að hæstv. stj. vilji reyna að komast að samkomulagi í þessu máli. Ég er nokkurn veginn viss um, að það er miklu erfiðara böl, að bankinn verði að loka að fullu og öllu, heldur en sú leið, sem hér er stungið upp á. Og ég vil skilja samþykki hæstv. fjmrh. til þess að þetta mál fari til 2. umr. þannig, að samningar um þetta mál séu alls ekki útilokaðir.

Ég vil gera það að minni till., að þessu máli verði vísað til sömu n. og kosin var í næsta mál á undan á dagskránni (um skiptameðferð á búi Íslandsbanka). Og ég vildi óska, að meðferð þessa máls þyrfti ekki að vera lengri en það, að n. gæti lokið störfum sínum á morgun, svo að við gætum tekið þetta mál til umr. annað kvöld. Ef svo giftusamlega tekst, að samkomulag næst, skilst mér, að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að afgreiða þetta mál frá deildinni annað kvöld, og ef það verður afgreitt, þá skilst mér, að hæstv. stj., sem hefir svo góð tök á Ed., geti gert hverjar ráðstafanir sem

er, og jafnvel þótt þyrfti að dragast einn dag afgreiðslan, þá er það í mínum augum ekki hættulegur hlutur, ef vissa er um samkomulag.

Ég ætla svo ekki í bili a. m. k. að fara fleiri orðum um frv., en vil endurtaka það, að ég vona fastlega, að stj. sé ekki ótilleiðanleg til samkomulags um þetta mál.

Ólafur Thors: Með því að þessi fundur er fyrsti opinber fundur á Alþingi um Íslandsbankamálið, tel ég rétt, að nú þegar komi fram nokkru ítarlegri skýrsla í málinu heldur en hv. 1. flm. frv. gaf í frumræðu sinni.

Ég vil því gefa nokkrar viðbótarupplýsingar, og mun um forsögu málsins styðjast eftir föngum við það, sem ég man úr framsöguræðu hv. 3. landsk. (JÞ) á lokaða fundinum í nótt, en hann gaf skýrslu sína fyrir hönd bankaráðs Íslandsbanka samkv. ósk hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. N.-M. (HStef), er einnig eiga sæti í bankaráði Íslandsbanka.

Í árslok 1920 var hag Íslandsbanka þannig komið, að þingið 1921 taldi ástæðu til að samþykkja lög, sem heimiluðu ríkisstj. að leggja fram 4½ millj. úr ríkissjóði til aukningar á hlutafé bankans. Heimild þessi var þó eigi notuð, en í þess stað sá ríkisstj. bankanum fyrir rekstrarfé með nokkrum hluta hins svonefnda enska láns, sem flestir kannast við.

Lög þessi eru enn í gildi, og frv. það, er hv. 1. þm. Skagf. og ég berum fram, er breyting á þeim lögum.

Samkv. þessum lögum er bankinn skyldur að draga inn seðla sína með 1 millj. kr. á ári frá 1. okt. 1922, en þá var seðlavelta bankans talin 8 millj. kr. Inndrátturinn byrjaði eins og lögin mæltu fyrir, og 3 fyrstu árin dró bankinn árlega inn 1 millj. af seðlum sínum. En eftir það treystist bankinn ekki til frekari inndráttar, þar til í október síðastl., að fjórða milljónin var inndregin; en Alþingi veitti bankanum árlega undanþágu frá inndráttarskyldunni.

Út af seðlainndrættinum og öðrum örðugleikum, er að bankanum steðjuðu, komst Íslandsbanki í allstóra skuld við Landsbankann. Hefir skuld þessi verið yfirdráttur, tryggður með víxlum viðskiptavina Íslandsbanka. Hámark skuldarinnar hefir verið 3360 þús. kr., en annars hefir hún verið breytileg, eftir þörfum Íslandsbanka.

Á árunum 1926 til 1927 varð enn óróa um bankann, sem ásamt fleiru olli því, að bankinn missti 6—7 millj. kr. af því sparifé, sem landsmenn höfðu falið honum til ávöxtunar. Slík blóðtaka hlaut að sjálfsögðu að skapa bankanum nýja og óvænta örðugleika, sem leiddu til þess, að hann neyddist til þess að leita á náðir stjórnarvaldanna um aðstoð við útvegun þess fjár, er bankanum var nauðsynlegt til áframhalds þess atvinnurekstrar, sem rekinn hafði verið með lánsfé frá bankanum. Stjórnarvöldin ákváðu að greiða götu bankans með þeim hætti, að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann, en Landsbankinn skyldi svo aftur lána Íslandsbanka nokkurn hluta lánsins. — Upprunalega var svo til ætlazt, að teknar yrðu að láni 3 millj. kr. danskar, en úr því varð þó eigi, heldur var tekið lán í New-York, að upphæð 2 millj. dollarar, eða um 9 millj. kr. Var upphæð þessi að vísu miklu hærri en þörf var fyrir, en lánveitandi mun hafa tilskilið, að upphæðin væri ekki lægri, og þar sem kjörin þóttu góð, var lánið tekið. Af þessu fé fékk svo Íslandsbanki 1 millj. kr. hjá Landsbankanum, en að öðru leyti var lánið ekki notað. Gaf Íslandsbanki víxil — hinn svonefnda dollara-víxil — fyrir skuldinni, tryggðan með víxlum viðskiptamanna bankans.

Árið 1928 fékk Landsbankinn lánið í New-York fært niður í 1 millj. dollara, og á síðasta ári taldi Landsbankinn óþarft að halda láninu lengur opnu, greiddi það að fullu og sagði upp lánssamningnum. Eftir það var sú 1 millj. kr., er Íslandsbanki hafði fengið af fé þessu, orðin hrein skuld við Landsbankann, og greiddi Íslandsbanki helming skuldar sinnar 1. júlí 1929, en hinn helmingurinn er enn ógreiddur.

Um fé það, sem Íslandsbanki að öðru leyti starfar með, er það að segja, að auk innstæðna íslenzkra manna hefir bankinn erlent lánsfé, sem hann verður að standast árlegar afborganir af.

Aðallán bankans eru þessi:

1. Hluti bankans af enska láninu er

um 5.6 millj. kr. Ríkissjóður ber ábyrgð á láninu gagnvart skuldheimtumanni, en hefir aftur tryggingar í víxlum viðskiptamanna Íslandsbanka. Árleg afborgun af láninu er um 100 þús kr.

2. Bankinn skuldar ríkissjóði Dana 3.9 millj. danskar krónur. Lán þetta, sem er án sérstakra trygginga, á að greiðast á 15 árum. Árleg afborgun nemur um 400 þús. kr.

3. Til skamms tíma skuldaði Íslandsbanki Privatbankanum í Kaupmannahöfn á 4. millj. d. króna. Það er tryggt með víxlum viðskiptamanna Íslandsbanka, og svo um samið, að það afborgist með því, er greiðist inn á tryggingarvíxlana. Á síðasta ári nam sú upphæð 400 þús. kr.

Af þessum þremur aðallánum bankans hefir því bankinn greitt á síðasta ári 900 þús. kr., en auk þess greitt inn á dollaravíxilinn 500 þús. kr., og þrengt að sér vegna inndráttar seðla um 625 þús. kr. Samtals 2 millj. 25 þús. kr.

Því mun nú hafa verið haldið fram af hendi stj. Landsbankans, að Íslandsbanki hafi ekki innt þessar greiðslur af hendi af eigin rammleik, heldur með því að hækka skuld sína við bankann að sama skapi. — Þessu til sönnunar bendir Landsbankinn á, að yfirdráttur Íslandsbanka hjá Landsbankanum hafi í árslok 1928 aðeins numið 1.8 millj. kr., en í árslok 1929 3.3 millj. kr., og þannig vaxið um 1.5 millj. kr. á árinu. En Íslandsbanki telur þetta vera rangt hjá Landsbankanum, a. m. k. að miklu leyti, og gefur þær skýringar, að í árslok 1928 hafi bankinn lítið fé haft í sjóði, en í árslok 1929 hafi sjóðurinn numið 1 millj. kr. Bankinn hafi eftir atvikum talið réttara að liggja með það fé heldur en að leggja það inn á reikning sinn í Landsbankanum, til niðurfærslu á skuldinni. Íslandsbanki sýnist þannig á síðasta ári hafa grynnt á skuldum sínum af eigin getum um a. m. k. 1½ millj. kr., en með þessu virðist einnig, að bankinn hafi ofboðið getu sinni.

Á síðastl. hausti, eftir að bankinn dró inn þá 1 millj. kr. af seðlum sínum, er ég gat um áður, sneri hann sér til stj. Landsbankans og óskaði þess, að hún endurkeypti víxla af honum, er næmu ⅝ hlutum seðlainndráttarins, eða 625 þús. kr., en 69. grein landsbankalaganna frá 1928 leggur þá skyldu á herðar Landsbankanum, að kaupa slíka víxla af Íslandsbanka, fyrir upphæð, er nemur ⅝ hlutum þeirra seðla, er Íslandsbanki á hverjum tíma dregur inn, en fyrir ⅜ hluta seðlanna er ætlazt til, að Íslandsbanki selji Landsbankanum hluta af gullforða sínum.

Landsbankinn neitaði þó að verða við þessari ósk Íslandsbanka og færði fram þau rök fyrir synjuninni, að hinn ógreiddi hluti dollara-víxilsins væri fallinn í gjalddaga, án þess þó að Íslandsbanki hefði náð samningum um gjaldfrest. Ennfremur leit Landsbankinn svo á, að af þeim 3360 þús. kr., er Íslandsbanki skuldaði Landsbankanum, bæri að skoða 1875 þús. kr. sem ⅝ hluta þeirra 3 millj. kr., er Íslandsbanki hefði áður dregið inn af seðlum sínum, en afgangurinn, um 1½ millj. kr., væri óumsamin skuld. Taldi því Landsbankinn sig hafa rétt til þess að draga frá þessari upphæð þær 625 þús. kr., er honum, samkv. nefndum lögum frá 1928 bar að kaupa víxla fyrir af Íslandsbanka, vegna þeirrar 1 millj. kr. af seðlum, er Íslandsbanki dró inn síðastl. októbermánuð, og skuldaði Íslandsbanki þó Landsbankanum vegna þeirra viðskipta yfir 800 þús. kr.

Bankaráð Íslandsbanka neitaði að viðurkenna þennan skilning Landsbankans á lögunum frá 1928, og benti á, að þegar þau lög voru sett, var skuld Íslandsbanka á þessum reikningi 1½ millj. kr. umfram þær 1875 þús. kr., er ég áður nefndi. Taldi Íslandsbanki, að löggjafinn hefði aldrei ætlazt til, að sú skuld greiddist jafnóðum og seðlainndráttur færi fram, enda hefði öllum þá verið ljóst, að bankinn gat ekki risið undir slíkum greiðsluskilmálum á skuld þessari.

Ég leiði hjá mér að dæma um, hvor bankinn hefir réttan skilning á þessu máli, en bendi aðeins á, að ráðh. sá, er lagði nefnd lög fyrir Alþingi 1928, hefir lýst því yfir, að hann hafi skilið lögin eins og bankaráð Íslandsbanka.

En hvort sem bankaráð Íslandsbanka hefir haft lög að mæla eða ekki, þá er það fullvíst, að Íslandsbanki hafði brýna þörf fyrir þessa peninga. Og snemma í fyrri viku var þröng bankans

orðin svo mikil, að bankaráð bankans taldi tvísýnt, að bankinn mundi einfær að ráða fram úr vandkvæðunum. En samtímis fór að berast um bæinn orðrómur um erfiðleika bankans, en við það óx vitanlega hættan á, að bankinn gæti ráðið fram úr vandræðunum. Og þar kom, að bankaráðið, eða formaður þess, hæstv. forsrh., snéri sér síðastl. föstudag til fjmrh. og tjáði honum vandræði bankans. Fór bankaráðið þess á leit, að fjmrh. héti bankanum stuðningi til að annast greiðslur á þeim kröfum, sem bankanum kynnu að berast á laugardag. Tók fjmrh. vel þeirri málaleitan og hét þeim stuðningi, sem nauðsynlegur væri.

Reyndin varð þó sú, að ekki þurfti að grípa til stuðnings stj., því á laugardag voru engin veruleg brögð að því, að tekið væri fé úr bankanum umfram venju.

En óróinn í bænum fór vaxandi, svo að sýnt þótti, að ef bankinn opnaði á mánudaginn, mundi hann ekki geta greitt þær kröfur, er honum bærust, nema ný sterk öfl kæmu bankanum til aðstoðar. Bankaráðið skrifaði því fjmrh. og fór fram á það, að ríkið tæki ábyrgð á skuldbindingum bankans, að einhverju eða öllu leyti, og sæi bankanum jafnframt fyrir 1½ millj. kr. rekstrarfé. Eru till. þær nú öllum kunnar, svo að óþarft þykir að rekja þær hér.

Um málið var svo haldinn lokaður fundur í sameinuðu þingi síðastl. nótt, án þess þó að fullnaðarákvörðun væri tekin í því.

Samtímis sem bankaráðið vék vandkvæðum sínum til fjmrh., skipaði forsrh. þá Jakob Möller bankaeftirlitsmann og Pétur Magnússon bankastjóra til þess að rannsaka hag bankans. Hafa þeir nú skilað áliti, sem ber með sér, að þeir telja, að bankinn eigi fyrir skuldum, eða sem næst því, ef hann getur óhindrað haldið áfram starfsemi sinni.

Um mat þessara manna er það að segja, að vitaskuld verður að viðurkenna, að frestur sá, er þeim var settur, er stuttur. En hann er ekki styttri en venja er til erlendis, þegar um slíka rannsókn er að ræða undir líkum kringumstæðum, og það þótt rannsaka þurfi miklu stærri og margþættari banka en Íslandsbanka. Rannsóknin var auðveldari fyrir það, að bankaeftirlitsmaðurinn hefir áður framkvæmt nákvæma rannsókn á bankanum, sem að sjálfsögðu hefir flýtt fyrir bráðabirgðarannsókninni. En um hæfni rannsóknarmannanna til starfans er óhætt að fullyrða, að Jakob Möller hefir lengi notið viðurkenningar fyrir að vera einn gleggstur fjármálamaður þjóðarinnar, en Pétur Magnússon er í senn gáfaður maður, vel kunnur fjármála- og atvinnulífinu og óvenju varfærinn. Veit ég það af langri viðkynningu, að hann segir sízt of mikið undir slíkum kringumstæðum.

Ég tel því alveg ástæðulaust að vefengja dóm þeirra um, að bankinn eigi fyrir skuldum, ef hann fær að starfa áfram. Hitt er svo annað mál, að verði bankinn að stöðva, getur vel farið svo, að reyndin verði sú, að stórfé skorti á, að hann geti svarað út öllum skuldbindingum sínum. Í þeim efnum ályktа ég aðeins út frá þeim mun, sem nú yfirleitt er á því, hvort fyrirtæki er starfandi eða neyðist til að stöðva alla starfrækslu og selja eignir sínar nauðungarsölu að meira eða minna leyti.

Eins og menn vita, hefir bankinn nú neyðzt til að loka, a. m. k. í bili, og það, sem fyrir liggur, er að ákveða, hvort löggjafinn vill veita bankanum aðstoð til þess að opna að nýju, því að öðrum kosti getur hann ekki haldið áfram.

Öllum er það sjálfsagt ljóst, að í þessu máli verður engin sú ákvörðun tekin, að eigi fylgi nokkur áhætta. Hér verður aðeins að meta, hver áhættan er minnst, og skal ég leyfa mér að gera stutta grein fyrir minni skoðun í þeim efnum.

Skal ég þá fyrst athuga afleiðingar þess, að frv. okkar hv. 1. þm. Skagf. verði samþ.

Frv. fer í höfuðdráttum fram á tvennt: að ríkissjóður kaupi forgangshlutabréf í bankanum að upphæð 3 millj. kr., en hið eldra hlutafé færist niður eftir endanlegu mati á hag bankans, og að ríkissjóður taki ábyrgð á sparifé og öðru innstæðufé í bankanum.

Fyrra ákvæðið hnígur að því að útvega bankanum rekstrarfé, og samtímis að tryggja hagsmuni erlendra skuldheimtumanna bankans, því vitaskuld er það ekki sæmilegt og mundi reynast stórhættulegt, ef aðeins væri séð fyrir hagsmunum ís-

lenzkra viðskiptavina bankans, en hagur erlendra skuldheimtumanna, þar á meðal ríkissjóðs Dana, væri fyrir borð borinn. En eftir þeirri venju, er mest tíðkast um viðreisn erlendra banka, má telja fullvíst, að með þessum hætti telji erlendir skuldheimtumenn hag sínum borgið.

Síðara ákvæðið, um ábyrgð ríkissjóðs á innstæðufé bankans, er til þess ætlað, að róa eigendur þess og tryggja, að þeir sjái ekki ástæðu til að taka fé sitt út úr bankanum.

Það er álit Sjálfstæðismanna á þingi, að þessar ráðstafanir séu fullnægjandi til þess að tryggja framtíð bankans.

Hvaða áhætta stafar nú ríkissjóði af þessari ábyrgð?

Bankinn hefir verið skoðaður og telst eiga fyrir skuldum. Áhættan sýnist því takmarkast við áhættu á rekstri bankans, þ. e. a. s. við afkomu viðskiptamanna bankans.

Sé nú sú áhætta vegin í sambandi við hina hlið þessa máls — lokun bankans —, kemur í ljós, að ekki er rétt að láta bankann falla hennar vegna, því ef það er rétt, sem haldið hefir verið fram af andstæðingum frv. okkar hv. 1. þm. Skagf., að atvinnurekstur sá, sem rekinn hefir verið með lánsfé úr Íslandsbanka, muni eftirleiðis fá fé til þarfa sinna frá Landsbankanum, þá færist þar með áhættan af afkomu þessa atvinnurekstrar yfir á ríkissjóð, vegna þess að ríkissjóður ber nú þegar, samkv. lögum frá 1926, ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans.

Þessi áhætta sýnist því vera svipuð, hvor leiðin sem farin er í málinu, ef fyrrnefnd fullyrðing andstæðinga frv. er rétt. En enda þótt hún sé nú ekki rétt, og það er hún ekki nema að nokkru leyti, þá verður þó áhættumunurinn ekki svo mikill, að hann megi ráða úrslitum þessa stórmáls, því verði bankanum lokað að fullu, munu af því hljótast mörg og mikil vandkvæði. Nefni ég þar fyrst áhrifin á lánstraust landsins út á við.

Ísland er enn lítið þekkt á erlendum peningamarkaði. Fregnin um, að annar af tveim bönkum landsins hafi neyðzt til að stöðva rekstur sinn, mun því að sjálfsögðu skapa óróa og tortryggni í okkar garð, og þá ekki sízt fyrir það, að yfirleitt mun svo litið á erlendis, sem íslenzk stjórnarvöld séu svo mjög við bankann riðin, að nærri stappi, að full ábyrgð fylgi fyrir ríkissjóð.

Þegar nú fregnin um stöðvun bankans berst erlendum skuldheimtumönnum, mun fyrst að því spurt, hvort þess hafi verið enginn kostur að bjarga bankanum, því að annarsstaðar mun það venja, að bæði þjóðbankinn og ríkið taki á sig þungar kvaðir til að afstýra slíku hruni.

Svar okkar við slíkri fyrirspurn fegrar ekki málstaðinn.

1) Bankinn er talinn eiga fyrir skuldum, ef hann fær að halda áfram rekstri, og væntanlegt tap orsakast því beinlínis af stöðvuninni.

2) Innieign þjóðbankans hjá Íslandsbanka er talin fulltryggð.

3) Ábyrgð ríkissjóðs vegna bankans er sömuleiðis talin fullkomlega tryggð með víxlum viðskiptamanna bankans.

4) En kröfur annara skuldheimtumanna eru ýmist aðeins tryggðar að nokkrum hluta eða alveg ótryggðar, og meðal hinna ótryggðu er næststærsti skuldheimtumaður bankans, ríkissjóður Dana.

Beina tapið af stöðvun bankans skellur því hvorki á þjóðbankanum né ríkissjóðnum, heldur á öðrum skuldheimtumönnum, sem þá munu hafa tilhneigingu til að telja, að þjóðbankinn og ríkissjóður hafi tryggt sig á þeirra kostnað.

Ég þykist ekkert ofmæla, þó að ég fullyrði, að af þessu muni hljótast alvarleg og óskyggileg spjöll á lánstrausti landsins erlendis. En um það, hvernig við megum við slíkum lánstraustsspjöllum, er það að segja, að hér á landi er flest ógert og verður að framkvæmast með lánsfé, enda liggur nú fyrir Alþingi frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka 12 millj. kr. erlend lán til að bæta úr bráðustu þörfinni.

Um áhrifin innanlands get ég verið fáorður. Þau standa yfirleitt flestum ljósar fyrir hugskotssjónum. En um það er ég sannfærður, að Landsbankinn mun í reyndinni hvorki vilja né geta tekið við öllum þeim atvinnufyrirtækjum, sem Íslandsbanki hefir veitt rekstrarfé. Ég fullyrði því, að verði bankinn ekki opnaður aftur, muni afleiðingarnar fljótlega koma

fram á þann hátt, að margir verða gjaldþrota, atvinnurekstur landsmanna bíður stórhnekki og hið mesta atvinnuleysi mun fylgja í kjölfarið.

Og hvernig stöndum við Íslendingar svo yfirleitt, ef farið er að hrófla við okkur?

Ég ætla engan samanburð að gera á bönkunum. En sjálfsagt eru þeir báðir mjög veikir, borið saman við erlenda banka, sem svipuð hlutverk eiga að annast.

Og atvinnufyrirtækin í landinu?

Við samanburð á notkun lánsfjár í hlutfalli við sjálfseignarfé til starfrækslu atvinnufyrirtækja hér og í nágrannalöndum, sést glögglega, að það, sem nágrannaþjóðir telja, að **lengst** megi ganga í lánsfjárnotkun, er sú lánsfjárnotkun, er hér tíðkast hjá þeim fyrirtækjum, sem sterkust eru talin. En **allur þorri** atvinnurekenda notar lánsfé **umfram** það, sem aðrar þjóðir telja heilbrigt.

Ég tel því, að sem stendur sé mjög æskilegt að afstýra þeim fyrirbrigðum í fjármálalífi þjóðarinnar, sem gefa erlendum lánardrottnum ástæðu til sérstakrar rannsóknar á íslenzku fjármálaástandi.

Mín niðurstaða er því sú, að með því að standa undir Íslandsbanka tökum við á okkur ábyrgð, sem við getum tölum talið, en með því að loka bankanum færist yfir á okkur áhætta, sem fyrirsjáanlega er mikil, en enginn getur í bili sagt um, hversu mikil er.

Ég ræð því eindregið til, að frv. okkar verði samþ., og ekki sízt vegna þess, að ég tel ekki ólíklegt, að áður langt um líður verði talið nauðsynlegt, að ríkissjóður taki á sig a. m. k. þá ábyrgð, sem frv. fer fram á. Tel ég ekki rétt á þessu stigi málsins að rökstyðja þá skoðun mína, en leiði aðeins athygli að þessu. En ef sú skoðun er rétt, þá hljóta allir að viðurkenna, að réttara er að taka þá heldur ábyrgðina strax, og bjarga með því bankanum, heldur en að leggja fyrst bankann á höggstokkinn, en taka síðan allar þær ábyrgðir, sem nauðsynlegar eru til þess að bjarga bankanum.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það hefir orðið að samningi milli mín og hv. 1. þm. Skagf., að við létum þau tvö frv., sem um þetta mál fjalla, ganga til n. án þess að eyða tíma í að ræða þau nú við þessa 1. umr. Hv. 1. þm. Skagf. hefir líka haldið sinn hluta af þeim samningi, og hið sama vonaðist ég til að geta gert. En þegar hv. 2. þm. G.-K. stendur upp og heldur langa ræðu, sem ekkert er annað en endurtekning af því, sem margbúið er að segja áður, þá eru brotnir samningar og illa varið dýrmætum tíma. (**ÓTh:** Ég sagði í byrjun ræðu minnar, að ég ætlaði að skýra frá því, sem fram hefði komið). Já, ég veit það, að hv. þm. er að tala fyrir blöðin. En hann ætti þá heldur að skrifa í blöðin en að sýna öðrum hv. þm. þá ónærgætni að vera hér að taka upp aftur allt það, sem þeir vöktu við að hlusta á alla síðastl. nótt. Ræða hans var því nær tómar endurtekningar. Sumu vissi hv. þm. ekki deili á og sumt fór hann skakkt með. Og hann sneiddi vandlega hjá þeim möguleika, að eitthvað hefði verið bogið við stjórnina á Íslandsbanka. Ég hefi heldur aldrei búizt við, að hv. 2. þm. G.-K. segði óvilhallt frá báðum hliðum málsins. Ein setning vakti sérstaklega athygli mína. Hv. þm. sagði, „að það væri skylda okkar að koma í veg fyrir, að athygli erlendra fjármálamanna beindist að íslenzku fjármálalífi". Ég læt hvern og einn um það, hvernig hann skilur þessa setningu; en ég vildi ekki láta slík ummæli fara framhjá án þess að þau væru skjalfest, hv. þm. til verðugs heiðurs.

Ejarni Ásgeirsson: Sumt af því, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði um viðskipti Landsbankans og Íslandsbanka, var þess eðlis, að fullkomin ástæða væri til þess að skýra það nánar, en vegna þess að ég álít lífsnauðsyn, að við komumst sem fyrst að einhverri niðurstöðu í þessu máli, ætla ég að geyma til 2. umr. að gefa ýmsar skýringar, sem ég get gefið, þar sem ég á sæti í bankaráði Landsbankans.

Ólafur Thors: Mér þykir undarlega við bregða í stærsta málinu, sem komið hefir fram á mörgum þingum, ef þm. eru skyldugir að þegja, þó að þeir hafi vakað eina nótt. Mér þykir það líka undarlegt, að einmitt hæstv. fjmrh., sem ég hefi aldrei séð bregða skapi fyrr en núna, ræðst á mig með hálfgerðum illindum,

af því að ég dirfðist að halda hér ræðu, sem þó var ekkert hnjóðsyrði í. Ég gerði fulla grein fyrir því, hvað fyrir mér vekti, og tók það fram, að ég mundi jöfnum höndum nota rök annara manna, sem fram voru borin á lokuðum fundi í nótt, og mín eigin rök. Ég býst við, að hæstv. fjmrh. sjái, þegar honum rennur reiðin, að ég hafi rétt að mæla. Hæstv. fjmrh. sagði, að ég hefði farið rangt með eitthvað. Ég skora á hæstv. ráðh. að segja, við hvað hann á. (**Fjmrh.**: Ég skal gera það seinna). Því ekki núna? Ég vil ekki heita „landsfrægur lygari" lengur en þörf er á. Hv. þm. verða að geta staðið við fullyrðingar sínar, og ég skora sem sagt á hæstv. fjmrh. að lýsa því yfir sem fyrst, hvað það er, sem hann telur, að ég hafi farið rangt með.

Sigurður Eggerz: Ég mundi ekki standa upp núna, ef ég liti ekki svo á, að hér sé um svo mikið alvörumál að ræða, að það sé blátt áfram skylda mín að brýna fyrir Alþingi mikilvægi þess.

Ég ætla fyrst að draga upp dálitla mynd af aðstöðu Íslandsbanka, bæði gagnvart Landsbankanum og gagnvart ríkisstj. Hv. 2. þm. G.-K. hefir að vísu talað um aðstöðu Íslandsbanka til Landsbankans, en ég vil benda á það aftur, að Íslandsbanki skuldar nú Landsbankanum 3347000 krónur og auk þess eftirstöðvar dollaravíxilsins, 560 þús. kr. Aðalatriðið er, að skuldir Íslandsbanka til Landsbankans eru fulltryggðar. Hvernig sem um Íslandsbanka fer, á Landsbankinn ekkert á hættu hvað þessar skuldir snertir. Aftur skuldar bankinn ríkissjóðnum það, sem eftir stendur af því, sem hann fékk af enska láninu, og eru einnig fullar tryggingar fyrir þeirri skuld.

Aðalspurningin er, hvort meiri áhætta sé í að loka bankanum heldur en að halda honum áfram. Það er kunnugt, að Íslandsbanki hefir átt við mikla örðugleika að stríða og auðvitað hafa engir orðið meira varir við það en við bankastjórarnir. Íslandsbanki á að draga inn eina millj. af seðlum á ári. Hann hafði dregið inn 3 millj. frá árinu 1921. og þingið hafði hvað eftir annað veitt honum undanþágu frá að draga inn meira. En Magnús sál. Kristjánsson fjármálaráðherra, sem var mjög velviljaður Íslandsbanka, sagði í fyrra, að bankanum mundi ekki þýða að fara til þingsins og reyna enn að fá lausn frá inndráttarskyldunni. Þetta var ástæðan til þess, að bankinn ætlaði að draga inn seðlana upp á eigin spýtur, með þeirri aðstoð, sem lögin gerðu ráð fyrir að Landsbankinn veiti, en samkv. þeim á Landsbankinn að endurkaupa víxla fyrir 5/8 af þeirri upphæð, sem Íslandsbanki dregur inn, sem sé 625 þús. kr. Íslandsbanki snéri sér nú til Landsbankans. Landsbankinn svaraði, að hann gæti ekki sagt neitt um þetta fyrr en hann sæi víxlana, sem Íslandsbanki vildi fá endurkeypta. Þetta var mjög eðlileg krafa og voru víxlarnir svo sendir út í bankann. Ekkert heyrðist svo frá Landsbankanum fyrr en daginn áður en draga átti inn, en þá óskaði stjórn Íslandsbanka að fá svar við málaleitun sinni. Á síðustu stundu neitaði bankastjórn Landsbankans með öllu að endurkaupa víxlana og þóttist enga skyldu hafa til þess. Íslandsbanki dró þó inn seðlana, en jafnframt benti bankastjórnin bankaráðinu og stjórn Landsbankans á, að þetta væri bankanum um megn, og einkum fyrir það, að samtímis hamaðist Landsbankastjórnin á Íslandsbanka að greiða sér eftirstöðvar dollaravíxilsins, en Íslandsbanki var þá búinn að greiða 500 þús. af þeim víxli á árinu. En þrátt fyrir örðugleikana af inndrættinum gekk þó fyrst um sinn allt skaplega. En alltaf var verið að smáreyna að fá þessu kippt í lag hjá Landsbankanum og er langt mál að segja frá þeirri viðureign, er endaði svo, að Landsbankinn vildi ekki veita neina hjálp sem dygði. Vegna þess að Íslandsbanki fékk ekki þessar 625 þús. kr. og vegna þess, að Landsbankinn dró alltaf svörin við málaleitunum hans, kreppti smámsaman að honum og órói skapaðist í hringum hann. Ef Íslandsbanki hefði möglunarlaust fengið þessar 625 þúsundir, hefði allt gengið sinn vanagang. Landsbankinn hefir haldið því fram, að honum bæri ekki skylda til að láta af hendi þessar 625 þúsundir. En ég álít fyrst og fremst, að það sé bein lagaskylda Landsbankans, sem viðurkend mundi fyrir dómstólunum, og í öðru lagi, að þó að það hefði

ekki verið lagaleg skylda, sé þjóðbankinn samt sem áður skyldugur — siðferðislega skyldugur — til að veita jafnlitla aðstoð og hér var um að ræða til þess að vernda þjóðfélagið frá þeirri fjárhagslegu hættu, sem stafaði af stöðvun Íslandsbanka. Þó menn vilji deila um þá lagalegu skyldu, þá munu þeir fáir, sem vilja deila um siðferðislegu skylduna, þar sem Landsbankinn gat veitt þessa aðstoð án nokkurrar fjárhagslegrar hættu fyrir hann.

Eins og kunnugt er, hefir farið fram mat á Íslandsbanka, sem sýnir, að bankinn á fyrir skuldum. Er nú ástæða til að hlaupa undir bagga með bankanum? Ég verð að segja, að mér finnst það svo alvarlegt mál, ef á að loka bankanum, að erfitt er að gera sér hugmynd um, hve miklu tjóni það getur valdið fyrir þjóðina. Enda hefir þegar borizt skeyti frá aðalbankastjóra Hambrosbankans þess efnis, að ef Íslandsbanki verði lokaður, geti lánstrausti okkar erlendis verið mikil hætta búin. Þessi bankastjóri á sæti í bankaráði Englandsbanka, og það er vitanlegt, að Hambrosbanki ræður ákaflega miklu um viðskipti við Norðurlönd. Enn hefir borizt annar vottur í sömu átt, sem sé, að krafizt muni verða tryggingar fyrir hinu svokallaða póstláni, danska. Hvað er nú farið fram á, til þess að koma í veg fyrir allar þessar hættur? Fyrst og fremst 3 millj. í forgangshlutafé, og auk þess ríkisábyrgð á öllu innstæðufé og hlaupandi viðskiptum. En þetta fé er 10 millj. króna. Ég er í engum vafa um, að svo framarlega sem bankanum verður hjálpað núna, er framtíð hans örugg.

Það er farið fram á, að ríkið ábyrgist innstæðufé landsmanna. Og það er hrein og bein siðferðisskylda ríkisins að hlaupa undir bagga með innstæðueigendum. Svo framarlega sem þetta er rétt — og ég býst ekki við, að margir mótmæli því —, gerir Alþingi ekki annað en skyldu sína með því að reisa nú bankann við.

Þá kem ég að lánstraustsspjöllunum. Hversu hátt á að meta þau? Hversu margar milljónir eru í hættu, ef ríkissjóður missir sína tiltrú erlendis? Ég er í engum vafa um, að síðan ég kom á þing, hefir ekkert mál eins alvarlegt legið fyrir Alþingi og þetta. Og það er sorglegt, að einmitt þetta ár, árið 1930, þegar allur heimurinn horfir á Ísland og minnst er á það í hverju blaði, skuli það koma fyrir, að annar af aðalbönkum landsins sé stöðvaður.

Nú býst ég við, að ýmsir vilji segja: „Hvað vilt þú, þér ferst að tala, sem berð ábyrgð á því, sem komið er!“ — En það er alltaf tími til að rannsaka, hver á að bera ábyrgðina. En það vil ég segja, að ég og bankastjórarnir, sem með mér eru, við þykjumst hafa gert undanfarin ár allt, sem við höfum getað, til þess að leiða bankann gegnum þá örðugleika, sem á hans leið hafa verið. Þar með er ekki sagt, að við höfum ekki gert hitt og þetta, sem betur hefði mátt fara. Það dettur mér ekki í hug. Og mér dettur ekki í hug yfirleitt að bera mig sjálfan undan neinni ábyrgð. En ég tala hér alls ekki sem bankastjóri Íslandsbanka; ég tala hér sem þm. þjóðarinnar. Ég tala hér sem sá maður, sem ber ábyrgð fyrir þjóðinni á því, sem hér gerist á Alþingi. Og ég er svo hjartanlega sannfærður um það, að við rólega athugun, sem aðeins metur og vegur það, hvað bezt sé fyrir landið, þá hljóti menn að komast að þeirri niðurstöðu, að það sé skylda að taka þann kaleik frá þjóðinni að láta Íslandsbanka stöðvast nú. Verði hann stöðvaður, er hinni stærstu ógæfu varpað yfir atvinnulíf þjóðarinnar, og innstæðueigendur verða fyrir stórtjóni. Og hve örðugt á ekki atvinnulíf þjóðarinnar, þótt það verði ekki fyrir öðrum eins hnekki? Hvaða örðugleika á ekki okkar sjávarútvegur að búa við? Jafnvel í öðru eins góðæri og síðasta ári hafa mörg félög alls ekki borið sig.

Það getur ekki verið nokkur minnsti ágreiningur um það, að það er þjóðarógæfa, sem er að ske, ef bankinn er látinn stöðvast. Ég hefi lýst ógæfunni inn á við. En ógæfan út á við, lánstraustsspjöllin, sem hljótast af því, að frá litlu landi, sem veröldin þekkir lítið, fer að berast fregn um það, að annar höfuðbankinn sé stöðvaður, — hvaða áhrif hefir það? Hvað má meta þessi lánstraustsspjöll hátt í milljónum?

Þegar ég hér bið um vægð fyrir Íslandsbanka, þá er ég að biðja um vægð fyrir fleiri en hann. Ég er að biðja um vægð

fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og fyrir lánstraust þjóðarinnar. Og ég bið um það, að menn láti ekki þá gömlu óvild verða að villiljósum á vegum sínum, þegar þeir eru að ráða fram úr þessu máli, heldur skilji, að þeir eigi að rétta hér hjálpandi hönd.

Þeir, sem vilja láta bankann deyja, það eru mennirnir, sem eru að kasta milljónunum í burt. Þeir, sem vilja láta bankann lifa, þeir eru að bjarga milljónunum.

Ég er ekki að biðja um vægð fyrir mig sem bankastjóra. Ég hefi lýst yfir því, að gefnu tilefni, við hæstv. forsrh., áður en stöðvunin kom til tals, að ef það gæti orðið til þess að bjarga bankanum, að ég færi frá honum, þá segði ég óðara minni bankastjórastöðu lausri. Því að sannarlega skil ég svo vel aðstöðu mína sem þingmanns þjóðarinnar, að ef ekki er um meira offur en það að ræða, þá er rétt að láta það í té til að hjálpa bankanum. Enginn af bankastjórum Íslandsbanka er að biðja um vægð fyrir sig. Sú stjórn, sem með Alþingi að bakverði vill hjálpa bankanum, hefir á valdi sínu að skipa þá menn, sem hún trúir bezt fyrir bankanum.

Í nótt, þegar rætt var um þetta mál, þá lauk þeim umr. svo, að greidd voru atkv. um tillögu til að bjarga bankanum — gefa stj. heimild til að gera ráðstafanir fyrir bankann, til þess að forða honum frá stöðvun. 18 greiddu atkv. með till, en hinir greiddu ekki atkv., og var till. talin fallin. Ástæða þeirra, sem ekki greiddu atkv., var sú, að þeir væru ekki búnir að kynna sér þessi mál nógu vel. (LH: Ætli það hafi ekki verið eðlilegt?). Ég fer ekki frekar inn á það að þessu sinni. En þessa aðstöðu mætti ef til vill dæma þannig, að ýmsir af þessum mönnum myndu, eftir að hafa fengið betri þekkingu á málinu, vera fúsir til að rétta hjálparhönd, þótt þeir treystu sér ekki til þess í nótt. Ég vona, að ég hafi skilið hæstv. fjmrh. rétt, að þessu máli ætti undir öllum kringumstæðum að vísa til þeirrar n., sem ákveðið var að skipa í málinu hér á undan. Ég treysti fastlega, að þetta mál fari að fara í þá n. og að það megi takast að draga það út úr hitanum — út úr óróanum— og inn í þá rólegu yfirvegun, sem ég vonast til, að málið fái í nefnd.

Ég er alveg viss um það, að það er ekki neitt mál, sem komið hefir á dagskrá þjóðarinnar í seinni tíð, sem augu þjóðarinnar vaka meir yfir en þetta mál. Augu þjóðarinnar vaka yfir því, sem gert er í þessu máli. Og þess vegna held ég, að það sé a. m. k. það sjálfsagðasta, að Alþingi rökstyðji gerðir sínar í þessu máli eins vel og það getur.

Annars verð ég að segja það, að þar sem tveir jafntrúverðugir menn eins og bankaumsjónarmaðurinn og bankastjóri við landbúnaðarbankann hafa metið þennan banka og segja, að hann eigi fyrir skuldum, þá ætti það í raun og veru að vera nægur grundvöllur fyrir þingið til þess að byggja á hjálp sína. Ef þetta mat er rétt, þá er engin áhætta fyrir þingið að taka ábyrgð á innstæðufénu. Og þó að það væri einhver áhætta, mundi nokkursstaðar á landinu heyrast nokkur rödd á móti því, að sparisjóðseigendum væri tryggt sitt fé? Jafnvel þótt niðurstaðan verði sú, að stöðva bankann, koma þá ekki kröfur, sem þingið getur ekki staðið á móti, kröfur um það, að hver fái sitt af innlánsfénu? Ég segi: Þær kröfur koma fram. Ég segi meira: Alþingi treystir sér ekki til að standa á móti þeim kröfum. En ef þetta er rétt, því þá ekki að taka strax þetta skref, úr því það getur orðið til þess að gefa bankanum líf? Það mundi bjarga honum ekki aðeins um stundarsakir, ef hann fær þessa aðstöðu, sem talað er um, heldur mun hann ábyggilega geta haldið áfram að verða lifandi, starfandi liður í viðskiptalífi þjóðarinnar.

Ég veit það, að sú ábyrgð, sem hvílir á Alþingi í þessu máli, hún er mikil. Og ég veit það alveg með vissu, — með fullkominni vissu, að ef bankinn nú verður stöðvaður, þá er verið að skapa ógæfu fyrir þjóðina, sem enginn veit ennþá hvað verður stór.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Ég vildi aðeins segja það, að mér þykir leitt, ef hæstv. fjmrh. hefir skilið mig svo, að ég hafi lofað fyrir alla, að ekki yrði talað neitt í þessu máli. En hitt er satt, að ég

sagði honum, að ég mundi ekki verða langorður. Og finnist honum ég hafa verið langorður, getur hann sakað mig um það, að hafa ekki gert það, sem ég lofaði. En mér fannst ég ekki vera langorður um þetta mál. Hitt skal ég gjarnan segja, að ég vil ekki ræða meira um þetta mál nú, nema nýtt tilefni gefist til.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. 2. þm. G.-K. var að panta hjá mér, að ég segði, hvað það hefði verið, sem hann hefði ekki vitað og ekki farið rétt með. Það eru hæg heimatökin, því að hann játaði sjálfur, að hann vissi ekki, hvernig enska láninu var fyrir komið, þegar hann var að tala um það.

Hitt var ekki rétt, sem hann sagði um póstsjóðspeningana. Þetta vildi ég láta hann vita, af því að hann gekk svo fast eftir því. En vitanlega var það margt fleira. **(ÓTh:** Hvað var mishermt um póstsjóðspeningana?). Mér finnst við hafa annað að gera í kvöld en munnhöggvast um svona smámuni.

Hv. þm. Dal. flutti hér ræðu, sem að efni til var ekki alveg ókunn þeim, sem sátu hér á fundi í nótt sem leið. Og þó ég sjái ekki ástæðu til að fara langt út í hana, vegna þess að ræðunni var þá svarað, þá neyðist ég þó til, út af henni, og jafnframt út af ræðu hv. 2. þm. G.-K., að minnast á einstök atriði í starfrækslu Íslandsbanka, af því að mér fannst þeir báðir gleyma ýmsum mikilvægum atriðum. Ég ætlaði að hliðra mér hjá því, en þegar ræðurnar eru endurteknar hvað eftir annað um þetta sama, þá verður varla hjá því komizt að gera aths. enn á ný.

Ég ætla, að það hafi verið hv. 2. þm. G.-K., sem minntist á, að Íslandsbanki hafi lent í kröggum 1921 og þá fengið nokkurn stuðning af hinu svokallaða enska láni. Þetta er í sjálfu sér rétt. En hann sleppti að minnast á, hvernig á því stóð, að bankinn lenti í kreppu 1921. Það voru sem sé gamlar syndir bankans, sem voru að ganga aftur. Það var seðlaútgáfan mikla frá árunum fyrir 1920, þegar bankinn gekk lengra í því að gefa út seðla en forsvaranlegt var gagnvart gjaldþoli þjóðarinnar og atvinnuveganna. Og ég geri ráð fyrir, að það hafi verið sá útlendi bankastjóri, sem þá starfaði hér, sem átti mestan þáttinn í því, — sá starfsmaðurinn, sem hefir verið leiddur út með einna stærstum gjöfum af hálfu bankans.

En í þessu sambandi get ég ekki komizt hjá að minnast á það, að þetta enska lán, sem tekið var að miklu leyti til þess að hjálpa Íslandsbanka út úr kröggunum, það er svartasti skugginn, sem hvílir yfir fjárhagslegu áliti landsins í augum útlendra fjármálamanna. Og nú uppsker þjóðin launin fyrir það að hafa lánað þessum útlenda banka stórfé og selt honum sjálfdæmi um seðlaútgáfuna á árunum 1917—1921.

Svo kemur annað tímabilið. 1926 lendir bankinn næst í fjárhagsörðugleikum. Hvorugur þessara hv. þm. minntist á, hvernig á því stóð, báðir sneiddu þeir hjá því. Satt að segja furðar mig, að hv. 2. þm. G.-K. skyldi sneiða hjá því. **(ÓTh:** Ég sneiddi ekki hjá því; ég minntist á erfiðleikana, sem bankinn komst í). Á gengishækkuninni 1925 tapaði Íslandsbanki stórfé. Þetta er viðurkennt af bankastjórn Íslandsbanka, nema ég er ekki viss um hv. þm. Dal. **(MG:** Græddi hann ekki á gengishækkuninni á móti?) Já, hvað græddi hann? Hans raunverulega tap var 5 millj. króna, eftir því, sem bankastjórar Íslandsbanka segja, og þeir ættu bezt að vita það. Það var heldur engin ástæða til þess, að Íslandsbanki lenti í erfiðleikum á þessum árum, því að árin voru góð, ef ekki hefði verið þessi mikla og öra gengishækkun, eða þá lakleg stjórn á bankanum.

Hv. þm. Dal. talaði um, að nú væri bankinn ennþá kominn í kröggur og nú ætti ríkið að gera hreint fyrir sínum dyrum og taka þennan einkabanka að öllu upp á sína arma. Það er hvorki meira né minna, sem farið er fram á í bréfi bankastj., sem lá fyrir lokaða fundinum síðastl. nótt, en að ríkissjóður taki ábyrgð á öllum fjárreiðum bankans, og þar að auki leggi fram 1½ millj. króna í rekstrarfé. Þetta er nú hreint ekki til lítils mælzt, þegar litið er til fortíðar bankans og þess, að það er í þriðja sinn, sem hann rekur upp á sker.

Hvað á nú að gera? Svo spyrja menn hver annan. Ég játa með hv. þm. Dal., að það er ógæfa, að slíkt skuli koma fyrir,

að Íslandsbanki lendi í greiðsluþroti. Þar er ég honum sammála. En þá er það spurningin, hvernig eigi að ráða fram úr þessu, svo að ekki hljótist af meiri þjóðarógæfa en þegar er orðin. Mér fannst það ekki koma neitt greinilega fram hjá þessum tveimur hv. þm. með nokkrum rökum, hvort ekki væri áhætta fyrir ríkissjóðinn að takast á hendur að verða við kröfu bankastj. Það var heldur ekki von. Það er aldrei hægt að segja, hvað fyrir kann að koma hjá banka, þegar í þetta óefni er komið; sérstaklega þegar ókunnugt er um hans raunverulega fjárhagsástand. Menn þekkja reynsluna frá útlöndum. Þegar gripið hefir verið til þess örþrifaráðs, að hið opinbera hefir lagt stórfé í banka, sem hefir verið að stöðvast, til þess að halda honum uppi þá hefir oft horfið milljón eftir milljón, og þó ekkert hjálpað. Ef hér væri engin hætta á ferðum, þá er sennilegt, að rétt væri að styðja Íslandsbanka. En nú eru allar líkur til hins gagnstæða. Íslenzka ríkið hefir áður hjálpað þessum banka með 6 millj. króna láni. Það hefir ekki bjargað nema í bili og nú er séð, að nokkuð af þessu fé er glatað. Ég tel skyldu mína að vara við því, að ríkissjóður verði látinn taka á sig svo miklar skuldbindingar, sem hér er farið fram á, að ekki meira rannsóknuðu máli. Það sem skýrt hefir verið frá um hag Íslandsbanka, er ekki neitt í þá átt, að hægt sé að byggja nokkurn hlut á því, hvernig hagur bankans er nú eða kynni að verða í framtíðinni.

Hv. þm. hafa talað talsvert um það, að útlendir skuldheimtumenn bankans væru farnir að senda hingað skeyti til þess að vara við því, að láta bankann hætta starfsemi sinni, sökum hættu á lánstraustsspjöllum fyrir landið. Þetta er ákaflega eðlilegt úr þeirri átt. Hvers vegna ættu ekki þessir menn, sem eiga fé sitt í Íslandsbanka að einhverju leyti, að neyta sinna áhrifa til þess að ríkið gangi í ábyrgð fyrir þessum skuldum? Þetta er svo eðlilegt, sem nokkuð getur verið. Ýmsir hv. þm. vilja náttúrlega hoppa inn á þetta undir eins, en mér finnst þess vert að athuga málið dálítið. Og því er það, að ég vil láta það fara í nefnd, ef fram gæti komið frekari greinargerð en nú er komin um það, hvernig ástandið í raun og veru er.

Ég vil leitast við að teygja ekki umr. meira en nauðsynlegt er. Ég býst við, að menn séu þreyttir orðnir að sitja hér, en muni albúnir þess að greiða málinu atkv. í nefnd.

Viðvíkjandi þeim fáu orðum, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, þegar hann innleiddi málið, hefi ég ekkert að athuga. Ég hafði skilið hann svo, að það virtist vera óþarfi, að aðrir færu að bæta um það, sem hann sagði í málinu, og það gæti því hiklaust gengið til n. En ég ásaka hv. 1. þm. Skagf. fyrir að hafa ekki reynt að stöðva flokksmenn sína og með því sporna við óþörfum umr. Maður verður sjálfsagt að muna það hér eftir, þegar um samninga við málafærslumenn er að ræða, að búa svo um hnútana, að ekki sé hægt að komast framhjá þeim.

Héðinn Valdimarsson: Ræða hv. þm. Dal. gefur mér tilefni til að segja nokkur orð, sem ég ætlaði að geyma þar til við 2. umr.

Þeir eru búnir að tala af hálfu Íhaldsflokksins, bæði hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K. Vil ég ekki að sinni fara inn á umtalsefni þeirra, til þess er nægur tími síðar. En þegar þriðji maðurinn úr stjórn flokksins, hv. þm. Dal., stendur hér upp og heldur þá ræðu, sem hann hélt í kvöld, þá held ég, að tími sé kominn til þess að skjóta því til Íhaldsflokksins (**ÓTh:** Þessi flokkur heitir Sjálfstæðisflokkur!), að heppilegri málsvara ættu þeir að finna fyrir Íslandsbanka heldur en þann mann, sem ber með öðrum manni aðalábyrgðina á því, hvernig bankinn er kominn. Og ég hygg, að tal þessa hv. þm. um þetta mál sé ekki á þá leið, að á því verði tekið mikið mark. Ég vissi ekki betur en að Íhaldsflokkurinn hefði ákveðið að láta þennan hv. þm. koma sem minnst við þetta mál. Þess vegna var kosin ný n., af því að hann átti sæti í fjhn., sem eðlilegt hefði verið að vísa málinu til. En hann virðist ekki una við þetta, og flokkur hans ekki getað eða viljað stöðva hann.

Ég hygg þeir verði nú fáir, sem trúa því, eins og hann sjálfur virðist trúa, að hann geti skipt sér í tvo hluta, og annar

helmingurinn tali sem bankastjóri Íslandsbanka, en hinn sem þm. Dal., enda ber ræða hans vott um það, að hinn óheppilegi bankastjóri Íslandsbanka sé að tala. Það virtist vera kjarninn í ræðu hans að efninu til, fyrir utan alla þá mærð, sem kom í endinn, að ef bankinn hefði fengið þessi 625 þúsund, þá mundi hann hafa getað bjargað sér á venjulegan hátt, en af því að hann hefði ekki fengið þetta, hefði vakizt út af því umtal, sem olli þeim afleiðingum, að bankanum þurfti að loka.

Hv. þm. Dal. lýsti því mjög átakanlega, hversu hugarástandi þeirra bankastjóranna við Íslandsbanka hefði verið farið á hverjum morgni í vetur, þegar átti að fara að opna bankann og þeir vissu ekki, hvernig þeir áttu að bjarga sér yfir daginn. Það er því ekkert nýtt, að Íslandsbanki sé í vandræðum. Hann hefir verið það lengi undanfarandi — því er nú verr og miður. Og það er ekki nokkur fótur fyrir því, að bankanum hefði verið bjargað, ef hann hefði fengið þessar 625 þús. kr., né að það hafi vakið svo mikið umtal og óróa, að honum var synjað um þær, að bankinn hafi þess vegna orðið að loka. Synjunin hafði engin veruleg áhrif á hag bankans, því að það var sama sem ekkert tekið út úr honum fyrir hræðslu, eins og hv. 3. landsk. þm. skýrði frá á fundinum í nótt sem leið. Það segir sig líka sjálft, hvort þessar 625 þús. kr. hafa getað bjargað bankanum, þegar bankinn nú fer fram á að fá 1½ millj. kr. nýtt lán, auk ríkissjóðsábyrgðar á öllum skuldbindingum sínum, sem nema um 35 millj. kr., eða ef þingið geti ekki fallizt á það, þá að ríkið ábyrgist allt innstæðu- og innlánsfé, sem er um 10 millj. kr. En eins og hv. 3. landsk. þm. lýsti yfir í nótt, er mjög óvíst, að varatill. sé nægileg. Það er því ekkert annað en blekking hjá hv. þm. Dal., þegar hann er að tala um það, að þessar 625 þús. kr. hefðu getað bjargað bankanum. Þó að bankinn hefði fengið þær, hefði hann verið í sömu vandræðunum eftir sem áður, og þeim kastað á glæ.

Hv. þm. Dal. vísaði til mats þess, sem bankaeftirlitsmaðurinn og Pétur Magnússon hæstaréttarmálaflm. kváðu upp eftir 12 tíma rannsókn á hag bankans. Ég skal ekki deila á Pétur Magnússon sem mann — hann er góður og glöggur maður —, en hitt þori ég að fullyrða, að það er á einskis manns færi að virða á hálfum sólarhring efnahag banka, sem hefir um 35 millj. kr. í veltu, án þess að geti skeikað um milljónir króna. Auk þess er þetta mat þeirra tveggja byggt á mati bankaeftirlitsmannsins á hag bankans fyrir árið 1928, og allir vita, hvernig það mat er. Ég er ekki í vafa um það, að ef tilnefna á einhvern annan en hv. þm. Dal. sem orsök í, að Íslandsbanka er nú svo komið sem raun er á, má fyrst og fremst tilnefna bankaeftirlitsmanninn, sem áreiðanlega hefir gefið rangar skýrslur um hag bankans. Ef réttar skýrslur hefðu verið gefnar, hefði mátt á at ósi stemma. Samkv. mati eftirlitsmannsins á efnahag bankans 1928 er um 1 millj. kr. af hlutafé bankans töpuð, en nú er svo komið, að tapið er meira en 4 millj. kr., þannig að allt hlutaféð er tapað, og meira til, eftir orðalaginu á þessari síðustu matsgerð. Eftir þessu ætti bankinn að hafa tapað meiru en 3 millj. kr. á síðasta ári, og er þó vitanlegt, að bankinn hefir ekki orðið fyrir neinum sérstökum töpum á því, nema hvað uppvíst varð um tapið á Seyðisfirði, en það hefir myndast á mörgum árum og áreiðanlega minnstur hluti þess síðastl. ár. Annars er útibúið á Seyðisfirði ágætt dæmi um ástandið og hirðuleysið, sem einkennt hefir alla stjórn Íslandsbanka. Bankastjórarnir báru ekki við að kippa útibúinu á Seyðisfirði í lag, fyrr en þeir voru reknir til þess.

Ég geri nú ráð fyrir, að menn sjái af þessu, að eitthvað hefir verið bogið við mat bankaeftirlitsmannsins á efnahag bankans fyrir árið 1928, og að full ástæða er til að vefengja mat, sem byggist á því. Og hvernig stendur á því, að eftirlitsmaðurinn kemur ekki fram með neina aðvörun, þegar bankinn tapar á 4. millj. kr. á einu ári? Skyldi vera vanþörf á endurmati á bankaeftirlitsmanninum sjálfum, og mundi rétt mat á honum ekki hljóta að hafa það í för með sér, að honum yrði vikið frá starfi sínu.

Við jafnaðarmenn viljum gera allt, sem við getum, til þess að koma þessu máli sem fljótast í höfn og þannig, að sem fæstir bíði tjón af því. Munum við vinna að

því í n. Við álítum, að það, sem fyrst og fremst þurfi að gera nú, sé að öryggja með ríkisábyrgð verðgildi þeirra seðla, sem nú þegar eru í umferð frá Íslandsbanka, eins og frv. á þskj. 68 fer fram á, því að verði það ekki gert, má búast við, að hræðslan og óróinn út af þessum atburðum keyri úr öllu hófi. Við stöndum á öndverðum meiði við íhaldsmenn í þessu máli, sem gera allt til að sverta fjárhagsástandið í landinu, og höfum við þá von, að ríkið og Landsbankinn muni komast yfir þessa raun og að hægt verði að tryggja atvinnurekstur landsmanna, ef ekki er stefnt til nýrra óheillaaðgerða.

Hv. þm. Dal. vitnaði til álits erlendra manna í þessu máli og útmálaði það með hinum sterkustu litum, hvílík álitsspjöll við Íslendingar mundum líða erlendis, ef Íslandsbanki yrði tekinn til skiptameðferðar á þessu hátíðarári þjóðarinnar. Ég held nú þvert á móti, að við myndum vaxa í áliti hjá þeim útlendu mönnum, sem á annað borð hafa fylgzt með ferli Íslandsbanka frá því fyrsta, og þar með hjá umheiminum yfirleitt, ef hér verður gert hreint borð og jafnframt nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja afkomu atvinnurekstrar landsmanna.

Bjarni Ásgeirsson: Af því að nú hefir enn verið byrjað á þeim sama leik, sem leikinn var hér í nótt, og ráðist á Landsbankann vegna þeirra atburða, sem gerzt hafa þessa síðustu daga, og þannig verið gerð tilraun til æsinga gegn þjóðbankanum, tel ég það skyldu mína að taka svari bankans, þar sem ég er bankaráðsmaður við Landsbankann og því allkunnugur þessum málum.

Árásirnar á Landsbankann eru aðallega þrennskonar.

Í fyrsta lagi er bankinn ásakaður fyrir að hafa brotið 69. gr. landsbankalaganna.

Í öðru lagi er honum gefið það að sök, að hann hafi með því orðið þess valdandi, að Íslandsbanki varð að loka.

Og í þriðja lagi er bankinn borinn þeim sökum, að hann hafi með því að draga á langinn að svara Íslandsbanka valdið því, að þetta mál komst í slíkan eindaga og að órói skapaðist út af bankanum.

Ég skal nú gera nokkra grein fyrir þessum þrem atriðum, og byrja þá á því, sem ég taldi fyrst.

Til þess að gera mönnum ljóst, hvað hæft sé í þeirri ásökun, að Landsbankinn hafi brotið lög á Íslandsbanka, verð ég að lesa hér upp 69. gr. landsbankalaganna. Hún hljóðar svo:

„Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka **góða viðskiptavíxla** gegn forvöxtum, sem séu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, **fyrir allt að ⅝ þeirrar upphæðar,** sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922, en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 millj. kr. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína, minnkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um ½ millj. kr. á ári hverju, þar til hún hverfur alveg".

Eftir þessari gr. er það ótvírætt — og mér skilst, að meira tillit eigi að taka til l. sjálfra, þegar þau eru svo skýr, heldur en til þeirra skýringa, sem þeir, er l. hafa samið, vilja gefa á þeim —, að Landsbankinn skuldbindur sig til að kaupa af Íslandsbanka gegn sérstökum kjörum ⅝ af því seðlamagni, sem Íslandsbanki dregur inn á hverjum tíma, þannig að þegar hann er búinn að draga inn 8 millj., á Landsbankinn að hafa endurkeypt af honum 5 millj. í víxlum. Nú hafði Íslandsbanki til 31. okt. síðastl. ekki dregið inn nema 3 millj., og átti þá Landsbankinn l. samkv. að hafa keypt af honum víxla fyrir 1875000 kr., en skuld Íslandsbanka á seðlakontónni nemur þá 3347000 kr. Þegar svo Íslandsbanki 31. okt. síðastl. haust dragur enn inn 1 millj. og fer fram á, að Landsbankinn endurkaupi að sér víxla fyrir 625 þús. kr., fær hann neitandi svar, af því að Landsbankinn hefir þá þegar keypt af Íslandsbanka með hinum lögákveðnu kjörum víxla fyrir 3347000 kr., þó að honum bæri ekki skylda til að fara hærra en í 2500000 kr., og það fyrst nú, þegar Íslandsbanki hafði dregið inn seðla fyrir fjórðu millj. Það, sem Landsbankinn því hefir brotið við Íslandsbanka, er þetta: Hann hefir keypt af Íslandsbanka víxla fyrir 847 þús. kr. fram yfir það, sem hann var skyldugur

til að lögum. Það er því svo fjarri, að Landsbankinn hafi ekki gert skyldu sína, að hann þvert á móti hefir gert meira en honum bar að gera.

Ég vil í þessu sambandi ennfremur benda á það, að samkv. beiðni Íslandsbanka fyrir nokkrum árum var víxlakontónni breytt í hlaupareikning eða svokallaðan hlaupareikningsyfirdrátt, og er ávinningur Íslandsbanka af því sá, að þegar hann hafði fé í sjóði umfram þarfir sínar, gat hann lagt það inn á hlaupareikninginn, í stað þess að leggja það inn sem innlánsfé, og lækkað þar með víxlakontóna og notið þess munar, sem er á útláns og innlánsvöxtum. Landsbankinn hefir því í þessu atriði einnig farið lengra en honum bar skylda til.

Loks vil ég drepa á það, að samkv. 69. gr. landsbankalaganna bar Landsbankanum ekki að kaupa af Íslandsbanka **nema góða viðskiptavíxla.** Til þess að sýna, hvað átt sé við með því, verð ég að lesa upp 14. gr. nefndra laga. Hún er á þessa leið:

„Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.

2. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

Víxlar þeir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengri gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals".

Með öðrum orðum: Samkv. landsbankalögunum eiga víxlar þeir, sem seðladeildin kaupir af Íslandsbanka, að borgast upp a. m. k. innan árs. Hver hefir nú reynslan orðið um þetta? Jú, hún er sú, að víxlar þessir eru, ef svo má segja, eilífir, svo að þessi trygging, sem Íslandsbanki setur fyrir skuld sinni, er í raun og veru allt önnur og óálitlegri en lögin gera ráð fyrir. Víxlafúlgan liggur óhreyfð frá ári til árs.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á, að hafi Landsbankinn brotið bankalögin, hafi hann brotið þau Íslandsbanka í vil, en ekki til bölvunar, og sný mér því að þeirri ásökun, að Landsbankinn hafi með því að neita Íslandsbanka um þessar 625 þús. kr. orðið þess valdandi, að hann komst í kröggur og varð að loka.

Eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, nær þessi ásökun ekki nokkurri átt, eins og bezt sést á því, að bankaráðið sjálft telur, að bankinn geti ekki starfað áfram, nema hann fái 1½ millj. kr. nýtt lán, auk meiri eða minni ríkisábyrgðar. Og í frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að bankinn þurfi 3 millj. kr. nýtt lán. Það sér því hver maður, hvílík fjarstæða það er, að þessi litla upphæð hefði getað bjargað bankanum. Það eina, sem hún hefði gert að verkum, var að fresta kröggum bankans. Bjargað honum gat þessi litla upphæð ekki. Enda mun landsbankastjórnin hafa óttast það strax í haust, að hér væri um meira alvörumál að ræða en svo, að unnt væri að bjarga Íslandsbanka með þessum 625 þús. kr. Og þegar svo bankastjórarnir við Landsbankann voru búnir að komast að raun um það samkv. viðtali við bankastjórn Íslandsbanka, að hræðsla þeirra var á rökum reist, var skylda þeirra að gefa synjandi svar, til þess að geta staðið því betur í ístaðinu fyrir atvinnuvegi landsmanna, ef bankinn skyldi lenda í einhverjum örðugleikum. Ef þeir hefðu haldið áfram að festa fé Landsbankans í Íslandsbanka, áttu þeir verra með að hjálpa á eftir.

Þá kem ég að síðasta atriðinu, því, að drátturinn á svari landsbankastjórnarinnar hafi komið af stað óróa utan um bankann. Þetta hefir við engin rök að styðjast. Drátturinn olli engum óróa, eins og einn af bankastjórunum við Íslandsbanka hefir líka skýrt tekið fram. Hitt er satt, að það hefði verið æskilegra, að landsbankastjórnin hefði gefið svör sín fyrr, því að þá hefði verið lengri frestur til að ráða þessu máli til lykta. En orsökin til dráttarins var sú, að hún fékk ekki fyrr en nú þá einu, réttu skýrslu um það, hversu viðskiptum Íslandsbanka og hag hans var í raun og veru farið.

Ég held, að öllum þm. hefi verið það ljóst í gær, að þeir eiga nú að ráða fram úr meira og stærra alvörumáli en ef til vill nokkru sinni hefir legið fyrir Alþingi Íslendinga. Annar aðalbanki landsins, sem hefir starfað um fjórðung aldar, er þegar búinn að loka og atvinnuvegirnir, sem við hann styðjast, riða svo, að liggur við falli. Ég hélt líka, að við fyndum allir til ábyrgðarinnar, sem á okkur

hvílir um lausn þessa máls. Það er skiljanlegt, að ágreiningur verði um það, hvernig eigi að bjarga. Hitt er aukaatriði, hvernig á því stendur, að nú er svo komið, sem komið er. Aðalatriðið er nú að bjarga því, sem bjargað verður. Ég vona því, að þeim hv. þm., sem eru að dreifa umr. frá kjarna málsins með ádeilum á hina og aðra, sé það ljóst, hvað þeir eru að gera. Svo mikið er víst, að þeir eru hvorki að vinna þessu máli né þjóðinni í heild sinni gagn. Og ég vil skora á þm. að standa saman í þessu máli um slíka lausn þess, sem verða megi þjóð og landi til sannrar blessunar. En hitt, að ætla sér að snúa gremjunni og sársaukanum yfir falli Íslandsbanka í hatur og árásir á sjálfan þjóðbankann, það er aðeins fávísleg tilraun til þess að bæta eitt böl með því að bíða annað meira.

Sigurður Eggerz: Ég er sammála hv. þm. Mýr. um það, að aðalatriðið í þessu máli sé, hvernig eigi að bjarga, en ekki hitt, hverjir séu orsök í því, að nú er svo komið, sem komið er. Þar með segi ég ekki, að það sé þýðingarlaust að gera sér grein fyrir þeim ástæðum, sem liggja til þess, að Íslandsbanki varð að loka, því að þær geta einmitt verið leiðbeinandi um það, sem gera þarf, til þess að ráða þessu máli til farsællegra lykta. Skal ég svo víkja að ræðu hv. þm. Mýr. að öðru leyti.

Hv. þm. hefir ekki með ræðu sinni snúið mér frá þeirri skoðun, að Landsbankinn hafi brotið lög á Íslandsbanka. Það er að vísu rétt, að Íslandsbanki skuldar Landsbankanum 3347000 kr., en þegar lögin um seðlainndráttinn voru sett, var þessi skuld þegar til. Og það hefði verið einber hégómi að lögákveða, að Landsbankinn skyldi endurkaupa víxla af Íslandsbanka fyrir ⅝ þeirrar upphæðar, sem bankinn drægi inn af seðlum sínum, ef ekki var miðað við inndráttinn, því að ef miðað var við, að Íslandsbanki skyldi greiða sína gömlu skuld, þýddi það ekkert annað en að loka bankanum. Sömu skoðunar eru þeir einnig, hv. 3. landsk. þm., sem var fjmrh., þegar l. voru samþ., og Klemenz Jónsson, þáverandi form. fjhn. Enda held ég, að allir lögfræðingar séu á einu máli um það, að Íslandsbanki hafi átt „formellan" rétt á að fá þessar 625 þús. kr. Hitt er annað mál, að Landsbankinn gat rukkað Íslandsbanka um þessa gömlu skuld sína. Annars á þjóðbanki einnar þjóðar ekki að hugsa eingöngu um það minnsta, sem hann eftir lögunum geti sloppið með að gera, heldur ber honum skylda til að gera það, sem viðskiptalífið heimtar á hverjum tíma og hann er megnugur til að gera. Utan um þetta verður ekki komizt. Hvað gera þjóðbankar annara landa? Þeir hætta milljón á milljón ofan í þessu skyni. En hverju hefir þjóðbankinn í þessu landi hætt? Engu. Hann hefir aldrei haft sig í neinni hættu til þess að bjarga viðskiptalífinu í landinu. Aldrei. Það dugir ekki að halda því fram, að það megi rífa niður allar aðrar bankastofnanir, en aldrei finna að neinu hjá þjóðbankanum. Að þjóðbankinn sé eitthvert „tabú", sem aldrei megi anda á, þó hann hafi drýgt hverja þá synd, sem hinum bankanum er gefin að sök, í meira eða minni mæli á sinni tíð. — Það dugir ekki.

Ég hefi þá svarað greinilega fyrsta liðnum. Og á ég þá eftir að svara öðrum liðnum.

Ég sagði, að þessi neitun hefði orðið til þess að stöðva bankann, og ég er ekki einn um þá skoðun. Allir bankastjórar Íslandsbanka líta sömu augum á málið.

Enginn hlutur er eins næmur fyrir áhrifum og bankamálin. Á meðan friður ríkir um bankann, getur hann lifað og haldið áfram að starfa með lítilli hjálp. En þegar órói skapast um bankann og erlendir menn koma fram með kröfur sínar, þá þarf stóra upphæð, þar sem lítil hjálp á réttum tíma hefði getað bjargað. Þetta er lögmál peningamálanna. Viðkvæmni á þessu sviði er meiri en margan grunar.

Það er hægt að færa sönnur á það, hvað miklu hefir oft tekizt að bjarga með lítilli hjálp. Árið 1926 eða '27 var Íslandsbanki illa staddur; þá voru vandræði hans stærri en nú. Skuld hans meiri við Hambrosbanka en nú, enda hafði Hambrosbanki veitt yfirdrátt um 20—30 þús. pund tryggingarlaust. Þá kom Hambrosbanki mjög vel fram við Íslandsb. eins og oft bæði fyrr og síðar. Ég

fór þá utan til þess að ræða við stjórn Privatbankans í Danm. um vandræði Íslandsbanka. Þá átti Privatbankinn kröfu á Íslandsbanka allmiklu hærri en þá kröfu, sem hann hefir nú á bankann. Úr þeim hinum miklu vandræðum, sem þá steðjuðu að bankanum, var greitt með einni einustu milljón. En þar sem ein millj. dugði til þess að bjarga Íslandsbanka þá úr hinum miklu vandræðum, því ættu þá ekki 625 þús. krónur að geta hjálpað honum nú?

Sannleikurinn í málinu er, — og ég er ekki svo óhreinskilinn að segja hann ekki blátt áfram —, að ef Landsbankinn hefði sýnt meiri skilning á málinu og mætt Íslandsbanka á miðri leið, þá hefði mátt með lítilli upphæð, með þeirri upphæð, er ég nefndi og Íslandsbanki átti lagalega kröfu til, fyrirbyggja þáð. sem nú er komið á daginn.

Ég þarf ekki mörgu að svara hæstv. fjmrh. Hann talaði með stillingu um málið, eins og hans er siður. Hann sagði, að ég hefði ekkert minnzt á örðugleika Íslandsbanka á undanförnum árum, en þá hefir hann víst ekki hlustað óskiptur á fyrri ræðu mína. Ég sagði einmitt, að um örðugleika Íslandsbanka væru svo margar sögur, að ég sæi mér ekki fært að telja þær allar upp.

Hæstv. fjmrh. sagði, eins og rétt er, að ekki mætti gleyma ríkissjóði og áhættu hans við að taka á sig nýja ábyrgð Íslandsbanka vegna. En hefir verið reiknað út, hvað mikið drýpur í ríkissjóðinn vegna þess stuðnings, sem Íslandsbanki hefir veitt sjávarútveginum? Og stöðvist sjávarútvegurinn, hver getur þá reiknað út tap ríkissjóðs? En á því eru horfur, að svo framarlega sem Íslandsb. verði að stöðva starfsemi sína, að mikill hluti sjávarútvegs landsmanna lendi í óútreiknanlegum örðugleikum.

Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði áðan, nema það, að ég held fast við, að þinginu beri skylda til að taka ábyrgð á sparifé því, sem Íslandsbanki geymir fyrir landsmenn, og þó að bætt sé við, að ríkið taki á sig ábyrgð fyrir 3 millj. kr., þá er ég sannfærður um, að þingið þarf aldrei að iðrast þess.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að svara hv. 2. þm. Reykv. Mér fannst ræða hans veigalítil. Þó verð ég að játa, að mér fannst ræða hans eins og að rætast væri einhver gamall draumur hans um, að Íslandsbanki væri að fara á hausinn. Hann sagði, að ekki sæti á mér að vera að ræða um þetta mál, sem bæri ábyrgð á því, hvernig komið væri fyrir Íslandsbanka. Ég ætla ekki að mæla mig undan réttmætri ábyrgð. En mér finnst ég eigi enga ábyrgð að bera á því, að bankinn er stöðvaður nú. Og ég skal segja meira. Ég mundi ekki þora að standa hér upp á Alþingi og tala, ef ég vissi mig ekki hreinan af þessum áburði. Ég lið ekki andstæðingum mínum að slöngva slíku framan í mig og dettur ekki í hug að þegja við því. Ég mun tala um málið og hræðist engar árásir á mig sem bankastjóra. Með því vil ég þó ekki segja, að ekki hefði verið hægt að stýra bankanum betur en ég hefi gert, en hins er ég meðvitandi, að vísvitandi hefi ég ekki gert neitt rangt, og veit ekki heldur, að neitt það gæti komið fram við rannsókn, er ég þurfi að roðna af. Ég mun óskelfdur nota þm.rétt minn til að tala um þetta stærsta og afdrifaríkasta mál þjóðarinnar. Hér eru rædd smámál dag eftir dag og deilt um smáfjárveitingar, en hvað er það hjá þessu máli, sem ekki verður framhjá komizt, að er mál málanna.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að jafnaðarmenn vildu vinna að því að komast að sem beztri niðurstöðu til þess að bjarga þessu máli. En hver er sú björgun? Hún er ekki fólgin í því að loka bankanum fyrir fullt og allt.

Það, sem um er að ræða, er, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði, hvort bankinn eigi að lifa eða deyja. Það er barizt um líf og dauða bankans. Og um afdrif þessa máls fer mikið eftir því, hvernig þjóðinni reiðir af í framtíðinni.

Magnús Jónsson: Ég get mjög vel gengið inn á, að það hefði ekki verið neitt óheppilegt, þó að málið hefði farið til n. svo að segja umr.laust. En þegar svona stórt mál er á ferðinni, sem auk þess er sérstaklega fallið til þess að setja menn í æsing og gera menn kviðafulla, þá er sízt að furða, þó að menn vilji um það ræða. Umr. eru ekki orðnar langar enn, og Alþingi til sóma, hve áreitnislausar

þær hafa verið, enda vona ég, að þau orð, sem ég segi um málið, gefi ekki tilefni til annars.

Það hefir verið sagt, að þetta sé erfiðasta málið, sem Alþ. hefir átt við. En munurinn er aðeins sá, hvernig menn snúast við örðugleikunum. Við erum mestu börn á mörgum sviðum, þar sem aðrar þjóðir hafa langa reynslu að byggja á. Og það er gott fyrir okkur eins og aðra að komast sem lengst í reynslu. Og eitt dæmi er þetta frv., sem ávöxtur þeirrar breyt., sem orðið hefir á Íslandsbanka síðan 1921. Frá því 1921 hefir þessi banki alstaðar verið meira og minna á dagskrá. Hann hefir verið umvafinn pólitík á allar hliðar, og síðan ég kom á þing hefir staðið styr um hann á hverju ári. Það er hættulegt fyrir banka að vera svo umvafinn pólitík, eins og nú er komið á daginn með Íslandsbanka, því að lokun hans verður að setjast í samband við þá pólitík, sem hann hefir orðið að hrærast í.

Ég ætla þá að byrja með að víkja örfáum orðum að hæstv. fjmrh. Hann var í síðustu ræðu sinni að svara hv. 2. þm. G.-K., sem nú hefir talað tvisvar og getur því ekki svarað nema með aths. Hæstv. fjmrh. sagði, að hv. 2. þm. G.-K. hefði gleymzt mikilsvert atriði, er hann nefndi ekki í ræðu sinni, af hverju erfiðleikar Íslandsbanka hefðu stafað 1921. En ráðh. vildi þá halda því fram, að erfiðleikarnir hefðu átt rætur sínar í gömlum syndum bankans, seðlaflóðinu og ýmsu fleiru, sem hann þó ekki skýrði neitt frekar. En þetta svar hæstv. fjmrh. er engin skýring á erfiðleikunum, heldur almennt orðtak.

Árið 1921 var komið svo mikið ósamræmi milli gildis íslenzks og dansks gjaldeyris, að það hlaut að valda yfirfærsluerfiðleikum, meðan ekki fékkst viðurkennt sjálfstætt gengi ísl. krónu, en það, sem beinlínis stöðvaði Íslandsbanka þá, var það, að Privatbankinn hirti allt, sem inn kom erlendis. Íslandsbanki stóð í þeirri góðu trú lengi vel, að hann ætti stórar fjárhæðir inni erlendis, og vísaði á þær, en svo „sló allt klikk", Privatbankinn hafði tínt erlenda gjaldeyrinn upp í sín viðskipti við Íslandsbanka. Ég skal ekkert um það segja, hvort Privatbankinn hafi haft rétt til þessa; ég hefi ekki séð þá samninga, er bankarnir höfðu gert sín á milli. En þetta var ástæðan til þess, að yfirfærsla bankans stöðvaðist 1921 og að þingið styrkti hann þá.

Mér skildist á hæstv. fjmrh., að Íslandsbanki hefði tapað á gengishækkuninni. Um það skal ég ekki deila; þó held ég, að beint tap og gróði bankans af þeim sökum hafi staðizt nokkurnveginn á. En hitt má kannske segja, að erfiðleikar sumra viðskiptamanna bankans hafi óbeint stafað af gengishækkuninni, og má þá ekki gleyma því, að gengið var hækkað þvert á móti vilja ráðamanna bankans þá. Íslandsbanki átti engan þátt í því.

Hv. þm. Mýr. vildi mótmæla því, að stöðvun Íslandsbanka nú hefði orsakazt vegna íhlutunar Landsbankans. Ég er enginn lögfræðingur og ætla því ekki að blanda mér í „juridiskt" mál. En ég lít svo á, að aðgerðir Landsbankans séu orsök stöðvunar Íslb., hvort sem honum er þar um nokkuð að „kenna" eða ekki. Það liggur engin bein orsök til stöðvunarinnar önnur en þess. Og þessari skoðun mun ég halda á meðan mér verður ekki bent á eitthvað annað, eða hvers vegna þessi stöðvun þurfti að koma nú fremur en stundum áður. Ég hefi alltaf verið vinur Landsbankans og viljað hans heill í öllu; þess vegna hefir þetta gert mig órólegan. Það er skylda seðlabanka að gera allt, sem hægt er, til að afstýra þeim voða, sem hér hefir skollið á. Þess vegna verður þetta bankahrun til þess að vekja umtal um Landsbankann, sem ekki getur orðið honum til góðs. Menn hafa sagt: Ef lítið eitt gat komið í veg fyrir lokun bankans, hvers vegna þarf þá svo mikið til að koma honum á laggirnar aftur? Það eru engar röksemdir, þó að svona mikið þurfi til þess að bjarga Íslb. nú. Það er dýrara að líftryggja sig á höggstokknum en á meðan maður hefir sæmilega heilsu. Íslb. hefir verið leiddur á höggstokkinn, og þess vegna þarf nú mikið átak til þess að bjarga honum yfir örðugleikana.

Það má ekki rugla of mikið saman hag bankans og greiðsluörðugleikum hans. Það geta komið fyrir alla banka greiðslu-

örðugleikar, þó að þeir að öðru leyti standi sig ekki illa. Ég skal t. d. benda á, að atvinnufyrirtæki þau, sem bankinn hefir styrkt, og eflaust margir viðskiptamenn hans, hljóta að komast í mikla greiðsluörðugleika nú vegna lokunar bankans, enda þótt þeir séu fjárhagslega vel stæðir.

Ef fyrirtækið er ekki sterkt — eins og öllum kemur saman um, að Íslb. hafi ekki verið síðan 1921, enda margsinnis viðurkennt, að hann hafi haft allt of lítlu fé að ráða yfir —, þá geta lítil atvik valdið tjóni og miklum greiðsluörðugleikum.

Mín skoðun er sú, að ekkert hafi enn komið fram í þessu máli, er bendi til, að Íslb. standi sig verr nú en stundum áður, og hefir hann þó getað starfað fullum fetum. Þess vegna finnst mér ótrúlegt, að þurft hefði að fara fyrir Íslb. eins og komið er.

Það hefir verið talað um endurskoðun þá á bankanum, sem þeir framkvæmdu Pétur bankastjóri Magnússon og Jakob Möller bankaeftirlitsmaður, og þó að sumir leggi lítið upp úr henni, þá geri ég það ekki. Ég trúi því a. m. k. þangað til sýnt verður annað.

Þess vegna kemur það dálítið kynlega fyrir sjónir, að hæstv. stj. skuli nú láta koma fram með frv. um gjaldþrotaskipti fyrirtækis, sem nýlega er yfirlýst, að á fyrir skuldum. Vitaskuld getur maður nú sagt, að bankastj. Íslandsbanka eigi sök á, að í óefni þetta er komið um hag bankans, og að þeir hafi ekki dregið saman seglin, eftir því sem hagur bankans krafðist. En sé svo, þá hafa þeir fyrst og fremst gert það í trausti þess, að þeir ættu framvegis óskertan aðgang að endurkaupaaðferð þeirri í Landsbankanum, sem þeir álitu, að þeir ættu kröfu til.

Það hefir verið gerður allnákvæmur samanburður á því, sem af hálfu ríkisins hefir verið gert fyrir Íslandsbanka og Landsbanka Íslands. Verður því ekki neitað, að næsta ólíku hafa þessar stofnanir átt að mæta um dagana af hálfu hins opinbera. En ástæðurnar eru ávallt taldar þær, að annað er banki þjóðarinnar, en hitt er útlendur hlutabanki. Ef þessi rök eru krufin til mergjar, kemur það í ljós, að hér er um hreinar blekkingar að ræða. Lítum fyrst á sjálfa hlutafjáreignina. Aldrei heyrist talað um að tryggja hlut hafa fyrir tapi. Þó ber á það að líta, að sem betur fer er ekki nærri öll hlutafjáreignin útlend; margir Íslendingar hafa á síðustu árum gerzt hluthafar í bankanum. Og auk þess eiga útlendingar fullan rétt til fjár síns, sem þeir hafa hætt í íslenzkan atvinnurekstur. En sé hlutafjáreignin frá tekin, hvað verður þá eftir? Hver er þá munurinn á þessum tveim bönkum? Báðir eru þá algerlega íslenzkar stofnanir, og báðar í rauninni reknar af hinu opinbera. Ríkið útnefnir tvo af þremur bankastjórum Íslandsbanka og bankaráðsmennirnir eru íslenzkir menn. Fyrirtæki þau, er góðs njóta af bankanum um veltufé, eru öll íslenzk, og sparifjárinnstæður sömuleiðis. Það eru samansparaðir aurar fátæklinga og efnaminni manna víðsvegar af landinu. Vitaskuld hefir ríkisábyrgðin á Landsbankanum dregið meira af innstæðum þangað. Hvers vegna á annar bankinn endilega að njóta ríkisábyrgðar, en hinn ekki? Mér skilst báðir bankarnir hafa sama tilverurétt? Ég hefi aldrei verið þess fýsandi, að ríkið tæki ábyrgð á Landsbankanum, en úr því að þingið hefir horfið að því ráði, virðist mér einsætt, að halda verði Íslandsbanka við, ef unnt er.

Ég ætla ekki að tala mikið um afleiðingar þær, er lokun Íslandsbanka getur haft í för með sér. Það hefir verið bent á þá hættu, er af þessu gæti stafað. Og ég held, að afleiðingar þess hafi jafnvel gert vart við sig í dag hér í bænum. Viðskiptalíf vort hefir tekið þeim þroska, að slíkir atburðir sem þeir, sem nú hafa gerzt, hafa mikil og víðtæk áhrif. Lífið „púlserar" hratt og viðskipti nútímans eru næm fyrir slíkum áföllum. Afleiðingarnar hljóta að verða víðtæk lánstraustsspjöll erlendis, eins og bent hefir verið á undir þessum umr. Fjöldi heimila hér á landi verður fyrir beinum fjártöpum, atvinnumissi og öðru tjóni, ef bankinn verður látinn stöðva starfsemi sína fyrir fullt og allt.

Eins og ég drap á áðan, var ég á móti hinni víðtæku ábyrgð, sem ríkið hefir tekið á sig gagnvart Landsbankanum. Ég var einn í minni hl. milliþinganefndar þeirrar, sem fjallaði um þau mál. Og ég held, að óhætt sé að fullyrða, að æ betur

og betur kemur það í ljós, að ég hefi haft rétt fyrir mér. Og eitt atriði vil ég drepa á sérstaklega, hversu þetta Íslandsbankamál hefir sýnt það greinilega, að ríkisábyrgð á einum banka þýðir sama og ríkisábyrgð á öllum bönkum, því að það er alveg ómögulegt fyrir banka að lifa við hlið og standast samkeppni við banka, sem ríkisábyrgð er á. Banki með innskotsfé getur ekki lifað við hlið á ríkisábyrgum banka; féð hlýtur að streyma meira og meira yfir í ríkistryggða bankann og veikja hinn að sama skapi. Ef Íslandsbanki á nú endilega að fara á höggstokkinn, þá ætti það að færa mönnum heim sanninn um það, að þeir bankar, er síðar kynnu að rísa upp í landinu, svo sem útvegsbanki, samvinnubanki, iðnaðarbanki o. fl., verða að fá ríkisábyrgð, ef þeir eiga að geta starfað við hlið Landsbankans, sem ríkið stendur í ábyrgð fyrir. Reynslan mun sanna þetta. Auk þess eru slíkar ábyrgðir alvarlegar fyrir ríkið, enda virðist nú hæstv. fjmrh. vera farinn að sannfærast um það, því hann viðurkenndi, að víðtæk ríkisábyrgð gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir lánstraust landsins út á við.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta mál. Vil taka undir með hv. þm. Mýr., að bjarga þurfi því, sem bjargað verður í þessum efnum. En ég verð að segja, að mér finnst það óneitanlega dálitið undarleg aðferð til þess að bjarga, að gera Íslandsbanka eins erfitt að gera nokkuð úr reitum sínum og unnt er. Það, sem ráða þarf fram úr, er, hvernig hjálpa má bankanum til að gera sem mest úr þeim. Mín skoðun er, að það verði bezt gert með því að gera bankanum kleift að halda áfram. Ef honum verður lokað að fullu, er honum gert ómögulegt að standa hverjum skil á sínu, sem vel mætti takast, ef honum væri gert kleift að starfa út leyfistímann. Með lokun hans myndast æðileg hræðsla og órói utan lands og innan, lánstraustsspjöll og atvinnutruflanir, gjaldþrot og margskonar óáran í viðskiptalífi landsins. Er ekki einungis sennilegt, heldur alveg fullvíst, að slíkar afleiðingar verða landi og þjóð miklu þungbærari að lokum heldur en ef lögð er fram þegar sú hjálp, sem þarf til þess að bankinn geti starfað áfram.

Að endingu vil ég leggja hv. n. ríkt á hjarta að láta nú einu sinni flokkshagsmuni víkja fyrir því, sem heillavænlegast er til úrlausnar þessa máls.

Bjarni Ásgeirsson: Ég ætla aðeins að gera stutta aths., og mun ég halda mér að öllu leyti innan þeirra takmarka, sem ég hefi gert hingað til, nefnilega um aðstöðu Landsbankans til þessa máls.

Til þess að skýra ágreining minn og hv. þm. Dal., skal ég leyfa mér að lesa upp 69. gr. bankalaganna frá 1928. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiptavíxla .... fyrir allt að ⅝ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni“ o. s. frv.

Ég vil nú benda hv. þm. á, að í gr. stendur „hefir dregið inn“, en ekki „dregur inn“ á hverjum tíma. Bendir þetta orðalag ótvírætt til þess, sem þegar er um garð gengið, en ekki þess, sem er að gerast á hverjum tíma. Hv. þm. sagði, að þessi umrædda skuld hefði verið stofnuð áður en Landsbankalögin gengu í gildi. En vitanlega hefir hún verið stofnuð vegna inndráttar seðla, svo að ef strika á yfir hana, þá verður heldur ekki hægt að taka inndrátt seðlanna til greina. Landsbankinn leyfði Íslandsbanka að taka meira út á seðlaútdráttarkontóna en lögin tilskildu, svo að ef um lögbrot er að ræða af hálfu Landsbankans gegn Íslandsbanka, þá er það Íslandsbanka í vil, en ekki öfugt. Skylda Landsbankans til að rediskontera víxla Íslandsbanka nam ekki meira en 625 þús. kr. Hins vegar er skuld Íslandsbanka á þessari kontó á fjórðu millj. kr. Það nær því engri átt, að Íslandsbanki hafi átt nokkra lagakröfu um það, að Landsbankinn endurkeypti víxla, sem svarаði til seðlainndráttarins í haust, meðan Landsbankinn hafði í þeim efnum jafnvel farið fram úr því, sem lög heimila. Sé sú skýring rétt, sem áreiðanlegt er, að lögunum sé ætlað að gilda aftur fyrir sig, þá stendur Íslandsbanki mun verr að vígi, er hann vill sækja Landsbankann til sakar um lögleysu og lögbrot í þessu atriði.

Hv. þm. Dal. lagði áherzlu á það, að Landsbankanum hefði aldrei stafað hætta

af viðskiptunum við Íslandsbanka. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um það, enda væri slíkt þýðingarlítið. En ég skal aðeins geta þess, að ýmsir hafa enn litið öðrum augum á það mál, sem þeim viðskiptum hafa verið eins kunnugir.

Þá skal ég að lokum drepa lítilsháttar á þau orð hv. þm., að Landsbankinn væri skyldur að afstýra hruni annara banka í landinu. Ef þetta væri rétt, að seðlabanki væri skyldugur til þess, þá væri ekki mikið um bankahrun í löndunum, a. m. k. ekki smábanka. En þá gæti líka farið svo að lokum, að seðlabankarnir sjálfir hryndu með alla trossuna aftan í sér. Og vitanlega væru slík bankahrun miklu alvarlegri en þótt einn og einn banki heltist úr lestinni. En þar sem seðlabanki hvers lands er lífæð allra atvinnumála þess, er skylda þeirra manna, er þeim stjórna, að gæta fyllstu varúðar gagnvart vafasömum fyrirtækjum, hverrar tegundar sem eru. Þetta var þess valdandi, að Landsbankinn treystist ekki til að halda áfram að kaupa víxla Íslandsbanka. Að vísu má segja, að Landsbankinn hefði getað haldið Íslandsbanka við eða bjargað honum með því að endurkaupa víxla af honum fyrir 625 þús. kr., en sú björgun hefði ekki varað lengi. Landsbankinn hefði að sjálfsögðu orðið að kaupa víxla fyrir 625 þús. kr. eftir hálfan mánuð o. s. frv. Vitaskuld hefði Landsbankinn getað haldið svo lengi áfram að kaupa víxla af Íslandsbanka fyrir 625 þús. kr. í hvert sinn, að Íslandsbanki hefði getað lifað. En slíkar ráðstafanir hefðu verið mjög vafasamar, því fyrst og fremst verður hann sem höfuðbanki landsins að tryggja sig og sjá sér farborða. Er Landsbankinn sízt ámælisverður, þótt hann hafi gætt þessarar skyldu.

Ég sé nú, að hæstv. forseti er orðinn óþolinmóður, en ég vil minna hann á, að ég byrjaði með stuttri aths.

Jóhann Jósefsson: Ég skal lofa hæstv. forseta því, að vera ekki langorður, enda gefst tækifæri til þess að ræða málið síðar, er það kemur úr n.

Að mínu viti hafa umr. þær, er fram hafa farið í kvöld, að minnstu leyti snúizt um það, sem meginatriði er þessa máls. Einstakir þm. hafa gerzt málsvarar beggja bankanna og sótt hvern annan til sakar um það, hvernig nú er komið. En ég lít svo á, að nú sé ekki tími til slíks. Skeð er skeð, og á þessu stigi málsins verðum við að leggja höfuðáherzlu á það, hvernig því verður við bjargað, sem hér hefir úr lagi farið. Um hitt er minna áríðandi að tala nú, hvernig hefði verið hægt að afstýra þessum vandræðum og hver eigi sök á þeim. Sú hlið málsins verður væntanlega tekin til athugunar síðar.

Ég skal þá snúa mér að frv. því, sem hér er til umr. í kvöld. Það fer fram á, að ríkið leggi bankanum til 3 millj. kr. sem forgangshlutafé, að því tilskildu, að hinir útlendu lánardrottnar, svo sem Privatbankinn í Kaupmannahöfn og Hambros Bank í London, gefi kost á framhaldandi viðskiptalánum handa Íslandsbanka, með aðgengilegum kjörum. Í öðru lagi fer frv. fram á, að ríkissjóður ábyrgist innlánsfé og annað innstæðufé bankans í hlaupandi viðskiptum til loka leyfistímans, 31. des. 1933.

Hæstv. fjmrh. reyndi að meta pro og contra í þessu máli, og komst að lokum að þeirri niðurstöðu, að ef um nokkra hættu væri að ræða fyrir ríkissjóð, þá gæti hann ekki verið því meðmæltur, að gengið væri inn á þá braut, er frv. þetta leggur til. Ég vil þá benda hæstv. ráðh. á, að þing og stj. hefir oftlega stigið spor, sem gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir ríkið, án þess að jafnalvarlegt tilefni væri til þess og nú. Ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. stj. á fyrra stigi þessa máls, hvað hún hefði hugsað sér að gera fyrir atvinnufyrirtæki þau, sem allt eiga undir Íslandsbanka um veltufé, ef starfsemi hans stöðvaðist algerlega. Vil ég þar sérstaklega tilnefna útgerðina í mínu kjördæmi, Vestmannaeyjum. Ef Íslandsbanka er lokað, og aðrar ráðstafanir ekki gerðar tafarlaust til að leggja viðskiptavinum bankans til rekstrarfé, er útgerð mikils meiri hluta þeirra vélbáta, ca. 100, sem þar ganga, þá þar með stöðvuð, og fleiri þús. manns sviptir atvinnu og öllu bjargræði. Úrlausn þessa máls sker úr því, hvert verður hlutskipti útvegsins í Vestmannaeyjum, sem atvinnu- og bjargarvonir kjördæmisins eru tengdar við.

Að vísu hafði hæstv. forsrh. góð orð um, að gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til þess, að atvinnufyrirtækin gætu haldið áfram. En það er alveg víst, að þrátt fyrir góðan vilja stjórnarvaldanna um að láta hrun Íslandsbanka valda sem minnstum truflunum í atvinnulífinu, þá getur þó aldrei hjá því farið, að margir verði fyrir þungum búsifjum af völdum þess. Slíkur glundroði í peningamálum þjóðarinnar hlýtur ávallt að baka fjölda manna það tjón, að þeir fái það aldrei að fullu bætt. Er það ótvíræð skylda þings og stj. að afstýra slíkum búsifjum eftir megni.

Í sambandi við þau orð hæstv. fjmrh., að hér væri um hættu að ræða fyrir ríkið, ef það reisti bankann við samkv. frv. á þskj. 67, þá langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. nokkurra spurninga. Ef hnigið verður að því óheillaráði að taka bankann nú þegar til gjaldþrotaskipta, hversu fer þá um þær skuldbindingar, sem ríkið nú er í vegna bankans, og hvað er um þá hættu, sem þjóðarbúinu getur stafað af þeim? Í öðru lagi: Hvað er um þann tekjumissi ríkissjóðs, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af tjóni þeirrar atvinnugreinar, sjávarútvegsins, eða þess hluta hans, sem hingað til hefir notið stuðnings Íslandsbanka með rekstrarfé? Felst þar engin hætta fyrir ríkissjóðinn? Annars verð ég að segja það, að ef það er meining þingsins að miða hjálpina einungis við það, sem hættulaust er fyrir ríkissjóð, þá get ég ekki séð, að þingið sé fært um að ráða fram úr þessu máli á viðunandi hátt. Það er beinlínis skylda þingsins að gera skynsamlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja hrun annars aðalbankans í landinu og þá atvinnutruflun, fjártöp, lánstraustsspjöll og hverskonar ófarnan, sem af slíku hlýtur að leiða. Enda þótt slíkar ráðstafanir feli í sér einhverja hættu fyrir ríkissjóð, þá eru þær þó gerðar til þess að afstýra annari og miklu meiri hættu, og þess vegna fullkomlega réttmætar.

Þá hefir verið drepið á það tjón, sem sparifjáreigendum og öðrum innstæðueigendum er bakað með því að taka Íslandsbanka til gjaldþrotaskipta. Sparifjárinnieignir landsmanna í Íslandsbanka skipta mörgum millj. króna. Þetta eru samansparaðir peningar manna víðsvegar um land, og þá aðallega þeirra manna, sem ekki hafa fé bundið í atvinnurekstri. Ætlar nú þingið að horfa upp á það með köldu blóði, að þetta fólk sé umsvifalaust svipt þessum eignum sínum, eða meiri hluta þeirra? Mörgum verða þessi töp svo þungbær, að þeir fá ekki undir risið. Ætlar hið opinbera, ætla valdhafar ríkisins að launa þannig þeim sparsömu og ráðdeildarsömu? Ekki fer hjá því, að slíkt mundi veikja stórlega gjaldþol fjölda manna í landinu. Felst ekki einnig hætta í þessu fyrir ríkissjóð? Er það með öllu hættulaust fyrir ríkissjóð að veikja þannig hina sparandi krafta í landinu? Ég held yfirleitt, að mjög beri að gjalda varhuga við þeirri leið, sem frv. Framsóknarmanna vill fara í þessu máli. Varla hefir þess áður verið brýnni þörf, að haldið væri á máli með viti, skilningi og velvild heldur en nú.

Ég tel meira en brýna nauðsyn bera til, að tekið sé á þessu máli með viti, skilningi og velvild, ef forða á þeirri ógæfu, sem leiðir af því fyrir þjóðina, að Íslandsbanki verði á þessu stigi málsins endanlega lokaður og gerður upp, eins og sakir standa nú. Þetta segi ég ekki eingöngu sem þm. Vestm., heldur sem þm. yfirleitt. Þetta er af mörgum talið hið alvarlegasta mál, sem hér hefir risið upp nokkru sinni. Og það má alls ekki líðast í slíku máli sem þessu, að gamlar væringar milli Íslandsbankastj. og Landsbankaráðsins eyði tíma og kröftum þingsins, sem gætu orðið þjóðinni til varanlegra heilla og blessunar, ef vel væri á þeim tíma haldið. Það er ekki um það deilt, að með því áfalli, sem Íslandsbanki þegar hefir orðið fyrir, er stórtjón skeð. En spurningin er ekki sú ein nú í bili, af hverju þetta tjón stafar. Hin alvarlegri hlið þessa máls er sú, sem snýr að allri þjóðinni. En sú hlið er spurningin um það, á hvern hátt fljótast megi vinna bug á því tjóni, sem þegar er orðið, og fyrirbyggja, að meira verði. Ég tel, að ef horfið verður að því óheillaráði að láta Íslandsbanka deyja nú þegar, eins og sumir hv. þm. vilja, þá sé það ekki rétt lausn á málinu. Þá verður þjóðinni áreiðanlega bakað meira tjón vegna yfirstandandi

erfiðleika bankans en þarf að vera. En að hinu þurfa allir beztu kraftar að beinast á þessu augnabliki, að gera þetta tjón sem allra vægast, bæði vegna þeirra, sem eiga atvinnurekstur sinn undir afkomu bankans, og eins hinna, sem eiga þar inni margra ára uppsparað fé sitt. Þessa aðila erum við í dag kvaddir til að verja. Og ég efast eigi um, að það megi takast, ef vilji manna hnígur að því ráði. Ef allir verða samtaka um það, þá efast ég ekki um, að sæmileg lausn náist í þessu máli, þó nú þyki erfiðlega við horfa.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég álít illa farið, að þessar umr. gátu ekki farið fram eins og hv. aðalflm. mun hafa ætlazt til. Framsöguræða hans var alls ekki löng og benti til þess, að hann mun ekki hafa ætlazt til, að langar umr. yrðu um þetta mál að sinni. Ég tel illa farið, að þessar umr. hafa orðið svona langar, því málinu hefði orðið það stórum meiri hagur, að n. hefði fengið þennan tíma til að vinna að málinu og leita í næði að samkomulagsgrundvelli til að byggja till. sínar á. Að því loknu var svo tími kominn til fyrir hv. þm. að deila um málið.

Máli þessu horfir svo við nú, að hvað sem um lausn þess má deila, þá er það þó sameiginleg ósk allra, að flýtt verði sem mest afgreiðslu þess. Sú hætta vofir yfir bankanum, að ófyrirleitnir og harðvítugir kröfuhafar á bankann geri rétt sinn gildandi á kostnað annara kröfuhafa.

Ég vonaðist til, að samkomulag gæti fengizt um að koma í veg fyrir þetta og að hv. þm. gætu geymt rétt sinn til að rífast, þar til þetta væri búið. En þar sem þetta hefir nú ekki tekizt og við erum hvort sem er farnir að vaka, þá er rétt að skýra nokkur atriði þessa máls nánar en gert hefir verið.

Út af þeim tíðindum, að Íslandsbanki hefði lokað, er eðlilegt, að margir hafi spurt að því, hver rök liggja til þess, að svo þurfti að fara.

Hér hafa tveir eða fleiri hv. þm. talað um það — í fullri alvöru, að því er virðist —, að afkoma bankans hafi oltið á því, hvort hann fékk nokkur hundruð þús. kr. að láni fáum dögum fyrr eða síðar. M. ö. o. að þessi litla upphæð veitt að láni nokkrum dögum fyrr hefði getað bjargað Íslandsbanka. En ég vil reyna að gera mönnum það ljóst, að margar og miklar dýpri ástæður liggja að baki þessa atburðar. Og sá aðdragandi, sem leiddi til þessara úrslita, var í raun og veru orðinn svo langur og svo margháttaður, að það er meir að undra, að þetta skyldi ekki koma fyrir miklu fyrr.

Ég vil þá fyrst minna á tvennt gamalt, sem þótt það sé gamalt, hefir alltaf síðan verið nýtt fyrir bankann.

Árin næstu eftir stríðið reyndu á þolrif fjármálamanna um víða veröld. Við Íslendingar vorum þá svo óheppnir að aðalpeningastofnun landsins, Íslandsbanka, stýrði þá sem aðalbankastjóri útlendur maður, sem brast bæði mannvit og mannkosti til þess að gegna því afarþýðingarmikla starfi. Hann var settur til þessa starfs af þeim útlendu mönnum, sem Íslendingar, í gáleysi sínu, höfðu afhent seðlaútgáfuréttinn og aðalstjórn peningamálanna.

Hin hörmulega bankastjórn þessa útlendings leiddi böl yfir alla þjóðina með hinu gífurlega verðfalli peninganna. Og Íslandsbanki varð fyrir geysilega miklum töpum. Hann var þá særður því ólífissári, sem síðustu droparnir blæddu úr þegar bankanum var lokað, á mánudaginn var.

Við þessum tíðindum var snúizt með nokkuð undarlegum hætti.

Þessi útlendingur hvarf frá Íslandi nokkru síðar. Dýrkeyptari varð hann Íslandi en nokkur annar útlendingur, sem til Íslands hefir komið — og er þá mikið sagt. En þeir, sem þá höfðu völdin í Íslandsbanka, tóku það til ráðs, að þeir veittu honum að gjöf hærri fjárhæð en nokkrum útlendingi hefir verið gefin frá Íslandi — úr sjóði þeirrar stofnunar, sem hann hafði svo skemmilega stjórnað.

Og þeir, sem völdin höfðu á þjóðarbúinu, tóku það til ráðs að veðsetja tolltekjur Íslands fyrir hinu mesta ókjaraláni, sem tekið hefir verið fyrir Íslands hönd, og var meiri hluta lánsfjárins varið til þess að bjarga Íslandsbanka.

Enn er að minnast liðinna tíðinda. Fyrir fimm árum var til þess stofnað að hækka í mjög stórum stíl og á tiltölulega

mjög stuttum tíma verðgildi íslenzkra peninga. Þetta leiddi af sér geysimikla örðugleika fyrir framleiðendur bæði til lands og sjávar. Töp atvinnurekenda af gengishækkuninni lentu vitanlega að töluverðu leyti á lánardrottnum þeirra, bönkunum. Hefir sá af bankastjórum Íslandsbanka, sem bezt skyn ber á að meta það, talið, að tap bankans á gengishækkuninni muni hafa numið 4—6 millj. kr. Og enn á ný kom bankanum hjálp frá ríkinu til þess að standast þetta mikla áfall.

Þau miklu töp, sem Íslandsbanki varð fyrir fyrst fyrir tíu árum og því næst eftir gengishækkunina fyrir tæpum fimm árum, hafa vitanlega hvílt á honum með ærnum þunga síðan. Jafnt og þétt hefir hann sligast undir vaxta- og afborganabyrðinni af skuldunum.

Skuldirnar frá áfallaárunum hefir bankinn vitanlega orðið að borga með árlegum afborgunum. Samningar um þær greiðslur voru gerðir, meira og minna hagstæðir. Jafnt og þétt hefir orðið að afborga. Má þar til einkum nefna afborganir af skuld til hins gamla viðskiptavinar, Privatbankans í Kaupmannahöfn, af skuld við ríkissjóð Dana og af skuld við ríkissjóð Íslands, enska láninu. Þessar og aðrar smærri afborganir munu næstliðin ár hafa að jafnaði numið meiru en einni millj. kr. á ári.

Í þessu sambandi má og geta þess, að samkv. lögum ber bankanum að draga inn eina millj. króna á ári af seðlum sínum og hafði þegar gert það fjögur árin. En að því leyti, sem það gull hrökk ekki til, sem losnaði jafnhliða, hefir Landsbankinn meira en hinu svaraði endurkeypt af Íslandsbanka víxla, svo að fjármagn hans hefir ekki skerzt við það.

En í staðinn fyrir þær afborganir, sem að framan eru nefndar og árlega rýrðu til stórra muna fjármagn bankans, hefir ekki tekizt að afla bankanum neins nýs fjármagns, svo teljandi sé.

Þannig hefir fjármagn bankans þrotið árlega.

Minnkandi fjármagn, og einnig dýrt rekstrarfé, hefir dregið úr afkomumöguleikum bankans undanfarið.

Sparifé hefir bankinn aðeins haft tiltölulega lítið í sínum vörzlum undanfarin ár — miklu minna en áður var. Yfirleitt hefir tiltölulega mjög lítið af því fé, sem hann hafði til að starfa með undanfarið, verið með sæmilegum kjörum.

Kjörin á enska láninu t. d. svo slæm, hinir raunverulegu vextir svo gríðarlega háir, að þeir eru að mun hærri en þeir vextir, sem bankinn hefir tekið af víxlum sínum. Og kjörin á þeim lánum, sem Íslandsbanki hefir sumpart haft föst og sumpart fengið um tíma árlega hjá Landsbankanum, hafa verið þau, að á þeim hefir Íslandsbanki a. m. k. sáralítið eða ekkert hagnazt.

Má af þessu það liggja í augum uppi, að hagnaðurinn af lánastarfsemi bankans undanfarin ár getur ekki hafa verið mikill.

En bankinn hefir verið dýr í rekstri.

Það lag er nú einu sinni komið á, að bankarnir á Íslandi launa starfsfólki sínu betur en nokkrar aðrar stofnanir, undantekningarlítið, og hefir samanburður í því efni við ríkisstofnanir orðið flestum lítt skiljanlegur.

Sérstaklega hefir Íslandsbanki jafnan haft dýrt höfuð. Afarhálaunaða bankastjóra, fjölmennt bankaráð og tiltölulega fjölmennan hóp eftirlaunamanna. Fyrr og síðar hefir það verið tízka, að gæta ótrúlega lítillar sparsemi um fé bankans í þessu efni.

Og svo er því yfirleitt þannig varið, að stofnun, sem er að minnka, eins og Íslandsbanki hefir verið að gera undanfarið, á erfitt með að minnka rekstrarkostnaðinn í jafnríkum mæli.

Enn dregur þetta úr afkomumöguleikum bankans og líkum til þess, að hann gæti rétt við.

Svo var til Íslandsbanka stofnað í upphafi, að hann hafði sterka aðstöðu út á við. Hann var a. m. k. með annan fótinn í því landi, Danmörku, sem Ísland hafði þá langsamlega mest viðskipti við. Árum saman átti Íslandsbanki sitt mikla traust að sækja til danskra fjármálamanna og stofnana.

Þessi fótur er nú högginn af.

Ástæður til þess verða ekki raktar í þetta sinn. En mörgum munu þær liggja í augum uppi, að nokkru a. m. k., eftir þeim tíðindum, sem hér hafa gerzt nýlega.

Vinsældir Íslandsbanka og traust í Danmörku hefir mjög rækilega verið að engu gert, og hefir ósleitilega verið að því unnið. Afleiðingarnar fyrir bankann, beinar og óbeinar, er svo breyttist aðstaðan til aðalviðskiptalandsins, stofnana þar og einstaklinga vitanlega líka, munu liggja í augum uppi.

Þetta atriði er eitt hið þýðingarmesta um að skilja, hvernig komið er fyrir bankanum.

Hinsvegar hefir þjóðbankinn, Landsbanki Íslands, eflzt með vaxandi hraða á undanförnum árum við hliðina á Íslandsbanka, sem alltaf hefir verið að minnka.

Landsbankinn hefir dregið til sín meira og meira af sparifé landsmanna, enda ber ríkið sjálft ábyrgð á innieignunum. Hann hefir einnig dregið að sér útlendu viðskiptin, og það sum arðbærustu viðskiptin, með vaxandi hraða.

Inn á við hefir traust Landsbankans jafnan aukizt. Meginhluti þjóðarinnar hefir af ekki óeðlilegum ástæðum látið sér miklu annara um þann bankann, sem hún taldi fyrst og fremst sinn eiginn banka og einhverja þýðingarmestu stofnun þjóðarinnar.

Út á við hefir ekkert það borið við, sem því hefði mátt orka að veikja traust Landsbankans, heldur þvert á móti.

Hnígur enn að hinu sama um afleiðingarnar fyrir Íslandsbanka. Það liggur í augum uppi, að það rýrir afkomumöguleikana að starfa við hliðina á slíkum keppinaut.

Það, sem nú hefir verið fram tekið, er ærið nóg til þess að sýna, að það er ekkert undarlegt, þótt Íslandsbanki hafi lent í erfiðleikum. Hann hefir hlotið að vera í sífelldum erfiðleikum, jafnvel þótt alveg sérstaklega vel hafi látið í ári, og þeir erfiðleikar hafa hlotið að fara vaxandi. Við slíka aðstöðu gat Íslandsbanki ekki átt annað en óvænlega framtíð framundan.

Engan þarf því að undra, þó að Íslandsbanka hafi um síðir rekið upp á sker. Það má nálega svo að orði kveða, að hitt sé undarlegra, að hann gat staðið svo lengi.

Fyrir alllöngu hafði ég fært það í tal við ráðandi menn í Íslandsbanka, hversu óvænleg mér virtist framtíð bankans af þessum ástæðum, sem nú hafa verið nefndar.

Ég benti á það, að fyrir því yrði að hugsa, að hér yrði á einhver breyting, því að þannig gæti þetta ekki gengið áfram.

Þessi ummæli fengu ekki áheyrn, fremur en ýmislegt annað, sem ég bar fram. Mikil bjartsýni um áframhaldandi rekstur bankans virtist a. m. k. vera ríkjandi, og það fram á allra síðustu daga. Þess vegna kom það bankaráðinu, ég held alveg öllu, mjög á óvart, með hve sáralitlum fyrirvara síðustu vandræðin skullu yfir.

Almenningi er að nokkru leyti kunnugt um það áfall, sem bankinn hefir orðið fyrir í útibúinu á Seyðisfirði og uppvíst varð um við rannsókn hins setta bankaeftirlitsmanns á síðastl. hausti. Fyrir banka, sem þegar áður var erfiðlega staddur, er það mikið áfall, að mjög mörg hundruð þúsundir króna hverfa út úr rekstrinum, og að miklu leyti sem gertapaðar. Verður sú ráðsmennska útibússtjórans þar því óskiljanlegri og vítaverðari, hygg ég, því nánar, sem það mál verður athugað að öllu.

En innanlands varð samt enginn órói um bankann út af Seyðisfjarðarmálinu. Góðærið mun hafa átt sinn þátt í að róa menn, og menn hafa haldið, að Íslandsbanki mundi þola þetta sár, eins og svo mörg önnur. —

En þá gerðist sá atburður utanlands, sem telja má víst, að hafi orðið seinasta beina ástæðan til lokunarinnar.

Hlutabréf bankans hafa jafnan verið skráð á kauphöllinni í Kaupmannahöfn, enda hefir meiri hluti hluthafanna jafnan verið danskur.

Hlutabréfin höfðu um langa hríð verið verðföst; keypt og seld, hvert 100 kr. bréf, á 38—40 krónur danskar.

Rúmri viku fyrir lokunina féllu þau allt í einu niður í 24 kr. Næstu dagana stigu þau að vísu dálítið aftur, en það var aðeins stundarfriður. Síðustu dagana fyrir lokunina fóru þau aftur að hríðfalla.

Er svo stutt umliðið síðan, að engar fréttir eru af því komnar, hvað muni hafa valdið þessu snögga og mikla verðfalli

hlutabréfanna. Með vissu vil ég og ekki segja, hvað hafi valdið þessu. En það er nú vitað, að fáum dögum fyrir verðfallið hafði aðalviðskiptabanki Íslandsbanka í Kaupmannahöfn bréflega sagt Íslandsbanka upp skuldinni, sem hann á hjá honum og nemur fullum tveim millj. kr.

Það veit enginn hér með vissu, hvort samband er milli þessara tveggja atburða. En það liggur í augum uppi, að þessi lánsuppsögn getur verið langsamlega nægileg ástæða til verðfalls hlutabréfanna. Meira að segja má nálega fullyrða, að hafi það frétzt til hluthafanna, að þessi aðalviðskiptabanki Íslandsbanka hafði krafið hann um alla skuldina, þá hafi það orðið til þess að auka framboð á hlutabréfunum og valdið verðfalli.

En hitt er víst, að þetta verðfall hlutabréfanna varð hin síðasta bein ástæða til þess, að Íslandsbanki varð að loka. Verðfallið kom af stað vaxandi óróa um bankann utanlands. Fyrirspurnir bárust hvaðanæfa að, bæði til einstakra manna og stofnana hér í bænum. Þær leiddu af sér, að óróinn um bankann, sem verðfall bréfanna hafði skapað utanlands, fór nú einnig að gera vart við sig hér.

Ég vil svo út frá þeim umr., sem fram hafa farið hér nú, segja það, að erfiðleikar Íslandsbanka eru miklu meiri og alvarlegri heldur en sumir hv. ræðumenn vilja vera láta. Þess vegna lagði ég líka áherzlu á það á lokaða fundinum síðastl. nótt, að hér dygði ekkert hálfverk, ef reisa ætti bankann við og gera hann færan um að starfa til frambúðar. Ég get því tekið undir með hv. 3. landsk., sem lét hér það álit sitt í ljós, að taka þyrfti fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, ef duga ætti. Það hefir nú verið lagt undir úrslit í þinginu, hvort neita ætti slíkri hjálp. Landsstj. treysti sér ekki til að gera það. Og meiri hl. þingsins treysti sér eigi síðastl. nótt til að gera það, að órannsökuðu máli. En allir erum við reiðubúnir að vinna með öðrum hv. þm. að heppilegustu úrslitum þessa máls.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það hefir komið fram í umr. bæði nú og síðastl. nótt, að einstöku hv. þm. telja, að Landsbankinn hafi sýnt Íslandsbanka meiri stirðleik en sanngjarnt megi teljast og að hann hefði getað greitt betur fram úr vandræðum Íslandsbanka en hann hefir gert. Nú vil ég vekja eftirtekt manna á því, og það er álit mitt, að vandlega beri að greina á milli þeirra tveggja atriða, hvort um venjuleg viðskipti er að ræða, eða hvort svo langt er komið, að um beina hjálp sé að ræða.

Ég lít svo á og veit, að landsbankastj. er sömu skoðunar, að Landsbankinn hafi ekkert leyfi til að veita Íslandsbanka peninga, þegar svo langt er komið, að augljóst er, að það er aðeins stundarhjálp. Lokunin hlýtur að koma. Það verður aðeins dráttur um fáar vikur. Að 625 þús. kr. hefðu bjargað bankanum, er fjarstæða, sem enginn trúir.

Út af því umtali, að Íslandsbanki væri aðalbjargvættur sjávarútvegsins og legði honum til peninga, þá vildi ég skýra frá, hvernig aðstaðan hefir verið milli Íslandsbanka og Landsbankans síðustu mánuðina. Þá bað Íslandsbanki Landsbankann um 625 þús. kr. lán. Einnig fór hann fram á að fá sérstaka samninga um hlaupareikningsfé. Og í þriðja lagi vildi hann fá Landsbankann til að kaupa af sér 4 millj. kr. viðskiptavíxla, aðallega fiskvíxla. Um leið og þetta kemur fram, er því og lýst yfir við stj. Landsbankans, að Íslandsbanki hafi ekkert rekstrarfé og að hann geti ekki greitt ½ millj. kr. víxilskuld við Landsbankann, sem féll í gjalddaga í september síðastl. og hefir legið í vanskilum síðan. Þegar þannig var ástatt, þá finnst mér ekkert undarlegt, þótt Landsbankinn hikaði við að hætta fé sínu lengur til Íslandsbanka. Og þegar þess er ennfremur gætt, að það fé, sem Íslandsbanki lagði fram til sjávarútvegsins, var fengið hjá Landsbankanum að nokkru leyti, þá var það ekki nema krókaleið, að láta það ganga í gegnum Íslandsbanka. Landsbankinn hefir keypt fiskvíxla, og nú vildi hann heldur fara þá leið, að lána beint til notenda. Sú leið er líka eðlilegri. Ég get heldur ekki séð, að það sé lakara, að það fé, sem Landsbankinn leggur hvort sem er til útgerðarinnar, komi beint frá honum, heldur en þó það fari í gegnum Íslandsbanka.

Hinsvegar er það álit mitt, að það væri betra fyrirkomulag, að tveir bankar

störfuðu hér. Gæti þá hvor þeirra tekið að sér vissa tegund af útlánum. Væri því gott, að Íslandsbanki gæti haldið áfram starfi sínu, eða þá nýr banki í hans stað, ef hann gæti orðið svo sterkur, að seðlabankinn gæti áhættulaust látið hann fá þá seðlafúlgu, er hann kynni að þurfa til þeirrar starfsemi. Nú var svo komið í síðastl. mánuði, að landsbankastj. sagði, að ekki væri lengur til sín að leita um hjálp, heldur yrði stj. Íslandsbanka að leita til landsstj. um aðstoð. Þetta voru sjálfsögð svör frá bankans hálfu. Bæði bankastjórum og bankaráði Landsbankans var það ljóst, að seðlabanki landsins mætti ekki stofna sér í slíka fjárhagshættu. Ég skal ekkert um það segja, hvort hér var um mikla eða litla hættu að ræða. En hætta var það; og það eitt var víst, að hér var eigi lengur um viðskipti að ræða, heldur hjálp. Og það er meira að segja vafamál, hvort Landsbankinn hefir haft heimild til þess að ganga eins langt og hann gerði.

Það var eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem vakti athygli mína. Hann lagði ekki lítið upp úr þeirri skoðun, sem fór fram á Íslandsbanka um leið og hann lokaði, og gerð var á einum sólarhring. Ég skal vitanlega ekkert um það segja, hve ábyggileg hún er. Getur verið, að hún sé það, og getur líka verið, að hún sé það ekki. En það eitt er víst, að hv. 1. þm. Reykv. **veit ekkert** um það, hve ábyggileg þessi 24 klst. skoðun er. Ég vil benda á það, að þegar Landsbankinn var rannsakaður síðast, þá ætla ég, að fimm menn hafi framkvæmt þá skoðun og verið að því í sex mánuði. Og þótt ég vilji alls ekki gera lítið úr þessum mönnum, sem litu yfir pappírana í Íslandsbanka um kvöldið, þá finnst mér ekki, að þingið geti tekið þetta sem góðan og gildan úrskurð um það, að það sé engin hætta fyrir ríkið að taka á sig ábyrgð á stórum fjárútlátum fyrir bankann. Það þarf að koma eitthvað fram, sem meiri veigur er í, til þess að það sé alveg víst, að hér sé engin áhætta fyrir ríkissjóðinn.

Sigurður Eggerz: Þetta er nú í þriðja skiptið, sem ég tala, svo að ég skal reyna að komast af með mínar fimm mínútur.

Ég heyrði ekki alla ræðu hv. þm. Mýr., en ég hygg ég geti vísað að öllu leyti til þess, sem ég sagði áðan, til nægilegra svara.

Það er að vísu rétt hjá hæstv. forsrh., að bankinn á við ýmsa örðugleika að búa, og hann taldi ýmsa þeirra upp. En ég vil taka það fram, að þrátt fyrir þessa örðugleika hefir þó bankinn grætt allt að ½ millj. kr. á ári, og ætti slíkt að vekja traust á stofnuninni í sjálfu sér.

Hæstv. forsrh. sagði, að fyrir honum vekti það, að ef ætti að styrkja bankann, yrði að styrkja hann þannig, að hann yrði verulega sterkur fyrir viðskiptalífið. Þetta er rétt. Það er einmitt rík nauðsyn á því að gera bankann sterkan. Hæstv. forsrh. sagði, að til þess væri aðeins ein leið, sú, sem felst í aðaltill. bankaráðsins, að taka ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. En ég er viss um, að það, að ábyrgjast sparisjóðsfé á hlaupareikningi og ákveðið starfsfé, eins og ætlazt er til, mundi nægja til að skapa bankanum þann stuðning og ró, sem hann hefir alltaf svo tilfinnanlega vantað. Einmitt við það, að ríkissjóður taki á sig þessa ábyrgð er sú höfuðhætta, sem bankinn á að búa við — hættan á, að skapist óróa í kringum hann —, tekin burt. Og ég verð að segja, að ef frv., sem hér er á ferð, um 3 millj. kr. hlutafé og aðrar tryggingar, sem felast í varatill., verður samþ., þá er ég fyrir mitt leyti hjartanlega sannfærður um það, að bankinn fær nægan styrk til að geta lifað góðu lífi. Þá er enginn vafi á, að hann mundi njóta góðs lánstrausts.

Um Privatbankann er það að segja, að Íslandsbanki skuldar honum minna nú en 1926—1927; þá á 4. millj., en nú ekki nema á 3. millj. Ég er sannfærður um, að það verður hægt að komast að fullu samkomulagi við hann.

Viðvíkjandi Hambros Bank er það að segja, að hann hefir jafnan verið bjargvættur Íslandsbanka. Síðast þegar ég átti tal við hann, hækkaði hann lán til Íslandsbanka. En af athugunarleysi á einni skrifstofunni var farið 15 þúsund pund yfir hið ákveðna hámark. Bankanum voru því næst send 5 þús. pund og róaðist hann alveg við það.

Ég skildi seinustu ummæli hæstv. forsrh. þannig, að hann vildi taka til alvar-

legrar íhugunar, hvort ekki mætti ná samkomulagi og lífga bankann. Er það ekki rétt? (**Forsrh.**: Jú, það vil ég gera). Ef það er meiningin, þá vil ég þakka honum það, en ef meiningin er að halda áfram á likvidationsbrautinni, þá er engin ástæða til að þakka.

Við hæstv. fjmrh. vil ég segja það um viðskipti bankans, að ég vísa til þess, sem ég áður sagði. Landsbankanum stafaði engin hætta af viðskiptum við Íslandsbanka. Íslandsbanki fór ekki fram á meira en eðlilegan stuðning með því að óska eftir, að vera laus við að greiða meira en 500 þús. kr. af hinum svokallaða dollaravíxli á einu ári. Landsbankinn hafði enga ástæðu til að ætla, að greiðslur Íslandsbanka á fiskvíxlum yrðu ekki í lagi. Þá fiskvíxla, sem Landsbankinn hefir endurkeypt, borgar Íslandsbanki jafnóðum og fiskurinn selst. Ég vil taka það fram, að þessi starfsemi er eðlileg seðlabankastarfsemi og í endurkaupum á tryggðum fiskvíxlum gerir því Landsbankinn ekki annað en sjálfsagða skyldu sína.

Ég vil enn víkja að því atriði í minni fyrri ræðu, að það er ekki nema eðlilegt, að þjóðbankinn, í hvert skipti sem hann getur, rétti hinum bönkunum í landinu hjálpandi hönd. Þessi skoðun ríkir hvarvetna erlendis um skyldur þjóðbanka.

Hæstv. fjmrh. vildi gera lítið úr skoðun bankans, af því að hún var gerð á svo stuttum tíma. En sannleikurinn er sá, að það er hægt fyrir glögga menn að gera upp á 24 tímum aðalviðskiptin í höfuðbankanum. Það eru nokkrar stórar upphæðir, sem aðallega verður að rannsaka, hvernig eru tryggðar. Mestur partur af hinum smáu lánum er svo að kalla alveg tryggður, svo að ekki þarf um þau að tala. Þegar því jafnglöggir menn eins og bankastjóri landbúnaðarbankans með umsjónarmanni bankanna hafa athugað bankann, þó ekki sé á lengri tíma en 24 klst., þá má líka ganga út frá því, að á áliti þeirra megi byggja. Það lét einhver falla hér ámælisorð í garð bankaumsjónarmannsins. Ég held þau ummæli séu alvel óverðskulduð. Hann er mjög glöggur maður. Og óhætt er að fullyrða um bankastjóra landbúnaðarbankans, að honum hefði aldrei dottið í hug að gefa þá yfirlýsingu, sem hann gaf, ef hann væri ekki sannfærður um, að það væri óhætt. Þar með er það gefið, að honum hefir sjálfum fundizt hann vera búinn að rannsaka nógu vel.

Um útibúin er það að segja, að í Vestmannaeyjum og á Akureyri hefir lítið tapast. Útibúið á Ísafirði vita menn, hvernig stendur. Þar hafa orðið ákaflega mörg töp, og er ekki búið að afskrifa þau. En maður veit, hvernig þau töp liggja.

Hæstv. forseti sýnir mér úrið, sem ekki er nema eðlilegt. Ég þakka honum fyrir þolinmæðina, en mig langar til áður en ég lýk máli mínu að skýra frá skeyti, sem sent var bankastjórum Íslandsbanka og bendir alvarlega í þá átt, að stöðvun bankans er meira en innanlandsmál. Skeytið er frá merkum fjármálamanni í Oslo. Hann segir, að eftir að hafa borið sig saman við bankamenn í Osló, þá sé það álit fjármálamanna, að lánstrausti landsins stafi hætta af bankastöðvuninni, og hryggjast þeir yfir, að þetta skuli hafa komið fyrir.

Þannig skýrir þessi góðkunni fjármálamaður bankanum frá því, eftir að hafa borið sig saman við höfuðbankann í Osló, að það tjón, sem Ísland bíður í útlöndum, sé ómetanlegt. Skeytið ber það beinlínis með sér, að það er hrein og bein sorg hjá frændum okkar og vinum, Norðmönnum, yfir þessu óláni, sem hefir hent okkur á þessu stóra ári, sem við vonum að verði fyrir þjóðina.

Allt þetta staðfestir það, hve mikil nauðsyn er á því, að menn taki saman höndum, — láti gamla stríðið og nýja stríðið gleymast, láti allt gleymast annað en það að reyna að komast að þeirri niðurstöðu, hvað þjóðinni í heild er fyrir beztu. Auk þess, sem það er í sjálfu sér óheppilegt, að peningaverzlun í landinu sé öll á einni hendi, þá er á hitt að líta, sem er höfuðatriði, að stöðvun bankans er þjóðinni ómetanlegur skaði, á þann hátt, sem þessir erlendu fjármálamenn eru hvað eftir annað að ítreka við okkur.

Að lokum vil ég biðja hæstv. forseta afsökunar á ef ég hefi talað lengur en tilætlun hans var.

Magnús Jónsson: Hv. þm. Mýr. þarf ekki að segja mér neitt um það, hvað átt er við með endurkaupaskyldu Landsbankans, því ég var í þeirri milliþinganefnd, sem um það fjallaði. Þar var ekkert ákveðið annað en lágmarkið, því að vanalega hafa seðlabankar engar slíkar skyldur, en gera það samt. Það er af því, að endurkaup seðlabanka á víxlum annara banka eru þeirra vissustu viðskipti.

Hv. þm. sagði um yfirdráttarlánið svokallað, að þessi endurkaupaskylda hafi verið fyrirfram innt af hendi. Ég skaut því fram, að það gæti ekki stafað af endurkaupum, þar sem þessi skuld var meiri en sem nam endurkaupaskyldunni. Þetta lán stafar frá þeim örðugleikum, sem Íslandsbanki fékk ekki af seðlainndrættinum einum, heldur af því, hvað hann missti geysilega mikið innstæðufé, þegar óróinn varð mestur um bankann 1926.

Hv. þm. sagði í þessu sambandi með réttu, að ekki væri rétt að lýsa bankanum með svartari litum en vert væri. En mér fannst hann syndga í þessu þegar hann fór að líkja ástandi hans við það versta, sem komið hefir fyrir í öðrum löndum. Hvernig eru þrotabú vanalega? Þau gefa oft þetta kringum 10%. En hér er skýrsla, sem segir, að bankinn eigi fyrir skuldum. Segjum, að hann eigi ekki alveg fyrir skuldum. Ástandið er samt ekki líkt þeim firnum, sem menn verða að horfast í augu við, þegar um slíkt er að ræða.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans ræðu, vegna þess, að ég vil segja, að öllu sterkari rök hafa ekki verið færð fyrir því, að sjálfsagt er að samþ. frv. Hann fór að telja upp, hvað hefði mætt á Íslandsbanka um síðustu tíu ár. Það er ákaflega merkilegt, að hann sleppti því úr, sem mátti gefa bankanum mesta sök, en það eru óheppilegar ráðstafanir bankastj. í lánveitingum. Hitt, sem hann nefndi, er svo að segja allt saman að meira eða minna leyti bankanum ósjálfrátt, eða þar hafa aðrir aðiljar starfað mikið með honum. Hæstv. forsrh. nefndi seðlaflóðið. En fór bankinn þar fram úr heimild? Aldrei. Hann fékk alltaf heimild til að auka seðlana. Hann er í minnstri sök. Hin sjálfsagði íhaldsaðili hefði átt að vera þingið og stj. Hvað um gengistapið 1925? Var það Íslandsbanki, sem orsakaði það? Þessu má hiklaust svara neitandi.

Þegar hæstv. forsrh. talaði um að starfsfé bankans væri að minnka, gætti hann ekki að því, að bankanum var gert að skyldu að draga inn seðlana á hverju ári, og hann hefir gert það, nema þegar hann hefir fengið sérstaka lagaheimild til að fresta inndrættinum. Enska lánið fékk hann að nokkru, og er það dýrt lán, sem hann verður að afborga smám saman. Þannig var þá hlaupið undir bagga 1921, þegar þingið annars ákvað að kaupa hlutabréf bankans, en var ekki gert. Ég ætla það komi nú í ljós, að það var misráðið að fara ekki eftir kröfu þingsins um þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að ódýrasta fé bankans væri sparisjóðsfé. Það er ekki rétt, enda þótt það verði ekki borið saman við enska lánið. Bezta fé bankanna er þeirra eigið fé, sem þeir þurfa ekki að borga vexti af, nema þegar útkoman sýnir, að þeir eru færir til þess.

Eins er það, hvað bankinn er dýr í rekstri, þetta dýra höfuð á bankanum. En tveir af bankastjórunum eru skipaðir af ríkinu og laun þeirra ákveðin af því.

Um traust bankans út á við mætti margt segja, — en það er nú orðið framorðið, svo að ég verð stuttorður. Ég er ekki óhræddur um það, að ýmislegt, bæði frá hæstv. forsrh. og ýmsum öðrum, sem gustað hefir um bankann, muni hafa stuðlað eitthvað að því, að hans traust er ekki eins tryggt út á við sem þurfti að vera. Bankinn varð að draga inn starfsfé sitt, svo að það minnkaði úr 51294000 kr., sem það var samkv. jafnaðarreikningi 1921, og niður í 38734000 kr., eins og jafnaðarreikningur 1928 sýnir. Með öllum þessum aðstæðum, dýru starfsfé og gengistapi, sem hann varð fyrir, hefir hann getað aðstaðið fram á þennan dag, og hann er ennþá fyrirtæki, sem fjöldi góðra manna fullyrðir, að geti starfað áfram, ef vel er nú hlaupið undir bagga. Þetta sýnir okkur, að hér er virkilega um lífvænlegt fyrirtæki að ræða. Og hæstv. ráðh. hefir sýnt það með sinni ræðu — kannske skýrar en nokkur annar —, hvaða dæmalaust glapræði væri að leggja þetta fyrirtæki á höggstokkinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til bankamálanefndar með 21 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 82 og 84).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Bankanefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Minni hl. vill samþykkja það, en meiri hl. leggur til, að það verði fellt.

Í nál. minni hl. er getið um, hvernig nefndarstörfin hafa gengið. Ég get lýst þeim þannig fyrir mitt leyti: Fyrsta daginn virtist allt með felldu. N. athugaði möguleika til samkomulags, og því næst var ákveðið að tala við skyndimatsmennina. En svo bregður svo einkennilega við, að ekkert er aðhafzt langa hríð, því að sumir nm. vildu bíða eftir skeytum frá erlendum skuldheimtumönnum, hvaðan svo sem þeim kom vitneskja um, að slík skeyti kæmu, nema þau væru pöntuð af þeim sjálfum. Og þessi skeyti komu líka bæði frá skuldheimtumönnunum og Sveini Björnssyni sendiherra, sem prívat manni að vísu, fyrst til forsrh. og síðan til n. Ég verð að segja, að mér þótti þessar skeytasendingar og biðin eftir þeim talsvert tortryggileg.

Sem nefndarmaður óskaði ég að fá að sjá skýrslu þá, sem bankaeftirlitsmaðurinn og Pétur Magnússon gerðu og byggðu mat sitt og yfirlýsingu á. Bankastjórarnir neituðu að leyfa mér að sjá hana, nema samþykki bankaráðs lægi fyrir, og þótti mér slíkt hátterni grunsamlegt. Lagði ég því til í n., að hún skoraði á bankaráð Íslandsbanka að leggja fyrir bankastjórana að láta n. og hverjum nm. í té allar upplýsingar. Andmælti hv. 1. þm. Skagf. till. og kvaðst ekki vilja leyfa „hlutdrægum" manni að kynnast hag bankans. Fékk hv. 1. þm. Skagf. því áorkað, að frestað var að greiða atkv. um till. til næsta fundar, er ákveðinn var að morgni, en þá felldi formaður niður fundi til föstudagskvölds. Nefndarmennirnir hafa sýnilega ekki viljað, að nokkur rannsókn fari fram á bankanum þessa viku. En drátturinn er hættulegastur þessu máli, hvað sem gert verður.

Kvöldið áður en Íslandsbanki lokaði, 12 stundum áður hann átti að opna, var boðað til fundar í sameinuðu þingi. Var þar birt bréf bankastj. Kvaðst hún loka bankanum næsta morgun, ef ekki fengist ríkisábyrgð fyrir annaðhvort um 35 millj. króna eða um 10 millj. kr. og útvegað nýtt fé, 1½ millj. kr. Þetta fékkst ekki samþ. Þótti flestum tortryggilegt, hve skammur frestur til athugunar var settur. Kunnugir vissu, að bankinn hafði um langa hríð átt við fjárhagserfiðleika að búa. Bankastjórarnir hljóta að hafa vitað það manna bezt. Þeir hefðu því getað leitað aðstoðarinnar með nægum fyrirvara.

Bankanum hefir lengi verið að hnigna, traust hans að minnka. Má nokkuð rekja þá sögu, ef litið er til innstæðufjárins. Það var samkv. reikningum bankans:

1919	kr. 25,6	millj.
1920	— 21,5	—
1921	— 21,4	—
1925	— 19,3	—
1928	— 13,3	—

Innstæðufé hefir því minnkað um helming þessi 10 ár. Traustið í sömu hlutföllum.

Undarlegt er það, að þessi sömu ár, sem bankinn tapar stöðugt fé og tapar áliti, greiðir hann hluthöfum arð.

1919	12%
1920	6—
1922	5—
1923	5—
1924	5—
1925	4—

af öllu hlutafénu, 4500000,00 kr., og mestan arðinn í dönskum krónum.

Ríkið hefir hvað eftir annað hlaupið undir bagga með Íslandsbanka og stutt hann.

Árið 1921 tók það enska lánið hans vegna og afhenti bankanum af því 300 þús. sterlingspund, þá um 9 millj. króna. 1927 er aftur tekið lán hans vegna, þá í Ameríku, dollaralánið. Af því var aðeins notuð 1 millj. Hún fór öll í Íslandsbanka. Svo var kallað, að bæði þessi lán væru tekin vegna atvinnuveganna, en dollara-

lánið fór alveg og brezka lánið að mestu í Íslandsbanka. Sífelldar ívilnanir og undanþágur frá seðlainndráttarskyldu voru veittar bankanum. Nú ætti hann að eiga í veltu aðeins 1 millj. króna eftir lögunum frá 1921. Hann hefir enn 4 millj. seðla í veltu. Löggjafinn hefir hér með veitt bankanum 3 millj. kr. ódýrt lán. Verður því ekki annað sagt en að stjórnir og þing hafi stutt bankann.

Landsbankinn hefir líka verið látinn hlaupa undir bagga Íslandsbanka. Þangað hefir Íslandsbanki leitað rekstrarfjárins. Nú á Landsbankinn yfir 4 millj. króna hjá Íslandsbanka. Síðan 1921 hafa ríki og Landsbanki til samans kastað í Íslandsbanka um 13 millj. kr. Eiga nú inni hátt á 10. millj. samtals þar auk umframseðla í umferð 3 millj. kr.

Þetta fé hefði Landsbankinn getað haft til eigin umráða, getað notað það sjálfur til eflingar atvinnulífsins í landinu.

Íslandsbanki var látinn hafa það til meðferðar.

Þrátt fyrir allan þennan sífellda stuðning heldur hnignun bankans áfram. Traustið og viðskiptin minnka. Reikningsjöfnuður bankans var (1921), þegar enska lánið var tekið handa honum:

.....	kr. 51,3	millj.
1922	— 47	—
1923	— 45	—
1926	— 43,8	—
1928	— 38,8	—

En jafnframt því, sem viðskiptin minnka, helzt kostnaður bankans óbreyttur eða eykst.

Hann var:

1921	kr. 430	þús.
1922	— 480	—
1923	— 580	—
1924	— 550	—
1925	— 560	—
1926	— 600	—
1927	— 520	—
1928	— 520	—

Kostnaður bankans 1928 var því 90 þús. kr. meiri en þegar velta hans var miklu meiri, 1921, og mun enn hafa hækkað 1929.

Allan þennan tíma virðist bankinn ekkert lánstraust að ráði hafa haft erlendis. Þvert á móti. Hann var neyddur til að borga mjög mikið af skuldum sínum við erlenda lánardrottna á tímabilinu. Svo að segja allt það nýtt fé, sem hann fékk, fékk hann frá Landsbanka eða ríkisstj., og mikið af því varð hann að afhenda erlendum lánardrottnum, og var það því tekið frá atvinnulífinu hér.

Bankastjórarnir halda því fram, að fjárkreppa bankans stafi af seðlainndrættinum. Þetta er tilhæfulaust. Bankinn hefir dregið inn 4 millj. seðla. Landsbanki og ríkissjóður hafa á sama tíma lagt honum fé, sem ásamt gulltryggingu, er losnaði vegna seðlainndráttarins, nemur yfir 11 millj. króna. Önnur fullyrðing er sú, að skuldaafborganir 1929 hafi valdið örðugleikunum. Þetta er líka rangt. Afborganir á árinu námu um 2 millj. En skuldaaukning bankans á sama tíma var 2425 þús. kr. Auk þess seldi hann fyrir hátt á 2. hundr. þús. gull umfram ⅖ hluta seðlamilljónarinnar, sem inn var dregin. Hefir því bankanum aukizt starfsfé á árinu um meira en ½ millj. Hvorugt þetta hefir því valdið kreppunni. Ástæðurnar eru aðrar og eiga dýpri rætur.

Það er því ekki á þessum liðum, sem leita má kreppu þeirrar, sem bankinn hefir lent í, heldur í því, að menn hafa yfirleitt fengið vantraust á bankanum, sem magnazt hefir með ári hverju, viðskiptin hafa fælzt frá honum, og hann orðið fyrir ýmsum nýjum stórtöpum. Auk þess má geta þess, að starfsfé það, sem bankinn hefir haft, er mjög dýrt og óheppilegt. Eigið fé er allt rokið út í veður og vind. Ódýrust er nú seðlaútgáfan, en hún er að hverfa lögum samkvæmt, eins og eðlilegt er.

Sparisjóðsfé bankans er orðið lítið, og hefir hann þó greitt hærri vexti en Landsbankinn gerir af innlánsfé, til að halda því kyrru hjá sér, svo að drátturinn á endanlegri upplausn hans yrði sem lengstur. Við það bætist, að nú á síðustu árum, þegar ætla mætti, að stj. Íslandsbanka beitti mestri varúð, hefir bankinn orðið fyrir stórum töpum, bæði vestanlands og austan, sem hv. þm. munu þekkja. Á ég þar sérstaklega við Sólbakkatapið á Flateyri og verzlun Stefáns Th. Jónssonsonar á Seyðisfirði, og efast ég ekki um, að mikið af töpum hefir orðið á öðrum stöðum. En einkennilegast af öllu er þó

það, að bankastjórar Íslandsbanka hafa sagt, að allt væri í lagi hjá bankanum þrátt fyrir þetta. Athugi menn mat bankaeftirlitsmannsins, Jakobs Möllers, og bankareikningana, kemur einkennileg útkoma. Árið 1926 metur bankaeftirlitsmaðurinn, að helmingur af hlutafénu sé tapað en 2¼ millj. króna eftir, 1928 virðist á bankareikningunum sem eftir sé 3½ millj. króna af hlutafénu. Við skyndimat, sem Jakob Möller bankaeftirlitsmaður framkvæmir ásamt Pétri Magnússyni bankastjóra, komast þeir að raun um, að ekki sé neitt eftir af hlutafénu. Það hefir horfið, a. m. k. helmingur þess, 1926—29, og eftir reikningum bankans virðist hann hafa grætt á tímabilinu 1926—28. En þetta eru vitanlega rangir reikningar. Allir vita, að bankinn hefir á þessum tíma orðið fyrir töpum, sem bankastjórarnir hafa leynt á reikningunum. Engar aths. eru gerðar við þennan alranga reikning, hvorki af endurskoðunarmönnum né bankaeftirlitsmanninum.

Nú í ár er svo komið fyrir bankanum, að í október, þegar átti að greiða síðari hluta dollaravíxilsins, 475 þús. kr., getur hann það ekki, og sá víxill er ógreiddur enn. Í janúar mun bankinn hafa lýst því yfir endanlega við Landsbankann, að hann gæti ekki greitt hann, og í þeim mánuði þarf hann á nýjum peningum að halda til viðbótar. — Þá um áramótin eiga að hafa verið í sjóði í kringum 1 millj. króna, en hún mun hafa eyðzt, í hvað, veit ég ekki. Bankinn reynir þá að fá nýtt lán í Landsbankanum og mun hafa farið fram á 625 þús. kr., en gat ekki útvegað nægilegar tryggingar, og svo stöðvast bankinn af þessu, að geta ekki fengið það fé, sem þarf til þess að halda áfram, vegna þess að bankanum var ekki trúandi til að endurgreiða lánið, og gat engar tryggingar gefið. Það bætti ennþá á vandræði bankans, að Privatbankinn í Kaupmannahöfn, sem Íslandsbanki skuldar tæpar 3 millj. ísl. kr., segir láninu upp í janúarmánuði, og við þær fréttir falla hlutabréf bankans í verði. Í sjálfu sér hefir það ekki áhrif á hag bankans, en það veikir enn meira traust hans og álit.

Þá er enn í þriðja lagi þess að geta, að fyrirspurn kom frá Hambrosbanka til bankastjórnar Íslandsbanka, áður en honum var lokað, um hvort nokkuð væri athugavert við hag bankans, þrátt fyrir verðfall hlutabréfanna í Kaupmannahöfn. Bankastjórnin svaraði, að ekkert væri að honum viðvíkjandi innanlandsviðskiptum og aðstöðu hans hér. En tveim dögum síðar lokar hann og stöðvar allar greiðslur sínar. Geta menn skilið af þessu, að bankastjórar Hambrosbanka væru reiðir út af framkomu þessa banka í sinn garð, og gerir það málið ekki auðveldara.

Bankinn verður á þennan hátt sjálfdauður. Hann fellur, vegna þess að hann hefir hvorki fé né traust né viðskipti né hæfa bankastjórn, og sú spurning, sem liggur fyrir hinu háa Alþingi, er aðeins sú, hvort Alþingi eigi að ráðast í að verja gjaldtrausti landsins og peningum ríkissjóðs til að reisa við þennan horfellda banka, blása í hann nýju lífi. Ég verð að segja það, að eftir forsögu bankans álít ég það ekki glæsilegt; og auk þess sé ég ekki, hvaða skylda getur verið fyrir ríkissjóð, eftir allt það, sem gert hefir verið af hálfu hins opinbera fyrir þennan einkabanka, önnur en sú, að sjá um, að sérhver lánardrottinn bankans fái það, sem honum hlutfallslega ber, og ennfremur að lokun bankans valdi sem minnstu róti fyrir atvinnuvegi landsins, þannig að þeir, sem hafa heilbrigð viðskipti við bankann, geti haldið áfram atvinnurekstri sínum óröskuðum. En hitt, að leggja bankanum til 3 millj. kr. sem forgangshlutafé og taka ábyrgð á honum öllum, eftir frv. hv. minni hl., álít ég alveg óhugsandi. Þar að auki er frv. þannig orðað, að ómögulegt er að samþ. það; ríkissjóður leggur bankanum til 3 millj., „að því tilskildu, að aðgengilegir samningar náist við Privatbanken og Hambros Bank". En hver á að dæma um, hvort samningarnir séu aðgengilegir eða ekki?

Því hefir verið haldið fram, að það mundi valda álitstjóni fyrir Íslendinga út á við, ef hreinsað væri til og gerð endanleg skipti á Íslandsbanka. Ekki er hægt að neita því, að hvaða stórfyrirtæki, sem fara illa og verða að leysast upp, valda álitstjóni fyrir landið, en engum dettur í hug, að ríkissjóður eigi að ganga í ábyrgð

fyrir þau. Geri ég heldur ekki ráð fyrir því, að aðrar þjóðir, sem hafa mikið af gjaldþrota einkabönkum og þekkja til þessara hluta, skilji ekki, að sama getur komið fyrir hjá okkur Íslendingum og þeim. Og ég hygg, að eins og málið liggur fyrir, og enginn veit, hvernig hag bankans er komið, geti aðrar þjóðir skilið, að eðlilegast sé að láta hrein skipti fram fara.

Sumir halda því fram, að það reynist erfitt að leiða fjárstrauminn úr einum banka í annan, eða í nýjan banka, ef hann kynni að verða stofnaður, sem við jafnaðarmenn teljum réttast. Því er ekki að neita, að slíkt getur verið erfitt, en ég hygg þó, að það sé auðveldara en sú leiðin að taka á sig ábyrgð á allri skuldasúpunni, sem enginn veit, hvers virði er, og leggja auk þess fram mikið fé úr ríkissjóði, sem ekki er handbært.

Ég hygg, að þótt erfiðir tímar verði fram undan fyrst um sinn. við að loka bankanum, verði þeir enn erfiðari, ef haldið er áfram að fleygja fé inn í þrotabú bankans. Ef karlmannlega verður á tekið og bankinn gerður upp og hreinsað til í viðskiptunum, er ég fullviss um, að það muni hafa í för með sér margfalda blessun fyrir þjóðina, atvinnuvegi hennar og fjármál.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Þó að mér þyki ekki, sem öll meðferð þessa máls hafi verið með sem mestri einlægni, get ég ekki annað en dáðst að þeirri hreinskilni, sem kemur fram í vali hv. meiri hl. n. á frsm. Mér finnst mjög vel til fallið, að þessir tveir framsóknarmenn, sem eiga sæti í n. og eru auk þess flm. að öðru því frv., sem fyrir liggur um bankann, skuli velja sér sósíalista sem frsm. Sósíalistar hafa lengi sem flokkur verið ráðnir fjandmenn Íslandsbanka og hefðu verið banamenn hans, ef þeir hefðu getað. Þetta er því viðeigandi áframhald af því, að Alþýðublaðið hefir verið látið segja það, sem ekki var talið rétt, að Tíminn segði.

Um framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. vil ég segja það, að í sjálfu sér snerti hún að engu leyti kjarna þessa máls. Forsaga málsins var rædd við 1. umr. þess á mánudaginn var í hv. d. og er í rauninni útrætt mál, sem a. m. k. aðeins að litlu leyti getur haft áhrif á þær ákvarðanir, sem nú liggur fyrir hv. d. að taka. Það er nefnilega ekki um það að ræða að endurreisa bankann eins og hann var fyrir 10 árum, heldur að endurreisa Íslandsbanka eins og hann var fyrir lokunina og er nú, og það er stofnun, sem hægt er að meta sjálfstætt út af fyrir sig án tillits til forsögu málsins eða þess, sem valdið hefir stöðvun bankans.

Að svo miklu leyti, sem hv. frsm. meiri hl. vék að sögu eða meðferð þessa máls í n., sagði hann ýmist ónákvæmlega eða órétt frá. Minni hl. n. hefir sagt sögu málsins í sínu áliti, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka hana hér í umr., og er það sumpart vegna þess, að saga málsins mun koma almenningi fyrir sjónir, þar sem álit okkar minnihl.manna verður birt í víðlesnasta blaði landsins innan skamms. Þó þykir mér rétt að drepa örlítið á sögu þess í n., og er þá fyrst um hana að segja og út á hana að setja, að þrátt fyrir ítarlegar tilraunir okkar flm. þess frv., sem liggur hér fyrir til umr., til að hafa fregnir af skoðun bankastjóra Landsbankans, hefir hvorki tekizt að fá vitneskju um skoðanir þeirra né ráðleggingar um, hvaða leið skuli fara. Þó er það vitanlegt, að alstaðar þykir sjálfsagt, þegar slík flókin fjármál koma fyrir, að fyrst sé spurt, hvað stjórn seðlabanka ríkisins leggi til að gert sé. Og svo rammt hefir það verið, að þótt okkur minnihl.-mönnum tækist síðastl. laugardag að fá formann n. til að æskja þess, að bankastjórar Landsbankans kæmu á fund í þeim tilgangi að hafa spurnir af þeim um álit þeirra í málinu, fengum við engin svör við fyrirspurnum okkar, þegar þeir komu. Bankastjórarnir óskuðu eftir að fá að vita, hvort þær fyrirspurnir væru bornar fram í nafni n. eða hvort n. sem slík óskaði þeim svarað; og við atkvgr. tókst svo undarlega til, að við sjálfstæðismenn tveir einir greiddum atkv. með því, en hinir, og þar með sjálfur form. n., neituðu að greiða atkv. En bankastjórarnir sögðu: Fyrst meiri hl. n. óskar þess ekki, sjáum við ekki ástæðu til að svara. En þetta er því ferlegra fyrir það, að fyrirspurnir okkar voru málinu ekki lítt eða óviðkomandi, heldur mið-

uðu þær að innsta kjarna þess, þar sem við spurðumst fyrir, hvort þeir teldu tiltækilegt að opna Íslandsbanka að nýju með framlagi ríkissjóðs, ef aðgengilegir samningar fengjust við aðra skuldheimtumenn bankans; hvort þeir teldu nauðsynlegt, að ríkisstj. hefði afskipti af málinu; og í þriðja lagi, hvort þeir ef til vill litu svo á, að alls ekki væri hægt að opna bankann að nýju. Þegar slíkar fyrirspurnir eru bornar fram í jafnalvarlegu máli, þá stappar það háðung næst, að formaður n., sem kvatt hefir þennan ábyrga aðila til fundar, skuli aftra því, að svar fáist, og það því fremur, sem þetta er aldraður, reyndur og gáfaður þm., sem hér á í hlut. Þetta er þinghneisa.

Að öðru leyti vil ég víkja að því um störf n., að eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, vorum við nm. sammála um það fyrsta daginn, að engin tök væru á að ráða málinu til lykta þá, heldur ættum við að afla upplýsinga og bera okkur saman. Svo var það á miðvikudag — en við höfðum tekið við málinu á mánudag —, að fregnir munu hafa borizt hingað frá útlöndum, sem vöruðu sterklega við afleiðingunum fyrir ríkið af því, ef bankanum væri lokað. Meðal þeirra, sem vara við afleiðingunum, er sendiherra okkar í Kaupmannahöfn, og hann mun hafa varpað fram uppástungum um leiðir, sem til athugunar kæmi, hvort reyndust færar, og leiða að því marki að opna bankann aftur. Þegar þessar fregnir bárust n., þótti öllum nm., a. m. k. sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum, sem sjálfsagt væri að athuga gaumgæfilega þessar leiðir, sem sendiherrann hafði lauslega vakið máls á, og vorum við sammála um að ekki dygði um það að fást, þó að einhver frestur yrði á störfum n. Nú fór svo, að sú rannsókn stóð yfir síðari hluta miðvikudags, fimmtudag, föstudag og fram á laugardag. Það, sem ég nú hefi við meðferð málsins að athuga, er það, að við sjálfstæðismennirnir í n. vorum hvorki kvaddir til ráðagerða né til þess að taka ákvörðun um, með hverjum hætti þessum lauslegu málaleitunum sendiherra vors skyldi svarað. Málið var þannig í þýðingarmiklum og veigamiklum atriðum dregið úr höndum n. og fært yfir í hendur flokks eða flokka. Þetta tel ég mjög aðfinnsluvert. Hitt tel ég líka undarlegt, að þegar loks kemur svar frá sendiherranum við þeirri fyrirspurn, sem hæstv. forsrh. hafði sent honum í tilefni af hinu upphaflega skeyti hans, — þegar loks kemur svar, sem ég held, að beri það með sér, að hann telji þær leiðir færar, sem honum höfðu hugkvæmzt, þá er slitið samningsumleitunum við hann. Mér er spurn: Til hvers er verið að þessu, ef það átti að verða til þess, að ef sendiherrann teldi tök á að leiða málið til heppilegra lykta, þá yrði hætt að semja um það? Ég vil ekki gera þessum mönnum getsakir, en rökrétt ályktun af þessu er sú, að sendiherrann hafi verið spurður í fullu trausti þess, að svar hans yrði að síðustu neitandi.

Ég ætla ekki að ræða þessi skeyti, af því að hæstv. forsrh. hefir óskað, að þau verði ekki gerð að umtalsefni, nema að takmörkuðu leyti, enda þótt öll slík skeyti ætti að gera opinber.

Í fáum dráttum er það þá þetta tvennt, sem ég ámæli n. og hinum ráðandi þingmeirihluta fyrir, og mun ég svo ekki fara nánar út í meðferð málsins. Aðeins skal ég skýra frá því, að eftir að þetta svarskeyti sendiherra hafði borizt, og við höfðum haldið fund á laugardagskvöld, þótti sýnt, að ekkert samkomulag næðist, og óskuðum við ekki frekari árangurslausra tilrauna, heldur yrði samningum slitið við meðnm. okkar og reynt að reka málið áfram í einhverju formi.

Við minnihl.menn erum á öndverðum meiði við hv. meiri hl. um, hverja leið beri að fara í þessu máli. Við teljum rétt og sjálfsagt að opna bankann og álítum þá aðferð ekki aðeins heppilegasta, heldur einu réttu leiðina. Það er ekki með sanni hægt að vefengja, að stórtjón mundi af hljótast fyrir landið, ef bankanum verður lokað að fullu. En um hitt er hægt að deila, — því að jafnan má um flest deila —, hvort það tjón, er landið biður, ef bankanum verður lokað að fullu, er meira eða minna en sá skaði, sem kynni að hljótast af ráðstöfunum þeim, sem þyrfti að gera til þess að bankinn gæti hafið starfsemi sína að nýju; og um þessa hlið málsins erum við nm. að sjálfsögðu á öndverðum meiði.

Ég tel, að margar leiðir megi fara til

þess að opna megi bankann að nýju, en ég ætla að láta mér nægja á þessu stigi málsins að ræða sérstaklega út frá þeim till., sem við hv. 1. þm. Skagf. flytjum, en eins og menn vita, miða þær að því, að ríkið leggi bankanum til starfsfé að upphæð 3 millj. kr. og ríkissjóður taki ábyrgð á innstæðufé hans.

Þegar menn ræða um, hver áhætta fylgi þessu, verður að sjálfsögðu fyrst að spyrja um það, hvernig sé hagur Íslandsbanka, þeirrar stofnunar, sem farið er fram á, að ríkið leggi til fé og taki ábyrgð á. Nú er það að segja um hag bankans, að hann hefir verið metinn alveg nýlega, að vísu í skyndi, en þó má ganga út frá, að það mat hafi við mikil rök að styðjast. Matsmennirnir komust að þeirri niðurstöðu, að bankinn ætti fyrir skuldum, eða sem næst því. En þá er ástæða til að spyrja. Hver bað um matið og útnefndi matsmennina? Það var hæstv. forsrh. Ég veit, að ég má segja það um annan matsmanninn, Pétur Magnússon bankastjóra, að honum mun ekki hafa verið annað ljóst, þegar hann uppfyllti ósk um matið, heldur en að hún væri borin fram af forsrh. Íslands. Þess vegna er það svo, að ef ekki má neitt upp úr þessu mati leggja, þá vaknar sú spurning: Hvers vegna var hæstv. forsrh. þá að biðja um það?

Það er ekki nema eðlilegt, að sú spurning komi fram í huga margra, hvernig þetta mat hafi verið framkvæmt og hversu megi treysta því. Á því veltur í raun og veru endanleg úrlausn þessa máls að talsverðu leyti. Er því rétt að segja nokkuð nánar frá þeirri rannsókn. Hið eina, sem við bankamálanm. getum eiginlega hælt okkur af, er, að við fengum þá menn, er rannsakað höfðu hag bankans, þá bankaeftirlitsmann Jakob Möller og bankastjóra Pétur Magnússon, á fund til n. Möller sagðist hafa athugað bankann í ársbyrjun 1927, og þá athugað hag þeirra viðskiptamanna bankans, er skulduðu 2000 kr. og þar yfir. Gerði hann skýrslu um þá menn alla, er ber með sér álit hans á hag hvers einstaks skuldunauts, eins og hann áleit hann vera þá. Sú skýrsla var nú lögð til grundvallar fyrir hinu nýja mati. Til viðbótar var svo notuð sú bók bankans, þar sem skrásettir eru allir skuldunautar bankans, lánsupphæðir og tryggingar þeirra. Auk þess fengu þeir skýrslu frá bankastjórum og starfsmönnum bankans um alla stærri viðskiptamenn. Eftir að hafa athugað öll þessi plögg, komust matsmennirnir að niðurstöðu um það, að það væru 60—70 nöfn alls, sem sérstaklega þyrfti að athuga. Þessi tala færðist svo niður í 45 nöfn, er nánar var athugað. Með þessi 45 nöfn var síðan fylgt þeirri reglu, að ef ekki var alveg tvímælalaust að ræða um eignir fram yfir skuldir, þá kröfðust matsmennirnir þess að fá að sjá rekstrar og efnahagsreikning viðkomandi manns. Dómur matsnefndar var þó eigi upp kveðinn eftir þeim reikningum, heldur eftir áliti matsmanna á raunverulegu gildi þeirra reikninga. T. d. spurðust þeir fyrir um hag ákveðins skuldunauts. Að eigin dómi átti sá maður til 350 þús. kr. En til grundvallar lögðu þeir samt ekki það mat, heldur sitt eigið. Og eftir því töldu þeir þann mann eiga 150 þús. kr. og byggðu svo dóm sinn á því. Eftir þessari reglu fóru þeir með alla hina aðra stærri skuldunauta bankans.

Þegar nú slíkt mat er framkvæmt af bankaeftirlitsmanninum sjálfum og auk þess af manni, sem nýtur þess sérstaka trausts hæstv. forsrh., að hann velur hann til þessa starfs, enda þótt hann sé ekki pólitískur jábróðir hæstv. ráðh., og matið svo er framkvæmt eins afarvarlega og ég hefi nú lýst, þá finnst mér erfitt að vantreysta niðurstöðunni. En ef stj. samt sem áður vantreystir þessu mati, eða niðurstöðum þeim, er það hefir leitt í ljós, hversvegna hefir hún þá ekki látið fara fram nýtt mat? Einasta ástæðan til þess hlýtur þá að vera sú, að ríkisstj. vill ekki hjálpa bankanum, hversu góður sem hagur hans reynist að fullrannsökuðu máli. Ef nú matið er rétt, þannig að bankinn eigi fyrir skuldum, þá er áhætta ríkissjóðs við að ábyrgjast bankann ekki önnur né meiri en sú áhætta, sem stafa kann af rekstri bankans í framtíðinni, þ. e. a. s. áhættan af skiptavinum bankans. Nú er því haldið fram af andstæðingum okkar, að viðskipti Íslandsbanka eigi að mestu leyti að flytjast yfir til Landsbankans. Ef svo yrði, þá verður áhættan hin

sama fyrir ríkissjóð, því samkv. lögunum frá 1928 ber ríkissjóður alla ábyrgð á skuldbindingum Landsbankans. Annarsvegar yrði því áhættan fyrir ríkissjóð gegnum Landsbankann, hinsvegar gegnum Íslandsbanka. Með hliðsjón af matinu má því segja, að hér er aðallega um tilfærslu á ábyrgð ríkissjóðs að ræða.

En hvað verður svo, ef bankanum er lokað að fullu og öllu? — Ég hygg, að þó andstæðingar okkar hafi nokkuð til síns máls um það, að færsla viðskiptanna gangi til Landsbankans, og þótt fullur vilji sé á því hjá stj. og bankastjórum Landsbankans að hlaupa eftir mætti undir bagga, þá sjái þó allir, að atvinnurekstur inn mun bíða stóran halla meðan sú tilfærsla fer fram milli bankanna. En auk þess mun Landsbankinn hvorki vilja né geta tekið við öllum þeim atvinnufyrirtækjum, og munu mörg þeirra falla í rústir með lokun Íslandsbanka. Atvinnurekstur landsmanna er hinsvegar að sjálfsögðu svo þýðingarmikill fyrir afkomu ríkissjóðs og þjóðfélagsins í heild, að allrar varúðar verður að gæta um þær ráðstafanir, sem orðið geta til þess að veikja hann og fella í rústir. Ekki sízt mundi þetta koma hart niður á mönnum úti um land, og þó einkum þar, sem svo er ástatt, eins og t. d. í Vestmannaeyjum, að ekki var nema um lánsstofnun Íslandsbanka eina að ræða. Þar mundi tilfærslan taka svo langan tíma, að jafnvel þeir, sem annars hefðu verið vel stæðir, mundu ekki þola það.

Þá er viðskiptum margra þannig háttað, að jafnvel með góðum vilja er naumast hægt að flytja þau milli banka. Margir skiptavinir Íslandsbanka hafa orðið að veðsetja honum allar sínar eignir til tryggingar lánum, án þess þó að lánað hafi verið að fullu út á þær. Þessir menn hafa því ekkert við að láta til annars banka, enda þótt hægðarleikur væri og alveg áhættulaust fyrir þann banka, sem viðið hefir, að auka við lánið, er nauðsyn krefur. Hér væri því um allt annað að ræða, ef Landsbankinn ætti að fara að lána slíkum mönnum tryggingarlaust, nema þá að Landsbankinn leysti út veðin frá Íslandsbanka, en slíkt gerist ekki umsvifalaust eða án tafar. Hvernig sem því á það er litið, og með hve mikilli góðvild, sem á þessu yrði tekið, hlyti þó jafnan stórtjón af niðurlagningu bankans að leiða fyrir alla, og lömun og hrun fyrir atvinnuvegina. Ef því Íslandsbanki verður nú lagður á höggstokkinn, þá fara mörg fyrirtækin með. Og þá safnast skuldir og koma fram töp, sem ekki hefðu þurft að verða, ef vilji meiri hl. þingsins færi í þá átt að reisa bankann við. Má því gera ráð fyrir því, þótt bankinn eigi nú fyrir skuldum, að hann eigi það ekki, ef hann verður gerður upp. Og það er ekkert vit í þeirri bjartsýni, að búast við því, að hann eigi fyrir skuldum, ef hann verður lagður á höggstokkinn. Og ef það nú er rétt, sem ég fullyrði að sé, hvar lendir þá sá skaði, sem af því hlýzt? Hann lendir í fyrsta lagi á þeim 10 þús. sparisjóðseigendum, er trúað hafa Íslandsbanka fyrir fé sínu. Og í öðru lagi lendir hann á þeim erlendu lánardrottnum bankans, sem annaðhvort í greiðaskyni eða í trausti þess, að atvinnulíf vort sé heilbrigt, hafa lánað fé sitt hingað.

Um fyrri liðinn, sparisjóðsféð, skal ég ekki fjölyrða. Ég vil aðeins benda á, að réttur sparisjóðseigenda er að því leyti sterkur, að þeir menn, sem leggja inn fé með lágum vöxtum, gera það sem aðalkröfu, að það sé tryggilega geymt. Þetta fé gengur til atvinnurekstrar þjóðarinnar og miðar að því að gera þjóðina sjálfstæða og sterka. Þessir menn eiga því skilið hina beztu meðferð, sem hægt er að láta í té, og eiga kröfu til hennar. Hér er um 10 þús. manns að ræða, sem fæstir eru efnaðir, og þola því ekki tap á fé sínu. Er því skylda löggjafans að gera það, sem hægt er, fyrir þá, ekki síst þar sem ekki mun hægt að fullyrða, að aðgerðir þingsins 1928, er það tók ábyrgð á Landsbankanum, valdi eigi að einhverju leyti væntanlegu tjóni sparifjáreigenda. Þau lög hafa leitt til þess, að menn hafa frekar geymt fé sitt í Landsbankanum en í Íslandsbanka. En það er einmitt fyrst og fremst þörf bankans fyrir handbært fé, sem veldur nú, hvernig komið er, þótt fleiri séu orsakirnar. Ég vil því ræklega brýna fyrir löggjafanum þá skyldu, að sem bezt verði farið með þessa menn.

Um hina hlið málsins, lánstraust vort út á við, er það að segja, að þar ber mik-

ið milli skoðana okkar og hv. meiri hl. n. Þeir segja í nál. sínu á þskj. 83, með leyfi hæstv. forseta:

„Hættan við lánstraustsspjöll erlendis, sem hrun bankans geti bakað íslenzku þjóðinni og ríkinu, ef ekki verður tekin ábyrgð á öllum skuldbindingum hans, álítur meiri hl. ótímabæran hugarburð". Og ennfremur segir þar: „En rétt skil um fjárreiður bankans, eftir lögfullri skiptameðferð, mundi öllu líklegri til að endurreisa viðskiptatraustið út á við".

Þetta er nú í mínum augum álíka viturlegt og ef því væri haldið fram, að þeim mun meira sem væri prettað og svikið, eða því minni sem getan væri, þeim mun meira yrði lánstraustið. Ég hygg, að hv. meiri hl. n. verði einn um þessa skoðun sína. Ég vil í þessu sambandi minna þá á það, sem form. flokks þeirra, hæstv. forsrh., segir um þetta efni í Tímanum síðastl. laugardag. Hann segir þar, með leyfi hæstv. forseta: „.... það liggur í augum uppi, að lokun Íslandsbanka hefir, í bili a. m. k., einnig mikil áhrif fyrir íslenzka ríkið, lánstraust Íslendinga og álit yfirleitt". — Ég held, að það sé hugarburður hjá hv. meiri hl. n., að þetta sé hugarburður hjá hæstv. forsrh. Ég held einmitt, að hann hafi hér full rök að mæla, eins og við minnihl.mennirnir, sem finnum til þess, að við mundum kikna undir þeim ofurþunga ábyrgðar þeirra álitsspjalla, er af því mundi leiða, ef bankanum væri lokað til fulls. Og þótt í rauninni sé óþarfi að leiða mörg vitni fram í svo augljósu máli, og nóg ætti að vera að vitna í hæstv. forsrh. til að sannfæra flokksmenn hans, þá skaðar þó eigi að nefna, að úr mörgum áttum hafa borizt hingað viðvörunarskeyti, sem brýna það fyrir oss, hvert alvörumál þetta sé og hvað örlagaþrungnar afleiðingar það geti haft, ef bankanum verður lokað. Ég skal sérstaklega minna á skeyti Sveins Björnssonar sendiherra, sem varar sterklega við þessu. Ég álít því þessi ummæli hæstv. forsrh. alveg rétt, svo langt sem þau ná. En við þau má miklu bæta.

Ég get ekki alveg leitt hjá mér þá hlið þessa máls, sem hv. frsm. meiri hl. gat um. Hann gerði samanburð á Íslandsbanka annarsvegar og einkafyrirtæki hinsvegar og lagði það tvennt að jöfnu. Hann taldi, að ríkið bæri enga frekari ábyrgð á bankanum en hverju öðru einkafyrirtæki. En hér er ólíku saman að jafna. Skipun bankastjórnar og bankaráðs Íslandsbanka er svo háttað, að við komumst ekki undan því áliti útlendinga, að hér sé í raun og veru um þjóðbanka að ræða. Forsrh. er sjálfkjörinn formaður bankaráðsins og helmingur þess skipaður af Alþingi Íslendinga. Af bankaráðinu er svo einn bankastjóri skipaður, en hinir tveir af ríkisstj. Hvernig má það vera, að slíkur banki sé álitinn ríkinu óviðkomandi? Ég er hræddur um, að vanskil þessa banka verði talin vanskil hins íslenzka ríkis og varpi skugga á það, og alveg eins og það er nauðsynlegt lánstrausti hvers einasta manns að standa í skilum, eins er því varið fyrir þjóðunum, og ekki sízt fyrir okkur, sem erum svo smáir. Lánstraustið er fátæklingsins einasta lamb. Og það má með miklum rétti segja, að það sé bezta eign vor Íslendinga.

En svo hættulegt sem ég tel okkur það vera, ef við verðum vanskilamenn fyrir getuleysi og flekkum þar með lánstraust okkar, þá er þó hitt helmingi hættulegra, ef við refjumst um að standa í skilum og hægt er að segja, að við hefðum getað það, en bara ekki viljað gera það. Og þetta verður sagt, ef bankanum verður lokað til fulls, og það með miklum rétti. Það verður sagt, að bankinn hafi verið metinn af hæfum mönnum, skipuðum af sjálfum forsrh., og að það mat hafi sýnt, að bankinn mundi eiga fyrir skuldum. Þetta verður sagt. Og við getum ekki neitað því. Ef nú svo erlendir aðiljar krefjast þess síðar, að Íslendingar standi við skuldbindingar Íslandsbanka, er þá nokkur sá, er telur lánstraust okkar erlendis standa svo föstum fótum, að hann þori nú að fullyrða, að við getum þá sagt nei við þeim kröfum? En ef við neyðumst til að segja já, þá er öll meðferð þessa máls okkur bæði til vansa og stórskaða. Því það er hvorttveggja, að ábyrgðin verður miklu dýrari, ef bankinn er að velli lagður, og hitt, að lánstraust okkar bíður þess seint bætur, ef það sannast, að neyðin en ekki skilvísin réði gerðum okkar.

Það er því ekki eitt, sem styður álit okkar minni hl., heldur allt.

Ég enda mitt mál með því að lýsa yfir fyrir okkar hönd, að við erum reiðubúnir til samninga við hverja þá menn og um hvert það samkomulag, sem gæti leitt til þess, að bankinn yrði opnaður, án þess að við teldum, að með því yrði ríkissjóði stofnað í áhættu. Við erum reiðubúnir til slíks samkomulags, og við teljum engin tvímæli á, að að þessu marki liggi ekki aðeins ein leið, heldur margar leiðir.

Sveinn Ólafsson: Ég stend ekki upp vegna þess, að ég þurfi að bæta nokkru við framsögu hv. frsm. meiri hl., heldur vegna þess, að hv. frsm. minni hl. hefir ekki skýrt rétt frá staðreyndum og látið á sér skiljast, að við meirihlutamenn höfum af óvild eða fjandskap til bankans tekið þá stefnu í málinu, sem við höfum framfylgt. Þetta hefir að vísu einnig og aðallega komið fram í blöðum þeim, sem hann er nærstæður, en hann brá hv. frsm. meiri hl. um þetta með beinum orðum og fortakslaust. Slíkar aðdróttanir eru lítt sæmandi og afarólíklegar til góðs árangurs. Ég verð að gera ráð fyrir því, að vér allir, hvaða skoðun sem vér annars höfum á þessu máli, viljum vinna að því með það fyrir augum að leysa úr vandanum á þann hátt, sem þjóð vorri og landi má að mestu og beztu liði verða. Ef ég hefði ekki þá trú á minni stefnu í máli þessu, að hún væri heillavænleg, þá mundi ég ekki geta fylgt henni til sigurs.

Ég verð að taka það hér fram, að hv. frsm. minni hl. skýrði ekki alveg rétt frá störfum n. og hefir jafnvel hallað réttu máli í nál. minni hl. Hann virðist sem sé vilja láta skilja skýrsluna um nefndarstörfin svo, að ég hafi lagt tálmanir fyrir hann og skoðanabróður hans og n. í heild sinni um það, að fá bein svör frá bankastjórn Landsbankans um þær fyrirspurnir, sem til hennar var beint. Ég verð nú að segja, að hv. frsm. minni hl. hefir þarna skotið nokkuð hastarlega framhjá markinu, því að bæði hann og aðrir nm. vita það, að bankastj. færðist undan að svara fyrirspurnum minni hl. um endurreisnarvonir fyrir Íslandsbanka, af þeirri ástæðu, að henni bæri ekki að gera það og að slík svör ættu að vera verk bankaráðsins, en ekki framkvæmdarstjórans. (**ÓTh:** Þetta er því miður ekki rétt). Þetta er bókstaflega rétt, og það vita allir nm. Hitt er líka rétt, að einn af bankastjórunum tók það fram, að einkaskoðun bankastjóranna þyrfti ekki að vera leyndarmál. Og samkv. því gat hv. frsm. minni hl. vitað, hvert var að leita um einkaálit þeirra. En það var fullkomin neitun frá hendi bankastj. um það, að gefa n. opinbert álit um þetta efni, sökum þess, að það heyrði undir bankaráð að gefa slík svör.

Að öðru leyti verð ég að geta þess, að um þetta sama atriði og bankastjórarnir voru spurðir, hafði hæstv. forsrh. líka spurt bankastjóra og bankaráð. Og það var alls engin tálmun á því að fá að heyra svör þeirra af vörum ráðh.

Annars get ég ekki verið að þrátta um þetta mikið við hv. minni hl., þótt óvandlega hafi hann með heimildir farið. Þetta er eigi óvenjulegt hnútukast í sambandi við meðferð ágreiningsmála um þessar mundir. En af því að hér er alvörumál á ferð, hefði þó betur sæmt að sleppa getsökum og leggja rangfærslurnar til hliðar.

Um þá yfirlýsing hv. frsm. minni hl., að málið hafi verið dregið úr höndum n. með því að gera henni ekki kunnug þau skeyti, sem hafa farið á milli stj. og einstakra útlendra manna, finnst mér óþarft að svara mörgu. Ásökunin er hreint vindhögg. Það segir sig sjálft, að slík skeytaviðskipti gátu ekki nema að nokkru leyti verið n. kunn, og þau skeyti, sem hæstv. forsrh. hafði sent og fengið, voru látin n. í té og lesin þar upp. Gegnir það því furðu, að hv. frsm. minni hl. skuli leyfa sér að rangfæra skýrsluna eins og hann gerði.

Ég ætla nú ekki að fara neitt frekar út í niðurstöður hv. frsm. minni hl. um stefnu þá, sem frv. á þskj. 67 fylgir. Sú stefna var vel og röggsamlega skýrð af hv. frsm. meiri hl. Ég vil aðeins taka það hér fram til viðbótar, að þar sem hv. minni hl. fullyrðir bæði í nál. og fyrir munn síns frsm., að skyndimatið á bankanum um þær mundir, sem honum var lokað, hafi sýnt, að hann ætti fyrir skuldum, þá er þetta alls ekki rétt.Þeir menn, sem mátu, tóku aðeins fram með mjög óljósum orðum álit sitt um „status" bankans — sögðu, **að það myndi að öllum lík-**

um láta nærri, að bankinn ætti fyrir skuldum, þegar talið væri frá hlutaféð gamla. Þetta er nú ekki svo skýrt og ákveðið, að það geti réttlætt þá fullyrðingu frsm., að bankinn eigi fyrir skuldum. Enda veit hv. frsm. minni hl., að þessir sömu menn, sem gerðu skyndiathugunina á bankanum, létu þess getið á fundi n., að þeir hefðu aðeins getað athugað hag nokkurra viðskiptamanna bankans, og þó lauslega, en alls ekki fjöldans.

Um spádómana hjá hv. frsm. minni hl., sem lúta að framtíð bankans, ætla ég ekki að tala að þessu sinni. Það er búið í nál. beggja nefndarhl. að leiða líkur að því frá þeirra sjónarhól, hvors um sig, og þýðir því ekki að fjölyrða um slíkt. Það vita allir og skilja, að afleiðingar af þessu hastarlega atviki, að bankinn svo gott sem fyrirvaralaust lýsir yfir því, að hann hætti útborgunum, hlýtur — í bili a. m. k. — að koma fram í hnekki lánstrausts og álits landsins. En hvort álitið verður endurreist fljótt eða ekki, er undir því komið, hve rösklega og hyggilega er að því farið að endurreisa viðskiptin aftur og koma þeim á réttan kjöl.

Það er alls ekki nein nýlunda í heiminum, þótt bankagjaldþrot verði og þess vegna er allt þetta írafár minni hl. ótímabært. Í nágrannalöndunum höfum vér heilan her slíkra tilfella frá síðari árum, og mun öllum geta skilizt, að slíkt getur komið fyrir hér eigi síður, einkum þó þeim, sem þekkja forsögu þessarar stofnunar og vita, að hún hefir staðið á flugufótum lengi vegna sjálfskaparvíta.

Ég ætla svo ekki að tefja tímann lengur; hygg ég það breyti hvort sem er ekki neitt verulega skoðun þingmanna í þessu máli, hvort lengur er um það deilt eða skemur.

Fjmrh. (Einar Árnason): Forsaga þessa máls er ekki löng. Ég býst við, að öllum hv. þm. sé minnisstætt, þegar þeir fengu tilkynningu fyrir rúmri viku síðan, að lokun Íslandsbanka stæði fyrir dyrum. Það var þannig lagt fyrir, að þess var krafizt mjög alvarlega, að þingið tæki á sig fyrirvaralaust ábyrgð á öllum fjárreiðum Íslandsbanka. Það var farið fram á þetta, jafnvel þótt engin skýrsla lægi fyrir um fjárreiður bankans. Bankastj. hafði ekkert lagt fyrir, sem hægt var að fóta sig á. Og nú — eftir viku — hefir enn ekkert komið fram til skýringar á því, hvernig í raun og veru fjárhagur bankans er. Bankastj. hefir enn ekki skýrt frá því, hvorki fjmrn. eða seðlabanka ríkisins, að hann hafi yfir höfuð lokað. Það hefði þó mátt ætla, að eitthvað hefði komið fram frá bankanum þess efnis, að hann óskaði a. m. k. aðstoðar til þess, að ekki yrði hægt að gera fjárnám í bankanum.

Ég verð nú að segja það, að mig undrar það mjög, ef bankastjórn Íslandsbanka hefir ekki verið kunnugt fyrr en allra seinustu daga, hvernig fara myndi. Mig undrar það, að síðastl. þrír mánuðir skuli ekki hafa sýnt henni það glöggt og ljóst, til hvers myndi draga. Ég veit ekki til, að bankinn hafi átt neina von um það síðustu mánuðina, að fá fé til rekstrar. Og ég held, að öllum, sem til þekkja, megi vera ljóst, að slíkt var óhjákvæmilegt fyrir hann, ef hann átti að geta haldið áfram starfi.

Þegar þetta mál var lagt hér fyrst fyrir þingið, var engar upplýsingar hægt að fá um fjárhag bankans, aðrar en þær, sem komu fram í ræðum ýmissa þeirra manna, sem mæltu fastast með því, að ríkissjóður tæki á sig alla ábyrgð á öllum fjárreiðum bankans. Þá var það talið orsök að lokun bankans, að hann hafi orðið að afborga svo mikið af skuldum sínum. Það mun hafa verið hv. 2. þm. G.-K., sem gaf nokkra skýrslu um þetta efni. Sú skýrsla hefir nú verið prentuð í einu dagblaðinu. Ég bar þá þegar nokkrar brigður á, að hann færi með rétt mál í einstökum atriðum, og hv. þm. gekk fast eftir að vita hjá mér, í hverju missagnir hans lægju. (ÓTh: Ég vil taka fram, að það er ein prentvilla í hinni prentuðu skýrslu). Ekki mun ég ásaka hv. þm. fyrir eina prentvillu; hennar gætir svo lítið í öllu hans rangfærslumoldviðri. En ég geri ráð fyrir, að okkur beri allmikið á milli um ýmsar þær tölur, sem fram hafa komið, og niðurstöðurnar, sem hann hefir komizt að um það, hvað mikið Íslandsbanki hafi minnkað skuldir sínar á árinu 1929. Ég ætla ekki algerlega að ganga út frá því, sem hv. 2.

þm. G.-K. sagði, en aðallega halda mér við það, sem kom fram hjá öðrum, vegna þess að hv. 2. þm. G.-K. fór nokkuð lengra en aðrir í því að slá föstu um þetta efni. Ég held mig þá aðallega við fullyrðingar Íslandsbankastjórnarinnar sjálfrar, sem fram komu í bréfi því, sem hún skrifaði mér og lesið var hér upp á fyrsta fundi um þetta og einnig birt í blöðum. Þar telur bankastj., að bankinn hafi lent í erfiðleikum mikið vegna þess, að hann hafi minnkað skuldir sínar um eina millj. kr. Ef ég man rétt, mun hv. 2. þm. G.-K. hafa haldið fram, að þær hafi minnkað um 1½ millj. kr. Í þessu sambandi hefir verið haldið fram, að afborganir og greiðslur af lánum hafi verið þessar, sem hér segir:

Til Privatbankans 400 þús. kr., til póstsjóðsins danska eða ríkissjóðsins 400 þús. kr. Til Landsbankans, helmingur af dollaravíxlinum, 500 þús., afborgun af enska láninu 100 þús., og seðlainndráttur 625 þús. Þetta gerir samtals 2 millj. 25 þús. kr.

Nú er þetta að því leyti rangt, að bankinn seldi gull fyrir 560 þús. kr., þegar hann dró inn seðlamilljónina. Þetta rýrði því ekki fjármagn bankans, nema um mismuninn á 560 þús. og 1 millj., eða um 440 þús. Gullið fékk hann greitt með seðlum frá Landsbankanum. Þess vegna er þessi upphæð á afborgunum oftalin um (625000 ÷ 440000) 185 þús. Skuldalækkunin er því ekki 2 millj. 25 þús., heldur 1 millj. 840 þús.

Á móti þessu hefir Íslandsbanki **hækkað skuldir** sínar þannig: Við Landsbankann hefir skuldin hækkað úr 1844 þús., sem hún var í lok ársins 1928, upp í 3 millj. 347 þús. í árslok 1929, eða um rúmlega 1½ millj. Við Hambros Bank í London úr 2000 sterlingspunda innieign 31. des. 1928 í 40000 sterlingspunda skuld 31. des. 1929. Hækkunin er því 930 þús. krónur.

Skuldahækkunin alls á árinu er þá orðin samkv. þessu 2 millj. 433 þús., en lækkunin 1 millj. 840 þús., eins og ég hefi áður tekið fram. Útkoman er þá sú, að bankinn hefir **hækkað** skuldir sínar á síðasta ári um 593 þús. kr. Þetta er sú rétta niðurstaða, þrátt fyrir það, þó hv. 2. þm. G.-K. og fleiri haldi því fram, að bankinn hafi lækkað skuldirnar um 1—1½ millj.

Um aðrar skuldir bankans verður ekkert vitað með vissu, vegna þess — eins og ég hefi tekið fram —, að engar skýrslur hafa komið fram um það atriði. Ekki hafa heldur neinar skýrslur verið gefnar um það frá bankastj., hverjar mundu vera aðkallandi útborganir eða skuldagreiðslur bankans á yfirstandandi ári, ef hann heldur áfram starfi sínu.

Ég hefi heyrt á það minnzt, að þýzkur banki mundi eiga inni í Íslandsbanka ½ millj. kr. Ekki þori ég að fullyrða, hvort þetta er rétt, og það er erfitt að vita, hvernig þessu í raun og veru er varið, því bankastj. þegir um þetta o. fl. Aðrir erlendir bankar munu eiga þar inni um 300 þús. kr. Það hefir ennfremur verið sagt í blöðunum, að bæjarsjóður Reykjavíkur ætti allmikið fé í bankanum, sem hann þyrfti að útborga á þessu ári, og sennilegt þykir mér, að þessar skuldir þurfi allar að greiða.

Þá er enn eitt atriði. Það eru ábyrgðir bankans. Það er vitanlegt, að bankinn er í ábyrgðum fyrir ýmsa viðskiptamenn sína. Hversu miklar þær ábyrgðir eru, hefir maður ekki nokkra minnstu hugmynd um. Ekki veit ég heldur, hvort þeir tveir menn, sem framkvæmdu skyndimatið, hafa tekið nokkurt tillit til þeirra ábyrgða, — veit ekki, hvort þeir hafa fengið skýrslu um þær. En það getur vitanlega haft mikið að segja, hvort þessar ábyrgðir eru teknar með í matinu eða ekki.

Ég skal ekki eyða miklum tíma í að rökræða það við hv. frsm. minni hl. n., hver sé hættan fyrir ríkissjóð, ef bankanum er lokað, eða hvað hún sé mikil, ef ríkið tekur hann að sér að öllu leyti. Hv. frsm. taldi, að áhættan við lokun bankans væri gífurlega mikil. Hann viðurkenndi það, að mér skildist, að einhver hætta gæti verið í því að reisa hann við. Og hann sagði, að um þá hættu mætti alltaf deila. Það er alveg rétt hjá honum. Um þetta hvorttveggja má alltaf deila. Og mér dettur ekki í hug að halda því fram eitt augnablik, að lokun bankans skapi okkur ekki erfiðleika. Og mér dettur heldur ekki í hug að halda fram, að þetta mál sé ekki eitt það allra stærsta fjár-

hagsmál, sem við höfum haft með höndum nú lengi. En málið er eigi að síður svo vaxið, að það er mjög mikil ástæða til þess að sjá fótum sínum forráð við lausn þess, eftir því sem mögulegt er. Ég ásaka engan, þótt hann hafi þá skoðun, að réttara sé, að ríkið taki á sig áhættuna við að reisa bankann. En ég vil heldur ekki, að þeir ásaki hina, sem vilja líta í kringum sig áður en þeir samþ. að binda þjóðinni þann bagga að taka bankann algerlega upp á sínar eigin herðar.

Hv. frsm. minni hl. minntist á, að sparifjáreigendur yrðu hart úti. Víst geta þeir orðið hart úti. En það er ekki fyrsta skipti, sem sparifjáreigendur hér á landi hafa tapað fé sínu, og hefir ekkert verið um það fengizt — alls ekki minnzt á, að ríkissjóður ætti að borga þeim. Það má minna á sparisjóðinn á Eyrarbakka, sem varð gjaldþrota. Hann var til umr. í þinginu, og aldrei minnzt á það, að ríkissjóður ætti að bera tap sparifjáreigenda. Annar sparisjóður er nú þegar kominn í gjaldþrot, og ég veit heldur ekki til, að neinn hafi nefnt, að ríkissjóður ætti að taka hann upp á sínar herðar.

Hv. frsm. minni hl. talaði um, að lánstraust okkar í útlöndum mætti telja „fátæka mannsins einasta lamb". En hver er það, sem að hans dómi hefir lagt á höggstokkinn þetta einasta lamb fátæka mannsins? Er það þjóðinni í heild að kenna, að svo hefir farið fyrir Íslandsbanka, sem raun er á orðin? Er það almenningur í landinu, sem hefir stjórnað bankanum? Eða hver ber ábyrgðina? Mér hefir virzt, að meðhaldsmenn bankans gleymi því jafnan, að þetta er einkastofnun, sem alltaf hefir verið sjálfráð um stjórn sína og starfsemi, þó að með gömlum lögum hafi, að nafninu til, verið settur sá stimpill á bankann, að forsrh. væri formaður bankaráðsins.

Því má ekki gleyma, að bankaráð Íslandsbanka hefir haft allt annað verksvið en það, sem Alþingi hefir sett bankaráði Landsbankans. Staða í bankaráði Íslandsbanka hefir aldrei verið hugað sem starf, þannig að bankaráðið gæti gripið inn í fjárreiður og daglegan rekstur bankans, eins og bankaráð Landsbankans gerir nú.

Ég vil alls ekki tefja þessar umr. nú með langri ræðu, en vonast til, að hv. þdm. hraði þeim svo, að hvort frv., sem ofan á verður, fái sem greiðastan gang í gegnum þingið, því að málinu liggur á. Ég geri ekki ráð fyrir, að umr. breyti þeim skoðunum, sem þingmenn eru búnir að mynda sér þessa síðustu viku, síðan bankanum var lokað.

En til þess að flýta fyrir afgreiðslu þessa máls, vildi ég, þó að það sé ekki stranglega formlegt, mega minnast á brtt., sem ég flyt á þskj. 93; þær eiga að vísu ekki við það frv., sem fyrr kemur undir atkv., heldur það næsta, en ég skoða það svo, að aðalumr. fari fram um bæði þessi mál nú samtímis, þannig að þegar þeim er lokið um fyrra málið, þá verði þær ekki teknar upp um síðara frv., ef það kemur undir atkv. Vona ég, að hæstv. forseti hafi ekkert við það að athuga, þó ég geri grein fyrir brtt. nú.

Fyrri brtt. er þess efnis að heimila fjmrh. að fresta framkvæmd á skiptameðferð á búi Íslandsbanka til 1. marz næstk., þó að frv. á þskj. 68 verði samþ. M. ö. o. að þau atriði frv., sem lúta að skiptunum, komi ekki til framkvæmda fyrri en nauðsynlegar athuganir hafa verið gerðar á fjárreiðum bankans, þannig að hægt verði að taka ákvarðanir um hann af meiri kunnugleik. Á bak við þessa brtt. felst það, að fjmrh. skipi tveggja eða þriggja manna nefnd til þess að athuga hag bankans, og að fenginni skýrslu þeirrar n. sé niðurstaðan lögð fyrir þingið, í síðasta lagi fyrir 1. marz næstk. (**MJ**: Verða skipaðir sömu menn og áður til að skoða bankann?). Ég get ekki um það sagt að svo stöddu, hverjir verða skipaðir í n. Fyrst verð ég að vita, hvort brtt. gengur í gegnum þessa hv. þd. Ef sú framkvæmd verður samþ., sem hér er gert ráð fyrir samkv. brtt., þá er mjög nauðsynlegt að hraða málinu. — En hinsvegar, ef frv. á þskj. 67 verður samþ., þá hlýtur það að tefja fyrir því frv., sem brtt. eiga við, og jafnvel leiða til þess, að það nái ekki fram að ganga.

Á 2. brtt. legg ég ekki sérstaka áherzlu, en ég tel þó rétt að breyta nafni frv. í meira samræmi við efni þess, eins og það verður, ef fyrri brtt. verður samþ.

Sigurður Eggerz: Mér er það ljóst, að

aðalatriðið í því, hvort hægt sé að endurreisa Íslandsbanka, er það, hvernig fjárhagsgrundvöllur bankans liggur nú fyrir. Hitt er að vísu eðlilegt, að fortíð bankans sé rannsökuð, en það skiptir minna máli á þessu augnabliki, hvar ábyrgðin liggur fyrir því, sem áður hefir gert verið.

Ég verð þó, vegna þess, sem fram hefir komið í ræðum hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Reykv., að telja það skyldu mína sem bankastjóra, eigi aðeins fyrir mig sjálfan, heldur og hina bankastjóra Íslandsbanka, að gefa skýrslu, sem sýnir, að bankinn hefir átt við óvenjulega örðugleika að stríða. Þeir örðugleikar komu ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti.

Ég vil þá byrja með að skýra frá því, að nokkru eftir miðjan október síðastl. fórum við bankastjórar Íslandsbanka yfir í Landsbankann og sögðum stjórn Landsbankans, að við ætluðum að draga inn eina millj. kr. af seðlum, og spurðum, hvort við gætum fengið endurkeypta víxla fyrir 625 þús. krónur. Niðurstaða þeirrar viðræðu varð sú, að bankastjórn Landsbankans óskaði eftir, að við sendum víxlana út í Landsbanka, sem við óskuðum að fá endurkeypta, svo að bankastj. gæti athugað þá. Var þetta gert, og leið svo og beið. Bankastj. Íslandsbanka treysti því, að víxlarnir yrðu keyptir. En þegar komið var fram á síðasta dag októbermán., spurðumst við fyrir um víxlakaupin hjá stj. Landsbankans og fengum neitandi svar; kvaðst hún ekki geta keypt þá. Kristján Karlsson var þá ekki heima, en við hinir bankastjórarnir ræddum um málið við stj. Landsbankans og sýndum henni fram á, hvað mikill ábyrgðarhluti það væri að neita Íslandsbanka um þessi endurkaup, og að það mundi geta leitt ógæfu yfir bankann og þjóðina, og sannarlega gat stj. Landsbankans þá séð, að okkur var alvara í huga. Okkur var það ljóst, hve miklum örðugleikum það var bundið fyrir bankann, ef víxlarnir yrðu ekki endurkeyptir, eins og tilskilið var í lögunum.

Undanfarin ár hafði bankinn fengið undanþágu frá inndrætti seðlanna, en fyrrv. fjmrh. (Magnús Kristjánsson) var búinn að tilkynna bankastj. Íslandsbanka eins og ég hefi getið um áður, að það þýddi ekki að fara fram á það í þetta sinn. Að kvöldi hins 31. okt. var kallaður saman bankaráðsfundur, og þar skýrðu bankastjórarnir frá því, að Landsbankinn neitaði að endurkaupa víxla af Íslandsbanka fyrir umgetnar 625 þús., og lét bankastjórnin þess um leið getið, að þetta mundi hafa mikla örðugleika í för með sér fyrir bankann. Næstu daga voru haldnir margir bankaráðsfundir um það, hvort endurkaup fengjust á víxlum í Landsbankanum. En ég vil taka það fram, að eftir 31. okt. óx fé í kassanum meira heldur en við höfðum búizt við; og í nóv. og des. gekk allt dável, þannig að fyrir lá álitlegur sjóður. En eftir að kom fram yfir 10. jan. fór sjóðurinn að minnka allmikið; og þó að það sé kunnugt, þá er rétt að geta þess, að milli bankastjóra Íslandsbanka og Landsbankans stóð í allmiklu þófi út af því, að bankastj. Landsb. óskaði eftir, að Íslandsbanki greiddi svokallaðan „dollaravíxil", sem beðið hafði frá fyrra ári, en sem stj. Landsbankans sá, að Íslandsbanki gat ekki greitt og varð að fá framlengdan. Og 20. jan. síðastl. kom fullnaðarsvar frá Landsbankanum, þar sem neitað var um framlengingu á „dollaravíxlinum". Þá skeði það í bankaráði Íslandsbanka, sem sýndi, hvað horfurnar voru alvarlegar, að bankaráðið kaus 2 menn úr sínum flokki, þá Jón Þorláksson og Halldór Stefánsson, en bankastjórnin Kristján Karlsson, til þess að fara á fund bankastj. Landsbankans og skýra frá erfiðleikum Íslandsbanka. Ítrekuðu þeir beiðni Íslandsbanka um, að endurkeyptar yrðu víxlar samkv. lögum fyrir 625 þús. kr., og leituðu eftir því, hvort Landsbankinn mundi vilja kaupa fiskvíxla eins og áður. Snéru þeir sér fyrst til bankaráðs Landsbankans, en fengu það svar, að bankaráðið vildi ekki við þá ræða um þetta, en benti þeim á að snúa sér til bankastjóranna sjálfra. Þann 30. jan. síðastl. var svo fundur í bankaráði Íslandsbanka, og þá var enn ókomið svar frá Landsbankanum. En loks þ. 31. jan. síðastl. kom svarið, og var það á þá leið, að Landsbankinn skyldi framlengja dollaravíxilinn og endurkaupa fiskvíxla, eins og áður, en þó með vissum skilyrðum.

Ég get látið þess getið, að auk þess, sem hér er talið, hefir af okkar hálfu margoft verið talað við stj. Landsbankans, og reyndar ýmsar aðrar samningaleiðir. Einn af bankastj. Íslandsbanka spurðist t. d. fyrir um, hvort Landsbankinn vildi ekki endurkaupa stutta víxla af Íslandsbanka — 3—6 mánaða — og sá bauð, að yfirdráttur væri greiddur um leið og hann félli í gjalddaga. Áður hafði Landsbankinn gefið Íslandsbanka yfirdrátt án sérstakra trygginga, en nú var þessu alveg neitað.

Ég skal ennfremur geta þess, að Kristján Karlsson, sem skipaður var í bankastj. af Magnúsi heitnum Kristjánssyni, átti langt viðtal við hæstv. fjmrh. á miðvikudagskvöld og skýrði honum þá frá öllum málavöxtum, og á föstudag og laugardag í lok janúarmán. síðastl. átti Kr. Karlsson oftsinnis tal við fjmrh. Ég skal játa, að ég átti líka tal við fjmrh., ég man ekki hvern daginn, og sagði honum þá frá örðugleikunum. Af þessu, sem ég hefi nú sagt, hlýtur öllum að vera það ljóst, að stj. hefir fengið bæði margar og miklar viðvaranir um örðugleika Íslandsbanka. Ég skal geta þess, að stj. Íslandsbanka trúði á það í lengstu lög, að ef hann fengi hjálp frá Landsbankanum, þá yrði hún nægileg til þess, að Íslandsbanki gæti haldið áfram að starfa. En síðustu dagana komu fregnir frá útlöndum um, að hagur bankans stæði illa og hann mundi stöðva greiðslur. Þá var bankastj. Íslandsbanka ljóst, að engar smáupphæðir myndu nægja til þess að halda bankanum starfandi, og á föstudagskvöld var bæði bankaráðinu og fjmrh. tilkynnt, að hann yrði ekki opnaður á laugardag, nema sérstök hjálp kæmi til. Hæstv. fjmrh. veitti þann stuðning, sem nægði til þess að hafa bankann opinn á laugardag.

En óróinn um bankann magnaðist, og bankastj. og bankaráð sáu þá ekki annað fært en að snúa sér til þingsins. Það er ljóst af því, sem ég hefi nú sagt, að það var sannarlega fyrr en 12 klst. áður en lokun bankans var tilkynnt, að hinum ráðandi mönnum í þessu landi hafði við mörg tækifæri verið skýrt frá erfiðleikum bankans. En þegar spurt er, hvað bankastj. hafi ætlazt til, að bankinn gæti lengi lifað á 625 þús. kr. frá Landsbankanum, þá vil ég svara því með því að segja tvær sögur af þeim örðugleikatímum, sem áður hafa dunið yfir bankann. Ég skal þá byrja á því að benda á, að við áramótin 1926 og 1927 var Íslandsbanki í miklu meiri örðugleikum en nú. En þá var það tryggðatröllið Hambrosbanki í London, sem hjálpaði bankanum með 20—30 þús. £ yfirdrætti. Þá fór ég utan með ráði þáv. forsrh. (Jóns Þorlákssonar) til þess að semja við Privatbankann, sem þá gekk hart eftir skuld sinni hjá Íslandsbanka, er var hátt á 4. millj. króna. En hvað var það stór upphæð, sem þá bjargaði lífi Íslandsbanka? Aðeins ein millj. króna. Þess vegna má enginn furða sig á því, þó að við, sem erum vanir því að vita ekki að morgni, hvernig við getum lokið viðskiptunum að kvöldi í bankanum, stæðum í þeirri trú, að 625 þús. kr. mundu bjarga starfsemi bankans, og þar sem við litum svo á, að Landsbankinn ætti að lögum að gefa Íslandsbanka þá upphæð eftir. Ef bankastj. Íslandsbanka hefði ekki verið trúað á þetta, þá hefði hún sannarlega snúið sér til síðasta þings og leitað aðstoðar þess og úrskurðar.

Í þessu sambandi má minnast á, að það er alveg rétt, að Íslandsbanki skuldaði Landsbankanum 3300000 krónur, og auk þess hálfan dollaravíxilinn; og að Landsbankinn hélt því fram, að þessi gamla seðlaskuld ætti að koma upp í endurkaupin á víxlunum, en því mótmælti bankastj. Íslandsbanka þegar landsbankalögin voru sett; þá var sú skuld til orðin, og engum gat því dottið í hug, að Íslandsbanki ætti að greiða hana á þennan hátt, enda hlaut það að vera sama og að loka Íslandsbanka.

En í því sambandi vil ég taka það fram, sem ég tók skýrt fram við fyrri umr. þessa máls, að aðalatriðið fannst mér vera í þessu máli, hvað viðskipti Landsbankans voru trygg og aðstaðan þess vegna sú, að ríkisbankinn var hér ekki í neinni áhættu og því meiri von á hjálpinni.

Hv. frsm. meiri hl. lýsti því, hvernig Íslandsbanki hefði smátt og smátt minnkað starfsemi sína og dregið saman seglin, og það er alveg rétt. En í því sambandi vildi ég geta þess, að þegar Íslandsbanki

lét af hendi seðlaútgáfuna, var ætlazt til þess, að hann drægi saman viðskipti sín, og honum var lögð sú skylda á herðar að leysa inn seðla sína, unz þeir væru með öllu innleystir. Það er einnig rétt hjá hv. frsm., að sparisjóðsfé bankans hefir minnkað að mun, en af hvaða ástæðum hefir það minnkað? Það hefir minnkað vegna árása, sem bankinn hefir orðið fyrir; og þær árásir hafa sprottið af því, að menn hefir skort hinn dýpri skilning á fjármálalífinu, skort þekkingu á lögmálum viðskiptanna. Þar við bættist, að menn höfðu óvild á bankanum, af því að í honum var danskt hlutafé, og árásirnar munu sumpart hafa sprottið af því. En þrátt fyrir allt þetta andstreymi, þrátt fyrir allar þessar árásir, minnkaði bankinn skuldir sínar allverulega og gaf af sér árlega 500—600 þús. kr., en það sýnir einmitt lífskraft bankans og rétt til að halda áfram starfsemi sinni.

Því má heldur ekki gleyma í sögu Íslandsbanka, að árið 1921 skuldaði hann Privatbanken í Kaupmannahöfn 10—11 millj. kr., en nú 2½ millj., og gefur þetta ljósa hugmynd um, hve mjög hann hefir lækkað þessa skuld sína.

Hæstv. fjmrh. vildi draga í efa, að Íslandsbanki hefði minnkað skuldir sínar þetta ár, og vildi halda því fram, að skuld hans við Landsbankann hefði aukizt um 1½ millj., en þá vil ég geta þess, að það hefir lengi verið svo, að Landsbankinn hefir veitt Íslandsbanka lánsheimild til allt að 3365000 kr., og hefir alltaf látið það fé að hendi, ef þörf gerðist. Stundum hefir Íslandsbanki notað sér þennan yfirdrátt til fulls, en stundum ekki. Um þessi áramót átti Íslandsbanki eina millj. í sjóði, en hafði ekki greitt Landsbankanum hana upp í skuld sína, en þrátt fyrir það, að skuldirnar við Landsbankann höfðu ekki aukizt, hafði bankinn minnkað aðrar skuldir sínar, og það er aðalatriðið í þessu máli.

Ef menn ætluðu að rannsaka allar ástæður fyrir tapi Íslandsbanka, þá eru þær margþættar og örðugleikarnir æðimiklir, sem bankinn hefir átt við að stríða. Þá erfiðu tíma, sem Íslandsbanki hefir átt í höggi við, hefir Landsbankinn líka orðið að upplifa, og þegar menn athuga örðugleika þess banka, ætti það að geta vakið skilning þeirra á vandræðum Íslandsbanka. Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að Privatbankinn hefði óskað eftir að fá skuldir sínar greiddar, og því hefði hann orðið þess valdandi, að hlutabréfin féllu. Þetta er ekki rétt hjá hv. frsm. Það voru komnar sveiflur á verð bréfanna nokkru fyrir þann tíma. Fyrst tóku þau að lækka og voru komin niður í 24 kr. hundraðið, en svo hækkuðu þau aftur upp í 31 kr.

Það er óhugsandi, að viðskiptabanki eins og Privatbankinn, sem veit, að ekkert það má út komast um hag Íslandsbanka, sem veikir lánstraust hans, hafi látið það spyrjast, því að það er öllum ljóst, að á því sterkari fótum sem lánstraust einnar stofnunar stendur, á því fastari fótum stendur skuld hlutaðeigandi. Því má alveg fullyrða það, að tapið orsakaðist ekki af því, að Privatbankinn segði upp láninu, því að það hafa auðvitað engir vitað, og fregnin um veikan fjárhag Íslandsb. hlýtur því að vera komin úr annari átt. Annars get ég látið hv. þm. vita það, að við bankastjórarnir vorum ekkert hræddir við þessa uppsögn. Bankinn hafði oft sagt þessu láni upp áður, og þetta hafði alltaf lagazt, enda voru nóg ráð til þess að fá Privatbankann til að falla frá þeim kröfum sínum, t. d. með því að veita honum meiri tryggingu fyrir skuldinni, og það því fremur, sem Privatbankinn hafði lofað að innheimta ekki þessa skuld sína, nema sérstakar ástæður lægju fyrir hendi.

Þá var það hæstv. fjmrh., sem minntist á skeyti, sem kom frá Hambrosbanka, en þar vil ég geta þess, að þetta skeyti var ekki til bankans, heldur eins af bankastjórunum, og var þar skýrt frá, að verð hlutabréfa bankans stæði í 21 kr.

Hæstv. fjmrh. veik að því, að bankastj. hefði ekki gefið upplýsingar um skuldir bankans, en þá er því til að svara, að bankastj. leit svo á, að hæstv. ríkisstj. og og Alþ. myndu leggja meira upp úr matsnefndinni heldur en því, þótt bankastj. sjálf færi að gefa einhverja skýrslu í matinu. Þess vegna var það, að bankastj. hafði æskt mats, að hún áleit þýðingarlaust að koma til hins háa Alþ. með sína eigin umsögn, án þess að það hefði nokkurn annan grundvöll að byggja á. Þeir

menn, sem matið framkvæmdu, þ. e. a. s. Jakob Möller og Pétur Magnússon, hafa ávallt notið hins fyllsta trausts hjá þjóðinni, og því mátti vænta þess, að hið háa Alþ. tæki tillit til umsagnar þessara ágætu manna, sem báðir voru óvilhallir í þessu máli.

Þá talaði hæstv. fjmrh. um ábyrgðir bankans, og það er rétt, en bak við allar ábyrgðir standa tryggingar og þær eru í alla staði fullnægjandi, í það minnsta frá hinum síðari tímum, en svo eru aðrir frá eldri tímum, sem einnig voru athugaðar af þeim, sem mátu bankann.

Þannig hlaut það líka að vera, því að bankinn verður vitanlega að hlíta sömu lögmálum og einstaklingar, en þegar þeir eru metnir, er auðvitað ekki nóg að gera upp eignirnar, heldur einnig ábyrgðir og aðrar kvaðir, sem á þeim hvíla, og þetta gerði líka matsnefndin.

Þá talaði hæstv. fjmrh. um það, að þýzkur banki ætti ½ millj. kr. innistandandi hjá Íslandsbanka, og það er vitanlega alveg rétt. Það er aldrei svo, enda leiðir það af lögmáli viðskiptanna, að bankar eigi ekki innistandandi hjá hverjum öðrum töluverðar upphæðir, og þannig er það í þessu tilfelli, en fé það, sem erlendir bankar eiga inni í Íslandsbanka, mun ekki fara fram úr einni millj.

Hæstv. fjmrh. sagðist einnig hafa heyrt það, að borgarstjóri Reykjavíkur hefði lagt allmikið fé inn í bankann, og það er líka rétt, og skal ég skýra frá því nánar. Það var fyrst í des. síðastl., sem það kom til tals, að bærinn skyldi leggja fé sitt að jöfnu í báða bankana, eða 300 þús. kr. í hvorn þeirra, en er borgarstjóri gat um þetta við okkur bankastjórana, spurðum við hann, hvenær fé þetta skyldi tekið út aftur, því að vitanlega getur það verið bagalegt að taka við svo miklu fé, ef það er rifið út fyrirvaralaust. Borgarstjóri sagði, að 150 þús. kr. myndu verða teknar út á tveim fyrstu mánuðunum en hitt síðar. Það gerði okkur einnig hrædda, að í bæjarstjórninni hafði borgarstjóri verið varaður við að hafa svo mikið fé í Íslandsbanka.

Það má vel vera, að ég hafi gleymt að svara einhverju, sem hæstv. fjmrh. spurði um, en ég hefi leitast við að gefa sem réttasta mynd af hag bankans.

Ég hefi viljað sýna, hvað gert hafi verið af bankastjóranna hálfu, því að þeir hafa róið að því öllum árum að útvega bankanum fé til þess að bjarga honum við. Bankastjórarnir fóru fram á það við Landsbankann, að hann léti af hendi það fé, sem honum ber samkv. lögum, og það var trú okkar, að ef þetta fé hefði fengizt, þá hefði allt verið í lagi, meðan allt hefði gengið sinn vanagang. En þegar óróinn er tekinn að aukast kringum bankann, þarf margfalt meira fé til að rétta hann við.

Ég get ekki viðurkennt, að það sé rétt, að bankinn hafi alltaf verið að tapa trausti erlendis; í það minnsta get ég fullyrt, að svo var það ekki hjá Hambrosbanka, því að hann hafði sannarlega traust á Íslandsbanka, og hann vildi bjarga.

Ég hefi í þessari ræðu minni leitast við að skýra svo hlutlaust frá, að ekki væri hægt að mótmæla einu einasta atriði, og það er mín sannfæring, að réttari mynd verði ekki dregin upp af bankanum og ástandinu inn á við og út á við en ég hefi gert nú.

Áður en ég hætti máli mínu vildi ég minnast á eitt atriði, og það er, að hæstv. fjmrh. sagði, að bankastj. hefði ekkert gert til að bjarga bankanum, en sú varatill., sem bankaráðið sendi landsstj., var frá bankastjórunum; en ef sú till. hefði verið tekin til greina, þá hefði bankinn getað lifað góðu lífi.

Frá mínu sjónarmiði horfði málið þannig við, að mér virtist það skylda ríkissjóðs að taka ábyrgð á sparifé 10 þús. sparifjáreigenda, úr því hægt var að bjarga lífi bankans og sjá bankanum fyrir rekstrarfé, þannig, að hann gæti haldið áfram starfsemi sinni eins og áður. Ef ríkið hefði gert þetta, þá hefði það dugað.

Ég fyrir mitt leyti get tekið undir það með hv. frsm. minni hl., er hann sagði, að það, sem þjóðin mætti sízt missa, væri lánstraustið, en ég veit ekki, hvað þær millj. eru margar, sem þjóðin hefir tapað fyrir það, að bankinn hætti að starfa, en það veit ég, að þær eru margar.

Sumir viðburðir í lífi einnar þjóðar eru stórir og geta haft miklar og margskonar afleiðingar, en þá er um að gera,

að þeir, sem ráða, séu skjótir til úrræða, en því miður hefir það ekki verið svo í þessu máli.

Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að það hefði margborgað sig fyrir ríkið, ef ríkissjóður hefði gengið í ábyrgð fyrir Íslandsbanka, því að þá hefði hann getað lifað og lánstraustinu hefði verið borgið.

Mér finnst það skortur á karlmennsku, ef hið háa Alþingi vill ekki láta bankann halda áfram starfsemi sinni, því að ef ríkisstj. er óánægð með stj. bankans, þá getur hún kippt henni burt og búið um hnútana eftir vild, því að hún hefir allt ráð bankans í hendi sér. Ég hefi talað núna síðustu dagana við ýmsa menn, sem hafa sagt: „Ef það er rétt, að Íslandsbanki eigi fyrir skuldum, þá horfir málið öðruvísi við og þá er sjálfsagt, að ríkið taki á sig ábyrgð".

Ég þykist nú hafa gert grein fyrir því, sem með hefir þurft, og ætla ekki að þreyta hv. þm. með lengri ræðu, en vonast aðeins til, að þeir skoði hug sinn vendilega áður en þeir ákveða að loka bankanum.

Hannes Jónsson: Hv. 2. þm. G.-K. hóf svo mál sitt áðan, að við framsóknarmenn hefðum þó einu sinni sýnt hreinskilni, en hreinskilnin átti ekki að hafa verið heilbrigðari en það, að við hefðum sýnt fjandskap okkar við bankann með því að hafa hv. 2. þm. Reykv. fyrir frsm. í málinu.

Mér virðist þessi orð hv. 2. þm. G.-K. vera í fullu samræmi við aðra framkomu þessa hv. þm. og ýmsra skoðanabræðra hans í þessu máli, um leið og þau eru ósæmileg árás á hv. 2. þm. Reykv.

Við, sem höfum aðra skoðun á þessu Íslandsbankamáli en hv. stjórnarandstæðingar, eigum samkv. málflutningi þeirra ekki að hafa aðrar hvatir til þess en fjandskap til þess banka. Ef við viljum ekki láta ríkið taka ótakmarkaða ábyrgð á öllum fjárreiðum þessarar örþrota stofnunar, þá erum við að vinna ríki og þjóð lánstraustsspjöll og stórtjón. Ég vil fullvissa hv. þm. um, að við, sem erum honum andstæðir í þessu máli, leggjum ekki neitt til því til lausnar annað en það, sem við teljum, að sé þjóðinni fyrir beztu. Það er því óréttmætt og ekki vænlegt til sigurs að bera hæstv. stj. og stjórnarflokk slíkum brígzlum sem þessum.

En jafnframt því að saka okkur hv. 1. þm. S.-M. um fjandskap við bankann á þann hátt, sem hann gerði, vegur hv. 2. þm. G.-K. að sjálfum sér og hv. 1. þm. Skagf., því ég geri ráð fyrir, að hann þekki svo þingsköpin, að hann viti, að ritari lausanefnda er sjálfkjörinn frsm. hennar. Báðir þessir hv. þm. greiddu atkv. sitt með hv. 2. þm. Reykv. sem ritara n. og hafa því samkv. þingsköpum falið honum framsögu málsins. Hv. 2. þm. G.-K. hefir því sett sjálfan sig og hv. 1. þm. Skagf. í þann gapastokk, sem hann ætlaði mér og hv. 1. þm. S.-M. einum í að sitja.

Annars ætla ég ekki að fjölyrða mikið um ræðu þessa hv. þm., því að hún var sumpart útdráttur úr nál. á þskj. 82 og sumpart útdráttur úr þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar áður í hv. deild. Að svo miklu leyti sem hann vék að nál. meiri hl. n. á þskj. 83, þá fór hann þar ýmist með rangar skýringar á ýmsum atriðum, eða sleit þau út úr réttu samhengi. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr nál. meiri hl. bankamálanefndar. Þar segir svo:

„Enda þótt bankinn sé einkabanki, sem ríkið hefir hvorki lagalega né siðferðislega skyldu til þess að ábyrgjast, hefir hann að vísu með stjórn sinni og hastarlegri ráðstöfun til lokunar að sjálfsögðu varpað skugga á íslenzk viðskipti, og það mundi ekki að fullu afmást, þótt ríkið tæki að sér ábyrgð á bankanum, en gæti einmitt með þeim hætti orðið stærri og langvinnari, er ábyrgðin smámsaman ykist og þyngdist. En rétt skil um fjárreiður bankans eftir lögfullri skiptameðferð mundi öllu líklegri til að endurreisa viðskiptatraustið út á við".

Ég held, að allir séu sammála um, að þessir atburðir, sem nú hafa gerzt í peningamálum vorum, muni hafa mikil áhrif á lánstraust landsins út á við, stórkostleg lamandi áhrif. Ég held þá, að hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K. séu undantekningar hvað þetta atriði snertir, því á bls. 5 í nál. sínu komast þeir svo að orði:

„Mál þetta liggur því í rauninni óvenju ljóst fyrir. Ef nú þegar er tekin ábyrgð á

skuldbindingum bankans, er a.m.k. mjög líklegt, að lítið eða ekkert tjón hljótist af".

Hv. þm. Dal. tók það réttilega fram, að meginkjarni þessa máls væri það, að finna réttan grundvöll undir endurreisn bankans, en hitt væri aukaatriði, hverjir væru valdir að hruni bankans. En ég vil benda honum á, að mikið vantar á að hann sjálfur hafi breytt samkv. þessari skoðun sinni. Síðasta ræða hans snérist nær eingöngu um það, sem nú er skeð, og jafnframt reyndi hann að klína ásökunum á stj. Landsbankans fyrir afskipti hennar af þessu máli. Reyndi hann að telja mönnum trú um, að hún væri völd að hruni Íslandsbanka. Þetta eru að vísu engar nýjar upplýsingar, því flokksmenn hans hafa lagt mikið kapp á að berja þessa fjarstæðu inn í fólk, til þess að leiða athygli frá mistökum þeirra sjálfra. Ég vil nú spyrja hv. þm., hvort hann áliti þetta sigurvænlega aðferð til björgunar málinu. Að hvaða gagni skyldi það koma Íslandsbanka, þótt ráðamenn hans og fyrirsvarsmenn reyni að níða niður aðra stofnun, sem vitanlega á enga sök á, hvernig komið er?(SE: Hvenær hefi ég nítt Landsbankann niður?). Ég býst nú við, að hv. þdm. hafi nokkurnveginn skilið, hvað hv. þm. fór. En hann hefir aldrei, svo ég viti, sýnt þess nokkra viðleitni, að leita skynsamlegra raka um heillavænlega úrlausn þessa vandamáls. Og aldrei hefir bankastj. látið sér detta í hug, jafnvel eftir að vandræði voru fyrirsjáanleg, að gera upp raunverulegan hag bankans og láta ítarlega rannsókn fara fram í samráði við ríkisstj. Þó væri ef til vill of mikið að segja, að bankastj. hafi ekkert aðhafzt, því hinn 10. jan. gerir hún þá miklu uppgötvun, að sjóður bankans fari minnkandi! Hvílík skarpskyggni! Sennilega hafa þeir þá talið uggvænt um, að nægilegir peningar myndu vera í sjóði til þess að greiða þeim launin næsta mánuð. Ég held, að slíkt hugsunarleysi sé alveg einsdæmi. Ég býst við, að flestir, sem fyrirtækjum veita forstöðu og vita, að þau liggja við gjaldþroti, muni reyna að gera sér einhverja grein fyrir hinum raunverulega hag fyrirtækisins, áður en allt er komið í óefni. Ef freista á þess, að reisa fyrirtæki úr yfirvofandi háska og hruni, verður að gera þar að lútandi ráðstafanir í tíma. Hv. þm. ætti því sízt að haga orðum sínum á þennan veg. Allt tal hans um réttan endurreisnargrundvöll er hnefahögg í hans eigið andlit. Og það er sorglegt að heyra mann með jafn syndugri fortíð í þessum efnum tala með þvílíkum myndugleik um þessa ömurlegu atburði, sem nýlega hafa gerzt undir handarjaðri hans.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil einungis þakka hæstv. fjmrh. fyrir till. hans, sem opnar nýja möguleika þess, að mál þetta geti fengið heillavænlegri úrlausn en nú eru horfur á. Hefir hæstv. ráðh. nú lofað því, að endurmat á bankanum skuli fara fram hið bráðasta, og leggjast fyrir þingið fyrir 1. marz, til þess hv. þm. geti lagt þá rannsókn til grundvallar fyrir till. sínum um endanlega úrlausn þessa máls. Ég vil því, með sérstakri hliðsjón af þessari væntanlegu rannsókn, beina þeim tilmælum til bankaráðs Íslandsbanka, að það grenzlist fyrir um, hvað erlendir lánardrottnar vilja gera til verndar sínum hagsmunum, og hvort og með hvaða skilyrðum þeir væru fáanlegir til þess að styðja að endurreisn bankans. Sömuleiðis er sjálfsagt að leita stuðnings innlendra manna um það efni. Ef svo kynni að reynast, að hagur bankans væri sæmilegur, og ef hinir útlendu lánardrottnar væru fáanlegir til samvinnu, þá hygg ég, að hv. þm. myndu skoða huga sinn tvisvar áður en þeir hníga að því ráði að loka bankanum. Ég er því hæstv. ráðh. mjög þakklátur fyrir að hann hefir opnað möguleika fyrir slíkri rannsókn, áður en fullnaðarráðstöfun verður gerð um bankann. Það, sem mestu máli skiptir, er að fá vitneskju um raunverulegan hag bankans og um endurreisnarvilja þeirra, sem sérstaklega eiga hagsmuna að gæta í sambandi við gjaldþrotaskipti Íslandsbanka. Þess vegna verður það að teljast með öllu óforsvaranleg afgreiðsla, ef Alþingi ræður málinu til lykta án þess að hafa nákvæma rannsókn til grundvallar. En með því að hæstv. fjmrh. hefir nú flutt till. þess efnis að veita frest til þess að frekari rannsókn megi fram fara, áður en bú bankans verður tekið til skiptameðferðar, þá vænti ég þess, að mál þetta

fái að lokum þá afgreiðslu, sem þinginu er sómi að og þjóðinni til hagsmuna. Ég ber það traust til hæstv. ráðh., að honum megi heppnast að ráða fram úr þessu vandamáli á þann veg, sem skynsamlegastur er.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég get sparað mér að svara miklu þeim röksemdum, sem fram hafa verið fluttar af hálfu fylgismanna þessa frv. Hv. 2. þm. G.-K. vildi sem minnst minnast á sögu bankans, og er það mjög að vonum. Söguleg rannsókn á bankanum leiðir það eitt í ljós, að bankinn hefir á síðustu árum verið í stórkostlegri hnignun, þrátt fyrir góðærin, og að ríkið hefir hvað eftir annað orðið að hlaupa undir bagga með honum og forða honum frá gjaldþroti, en allt kemur fyrir ekki. Hv. þm. gat um, að tap bankans myndi verða meira, ef honum væri lokað, en ef hann fengi hjálp til þess að halda áfram starfsemi sinni. En reynslan segir annað. Hún segir beinlínis, að því meira fé, sem ríkið hefir fleygt í bankann, því meiru hefir hann tapað. Þessu til stuðnings má benda á mat bankaeftirlitsmannsins 1926, þótt að öðru leyti sé lítið á því byggjandi. Hvað útibúin snertir, þá er það alveg sama sagan, enda ekki von á öðru, því eftir höfðinu dansa limirnir. Útibúið á Seyðisfirði tapaði t. d. meiru og meiru, eftir því sem það hélt lengra áfram og því var lagt til meira fé. Þessi var reynslan alstaðar. Þess vegna getur engum blandazt hugur um, að bezta ráðið til að afstýra meiri töpum en þegar eru orðin er það, að loka bankanum umsvifalaust, og hefði betur fyrr verið gert.

Hv. þm. talaði um skyndimat það, er fram fór á hag bankans um daginn, og að við nm. hefðum átt tal við matsmennina út af því. Við lýsingu hv. þm. á því samtali hefi ég margt að athuga. Fyrst og fremst gat hann þess að engu, að annar matsmaðurinn, Pétur Magnússon, hafði ýmsa fyrirvara um álit sitt. T. d. kvað hann sitt álit vera að mestu byggt á mati bankaeftirlitsmannsins 1926, en það mat hefir auðsjáanlega verið rangt. Tóku þeir 45 menn út úr, sem líklegt þótti, að yrði tap á, og auk þess nokkra menn aðra eftir bendingum starfsmanna bankans. Engin ítarleg rannsókn lá hér til grundvallar. Sama er um útibúin að segja. T. d. hafði bankaeftirlitsmaðurinn lýst því yfir, að á útibúinu í Vestmannaeyjum væri ekki um nein töp að ræða, og var þessi yfirlýsing tekin gild að svo stöddu. Nú má geta nærri, hvort útibúið í Vestmannaeyjum hefir engu tapað. Slíkt tekur enginn trúanlegt. Enda ræður það að líkindum, að slíkt mat hlýtur að vera mjög óábyggilegt, þar sem það er framkvæmt á svo stuttum tíma, og auk þess að miklu leyti byggt á öðru mati, sem að allra áliti er hið mesta hneyksli.

Þá sagði hv. þm., að í sama stað kæmi, hvort Íslandsbanki yrði lagður niður, ef viðskipti hans flyttust í annan banka. Þetta er vitanlega rétt, því ef Landsbankinn tæki við viðskiptum Íslandsbanka, þá flyttist ríkisábyrgðin, sem nú er á Landsbankanum um leið á viðskipti þau, sem kæmu úr Íslandsbanka. En hitt dettur engum í hug, að Landsbankinn taki við öllum viðskiptum Íslandsbanka, heldur aðeins þeim, sem heilbrigð eru. Enginn ætlast til, að Landsbankinn taki við fyrirtækjum, sem ár eftir ár hafa ekki getað staðið í skilum með vexti af lánum, hvað þá heldur afborgað þau. Vitanlega koma þau fyrirtæki ein til greina, sem lífsþróttur er í og starfa á heilbrigðum grundvelli, og ykist ríkisábyrgðin á Landsbankanum ekki við það.

Ég skal játa því, að viðskiptayfirfærslur úr Íslandsbanka yfir í Landsbankann kunni að valda nokkrum örðugleikum, sérstaklega í héruðum eins og Vestmannaeyjum, sem áður hafa eingöngu haft viðskipti í Íslandsbanka, vegna þess að sá banki einn hefir þar útibú. Væri betur, að þál.till., sem lá fyrir þinginu í hitteðfyrra og ég var flm. að, hefði verið samþ. og Landsbankinn hefði þá þegar sett á fót útibú í Vestmannaeyjum. En þótt rekstrarlán Eyjamanna hafi verið fengin hjá útibúi Íslandsbanka þar að mestu leyti, þá hafa þó peningarnir sjálfir komið að mestu leyti beint úr Landsbankanum. Lán þessi hafa að jafnaði ekki verið tryggð í húsum eða fasteignum, heldur verið veitt út á veiddan eða óveiddan afla. Þess vegna myndi yfirfærslan ekki þurfa að taka langan tíma, né valda verulegum truflunum í atvinnu

þar. Og Landsbankanum væri vitanlega miklu hagkvæmara að veita fjármagninu beint til þeirra, sem á því þurfa að halda, heldur en að hafa millilið í þeim viðskiptum.

Viðvíkjandi lánstraustsspjöllum út á við, þá hefir hv. þm. V.-Húnv. bent á, hverju hv. 2. þm. G.-K. sleppti úr nál. meiri hl. n., og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. En ég vona, að hv. þdm. hafi skilið, að það kemur ekki út á eitt, hvort sleppt er úr setningum eða þær eru slitnar úr samhengi innbyrðis. Þetta er nú ekki þokkaleg ræðumennska, en slíkt er reyndar ekki óvenjulegt úr þessari átt.

Hv. þm. talaði mikið um viðvörunarskeyti þau, sem borizt hafa gegn lokun Íslandsbanka. Var það að vísu mest léleg upptugga úr flokksblöðum hans, og að því leyti ekki svaravert, en ég vil aðeins benda honum á, að sé það satt, sem hv. þm. Dal. viðurkenndi, að Íslandsbanki hefði nýlega sent Hambro skeyti um, að allt væri í lagi, þá er ekki að undra, þótt Hambro þyki nokkuð kynlega við bregða, er hann heyrir, að bankanum sé lokað svo að segja tafarlaust eftir að það skeyti var sent og engir peningar til í bankanum til að greiða með daglega áfallandi skuldbindingar hans. Ég get því ekki talið slíkt skeyti vott um annað en reiði Hambrosbanka við bankastjórana, með því að til þess liggja þau drög, er ég hefi nú nefnt. (SE: Þetta var einkennilegt). Annað skeytið var frá hluthafa bankans og fyrrv. bankaráðsmanni. Maður getur nú vel skilið, hvað honum gengur sérstaklega til að vara við lokun bankans. Sama er að segja um skeyti það, sem Danastjórn sendi. Báðir þessir aðilar eiga hér hagsmuna að gæta, og vilja því, að bankinn starfi áfram og ríkið taki á sig þann halla, er þeir fyrirsjáanlega fá af lánum sínum til bankans og hlutafjáreign í honum. Svo er skeyti sendiherrans, Sveins Björnssonar, sem auðsjáanlega stendur í sambandi við minni hl. n., þótt undarlegt sé, og væri æskilegt að fá fulla vitneskju um, hvort það kom ekki eftir pöntun íhaldsmanna. Önnur skeyti hafa ekki borizt, og ekki heldur til þjóðbankans. Jafnvel frá Barclays banka, sem ríkissjóður er nú að fá lán hjá, hefir engin fyrirspurn borizt, hvað þá heldur meira. Verða því engar skynsamlegar líkur færðar að því, að Landsbankinn lendi í vandræðum við lokun Íslandsbanka. Eitt skeyti má þó enn nefna, skeyti, sem „Fornjótur" nokkur sendi Morgunblaðinu samkv. beiðni þess, og þarf enginn að taka það alvarlega. Þessi maður er ókunnugur og áhrifalaus fréttasnati Morgunblaðsins í Danmörku.

Hv. þm. Dal. hélt eina af sínum hjartnæmu ræðum, og get ég leitt hjá mér að svara henni miklu, enda var hún þess eðlis, að þess gerist engin þörf. Fyrst talaði hann um árásir, sem hefðu verið gerðar á bankann fyrir mörgum árum. Sennilega á hann þar við greinir, sem Alþýðublaðið flutti fyrir löngu síðan um Íslandsbanka. Eftir því, sem síðar hefir komið á daginn, hefir bankinn þá verið raunverulega gjaldþrota, og má því til sönnunar benda á afskriftir þær, er síðar fóru fram á eignum bankans frá þessu tímabili. Vildi Alþýðublaðið með þessum skrifum sínum forða ríkinu frá því að henda milljónum í bankann. Það, sem Alþýðublaðið sagði, var því á fullum rökum byggt, og hefði betur farið, að ráðum blaðsins og Alþýðuflokksins hefði þá verið fylgt, bankinn hefði hreinlega verið gerður upp. En hv. þm. Dal. kallar það kannske árás að segja sannleikann.

Þá gat hv. þm. Dal. um, að bankinn hefði grætt ½ millj. á ári. En hvað hefir orðið af þeim gróða, úr því að allt hlutaféð er tapað, eftir því, sem bezt verður vitað, og hver veit, hve miklu meira? Ef bankinn héldi lengi áfram að græða á þennan hátt, mundi innan skamms vera lítið eftir af reitunum handa lánardrottnunum. Hv. þm. talaði um örðuga tíma fyrir bankann. Jú, það eru hvorki meira né minna en beztu árin, sem þjóðin hefir fengið í langa tíð. Hvernig mundi þá fara á krepputímum? Svo heldur hv. þm. langa ræðu um það, að oft hafi munað svo litlu, að Íslandsbanki hafi orðið að stöðva starfsemi sína, og loks hafi það ráðið úrslitum, að Landsbankinn hafi stöðvað lán sín til Íslandsbanka, einar 625 þús. kr. Vill hv. þm. láta líta svo út, sem Landsbankinn hafi með þessu verið valdur að því óefni, sem Íslandsbanki er nú í kominn. En hv. þm. ætti að skilja

það, að Landsbankinn heldur áfram að lána Íslandsbanka ár eftir ár án þess að Íslandsbanki sýni nokkra getu til þess að greiða, og þess vegna hlýtur að því að reka, að Landsbankinn fari að hugsa sig um og sjái, að við svo búið megi ekki standa öllu lengur. Lán handa stöðugum vanskilamönnum verða sjaldan langæ.

Ég ætla svo að endingu að segja það, að betur hefði hv. þm. Dal., þegar hann var ráðherra, aldrei skipað sjálfan sig fyrir bankastjóra í Íslandsbanka, heldur einhvern þann, sem vit hafði á fjármálum. Sýpur hann nú seyðið af því.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég mun láta mig litlu skipta, þótt andmælendur þessa frv. hafi með rakalausum hártogunum reynt að reita mig til reiði. Mun ég sem endranær halda mér við kjarna þessa máls og reyna enn á ný að grafa hann upp úr þeim haugi rakalausra fullyrðinga, gífuryrða og blekkinga, sem reynt hefir verið að hlaða að honum. Ég skal þá snúa mér að ræðu hv. frsm. meiri hl.

Hv. frsm. hafði þær upplýsingar frá hv. 3. landsk., að Íslandsbanki hafi dregið svo mjög saman seglin síðustu 8 til 9 ár, að velta hans hefði minnkað úr 59 millj. niður í 39 millj. kr. Þetta ber þó alls ekki að taka sem algilda sönnun þess, að efnahagur bankans hafi að sama skapi versnað, því velta og efnahagur er sitt hvað. Að velta Íslandsbanka hefir minnkað, er vitanlega bein afleiðing af ráðstöfunum löggjafarvaldsins, því að seðlaútgáfa bankans hefir verið stöðvuð og hann skyldaður til þess að leysa inn seðla sína aftur. Af þessum og öðrum ástæðum hefir rekstrarfé bankans minnkað svo mjög, að valda hlaut verulegri hnignun í starfsemi bankans.

Um skyndimatið sagði hv. þm., að ég hefði farið rangt með. Sagði hann, að annar matsmaðurinn, Pétur Magnússon, hafi tekið fram, að sitt mat væri eingöngu byggt á mati Jakobs Möllers, en það er alls ekki rétt. En hitt tók Pétur Magnússon fram, að hann hefði verri aðstöðu heldur en Jakob Möller og að hann yrði meira en Jakob Möller að byggja á skýrslum annara manna. Það er líka rangt hjá hv. þm., þegar hann segir, að matið hafi verið framkv. þannig, að aðeins hafi verið lögð til grundvallar skýrsla bankaeftirlitsmannsins frá 1927 og aðeins þeir sömu 45 skuldunautar, sem þá þóttu tortryggilegir, verið að nýju athugaðir.

Það er að vísu rétt, að skýrsla bankaeftirlitsmannsins er lögð til grundvallar, en svo er bætt við hana skýrslum og upplýsingum frá bankastj. og starfsmönnum um þá menn, sem mest skulda. En það liggur í hlutarins eðli, að endanlegur dómur um hag bankans valt á því, hver dómur matsmanna varð um þá menn, sem mest skulda, og það væri sviksamlegt, ef sú skýrsla, sem bankastj. lætur skoðunarmönnum í té, væri röng. En ef skoðunarmenn hafa í raun og veru kynnt sér ítarlega hag þessara manna, þá verður ekki komizt hjá að játa, að þeir eru líka bærir um að kveða upp endanlegan dóm um hag Íslandsbanka.

Hv. þm. benti á það, að útibúið í Vestmannaeyjum hefði ekki verið metið sérstaklega. Ég man ekki, hvort það kom fram í skýrslunni, og vil ekki neita því, að það kunni að vera rétt, sem hv. þm. segir, en hitt er á flestra vitund, að engar líkur eru til, að það verði tap á því útibúi, því að Vestmanneyingar eru yfirleitt óvenjulega vel stæðir, nær allir bjargálnamenn, ef ekki meira. Maður fær gleggstan samanburð á atvinnurekstri þar og annarsstaðar með því að athuga, hvert tap hefir orðið á Olíuverzlun landsins í Vestmannaeyjum. — Ég hefi þau ummæli frá hv. þm. N.-Ísf., að af þeim 800 þús. kr., sem nú eru útistandandi af skuldum gömlu steinolíuverzl. ríkisins, skuldi Vestmanneyingar ekki nema 30—40 þús. kr.

Hv. þm. kvað það rétt hjá mér, að ef Landsbankinn tæki við þeim atvinnurekstri, sem hingað til hefir verið rekinn fyrir lánsfé frá Íslandsbanka, þá yrði áhætta ríkissjóðs hin sama, hvort sem Íslandsbanka yrði lokað eða ekki. Hv. þm. segir að vísu, að allur atvinnurekstur verði ekki fluttur þangað, ekki nema sá, sem starfi á heilbrigðum grundvelli. Við skulum reyna að vera sammála um það, en er þá ekki þessi jafnaðarmannaforingi hræddur við það atvinnutjón, sem kann að hljótast af því, að talsvert af atvinnufyrirtækjum þeim, er Íslandsbanki hefir stutt, verði talin óheilbrigð.

Hv. þm. tók undir það með öðrum meirihl.nm., að ég hefði farið óráðvandlega með kafla, sem ég las upp úr þskj. þeirra. Ég viðurkenni það ekki. Ég var, eins og menn muna, að tala um þann mismun, sem væri á till. minni og þeirra, að því er mundi snerta lánstraustsspjöll út á við, og las upp tvær setningar, sem vel geta verið sjálfstæðar. Ég hefi því ekki gert mig sekan um óráðvendni í meðferð neinna skjala. — Að öðru leyti gefur ræða hv. frsm. meiri hl. mér ekki frekara tilefni til andsvara.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að hv. form. n. Hv. form. taldi, að ég hefði sagt skakkt frá um sögu þessa máls, þ. e. a. s. að svo miklu leyti, sem ég kom að atburðunum, sem gerzt höfðu innan n. En ég vík engu frá því, sem ég áður hefi sagt. — Það er að vísu rétt, að allir bankastjórarnir færðust undan að svara, með þeim rökum, að bankaráðið væri lögum samkv. ábyrgur aðili til að svara fyrir hönd Landsbankans undir slíkum kringumstæðum. Það er rétt. En hitt er líka rétt, að Georg Ólafsson bankastjóri skýrði frá því, að hann liti svo á, að það væri ekki bankaráðið, sem hefði verið kvatt hingað til að svara, heldur væru það bankastjórarnir, sem væru beðnir um að svara, og að hann sæi ekki ástæðu til að leyna skoðun sinni í þessu máli, ef n. óskaði umsagnar þeirra. En bankastjórarnir kváðust ekki vilja svara, nema því aðeins, að meiri hl. n. krefðist þess, og það er hlálegt, að hv. form. skuli hafa látið svarið stranda á því, að **hann** vildi ekki svara þessu, þótt hann hefði sjálfur beðið bankastjórana að koma á fund með n., einmitt í þeim tilgangi að spyrja um álit þeirra.

Hv. form. n. sagði einnig, í sambandi við skeytaskiptin, að það væri engin ástæða til fyrir okkur að kvarta yfir því, að við hefðum ekki fengið að vita um skeyti þau, er fóru á milli hæstv. stj. og sendiherra ríkisins í Kaupmannahöfn, af því að slík skeyti væru ekki nema að nokkru leyti ætluð þingnefndum. En ég bendi á það, að við erum af þd. kosnir til að fara með mál af hennar hendi að öllu leyti, en ekki aðeins að nokkru leyti, og að það er ekki vel til fallið, að slíkt mál sé skyndilega dregið úr höndum slíkrar n. og gert að flokksklíkumáli.

Þá skal ég leyfa mér að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. fjmrh. Hæstv. ráðh. kvartar enn yfir því, að ekki liggi neitt það fyrir í þessu máli, sem segi til um hag Íslandsbanka. Ég sagði það í minni fyrri ræðu, og hv. þm. V.-Ísf. staðhæfði það í sinni ræðu, og hæstv. ráðh. virðist álíta það líka, að allt velti á því, hver hagur Íslandsbanka sé. Ég skal aðeins benda á það, að þetta mat, sem framkvæmt var á bankanum, er ekki þess eðlis, að hægt sé að ganga framhjá því.

Hæstv. ráðh. hefir tekið undir með þeim mönnum, sem láta í ljós undrun sína yfir því, að bankastj. Íslandsbanka skuli eins og hafa vaknað við vondan draum við það, að bankinn var að hruni kominn, og aldrei vitað um það, að þetta myndi dynja yfir. En ef þetta er réttur áfellisdómur um bankastj., þá megum við ekki halda það, að form. bankaráðsins geti gengið alveg ómeiddur frá; ef það var svo augljóst, sem ádeilumönnum þykir, bar þá ekki formanni bankaráðsins að vita eitthvað um þetta, og getur fjmrh. Íslands þvegið hendur sínar? En ef þeir báðir skildu þetta, bar þeim þá ekki að ýta við hinni sofandi bankastj. Nei, bankinn hefir, eins og hv. þm. Dal. segir, staðið á veikum fótum, en aðaleign hans, sem annara banka, er það traust, sem hann nýtur, en það hafa verið gerðar margar tilraunir til að láta það högg ríða, sem eyðilegði bankann, með því að skaða traust hans, en það gat enginn vitað, hvenær það myndi ríða honum að fullu. Hitt vita allir, og stj. bankans líka, að hann stóð höllum fæti, en það er sitt hvað að vita það og hafa reynt að tryggja bankann gegn falli, eða að hafa getað reiknað það út stærðfræðilega nákvæmlega, hvenær rógurinn gæti riðið bankanum að fullu.

Hæstv. ráðh. minntist á ræðu mína, sem ég hélt á fundi hér fyrir viku síðan. Við áttum þá saman nokkur viðskipti; ég flutti þá allítarlega ræðu, en hæstv. ráðh. sagði um hana, að ég hefði ýmist farið með rangt mál eða ekki vitað, hvað ég hefði sagt. Ég skoraði á hæstv. ráðh. að skýra frá því, hvað rangt væri hjá

mér; hann neitaði fyrst, en stóð svo upp eftir nokkurn tíma, og þá sýnilega vanbúinn að rökstyðja mál sitt, en þegar ég hélt áfram að sauma að hæstv. ráðh., kvaðst hann hafa annað að gera en vera að rífast um **smámuni**. Hann var þá kominn að því, að það, sem ég hefði farið rangt með, hefðu verið smámunir. Ég er hæstv. ráðh. sammála um það, en nú er hann þá væntanlega við því búinn að leiðrétta þá skýrslu, sem ég hefi gefið í málinu.

Hæstv. ráðh. hafði það eftir mér, að lánstraustið væri eina lamb fátæka mannsins, og ráðh. varpaði fram þeirri spurningu, hvort ætti að leggja þetta lamb á höggstokkinn. Hæstv. ráðh. svaraði sér sjálfur. — En ég vil segja það um þau töp, sem Íslandsbanki hefir beðið, að þau hafa yfirleitt þannig orsakazt, að bankinn hefir tekið á sig töp, ýmist atvinnurekenda eða kaupsýslumanna. En töp atvinnurekenda hafa venjulega hlotizt af því, að þeir hafa borgað þeim, sem unnu hjá þeim, hærra en þeir hafa þolað, en kaupsýslumenn hafa goldið framleiðendunum meira fyrir vöruna en þeir sjálfir hafa síðar getað fengið fyrir hana. Þessi töp eru þá aðallega eignatilfærsla innan þjóðfélagsins, en ef hæstv. ráðh. spyr að því, hver hafi leitt lambið á höggstokkinn, þá vil ég svara því til, að lánstraust landsins er að vísu í voða, en það er ekki allt farið fyrr en synjað verður um þær ráðstafanir, sem talið er að tryggi það. Lambið er ekki til slátrunar leitt ennþá, og þó að hæstv. ráðh. sýnist vera byrjaður á að brýna kutann, þá vona ég, að hann hugsi sig um, áður en hann slátrar fátæka mannsins einasta lambi.

Svo vil ég víkja örfáum orðum að hv. þm. V.-Húnv., en þar þarf ég þó litlu að svara, mest fyrir það, að hann bar fram minni rök en aðrir ræðumenn, þótt aðrir hafi heldur ekki borið fram mikið af þeim, enda sýnist það svo, að þeir hafi af litlu að taka. Hv. þm. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að Framsóknarflokkurinn væri að fjandskapast við bankann. Ég hefi staðhæft þetta og ætla að sanna það, og ég skal þá ekki grípa til annars en stjórnarblaðsins og þeirrar einu greinar, sem hæstv. dómsmrh. hefir skrifað um málið. Hvernig farast honum þá orð um þann banka, sem þingið er nú að taka ákvörðun um? Við skulum heyra ummæli hæstv. dómsmrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Sennilega hefir aldrei verið gengið lengra í forsjárlausri ósvífni um fjármál en þetta kvöld, þegar leiðtogum íhaldsins datt í hug, að það gæti á einni nóttu blekkt og bugað allt Alþingi, svo að það gengist undir allsherjar ábyrgð á öllum skuldum hins stærsta gjaldþrotafyrirtækis, sem nokkurntíma hefir verið á Íslandi".

Það er álit þeirra manna, sem metið hafa bankann, að ef hann fengi að halda áfram starfsemi sinni, þá eigi hann fyrir skuldum. En á meðan verið er að ræða um það að láta meta bankann að nýju, skrifar dómsmrh. landsins það, að sjálfstæðismenn hafi ætlað að blekkja Alþingi til að gangast undir ábyrgð á **stærsta gjaldþrotafyrirtæki** landsins. Er þetta af velvild mælt til bankans, eða af köldum hug hins gamla fjandmanns bankans? Og þar sem hv. þm. V.-Húnv. fyllir flokk hæstv. dómsmrh., þá er bezt að hann fái að bera þá bagga með ráðh., sem þessi hæstv. ráðh. er að margra dómi ekki fær um að bera.

Það sá á, að hv. þm. fann til þess, að hann þurfti að gera grein fyrir því, að jafnaðarmaðurinn var gerður að frsm. meiri hl. n. Og sú grein, sem hv. þm. gerði fyrir því, var það, að hann hefði verið kosinn skrifari í n., og að hann hefði þess vegna orðið að vera frsm. Ég orðaði það svoleiðis, að hann var kosinn skrifari, til þess að þurfa að verða frsm., þ. e. a. s. það var hv. meiri hl. n., sem kaus hann. Ég stakk upp á bezta manni n., hv. 1. þm. Skagf.; ég var kominn í röðinni alla leið niður að hv. þm. V.-Húnv., þegar jafnaðarmaðurinn var kosinn. Ég skal játa það, að þegar slíkt mál er á ferðinni sem þetta, þá getur það verið hyggilegt af framsóknarmönnum að kjósa jafnaðarmanninn til frsm., því að hann er færari um það en þeir, þótt ég hefði á hinn bóginn kunnað betur við, að þeir hefðu reynt að standa í ístaðinu sjálfir.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vil aðeins segja örfá orð út af ræðu hv. 2. þm.

G.-K. Hv. þm. drap á sína fyrri ræðu hér og sagði, að í henni hefði verið ein prentvilla. Ég veit þó ekki, hvað hann átti við, því að mínu áliti er sú ræða, sem nú er komin á prent, ein stór villa. Hv. þm. minntist líka á þá umsögn mína þá, að um smámuni eina væri að ræða, er okkur bar þá á milli. Og það er rétt, að ég viðhafði þau orð, því það, sem þá bar á milli, var það, hvort ég svaraði strax hinum röngu tölum hv. þm., eða biði með svarið þar til ég hefði fengið tíma til að ná í réttar tölur. En þar ber okkur vissulega mikið á milli. Hv. þm. segir, að Íslandsbanki hafi minnkað skuldir sínar um 1½ millj. árið sem leið. En ég segi, að hann hafi aukið þær um 1½ millj. Hv. þm. hefir engin rök fært fyrir sinni staðhæfingu. Hann játar, að sér hafi misreiknazt um 700 þús. kr., en vill svo halda því fram, að ég hafi dregið undan sjóð við nýár, er numið hafi 1 millj. kr. En ég vil nú aðeins spyrja: Hvernig stendur á þeim sjóði? Er hann ekki fenginn með því að auka skuldir annarsstaðar? Lagði ekki bæjarsjóður Reykjavíkur inn álitlega upphæð rétt fyrir nýár? Og gerði ekki þýzkur banki slíkt hið sama? (SE: Það er ekki rétt; ég held, að það fé hafi ekki verið lagt inn í bankann fyrr en eftir nýár. Skal grennslast eftir því). Það er því verra, ef stj. Íslandsbanka hefir tekið á móti stórfé til geymslu eftir að hún sá, hvað að fór. En þetta er misminni hjá bankastjóranum, hv. þm. Dal. Reykjavíkurbær lagði nokkur hundruð þús. inn í bankann 28. des. síðastl. Ég hefi svo ekki fleira að segja að sinni. En ég vil endurtaka það, að okkur hv. 2. þm. G.-K. ber mikið á milli, enda hefir hann enga tölu hrakið í ræðu minni.

Hannes Jónsson: Hv. 2. þm. G.-K. minnti mig á þann sið, sem tíðkaðist meðal þjóðhöfðingja í fyrri daga. Við hirðir þeirra voru jafnan ýmsir ágætir menn, en þar voru líka menn, sem lægra voru settir og nefndust hirðfífl. Hv. þm. hefir nú leikið listir sínar hér í hv. deild. En því miður minntu þær kúnstir ekki á þjóðhöfðingjann, heldur á hirðfíflið.

Hv. þm. var að draga upp skemmtilegar myndir af sjálfum sér. Hann var að lýsa kosningu í Íslandsbankanefndinni og kvaðst hafa viljað fá færasta manninn í skrifarasætið og því byrjað á að stinga upp á sjálfum sér. Hér hefir hv. þm., að mínum og annara dómi, ekki einungis brugðið upp glöggri mynd af þingsögu sinni, heldur og af æfisögu sinni. Þetta traust hv. þm. á sjálfum sér er mjög einkennandi fyrir hann. Hv. þm. virðist ekki geta áttað sig á því, að upphaf þeirrar gr. úr nál. meiri hl., sem hann las upp áðan, er engin neitun um það, að lántraustsspjöll hafi hlotizt af lokun bankans. Þvert á móti er einmitt í síðari hluta gr. tekið fram, að svo muni vera. Lántraustsspjöllin eru þegar orðin og það, sem um er að gera, er að vernda það lántraust, sem vér enn eigum eftir, og reyna að vinna það, sem tapað er. En að það verði gert aðeins með því að taka ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, teljum við ótímabæran hugarburð. Ef hv. þm. skilur ekki þetta, þá er það af því, að hann vill ekki skilja það. Það er einmitt sá ljóður á ráði þessa hv. þm., hvað hann er tregur til að viðurkenna, ef hann fer með rangt mál, en slíkt er ekki háttur viturra manna. Skal ég og heldur ekki bera á móti því, að til of mikils sé mælzt, að krefjast hins sama af hv. 2. þm. G.-K. Ég þarf alls ekki að afsaka, að hv. 2. þm. Reykv. var gerður að frsm. meiri hl. n. Fyrir þekkingu sína og vitsmuni er hann miklu betur fallinn til þess að hafa framsögu í slíku máli en hv. 2. þm. G.-K. Hv. sami þm. var að skemmta sér við það að gera lítið úr okkur hv. 1. þm. S.-M. og mér, með því að við værum ekki færir um að hafa framsöguna. Þetta er seinheppilegt, eins og margt annað hjá þessum hv. þm. Með þessu vill hann gefa líka í skyn, að hv. 1. þm. Skagf. hafi heldur ekki verið fær um að hafa framsöguna fyrir minni hl. — Hver myndi trúa því, að hann væri óhæfari til þess en hv. 2. þm. G.-K.?

Annars var ræða hv. þm. ekkert annað en vindhögg út í loftið, og er því ekki frekar svara verð.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég þarf litlu að svara síðustu ræðunni, því hún var þannig, að hún gefur lítið tilefni til andsvara. Hv. þm. V.-Húnv. er þannig farið, að hann þolir ógjarnan, að máli

sé stefnt að honum og rök hans hrakin. Slíkt tekur hann miklu nær sér en flestir aðrir menn. Ég vil þó leiðrétta eitt atriði í ræðu hv. þm. Hann sagði, að það bæri vott um hroka minn og framgirni, að ég hefði stungið upp á bezta manni n. og hefði því stungið upp á sjálfum mér. Þetta sagði ég nú aldrei. Ég hafði að gamni mínu fyrst stungið upp á sjálfum mér. En svo bætti ég því við, að þegar því hefði ekki fengizt framgengt, þá hefði ég stungið upp á bezta manni n., sem væri hv. 1. þm. Skagf.

Hæstv. fjmrh. spurði að því, hvernig á því stæði, að í Íslandsbanka hefði staðið ein millj. kr. í sjóði við síðustu áramót. Hæstv. ráðh. gaf nú reyndar sjálfur þá skýringu á þessu, að fé mundi hafa verið lagt þar inn! Ég veit nú eiginlega ekki, hvernig fé skapast í bönkum á annan hátt en þann, að það sé lagt þar inn á einhvern hátt. Eða hvernig gæti sjóður myndast þar öðruvísi? Ég hefi áður sagt, að bankinn hefði greitt á síðasta ári af skuldum sínum 2025 þús. kr. Sjóður í árslok 1929 umfram það, sem hann var árið áður, eða 1928, um 1000 þús. kr. Samtals afborgun og sjóður 3025 þús. kr. Aukin skuld við Landsbankann á árinu 1500 þús. kr. Afborgun bankans umfram skuldaaukningu því ca. 1½ mill. kr.

Gunnar Sigurðsson: Ég skal hugga hv. þdm. með því, að ég skal ekki lengja mikið umr. En vegna aðstöðu minnar í þessu máli, neyðist ég til að kveðja mér hljóðs.

Ég gat þess á næturfundinum aðfaranótt mánudagsins síðasta, að aðstaða mín til Íslandsbanka hefði ekki breytzt frá því, sem hún hefir ávallt verið. Ég hélt þegar þeirri skoðun minni fram á þinginu 1921, að heppilegast mundi að rannsaka bankann þá og gera upp þau töp, sem orðin voru þá. Ber mörgum saman um það nú, að betur mundi farið hafa, ef að því ráði hefði þá verið horfið. Ég hélt þeirri skoðun fram þá, og held henni enn fram, að rannsaka hefði mátt hag bankans og gera hann upp, án þess að honum væri lokað. Þetta hefði líka mátt gera nú.

Ég hefi lýst þeirri skoðun minni, að ég vildi talsvert á ríkissjóð leggja til styrktar bankanum, því ég tel það fjárhagslegt tjón, að honum verði lokað. En ég vildi þó ekki ganga inn á að leggja fram það fé fyrri en ábyggilegt mat hefði farið fram. Þetta skilst mér og, að öllum sé ljóst. Og þótt það sé ekki tekið fram í nál. minni hl., þá skilst mér þó, að þeir álíti, að þetta sé vegurinn, sem á að fara. Hitt væri of mikil bjartsýni, að vilja taka ábyrgð á bankanum án þess vitað væri um hag hans. Ég get því ekki, þótt ég treysti mér að mörgu leyti til að eiga samvinnu um þetta mál við hv. minni hl., verið með frv. þeirra eins og það liggur fyrir nú.

Þá er ég og að ýmsu leyti ósamþykkur því, er segir í nál. hv. meiri hl. Það er og að nokkru leyti að minni tilhlutun, að þær brtt., sem nú liggja fyrir, eru fram komnar. Ég hefði þó kosið þær öðruvísi að ýmsu leyti. Mér finnst fé það, sem bankanum er ætlað, allt of lítið. Sé bankinn reistur við, verður hann að komast á tryggan grundvöll. — Þetta mál er í eðli sínu hreint fjárhagsmál, og ég treysti hæstv. fjmrh. til að velja sérfróða menn til að framkvæma matið og sem líti á þetta mál sem hreint fjárhagsmál. Ég ætla engar getsakir að gera hæstv. ráðh. um, að hann útnefni ekki þessa menn á þeim grundvelli. Það hefði í raun og veru verið eðlilegast, að þessi skiptalög hefðu ekki verið samþ. fyrri en mat hefir farið fram. Ef bankinn er svo illa staddur, að hann sé mörgum millj. undir, þá tel ég óhjákvæmilegt, að til skipta komi. En eigi bankinn fyrir skuldum eða sé eigi mörgum millj. undir því að eiga fyrir skuldum, þá tel ég það hagsmuni fyrir ríkið, bæði út á við og inn á við, að bæði ríkið og einstaklingar styðji að því að hann geti starfað áfram, með því að skjóta inn nýju hlutafé. Og ég er viss um, að það er sú leið, sem flestir óska, að farin verði. En til þess að geta valið milli þessara leiða, þarf að fara fram ábyggilegt mat á bankanum.

Jóhann Jósefsson: Ég stóð upp aðallega af því, að Vestmannaeyjar voru dregnar inn í þessar umr. Ég vildi láta þess getið, að ágizkun hv. frsm. meiri hl. um, að Íslandsbanki hefði orðið fyrir miklum töpum þar, hefir við engin rök að styðjast. Ég er að vísu ekki nákunnur reikningum bankans þar, en veit ekki

til, að nokkurntíma hafi orðið almennt umtal um töp þar. Máske hafa tapazt smáupphæðir, en ekki svo, að valdið hafi nokkurri athygli né umtali. Hitt hefir verið sagt, að þetta sé bezta útibú Íslandsbanka, og sá maður, sem hefir veitt því forstöðu, standi sérstaklega vel í stöðu sinni. Þá er það ekki rétt, að Landsbankinn hafi lánað allt fé til útgerðarinnar í Vestmannaeyjum. Það er ekki nema nokkur hluti þess. Sú millj., sem alþýða í Vestmannaeyjum á inni í útibúinu, er þó ekki aðfengin. Ég vil í því sambandi geta þess, að sparifé er eign 2037 innstæðueigenda.

Þá var hæstv. fjmrh. að tala um töp, sem orðið hafa í sparisjóðum, og að enginn hefði talað um, að það væri siðferðisleg skylda ríkisins að greiða þau töp, og nefndi t. d. sparisjóðinn á Eyrarbakka. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að hér er ólíku saman að jafna. Sparisjóður Eyrarbakka var „prívat" stofnun, ríkinu sem slíku óviðkomandi. En Íslandsbanki hefir verið seðlabanki ríkisins, og er það að nokkru leyti enn. Forsrh. Íslands er formaður bankaráðs hans. Tveir bankastjórar hans eru stjórnskipaðir og nokkur hluti bankaráðsmannanna þingkjörinn. Þetta er því stofnun, sem er allt annars eðlis en sparisjóðirnir.

Ég verð að segja, að málflutningur hæstv. stj. og hennar manna sumra hverra er æðihlutdrægur og villandi. Því hefir verið haldið fram, að við minnihl.-menn höfum viljað takast á hendur ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, og menn hafa dregið upp hrikamyndir af því, hve glannalega við höfum viljað fara í þessu máli. En þetta er alls ekki rétt, og sýnir frv. það, er nú liggur fyrir, það bezt. En það hefir nú svo oft í þessum umr. verið minnzt lokaða fundarins, er haldinn var aðfaranótt þess 3. þ. m., að ég tel rétt, að það komi fram, hvað þá voru greidd atkv. um. Það voru sem sé ekki greidd atkv. um þær till., er komu frá bankaráðinu, önnur um algerða ábyrgð á skuldbindingum bankans, hin um ábyrgð á sparisjóðsfé hans, heldur voru greidd atkv. um þá till., að málið væri lagt á vald stj. og hún látin ráða því, hvaða ráðstafanir hún gerði, aðeins að hún kæmi í veg fyrir lokun bankans.

Þær ráðstafanir áttu að gerast á þeim tíma. En þingmeirihlutinn vann að því að koma þeirri till. fyrir kattarnef. Sinnuleysi þingmeirihlutans og kæruleysi stj. síðan, það verður afdrifaríkt fyrir þjóðina í heild, og þó einkum fyrir þá, sem eiga atvinnu sína undir afkomu bankans.

Nú loks vill þó hæstv. fjmrh. láta fara að rannsaka bankann og meta hag hans að nýju og ráðgerir, að það ætti að verða búið fyrir 1. marz. Hvernig stendur á því, fyrst hæstv. stj. var á þessari skoðun, að hún hefir látið líða á aðra viku án þess að gera nokkuð? Ef hæstv. stj. hefði hagað sér hugsunarrétt eftir því, sem hún lét í ljós á næturfundinum við upphaf þessa máls, nefnilega að því mati, sem bankaeftirlitsmaðurinn og Pétur Magnússon hæstar.m.flm. höfðu gert, væri ekki hægt að treysta, þá hefði hún strax átt að láta fara fram annað mat. Á aðra viku verða þeir, sem eiga atvinnu sína undir bankanum, að berjast við stökustu vandræði og eiga allt í óvissu, meðan stj. lætur reka á reiðanum.

Minnzt hefir verið á sigurvænlegar aðferðir í þessu máli, og aðrar ekki sigurvænlegar. En ekki er von, að Alþingi rati á þær aðferðir þegar forustan er svo kæruleysisleg sem ég nú hefi lýst hjá stj.

Fyrst enn á að slá málinu á frest, er það óþolandi að hafa beðið 8 daga, síðan bankanum var lokað. Samt vona ég enn, að hæstv. stj. meti meir líf framleiðslu og atvinnufyrirtækja og hag þeirra tíu þús. manna, sem eiga fé í bankanum, en sitt eigið pólitíska líf. Ég segi það enn, að á þessum 8 dögum síðan lýst var yfir því, að mati þeirra manna, sem framkvæmdu það þá, mætti ekki treysta, hefði verið hægt að framkvæma þetta mat, sem nú er farið fram á. Í því er ég sammála hv. 2. þm. Reykv., að drátturinn er hættulegur. Því miður hafa margir þegar beðið stórtjón vegna framkvæmdarleysis stjórnarinnar.

ATKVGR.

1. gr. felld með 17:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SE, EJ, HK, JJós, JAJ, J-Ól, JS, MG, MJ.

nei: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt,

BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, BSv.

Frv. þar með fallið.

3. Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

Á 19. fundi í Nd. 10. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (þmfrv., A. 80).

Á 22. og 23. fundi í Nd., 12. og 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 14. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það er sama um þetta mál að segja og hitt, sem var til umr. næst áður (vigt á síld), að það er gamall kunningi þingsins, þar sem það hefir verið til umr. og meðferðar á þingum síðan 1927.

Efni þessa frv. segir sig sjálft, en um nauðsyn þess hefir verið deilt. Á síðasta þingi var frv. samþ. óbreytt frá Ed., og með lítilli breyt. frá allshn. Nd., en varð svo ekki útrætt.

Meginefni þessa frv. er að tryggja bæjarfélögum forkaupsrétt á hafnarmannvirkjum og lóðum, er að þeim liggja. Það hefir sýnt sig á undanförnum árum, að slíkt er nauðsyn. Þarf eigi annað en minna á þann atburð, er verðmætasta land Akureyrar var selt án vitundar bæjarstj. þar. Þurfti bærinn síðan að kaupa nokkurn hluta þess lands aftur, fyrir hærra verð en það var áður selt. Ég hygg, að eftir þeim straumum, sem nú eru í þjóðlífinu, verði varla um það deilt, að meira beri að meta almenningsheill heldur en gróðamöguleika einstakra manna. Þegar bæir stækka og blómgast og lóðir og mannvirki fyrir þá skuld hækka í verði, þá á bæjarfélagið sem heild að njóta arðsins af þeirri verðhækkun, en ekki einstakir menn, sem ekkert hafa sjálfir til þess unnið. Með því að bæjarfélögin eigi þau mannvirki og lóðir, sem nota þarf að einhverju leyti vegna almenningshagsmuna, má líka koma í veg fyrir óeðlilega háan leigumála. — Þessar meginástæður liggja að baki frv., og Alþ. hefir að nokkru leyti viðurkennt þær með því að hrinda því áleiðis, eins og ég hefi áður lýst.

Í frv. er gert ráð fyrir, að gerð sé samþykkt til 5 ára í senn. Er það gert með það fyrir augum, að henni sé breytt á hæfilegum fresti, eftir því sem rás viðburðanna heimtar í hvert sinn. — Læt ég þetta nægja að sinni, en mun geyma mér rétt til frekari umr. ef andmæli gegn frv. koma fram.

Vona ég, að hv. deild vísi málinu að lokinni þessari umr. til 2. umr. og allsherjarnefndar.

Jón Ólafsson:* Eins og hv. flm. tók fram, komst frv. þetta gegnum Ed. í fyrra, en dagaði uppi í þessari deild. Áður en frv. þetta fer lengra, vil ég til leiðbeiningar þeirri n., sem við því tekur, láta í ljós álit mitt um það. — Það er þá fyrst að með frv. þessu eru lagðar kvaðir á eignir borgaranna yfirleitt, eftir því sem bæjarstjórnum og hreppsnefndum þóknast í hvert sinn. Ennfremur er vikið frá þeim grundvallaratriðum, sem gilt hefir í löggjöfinni hingað til, að almenningsheill væri lögð til grundvallar slíkum kvöðum á eignir prívatmanna. En þetta er nú orðin stefnuskrá sumra flokka, að hið opinbera eigi sem mest af eigum og láti reka atvinnufyrirtækin. Er því hætt við, þar sem slíkir flokkar eru ráðandi, að nokkuð mikið yrði að því gert að leggja þessar kvaðir á eignir manna án þess almenningsheill krefði.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að samþykktirnar gildi til 5 ára í senn. Þetta ákvæði virðist mér leiða til þess, að menn fari að spekúlera í eignum sínum, fá fram há boð í þær og bjóða svo bæjarstj. eða hreppsnefnd þær til sölu. Þetta er algengt, að þegar um forkaupsrétt einhvers er að ræða, þá er reynt að fá sem hæst boð í eignina. Ef svo bæjarfélag eða almenningur þarf á eigninni að halda, getur þetta orðið til þess, að kaupa þurfi eignina miklu dýrar heldur en ef farið væri eftir núgildandi lögum. Ég veit t. d. ekki betur en að í hafnarlögunum sé jafnan

heimild til þess að fá það land, er nauðsynlegt er til afnota, fyrir sanngjarnt verð.

Með þessum ákvæðum frv. verður og allur réttur borgaranna óvissari um eignir sínar. Notkun forkaupsréttarins yrði og undir því komin, hvaða flokkur væri í meiri hl. á hverjum tíma.

Ég álít ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta á þessu stigi málsins. Vona, að hv. n. athugi frv. vel og meti það, hvort þessar hliðar þess, er ég hefi bent á, séu ekki þannig vaxnar, að samþykkt frv. verði til tjóns og óhagræðis fyrir einstaklinga og bæjarfélögin.

Pétur Ottesen:* Það mun vera í 4. sinni nú í röð, sem frv. þetta kemur fyrir Alþingi, en aldrei náð afgreiðslu. Ætla ég, að það sé greinilegt merki þess, að eitthvað þyki við það að athuga. Enda er líka svo. Heimildir þær, sem það veitir, eru svo víðtækar, að mönnum þykir varhugavert að veita þær.

Það hefir komið fram áður, og kom fram greinilega nú hjá hv. flm., að þetta er pólitískt mál. Hv. flm. sagði, að það væri í samræmi við stefnur og strauma nútímans. En það er einmitt stefna jafnaðarmanna að vilja koma öllu, bæði eignum og atvinnurekstri, undir ríki og bæjarfélög. Er því eðlilegt, að þeir komi fram með slíka löggjöf sem þessa. Löggjöfin hefir þegar viðurkennt það, að rétt sé að taka lönd og lóðir einstakra manna fyrir hæfilegt verð, þegar almenningsheill krefur. Þarf þar engu við að bæta. Með frv. þessu er því verið að teygja sig lengra inn á svið jafnaðarstefnunnar en nokkur þörf er á. Í lögunum um hafnargerðir er t. d. ákveðið, að einstaklingur verði að láta hafnargerðinni í té það land, sem nauðsynlegt er. Sama er í lögum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa um það land, er þarf vegna götugerða eða nýs skipulags. Eins er það og með verzlunarlóðir, til tryggingar því, að frjáls samkeppni geti notið sín. Stefna frv. er líka greinilega mörkuð í grg. við frv. 1927. Þar er talað um, að hrepps- eða bæjarfélög geti, þar sem hentugt þykir, slegið eign sinni á vörugeymslu og fiskverkunarhús og annað, sem bátaútgerð sé nauðsynlegt. Þetta sýnir stefnuna. Þessar stöðvar verða vitanlega samar og áður. Hafa aðeins eigendaskipti.

Ég get því ekki séð neina nauðsyn slíkra laga og hér er stofnað til. Því þó svo gæti komið fyrir, að eitthvert einstakt tilfelli félli ekki undir þau lög, sem nú eru til, þá mundi þingið veita eignarnámsheimild, ef almenningsheill krefði þess. Ég get líka nefnt dæmi, þar sem þessi lög myndu koma í bága við önnur lög. Svo er t. d. um forkaupsréttarlögin frá 1926. Þegar jarðir eru seldar, þá eru það niðjar, sem hafa forkaupsrétt, þá ábúandi og síðast hreppsfélagið. En í þessu frv. er það hrepps -eða bæjarfélagið, sem á að hafa fyrsta réttinn. Hvernig á nú að samræma þetta? Eftir hvorum lögunum á að fara? Ég sé ekki, að þessi tvennskonar ákvæði geti bæði staðið í lögum samtímis. — Ég vildi benda á þetta áður en málið fer til n. Þungamiðja frv. er auðsjáanlega það, að greiða götu vissri stjórnmálastarfsemi í landinu. Og með tilliti til þeirrar stefnu verður að afgreiða þetta mál hér í þinginu.

Í frv., ef að lögum verður, eru að vísu ýms ákvæði, sem þarf að breyta, en um það er nógur tími að tala, þegar sést, hvort það muni fá afgreiðslu héðan frá þessari hv. deild. Mun ég því ekki mæla fleira að sinni.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þar sem þeir hv. þm., sem andmælt hafa frv. þessu, hafa þó báðir lýst því yfir, að þeir ætlist til, að það gangi til n., þá mun ég ekki elta ræður þeirra orði til orðs, heldur láta mér nægja að drepa á einstök atriði. Vera má, að á frv. þurfi að gera einhverjar smábreyt., enda þótt það hafi verið athugað af tveimur n. á síðasta þingi. En um það má tala síðar. Hv. þm. töluðu um stefnumun, er kæmi fram í aðstöðu manna til frv. Slíkt kom mér ekki á óvart, og er raunar lítið um það að segja. En ég tel ekkert undarlegt, sem hv. þm. Borgf. hélt fram, að frv. þetta rækist að einhverju leyti á eldri lög. Slíkt er altítt, að ný lög upphefji ákvæði eldri laga, og hvað þetta frv. áhrærir, þá virðist engin hætta vera á ferðum, þar sem það hefir gengið gegnum nefndir í þinginu, þar sem lögfræðingar hafa átt sæti í, og virðist þeim engin hætta hafa stafað af frv. í

þessu efni. En þar sem hv. þm. vitnaði í lög frá 1926, þá eiga þau l. eingöngu við jarðir í sveitum, en virðast alls ekkert taka til kaupstaða né kauptúna.

Hv. þm. Borgf. sagði, að frv. þetta væri pólitískt. Ég skil varla, hvað hv. þm. á við. Eru ekki öll þau mál, sem fyrir þinginu liggja, stjórnmál, eða, eins og hann orðar það, pólitík?

Hv. þm. minntist á fiskstöðvar. Ég vil benda honum á, að hér nálægt er staður, sem heitir Sandgerði, sem er eign einstakra manna, er vitanlega hafa notað aðstöðu sína til þess að taka tvo peninga fyrir einn af fátækum fiskimönnum víðsvegar að. Það væri því ekki ónauðsynlegt, að til væru lög, sem gert gætu verstöðina Sandgerði að opinberri eign, til hagsmuna fyrir allan almenning. Ég veit að vísu, að til er heimild um að taka þá staði eignarnámi, er nota þarf til almennra þarfa. En slíkum lögum hefir jafnan verið erfitt að beita, einkum þar, sem íhaldið ræður.

Ég hefi aðeins stiklað á stærstu atriðunum, og þar sem hv. andmælendur mínir virtust vilja leyfa þessu frv. að fara til n., mun ég eigi tala fleira að sinni.

Pétur Ottesen:* Það er örstutt. Fyrst vil ég benda á það, þar sem hv. þm. talaði um það, að málið hefði gengið í gegnum hendur nefndar í þinginu, að það var auðheyrt, að hann ber í þessu efni mikið traust til þeirra manna, sem hafa farið höndum um frv., og meira en til sjálfs sín, þar sem hann vildi skjóta ábyrgðinni á þá, en af sér.

Þá vil ég benda á það, að við ýms kauptún eru jarðir, sem lög um forkaupsrétt jarða frá 1926 eiga við. Ég ætla ekki, að þurfi að skýra það fyrir hv. þm., hvernig það mundi verða í framkvæmdinni, þegar komin eru önnur lög, algerlega gagnstæð. Hv. þm. nefndi eitt dæmi, þar sem ef til vill væri ástæða til að breyta slíku ákvæði, hér við eitt fiskiþorpið við Faxaflóa. En ef svo væri, að hér sé um almenningsheill að ræða að áliti þeirra, sem hlut eiga að máli, þá mundu þeir bera sig upp við Alþingi og fara fram á, að notuð yrði eignarnámsheimild.

Út af því, hverjir ættu mestan hluta af lóðum á Akranesi, vil ég benda hv. þm. á það, sem er þarna ókunnugur, að það er ekki nema lítið brot af lóðunum, sem hreppsfélagið á.

Hannes Jónsson:* Ég get vel tekið undir það með hv. þm. Borgf., að með þessu frv. verður árekstur á lögin um forkaupsrétt á jörðum frá 1926. Og ég verð að segja, að ég treysti nú ekki lögfræðingum svo vel, þótt þeir hafi fjallað um þetta frv., að ég geti ekki búizt við, að þeim hafi missýnzt, því að það er svo um lögfræðinga, að þeim missýnist oft og tíðum. Og fyrir það hefir líka stundum orðið árekstur í lagasetningu okkar.

Það er tekið hér fram í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta, að: „kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt á".

Nú er það svo, að þegar kauptún eru að fá takmörk um sín umdæmi, þá er venjulega tekið ríflega til, svo að næstu jarðir verða að einhverju leyti innan þeirra vébanda. Ábúendur þessara jarða biðu skaða við það að missa hluta af þeim. Og ef jarðeigandinn á svo ekki að hafa rétt til þess að halda jörðinni óskertri, að því leyti, sem þörf er til landbúnaðar, og getur því ekki látið þann hluta ganga til sinna afkomenda, eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. forkaupsréttarlaganna, þá er algerlega brotið í bága við þá hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir þeim lögum.

Fyrir þetta atriði er ég mjög óánægður með þetta frv., þó að ég geti hinsvegar viðurkennt, að það geti verið svo ástatt, um einstök mannvirki innan kauptúns, að heppilegt sé að leyfa því að fá eignarhald á þeim. En hitt tel ég svo stórfelldan galla á frv., að ég geri ekki ráð fyrir, að ég geti lið því mitt atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV, IngB, JÓl, JörB, MT, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HStef, BSv.

nei: HJ, JAJ, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

Fimm þm. (BÁ, EJ, HK, LH, SvÓ) fjarstaddir.
JJós greiddi ekki atkv.
Frv. vísað til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 37. og 39. fundi í Nd., 26. og 28. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 1. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 80, n. 151 og 167).

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Allshn. hefir klofnað í þessu máli. Meiri hl. vill samkv. nál. á þskj. 151, að frv. nái fram að ganga með einni smávægilegri breyt. — Þetta mál hefir legið fyrir þremur síðastl. þingum og ávallt stöðvazt sökum tímaskorts í þinglok, en það hefir gengið í gegnum báðar deildir á víxl og náð þar samþykki á sínu þinginu í hvert sinn.

Það getur verið mjög nauðsynlegt fyrir kaupstaði að ná eignarhaldi á verðmætum lóðum til afnota fyrir hlutaðeigandi bæjarfélag. Má í því efni benda á einstök dæmi, t. d. þegar Oddeyrin var seld, og ennfremur hér sunnanlands um Keflavík og fleiri staði, og víða á Vesturlandi.

Gert er ráð fyrir því í frv., að forkaupsréttur kaupstaða og kauptúna nái ekki til annara eigna en þeirra, sem taldar eru upp samkv. samþykkt, er gerð sé til 5 ára í senn á hverjum stað. Slíkar samþykktir öðlast gildi þegar atvmrh. hefir staðfest, enda skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda. — Ekki er hægt að bera því við, að eigendur fasteigna tapi á þessum ákvörðunum, þó að bæjar og sveitarfélögum sé áskilinn forkaupsréttur að eignunum, því að þau verða að ganga að sömu skilmálum og borgunarkjörum, sem seljanda stendur sannanlega til boða hjá öðrum.

Ég ætla ekki að fara um þetta fleiri orðum að sinni; málið er þrautrætt frá fyrri þingum. Vona ég, að því verði lofað að ganga til 3. umr., og ef einhverjir hv. þm. hafa hug á að koma með brtt. við frv., þá mætti gera það við 3. umr.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, þá hefir allshn. klofnað um þetta frv. eins og á fyrri þingum. Þetta mál hefir verið flutt hér þing eftir þing, eins og bent var á nú við 1. umr. þess. Og það er leiðinlegt að rifja upp rökin með og móti málinu frá fyrri þingum; vil ég því láta nægja að vísa til þeirra.

Því hefir verið haldið fram af hv. frsm. meiri hl., að þessi forkaupsréttarákvæði væru lítilfjörleg kvöð á eignum manna, en það er ekki rétt. Forkaupsréttur þýðir það, að bæjarfélag, stofnun eða einhver aðili hefir rétt til að ganga inn í boð annars aðila eða einstaklings, sem kaupa vill ákveðna eign. Og af því að kaupandinn veit fyrirfram, að annar hefir rétt á að ganga inn í sitt kauptilboð, þá dregur það úr honum að hækka boð sín í eignina.

Ég sé ekki hvaða nauðsyn það er fyrir kaupstaði og kauptún að fá þessi forkaupsréttarákvæði lögfest, því að ég veit ekki til, að það hafi nokkurntíma staðið á Alþingi að veita þeim eignarnámsheimild, þegar hægt hefir verið að forsvara það með góðum og gildum rökum. — Ég lít svo á, að á bak við þetta frv. bóli á þeirri stefnu, að bæjar- og sveitarfélög geti fengið aðstöðu til að eignast allt það land, sem mest verðmæti er í fólgið. Ég skal að vísu ekkert hafa á móti þeirri stefnu í sjálfu sér, en ég vil þá bara, að hún komi hreint fram, en ekki í ullarumbúðum, eins og hún er í þessu frv.

Aðalröksemdirnar gegn þessu frv. eru þær, að þegar kaupstaðir og kauptún þurfa á því að halda að ná umráðum á fasteignum vegna almenningsheilla, þá hefir þeim alltaf verið veitt heimild til eignarnáms, þegar fullnægjandi skilyrði hafa legið fyrir til þess. Og meiri rétt þarf ekki að tryggja kaupstöðum og sveitarfélögum í þessum efnum.

Pétur Ottesen:* Við 1. umr. þessa máls hér í d. benti ég á ýmislegt, sem væri athugavert við þetta frv. Ég gat þess þá, að í öðrum lögum, t. d. í hafnarlögum og í lögum um skipulag kaupstaða og kauptúna, og þar sem rætt er um takmarkanir á verzlunarréttindum, væru heimildir, sem tryggja kaupstöðum og sveitarfélögum forkaupsrétt að lóðum og mannvirkjum, ef nauðsyn almennings krefst þess, að þær séu notaðar. Og ennfremur gat ég

þess, að þar sem þessar heimildir ná ekki til, þá hefir Alþingi aldrei neitað um eignarnámsheimild, ef sannað hefir verið með ljósum rökum, að nauðsyn krefði. Þess vegna hlýtur það að vera eitthvað annað og meira, sem veldur þeirri sérstöku þrákelkni, að vilja knýja þetta mál fram þing eftir þing. Ég gat þá einnig um annað atriði, sem er það, að ef þetta frv. verður samþ., þá verður árekstur milli þess og forkaupsréttarlaganna frá 1926, sem áskilja þremur aðiljum forkaupsrétt að jörðum: Í fyrsta lagi erfingjum þess manns, sem eignina á, í öðru lagi ábúanda jarðarinnar og í þriðja lagi hlutaðeigandi hreppsfélagi. Með þessu frv. er því beinlínis gengið á bug við ákvæði forkaupsréttarlaganna, og réttur tveggja hinna fyrrtöldu aðilja í lögunum er upphafinn með frv., ef það verður að lögum. Þetta getur ekki staðizt.

Ég sé, að hv. meiri hl. flytur brtt. á þskj. 151, sem hv. frsm. meiri hl. hafði ekki svo mikið við að minnast á. (HV: Þm. hefir bara ekki hlustað á það, sem ég sagði). Ég hefi góða heyrn, svo að það hefði ekki farið framhjá mér. Í brtt. er gert ráð fyrir, að forkaupsréttarákvæðin nái ekki til þeirra hreppsfélaga, sem hafa færri en 400 íbúa.

Það er alkunnugt, að í ýmsum kauptúnum eru jarðir sérmetnar, og auk þess er svo ákveðið í lögum, að bændur hafa forkaupsrétt ábúðarjarða sinna, og er því málið algerlega óleyst, þótt frv. þetta næði fram að ganga. Annars getur það ekki náð nokkurri átt, að Alþingi geri sig sekt í því að samþykkja lög, sem brjóta svo algerlega í bága við gildandi lög og reglur í landinu eins og þetta frv. gerir.

Auk þessa eru einnig mörg einstök ákvæði í frv. þessu, sem þurft hefði að taka til nánari athugunar, en hv. frsm. minni hl. hefir sennilega litið svo á, að óþarfi væri að fara út í einstök ákvæði frv., því að það myndi ekki ná fram að ganga. Ég finn þó ástæðu til að benda hv. d. á nokkur ákvæði, sem að mínum dómi brjóta í bága við allan gang mála innan héraða. Frv. heimilar hreppsnefndum að gera samþykktir um forkaupsrétt hreppsfélaga á hafnarmannvirkjum og lóðum í þeim kauptúnum, sem þar kunna að vera, og skulu þessar samþ. gilda til 5 ára. Innan hreppsnefnda er svo nægilegt, að einu atkv. muni til þess að þessari heimild skuli beitt gagnvart einstökum mönnum, sem land eiga við sjóinn. Nú er því svo farið með aðrar héraðssamþykktir, að þær verða að ganga í gegnum marga hreinsunarelda áður en þær fá endanlegt gildi. Vanalega verða málin fyrst að ná samþykki hreppsnefndar, síðan fjallar sýslunefnd um þau, og þarf þá ⅔ atkv. til þess að samþykki fáist, og síðan verður atvmrh. að leggja blessun sína yfir málin, og eru þau þá endanlega staðfest. Hér er einum þessara aðilja, sýslunefndinni, sleppt, en það nær vitanlega ekki nokkurri átt, svo að hér vantar inn í ákvæði um það, að hinum almennu ákvæðum sé fylgt.

Þá er annað atriði í 1. gr., að talað er um, að hreppstjórn telji nauðsynlegt að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt á lóðum og löndum innan hrepps. Í orðinu hreppstjórn felst allt annað hugtak en í hreppsnefnd. Hér er aðeins talað um þá menn, sem stjórna hreppnum, í stað þess að hér ætti að standa, að ef hreppsnefnd áliti nauðsynlegt að gera þetta, þá skuli samþykkt gerð.

Auk þessa, sem ég hefi bent á, felst í frv. þessu algerlega óþörf tilhneiging til að draga úr rétti einstakra manna, því að til eru þær heimildir í lögum, þar sem séð er fyrir rétti hreppanna í þessu efni, og því er þetta frv. algerlega óþarft, og auk þess brýtur það í bága við þá almennu löggjöf, sem Alþingi hefir sett.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég er ólíkur hv. þm. Borgf. í því, að ég vil ekki halda sömu ræðuna ár eftir ár, en mér finnst, að ég hafi heyrt ræðu hans hljóma hér tvisvar áður. — Það var aðallega tvennt, sem hv. þm. hafði á móti þessu frv. Annað var, að sýslunefnd ætti ekki íhlutunarrétt í þessum málum, en ég sé ekki ástæðu til að hún hafi hann, ef aðrir aðiljar samþykkja.

Hitt atriðið var, að ef jarðir væru í ábúð, þá skyldu ábúendur hafa forkaupsréttinn. Ég hefi ekkert á móti því að setja ákvæði inn í frv. um jarðir, sem eru í ábúð, og mætti koma því að fyrir 3. umr. Með þessu frv. er ekki ætlazt til, að hreppararnir fari að kaupa jarðirnar, heldur geti

þeir átt kost á að eignast hafnarvirki og lóðir við sjó og einstakar lóðir eða lendur, því að það getur oft verið nauðsynlegt fyrir hreppana að ná slíku undir sig. Ég fæ þess vegna ekki séð, að það geti staðizt, sem hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Skagf. höfðu á móti frv., að undanteknum orðabreyt., sem vel mætti gera áður en frv. yrði afgr.

Jón Ólafsson:* Ég vil taka undir það með hv. þm. Borgf., að sú n., sem þetta mál hafði til meðferðar, virðist hafa kastað mjög til þess höndunum. Frv. brýtur að ýmsu leyti í bág við gildandi löggjöf og þar er tekið margt með, sem ekki má, og of viðtækar heimildir veittar.

Ég hefi í sjálfu sér ekki mikið á móti því, að hreppar geti náð í hafnarmannvirki, en þegar á að fara að leggja hald á allar eignir kauptúna, virðist mér skörin fara að færast upp í bekkinn. Því er svo farið nú orðið, að bæjarstjórnir og sveitarstjórnir skiptast í harðvítuga flokka. Annar flokkurinn vill sölsa allt undir sig án þess að taka tillit til einstaklinganna og það án þess að bæjarfélagi eða hrepp sé beint hagur í því, og þá getur vel svo farið, að þetta verði til þess að koma viðkomandi bæjarfélagi í ógöngur. Mín reynsla hefir nú verið sú, að allt, sem bærinn tekur og ætlar að reka sjálfur, gengur illa, og ég geri ekki ráð fyrir, að það breytist til muna frá því, sem er, og því hefi ég ekki traust á því.

Frv. þetta er stórhættulegt eignaröryggi manna, því að þeir geta aldrei verið óhultir með eignir sínar, því að þeir geta alltaf búizt við, að þessu verði dembt yfir þá þegar minnst vonum varir. Það er að vísu svo, að þetta á að auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna, en mönnum getur auðveldlega skotizt yfir það. Hinsvegar er ekki í lögum nein kvöð á bæjarstjórnum að tilkynna mönnum, að þessi höft eru lögð á eignir þeirra. — Menn kunna nú að segja, að hlutaðeigendur muni lesa um það í blöðunum, en til sveita eiga bændur þess máske ekki kost, eða getur skotizt yfir það, og þegar viðkomandi er búinn að selja eign sína, þá upplýsist þetta og kaupin verða að ganga til baka.

Ég hygg, að þetta geti verið stórhættulegt, að skapa svona greiðan aðgang að eignum manna með því að ákveða forkaupsréttindin, og álít, að mönnum beri að gjalda mjög varhuga við því.

Pétur Ottesen:* Það er nú svona stundum, að menn verða að taka nokkuð oft upp það sama til að koma því rétta boðleið inn í höfuðið á sumum mönnum. En vegna þess, að ég hefi gert það, hefir nú hv. 2. flm. (HV) svignað undir rökum mínum og viðurkennt, að frv. er illa undirbúið, kemur í bága við gildandi lög og hentar aðeins í einstaka tilfellum. Ég vil þó ennþá benda á það, að lög frá 1926 heimila sveitum að taka undir sig land, ef nauðsyn krefur. Ég verð því að líta svo á, að hv. flm. (HV) hafi viðurkennt, að frv. er engin þörf.

Hv. þm. talaði um, að hann vildi ekki taka upp sömu orðin aftur og aftur, en ég minnist ekki, að ég hafi heyrt annað til hans en þennan síendurtekna sósíalistasöng hér á þingi.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Ég get tekið undir það með hv. þm. Borgf., að orðalagið er óskýrt í ýmsum gr. þessa frv., en úr því að minni hl. leggur til, að frv. sé fellt, sé ég ekki, að ástæða hafi verið til, að hann leiðrétti það fyrir meiri hl.

Það væri hægt að benda á mörg dæmi þess, t. d. 2. mgr. 1. gr., þar sem talað er um, að kauptún geti gert samþykktir um forkaupsréttindi á hafnarmannvirkjum. Hvaða þýðingu hefir það? Það er sama og að segja, að einn maður geti ráðið þessu, því að vitanlega ber atvmrn. skylda til að samþykkja þessa ráðstöfun, ef hún fer ekki í bága við gildandi lög. Þá er einnig talað um hreppstjórn í sömu mgr., en það er ekki hreppsnefndin ein, sem á þar hlut að máli, heldur líka sýslunefnd.

Út af orðum hv. frsm. meiri hl. um, að ábúðarjarðir falli ekki hér undir, þá er enginn vafi á því, að eftir þessu frv. gera þær það, en sé það ekki tilætlunin, þá er nauðsynlegt að taka það skýrt fram, að svo skuli ekki vera. Í hitteðfyrra bauð ég til samkomulags, að ég skyldi sætta mig við, að hafnarmannvirki skyldu falla hér undir, en þá varð ekki af samkomulagi. Ef meiri hl. vill nú ganga að þessu, þá er ég tilbúinn til sam-

komulags enn. Ég vil benda á það, að eftir lögum frá 1917, um verzlun, hafnarmannvirki og iðnað, er nægileg heimild til þess, að bæjarstjórnir geti náð þeim réttindum til lóða, sem nauðsynleg eru. Þetta eru svo veigamikil rök í þessu máli, að auðsætt er, að engin þörf er á frekari heimildum né nýrri löggjöf um þetta efni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hefi ástæðu til að þakka hv. meiri hl. fyrir fljóta afgreiðslu þessa máls, en minni hl. hefi ég engar þakkir að færa, því að álit hans sprettur ekki af umhyggju fyrir málinu, heldur af því, að hann vill það feigt. Það er ekki hin minnsta tilraun gerð til þess að málið gangi fram í einhverri mynd, því hann ber ekki einu sinni fram brtt. við þau ákvæði, sem honum kann að virðast athugaverð.

Um einstaka þm. er það að segja, að það er ekki eðlilegt, að þeir hafi komið fram með brtt., því að þeim geta þeir komið að fyrir 3. umr. Annars vil ég geta þess, að að þessu frv. hafa starfað tveir lögfræðingar innan n., og hafa þeir ekki fundið hvöt hjá sér til að gagnrýna það frekar; en þótt hv. þm. mæli á móti frv., þá færa þeir engin rök að máli sínu, heldur reyna að spilla fyrir því og gera það tortryggilegt á allar lundir, með þessari alkunnu mótbáru, að verið sé að afnema eignarréttinn. Veigamesta mótbáran, sem komið hefir verið fram með, er frá hv. þm. Borgf., og hún er sú, að frv. þetta brjóti í bága við forkaupsréttarlögin frá 1926.

Nú er það vitanlegt, að ný löggjöf fellir úr gildi eða breytir hinni eldri, og við því er ekkert að segja, en hér er það að athuga, að forkaupsréttarlögin frá 1926 eru eingöngu miðuð við jarðir í sveit, en þetta frv. er fyrst og fremst stílað á jarðir í eða við kaupstað.

Þá hefir verið lagt mikið upp úr því, hve mikið vald væri lagt í hendur bæjarstjórna, og að einn maður gæti ráðið þar úrslitum. En nú vil ég spyrja hv. þdm.: Hvernig er þetta hér á Alþingi? Getur ekki einn maður ráðið úrslitum t. d. um það, hvort stórar fjárupphæðir skuli veittar, og er það ekki veigameira en það vald, sem lagt er í hendur bæjarstjórna í þessu frumvarpi?

Um þá hættu, sem þetta myndi hafa í för með sér fyrir eignarréttinn er mikið rætt, en ég fæ ekki séð, að hún sé annað en grýla ein. — Þá hafa menn talað um, að þau lög, sem nú giltu, væru fullnægjandi, en nú var það svo, að öll þau ákvæði, sem nú eru í gildi, gátu ekki komið til greina þegar Oddeyrarsalan fór fram, og sýnir það sannleika þessara fullyrðinga. Sú sala hefði vitanlega aldrei átt sér stað, ef nokkur lagaákvæði hefðu verið til að fara eftir eins og þau, sem hér er farið fram á. Í umræddu tilfelli varð bærinn að kaupa sömu lóðina og mannvirkin miklu hærra verði en hann ella hefði þurft, ef hann hefði haft forkaupsréttinn. Með frv. þessu viljum við fyrirbyggja, að slíkt endurtaki sig. Það, sem því hér er um að ræða, er það, hvort menn álíta slíkar eignir betur komnar í höndum einstakra manna, eða undir yfirráðum bæjanna eða kaupstaðanna. Eftir því greiða menn atkv. í þessu máli.

Ég skal ekki fara frekar út í það, hversu mikið hagsmunamál þetta er fyrir bæjarfélögin. Það er fyrir löngu viðurkennt, að hið opinbera á að eiga allar verðmætustu lóðirnar. Þetta er fyrst og fremst viðurkennt hér um hafnarlóðirnar í Reykjavík. Hið opinbera hefir lagt fram fé til mannvirkjanna, og þess vegna á það líka að hagnast af þeirri verðhækkun, sem þau komu af stað á lóðum og öðrum eignum. Frv. þetta er fram komið með þetta fyrir augum, og ég hygg, að enginn hygginn bæjarstjóri, að undanskildum hinum starblindustu íhaldsmönnum, muni láta slíka heimild ónotaða til stórgróða fáeinum fjárbrallsmönnum. Vitanlega er hér um mikinn stefnumun að ræða, en ég hygg, að meginþungi andmæla þeirra, sem fram hafa komið gegn frv. þessu, sé fólginn í mismunandi lífsskoðunum okkar og andmælenda þess. Ég skal að öðru leyti ekki teygja umr. um þetta lengur, en vil aðeins taka það fram, að ef einhver smávægileg atriði eru í frv., sem betur mætti fara, þá má vitanlega leiðrétta það við 3. umr., í stað þess að drepa frv. T. d. mætti athuga það, hvort frv. brýtur nokkuð í bága við lögin um forkaupsréttindi frá 1926. Ef svo er, má leiðrétta þetta frv. því tilsvarandi. Annars er frv. þetta

þrautrætt, og ég vænti þess fastlega, að hv. deild sjái þá nauðsyn, sem að baki liggur þessu máli, og að það nái þeirri afgreiðslu, sem þinginu er sómi að, m. ö. o., að það verði að lögum.

Pétur Ottesen:* Það var rétt athugað hjá hv. 4. þm. Reykv., að það eru hinar mismunandi lífsskoðanir, sem marka afstöðu manna til þessa máls. Hv. flm. eru nú loks horfnir frá því, að það sé þörf almennings, sem liggi að baki þessu frv. Fyrir þeirri þörf er nefnilega séð í núgildandi lögum. Þetta frv. er vitanlega fram komið til þess fyrst og fremst að skapa þeim mönnum, sem þessa lífsskoðun hafa, hægari aðstöðu til þess að sölsa undir hið opinbera eignir borgaranna, ef þeir á annað borð ná meiri hl. í hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Atkvgr. í þessu máli fer þess vegna einkum eftir lífsskoðun manna, eftir því, hvort menn telja slíkar eignir betur komnar í höndum hins opinbera eða í höndum einstakra manna. Um það, hvort þessi lagaheimild yrði víða notuð, er engu hægt að slá föstu, en samkv. brtt. meiri hl. gildir hún fyrir kaupstaði og kauptún og hreppa, er hafa yfir 400 íbúa. Er þess vegna ekki ósennilegt, að samþykkt og framkvæmd slíkra laga sem þessara, myndi hafa mjög víðtæk og deyfandi áhrif á framtak þjóðfélagsborgaranna. Sem sagt fer það eftir lífsskoðun hv. þdm., hvernig þeir greiða atkv. í þessu máli.

Jón Ólafsson:* Hv. 4. þm. Reykv. er nú loks búinn að viðurkenna það, að það er ekki umhyggjusemi fyrir fjöldanum, sem liggur til grundvallar fyrir framkomu þessa frv., heldur einungis lífsskoðun þeirra fáu manna, sem að frv. standa. Hinsvegar erum við á móti frv. vegna umhyggju fyrir fjöldanum. En klaufalega þykir mér það vera til tekið í frv., að kaupa skuli eignirnar fyrir það verð, sem sannanlega hefir verið boðið í þær. Slíku boði er oft ekki viðlítandi. Merkilegt þykir mér það, að hv. þm. virðist ekki vita, að ríkið hefir aldrei styrkt hafnarmannvirki einstakra manna. (**SÁÓ:** Þetta er misskilningur). Sem dæmi má nefna, að á síðasta þingi lá fyrir ein slík beiðni, en var hafnað, af því að viðkomandi landeigandi vildi ekkert land af hendi láta. Hv. þm. ætti því að fara heim og lesa betur, áður en hann gerir sig beran að slíkri fávizku hér í þingsalnum.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég stend aðeins upp til þess að leiðrétta misskilning hv. 3. þm. Reykv. Ég sagði aldrei, að ríkið styrkti hafnarmannvirki einstakra manna eða á löndum einstakra manna. Ég sagði, að ríkið styrkti hafnarmannvirki, sem síðan orsökuðu verðhækkun á löndum og lóðum einstakra manna, og að þessi aukning verðmætanna væri betur komin í höndum hins opinbera en hjá einstökum mönnum, sem ekkert hefðu af mörkum lagt til mannvirkjanna. Það var því hrein og bein rangfærsla og útúrsnúningur, sem hv. þm. fór með.

Ég skal ekki deila við hv. þm. Borgf. um lífsskoðanir okkar; ég býst við, að þær séu næsta ólíkar. En jafnvel þótt atkvgr. fari mest eftir því, hverjar lífsskoðanir menn hafa, þá ber þó að gæta þess jafnframt, að þetta mál er fjárhagsmál, hagsmunamál fjölda bæjarfélaga og hreppa á landinu, og mér er jafnvel ekki grunlaust um, að í flokki hv. þm. Borgf. séu til menn, sem skilja það, að slíkar eignir séu betur komnar undir umráðum hins opinbera en í höndum einstakra fjárbrallsmanna. Lífsskoðun okkar jafnaðarmanna er á þessu sviði sem öðrum svo skynsamlega uppbyggð, að hv. þm. ætti að geta aðhyllzt hana, sérstaklega að athugaðri fjárhagshlið þessa máls.

Jón Ólafsson:* Ég hafði það rétt eftir hv. 4. þm. Reykv., að hann talaði um hafnarmannvirki á lóðum og löndum einstakra manna, sem hið opinbera legði fé til. En eins og ég sýndi ljóslega fram á áðan, er þetta hin mesta firra. Bæjarfélög eða ríki hefir aldrei lagt fé til slíkra fyrirtækja nema eftir að hafa fyrst tryggt sér aðliggjandi lönd og lóðir. Ef hið opinbera ætlar að ná til allrar verðhækkunar, sem óbeinlínis leiðir af slíkum mannvirkjum, þá er augljóst, að ekki verður séð fyrir endann á því. T. d. hefir hafnargerðin í Reykjavík ekki einungis skapað verðhækkun á löndum og lóðum í Reykjavík, heldur einnig upp um alla Mosfellssveit og jafnvel austur um sýsl-

ur. Ef ætti að elta ólar við slíkt, þá sé ég ekki, hvert það leiddi. Slíkt mætti æra óstöðugan. Ég held, að hv. 4. þm. Reykv. hafi ekki hugsað þetta til hlítar. Auk þess má benda á það, að allar opinberar framkvæmdir skapa verðhækkun einhversstaðar, t. d. vegalagningar ríkisins. Ef ríkið ætlar að ná til allrar slíkrar verðhækkunar, þá verður að leggja núverandi þjóðskipulag í rústir og þjóðnýta allar jarðeignir, svo glæsilegt sem það er. Ég hefi aðeins bent á þetta til þess að sýna fram á, að hv. 4. þm. Reykv. verður reyk í þessu máli sem öðrum.

Sigurjón Á. Ólafsson: Hv. 3. þm. Reykv. hefir nú viðurkennt, að hann fór rangt með orð mín í upphafi, en reynir nú að klóra í bakkann með klaufalegum útúrsnúningum. Og hann gat þó ekki farið rétt með orð mín, er hann lagði þá meiningu í þau, að hið opinbera yrði að ná til þeirrar verðhækkunar, er hafnargerðin í Reykjavík orsakaði upp um Mosfellssveit og austur um sýslur. Ég átti vitanlega einungis við þær lóðir, sem að höfninni liggja, eða eru í miðbænum. Ég held, að hv. þm. ætti ekki að bregða mér um, að ég hafi ekki hugsað eða lesið þetta mál til hlítar, úr því hann verður að reyna að fleyta sér á þvílíkum röksemdum, því sjálfur virðist hann ekkert hafa til brunns að bera í málinu.

ATKVGR.

Brtt. 151 felld með 13:9 atkv.

1. gr. felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ[1]), HStef, HG, HV, IngB, BSv.

nei: JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SvÓ, BSt, EJ, HJ, HK, JJós.

Þrír þm. (MT, TrÞ, GunnS) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

---

1) Með svofelldri greinargerð: Án þess að ég sé nema að litlu leyti samþykkur rökfærslu hv. 4. þm. Reykv., segi ég samt já:

4. Sala Hólma í Reyðarfirði.

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um sölu prestssetursjarðarinnar Hólma í Reyðarfirði (þmfrv., A. 31).

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Ég ætla ekki að hafa langan formála fyrir frv. þessu um sölu prestssetursjarðarinnar Hólma og tel það óþarft, þar sem grg. tekur fram flest þau atriði, sem máli skipta, og málið lá fyrir í svipuðum búningi á síðasta þingi. Nú eru ástæður þó að ýmsu breyttar og sitthvað upplýst, sem þá var ekki vitað, t. d. það, að prestur flytur af jörðinni til Eskifjarðar á vori komanda og hefir leigt Eskifjarðarhreppi jörðina til *fullra afnota sína prestskapartíð*. Ennfremur liggur nú fyrir álit sérfræðings, búnaðarráðunauts Pálma Einarssonar, um ræktunarskilyrði við og umhverfis Eskifjörð og telur hann knýjandi nauðsyn fyrir Eskifjarðarhrepp að fá jörðina Hólma til ræktunar. Mun þetta álit hans bráðlega verða lagt fram. Í áliti sínu tekur P. E. það ljóslega fram, að hvergi í nánd sé hægt að fá nægilegt ræktanlegt land fyrir hreppinn, nema á Hólmum. Það er að vísu rétt, að langsótt er á landi úr kauptúninu að Hólmum, en sjóleiðis örstutt og flutningar því greiðir og milliferðir.

Það er vafalaust rétt, sem P. E. tekur fram í áliti sínu, að hætta af landsnytja og mjólkurskorti vofir yfir þessu fjölmenna kauptúni og að úr henni verður eigi bætt, nema með afhendingu Hólma.

Í landi Eskifjarðarhrepps, sem yfirleitt er grýtt og ófrjótt, munu fást um 10—15 kýrfóður, og verður því að sækja í aðrar sveitir meiri hluta fóðurs fyrir þær 35 kýr, sem í hreppnum eru. En eftir fyrnefndu áliti Pálma Einarssonar þurfa íbúar kauptúnsins land fyrir 130—140 kýr, ef þörf þeirra á að fullnægja.

Fyrir 23 árum var hinum forna Reyðarfjarðarhreppi skipt í 3 hreppa: Helgustaða-, Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhreppa. En svo afkáraleg voru þau skipti,

að allar landsnytjar, sem nokkru námu, lentu í Helgustaða- og Reyðarfjarðarhreppum, en Eskifjarðarhreppur hlaut aðeins 2—3 km. strandlengju, sæbratta, grýtta og ófrjóa, sem vart mundi teljast samboðin meðalbúi í sveit og því síður getur fullnægt þeim mannfjölda, sem þarna dvelur nú.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið nú, eins og ég tók fram í upphafi ræðu minnar. Þykist ég mega fullyrða, að nefnd sú, sem málið fær til meðferðar, eigi þess kost að afla sér betri gagna og upplýsinga en kostur var að útvega á síðasta þingi. Mun líka verða um það séð, að lögð verði fyrir n. þau gögn, sem ég hefi nefnt í grg. frv. og minnzt nú lítillega á í ræðu minni.

Vænti ég svo, að frv. fái að ganga til 2. umr. og geri að till. minni, að því verði vísað til sömu n. og í fyrra, en það var hv. allshn.

Hákon Kristófersson: Um þetta frv. má segja, að það sé gamall kunningi, eða réttara sagt: afturganga frá síðasta þingi. Vildi þá svo til, að ég varð talsvert mikið við riðinn málið. En af því að enn mun því vísað til n., sem ég á sæti í, þá ætla ég ekki að halda langa ræðu á þessu stigi málsins, enda mun mér seinna gefast tækifæri til að benda á hinar mjög svo auðsæju rakaleysur, er hv. flm. telur fram í hinni stuttu grg., er hann lætur fylgja frv. að þessu sinni sem meðmæli á sölu jarðar þeirrar, sem hér er um að ræða.

Eins og í fyrra heldur hv. flm. aðeins fram annari hlið þessa máls, eða þeirri, sem snýr að kaupanda, en gengur algerlega framhjá þeim aðilanum, sem jörðina á að láta af höndum, og því sveitarfélagi, sem jörðin tilheyrir nú. Og sem veigamikla ástæðu fyrir sölunni nú telur hann þá breyt., sem orðið hefir í byggingu jarðarinnar, en hún er hvorki meiri né minni en sú, að prestur hefir hlaupið frá jörðinni, sett sig niður á Eskifirði, en leigt Eskifjarðarhreppi jarðarafnotin og selt honum hús og mannvirki þau, er hann átti á jörðinni. Þetta stendur í grg. frv. og áréttað betur í ræðu hv. flm.

En mér er ómögulegt að skilja, hvernig á að telja framkomu prests sem veigamikla ástæðu fyrir sölu jarðarinnar. Hitt finnst mér liggja í augum uppi, að líta þurfi betur eftir svona heiðursmönnum, sem hlaupa frá ábýli sínu, byggja það öðrum í algerðu heimildarleysi, að mínu áliti, og þverbrjóta því þær skyldur, er þeir hafa gengizt undir, þegar þeir tóku jörð hjá hinu opinbera til ábúðar, og eftir þessu að dæma virðast telja sig undanþegna að hlíta þeim lagaákvæðum, er gilda almennt í landinu um ábúð jarða. Og víst er um það, að bændum landsins mundi ekki haldast uppi sama framferði og presturinn á Hólmum hefir látið sér sæma og hv. flm. vill að verði til fyrirmyndar.

Hv. flm. segir, að allt sé tekið fram í grg. frv., sem mæli með sölu jarðarinnar. En eins og ég benti á, er þar aðeins talin þörf kauptúnsins til þess að fá land til ræktunar, en algerlega gengið framhjá hinum aðilanum, sveitarfélaginu, sem jörðin er í, sem og öllu öðru, er mælir á móti sölunni.

Annars vildi ég mega vekja athygli hv. þdm. á því, að þeir láti ekki hv. flm. binda sig neinum loforðum um að styðja málið þann tíma, sem líða kann þangað til það kemur aftur frá nefnd. En svona greindur og laginn samningamaður eins og hv. flm. er, gæti eflaust með fögrum fyrirmælum, sem enginn er til að mótmæla, fengið sér velviljaða menn til að taka aðra aðstöðu til málsins en þeir ef til vill annars mundu gera. Ekki vil ég þó þar með segja, að hann mundi gera það með frekju, heldur líklegra, að hann beitti sinni venjulegu kurteisi og hófsemi.

Mér dettur ekki í hug að rengja það, að sem stendur kunni að vanta mjólk á Eskifirði. En ef litið er á þann kúafjölda, sem hv. flm. telur að þurfi til að mjólka Eskifjarðarbúum, þá mun þar gert ráð fyrir meiri mjólkurneyzlu en títt mun annarsstaðar í kaupstöðum. Hv. flm. telur, að 140 kýr þurfi til þess að fullnægja mjólkurþörf kaupstaðarbúa, en þá reiknar hann 800, en þeir eru ekki nema rúm 600, svo að þarna mun um allmiklu meiri mjólk að ræða á hvert mannsbarn kauptúnsins en venja er til annarsstaðar, eins og ég hefi þegar bent á.

Ég efast heldur ekki um, að æskilegt

væri, að Eskifjarðarbúar hefðu meira af ræktanlegu landi en þeir nú hafa. En á meðan sannanlegt er, að þeir hafi tugi dagslátta af vel ræktanlegu landi í nálægð við kauptúnið, þá verð ég að halda því fram, að engin ástæða sé til að seilast eftir landi á þann hátt, að taka þetta gamla höfuðból út úr öðru hreppsfélagi. Og enn liggur ekkert fyrir, frekar en á þinginu í fyrra, um það, að leitað hafi verið álits viðkomandi hrepps um sölu jarðarinnar, eða að hún gæti orðið að samkomulagi.

Hv. flm. segir, að sömu ástæður liggi fyrir nú eins og í fyrra, sem réttlæti sölu jarðarinnar. En þær ástæður reyndust svo lélegar í fyrra, að á þeim varð ekkert byggt. Og þá mælti sóknarpresturinn á móti sölunni, en nú er hann orðinn henni meðmæltur, og finnst mér þá, að líta verði fremur á þau skoðanaskipti sem eigin hagsmuni þessa heiðursmanns, er gat selt hús sín við góðu verði með því að leigja kauptúninu jarðarafnotin. Verður það því mikið álitamál, hvort rétt sé að byggja mikið á meðmælum, sem þannig eru tilkomin.

Ég efast ekki um, að rétt sé hermt hjá hv. flm., að margt hafi kannske komið fram, er mæli með sölunni, svona frá hans bæjardyrum séð. Þetta rengi ég ekki, því að hv. flm. er, eftir því sem ég bezt veit, maður óljúgfróður, en ég vil þá um leið vekja athygli á, að margt hefir einnig komið fram, sem mælir eindregið á móti því, að jörðin verði seld. Ég sé t. d. ekki, að nein ástæða sé fyrir ríkið að farga þessari nytjajörð úr höndum sér, þó að presturinn hafi flúið hana og gera megi ráð fyrir, að hann kjósi fremur að búa í kauptúninu framvegis. Ríkið getur alltaf haft fulla þörf fyrir slíkar jarðir eins og Hólma. Og vil ég þá í því sambandi skjóta fram, hvort ekki mundi geta komið til mála að hafa dýralækni Austfirðinga búsettan á Hólmum. Ég hefi jafnan verið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri, að dýralæknar byggju í sveit, enda hafa þessi embætti verið stofnuð með hag sveitanna fyrir augum. Ég slæ þessu svona fram mönnum til nánari yfirvegunar.

Annars finn ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni. Ég er sama sinnis og í fyrra og vildi því láta það koma fram nú þegar. Ég benti á það í fyrra, og hefi einnig vikið að því nú, hvernig í pottinn er búið um þetta mál, ef svo mætti að orði kveða. Og ég hefi spurt, hvernig hreppsfélaginu mundi farnast, ef horfið yrði að þessu ráði, en svör hv. flm. hafa ýmist engin verið eða þá út í hött.

Að hið dulda verðmæti jarðarinnar komi því aðeins að notum, að Eskifjarðarkauptún nái eignarhaldi á henni, dettur mér ekki í hug að trúa að svo stöddu. A. m. k. hefir ekkert það verið fram borið enn, er sanni, að svo þurfi endilega að verða. Mér hefir líka verið sagt af kunnugum mönnum, að ekki mjög fjarri kauptúninu liggi aðrar jarðir með góðum ræktunarskilyrðum, og það er enn sem komið er ósannað mál, að kauptúnið geti ekki einmitt þar fengið nægjanlegt land til ræktunar.

Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta að sinni, en vænti, að hv. flm. og minn góði vinur taki mér ekki illa upp, þó að ég hafi tekið svona vinsamlega í málið og reifað það á dálítið annan hátt en hann hefir gert.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Mér er hvergi nærri ljóst, hvers vegna hv. þm. Barð. mælti af svo miklum móði gegn frv. þessu. Hann gefur í skyn, að ég hafi dregið eitthvað undan í framsögu, sem koma þyrfti fram máli þessu til skýringar, og lætur í veðri vaka, að með því sé hv. þdm. villt sýn. Þetta er því einkennilegra hjá honum, sem öll aðalgögn málsins eru tekin fram í grg. frv.

Mér fannst, að skilja mætti á orðum hv. þm., að hann gerði ráð fyrir, að Hólmar ættu eftir söluna að leggjast undir Eskifjarðarhrepp. En svo er ekki. Jörðin verður eftir sem áður í Reyðarfjarðarhreppi og gjaldstofn þess hrepps. Enginn mundi vefengja rétt Reyðarfjarðarhrepps til álagningar á atvinnu þá, sem stunduð væri á Hólmum, eða búrekstur þann, sem Eskifjarðarhreppur stundaði þar, og líkurnar allar benda til þess, að sá búrekstur yrði styrkari gjaldstofn en sá, sem nú er við Hólma bundinn.

Þess verður hér að geta hv. þm. Barð.

og öðrum til skýringar, að landkostir Hólma eru aðeins nokkur hluti þess lands, sem Reyðfirðingum liggur opið til ræktunar. Þrjár víðáttumiklar og landkostaríkar jarðir aðrar en Hólmar liggja umhverfis kauptún Reyðarfjarðar, og er því fyrirsjáanlegt, að land er þar nægt til ræktunar um langt árabil, jafnvel þótt fólki fjölgaði þar jafnört og á Eskifirði. Hinsvegar er um ekkert land að ræða í Eskifjarðarhreppi til ræktunar eða sumarbeitar, og því óumflýjanlegt að leita þess þar í grendinni, sem landkostir mestir liggja ónotaðir. Engum heilvita manni mundi til hugar koma að vísa íbúum þessa landlausa kauptúns á land ofan heiðar í 50 rasta fjarlægð, þegar tugir eða jafnvel hundruð hektara af auðræktuðu landi liggja þarna lítt notaðir á næstu grösum við kauptúnið, þótt í öðrum hreppi sé.

Hv. þm. Barð. sagði, að mér væri kappsmál að fá borgið þessu máli og þess vegna ætti ekki að gefa því gaum. Jú, mér er það kappsmál að bæta úr átakanlegri þörf þessara manna, sem hér hafa leitað á náðir þingsins og beðið mig ásjár, enda er í þessum málflutningi um þá sanngirniskröfu að ræða, sem ekki verður hrundið með neinum yfirvarpsrökum.

Hv. þm. Barð. lézt vilja vísa Eskfirðingum til landnáms og ræktunarlands í hinni fornu landnámsjörð Eskifirði, en um hana er sama að segja og Hólma, að hún liggur í Reyðarfjarðarhreppi; er auk þess í einstaklingseign og tæpast föl, nema við afarverði; enda ræktunarmöguleikar þar mjög takmarkaðir eftir áliti búnaðarráðunauts Pálma Einarssonar, sem næstliðið sumar rannsakaði aðstöðumöguleika alla til að bæta úr landsnytjaskorti kauptúnsins og gefið hefir um það glögga skýrslu.

Mér finnst hv. þm. Barð. hafi í máli þessu hlaupið ófyrirsynju fram fyrir skjöldu. Hann er með öllu ókunnugur austur þar og dæmir í þessu máli eins og blindur um lit. Þess vegna tel ég óþarft að vera að karpa við hann um þetta mál, enda treysti ég hv. allshn. að taka til greina gögn þau, sem fyrir liggja, og afgreiða málið hleypidómalaust.

Hákon Kristófersson: Ég vildi ekki á neinn hátt hafa móðgað minn góða vin, hv. 1. þm. S.-M. Hann segir, að ég dæmi eins og blindur um lit í þessu máli. Má það kannske til sanns vegar færa að því leyti, að ég hefi ekki sjálfur stigið fæti á þær slóðir, sem um er að ræða. En ég hélt, að ég mætti óáreittur hafa mínar skoðanir og líta á málið frá mínu sjónarmiði. Annars get ég upplýst hann um það, að ég hefi aflað mér ýmsra gagna hjá mönnum, sem eru kunnugir austur þar og líta á málið frá báðum hliðum, en það gerir hv. flm. ekki, eins og ég hefi þegar tekið fram. Hinsvegar man ég ekki betur en að hér væri á ferðinni í fyrra samskonar mál, borið fram af samþm. hv. flm. og sem hv. 1. þm. S.-M. vílaði ekki fyrir sér að drepa. Það mál virðist mér nú endurvakið hér á þskj. 41, sem verið var að útbýta, og mun þá sennilega sjást á sínum tíma, hver aðstaða hv. 1. þm. S.-M. er til þessa máls. Hitt man ég, að undarlegt þótti í fyrra, að hann skyldi leggjast á móti þingbróður sínum, hv. 2. þm. S.-M., í samskonar máli og hann vildi sjálfur koma fram.

Annars skaut upp í ræðu hv. flm. einni ástæðunni enn, sem réttlæta ætti þessa jarðarsölu, og hún skildist mér vera sú, að Hólmar yrðu eftir sem áður í Reyðarfjarðarhreppi. En sú ástæða finnst mér nokkuð tvíræð. Hugsazt gæti, að Eskifjarðarhreppur sæi sér hag í því að setja fátæklinga niður á Hólma við einhver smávegis jarðarafnot. En þeir fátæklingar gætu þá orðið sveitlægir í Reyðarfjarðarhreppi, og sjá allir, hvaða hlunnindi það mundu verða fyrir hreppinn þegar stundir líða. Ef Hólmar verða seldir Eskifjarðarkauptúni, þá leiðir af sjálfu sér, að jörðin verður að innlimast í Eskifjarðarhrepp, sem tekur þá á sig allar skyldur og kvaðir við ábúendur þá, sem kunna að verða á jörðinni. En færi svo, sem ég tel líklegt, þá er fullkomlega heimilt að ætla það, að með þeirri innlimun fylgdu þá allar þær jarðir, sem eru á milli Hólma og Eskifjarðar. Og mætti þá með sanni segja, að Reyðarfjarðarhreppur missti allmikinn spón úr aski sínum.

Hv. flm. segir, að öll aðalgögn málsins séu tekin fram í grg. frv. Sem svar upp á það vil ég beina því til hv. þdm. að

kynna sér grg. Vænti ég þá, að þeir sjái, að hún er gersnauð af rökum og í því skyni einskis virði.

Þá benti hv. flm. á þrjár víðáttumiklar landkostajarðir, sem Reyðfirðingum lægju nærri til ræktunar. Það lætur nokkuð undarlega í eyrum að heyra þessa staðhæfingu hv. flm. nú, því að í fyrra undir umr. þessa sama máls, er hér liggur nú fyrir, komst hann þannig að orði um þessar landkostajarðir, sem hann bendir nú til, að það séu smákot. En samræmið! Og þetta eiga hv. þdm. að taka sem góð og gild rök!

Þetta læt ég mér nægja að sinni, enda mun tími til síðar að ræða nánar ýms atriði máli þessu viðkomandi.

Lárus Helgason: Mér fannst aðalþráðurinn í ræðu hv. þm. Barð. að skora á okkur þdm. að láta ekki hv. 1. þm. S.-M. fleka okkur til stuðnings við þetta mál. Hv. þm. Barð. taldi hv. 1. þm. S.-M. svo laginn að vinna menn til fylgis sér, að búast mætti við, að hann sæi máli þessu borgið án íhlutunar hv. allshn.

Ég hefi ekki orðið þess var, að hv. 1. þm. S.-M. væri að biðja þm. að styðja mál sín á milli þingfunda, enda mun það alls ekki venja, hvorki hans né annara hv. þm., að reyna að taka loforð af samþm. um stuðning við þetta mál eða hitt. Enda ætti það að vera sjálfsögð regla, að heilbrigð skynsemi og sannfæring hvers einstaks þm. réði málalokum hér á þingi. Þess vegna vildi ég mótmæla þeim aðdróttunum, sem fólust í ræðu hv. þm. Barð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 177).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson): Ég býst við, að hv. dm. kannist við þetta frv. frá því í fyrra, sem kemur að miklu leyti óbreytt, en aðeins gengið nokkuð betur frá um sölu húsa prestsins, sem aðeins sá prestur þyrfti með, er væri ábúandi jarðarinnar.

Það var í frv. í fyrra, þskj. 87, gert ráð fyrir að undanskilja allmikla varphólma og nokkuð af heimalandinu, ef presturinn vildi heldur búa þar, en þetta frv. gefur aftur stj. heimild til að skilja eftir sæmilega ræktaða spildu. sem mundi nægja fyrir smábýli, því presturinn flytur á Eskifjörð og mun ætla sér að búa þar eftirleiðis. En það er miklu betur til fallið, að annað land jarðarinnar, sem hefir ágæt skilyrði til ræktunar, falli undir Eskifjörð, þar sem þær jarðir, sem að kauptúninu liggja, eru litlar og illa fallnar til ræktunar og líka svo dýrar, að kauptúninu er ómögulegt að kaupa þær, nema þá með okurverði.

Ég hefi látið prenta hér álit hr. Pálma Einarssonar jarðyrkjuráðunauts, sem hefir samkv. beiðni athugað allar ástæður þar eystra og gefið allítarlega lýsingu á öllu; læt ég mér því nægja að vísa til nál. Hann hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ágætlega séu fallnir til ræktunar 100—120 ha. af landi jarðarinnar, sem hægt væri að framfleyta á 75—100 kúm, er nægja myndi til að bæta úr þeim tilfinnanlega mjólkurskorti, sem Eskifjörður á við að búa.

Það þarf ekki að flytja langa ræðu um það, að þar sem kauptúnið er í landsvelti, en jafnágæt jörð og Hólmar í nánd, þá er sjálfsagt að láta kauptúnið fá jörðina.

Hákon Kristófersson: Ég ætla ekki að vera að ergja sjálfan mig á því að halda langa ræðu um þetta mál, enda hafði ég líka gleymt því, að málið var á dagskrá að þessu sinni, og því ekki skrifað neitt hjá mér um helztu atriði þess, enda var þess ekki þörf, því að ég skrifaði allítarlegt nál. um málið í fyrra, og það hefir sem sé ekkert gerzt í því síðan, sem geti breytt aðstöðu hv. þm. til þess.

Ég sagði, að það hefði ekkert gerzt í málinu. Ég skal þó viðurkenna, að það er kannske ekki alveg rétt, vegna þess að orðalagi frv., sem hv. 1. þm. S.-M. er flm. að, hefir verið breytt, svo að það er dálítið öðruvísi en í fyrra. Með frv. því, sem hv. þm. bar fram fyrir hönd Eskfirðinga í fyrra, fór hann ekki lengra en heim að túngarðinum á þessu fornfræga höfuðbóli, Hólmum; þar lét hv. þm. og

þeir, sem hann var forsvarsmaður fyrir, þá staðar numið. En nú hafa þeir horfið að því ráði að fara yfir alla jörðina, en til þess að láta líta svo út, að þeir ætli ekki að hafa neina ágirnd í frammi, vilja þeir undanskilja varphólma staðarins og nokkurt óræktarland, sem mætti að þeirra dómi nota fyrir prestssetur, sem þeir þó gera ráð fyrir, að aldrei verði á Hólmum.

Ég ætla að bera það undir hv. d., hvort hún mundi ekki telja nær sanni, að í framtíðinni yrði eitthvað svipað um viðskipti Eskfirðinga og landsstj. og var um viðskipti Barkar digra og Snorra, þegar salan eða arfaskiptin á Helgafelli fór fram þeirra á milli. Mér er dálítið sárt um þess jörð, því að henni fylgir hið mesta varpland, sem fylgt hefir nokkurri jörð á landi hér, og verið hefir í eigu hins opinbera, þó að svo sé frá skýrt, að það sé nú horfið að mestu. En hverjir hafa þá unnið að þessari afturför? Vitanlega Eskfirðingar. Og ég hefi heldur aldrei vitað þann undirlægjuhátt, að ræningjar væru sæmdir einhverjum heiðurslaunum að ráninu loknu. (**GunnS**: Kannske það eigi að leggja Eskifjörð niður?) Ekki ætlast ég nú til þess, en á hinn bóginn má ekki láta ræningjana vaða inn í mitt land beztu jarða og taka það af landinu, sem þeim sýnist og launa með því ágirnd og yfirgang, ef til vill. Ég vil a. m. k. ekki láta það verða fast með mínu jákvæði, að kauptúnin geti spennt sínar ágirndar- og ránshendur yfir sveitirnar, til þess að gera þær minni máttar en þær eru.

Því er haldið fram, að nú liggi það fyrir, sem ekki lá fyrir í fyrra, en það er jákvæði viðkomandi prests fyrir sölunni; en það lá líka fyrir í fyrra, í upphafi málsins. Það lá fyrir á meðan hann vonaði, að Eskifjörður myndi kaupa húseignir hans, en þegar Eskfirðingar sáu sér engan hagnað í því, þá snérist hann á móti málinu, og í seinna bréfi sínu til biskups gerir hann ráð fyrir því, að það komi ekki til á næstunni, að hann hætti að búa. En nú hefir hann ekki aðeins hætt að búa, heldur hefir hann byggt kauptúninu jörðina í algerðu heimildarleysi. Veit ég, að mér sem bónda hefði ekki verið talið sæma, ef mér hefði verið trúað fyrir góðri jörð, að ég hefði leyft mér að fleygja henni í hendurnar á hverjum leigjanda, sem hafa vildi, og hlaupa sjálfur burt frá henni.

Einn virðulegur heiðursmaður hefir sagt mér, að í ráði væri að flytja nær alla töðu burt frá Hólmum og til Eskifjarðar á komandi sumri; ennfremur sagði mér sami maður, að svo yrði um búið, að jörðin missti einskis í við þessa skipan. Já, trúi því hver sem vill, að á meðan þetta höfuðból er í þessari óvissu ábúð, að hver ábúandi muni gera sitt ítrasta til þess að hlynna að því!

Ég minntist á það áður viðvíkjandi varphólmunum, að það vekur undrun mína að sjá það og heyra, að gert er ráð fyrir því, að varpið eigi að vera það, sem prestssetrið skuli eiga eftir af jörðinni. Og hverjir skyldu svo eiga að gæta þess? Náttúrlega þeir, sem næstir eru af íbúum Eskifjarðar. Það er heldur ekki á kot vísað, það eru líklega sömu mennirnir, sem hafa með sínum ágætu tækjum komið því til vegar, að varpið hefir rýrnað stórmikið á síðustu árum. Vitanlega verður sú rýrnun ekki minni, þegar Eskfirðingar verða ábúendur á Hólmum og þeir hafa ef til vill daglega umferð að vorinu í námunda við varplandið.

Ég hefi aldrei reynt að hrekja það, sem sjálfsagt eru fyllstu sannindi, að Eskifjarðarkauptún vanti eitthvert land til ræktunar, en hinu hefi ég leyft mér að halda fram, að ekki sé byrjað á réttum stað til að ráða bót á því, með að taka þetta fræga og merkilega höfuðból.

Það er sagt í grg. þessa frv., að það megi finna fyllstu rök, sem heimili söluna, á tilsvarandi þskj. frá í fyrra. En það vill nú svo vel til, að öll þau rök, sem talin voru þá, voru hrakin í fyrra, en það sýnir, að ég fer hér með rétt mál, eins og ég geri ætíð, er ég mótmæli því, að nokkuð það hafi komið fram í málinu frá í fyrra, er réttlætt geti framgang þessa frv. Vona ég þess vegna, að hv. deild hverfi að því ráði að fella þetta frv., þótt sami hv. meiri hl. allshn. og í fyrra hafi lagt til, að frv. verði samþ. Ég verð að segja það, að það þarf allmikinn kjark til að bera þegar fram frv. á næsta þingi, sem fellt hefir verið árinu áður, þegar sömu mennirnir eiga um það að fjalla; en það er ekki svo ótítt, að menn

séu svo þráir að gera það, en hinsvegar vonast ég líka til, að sá hringlandaháttur eigi sér ekki stað innan d., að þeir menn, sem ekki sáu sér fært að samþykkja þetta í fyrra, hafi nú snúizt, enda hafa engin rök komið fram fyrir sölunni önnur en þau, sem fyrir hendi voru í fyrra, sem vitanlega voru engin.

Hv. meiri hl. segir í nál. sínu viðvíkjandi undanfellingu varphólmans og þeirrar spildu, sem á að draga undan, að það sé gert til þess að prestar gætu átt kost á að stunda búskap á Hólmum, ef þeir æsktu þess. Já, að hugsa sér, að jafnágætir menn og þeir, sem skrifað hafa undir þetta nál., skuli sjá sér fært að komast þannig að orði, því að það er fyrirfram vitað, að þetta er algerlega gagnslaust, og því skyldi þá vera horfið að því ráði að selja hið ræktaða land hins fornfræga höfuðbóls, ef búizt er við, að presturinn muni á næstunni eða kannske síðar vilja nota jörðina, og eiga þá aðeins eftir þessa óræktuðu landsspildu? Þó segir sami hv. meiri hl. í nál. sínu, að litlar líkur séu til þess, að prestar muni framvegis óska að búa á Hólmum. En þótt litlar líkur séu, þá leggur hv. meiri hl. n. samt til, að þessi hluti jarðarinnar sé undanskilinn sölunni, náttúrlega þangað til þessi fáu pund af dún, sem enn má fá í Hólmalandi, eru úr sögunni; þá má kannske bæði selja varphólmann og spilduna. En ég ímynda mér, að Eskfirðingar vilji þá með hvorugt hafa, því að þeir hugsi með sjálfum sér, að hægur sé heimafenginn baggi, og fari þá ekki að kaupa landið, því það yrði ekki á burtu flutt, en enginn mundi vilja kaupa það neinu verði að Eskfirðingum frágengnum. — En þó að langt væri gengið í fyrra, verð ég þó að segja það, að nú er svo langt farið, að ég hélt, satt að segja, að jafnvelviljaður maður og hv. 1. þm. S.-M. segist vera sveitunum, myndi ekki hafa áræði til að taka allt þetta fornfræga höfuðból og leggja það undir eitt kauptúnið. Já, en það getur verið nokkuð dýrkeypt hjáp. En hinsvegar má náttúrlega ganga inn á, að þetta sé alveg rétt hjá þeim, er vilja selja þetta fornfræga höfuðból. En þá eru menn jafnframt búnir að viðurkenna, að þeir hugsi sér að gera allt landið að einu fiskiveri á fáum árum. Og fyrir þá, er þannig hugsa, er vitanlega bezt að taka stærstu jarðirnar og helztu höfuðbólin fyrst af öllu.

Ég vænti, að hv. þdm. séu mér sammála um það, að meðmæli viðkomandi prests með sölunni sé einskis virði. Meðan salan rakst á eigin hagsmuni hans, var hann eindregið á móti henni. En nú, þegar þeir eru ekki lengur til fyrirstöðu, étur hann allt ofan í sig. (**JAJ:** Þetta er ljóta lýsingin!). Það er hinn heiðvirði prestur, sem hefir lýst sér svona sjálfur með verkum sínum. Ég hefi aldrei heyrt hann né séð og þekki ekkert til hans, nema hringlandann í þessu máli.

Annars hafa Eskfirðingar ekki verið á einu máli um þessi kaup, að því er ég bezt veit. En þeir, sem vilja kaupin, eiga ágætan foringja, þar sem er oddviti hreppsins. Það er skynugur maður, sem hefir í þessu máli farið allar götur, sem hann hefir talið sér færar sem heiðursmanni, til að koma fram sínum málstað. Hann hefir nú lyft því Grettistaki að ná viðkomandi presti á sitt band. Hefi ég það fyrir satt, að hann hafi skotið skjólshúsi yfir prestinn inni á Eskifirði. Dettur mér nú ekki í hug að drótta neinu óheiðarlegu athæfi að þessum mönnum, en þó er sú gáta mín, að þarna hafi hagsmunir þessara tveggja manna getað runnið saman á þann hátt, að báðir hafi hagsmuna að gæta.

Það er till. mín til hv. deildar, að frv. verði fellt og vil ég biðja hæstv. forseta að láta fara fram nafnakall um það. Vil ég, að eftirkomendur vorir þurfi ekki að vera í vafa um það, hvað þeir hétu þingmennirnir á þjóðhátíðarþinginu, sem hurfu að því ráði að hrifsa stórbýli landsins og fornfræg höfuðból undir kauptún og sjávarþorp.

Sveinn Ólafsson: Ég hefi verið að spyrja sjálfan mig um það undir ræðu hv. þm. Barð., hvort hann mundi vera fyllilega sjálfráður athafna sinna og orða í þetta sinn. (**HK:** Það mætti kannske fá Helga til að skoða mig). Og ef hv. þm. er sjálfrátt, þá er ég hissa á, að honum skuli koma til hugar, að hann geti grandað þessu máli með fúkyrðum og ókvæðisorðum um aðilja málsins. Hann sagði m. a., að „ágirndar- og ránshendur“ Esk-

firðinga væru að seilast eftir bráð í aðra hreppa, og fleiri orð hans voru mótuð af álíka óviturlegum meinyrðum. En hv. þm. komst aldrei að aðalatriði málsins, nauðsyn Eskfirðinga á landi. Hv. þm. veit, að þarna er saman kominn fjöldi manna, sem beinlínis líður skort á landsnytjum. Þessa menn vantar mjólk og garðávexti og þeir hafa engin tök á að bæta úr þessum skorti, vegna þess að kauptúnið er landlaust. Hv. þm. heldur því fram nú sem áður, að auðvelt sé að bæta úr þörf þessara manna með öðrum hætti en sölu Hólma, enda þótt hann fullyrði ekki nú eins djarflega um þessa útvegi og áður. Eiginlega benti hann ekki á neinar leiðir til þessa nema ef telja skyldi það, sem hann var að tæpa á kaupum á jörðinni Eskifirði. En sú jörð er líka í Reyðarfjarðarhreppi, eins og Hólmar, og er auk þess einkaeign. Er mér kunnugt, að tilraun hefir verið gerð til að fá hana keypta, en hún reyndist eigi föl, nema þá gegn afarverði. Sú jörð mundi ekki heldur geta fullnægt þeirri þörf, sem fyrir hendi er, nema í mesta lagi að einum fjórða hluta, og get ég í þessu efni vísað til álitsskjals Pálma Einarssonar ráðunauts, sem prentað er eins og fylgiskjal í áliti hv. allshn. — Hv. þm. sagði ennfremur, að alla sönnun vantaði fyrir því, að hér væri um nokkra þörf að ræða. Ég veit nú ekki, hversu kröfuharður hv. þm. er um sannanir, en nokkur sönnun finnst mér þó fólgin í gögnum þeim, sem hér hafa verið lögð fram, umsögn ráðunautsins, sem ég nefndi áðan, og mannanna sjálfra, sem við þetta eiga að búa, og annara kunnugra manna.

Ýmsum staðleysum hv. þm. Barð. verð ég að sleppa, get ég ekki verið að eltast við þær. En það hugði ég, að hann mundi gjalda varhuga við að haga orðum sínum svo, sem hann gerði í þessari ræðu. Hann talaði um, að áður hefði verið ágætt varpland á Hólmum, en hefði nú gengið mjög úr sér vegna **ágengni** Eskfirðinga. Þessar fjarstæður hljóta að stafa af ókunnugleika eða gremju hv. þm. Það geta allir séð, hvílík fjarstæða þetta er. Áður var mjög friðsælt og rólegt þar, sem varpið er, en nú er þar mikil umferð, sem leiðir af auknum skipaferðum og breyttum atvinnuháttum. Og það bið ég menn vel að muna, að umferðin hjá varplandinu er alls ekki til Eskifjarðar eða þaðan, heldur til Reyðarfjarðar. Eskfirðingar eiga sjaldan leið um það svæði, eins og öllum má ljóst vera, sem staðhætti þekkja. Þess vegna er það hin mesta fjarstæða, að kenna þeim rýrnun varpsins á Hólmum. Allt, sem hv. þm. sagði um þetta, var því talað út í hött, enda er hann svo gerókunnugur á þessum slóðum, að hann getur ekkert um þetta mál borið, nema eftir villandi eða misskildum frásögnum annara. (**HK**: Þær breytast kannske frá ári til árs, eins og upplýsingar hv. 1. þm. S.-M.).

Það sýnist mér vera nokkuð langsótt aðdróttun hjá hv. þm., er hann þykist ætla að sanna af flutningi þessa máls, að ég beri óvildarhug til sveitanna. Slíkt er ekki svara vert. En það, sem hér er farið fram á, er, að bætt verði úr brýnni þörf nokkurra kauptúnsbúa, með því að leyfa þeim að rækta arðlítið eða arðlaust land í nágrannahreppi, land sem er nú opinber eign. Og ríkið á enga aðra jörð þarna í námunda, sem tiltök eru að nota á þennan veg. Auk þessa vil ég benda hv. þm. á það, að sú aukna ræktun landsins, sem við báðir viljum efla, breiðist einmitt út frá kaupstöðum og kauptúnum, þar sem margmenni er saman komið og þar sem þörfin er aðkallandi fyrir afurðir landbúnaðarins. En sú aukna landrækt fæst ekki, nema landið sé látið falt til ræktunar.

Hv. þm. þótti það fráleitt, að í frv. er varplandið undanskilið sölunni, líklega af því, að hann býst við, að Eskfirðingar fari ránshöndum um það, eins og hann svo góðgjarnlega kveður að orði, og spilli því fyrir presti á skömmum tíma.

Nú er það svo eftir frv., að undan sölunni á fleira að skilja en varpið, sem sé öll ítök, er Hólmar eiga utan heimalands, og eru þau mikils virði. Staðurinn á t. d. rekarétt á ýmsum stöðum, ennfremur Seley o. fl. Þessi ítök hafa vitanlega alveg sama gildi fyrir prestinn, hvort sem hann nytjar þau frá Hólmum eða frá Eskifirði. Og að þeim er eftir haldið við söluna,gerir það að verkum, að heimatekjur prests verða meiri en ella, en framlag ríkisins í prestslaunasjóð að sama skapi minna.

— Það er alveg augljóst mál, að presturinn getur og haft full not varphólmanna, þótt hann búi á Eskifirði. Þaðan er ekki nema svo sem 10 mín. róður yfir fjörðinn og sem svarar stuttri stekkjargötu, eftir að á land er komið, til varphólmanna. Það er svo sem engu erfiðara að gæta varpsins frá Eskifirði en heiman frá Hólmum, því að varpið er fjarri bæ.

Vil ég nú ekki tefja málið með frekari umr. Tel ég líka víst, að það gangi rétta boðleið gegnum Alþingi og að allir heilskyggnir menn sjái og viðurkenni, að hér er um fullkomið sanngirnismál að ræða.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson): Ég tek undir það með hv. þm. Barð., að ég hafði nærri gleymt þessu máli, enda skrifaði meiri hl. allshn. á sínum tíma allítarlegt nál., einmitt í því skyni, að ekki þyrfti að eyða miklu af dýrmætum tíma þingsins til umr. um það, er mörg merk mál bíða afgreiðslu. — Flestar hinar sömu ástæður mæla með þessu frv. nú eins og í fyrra, aðeins hefir við bætt eitt stórt atriði, að búið er að ná samkomulagi við prestinn á Hólmum. Þótt það samkomulag vantaði í fyrra, þótti mér sjálfsagt, að málið fengi fram að ganga þá, og er það því enn sjálfsagðara nú. — Rök hv. þm. Barð. voru í sjálfu sér veigalítil. Honum var það sýnilega tilfinningamál, að ekki mætti leggja niður gamalt og fornfrægt höfuðból. En rás tímans er nú þessi, að þegar slík jörð sem þessi liggur nærri kauptúni, hlýtur hún að verða lögð undir ræktun handa íbúum kauptúnsins. Hv. þm. var að tala um hershöfðingja, er brytu undir sig lönd og færu um með eldi og eyðingu. En hér er nákvæmlega þveröfugu máli að gegna. Kauptúnið er að brjóta undir sig landið til þess, að það verði betra og blómlegra en áður. — Hv. þm. var að tala um, að nú væri farið að flytja töðuna af túninu burtu frá Hólmum. Ég veit ekkert um þetta, en sé það rétt, má auðveldlega bæta úr því, með því að bera útlendan áburð á túnið. — Þá talaði hv. þm. loks um varpið á Hólmum, að það mundi hafa spillzt vegna nálægðarinnar við Eskifjörð, og lét þung orð falla til Eskfirðinga í því sambandi. Það er nú ekki ósennilegt, að varpið hafi eitthvað spillzt, en ég hygg, að það sé mest vegna þeirra samgangna, sem nútíminn hefir heimtað um þessar slóðir. Og þar tjáir ekki að spyrna við broddunum. Eða vill hv. þm. leggja niður veginn austur vegna þess, að kríuvarpið, sem áður var í Mosfellssveit, hefir spillzt vegna umferðarinnar austur? — Frá hvaða sjónarmiði, sem á þetta mál er litið, er sjálfsagt, að svona stórt kauptún, sem er í algerðu landsvelti, fái það land, sem ríkið getur látið því í té til ræktunar.

Hákon Kristófersson: Hv. frsm. sagði eitthvað í þá átt, að illa væri farið með dýrmætan tíma þingsins með því að ræða þetta mál. Hann álítur málið þá ekki mikils virði, þótt hann berjist fyrir því af kappi. Hv. frsm. gerði lítið úr rökum mínum og sagði, að afstaða mín mundi mest byggð á tilfinningum. Já, þeir gerast nú margir, sem rannsaka hjörtun og nýrun. Hafði ég ekki haldið, að hv. 2. þm. Rang. væri neinn sérfræðingur í því að rannsaka innýfli manna, og mjög vil ég draga í efa mannþekkingu hans. Hitt verð ég að segja, að hann er skapað prúðmenni og áreitnislaus!! (**GunnS:** Er það nú víst?). Ef hv. þm. verður sekur um áreitni við nokkurn mann, þá er ég viss um, að það er ekki hans eigin betri maður, sem ræður, heldur er hann undir lakari utanaðkomandi áhrifum. — Þá talaði hv. þm. um, að það mundu vera samgöngurnar við Eskifjörð, er hefðu eyðilagt varpið á Hólmum. Ég sagði ekkert annað en satt er um eyðilegging varpsins og þá Eskfirðinga. Og mér þykir leitt, ef minir kæru þingbræður mega ekki lengur heyra sannleikann sagðan hér í hv. deild. Eða eru menn orðnir svo afvanir því að heyra satt orð sagt nú í seinni tíð, að það láti illa í eyrum þeirra? — Hv. þm. sagði, að ég hefði gert mikið úr vottorði prestsins í fyrra, en vildi ekkert mark taka á því nú. Ég vil aðeins benda honum á, að þessu máli víkur nú allt öðruvísi við en þá. Ég hefi sýnt fram á, að hinn ágæti kennimaður hefir algerlega snúizt gegn sjálfum sér í málinu, eftir því sem það horfði við eigin hagsmunum hans. Og á slíkum vottorðum verður lítið mark tekið. Þetta mega bæði hv. frsm. og hv. 1. þm. S.-M. muna. — Annars gaf ræða hv.

frsm. mér ekki tilefni til verulegra andsvara. Hún var hógvær, eins og þessi hv. þm. er hversdagslega, en um rök var vitanlega ekki að tala. En sé hann sjálfur ánægður með hana og ímyndi hann sér, að hann hafi unnið hv. þingheim á sitt mál með henni, þá vil ég ekki fara að draga úr ánægjunni hjá honum eða vekja hann úr sínum sætu ímyndanadraumum.

Hv. flm. fór í síðustu ræðu sinni að láta í ljós efa um það, að mér væri sjálfráð hegðun mín í þessu máli. Þetta verður hann auðvitað að meta fyrir sjálfan sig, eftir því sem hann hefir vit til, og get ég engar hömlur lagt á skynsemi hans. En ég þykist ekki hafa sagt eða gert neitt óviðurkvæmilegt í þessu máli. Hv. flm. kom með það, að ekki kæmi til mála að fara að þrátta við mig um röksemdir mínar. Þetta er vanaviðkvæðið hjá þessum hv. þm. Alveg eins sagði hann hér í hv. deild í gær, þegar allt hafði verið rekið ofan í hann og hann gat ekkert borið fram af skynsamlegum rökum eða sannmælum.

Þegar hv. flm. fór að tala um varpið og Eskifjörð, datt mér í hug gamangrein í „Speglinum" nýlega, um mennina, sem áttu að gera mikið myrkur. Já, svo mikið myrkur, að enginn gæti séð handa sinna skil. Um framkomu hv. þm. í þessu máli og mörgum fleirum má víst með sanni segja það, að hann hefir fullan vilja á að gera flest mál svo myrk og torskilin, að sem fæstir sjái hið raunverulega. Hv. þm. segir í fyrstu, að Eskfirðingar geti ekkert mein hafa gert varpinu, af því hvað það sé óttalega langt frá þeim. En rétt á eftir, í dálítið öðru sambandi, er þessi sama vegalengd ekki orðin nema 10 mín. róður og svolítill spölur að ganga. Svona notar hv. 1. þm. S.-M. sína orðlögðu skynsemi! Hv. þm. þarf ekki að vera neitt hvumsa við því, þótt sagt sé frá því, sem allir vita, að Eskifirðingar hafa skotið æðarfuglinn á þessum slóðum. Þetta hefir hv. þm. líka sjálfur viðurkennt, þegar hann hefir verið í þeim hamnum að fara með sannleikann, — og ég vil nú halda, að hann reyni jafnaðarlegast að fara með sem minnst ósannindi, enda þótt hann grípi stundum til þeirra í vandræðum sínum. Það er því alveg óþarfi fyrir hv. þm. að fara nokkuð að setja sig á háan hest, þótt hann rekist á mann hér í hv. deild, sem hefir djörfung til að segja sannleikann upp í opið geðið á honum. Ég held, að hann búi í sliku glerhúsi, að honum væri eins gott að fara ekki óvarlega með grjótið. Það má vera rétt hjá honum, að mínir vitsmunir séu næsta takmarkaðir. En það, sem þeir ná, hefi ég aldrei notað þá til að leiða aðra bak við ljósið. Og væri betur, að allir hv. þm. gætu sagt hið sama.

Hv. þm. hefði sízt átt að tala um, að ég viðhefði brigzlyrði. Á ég að fletta upp í vissri ræðu frá fyrri árum, þar sem hv. þm. ber öðrum á brýn kókainneyzlu o. fl. o. fl. Ég vil heldur ráðleggja hv. þm. að láta það vera að fara í nein brigzlyrði við mig; hann sem er þekktur fyrir að vera manna áreitnastur og ósvífnastur í ummælum sínum um andstæðinga sína, sérstaklega þó, þegar þeir heyra ekki. (Forseti hringir). — Ég hefi nú máske sagt eitthvað, sem ekki mátti segjast, fyrst hæstv. forseti hringir. En ræða hv. þm. var ekkert annað en einn rangfærsluvefur, blekkingar og útúrsnúningur, eða m. ö. o. nákvæm lýsing á hv. þm.

Hv. þm. segir, að ég sé ókunnugur staðháttum þar eystra. Það er ekki rétt. Ég hefi þau gögn í höndum og umsögn kunnugra manna við að styðjast, að mér er vel ljóst, að allt, sem ég hefi um þetta sagt, er á fullri þekkingu byggt. Þeir menn, er ég hefi mínar upplýsingar frá, eru eins merkir menn og hv. 1. þm. S.-M., sem í þessu máli hefir reynt að færa hin réttu rök bak við ljósið, til að villa mönnum sýn. Hv. þm. heldur víst, að ég sé ókunnugur varplöndum og hann geti því villt mér sýn í meðferð þeirra. En ég veit það vel, að eigi kemur að sök, þótt farið sé um varplönd daglega, ef það er gert með fullri varúð. Ég get unnað hv. þm. þess að koma þessu slæma máli fram á því herrans ári 1930. Hv. þm. hefir víst notað tíma sinn vel með því að ganga um milli þm. til að afla því fylgis, ef svo á að fara. Að öllu óbreyttu mundi það varla takast, þar sem frv. um þetta sama féll með miklum atkv.mun í fyrra.

Að lokum vil ég beina þeirri ósk til hv. þm., að hann vægi mér hvergi. Ef hann kastar að mér hnútum þá er ég maður

til að kasta þeim til hans aftur, enda þótt hæstv. forseti hringi. Ég óska ekki eftir neinni linkind mér til handa í þessu máli, hvorki frá honum né öðrum. Ég hefi ekkert annað en sannleikann fram að færa, og þar sem ég hefi ekki sýnt mótstöðumönnum mínum neina hlífð við að segja hann, þá vonast ég líka til, að þeir gjaldi líku líkt og að ég þurfi ekki að standa í neinni þakklætisskuld við þá fyrir mér auðsýnda miskunn. Ég hefi gert það, sem hægt er í þessu máli, og get því enga ábyrgð borið á afgreiðslu þess, ef það verður samþ.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson): Ég hefi nú ekki miklu að svara hv. þm. Barð. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að hv. þm. væri þetta fyrst og fremst tilfinningamál. Þetta hefir hann greinilega staðfest í sinni seinni ræðu. Ég get verið hv. þm. þakklátur fyrir það, að hann skilur mína prúðmennsku og viðurkennir hana. En það er einmitt vegna þeirrar prúðmennsku, að ég sagði ekki annað verra um framkomu hv. þm. en að honum væri þetta tilfinningamál.

Það hefir eflaust spillt varplandinu, að presturinn hefir setið á Eskifirði. Og hv. þm. veit það vel, að jörðin hefir farið í órækt og stappar nærri, að hún hafi lagzt í eyði. — Annars kom ég fram með þau rök, er mæla með sölu, í fyrstu ræðu minni, og endurtek þau því ekki. Það stendur alveg óhrakið, að jörðin er í órækt og lítið notuð. En hinsvegar þarf kauptúnið á henni að halda, og því er rétt að selja því jörðina.

Sveinn Ólafsson: Síðasti reiðilestur hv. þm. Barð. var óyggjandi vottur þess, að ég hafði sagt satt, þegar ég gat þess, að honum væri varla sjálfrátt í dag. Kom hann nú sjálfur fram með þau rök, er þurfa til að staðfesta það, að honum er í dag ekki svo skapi farið sem hversdagslega. Ég mun taka þann sama kost og áður, að svara ekki hnútum hans. En ég vil leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í báðum ræðum hans, að frv. þetta hefði verið fellt í fyrra. Svo var ekki. Frv. var í fyrra afgr. með rökst. dagskrá, vegna þess að rétt þótti að afla frekari upplýsinga um nokkur atriði. Að frv. hafi verið fellt, er því rangt hjá hv. þm. — Þá er það líka rangt hjá hv. þm., að ég hafi nokkuð fullyrt um úrslit þessa máls hér í hv. d. Ég lét aðeins þá von í ljós, að það næði samþykki, en hefi engu spáð né fullyrt um það, að svo mundi verða. Hv. frsm. hefir svarað því, sem verulega skiptir máli, og hann tók það réttilega fram, að hér er um aðkallandi nauðsyn að ræða, sem verður að svara. Hitt er algert aukaatriði, hvert höfuðból þessi jörð hefir verið til forna. Og ég ætla heldur ekki að þræta um það, hvort það er vegsauki fyrir staðinn eða vegsspjöll, að þessari jörð sé sá sómi sýndur, að land hennar sé ræktað og prýtt. Ég hygg þó fremur, að telja megi staðnum til ágætis, að óræktarlandi hans sé breytt í blómleg tún og matjurtagarða. Slíkt ætti ekki að spilla áliti og frægð jarðarinnar, og enginn efar, að það er þjóðfélaginu mikill ávinningur, að slíkt sé gert.

Ég ætla ekki lengi að karpa við hv. þm. En einu verð ég þó að svara enn. Hv. þm. kom fram með þá ósönnu sakargift á hendur mér, að ég hefði kært Eskfirðinga fyrir æðarfugladráp. Þetta er hreinasta fjarstæða. Ég hefi aldrei sagt eitt orð í þessa átt. En þetta er eitt af því, sem hv. þm. leyfir sér að búa til, henda á lofti og snara út athugalaust, af því að honum er ekki sjálfrátt í dag.

Hákon Kristófersson: Hv. frsm., sem er hjartnanna og nýrnanna rannsóknarmaður, að eigin dómi, gaf það í skyn, að ég hefði orðið að gjalti. En mér finnst vel við eiga að segja við þennan hv. þm.: „Enginn bað þig orð til hneigja". (**GunnS:** Meira!). Hv. þm. sagði, að presturinn hefði búið á Eskifirði, en það er alveg ósatt. Ég hefi einmitt nú sannfært mig um það, að hann fer þar með ósatt mál. (**GunnS:** Hann býr þar þó nú!). Það er nokkuð annað. Þetta er að villa mönnum sýn og treysta á ókunnugleik þeirra.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að mér væri ekki sjálfrátt. Af því hér eru margir ókunnugir viðstaddir, þá skora ég á hv. þm. að útskýra nánar, við hvað hann á með þessu. (**SvÓ:** Orðin eru skýr!). Ég veit ekki. Meining hv. þm. er stundum í þeim umbúðum, að ekki er gott að sjá í gegnum þær. Ef hann álítur, að eitthvað sé að

heilsu minni, annaðhvort um stundarsakir eða til langframa, þá ætti hann að láta fara fram rannsókn á henni og sjá um, að ég væri ekki lengur innanveggja hér, ef veikur reyndist. Það er víst heyrnarleysi hv. þm. að kenna, að hann bar það fram, að ég hefði sagt, að hann hefði kært Eskfirðinga. Það er allt annað að segja, að einhver hafi kært eitthvað, eða að frá því hafi verið sagt. (SvÓ: Nærri lætur!). Nei, það er allt annað, prívatsamtal, eða að setjast niður og skrifa kæru. Ég vil enn spyrja hv. þm., hvað hann álítur að mínu heilsufari. Ég þykist vita, að hv. þm. sé reiðubúinn að skýra frá því, er hann meinar. (SvÓ: Á ég að fylgja hv. þm. inn að Kleppi?). Ég get ekki óskað mér betra fylgdarmanns en hans þangað, enda vona ég, að hann ílengist þá þar, mér til samlætis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, LH, MG, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, BÁ, GunnS, HStef, HG, HV, BSv.

nei: IngB, JJós, JAJ, JörB, MJ, ÓTh, ÞorlJ, EJ, HJ, HK.

Þrír þm. (JS, ÁÁ, BSt) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15:1 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án. atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:5 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÁÁ, HStef, HG, JÓl, LH, MG, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, BSv.

nei: EJ, HJ, JS, MJ.

Ellefu þm. (ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HK, HV, IngB, JJós, JAJ, JörB, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 31).

Á 48. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 19. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 31, n. 283).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fyrir þessu þingi hafa legið tvö frv. sama eðlis og þetta, sem sé frv. til laga um sölu landshluta úr kirkjujörðinni Borg á Mýrum og frv. til laga um sölu á Nesi í Norðfirði til Neskaupstaðar. Á undanförnum þingum hafa svipuð mál oft legið fyrir og þau hafa öll verið afgr. og stj. falið að annast þau.

Því er svo farið að þessu sinni, að kauptúninu Eskifirði er brýn nauðsyn að eignast land, sem getur veitt íbúunum frekari björgunarmöguleika en þeir eiga nú, því að kaupstaðnum er svo í sveit komið, að hann hefir sama og ekkert landrými til umráða. Þessu til samanburðar mætti benda á landrými Reykjavíkur og þá öldu, sem nú er að rísa og beinist í þá átt, að landið verði tekið til ræktunar.

Um þetta frv. er í rauninni ekki ástæða til að fjölyrða, því að því fylgir óvenju góð rökstuðning, og við nál. hefi ég litlu að bæta. Álit Pálma Einarssonar ráðunauts liggur einnig fyrir, og hann virðist telja þetta lífsnauðsyn fyrir þetta kauptún, að það geti náð þessu landi til eignar og umráða fyrir kaupstaðarbúa, og einnig kemur það greinilega fram í áliti hans, að kauptúnið brestur öll skilyrði til ræktunar þar í nágrenninu. Þetta mál mætti nokkurri andstöðu í fyrra, en það orsakaðist af því, að þá skorti þau gögn, sem nú liggja fyrir, en nú hygg ég, að

þetta mál sé betur rökstutt en önnur sama efnis, sem afgr. hafa verið.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þá andstöðu, sem frv. þetta fékk hér í fyrra og nú í ár í hv. Nd., enda má vera, að mér gefist síðar tækifæri til að víkja að því. Fyrir hönd allshn. vil ég lýsa yfir því, að hún hefir ávallt mælt með slíkum frv. sem þessu, og hennar skoðun er sú, að kauptúnunum sé nauðsynlegt að eiga nægjanlegt land til ræktunar.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en vil vona, að hv. d. líti á það með velvilja.

Páll Hermannsson: Ég get verið sammála hv. n. og frsm., að kauptúnið Eskifjörður hafi brýna þörf fyrir að eignast meira land til umráða og ræktunar en það hefir nú. Það lítur út fyrir, að fólk safnist til ýmsra kauptúna þessa lands án þess að nauðsynleg frambúðarskilyrði séu fyrir hendi, og svo mun vera ástatt um Eskifjörð. Þar mun nú vera um 800 manns, en í rauninni vantar þau skilyrði bæði til lands og sjávar, sem nauðsynleg eru til þess, að fólkið geti lifað góðu lífi. Því er það ekki að efa, að þetta kauptún þarf að eignast land til ræktunar, en hinsvegar er ég ekki á sama máli og hv. allshn. um það, að það sé einmitt þessi lausn málsins, sem komi að mestu haldi. Hér er um það að ræða að selja prestssetursjörðina Hólma í Reyðarfirði, sem er að vísu stór og góð jörð, en þó hygg ég, að hún geti ekki talizt svo heppileg sem skyldi, því að hún liggur mjög fjarri kauptúninu, svo að ýmsir erfiðleikar hljóta að stafa af því. Leiðin milli Eskifjarðarkauptúns og Hólma mun vera allt að því 8 km., og þótt þangað liggi bílfær vegur, þá er jörðin þó svo fjarri, að hún getur ekki talizt heppileg kaupstaðarbúum. Mér skilst, að það, sem fyrir þeim vakir, sé að rækta landið og koma þarna upp mjólkurbúi, en ég hygg, að verkamenn geti ekki notið þessarar jarðar til fulls, þar sem vegalengdin á milli er svo mikil, að það virðist mjög hæpið, að þeir geti eytt þar frítímum sínum á degi hverjum. Vitanlega myndu verkamenn nota þann tíma, sem þeir ættu frían, til þess að rækta þarna blett, en vegna þessarar miklu fjarlægðar virðist mér hæng-ur á því. Ég get ímyndað mér, að verkamönnum þætti gott, ef þeim félli verk úr hendi dag og dag, eins og oft vill bera við, að geta þá gripið til þessa starfs í svipinn. Í öðru lagi ber að athuga það, að ef þetta fyrirkomulag yrði notað, yrði að rækta landið með útlendum áburði, því að þótt flytja megi afurðirnar frá Hólmum til Eskifjarðar, getur ekki komið til mála, að áburðurinn verði fluttur. Margir álíta, að það sé ekki frágangssök að nota útlenda áburðinn, en hinsvegar er nauðsynlegt að nota það, sem til er af hinum. Hinsvegar má líka hugsa sér, að mjólkurbú verði stofnsett á Hólmum, því að vitanlega gæti það komið til mála, en ég efast um, þótt að búinu stæði hlutafélag eða samvinnufélag, sem sæi um flutning mjólkurinnar, að það myndi gefast betur en þótt einstaklingsrekstur væri hafður. Það er nú svo, að þótt ég sé samvinnumaður, þá efast ég um, að samvinnufyrirkomulagið gefi eins góða raun á þessu sviði og einstaklingsframtakið. Ég hygg, að betra sé að líta á þörf Eskifjarðar frá allt öðru sjónarmiði en þessu. Nálægt kauptúninu Eskifirði liggur jörðin Eskifjörður. Hún er einstaks manns eign, en mér er ekki kunnugt um, hvort hún muni fáanleg, en það hygg ég þó heldur.

Vitanlega verður þessi jörð dýrari en Hólmar, því að það er vitanlegt, að enginn selur landeignir eins ódýrt og ríkið. Pálmi Einarsson ráðunautur hefir látið uppi álit sitt um þessa jörð, og vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp. Hann segir svo:

„Eskifjörður liggur fast við kauptúnið. Tún jarðarinnar er 2,2 ha. að stærð. Undirlendi jarðarinnar í botni dalsins eru grónar eyrar og valllendisbakkar, nes meðfram ánni. Ræktunarskilyrði eru góð á landi þessu yfirleitt, en það liggur fyrir nokkrum áföllum frá ánni. Af landi jarðarinnar eru 10—12 ha. með ágætum skilyrðum til túnræktar, og alls má telja ræktháeft af landi jarðarinnar um 30 ha. Beitiland er víðlent, en alls eigi hentugt til nota fyrir stórgripi. Þessi jörð myndi að mínu áliti aðeins geta að nokkru leyti bætt úr landþörf Eskfirðinga, en að því leyti er rými ræktanlegs lands leyfir, er landið hentugt til útskiptingar í ræktun-

arlóðir, er leigðar yrðu á erfðafestu. Þó yrði að leggja veg gegnum landið um 5 km. á lengd til að hægt yrði um fyrir leigjendur að yrkja landið".

Pálmi Einarsson lítur svo á, að ræktanlegt land af jörðinni Eskifirði sé 30 ha., og skal ég viðurkenna, að ekki er ólíklegt, að það land reyndist kauptúninu of lítið, þótt það nú fengizt, en þetta land ætti að nægja til að byrja með, ef það væri tekið til ræktunar. Pálmi Einarsson álítur, að þarna fengi kauptúnið land, sem gæti framleitt allt að 25—30 kýrfóðrum, en telur hinsvegar æskilegt, að kauptúnið gæti haft 50—75 kýr. Ef það er rétt, að þarna megi rækta 30 ha., þá er hinsvegar enginn efi á því, að það myndi nægja til að framfleyta 50 kúm, og jafnvel myndi það nægja handa því hámarki, sem búfræðingurinn nefnir að æskilegt væri. Þótt nú jörðin Eskifjörður yrði talsvert dýrari en Hólmar, þá verð ég þó að álíta, að hún sé ólíkt heppilegri fyrir kaupstaðarbúa, þar sem hún liggur svo nærri, og þá virðist mér álitamál, hvora jörðina kauptúnið eigi heldur að velja.

Auk þess er ein hlið enn, sem athuga þarf, og það er ekki sú hliðin, sem snýr að Eskifjarðarhreppi, heldur Reyðarfjarðarhreppi, því að í þeim hreppi eru Hólmar, þótt hún viti að Eskifirði. Eins og allir hljóta að skilja, þá er það alveg óeðlilegt, að einn hreppur eigi jörð innan vébanda annars hrepps og ráðstafi henni að öllu leyti, og ég hygg, að slíkt geti leitt til sundrungar milli hreppanna, þannig að ekkert gott muni af þessu hljótast. Þetta er svo augljóst mál, að ég sé ekki ástæðu til að rökstyðja það frekar, en get þó bent á það, að þetta getur leitt til margskonar deilna milli sveitanna, t. d. út af fátækramálum, álagningu útsvara og skatta o. fl. Þetta gæti orðið svo vafningasamt, að óumflýjanlegt yrði að skipta hreppnum þannig, að Hólmar tilheyrðu Eskifjarðarhreppi. Þetta verður hinsvegar ekki gert nema með því móti að taka af Reyðarfjarðarhreppi 3 jarðir, sem liggja milli Hólma og Eskifjarðar.

Ef lítið er á mat lands í Reyðarfjarðarhreppi, kemur í ljós, að land í öllum Reyðarfjarðarhreppi er metið á 957 hundruð króna. En það land, sem tilheyrir þessum 4 jörðum, sem ég ætla, að í framtíðinni hljóti að falla til Eskifjarðarhrepps, nemur 378 hundruðum króna, eða h. u. b. $^2/_5$ alls landverðs í Reyðarfjarðarhreppi. Má geta þess til skýringar, að sjálf jörðin Hólmar er langsamlega dýrust, metin á 253 hundruð. Þetta mat byggist engan veginn eingöngu á þeirri landsstærð og landsgæðum, sem hún hefir sem bújörð, heldur fremur á hlunnindum, æðarvarpi, útræði, reka o. fl., sem Hólmum fylgja. Hinsvegar sjáum við, að það gæti orðið talsvert alvarlegt fyrir eitt lítið sveitarfélag að sjá það framundan sér, að það hlyti að missa þennan stóra hluta af sínu landi.

Nú veit ég ekki til þess, að fyrir þessu þingi liggi formleg umsögn Reyðfirðinga, hvorki hreppsnefndar né hreppstjóra, um þetta. En mér er persónulega kunnugt um, að þeim hrýs hugur við að eiga þetta yfir höfði sér, þótt þeir hafi einhverra hluta vegna ekki látið í ljós álit sitt um málið, eins og þeim kemur það fyrir sjónir.

Í þriðja lagi má benda á það, að jörðin Hólmar er prestssetur í prestakalli, sem nær yfir þrjá hreppa, Helgustaðahrepp, Eskifjarðarhrepp og Reyðarfjarðarhrepp. Nú stendur reyndar svo á, að hinn þjónandi prestur mun hafa flutzt á síðastl. vori til Eskifjarðar. Hann hefir líklega komizt að þeirri niðurstöðu, að hann sjálfur vildi ekki eða gæti ekki notað prestssetrið Hólma. Reyndar var það augljóst í fyrra, að hann var æðilengi að átta sig á þessu. En það kemur nú þessu máli ekki við.

Þó að svo kynni að reynast í framtíðinni, að þörf þætti á að nota Hólma fyrir prestssetur, en það kæmi í ljós, að ekki væri hægt að bæta úr þörf Eskf. til lands nema með því að fá þeim Hólma, þá vil ég heldur fórna prestssetrinu en hagsmunum fjölda manns. En nú er það ekki sannað, að nauðsynlegt sé að selja landið til þess að hjálpa Eskfirðingum, svo að ég geri ekki mikið úr þessu atriði. Ég fyrir mitt leyti tel heppilegra, að prestur, sem á að þjóna víðlendu prestakalli, þar sem bæði eru sveitir og kauptún, sitji á búi sínu í sveit. Ég held, að honum sem starfsmanni verði það hollara en kauptúnalífið, eins og það almennt gerist.

Af þessu, sem ég nú hefi nefnt, get ég

ekki að svo komnu fallizt á, að Alþingi taki þá stefnu að taka jörð svona nokkurnveginn inni í miðju einu sveitarfélagi og selja hana öðru, þó að það sé kauptún, nema alveg sé víst, að úr landsþörf þess kauptúns verði ekki bætt með öðru móti, og a. m. k. hafi verið gerð tilraun til þess að fá samkomulag, eða menn leitast við að gera sér grein fyrir, hvernig þessu máli yrði á friðsamlegan hátt komið svo fyrir, að báðir mættu vel við una.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég tel rétt að svara nokkru ræðu hv. 2. þm. N.-M., þó að hún væri hógvær og að mestu leyti hugleiðingar um, hvernig það mundi taka sig út, ef horfið væri að því ráði að selja Eskifjarðarhreppi Hólma. Mikið af þeim atriðum, sem hann kom að í ræðu sinni, liggur fyrir utan málið sjálft. Fyrri hluti ræðu hans snérist mest um það, að sýna fram á, að not Hólma fyrir Eskifjarðarbúa væru erfið og óheppileg. Það er ekki neinum blöðum um það að fletta, að Hólmar liggja 7½ km. frá Eskifirði. En það stendur svo á, að nú hefir verið lagður bílfær vegur um þetta svæði. Auk þess er gamli vegurinn, sjóleiðin, mjög hæg, öll innfjarða, lending á báðum stöðum góð, og sú leiðin miklu styttri, svo að skilyrði til þess að notfæra sér Hólma eru fyrir hendi. En ég tek þetta mjög vel upp fyrir hv. þm., því að ég þykist vita, að hann vilji gera það eitt, sem Eskifjarðarbúum megi að beztu haldi koma.

Í þessu sambandi kom hann að notum Eskifjarðarbúa af jörðinni. Þeir verða sjálfir að sjá fram úr því. En ég geri ráð fyrir, að hún verði að einhverju leyti notuð á þann hátt, að einstaklingar geti fengið bletti, sem þeir geta unnið að í tómstundum sínum. Og þó að jörðin sé langt frá, þarf það ekki að valda vandkvæðum, þar sem bæði er þangað bílvegur og sjóvegur, og flestir Eskifjarðarbúar eiga einhverjar fleytur, smærri eða stærri.

Þá kom hann að öðru atriði, sem virtist vera stærra, að jörð lægi að Eskifirði, sem heppilegt væri fyrir hann að fá til afnota. Það er rétt, að þessi jörð liggur að Eskifjarðarkauptúni. En hún liggur ekki hagkvæmara en það, að til þess að hafa not af landi hennar, þarf að leggja 5 km. langan veg, veg, sem er nærri eins langur og vegur sá, sem búið er að leggja til Hólma. Ég fer hér ekki með neina staðlausa stafi, því að þetta stendur í álitsskjali Pálma Einarssonar, sem hv. þm. las upp úr, þótt hann sleppti þessu. Ég sé því ekki annað en að aðstaða Eskfirðinga til að notfæra sér þessa jörð sé tölurvert verri en til þess að notfæra sér Hólma. Því að auk þess, sem þarf að leggja langan veg, er sjóleiðin ekki fyrir hendi í þessu tilfelli. Ef farið er að líta á þá hlið, hvor jörðin liggi betur fyrir kauptúnsbúum til notkunar, þá eru það tvímælalaust Hólmar.

Auk þess er það, að þó að þessi jörð verði fullræktuð, hefir hún engin skilyrði til þess að gefa meira en 30 hektara af fullræktuðu landi, og ⅔ hlutar eru mjög erfiðir til ræktunar. Það er aðeins ⅓ hluti lands, sem er vel fallinn til ræktunar, en þó fylgir sá böggull skammrifi, að sá hluti liggur undir áföllum frá ánni. Allir, sem búa við vatnságang, þekkja, hvert tjón getur hlotizt af aur og leðju, sem árnar bera, og getur valdið afskaplegu vinnutjóni. Auk þess liggur þessi jörð, Eskifjörður, undir brattri hlíð, sem er sundurskorin af lækjum, og frá þeim stafar líka hætta.

Svo er eitt enn, sem þarf að athuga, að allar bollaleggingar um að láta kauptúnið fá jörðina Eskifjörð stranda á því, að jörðin er einstaks manns eign, eins og hv. 2. þm. N.-M. tók réttilega fram, og henni er haldið í svo háu verði, að hv. þm. kannaðist sjálfur við, að hún fengist ekki fyrir lægra verð en Hólmar.

Það má segja, að eitt úrræði sé þó, sem sé að þingið samþykki heimildarlög um, að Eskifjarðarkauptún geti tekið jörðina eignarnámi. En ekkert slíkt liggur hér fyrir. Enda er þess að gæta: Er ekki nokkuð varhugavert að leggja út í slíka aðferð, þegar kostur er á að láta af hendi við sanngjörnu verði landsnytjar, sem verða kauptúnsbúum að öllu leyti hagkvæmari og sem tryggt er, að komi þeim að fullum notum? Ég tel það ekki rétta aðferð að byrja á því að taka jörð eignarnámi til þess að bæta úr þessari þörf, vitandi það, að aldrei verði það nema bráðabirgðaúrlausn. Ég held, að það muni að öllu leyti heppilegra að fara þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þó að með nokkrum árafjölda megi rækta allt ræktanlegt land Eskifjarðar og koma því upp í 30 hektara, sjáum við, að það fullnægir ekki þeirri mjólkurþörf, sem nú er á Eskifirði. En á Hólmum er stórt mjólkurbú, ég hygg að túnið muni vera 8 ha., og það er tiltækt til þess að bæta úr hinni bráðustu þörf. Hitt, að vísa Eskifjarðarbúum á jörðina Eskifjörð til ræktunar, það er að gefa þeim steina fyrir brauð.

Þá kom hv. þm. að ýmsum annmörkum á því að selja Hólma. Fyrst varð það fyrir honum, að Hólmar lægju í öðrum hreppi. Þetta er rétt, en þess ber að gæta, að Eskifjörður liggur það líka. Svo að það tilefni til slæmrar sambúðar milli hreppanna, sem mér virtist hv. þm. óttast, gæti alveg eins komið fram, þó að Eskifjörður yrði tekinn handa kauptúninu.

Hann benti á, að ekki lægi fyrir þinginu umsögn hreppsbúa Reyðarfjarðarhrepps, sem Hólmar liggja í, um þetta mál. Þetta er rétt; en þess ber að gæta að þetta mál er ekki nýtt. Það kom fyrir þingið í fyrra, en var þá stöðvað, þótti víst vanta upplýsingar. En mér virðist, að þegar málið hefir verið fyrir tveimur þingum, og hreppsbúar í Reyðarfjarðarhreppi ekki látið eitt einasta orð til sín heyra, þá bendi það til þess, að þeir hafi ekki neitt sérstakt við það að athuga. Ég geri ráð fyrir, að ef þeir teldu sig feikilegu misrétti beitta, hefðu þeir látið til sín heyra.

Þá kom hann að því, að Hólmar væru prestssetur, og það væri varhugavert að selja prestssetur frá afnotum presta. Ég veit fyrir víst, að sá prestur, sem hefir þjónað á Hólmum á undanförnum árum, er einn af líklegri prestum landsins til þess að notfæra sér búskap. Þó fór svo um hann, að hann gafst upp við að búa á Hólmum og fluttist til kauptúnsins. Hvað mundi þá mega ætla um stúdenta, sem sæktu um þetta brauð? Hvort mundu vera meiri líkur til þess, að þeir óskuðu að setjast að á stórri jörð eða í kauptúni? Eins og nú er ásatt um búnað allan, hygg ég, að flestum félitlum ungum prestum mundi reynast búskapurinn þar fremur harmabraut en léttir.

Hv. þm. vék að því, að hann teldi prestum hollara að búa í sveit en kaupstað. Ég skal ekki fara mikið út í þær hugleiðingar. En ég hefi sjálfur þá trú á kauptúnum, að þau séu ekki sá spillingarakur, að prestarnir geti ekki búið þar. En ef svo væri, teldi ég miklu meiri ástæðu til þess að setja þangað prest, til þess að vita, hvort hann gæti ekki bætt úr ástandinu. Ef við finnum ágalla á menningunni í kauptúnum, ber okkur skylda til þess að vinna að því, að hún komist í betra horf. Og ég tel eitt bezta meðalið til þess að tryggja menningu kauptúnanna, að þau eigi aðgang að nægilegu ræktanlegu landi. Ég hygg, að við hv. 2. þm. N.-M. getum orðið samferða í því að leggja okkar litla lóð í þá skál, að menningin í kauptúnunum mætti vaxa svo, að hinni gömlu góðu sveitamenningu þyrfti engin hætta að vera búin af henni.

Hv. þm. kom að lokum að því, að hann teldi óheppilegt að seilast inn í miðja aðra sveit eftir jörð til þessara nota. Það er rétt, að farið er inn í annan hrepp, en það er langt frá því, að farið sé inn í miðjan hreppinn, því að þetta verður að teljast á öðrum enda hans. Vegalengdin milli Eskifjarðar og Búðareyrar er 15 km., en 7½ km. milli Eskifjarðar og Hólma; fyrir innan Búðareyri nær hreppurinn 5 km., og svo 20 km. út með firðinum að sunnanverðu; svo að það er ekki alveg rétt að segja, að hér sé farið inn í miðja sveit. Hefði hér verið um Kollaleiru að ræða, hefði það verið nær sanni, því að Kollaleira er Reyðfirðingum miklu meira virði heldur en Eskfirðingum geta orðið Hólmar.

Ég held, að sú þögn, sem um þetta hefir verið frá báðum hreppum, bendi til þess, að þessir aðiljar kannist við það, þótt það sé e. t. v. nokkurt metnaðarmál að láta ekki plokka jarðir út úr hreppnum, að þetta er Eskfirðingum hið mesta nauðsynjamál, og þess vegna ekki fundizt ástæða til andmæla.

Ég vænti þess, að hv. d. sýni þessu máli sömu sanngirni og hún hefir sýnt samskonar málum áður og samþykki þetta frv.

Jón Jónsson: Það er dálítið erfitt að taka afstöðu til þessa máls, þegar kunnugustu mennirnir hér í deildinni hafa látið í ljós svo sundurleitar skoðanir um þetta sem raun er á orðin. Báðir hafa að vísu viðurkennt, að þessu kauptúni væri

nokkur þörf á auknu landi til ræktunar. En annar heldur því fram, að kostur mundi vera á því töluvert nær en þessi jörð er, og jafnvel án þess að löggjafarvaldið grípi inn í, en hinn hefir borið brigður á það. Annar hefir sagt, að það land lægi fast við kauptúnið, en hinn, að leggja þyrfti 5 km. langan veg til þess að komast þangað, svo að þarna greinir nokkuð á milli í umsögn kunnugustu mannanna.

Mér skilst af þeim plöggum, sem liggja fyrir, að þessi jörð muni liggja töluvert nær en Hólmar, og að jafnvel muni ekki þurfa að leggja neinn veg þangað. En til þess aftur á móti að geta notfært sér landið til ræktunar þurfi að leggja þennan 5 km. langa veg gegnum það. En ég get hugsað mér, að þegar farið verði að rækta Hólma, muni kannske þurfa að leggja einhvern veg þar líka.

Ég hefi alltaf verið hálfdeigur við þessa þjóðjarðasölu og verið í vafa um, hvort rétt væri fyrir landið að fleygja frá sér beztu jörðunum, sem það hefir átt; og þessi er ein á meðal þeirra. Ég geri ráð fyrir, að framtíðin beri það í skauti sínu, að þessar þjóðeignir geti orðið miklu verðmætari fyrir þjóðina heldur en áður, og hún sé því með þjóðjarðasölunni að fleygja frá sér til einstakra manna töluvert miklum verðmætum. Það er þess vegna vafamál, hvort hún eigi að gera slíkt nema brýn ástæða sé til. Um þessa jörð sýnist mér heldur ekki hafa beinlínis verið sýnt fram á, að ríkið þurfi ekki síðar að nota hana. Þetta er prestssetur og biskup landsins leggur eindregið á móti sölunni, því að e. t. v. þurfi að nota hana, þegar minnst vonum varir. En það, sem mér finnst mest á skorta, er það, að engin umsögn liggur fyrir frá því sveitarfélagi, sem jörðin liggur í. Þó skiptir það allmiklu máli fyrir sveitarfélagið, hvernig fer um þessa jörð, því að allt landverð í Reyðarfjarðarhreppi er ekki nema 95 þús. kr., og þar af er þessi eina jörð 25 þús. Það er því allmikill sviptir fyrir hreppsfélagið að selja jörðina burt án þess að því sé gefinn kostur á að segja álit sitt um þetta eða boðinn forkaupsréttur.

Mér skilst, að ef Eskifjarðarkauptún fær keypta jörðina Hólma, þá sé óumflýjanlegt að leggja hana undir Eskifjarðarhrepp í framtíðinni. Það hefir sýnt sig, að ekki er heppilegt, og getur jafnvel orðið háskalegt, að sveitarfélag eigi jörð innan takmarka annars hrepps. Ég hefði því talið það mjög æskilegan undirbúning, ef legið hefði fyrir umsögn Reyðarfjarðarhrepps um þetta mál, og helzt að hrepparnir hefðu verið búnir að koma sér saman um takmörk milli sín, ef til kaupanna kæmi. Sem sagt, ég tel talsvert marga annmarka á að samþykkja þetta frv. eins og sakir standa nú. Viðurkenni ég þó fyllilega þörf Eskifjarðarkauptúns á landi til ræktunar. Og komi í ljós, að enginn kostur sé á að bæta úr þeirri þörf á annan hátt en þetta frv. gerir ráð fyrir, þá er ekki gott að standa á móti því. Ég býst því við að geta verið því fylgjandi, að frv. þetta gangi áfram til 3. umr., og athuga þá nánar, áður en hún fer fram, hvort ég get fylgt því út úr deildinni.

Jón Þorláksson: Það var minnzt á, að þeim, sem kunnugastir eru á þeim slóðum, sem hér er um að ræða, bæri ekki vel saman um staðhætti þar. Ég þykist nú vera ofurlítið kunnugur þarna, því ég hefi nokkrum sinnum farið þar um. Og eftir þeim kunnugleika virðist mér hv. frsm. allshn. skýra alveg rétt frá.

Þeim til skýringar, sem eru alveg ókunnugir þarna austur frá, vil ég geta þess, að við þennan fjörð standa 2 kauptún. Milli þeirra eru 15 km. landleiðina, og er nú næstum því fullgerður akvegur þá leið. Hér um bil mitt á milli þessara kauptúna, ef miðað er við landleiðina, er jörðin Hólmar. Aftur á móti er mikið styttra til Hólma frá Eskifjarðarkauptúni, ef farið er sjóleiðis. Ef aðrar ástæður væru jafnar, væri því auðvitað hægra að nytja Hólmaland frá Eskifjarðarkauptúni. En hér við bætist nú, að Búðareyrarkauptún er enn fámennt, og hefir auk þess gnægð af nærtækara landi, sem er eins vel eða jafnvel betur fallið til ræktunar heldur en Hólmalandið. Þess vegna er ekki fyrirsjáanlegt, að það þurfi á Hólmalandi að halda til ræktunar. Aftur leikur enginn vafi á því, eftir mínum kunnugleika, að það land, sem nær liggur Eskifjarðarkauptúni en Hólmar, fullnægir ekki þörfum þess til ræktunar. Það

stendur líka svo sérstaklega á í Eskifjarðarkauptúni, að fólkið er orðið of margt þar, miðað við atvinnumöguleikana, sem þar eru nú. Undir slíkum kringumstæðum liggur ekki annað nær en að athuga, hvort ekki er hægt að auka atvinnumöguleikana með því að fá land til ræktunar í nágrenninu og stunda búskap jafnframt annari atvinnu. Og þó Hólmar séu í 7½ km. fjarlægð landleiðina, þá er það ekki því til fyrirstöðu, að hægt sé að taka þá jörð til ræktunar og nytja hana heiman frá kauptúninu.

Flutningur afurða frá Hólmum til Eskifjarðarkauptúns yrði ekki svo dýr, að hann svaraði ekki kostnaði, þar sem í kauptúninu er fjöldi fólks til að taka á móti þeim og hagnýta sér þær. Svo hefir ekki Eskifjarðarkauptún kost á að fá annað land, því það getur ekki talizt forsvaranlegt, að ríkið taki eignarnámi land handa því, þegar það getur sjálft selt því land, sem liggur eins vel við.

Það má einnig líta á þetta frá öðru sjónarmiði. Jörðin Hólmar hefir þörf á að verða ræktuð, eins og aðrar jarðir hér á landi. En nú er ekki sjáanlegt, að hún verði ræktuð, nema með því móti að fá hana í hendur mannfjöldanum í Eskifjarðarkauptúni, sem skortir atvinnumöguleika. Það má auðvitað hugsa sér að láta prestana hagnýta jörðina eins og að undanförnu; en þeir mundu varla vilja leggja í dýrar bætur á jörðinni, þar sem sá sami mundi ekki verða þar nema tiltölulega skamman tíma, og af því að þeir gætu ekki búizt við, að erfingjar þeirra nytu framkvæmda þeirra á jörðinni.

Frá þessu sjónarmiði finnst mér sjálfsagt að láta þá fá jörðina, sem aðstöðu hafa til að færa sér hana bezt í nyt. Ég get aldrei skilið, hvað það er betra, að einstakir blettir á landinu séu sameiginleg eign allra landsmanna heldur en að þeir séu sameiginleg eign þeirra, sem geta haft not af þeim.

Að Hólmar eru í öðrum hreppi en Eskifjarðarkauptún, hefir ekkert að segja. Geti Eskifjarðarhreppur sætt sig við að eiga undir högg að sækja til Reyðarfjarðarhrepps að því er snertir útsvar og fleira, þá sé ég ekki, að Reyðarfjarðarhreppur hafi undan neinu að kvarta. Hann mundi aldrei hafa minni tekjur af jörðinni, þó Eskifjarðarkauptún ætti hana, heldur en hann hefir nú, þegar presturinn getur leigt hana einhverjum og einhverjum.

Þá ástæðu, að jörðin Hólmar sé svo mikill hluti af Reyðarfjarðarhreppi, get ég heldur ekki tekið til greina. Að Hólmaland er metið svona hátt, er eflaust vegna varpsins þar, — því varpland er æfinlega metið mjög hátt —, en ekki vegna þess, að sú jörð sé svo mikil hluti af landi hreppsins.

Af öllum þessum ástæðum get ég ekki annað en lagt til, að frv. verði samþ. Að vísu hefðu mátt vera í því nánari ákvæði, t. d. um það, að kauptúninu væri skylt að skipta niður landinu og láta mönnum það í té til ræktunar, en mér finnst það svo sjálfsagt, að ekki sé nauðsynlegt að hafa ákvæði um það í lögunum.

Páll Hermannsson: Ég veit ekki, hvort það hefir mikla þýðingu að vera að þrátta um þetta mál við hv. sessunaut minn (I-P). Ég hefi nú alltaf litið svo á, að hann væri sanngjarn og réttsýnn maður; en nú, þegar ég á sjálfur í höggi við hann, er mér farið að finnast, að það gæti orkað tvímælis.

Þá bregður líka svo undarlega við, að hv. 3. landsk. getur verið honum alveg sammála; telur hann mig þá vitanlega hafa á röngu að standa að því leyti, sem okkur sessunautum hefir borið á milli. Ég efast ekki um, að hv. 3. landsk. hafi skýrt frá staðháttum þarna fyrir austan eftir því, sem hann man réttast, en mér fannst lýsing hans bera vott um talsvert mikið misminni.

Það, sem ég hafði fyrir mér í því, að hv. 2. þm. S.-M. gæti brugðið út af því að vera sanngjarn, var það, að mér fannst hann ekki fara með rétt mál, þegar hann vitnaði í álitsskjal Pálma Einarssonar jarðyrkjuráðunauts. Hv. sessunautur minn sagði, að ⅔ af ræktanlegu landi jarðarinnar Eskifjarðar væri **erfitt** að rækta. En nú skulum við athuga ummælin, sem hann byggði þetta á. Pálmi segir: „Ræktunarskilyrði eru góð á þessu landi yfirleitt". Það er land jarðarinnar Eskifjarðar, sem hann er þarna að tala um. Og svo bætir hann við: „Af landi

jarðarinnar eru 10—12 ha. með ágætum skilyrðum til túnræktar, og alls má telja ræktunarhæft af landi jarðarinnar um 30 ha.". — Með þessu segir hann ekki að hinir 20 ha. af þessum 30 séu mjög erfiðir til ræktunar, heldur telur hann ræktunarskilyrðin **yfirleitt** góð á þessu landi, þó 10 ha. af því séu **bezt** fallnir til ræktunar.

Eins var hv. sessunautur minn að fetta fingur út í það, að ég hafi sagt, að Eskifjarðarkauptún væri að seilast inn í miðja sveit eftir Hólmalandinu. Auðvitað átti ég ekki við, að Hólmar væru nákvæmlega í miðdepli sveitarinnar, en það er nú oft tekið svona til orða, og finnst mér það ekki neitt fráleitt, þegar um það er að ræða, að taka $^2/_5$ hluta af öllum jarðeignum hreppsins. Og mér finnst það að seilast nokkuð langt að fara yfir 3 jarðir til að ná í eina.

Líka var hv. sessunautur minn að benda á það, að ég hefði ekki komið fram með neinar till. um að taka jörðina Eskifjörð eignarnámi handa kauptúninu. Mér hefir ekki komið slíkt til hugar, því ég tel ekki rétt að beita slíkum lagaákvæðum nema vitað sé, að þess þurfi. Ég tel nokkurnveginn víst, að sú jörð fengist keypt fyrir sæmilegt verð; þó get ég búizt við, að hún yrði tiltölulega dýrari en Hólmar, ef þeir væru seldir, því það er algengt, að ríkið selji jarðir sínar ódýrara heldur en einst. menn mundu gera.

Hv. frsm. talaði um, að leggja þyrfti 5 km. veg um land jarðarinnar Eskifjarðar, ef taka ætti það til ræktunar. Það er rétt, en ég tel alveg víst, að nokkurnveginn það sama eigi við um Hólma, að leggja þyrfti líka vegi um það land, sem tekið væri til ræktunar þar. Einnig minntist hann á, að túnið á Hólmum gæti orðið til mikillar hjálpar kauptúninu fyrst í stað. Það er enginn ástæða, því auðvitað yrði enginn munur á því frá því, sem nú er, þar sem kauptúnið hefir afnotarétt á Hólmum, og ekkert virðist því til fyrirstöðu, að svo verði eitthvað fyrst um sinn; tel ég þó mjög óeðlilegt og óheppilegt að kauptún hafi jörð á leigu inni í annari sveit.

Annars finnst mér hv. 2. þm. S.-M. gera nokkuð óeðlilega upp á milli sinna barna, því ég er hræddur um, að hann hafi betur leitast fyrir um álit Eskfirðinga á þessu máli heldur en Reyðfirðinga. En kannist hann við, að þetta snerti báða hreppana, þá stendur honum næst að leita álits beggja á því. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar hann er hálfvegis að áfella íbúa Reyðarfjarðarhrepps fyrir að hafa ekki látið uppi álit sitt í þessu máli. Ég hitti einn af kjósendum hans úr Reyðarfjarðarhreppi í morgun, og sagði hann, að Reyðfirðingum væri alveg ókunnugt um, hvernig þessu máli væri komið. Lítur því út fyrir, að hv. þm. hafi gleymt að skýra þeim frá málavöxtum. Er það því sagt út í loftið, að þögn Reyðfirðinga beri vott um samþykki þeirra á þessu máli.

Ég talaði ekkert um spillingu í kauptúnunum, þó ég teldi heppilegra fyrir prestana að búa í sveit; það eru því orð hv. þm. sjálfs. En ég sný ekki aftur með það, að betra sé fyrir prestana að stunda búskap í sveit sem aukaatvinnu heldur en að taka að sér þau störf, sem prestar verða oft að hafa á höndum, ef þeir búa í kauptúni, og sem geta meira dregið starfskrafta þeirra frá aðalstarfinu heldur en þó þeir sjái um búskap. Annars ætla ég ekki að þrátta um þetta atriði, en vil aðeins minna á, að biskupinn hefir lagzt á móti þessari sölu, og líklega meðfram með tilliti til þessarar ástæðu.

Að eignarréttur Eskifjarðarkauptúns á Hólmum mundi leiða til þess, að breyta þyrfti hreppaskiptingunni, er ég sannfærður um. Það væri ekki aðeins til að forða Eskifjarðarkauptúni frá íhlutun annara, heldur væri aðalatriðið sú hætta, sem Reyðarfjarðarhreppi gæti stafað af því, ef Eskifjarðarkauptún gæti látið hverja sem því sýndist setjast löglega að á Hólmum; gæti það orðið óvinsælt og óeðlilegt í sambandi við fátækramálin.

Mér finnst ég því sjá betur og betur, að þetta mál er ekki svo vel undirbúið, að forsvaranlegt sé af Alþingi að samþ. frv. Það er ekki búið að athuga nægilega möguleikana til þess, að Eskifjarðarkauptún geti fengið nærtækara land til ræktunar, og heldur ekki, hvaða afleiðingar sala Hólma gæti haft fyrir Reyðarfjarðarhrepp.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekki

mikla ástæðu til að svara hv. 6. landsk. Hann virðist þannig staddur í þessu máli, að hann geti í hvorugan fótinn stigið. Skal ég ekki lá honum það, af því hann er alveg ókunnugur öllum kringumstæðum þar eystra. Að hann vildi leggja að jöfnu þann 5 km. veg, sem ég upplýsti að leggja þyrfti um land jarðarinnar Eskifjarðar, ef það væri tekið til ræktunar, við vegi, sem mundi þurfa að leggja um land Hólma undir sömu kringumstæðum, stafar eingöngu af ókunnugleika hans. Þeir, sem farið hafa um þessar slóðir, vita það, að það, sem ræktunarhæft er af Hólmalandi, liggur einmitt samhliða veginum, sem búið er að leggja milli Eskifjarðar- og Búðareyrarkauptúns. Og þegar búið er að þurrka það land upp, mun víðast mega fara um það með bíla, án vegalagninga. Um land jarðarinnar Eskifjarðar er allt öðru máli að gegna, því eins og ég hefi skýrt frá, er það allt sundur skorið af lækjum.

Þá sný ég mér að hv. sessunaut mínum (PH). Mér virðist hann vera að sækja í sig veðrið með andstöðuna. Hann kvaðst áður hafa álitið mig sanngjarnan mann, en nú væri ég farinn að bregða út af því. Ég þykist ekki þurfa að lýsa því yfir, að ég hefi einnig álitið sessunaut minn sanngjarnan, og tel hann það enn, þó honum hafi getað skotizt yfir það í þessu máli.

Ég held, að hv. þm. taki of djúpt í árinni, er hann segir, að ég hafi farið með rangt mál um ræktunarskilyrði á jörðinni Eskifirði.

Upplestur hv. þm. sannaði einmitt, að ég fór með rétt mál. Pálmi Einarsson segir, að 12 ha. séu mjög vel fallnir til ræktunar, en það sjá allir, sem álitið lesa, að hann kannast við, að nokkuð af 30 ræktanlegum ha. sé erfitt að rækta, 18—20 ha., enda vitum við báðir, að svo er.

Við, sem kunnugastir erum staðháttum, við **vitum** þetta. Nei, ég fór algerlega með rétt mál. Því að það er alveg áreiðanlegt, að þessir 12 ha. í Eskifjarðarlandi eru á engan máta betur fallnir til ræktunar en þeir nál. 200 ha. í Hólmalandi, sem hann telur ræktanlega. Þetta vitum við, því að við höfum báðir farið þarna oft um.

En hér kemur til greina það stóra atriði, sem ég benti á um leið og ég svaraði hv. 6. landsk., að til þess að framkvæma þessa ræktun í Eskifjarðarlandi þá verður að byrja á því að leggja veg. Það eitt út af fyrir sig gerir það að verkum, að allt land jarðar þessarar verður í reyndinni erfitt að rækta, þar sem því fylgir svo mikill kostnaður. Það er ekki nóg, að landspilda hafi í sér fólgið nægilegt frjómagn til ræktunar. Þótt báðir þessir landskikar hafi jafnmikið frjómagn, geta mörg önnur skilyrði valdið því, að ræktunarmöguleikar séu ekki jafnir.

Ég þykist þá hafa svarað hv. sessunaut mínum um þetta atriði, sem hann taldi mig fara rangt með, og sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta meira.

Þá kom hann að því, er ég drap á áðan, að ef löggjöfin ætlaði að bæta úr þessari bráðu nauðsyn Eskifjarðarhrepps fyrir landauka með því að vísa á land í Eskifjarðarlandi til ræktunar, þá sæi ég ekki, að löggjöfin hefði ástæðu til þess með öðru móti en því, að heimila ríkisstj. að láta taka landið eignarnámi. Mér virtist hv. þm. telja, að sú leið væri ekki sérlega árennileg. Enda er það víst, að það eru ekki minnstu líkur fyrir, að neitt slíkt gengi í gegnum þingið, einmitt af því, að löggjöfin hefir ráð til þess að bæta úr á allt annan hátt en að beita þessu ákvæði. En ef svo er, að löggjafarvaldið hefir ekki nein umráð til þess að bæta úr þessu á þennan tilvitnaða hátt, þá held ég, að sönnuð séu þau orð, sem ég lét falla í fyrri ræðu minni, að ávísun á land Eskifjarðar til ræktunar væri sannarlega að gefa steina fyrir brauð.

Þá vildi hv. þm. ekki gera mikið úr þeim aðstöðumun fyrir Eskifjarðarkauptún með ræktun á landi, sem er 8 ha. að stærð, eða að fá Eskifjarðarland. Það er gefið, að það er ekki jafnt að eiga nyt Hólma eða rækta upp Eskifjarðarland, því að það sér hver maður, að langt er þangað til þeir geta notið þess eins og þeir njóta nú Hólma.

Þá kom hann inn á þetta stóra atriði, sem í sjálfu sér kemur málinu ekkert við, nefnilega þessa hreppaskiptingu, sem hann hugsar sér. Það læt ég alveg liggja milli hluta, því að Eskfirðingar fara ekki fram á, að Hólmar séu lagðir til Eskifjarðarkaupstaðar, hvað sveitarsjóð snertir. Og komi það til, að Reyðarfjarðarkaupstaður óski þess, að hreppurinn

verði tekinn til skipta á einn eða annan hátt, þá hygg ég það verði í sambandi við margt annað en að Hólmar verði lagðir undir Eskifjarðarkaupstað. Og ég er ekki alveg viss um, að Reyðarfjarðarhreppur óski eftir, að Hólmar verði færðir undan Eskifjarðarkaupstað.

Þá kvað hv. þm. það illa við eiga af mér að gera upp á milli minna barna, eins og ég gerði; ég hefði ráðfært mig við Eskifjarðarbúa, en gengið framhjá Reyðfirðingum. Þetta segir hann út í hött. Því miður á ég ekkert frumkvæði í þessu máli, sem ég mundi telja mér fullan heiður. Það eru Eskfirðingar sjálfir, sem bezt hafa fundið, hvar skórinn kreppti að. Þeir hafa sent umsókn um það að fá þessi kaup. Og ég hefi talið mér skylt að framfylgja ósk þeirra. Reyðfirðingar hafa ekkert slíkt gert. Ef þeir hefðu sent mér mótmæli og rökstutt þau, mundi ég hafa tekið það til greina. En ég hafði enga ástæðu til að fara til þeirra og spyrja þá um þetta. Þar sem þetta mál hefir í meira en ár legið fyrir, bæði í héraði og á Alþingi, og ekki komið fram opinberlega nein rödd frá Reyðfirðingum, að þeir teldu sér þetta óhagkvæmt, þá verð ég að líta svo á, að þeir séu ekki á móti sölunni.

Hv. þm. vildi segja, að ég hefði mistalað mig, er ég hafði eftir honum, að hann teldi prestum hollara að sitja á sveitajörðum en búa í kaupstöðum. Má vera, að ég hafi útfært þetta eitthvað frekar en hv. þm. meinti. En orðin féllu þannig, að hann sagðist telja það hollara fyrir presta; og þá varð ég að leita að rökunum fyrir því. Rökin fann ég. En hvort þau voru allskostar rétt, um það skal ég ekki deila. En hv. þm. hjó nokkuð nærri sama staðnum aftur, því að hann endurtók, að hann teldi heppilegra að prestar tækju að sér sveitastörf en óskyld störf í kauptúnum. Ég verð að segja, að eftir því sem ég lít á hlutverk presta, þá tel ég í kauptúnum miklu meira um skyldari störf fyrir þá en sveitabúskapur er. Ég lít svo á, að eitt af þeim stóru hlutverkum, sem prestar hafa að rækja, sé uppfræðsla ungdómsins. Þeir geta hvergi beitt sér betur fyrir henni en í kaupstöðum. Enda mun það vera svo fyrir flestum áhugasamari prestum, að þeir snúa starfi sínu í þá átt, svo sem þeir hafa tíma til frá embættisstarfi.

Ég get tekið undir með hv. sessunaut mínum, að það sé til lítils að þrátta um þetta mál. Ég tel líka, að við höfum ekki gert það, heldur hver á sínu sviði reynt að færa rök fyrir okkar máli. Ég ber fyllilega traust til hv. deildar, að hún afgreiði þetta mál með jafnmikilli sanngirni og hún hefir afgreitt önnur mál, og get látið umr. lokið frá minni hálfu.

Halldór Steinsson: Ég get verið stuttorður. Ég er einn af þeim, sem ekki eru beinlínis kunnugir þarna. Í öllum slíkum málum, þar sem brestur á æskilegan kunnugleika til staðhátta, verður að fara eftir gögnum, sem fyrir liggja. Og ég verð að segja, að hér liggja ekki næg gögn fyrir. Það eru þrír aðiljar, sem hefðu átt að koma til greina. Sóknarpresturinn hefði átt að gefa sína umsögn um þetta, og ennfremur hreppsnefndin í Reyðarfjarðarhreppi. Í þriðja lagi er biskup landsins. Umsögn biskups liggur fyrir, og hann er algerlega þessari sölu mótfallinn. Um umsögn prestsins verð ég að segja, að upp úr henni er ekkert leggjandi, því að hann hefir gefið þrisvar sinnum umsögn í þessu máli, og þær hafa alls ekki verið samhljóða.

Þá er þriðji aðilinn, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps. Umsögn hennar liggur alls ekki fyrir.

Þar sem svo er ástatt, að nægileg gögn vantar í þessu máli, þá get ég fyrir mitt leyti ekki verið með því að afgreiða það á þessu þingi, og hefi þess vegna leyft mér að orða rökstudda dagskrá, svo hljóðandi:

„Í því trausti, að ríkisstj. undirbúi þetta mál til næsta þings og leggi fram nauðsynleg gögn í málinu, þar á meðal umsögn Reyðarfjarðarhrepps um kaupin og upplýsingar um það, að Eskifjarðarkauptún eigi ekki kost á hentugu landi til ræktunar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“.

Það er upplýst í umr., að til er ræktanlegt land nær kauptúninu heldur en Hólmaland, allt að því 30 ha. Og ég verð að segja, að mörg kauptún á þessu landi verða að láta sér nægja minna ræktað land en það. Ef það er rétt, að hægt sé að

fá fyrir kauptúnið eins mikið landsvæði til ræktunar, og það til hentugri ræktunar en Hólmaland, þá mundi ég fyrir mitt leyti telja þann kost miklu aðgengilegri. Og meðan ekki er fullkomlega gengið úr skugga um, hvort möguleikar eru að fá þetta Eskifjarðarland, þá finnst mér ekki tímabært að samþ. kaup á Hólmum.

Jón Baldvinsson: Það var lengi vel, að ég áleit ekki rétt, að ríkið léti af hendi jarðir til kauptúna. Og ég er reyndar þeirrar skoðunar ennþá, að ríkið eigi alls ekki að selja land einstökum mönnum. En þegar kauptún og kaupstaðir hafa tekið upp þá reglu, sem nú eiginlega er alstaðar viðurkennd án tillits til stjórnmálastefna, að kaupstaðirnir eigi sem mest land, bæði undir bæjarstæði og til ræktunar umhverfis, og þegar það er viðurkennt, að þetta land eigi að leigja út til kauptúna og kaupstaða, þá hefi ég ekki undanfarið séð ástæðu til að vera á móti því, að þeir aðiljar gætu keypt jarðir, sem ríkið gæti látið og eru í námunda við.

Fyrst þegar kaupstaðir voru byggðir, var hugsað um sjóinn aðallega. En eftir því sem fólki fjölgaði, varð örðugra að komast þar af nema hafa stuðning af einhverri annari atvinnu. Þannig er það meðal annars í mörgum kauptúnum á Austfjörðum. Yfirleitt hefir það verið svo á Austfjörðum síðustu 10 árin, að menn hafa staðið mjög illa að vígi fjárhagslega. Í þeim landsfjórðungi hefir tapazt mikið fé, bæði frá bönkum og verzlunum. Stafar þetta náttúrlega af fiskileysi við sjóinn um langt árabil. Nú á seinustu árum hafa menn aftur á móti komið auga á nýja möguleika fyrir fólk í kauptúnum, með því að rækta land og hafa þar af sína atvinnu að einhverju leyti. Og mér hefir skilizt, að þingið vilji ýta undir þetta. Alveg óskiljanlegt er mér það, að menn, sem sérstaklega telja sig til flokks, sem vill vinna að ræktun landsins, skuli geta sett sig á móti þessu, að kauptúnsbúar, sem vilja taka land til ræktunar, fái það.

Það hefir stundum verið sagt, þegar við jafnaðarmenn höfum flutt hinar og aðrar till., sem flokksmenn okkar í kaupstöðum og kauptúnum hafa óskað, að við flyttum, að við værum að hlaupa fram fyrir skjöldu gagnvart þingmanni kjördæmisins. En undarlegt finnst mér, að hv. 2. þm. N.-M. skuli nú koma og slást á móti hv. 2. þm. S.-M. um það, að kjósendur hans í Eskifjarðarhreppi geti fengið land til ræktunar. Á hverju er þetta byggt? Sannast að segja hlustaði ég ekki á alla ræðu hv. 2. þm. N.-M.; en eitt af því, sem hann bar fram sem höfuðástæðu, var vegalengdin. Hann nefndi 8 km. Hvílíkur ógnar vegur! Nú er svo komið, að bílvegur er frá Eskifirði yfir á Hólmanes, og hægt er að fara þetta á örfáum mínútum. Þegar vegur er kominn alla leið, geri ég ráð fyrir, að menn færu yfirleitt í bifreiðum á milli.

Nú hefði það getað verið ein ástæða hjá andmælendum þessa frv., ef þeir hefðu mátt færa rök að því, að núverandi prestur — eða einhver prestur seinna — vildi taka jörðina og reka þar stórt bú. En ungir og efnalitlir prestar munu undantekningarlaust vilja hlíðra sér hjá því að taka slíkar jarðir sem þessa. Þeir hafa ekki viljað það, nema efnaðir prestar, sem lengi eru búnir að búa í sveit. Í framtíðinni er óhugsandi annað en að presturinn þarna verði í kauptúninu. Ef það á að vera ástæða, að halda jörðinni sem prestsjörð, þá styðst hún ekki við nein sennileg rök. Mótmæli biskups, sem vafalaust byggjast á þessu, eru því þar með úr sögunni.

Nú hefir hv. 3. landsk. bent á, að hér sé ekki verið að leggja land úr Reyðarfjarðarhreppi undir Eskifjarðarhrepp. Þvert á móti er verið að skapa Reyðarfjarðarhreppi möguleika til þess að geta skattlagt Eskfirðinga; þeir, sem hefjast handa um atvinnu í landi hreppsins, geta orðið útsvarsskyldir í Reyðarfjarðarhreppi. Það er svo langt frá, að hann geti haft neitt á móti þessu.

Ég er hræddur um, að í þessu máli sé héraðarígur, — að ekki megi komast samband frá Eskifirði og alla leið upp á hérað. Þarna held ég, að liggi höfuðástæðan til andstöðu gegn frv. Það verður ekki langt þangað til kemur vegur frá Eskifirði og Reyðarfirði og verður tengdur við Fagradalsbrautina. Og fyrir héraðsbúa þýðir það miklu stærra verzlunarsvið. En ég er hræddur um, að Reyðfirð-

ingar líti ekki þessar framkvæmdir Eskfirðinga hýru auga og séu sumir hverjir hræddir um, að Eskfirðingar verði enn nærgöngulli, ef þeir eru búnir að fá eignarhald á jörðinni Hólmum; vegurinn muni halda áfram með meiri krafti en annars.

Ég álít ekki, að hv. þm. megi líta á slík smávægileg hreppatog, sem byggjast eiginlega á þröngsýni, þar sem það getur orðið til að hindra möguleika fjölda fólks til atvinnu með ræktun. Hv. 2. þm. N.-M. viðurkenndi, að Eskifjarðarhreppur væri yfirbyggður. Nú ætlar hann að láta hreppsbúa kenna á því. Hann vill ekki hjálpa þeim til þess að dreifa fólkinu. Við skulum hugsa okkur, að nokkrir úr Eskifjarðarhreppi vildu taka sér bústað í Hólmalandi, sem skipt væri í skákir. Hv. 2. þm. N.-M. vill þetta ekki, heldur láta þennan yfirbyggða kaupstað halda áfram að veslast upp. Ég veit ekki, hverjum þarf að rétta hjálparhönd, ef ekki ýmsum kaupstöðum austanlands. En ekki þar fyrir, að sveitirnar séu ekki illa stæðar líka. Og hv. 2. þm. N.-M. var líka hér að bera umhyggju fyrir einum hreppi í sínu kjördæmi, sem er illa stæður. Það er a. m. k. gerð tilraun til að hjálpa þeim hreppi út úr verstu kröggunum, þó að það sé ekki að öllu að tilhlutun þingsins. Og ég álít líka sjálfsagt að víkjast vel undir, þegar illar ástæður eru. Alveg á sama hátt finnst mér vel við eigandi, að þingið hjálpi Eskfirðingum úr þeirri kreppu, sem þeir óneitanlega eru í í atvinnulegu tilliti. Ég get ekki séð, að nein réttmæt ástæða hafi komið fram. Líklega hefir ekki sú raunverulega ástæða í þessu máli komið fram fyrr en nú, — þessi kritur milli kauptúna og hreppa, að koma ekki á samgöngum. En það hlýtur að vera vilji hv. alþm. að gera samgöngurnar sem auðveldastar milli sveita og kauptúna. Skilst mér því, að þetta mál ætti að eiga sérstaklega öruggan stuðning hjá þeim flokki þingsins, sem telur sig fremur öðrum vilja stuðla að ræktun landsins.

Páll Hermannsson: Ég skal geta þess, að fyrir þinginu í fyrra — a. m. k. einstökum þm. — lágu upplýsingar um vilja Reyðfirðinga, bæði frá hreppsnefndar- og sveitarfundi, og — að ég ætla — frá sóknarnefnd. Ég hygg, að þau skjöl hafi aldrei lent inn í skjölum þingsins, en þau voru hér eigi að síður.

Þá vil ég leyfa mér að benda á, að það er af misskilningi sprottið, þegar hv. ræðumenn hafa viljað láta líta svo út, að ég setti mig á móti því, að Eskfirðingar fái land til ræktunar. Ég hefi einungis viljað athuga það, hvaða land það væri, sem þeim kæmi bezt til ræktunar.

Ég hefi einmitt viðurkennt þörfina, en talið að það ætti að vera land jarðarinnar Eskifjarðar. Ég álít, að það mál sé hvergi nærri fullrannsakað og get því fylgt dagskrá hv. þm. Snæf. og tekið undir með honum, að ekki er um neitt smáræðis land að ræða þar, ef fullræktað verður.

Ég hefði gjarnan viljað minnast nokkuð á draumóra hv. 4. landsk., ef ég hefði haft tíma til þess. Hv. þm. slær því föstu, að prestar mundu ekki vilja búa á jörðinni. Þetta eru alveg rakalausir draumórar, sem engan stuðning hafa í reynslunni. — T. d. býr presturinn á Fáskrúðsfirði á Kolfreyjustað og presturinn á Seyðisfirði á Dvergasteini.

Þá er það einnig rakalaust, sem hv. þm. sagði um vegarsambandið milli þessara staða. Þingið lítur auðsjáanlega svo á, að fyrir þessu vegarsambandi sé séð með því fé, sem veitt er í yfirstandandi fjárlögum, því engin fjárveiting er nú í fjárlagafrv. í þessu skyni. Þetta eru því allt hugsanavillur frá upphafi til enda hjá hv. 4. landsk.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Út af framkominni dagskrá vil ég taka það fram, að þetta mál var á síðasta þingi afgr. á þann hátt frá hv. Nd. Nú hefir sú hv. d. litið svo á, að þau rök, er fram geta komið, séu fyrir hendi og því afgr. frv.

Út af orðum hv. 2. þm. N.-M. vil ég taka það fram, að þau gögn til mótmæla, er hann talar um að legið hafi fyrir á síðasta þingi, og að því er mér skildist í höndum einstakra manna, hafa alls ekki komið fyrir mín augu, né heldur hv. 1. þm. S.-M. Er þó einkennilegt, ef þau hafa verið til, að það er eins og þeir, sem hafa haft þau undir höndum, vilji dylja þau. En ég verð enn sem fyrri að halda mér

fast við það, að ekki muni vera mikil andúð gegn þessari sölu, fyrst engin opinber mótmæli hafa komið fram. Hefir þó málið haft heilt ár til undirbúnings, síðan það kom fram á þinginu í fyrra, og öllum hlutaðeigendum kunnugt. Og ég held, að það væri alveg óviðeigandi afgreiðsla að vísa því að nýju til stj., eftir þann undirbúning, sem það hefir fengið. Ég verð því að leggja á móti dagskránni og treysti hv. deild til að fella hana.

Jón Baldvinsson: Hv. 2. þm. N.-M. átti aðeins stutta aths. eftir og getur því afsakað, að hann hafi ekki haft tíma til annars en fullyrðinga. Enda var ræða hans þar eftir. Það eru lítil rök að tala um, að ræða mín hafi ekki verið annað en draumórar og hugsanavillur. En ég vil benda á, að höfuðröksemd hans í fyrstu ræðu var sú, að langt væri á milli Eskifjarðar og Hólma, eða 8 km. En frá þessari fyrstu röksemd fyrstu ræðu sinnar féll hann þó fljótlega, er ég hafði bent á, að þessi vegarlengd væri stutt. Þessi aðalröksemd hv. þm. var því bara órökstudd fullyrðing. Mátti því vænta, að aths. hans væri full fullyrðinga, þar sem aðalröksemd fyrstu ræðu hans, þegar hann hafði nógan tíma, reyndist ekki haldbetri.

Að það séu draumórar að halda það, að ungir prestar veigri sér yfirleitt við að taka stórar bújarðir til afnota, held ég að fáir séu samþykkir. Allir vita, að ungir prestar eru yfirleitt skuldugir eftir námsár sín og vantar öll efni til að setja saman stórbú og stjórna þeim. Enn síður leyfa efnin þeim að halda dýra ráðsmenn. Þeir munu því flestir fremur kjósa að setjast að í kauptúnum, ef því má við koma. Þetta vita allir. Ég sé því ekki annað en að mínar röksemdir standi óhaggaðar. En slíkt er ekki hægt að segja um hv. þm., því hann hefir nú flúið frá sinni aðalröksemd.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Snæf. felld með 6:6 atkv.

1. gr. samþ. með 7:4 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 7:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 57. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá vegna þeirrar brtt., sem komin er fram.

Forseti (GÓ): Ég skal verða við tilmælum hv. þm., enda er dagskráin vanalega ekki svo fjölbreytt hjá okkur, að málið komist ekki fljótlega að.

Á 59. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 31, 330, 337).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 337. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Það urðu nokkrar umr. um þetta mál við 2. umr. Ég tók lítinn þátt í þeim, en lét í ljós, að ég teldi það óheppilega leið að selja svona höfuðból burtu frá ríkinu. En sú varð niðurstaðan við 2. umr., að þetta skyldi gert. Ég býst þess vegna ekki við að leggjast algerlega á móti þessu, en vil þá tryggja, að vissum skilyrðum sé fullnægt, áður en selt verður. Hefi ég því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 330 og 337.

Það er þá fyrst brtt. 330, um að orða upp 1. gr. Ég þarf ekki að lesa upp þá breyt., en það, sem fyrir mér vakti, var það fyrst og fremst, að salan færi ekki fram fyrr en biskup landsins hefði átt kost á því á ný að segja álit sitt um þetta. Þetta er prestssetur, og hefir prestur setið þar til skamms tíma. Mér finnst því ekki hlýða, að slíkar jarðir séu seldar áður en til biskups hafi verið leitað, og ennfremur samþykkis sóknarprestsins.

Ennfremur er það gert að skilyrði til þess að tryggja rétt Reyðarfjarðarhrepps, að áður en salan fer fram, hafi hann átt kost á sanngjarnri hreppaskiptingu. Ég veit, að ýmsir hreppar líta hornauga til þess, að aðrir hreppar eigi jarðir inni í þeim. Það getur verið misbrúkað á ýmsan hátt.

Loks fer ég fram á, að gr. sé breytt að öðru leyti líka, þannig að stj. sé heimilt að selja alla jörðina, ef henni þykir henta. Ég veit þess dæmi, að við sölu hafa einstakir hlutar verið undanskildir jörðinni,

sem hafa svo komið jarðeiganda að litlum eða engum notum. Ég get t. d. trúað, að svo kynni að fara um þennan varphólma, sem getið er um í 2. gr., að þegar Eskfirðingar fara að venja komur sínar að Hólmum og skipta þeim niður í smábýli, og einkum er útgerðin vex, verði kannske ekki mikill hagur að varpinu. Það er því vafamál, hvort ekki sé bezt að selja jörðina alla í einu, og vil ég láta landsstj. hafa óbundnar hendur um það. Aftur á móti væri ekki útilokað, að hún gæti undanskilið eitthvað, ef sérstaklega væri ástatt, t. d. Seleyri, sem gæti komið til með að verða vitastæði. En þetta kynnir stj. sér að sjálfsögðu.

Svo hefi ég flutt brtt. um það á þskj. 337, að 3. gr. falli niður; því samkv. henni er stj. bundin við að selja jörðina samkv. ákvæðum laga frá 1907 um sölu kirkjujarða. En þegar kauptúnum hafa verið seldar spildur undan kirkjujörðum, t. d. Blönduósi og Siglufirði, hefir ekki verið áskilið, að salan færi eftir ákvæðum þeirra laga, heldur eftir samningum. En það er töluvert verra fyrir ríkið að vera bundið við að selja samkv. lögunum frá 1907, því að þau gera ráð fyrir, að verðið sé lánað með 4% vöxtum til margra ára. Þess vegna er lagt til, að 2. og 3. gr. frv. falli niður.

Ég vona, að hv. þm. geti fallizt á þessar till. og talið þær viðunandi málamiðlun eftir atvikum.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þessar brtt., sem hér liggja fyrir. Ég hafði búizt við, að hv. flm. myndi gera grein fyrir þeim, eins og hann líka gerði, en sú grg. sannfærði mig um það ennþá betur, að hér veldur ókunnugleiki.

Ég skal þá fyrst minnast á brtt. á þskj. 330, sem hv. þm. virtist leggja nokkra áherzlu á, að yrði samþ. Fyrst er það, að hann leggur áherzlu á, að umsögn biskups sé fengin. Ég get ekki séð annað, en að það sé fremur þýðingarlítið, þar sem fyrir þinginu hefir legið umsögn biskups, og öllum er vitanlegt, að hann hefir lagt á móti sölunni. Ef það á að hafa nokkra þýðingu að leita umsagnar biskups, ætti það þá að vera til þess að fara eftir henni. En þingið hefir nú ekki viljað fallast á hana, og því er ástæðulaust að setja þetta inn í frv. Það hefir, að ég hygg, í mörgum tilfellum verið svo, að biskupinn hefir lagt á móti sölu prestssetra undir svipuðum kringumstæðum, t. d. um sölu á kirkjujarðarhluta úr Nesi, og þó hefir Alþingi ekki séð ástæðu til þess að fara eftir till. hans. Þetta atriði út af fyrir sig hefir lítið að segja, enda tel ég stj. ekki bundna við það, sem biskup legði til.

Um þá till. hv. þm., að jörðin skuli seld með hlunnindum, ítökum o. fl., vil ég segja það, að hún er þannig vaxin, að óhugsandi er að samþ. hana. Ég tel glapræði af þinginu, ef það færi að fyrirskipa stj. að selja t. d. Seleyri, en þetta er bara komið til af því, að hv. flm. brtt. er þarna algerlega ókunnugur. Mér er t. d. kunnugt um, að Hólmakirkja á rekaítök t. d. í Norðfjarðarhreppi. Þau liggja í landi jarðarinnar Barðsness, og væri nokkurt vit í því að selja Eskifirði slík ítök? Ef ríkisstj. færi að selja þau, væri eðlilegast, að hún seldi þeirri jörð, sem þau liggja í. — Það er því ómögulegt að samþ. þessa till.

Þá kemur í niðurlagi gr., að Reyðarfjarðarhreppi skuli gefinn kostur á hreppaskiptingu, er sanngjörn megi teljast. Þetta er málinu algerlega óviðkomandi, og ég býst ekki við, að Reyðarfjarðarhreppur óski eftir hreppaskiptingu, en hitt gæti verið, að Eskifjarðarhreppur óskaði þess. Ég vil ekkert blanda mér inn í þær hugsanlegu deilur, sem út af því kynnu að spretta. En verði Hólmar eign Eskifjarðarhrepps, verða þeir nýttir langtum betur heldur en líkindi eru til, að sóknarpresturinn geti gert, og af því leiðir, að jörðin verður Reyðarfjarðarhreppi miklu meira virði en áður. Þess vegna er þeim hreppi ekki greiði gerður með því að benda til þess, að Hólmar leggist undir Eskifjarðarhrepp. — 1. gr. brtt. er því ekki svo vaxin, að nein leið sé að samþ. hana.

2. brtt. er um að 2. gr. falli burt, þar sem ríkisstj. er heimilað að undanþiggja sölunni vissar landsnytjar, sem mætti nota handa presti, ef hann vildi heldur sitja þar en á Eskifirði. Ég held, að það væri öllum að bagalausu, þó að undan skildar væru úr Hólmalandi einhverjar landspildur, sem nægðu presti til þess að

hafa 1—2 kýr. Stj. er ekkert fyrirskipað um þetta, og það verður að vera á hennar valdi, hvort hún álítur ástæðu til þess. Ég tel ekki ástæðu til, að þetta falli niður.

Þá er það síðasta brtt., sem orðuð er um á þskj. 337, um að 3. gr. falli niður; hún er um það, eftir hvaða reglum eigi að meta söluverð jarðarinnar og selja hana. Ég tel miður heppilegt að fella þessa gr. niður. Ég finn að vísu, að lögin geta náð tilgangi sínum fyrir því, þannig að Eskifjörður fái keypta Hólma, en mér finnst óviðkunnanlegt af löggjafarvaldinu að segja ekki, á hvern hátt eigi að selja þá. Ég veit auðvitað, að engin stj. mundi selja þá fyrir óhæfilega lágt verð, en henni er þó heimilað það.

Mér fannst það skína í gegn hjá hv. flm. brtt., að þessi jörð væri allt of góð handa Eskfirði. Hann virðist vilja selja jörðina með öðrum kjörum, og ef til vill hærra verði; en ef hann vill tryggja það, þá þarf að setja nýja gr. um, fyrir hvað eigi að selja Hólma og hvernig eigi að greiða kaupverðið. Ef það er ekki gert, tel ég mjög óviðkunnanlegt, að ekkert sé ákveðið um, hvernig kaupin skuli fram fara. (**JónJ**: Það er venja!). Nei, í flestum tilfellum er vitnað í þessi lög frá 1907; en hitt er rétt, að það hefir komið fyrir, að ekkert væri um það sagt. En að ekki skuli farið eftir þessum lögum um sölu á þessari jörð, það finnst mér nokkuð einkennilegt og óviðeigandi. Hver ástæða er til þess að leyfa Eskfirðingum ekki að njóta sömu kjara og öðrum? Það er víst, að jörðin er ekki keypt með það fyrir augum að selja hana með braski.

Ég verð því að mæla á móti þessari till., því að það er miklu réttara af þinginu að ganga greinilega og skilmerkilega frá þessu atriði, eftir hvaða reglum kaupverðið skuli metið og hvernig það skuli greitt.

Ég geri því ráð fyrir, að hv. d. athugi vel, hvað í þessum brtt. felst og hvað af þeim myndi leiða. Ég fæ ekki betur séð heldur en að allar séu þær þannig vaxnar, að málið horfi þinginu frekar til vanvirðu, ef þær verða samþ. Enda er ósköp eðlilegt, að svo sé, þar sem alókunnugur maður hyggst að breyta frv., sem er samið af manni, sem þarna er þaulkunnugur og hefir þar að auki sem umboðsmaður Múlaumboðs mikla þekkingu á því, er lýtur að sölu slíkra jarða. Ég hygg því, að flm. frv. hafi miklu betri aðstöðu til þess að ganga svo frá því, að vel megi við una, heldur en hv. 6. landsk., því það er töluvert vandaverk að blanda sér í málefni, sem mann brestur alla þekkingu á, bæði á staðháttum og öðru.

Páll Hermannsson: Við 2. umr. þessa máls tóku allmargir hv. þdm. þátt í umr. Sérstaklega var það þó hv. 4. landsk., sem talaði eftir að ég hafði notað minn ræðumannsrétt. Vildi ég nú örlítið minnast á sitthvað það, er hann drap á.

Hann sagði, að fjarlægðir milli Eskifjarðarkauptúns og Hólma hefðu litla þýðingu, enda hefði ég líka horfið frá þeirri ástæðu. Ég vil nú ekki kannast við það, en mér finnst ég sjá það betur og betur við að virða þá ástæðu fyrir mér, að hún er ein höfuðástæðan.

Ég benti á það við 2. umr., að þó vegalengdin geri ekki Eskifjarðarkauptúni ómögulegt að reka búskap í stórum stíl á Hólmum, þá gerir hún það mikið erfiðara; og hún gerir ómögulegt það fyrirkomulag á ræktuninni og hagnýtingu jarðarinnar, sem ég tel heppilegast, nefnilega að einstakir menn fái að rækta sína eigin bletti hver út af fyrir sig. Þar sem þannig stendur á sem þarna, að fleiri menn eru samankomnir heldur en hafa atvinnu þar, og þegar sú ónóga atvinna, sem fólkið hefir, er fremur stopul, eins og sjósóknin alltaf er þarna, þá álít ég höfuðbjargráðið það, að hver þessara atvinnulitlu og fátæku manna geti fengið sinn eiginn grasblett til að vinna að, þegar ekki kallar annað að. Þetta hefir ráðunautur Búnaðarfélagsins, Pálmi Einarsson, séð, því eftir ummælunum í niðurlagi álits hans telur hann nauðsynlegt, þó að Eskifjarðarkauptún fengi Hólma og tæki þá til ræktunar, að einstakir menn úr kauptúninu eigi kost á landblettum til ræktunar í landi jarðarinnar Eskifjarðar. Það er ekki af því, að ekki sé nægilega mikið landrými á Hólmum, ef sú jörð væri tekin til ræktunar á annað borð, heldur af því, að vegalengdin frá kauptúninu útilokar þetta að mínu áliti heppilegasta fyrirkomulag á ræktun og búskap kauptúnsins.

Það hefir verið bent á, að sjóleiðin væri styttri milli Eskifjarðarkauptúns og Hólma heldur en landleiðin. Ég tel það hafa mjög litla þýðingu að því er þetta snertir. Þegar bílvegur er til á milli, geri ég ráð fyrir, að ekki verði farið að nota sjóleiðina til muna; það væri þá helzt á veturna, ef bílvegurinn væri ófær. Ég held mönnum þætti allt of snúningasamt að flytja t. d. áburð fyrst á landi, svo á sjó og síðast á landi, því þannig hlyti sá flutningur að verða í framkvæmdinni. Ég vona því, að hv. 4. landsk. sannfærist nú um, að fjarlægð Hólma frá kauptúninu sé talsverð ástæða gegn sölunni, eins og mér virtist hann nógu skynsamur til að falla frá þeirri meinloku, að einhver helzta ástæðan til mótþróans gegn sölu Hólma væri sú, að einhverjir kærðu sig ekki um vegarsambandið milli kauptúnsins og Héraðs. Það vegarsamband er nú líka næstum því komið á.

Ég tel þetta mál alls ekki nægilega undirbúið. Fyrst er að ganga úr skugga um, hvort jörðin Eskifjörður, sem ég er viss um að er kauptúninu heppilegri en Hólmar, er ekki fáanleg fyrir verð, sem hægt er að ganga að. Fáist hún alls ekki, er fyrst kominn tími til að athuga um sölu á Hólmum, en áður en sú sala væri samþ. er nauðsynlegt að hafa undirbúið ný hreppaskipti, því ég er sannfærður um, að að þeim mundi reka, ef til sölunnar kæmi. Þegar Eskifjarðarkauptún færi að reka atvinnu á Hólmum svo stórfellda, að hún á að styðja afkomu 800 manna kauptúns, sem næststærsti atvinnuvegur þess, þá er auðséð, að óhjákvæmilegt væri að færa hreppamörkin þannig til, að Hólmar yrðu í Eskifjarðarhreppi.

Það hefir verið drepið á, að ef Reyðfirðingar hefðu ýmugust á sölu Hólma, þá væru þeir nokkuð tómlátir um að halda fram sínu máli. Það hefði þá helzt verið hreppsnefnd þeirra, sem átt hefði að vera á varðbergi til að gæta hagsmuna hreppsins í þessu efni. En það getur nú verið af eðlilegum ástæðum, að hún hefir hægt um sig. Mig minnir nefnilega, að presturinn að Hólmum, sem nú er fluttur í Eskifjarðarkauptún, sé hreppsnefndaroddviti Reyðarfjarðarhrepps; þar sem hann hefir nú mælt með sölu Hólma sem prestur, og vill gjarnan selja hús sín þar, þá er eðlilegt, að hann sé ekki skeleggur að halda fram hlut Reyðarfjarðarhrepps í þessu efni og sé seinn að hefjast handa til að mótmæla sölunni fyrir hönd hreppsins.

Ég mun greiða brtt. hv. 6. landsk. atkv., sérstaklega vegna þess, að með þeim er gerð tilraun til að bæta úr einum stærsta ágalla frv., með því að taka fram, að Reyðarfjarðarhreppi skuli gefinn kostur á sanngjarni hreppaskiptingu, ef Hólmar eru seldir. Einnig geri ég ráð fyrir, að ef þær væru samþ., fengist e. t. v. sá dráttur á sölunni, sem ég tel nauðsynlegan til að athuga, hvort ekki er hægt að bæta úr landþörf Eskifjarðarkauptúns á annan hátt. Það fer fjarri því, að ég vilji koma í veg fyrir, að Eskfirðingar fái aðstöðu til grasræktar; ég vil þvert á móti, að þeir fái það land, sem þeim er hentugast. Þó ég sé yfirleitt mótfallinn að selja slík stórbýli sem Hólma, og þó ég álíti heppilegra, að presturinn eigi kost á að sitja á Hólmum, þá vildi ég þó fórna því hvorutveggja, ef ekki væri mögulegt að bæta úr þörf Eskfirðinga á annan hátt.

Ég vil benda á, að þó brtt. væru samþ., hefði stj. heimild til að undanskilja þau hlunnindi jarðarinnar, sem hún teldi ástæðu til að halda eftir.

Ég skil ekki, hvers vegna þeir menn, sem því halda fram, að presturinn muni aldrei vilja sitja á Hólmum, sjá ástæðu til að láta hann eiga kost á landi undir nýbýli í landareign Hólma eftir að þeir eru seldir. Það er þó ólíkt erfiðara fyrir prest að taka land til ræktunar og byggja upp nýbýli heldur en að taka við Hólmum með húsum, túni og ýmsum hlunnindum, og mundi hann því sennilega fremur kjósa að búa í kauptúninu heldur en að brjótast í því. Finnst mér því þetta atriði í frv. vel mega breytast.

Ef til þess kemur, að Hólmar verði seldir, finnst mér ekki rétt að sprengja upp verðið; Eskfirðingar ættu að fá þá með sömu skilmálum og venjulegir eru um sölu og kaup kirkjujarða. Einnig finnst mér rétt, að Eskfirðingar fái það af jörðinni og öllum hennar gæðum, sem þeir hafa þörf fyrir, ef þeir fá hana keypta á annað borð. Þrátt fyrir þetta tel ég brtt. í heild til bóta og mun því greiða þeim atkv., eins og ég hefi tekið fram.

Þó mun ég ekki greiða atkv. með frv. sjálfu, þó brtt. verði samþ. Ég vil, að það dragist að selja Hólma, þangað til fullvíst er, að þess sé brýn þörf.

Jón Baldvinsson: Hv. 2. þm. N.-M. særði mig nú til að standa upp, þó mér fyndist við búnir að ljúka okkur af við 2. umr., og ætlaði þess vegna ekki að taka þátt í þessari. Hann var enn að tala um vegalengdina milli Hólma og Eskifjarðar sem ástæðu gegn þessu frv., en tókst ekki betur en það, að hann sannaði hið gagnstæða við það, sem hann vildi vera láta. Milli þessara staða er á landi 7½ km. bílvegur, en sjóleiðis örstutt leið innanfjarðar. Eskfirðingar reka talsverðan útveg og hafa því yfir miklu af bátum að ráða til flutninga, ef þeir vilja nota sjóleiðina. Það má því heita, að þeir hafi eins góða aðstöðu og hægt er að hugsa sér til að nytja Hólma, eða kaupstaðir og kauptún geta a. m. k. ekki búizt við að fá hentugra land til afnota; mega Eskfirðingar því heita mjög heppnir, ef þeir fengju Hólma. Hv. þm. hélt fram, að t. d. áburður mundi ekki verða fluttur sjóleiðis. En við vitum nú allir, að flutningar á sjó eru allt af ódýrari heldur en á landi. (**PH:** Þarna þyrfti að flytja bæði á sjó og landi, ef nota ætti sjóleiðina). Það er ekkert líklegra en Eskfirðingar myndu skreppa með fiskúrgang og því um líkt á bátum til Hólma, og sennilega má sama segja um annan áburð. Þeim, sem ráð hafa á bílum, myndi e. t. v. þykja þægilegra að nota þá, þó það yrði alltaf dýrara. Sem sagt, ég tel allt skraf hv. þm. um vegalengdina út í hött og mér finnst hv. þd. geti ekki tekið það til greina sem ástæðu gegn frv.

Hv. 2. þm. N.-M. er alltaf að gefa Eskfirðingum einskonar ávísanir á land, sem nær þeim liggur heldur en Hólmar. Gallinn er, að þessar ávísanir eru þeim bara einskis virði, jarðirnar við fjarðarbotninn eru allar í eigu einstakra manna, svo þingið getur ekki útvegað kauptúninu þær, nema með því að taka þær eignarnámi. En mér er nú sem ég heyri undirtektir hv. þd., ef komið væri með till. um að taka sveitajarðir eignarnámi handa kauptúni; það mundi víst eitthvað syngja í tálknunum á hv. þingbændunum. (**Forseti GÓ:** Það er nú enginn þeirra með tálknum). Jæja, ég tek það þá aftur. En ég man t. d. eftir undirtektunum hérna um árið, þegar við jafnaðarmenn bárum fram frv. um, að kaupstaðir og kauptún hefðu forkaupsrétt að jörðum í nágrenni sínu, sem á annað borð ganga kaupum og sölum. Hv. 2. þm. N.-M. hefir víst ekki verið kominn í þessa hv. d. þá, svo ég veit ekki um skoðun hans á því máli. En frv. var steindrepið. Sérstaklega lögðust framsóknarþingbændurnir á móti því, og svo auðvitað allir íhaldsmennirnir, af því frv. var komið frá jafnaðarmönnum.

Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. N.-M., að ég hafi talið það **aðal**ástæðuna til mótþróans gegn sölu Hólma, að einstakir menn kærðu sig ekki um vegarsamband við kauptúnið, en síðar fallið frá því. En ég færði líkur að því, sem ástæða er til að ætla, að nokkur hreppapólitík hafi blandazt í þetta mál, þó það sé nú til meðferðar í þinginu. Ég talaði ekki um það sem einu ástæðuna til andúðarinnar, sem þetta frv. hefir mætt, en sem eina af ástæðunum, og ég held, að hv. þm. viðurkenni í hjarta sínu, að það sé rétt.

Jón Jónsson: Það þýðir víst ekki að halda langa ræðu um þetta mál nú; hv. þdm. eru fremur lausir í sætunum, eins og eðlilegt er, þegar eldhúsdagsumr. standa sem hæst í hv. Nd. Þó vil ég svara hv. frsm. n. nokkrum orðum.

Hann taldi ástæðulítið að leita umsagnar biskups, því hún væri þegar fengin. Biskupinn mun hafa látið uppi álit sitt um þetta mál í fyrra, en þrátt fyrir það liggur ekki fyrir umsögn hans um það **nú**. Það eru dálítið aðrar ástæður fyrir hendi nú en í fyrra; sóknarpresturinn t. d. lagði á móti sölunni í fyrra, en mælir með henni nú. Er því ekki loku fyrir það skotið, að afstaða biskups hafi líka breytzt. Úr því þessi yfirmaður kirkjunnar er á annað borð til, finnst mér óhæfa að ráða til lykta máli, sem eins mikið snertir kirkjuna og þetta, án þess að liggi fyrir mjög nýleg umsögn um það frá honum.

Þá talaði hv. frsm. um, að till. mínar væru mjög misráðnar vegna ókunnugleika míns. Nefndi hann til dæmis, að óheppilegt væri að láta Seleyri fylgja aðal-

jörðinni, þó Eskifjarðarkauptún keypti hana. Hv. 4. landsk. hefir nú þegar bent á, að stj. er ekki bundin við að selja jörðina alla, þó henni sé heimilað það. Hún getur því haldið eftir því, sem henni finnst ástæða til, ef það er nokkuð.

Að því er snertir ítök jarðarinnar, reka og því um líkt, þá veit ég ekki, hvort þau yrðu ríkinu nokkurs virði, þegar búið væri að selja jörðina sjálfa. (IP: Það mætti selja öðrum þau).

Um hreppaskiptin þarf ég ekki að tala; hv. 2. þm. N.-M. hefir tekið af mér það ómak. Einnig vék hv. 2. þm. N.-M. að því, að lítil ástæða væri til að halda eftir landi undir nýbýli handa prestinum. Annaðhvort verða Hólmar að vera prestssetur eða ekki. Hv. frsm. hefir nú haldið fram, að betra sé fyrir prestinn að vera í Eskifjarðarkauptúni, og þá er óþarfi að ætla honum land undir býli á Hólmum; hann stendur jafnt að vígi öðrum í kauptúninu til að fá þar blett til að rækta, þó ríkið haldi engu eftir.

Hv. frsm. taldi það galla á brtt. mínum, að ef þær væru samþ., væri ekkert tekið fram í frv. um það, fyrir hvaða verð ætti að selja Hólma og með hvaða skilmálum. Mér finnst það geti farið eftir samningum við stj., eins og oft áður þegar kauptúnum hafa verið seldar jarðir án þess vísað væri til laganna frá 1907. Það er orðið löngu úrelt að selja jarðir eftir mælikvarða frá 1907. Hv. frsm. gat um, að enginn trygging væri fyrir því, að Hólmar yrðu seldir með öðrum kjörum, þó brtt. væru samþ. Mér er það nægileg trygging, að um söluna á að semja stjórn, sem ég treysti bæði til að fara með þetta mál og önnur.

Ég hefði viljað skora á hæstv. stj. að setja nokkur nánari skilyrði fyrir sölu Hólma, t. d. að tryggja það, að jörðin geti ekki lent í braski, með því að ákveða að ef hún gengi úr eigu Eskifjarðarkauptúns, fengi ríkið hana aftur. En því miður er engin hæstv. ráðh. viðstaddur sem stendur, og læt ég því staðar numið.

Ingibjörg H. Bjarnason: Ég get nú búizt við, að mér verði brugðið um ókunnugleika á þessu máli, ekki síður en sumum öðrum hv. þdm. Ég ætla þó að leyfa mér að koma fram með nokkrar almennar hugleiðingar í sambandi við þetta frv. áður en gengið er til atkvgr.

Ég hefi einu sinni komið á Eskifjörð og dvalið þar mánaðartíma; mig minnir það væri árið 1914. Sú dvöl gefur mér líklega litla heimild til að dæma um þarfir Eskfirðinga. Þó vil ég með tilliti til míns litla kunnugleika og þess, sem aðrir hafa sagt mér, viðurkenna, að þörf þeirra á landi til ræktunar er talsvert brýn. En það er eitt, sem hneykslar mig nú — ég segi hneykslar mig —, og það er það, að hér er verið að ræða um að selja eina hina beztu af þeim fáu kirkjujörðum landsins, sem enn eru óseldar. Því miður er nú svo komið, að búið er að selja margar beztu þjóðjarðirnar, því illu heilli eru þessi gömlu og góðu höfuðból nú seld nálega hverjum, sem hafa vill.

Það er búið að tala um, að Hólmar séu ágæt jörð, og það er öllum hv. þdm. kunnugt. Það er búið að tala um það, að biskup, sem yfirmaður kirkjunnar, leggi á móti því, að jörðin verði seld. Hefir hann þá í huga þá mörgu ágætu presta, sem þarna hafa setið með sæmd og góðum orðstír, og þá menningu, sem borizt hefir frá heimilum þeirra.

Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að ekki eigi eða megi draga úr þeirri menningu, sem stafar frá góðum og menntuðum mönnum, sem búa í sveit, — sitja jarðir sínar vel og eru þess megnugir að láta bæði orð sín og verk leiða gott af sér í héraði sínu. Ég held, að okkar marglofaða menning stæði traustari fótum, ef fleira væri eftir í sveitinni af þeim heiðursmönnum, sem áður hafa gert garðinn frægan.

Nú þegar það er athugað, að biskup hefir lagt á móti sölu þessarar jarðar, en hinsvegar er í frv. vitnað í það, að hlutaðeigandi sóknarprestur mælir með sölunni, þá finnst mér, að engum geti blandazt hugur um, hvor þeirra hefir meira til síns máls. En mér finnst, að það beri að líta á það í þessu tilfelli, að biskup er yfirmaður kirkjunnar, svo að taka verði meira tillit til hans skoðana og till. í þessu máli en prestsins, sem, hversu góður sem hann kann að vera, ef til vill hefir persónulegra hagsmuna að gæta.

Ennfremur man ég ekki betur en hv. flm. þessa frv., 1. þm. S.-M., hafi í fyrra

borið fram rökstudda dagskrá til að koma í veg fyrir sölu þessarar jarðar. Þessi skoðanaskipti skil ég ekki. Ég bendi aðeins á þetta, af því að til svona skoðanaskipta hljóta að liggja einhverjar ástæður. Mér eru þær ekki vel kunnar, en ég hygg það sé máske eitthvað, sem í daglegu máli er kallað hreppapólitík, því að þetta er því miður til. Ég get sem sagt ekki fellt mig við þessa málafærslu.

Ég hefi hlýtt á þessar umr. með sæmilegri athygli. Og ég skal ekki leyna því, að ég hefi getað aðhyllzt miklu frekar allt, sem sagt hefir verið skynsamlega og öfgalaust móti sölu þessarar jarðar. Og til þess ber m. a., að ég hefi komið á þennan stað. Ég hefi ekki farið landleiðina milli Hólma og Eskifjarðar — mér er sagt, að hún sé um 8 km. —, sem þá var illfær reiðvegur. Ég fór með mótorbát frá Eskifirði. Veðrið spilltist svo á skömmum tíma, að illfært var til Eskifjarðar aftur. Við vorum jafnvot og hrakin hvort sem við vorum á þiljum eða undir þiljum. Þetta virðist mér benda á það, að maður getur ekki æfinlega reiknað með sjóleiðinni, þótt hún sé styttri. Og það hefir verið bent á það af þeim, sem mest hafa lagt til þessa máls, að landleiðin er svo löng, að erfitt verður á ýmsan hátt að nota hana til flutninga, t. d. á áburði til Hólma og afurðum þaðan.

Ég hefi heyrt talað um jörðina Eskifjörð og veit, að hún er miklu minni, eða um 30 hektarar að stærð. Þar eru ræktunarskilyrði allmikil, að því er mér er sagt af vel kunnugum mönnum. Sennilega mundi það land nægja Eskfirðingum um alllangt skeið. Og því þá að vera að fara yfir lækinn til að sækja vatnið, þegar maður hefir lækinn í túninu?

Ég gat ekki á mér setið að láta þessar almennu hugleiðingar í ljós áður en endanlega er gengið til atkv. bæði um brtt. og frv. Mér finnst við ekki hafa ráð á að henda frá okkur þessum því miður allt of fáu kirkjujörðum, sem ennþá eru óseldar. Við þurfum að hugsa okkur tvisvar um áður en það er gert. Ég vil ekki blanda mér inn í söluskilmálana eða þá samninga, sem kæmu til greina við söluna. Ég mundi ekki fylla flokk þeirra, sem vilja selja jörðina með afarkostum, ef á að nota hana til að bæta úr brýnni mjólkurþörf fyrir Eskfirðinga. En þetta vildi ég hafa sagt, að ég álít brtt. hv. 6. landsk. til bóta við frv. og mun ég geta greitt þeim atkv. En ég mun neyðast til að greiða atkv. móti frv. í heild sinni.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég tel rétt að svara nokkuð aths. þeim, sem fram hafa komið hjá hv. þdm., og rétt, að ég byrji á þeim síðasta. (**IHB:** Þeim ókunnugasta!). Ég gat ekki annað en roðnað, þegar hann sagði, að umr. hefðu hneykslað sig. Ég er svo tilfinninganæmur gagnvart kvenfólki, að ég fyrirverð mig innilega fyrir að hneyksla það. (**IHB:** Má ég skjóta inn í? Ég var ekki að tala um, að ég hneykslaðist sem kona, heldur sem þm., sem Íslendingur). Jæja, ég greip það nú á þennan hátt. (**IHB:** Það megið þér ekki). Ég hlustaði á ræðu hv. þm. til enda, en gat ekki fundið út úr henni, hvað það var, sem hneykslaði hann. Svo að ég held ég megi hafa sæmilega góða samvizku fyrir því, að ég sé ekki sá, sem hneykslaninni hefir valdið.

En það var nokkuð annað, sem ég ætlaði að svara. Það var sem sé vikið að þm., sem ekki á sæti í deildinni, hv. 1. þm. S.-M. — að hann hefði borið fram rökstudda dagskrá móti frv. um sölu Hólma í fyrra, en nú flytti hann frv. um það efni. Hv. 2. landsk sagðist ekki skilja þennan snúning. Ég held hv. 2. landsk. hefði átt að athuga, hvernig fór um málið í Nd. Hv. 1. þm. S. M. flutti frv., en alls ekki dagskrána. Ég held því, að snúningurinn sé annarsstaðar en hjá hv. 1. þm. S.-M. Ef hv. 2. landsk. hefir haft þetta að aðalerindi til þess að standa upp, þá held ég, að betra hefði verið að láta það vera.

Hv. þm. sagði okkur ferðasögu af sér fyrir nokkrum árum milli Eskifjarðar og Hólma. Hún var ekki allskostar atburðalaus, því að ferðin var farin á allstórum mótorbát, en veður spilltist svo meðan á ferðinni stóð, að farþegar voru jafnhraktir undir þiljum og ofan þilja. (**IHB:** Alveg rétt!). Ég verð að segja, að þetta hefir verið mjög slæmur bátur. (**IHB:** Nei, nei!). Ég hefi nú komið eins oft á sjó og hv. 2. landsk. í því veðri, sem maður er hrakinn ofandekks, en ég tel ekki þá báta sjófæra, þar sem maður er jafnhrakinn undir þiljum og á þiljum. Nei, þetta

er nú eitthvað svipað og þegar hv. þm. var að áfellast hv. 1. þm. S.-M. og hefir jafnmikið gildi.

Hv. þm. taldi svo ástatt um sjóleiðina milli Hólma og Eskifjarðar, að ekki mundi ganga vel að flytja áburð þar á milli.

Það var í rauninni eitt atriði í ræðu hv. þm., sem ég gat skilið nokkurn veginn. Hv. þm. telur, að till. biskups í þessu máli eigi að ráða niðurstöðunni. Og mér finnst ekkert athugavert, þótt hv. þm. hafi þá skoðun, að enga kirkjujörð megi selja, ef biskup er á móti. Þetta mátti þá segja í fáum orðum, og virtist þá sagt allt það, sem hv. þm. þurfti að segja.

Ég get ekki séð, að ræða hv. 2. landsk. geti breytt afstöðu til þessa máls. Hann byggir á allt öðrum forsendum en hv. þdm. yfirleitt. Hv. 2. landsk. vill ekki selja kirkjujarðir, þegar biskup er á móti. En reynslan sýnir, að Alþingi hefir selt margar jarðir, þar sem biskup hefir lagt á móti sölunni. En skoðanir einstakra þm. geta vitanlega verið skiptar um þetta, og við því er ekkert að segja.

Hvað snertir ræðu hv. 6. landsk. hefi ég litlu að svara í viðbót við það, sem ég hefi áður gert. Hann talaði ekki enn um umsögn biskups, og ég veit ekki fyrir víst, hvort það er meining hans, að ef umsögn biskups verður neikvæð, þá megi ekki selja jörðina. Því að ef hv. þm meinar ekki það, þá er þetta alveg þýðingarlaust. Til hvers á að fá umsögn biskups, ef ekki á að fara eftir henni? Þetta kom ekki skýrt fram hjá hv. þm. En ég hefi vikið að því áður, að þingið er alls ekki bundið við umsögn biskups. Má vera, að þetta þyki ekki viðeigandi skoðun hjá mér, en þetta hefur verið skoðun meiri hl. þingsins, að þegar hann hefir talið, að almenningsheill krefði, þá hefir hann selt kirkjujarðir, þó að biskup landsins hafi lagt á móti.

Ég má til að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 2. þm. N.-M. Hv. 4. landsk. hefir svarað að mestu leyti því, sem hann sagði um vegalengd milli Hólma og Eskifjarðar, en ég vildi aðeins segja það, að ég tel þessa fyrirhyggju hv. 2. þm. N.-M. óþarfa, sem hann virðist bera fyrir Eskfirðingum, að þeir geri það eitt í þessu máli, sem þeim er fyrir beztu. Ég verð að líta svo á, að Eskfirðingar sjálfir séu dómbærari en hv. 2. þm. N.-M. í þessum sökum. Annars er óþarft að deila um samvinnumöguleika fyrir Hólma og Eskifjörð. Það vita allir, sem eru kunnugir, að þeir eru orðnir mjög góðir.

Þá kom hv. þm. að því, að ekki væri undarlegt, þó að hljótt hefði verið um hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps í þessu máli, því að oddviti væri sóknarpresturinn. Þetta tel ég ástæðulausar getsakir í garð prestsins, að hann hafi af ásettu ráði dulið hreppsnefndina, hvað er að gerast í málinu. Eftir því sem ég þekki þennan mann — og ég þekki hann talsvert vel —, þá hygg ég þetta á engum rökum byggt.

Hv. þm. kvað vera langt frá, að hann væri á móti því, að Eskfirðingar fengju land til ræktunar. En þó kom það fram í ræðu hans, að hann yrði með brtt. hv. 6. landsk. af því að þær a. m. k. tefðu fyrir sölunni. Ég get ekki samrýmt þetta. Ef það er virkilega meiningin hjá hv. þm., að hann vill gera sitt til þess að Eskfirðingar geti fengið land til ræktunar, þá á hann að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir. Ég get ekki skilið andstöðu hans öðruvísi en svo, að honum sé ósárt um það, þótt dragist í nokkur ár að bæta úr hinni brýnu þörf Eskfirðinga. Hann veit ósköp vel, hv. þm., að Eskifjarðarland er ekki tiltækt nú. Hann kom ennþá með hreppaskiptinguna. Ég verð að segja, að ég get ekki skilið, hvers vegna hv. þingmenn eru að klifa á því, að um leið og Hólmar eru seldir skuli endilega ákveða eitthvað um skiptingu hreppanna. Ég get skilið það, að Eskfirðingar óski eftir að fá Hólma lagða undir Eskifjarðarhrepp, en ég get ekki skilið hitt, að Reyðfirðingar krefjist þess, þegar Eskfirðingar fara að reka eins mikla atvinnu á Hólmum eins og Eskifirði, að jörðin verði losuð úr hreppnum. Ég hefi þá trú, að þetta mundi tvímælalaust vera stór hagur fyrir Reyðarfjarðarhrepp. Nei, þetta starf er bara einn vegur, sem reynt er að finna til þess að tefja málið. Ég geri ekkert úr þeirri ástæðu, sem lítillega hefir verið bent á, að dvöl Eskfirðinga á Hólmum gæti aukið sveitarþyngsli í Reyðarfjarðarhreppi. Þó að landslög kveði svo á, að hverjum hreppi sé skylt að sjá þeim íbú-

um sínum fyrir styrk, sem styrks þurfa, þá veit ég ekki til, að nokkur hreppur hafi af þeirri ástæðu lagt á móti aukinni byggð innan sinna vébanda. Ég hygg, að þessi ástæða sé því alveg út í loftið. Ég verð því að líta á þetta tal um hreppaskiptinguna aðeins sem eina af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til þess að tefja málið. Því að það er alveg auðséð, að málið er komið í það horf, að nú er gripið til þessa síðasta úrræðis, til að tefja málið eitt ár, ef hægt væri. Það má vera, að það takist. En ég er handviss um, að það getur ekki tekizt nema um stuttan tíma.

Páll Hermannsson: Hv. 4. landsk. var að tala um, að bændur mundu kunna illa við ef að því kæmi, að þeir þyrftu að hjálpa til að taka jörð eins og jörðina Eskifjörð eignarnámi. Ég býst við, að hann hafi rétt fyrir sér, að bændur hjálpuðu ekki til, nema því aðeins, að sú ástæða væri virkilega fyrir hendi, að almenningsheill krefði. Og ég verð að segja, að ég er ekki viss um, að ég myndi vilja sækja svo hart að ná jörðinni Eskifirði, að ég legði til að taka hana eignarnámi, nema það væri upplýst, að eigandinn vildi selja, en héldi jörðinni í ósæmilega háu verði.

Hv. þm. talaði um, að einhverntíma hefði verið lagt á móti till. frá sér um forkaupsrétt kauptúna á jörðum í öðrum hreppum. Mér finnst það skynsamlega gert að heimila ekki kauptúnum forkaupsrétt á jörðum hingað og þangað um nágrannasveitirnar. En þó býst ég við, að löggjafinn geti tekið af Reyðfirðingum forkaupsrétt að Hólmum, sem þeir þó hafa nú að lögum.

En þar sem hv. þm. talaði um tog milli hreppa, þá er það rétt, en annars eðlis en hann gizkaði á. Það er ósköp eðlilegt, að tog verði milli hreppa, þegar stendur fyrir dyrum að taka ⅖ af verði alls lands í sveitinni. Ég get alls ekki skilið, að jafnkunnugur maður úti um sveitir eins og hv. 2. þm. S.-M. er, skuli ekki sjá, að ef Eskifjörður fær að reka höfuðatvinnuveg á jörðinni Hólmum í Reyðarfjarðarhreppi, þá yrði það heppilegra beggja aðilja vegna að láta hana liggja undir Eskifjörð. Hv. þm. kvaðst ekki þekkja, að þm. ömuðust við því, að önnur sveitarfélög byggju á jörðum inni í hreppnum. Þekkir hann nokkurt tilfelli um samskonar búskap og þarna er farið fram á? (**JBald:** Ég þekki það). Ég þekki það alls ekki, og ég veit, að úti um land tíðkast slíkt alls ekki. Og ég býst ekki við, að Reykjavíkurbær reki svona búskap heldur.

Þá talaði hv. 2. þm. S.-M. um sjóleiðina og gerði nokkuð að gamni sínu í sambandi við orð hv. 2. landsk. um það, að sjóleiðin væri vafasöm. Ég vil nú spyrja þennan hv. þm.: Hvers vegna beitti hann sér fyrir því, að lögð væri akbraut milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar? Er það af því, að hann byggist við, að sú leið væri óhentugri en sjóleiðin? Ólíklegt þykir mér það. Ég ætla það hafi verið fyrir það, að hann sá einmitt annmarkana á sjóleiðinni. Hann sá, að landleiðin var að mörgu leyti heppilegri og tryggari. Ég er alveg sammála hv. 2. landsk., að enda þótt segja megi, að leiðin sé jafnan greið hafskipum, þá er langt frá, að hún sé það fyrir báta. Hér skírskota ég jafnframt til þess, að hv. 2. þm. S.-M. sem er sjómaður, hefir fundið ástæðu til að eyða fé frá ríkinu og héraðinu til þess að búa til betri leið en sjóleiðina.

Annars þarf ég ekki að svara fyrir hv. 2. landsk., það getur hann ógnar vel gert sjálfur. En ég viðurkenni, að hv. þm. misminnti, þegar hann talaði um afstöðu hv. 1. þm. S.-M. til málsins. (**IHB:** Já, það mun rétt vera). En það var líkt mál á döfinni í fyrra. Og ætli þeir hafi ekki rekizt óþægilega hvor á annan í því máli, samþingismennirnir?

Hv. þm. sagði, að fyrirhyggja mín fyrir Eskfirðingum væri óþörf, af því að þeir hefðu eins vel vit á, hvað þeim er fyrir beztu, eins og ég. En eru þeir svo sammála um þetta? Mér virðist vafasamt, að Eskfirðingar líti allir þannig á málið, enda upplýsti hv. þm. það, og ég hefi fulla ástæðu til að ætla, að allmikill hluti þeirra líti á málið eins og ég.

Þá var hv. þm. að tala um getsakir og aðdróttanir í garð prestsins, en það er alveg ómakleg ásökun á mig, því að ég sagði aðeins, að þetta gæti dregið úr framkvæmdum, þar sem svo langt væri til jarðarinnar, en að ég hafi sagt, að prest-

urinn hafi ekki komið fram eins og skyldi, það hefir mér aldrei komið í hug, hvað þá heldur að ég hafi sagt það.

Ég þekki engin dæmi þess, að sveitarfélag eins og Eskifjörður hafi rekið búskap í annari sveit, eins og þarna á að vera, og mér virðist, sem það muni hljóta að leiða til nýrrar hreppaskiptingar, til þess að þetta geti komið að fullum notum. — Annars geri ég ráð fyrir, að þetta mál sé nú orðið svo þrautrætt, að ekki sé ástæða til að fjölyrða um það frekar, en láta atkv. skera úr um örlög þess.

Erlingur Friðjónsson: Hv. 2. þm. N.-M. endaði ræðu sína á því, að ekki væri mikil ástæða til að fjölyrða um þetta mál, og get ég tekið undir það með honum, þótt ég hafi nú kvatt mér hljóðs.

Það eru aðallega tvö atriði, sem ég ætla að snúa mér að. Hið fyrra er það, að mig undrar stórlega, hvað sumir hv. þdm. geta verið lítilþægir fyrir Eskifjarðar hönd, er þeir benda á lítinn landskika, þar sem með miklu erfiði má rækta 100 dagsláttur, og segja, að það geti nægt honum. Það er jörðin Eskifjörður, sem ég á þar við; en þá virðist full ástæða til að athuga nánar þær aðstæður, sem Eskfirðingar eiga við að búa. Nú eru á Eskifirði um 800 manns, þannig að á heimili hvert má áætla, að komi ⅝ úr dagsláttu af ræktanlegu landi, ef hv. þdm. vildu vera svo lítilþægir að sætta sig við að þorpið fengi jörðina Eskifjörð til ræktunar. Mér virðist þetta vera með öllu frágangssök, einkanlega þar sem svo er nú ástatt, að ⅔ hlutar þessarar jarðar eru lítt ræktanlegir. Mér er það ljóst, að ef þorpið á að fá svo mikið land, að mjólkurframleiðslan eigi að nægja því, þá verður það að fá miklu meira landrými en þetta, jafnvel þótt ekki sé gert ráð fyrir, að þorpið vaxi frá því, sem það er nú, en auðvitað má búast við að það vaxi til muna.

Um jörðina Hólma er það að segja, að hún er miklu stærri og meira land, sem auðvelt er að rækta, og því skil ég ekki, að hver sá þm., sem vill líta með sanngirni á málið og þarfir kauptúnsins, vilji ekki frekar láta það fá stærri jörðina en hina minni, einkanlega þar sem svo er ástatt með hina jörðina, að þingið hefir ekkert vald til að ákveða, hvort hún skuli seld Eskifirði eða ekki. — Ég þykist nú hafa sýnt fram á, að ef þingið ætlar að ljá kauptúninu liðsyrði, þá verður það að láta jörðina Hólma af hendi, því að annað stendur ekki í þess valdi. Ef Eskifjörður fengi jörðina Hólma til eignar og umráða og ræki þar búskap í einhverri mynd, þá gæti það orðið til mikilla nota fyrir kauptúnið og myndi bæta úr þörf þess að fullu.

Ég hefi verið að velta því fyrir mér, hvort þarna væru ekki einhverjir erfiðleikar fyrir hendi, sem gerðu það að verkum, að kauptúninu væri ekki gagnlegt að fá jörðina Hólma, en ég hefi ekki getað séð, að svo sé. Hvað því viðvíkur, að það sé ekki affarasælt, að kauptún eigi jarðir í öðrum héruðum, þá er því til að svara, að ekkert virðist mæla á móti því, enda get ég sagt hv. 2. þm. N.-M. það, að ég þekki þess dæmi, og skal nú benda honum á það, að Akureyri á 2 jarðir í Glæsibæjarhreppi og hefir ráðið byggingu á þeim í 20 til 30 ár, og mér vitanlega hefir aldrei verið um neitt sundurlyndi að ræða milli kaupstaðarins og Glæsibæjarhrepps út af þessum jörðum. Akureyri hefir leyft mönnum að byggja í landi þessara jarða, og nú eru í Gleráþorpi um 600 íbúar í landi annarar þessarar jarðar, sem Akureyri á í Glæsibæjarhreppi. Þetta hefi ég tilgreint sem dæmi þess, að sambúðin getur verið hin ákjósanlegasta, þótt kaupstaður eða kauptún eigi jörð í öðrum hreppi, byggi hana eða hafi öll afnot hennar. Mér virðist það líka hálfeinkennileg fullyrðing að segja, að það muni vekja sundurlyndi, þótt Eskifjörður eigi jörðina Hólma og reki þar kúabú, þó í öðrum hreppi sé. Þessi fyrirsláttur er líka með öllu kveðinn niður, þar sem reynslan hefir sýnt allt annað. Akureyri og Glæsibæjarhreppur hafa nú átt við þessar sömu ástæður að búa eins og Eskifjörður og Reyðarfjörður, ef Eskifjörður fengi yfirráðin á Hólmum, og 20 til 30 ára reynsla sýnir það, að það er með öllu ástæðulaust að óttast sundrung, sem af slíku myndi leiða milli héraðanna. Hv. 2. þm. N.-M. þóttist ekki þekkja nein dæmi slíkrar sambúðar. Mér þykir vænt um að hafa getað bent honum á þetta, og gert hann þar með fróðari en hann áður var. Hvað því viðvíkur, að það þurfi að taka

mikið tillit til álits biskups í þessu máli, þá get ég ekki séð, að upp úr orðum hans sé mikið leggjandi vegna hans kirkjulega hugarfars, því að hann sem slíkur getur ekki verið með öllu óhlutdrægur, þar sem hann hefir réttindi kirkjunnar eingöngu fyrir augum og hann mun telja sér skylt að gæta hennar hagsmuna í einu og öllu. Aftur verður þingið engu minna að líta á þörf og hagsbætur Eskifjarðarbúa. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að niðra honum á nokkurn hátt með þessum orðum mínum, en ég álít, að þingið hafi betri ástæður til að líta á þarfir landsmanna, þar sem það hefir öll föng á að kynnast þeim til hlítar.

Ingibjörg H. Bjarnason: Ég skal ekki vera langorð, en ég þarf að leiðrétta hv. frsm. Í rauninni þarf ég ekki að svara honum miklu, því að rökþrot hans voru auðsæ, er hann tók að beita útúrsnúningum og vífilengjum. Ég greip þá fram í fyrir honum og leiðrétti hann, svo að ég hefi ekki miklu við það að bæta, en verð þó að segja, að mér finnst það með öllu óviðurkvæmilegt af hv. frsm. að beita slíkri aðferð, sem hann notaði. Ég fæ ekki séð, að ég hafi brotið á móti reglum eða velsæmi, er ég leiðrétti rangfærslur hv. 2. þm. S.-M. Hv. þm. ætlaði að snúa upp í glens frásögn minni um ferð sjóleiðis til Hólma. Vil ég leggja það undir dóm annara hv. þm., hve höndulega honum hefir tekizt það. Orð mín sýndu, hve leiðin getur oft verið torsótt, þótt hún sé ekki löng. Ef sjór væri þarna alltaf lygn og auðfarinn, hefði ekki þurft á sínum tíma að bæta landleiðina, en þar sem stytzta leiðin, nefnil. sjóleiðin, er um leið oftlega lítt fær, var landleiðin bætt, og mundi þess ekki hafa þurft, hefði hin leiðin verið trygg.

Ég ætla svo ekki að gera hv. 2. þm. S.-M. það til eftirlætis að fara um þetta fleiri orðum. Það var óþarfi fyrir hann að snúa út úr mínum stuttu aths. í þessu máli, og ég býst ekki við, að hann hækki neitt í áliti fyrir það, hvorki hjá kjósendum sínum né öðrum. Nenni ég svo ekki að kenna honum meira af algengum þingreglum.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég geri ráð fyrir, að ég verði að svara einhverjum af þeim fyrirspurnum, sem hv. 2. þm. N.-M. lagði fyrir mig, þó að þær væru sumar þannig vaxnar, að ég álíti þær ekki koma þessu máli við.

Hann spurði mig, hvers vegna ég hefði lagt með því, að akvegur væri lagður milli Eskifjarðar og Hólma, þar sem ég teldi sjóleiðina svo góða. Ég skal segja það rétt eins og það er, að ég hefi aldrei sótt það sérstaklega fast; en hinsvegar taldi ég mér skylt að fylgja því máli eins og öðrum, sem snerta kjördæmi mitt. Ég álít, að máske hefði mátt verja þessu fé betur til vegalagninga á öðrum stöðum. En þetta gekk sæmilega greiðlega í gegn, og ég hafði því ekki ástæðu til þess að vera á móti því.

Hv. þm. spurði, hvort allir Eskfirðingar væru sammála um Hólmakaupin. Ég hefi nú ekki gengið fyrir hvers manns dyr, en af þeim gögnum, sem fyrir liggja, má sjá, að almennur sveitarfundur á Eskifirði hefir skorað á þm. að fylgja þessu fram, og hreppsnefndin samþ. það í einu hljóði. Hitt má vera, að finna mætti menn á Eskifirði, sem ekki eru áfram um þetta, en ég þekki þá ekki. Annars er ómögulegt að fara út í atriði, sem er margbúið að þvæla um.

En áður en ég sezt niður, vil ég færa hv. 2. landsk. þakkir fyrir þau móðurlegu ráð, sem hún gaf mér, þó að hún hefði gjarnan mátt halda því út ræðuna. En hitt ætla ég að segja hv. 2. landsk., að hvað snertir sjóleiðina milli Hólma og Eskifjarðar, er ég ekkert hræddur, þótt skotið sé undir dóm hv. þdm., hvort okkar sé bærara að dæma um hana. Þótt hvasst sé, geta menn lent hvar sem er. Og ég veit ekki til, að sjóleiðin hafi orðið agaleg í augum nokkurs manns nema hv. 2. landsk.

Jón Baldvinsson: Eiginlega getur maður verið ánægður yfir þeim rökum, sem hafa verið borin fram á móti þessu frv. T. d. sagði einn ræðumaður, að sjóleiðin, sem hann taldi afarilla, gæti verið góð, ef æfinlega væri lygn sjór. Þetta bendir til þess, að einhversstaðar sé það, sem alltaf sé blæjalogn. Annað, sem sami þm. færði sem rök í málinu, var, að stytzta leiðin væri alltaf ódýrust. Þetta getur nú

ekki staðizt, því t. d. eru Kambarnir, þar sem vegurinn liggur í ótal krókum og beygjum, helmingi lengri en ef vegurinn væri beinn, enda væri ómögulegt að koma honum við þannig.

Þetta eru röksemdirnar, sem fram eru færðar, og hv. 2. þm. N.-M. var óvenjulega espur, og skoða ég það sem merki þess, að honum fyndist málstaðurinn veikur. M. a. sagði hann, að það hefði verið skynsamlegt af þinginu að fella frv. um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna. (PH: Var það ekki rétt?). Nei, langt frá því. En þótt engir þori að viðurkenna, að þeir séu á móti ræktun á landinu, vilja þeir þó með andstöðu sinni gegn þessu frv. gera kauptúnsbúum erfitt að fá yfirráð lands, sem liggur svo nærri, að þeir geta haft af því landsnytjar og þó stundað aðra atvinnu.

En svo eru þessir mótstöðumenn frv. hraktir úr einu horninu í annað. Hver ástæðan á fætur annari fellur um sjálfa sig eða er hrakin, og svo ætlar hv. 2. þm. N.-M. að grípa til þess, sem er seinasta úrræðið, og stundum lánast vel, að segja, að þetta sé óþekkt. Þegar bent hefir verið á, að þetta á sér stað mjög víða í landinu, er þessi höfuðástæða og fallin. En hv. þm. veit að oft er hægt að fá mótstöðu gegn máli með því að segja, að það eigi sér ekkert fordæmi. Við könnumst við það hjá þeim, sem vilja halda í allt.

Ég benti líka á fordæmi, með því að taka fram í fyrir hv. þm. Þá þóttist hv. þm. geta náð sér niðri, með því að benda á, að Reykjavík byggi ekki á jörð í öðrum hreppi. Já, bærinn Reykjavík býr ekki á jörð í öðrum hreppi, því er nú kannske verr, og ég býst ekki við að Eskifjarðarkauptún taki sig til og fari að reka bú á Hólmum; það er víst meiningin, að landinu verði skipt niður í smáskákir, sem kaupstaðarbúar eiga að fá til afnota; en það væri kannske það allra skynsamlegasta, að Eskifjarðarhreppur léti reka þar stórbú, því að hreppurinn er sjálfsagt færari um það heldur en fátækir prestar, sem kynnu að setjast þar að.

En það er ekki gustuk að halda uppi lengri umr. um þetta mál (JÞ: Heyr!), aðallega af því, hve illa er orðið ástatt hjá andstæðingum þess, og svo líka af því, hversu marga þdm. langar til að fara að hlusta á eldhúsdagsumr. í Nd.

ATKVGR.

Brtt. 330,1 felld með 7:7 atkv.
— 330,2 tekin aftur.
— 337 felld með 7:5 atkv.
— 330,3 tekin aftur.

Frv. fellt með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EF, IP, JóhJóh, JBald, JÞ, JónasJ.

nei: PH, EÁ, HSteins, IHB, JónJ, JKr, GÓ.

5. Sóknargjöld.

Á 39. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld (þmfrv., A. 197).

Á 42. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Með 60. gr. stjskr. er tvímælalaust ákveðið, að fullkomið trúarbragðafrelsi skuli vera hér á landi. Í lögum um sóknargjöld frá 1909 er svo fyrir mælt, að þeir, sem eru í þjóðkirkjunni, skuli skyldir til að greiða sóknargjald til hennar, en þeir, sem eru í viðurkenndu trúarfélagi utan þjóðkirkjunnar, skuli greiða ekki lægra gjald til þess kirkju- eða trúfélags, sem þeir eru í. En menn, sem eru utan þjóðkirkju og ekki í neinu viðurkenndu trúarfélagi, eru ekki nefndir í þeim lögum. En eftir stjskr. er þeim gert að skyldu að greiða tilsvarandi gjald til Háskóla Íslands.

Mér virðist svo, sem meginefni 60. gr. stjskr. sé með síðari hl. gr. aftur tekið. Hún hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna. .... Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg

gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu".

Þeir menn, sem hvorki eru í viðurkenndu kirkjufélagi né í þjóðkirkjunni, eru með síðari hluta þessarar gr. næstum sektaðir fyrir þetta atferli., að vera ekki í neinu kirkjufélagi. Þeim er gert að skyldu að greiða gjöld til sérstakrar stofnunar — í þessu tilfelli er það Háskóli Íslands —, gjöld umfram alla aðra meðborgara sína, gjöld til stofnunar, sem þeir njóta að engu.

Nú er þess að gæta, að allir Íslendingar, hvort sem þeir eru í þjóðkirkjunni eða ekki, leggja fram mikið fé í sköttum og skyldum til ríkissjóðs, til þess að halda þjóðkirkjunni uppi. Fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir 300 þús. kr., þótt tekjur kirkjujarðasjóðs séu ekki taldar með. Og frv. fyrir næsta ár gerir ráð fyrir sömu upphæð.

Það er algengt mjög, að öllum borgurum þjóðfélagsins sé gert að skyldu að greiða gjöld sem renna til ýmsra stofnana í landinu, jafnvel þótt ekki sé nein vissa fyrir, að þeir noti þessar stofnanir sjálfir eða þeim sé annt um þær. En þessi gjöld ganga þá ekki beint til stofnananna, heldur greiðast þau í ríkissjóð, sem tollar eða skattar, og síðan leggur ríkissjóður fé til stofnananna af óskiptum tekjum sínum. Ég hygg, að þetta ákvæði sé eina dæmið um það, að mönnum sé gert að greiða **persónulegt gjald** beint til þeirrar stofnunar, sem þeir hafa ekki aðstöðu til að nota sjálfir. Skólar eru að miklu leyti kostaðir af opinberu fé, eins og kirkjan. Svo eða svo mikill hluti af sköttum landsmanna og skyldum gengur til að halda skólunum uppi. En engum dettur þó í hug að láta aðra en þá, sem skólana nota, greiða persónuleg gjöld til þeirra, skólagjöld. Nema í þessu eina tilfelli, þar sem menn eru látnir sæta einskonar sektargjaldi til háskólans fyrir að vera ekki í neinu kirkjufélagi.

Ríkissjóður eða þjóðin í heild sinni heldur uppi strandferðum með ærnum tilkostnaði, en persónuleg gjöld til strandferðanna greiða ekki aðrir en þeir, sem bein not hafa af þessum ferðum. Menn verða auðvitað að greiða fargjöld fyrir að ferðast með skipunum, og farmgjöld ef þeir láta þau annast flutninga fyrir sig, en bein persónuleg gjöld eru ekki lögð á neinn mann, sem ekki notar skipin til ferða eða flutnings.

Þá heldur ríkið uppi fjölmennri læknastétt og stendur að miklu leyti straum af heilbrigðismálunum, en persónuleg gjöld til hennar og sjúkrahúsa greiða ekki aðrir en þeir, sem þurfa að leita læknis eða nota sjúkrahúsin.

Ennfremur ber ríkið, þ. e. almenningur, allan kostnað af dómsmálum. Er þar hið sama uppi á teningnum, að engum eru lögð persónuleg gjöld á herðar til þeirra öðrum en þeim, sem þurfa á dómstólunum að halda til þess að ná rétti sínum. Þurfi menn þess, verða þeir að greiða réttargjöld.

Kirkjan er ríkisstofnun, borin uppi af almannafé að langmestu leyti. En það er vitaskuld ekkert ósamræmi í því, þótt þeir, sem eru í þjóðkirkjunni og nota þjóna hennar og hana, greiði auk þess til hennar persónuleg gjöld, og fríkirkjumenn til síns kirkjufélags. Hitt er fullkomið ósamræmi við aðra íslenzka löggjöf og algert ranglæti, að leggja sérstakar gjaldkvaðir á menn fyrir það að vera ekki meðlimur í neinu kirkjufélagi. Og það bætir ekkert úr þessu ranglæti, þótt gjaldið sé látið renna til háskólans.

Ég hefi heyrt því fleygt, að sumir litu svo á, að bekkir þjóðkirkjunnar yrðu þunnskipaðir, ef þessi gjaldkvöð væri afnumin. Þetta fæ ég ekki skilið, að sé á rökum reist, auk þess sem mér finnst það ekki samboðið kirkjunni að leggja skatt á þá menn, sem ekkert samneyti vilja við hana hafa, að láta þá greiða einskonar sektargjald fyrir að nota sér ákvæði stjskr. um algert trúarbragðafrelsi. Þessi gjaldkvöð verður ekki afsökuð með því, að þetta fé renni til háskólans. Utankirkjumenn njóta þeirrar stofnunar ekki umfram aðra borgara, þar sem háskólinn sérstaklega veitir starfsmönnum þjóðkirkjunnar undirbúning undir starf

sitt í hennar þágu. Og háskólann munar ekkert um þetta fé, svo að ekki er því til að dreifa, að með þessu sé verið að sjá honum fyrir vænlegum tekjustofni. Hér er aðeins um hreinan vítaskatt að ræða, sem kemur niður á þeim mönnum, sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né öðrum viðurkenndum trúarbragðafélögum.

Ég lít svo á, að þetta fari í bága við fyrri hluta 60. gr. stjskr., sem mælir svo fyrir, að hér á landi skuli ríkja algert trúarbragðafrelsi. Með þessu frv. er ráðin bót á þessu, — þessari óréttmætu gjaldkvöð létt af þeim mönnum, sem geta ekki aðhyllzt þjóðkirkjuna vegna sinna lífsskoðana. Þykist ég ekki þurfa að vera í neinum vafa um, að frv. verði vel tekið og að þingið sé þess fúst að vilja leiðrétta það misrétti, sem utankirkjumenn hafa til þessa orðið við að búa í þessum efnum.

Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn., að umr. lokinni.

Magnús Jónsson:* Ég er hissa á því, að hæstv. stj. skuli ekki láta til sín heyra í sambandi við þetta frv. Mér hefði þó fundizt, sem hæstv. fjmrh. a. m. k. hefði átt að standa á verði gagnvart frv. sem þessu.

Það var alveg rétt hjá hv. fyrsta flm. þessa frv., að þjóðkirkjunni er það ekkert keppikefli út af fyrir sig að halda í þetta ákvæði sóknargjaldalaganna, því að hún fær sitt eftir sem áður. Og henni má á sama standa, hvaðan hún fær fé til starfsemi sinnar. Þeim mun minna sem kirkjunni leggst í sóknargjöldum, þeim mun meira verður ríkissjóður að leggja henni til. Kirkjunni sjálfri gerir þetta því hvorki til né frá.

Tilgangurinn með því að leggja þessi gjöld á utankirkjumenn var sá, að koma í veg fyrir, að menn segðu sig úr þjóðkirkjunni til þess eins að velta af sér sóknargjöldunum, en gætu það því aðeins, að þeir væru í einhverjum viðurkenndum trúarbragðafélögum. Og þar sem þetta gjald rennur til háskólans, stofnunar, sem er með öllu hlutlaus í trúarefnum sem öðrum og allir landsmenn ættu að geta verið hlynntir, hélt ég, að utankirkjumenn mættu vel við una.

Væri þetta ákvæði hinsvegar ekki í sóknargjaldalögunum, væri öllum undantekningarlaust lögð sú skylda á herðar að greiða þetta gjald til þjóðkirkjunnar, hversu þvert um geð sem þeim væri það. Að þeim mönnum, sem svo eru skapi farnir, að þeir mega ekki aðhyllast nein trúarbrögð, er ekki sleppt við þetta gjald, stafar af því, eins og ég áður sagði, að þá er hætt við því, að fleiri eða færri segi sig úr þjóðkirkjunni af eintómum smásálarskap, til þess að losna við að greiða þetta gjald, en notuðu þó kirkjuna og nytu eftir sem áður. Þó að háskólinn hagnist ekki mikið af þeim gjöldum, sem hann þannig fær, má telja nokkurnveginn víst, að stórt skarð yrði höggið í sóknartekjurnar, ef þetta ákvæði væri fellt niður, og að menn færu jafnvel þúsundum saman úr þjóðkirkjunni af þeim ástæðum. Það vekur því furðu mína, að hæstv. stj. skuli ekki standa á verði gagnvart frv. sem þessu, þar sem það getur haft í för með sér svo mikinn útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Kirkjulega sinnuðum mönnum má hinsvegar á sama standa um þetta frv., því að kirkjan fær sitt eftir sem áður.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég verð að segja það, að ég varð hissa á því að heyra einn af prelátum kirkjunnar, prófessorinn í guðfræði við háskólann, hv. 1. þm. Reykv., taka svo til orða, að ef þetta frv. yrði að l., mundi mega telja það nokkurnveginn víst, að menn segðu sig úr þjóðkirkjunni þúsundum saman, til þess að losna við að greiða þessar 2,25 kr., sem sóknargjöldin nema. Ef þetta er rétt, þá er verr ástatt um þjóðkirkjuna en ég hugði. Get ég bætt því við til skýringar, að ég lít svo á, að kirkjan ræki köllun sína miður en skyldi, ef menn segðu sig úr henni þúsundum saman af þessum ástæðum. Hvað sem líður skoðun minni á þjóðkirkjunni sem stofnun, verð ég að segja það, að hún er þá ekki mikils metin, ef menn flykktust unnvörpum úr henni til þess að komast hjá að greiða kr. 2,25 á ári.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að kirkjulega sinnaðir menn hefðu enga ástæðu til þess að vera á móti þessu frv., vegna þess að kirkjan fengi sitt eftir sem áður, bara þeim mun hærra ríkissjóðstillag. Ég vona það sé rétt hjá hv. þm., að kirkju-

lega sinnaðir menn amist ekki við frv. Til þess hafa þeir enga ástæðu. En ég hafði nú hugsað, að kirkjulega sinnaðir menn litu á fleira en fjárhagshliðina eina í þessu máli, legðu fremur áherzluna á það, hve þýðingarmikið starf kirkjan hefði með höndum, og hversu það er rækt. En sé það ekki, býst ég við, að fleiri en ég fari að telja það vafasamt, hvort rétt sé yfirleitt að halda uppi þjóðkirkju á kostnað ríkissjóðs.

Ég vil algerlega mótmæla því hjá hv. 1. þm. Reykv., að sá hafi verið tilgangurinn með því að setja í stjskr. þetta ákvæði, sem hér er farið fram á að fella niður, að koma í veg fyrir, að menn segðu sig úr þjóðkirkjunni. Tilætlunin var ekki að stiga sporið skemur en skammt, þó að sú hafi orðið raunin hér sem víðar í löggjöf okkar.

Hér er ekki um að ræða neitt fjárhagsatriði, hvorki fyrir háskólann né einstaklinginn, heldur er þetta nánast samvizku og tilfinningamál ef svo má segja. Stj. skr. viðurkennir, að menn eigi ekki að greiða gjöld til kirkjufélaga, sem þeir eru ekki í, en tekur þó jafnframt þá menn út úr, sem standa utan kirkjufélaganna, og leggur þeim einum þá skyldu á herðar að greiða gjald til stofnunar, sem þeir hafa engin sérstök not af.

Ég tel þetta fé til háskólans ekki eftir, og ég tel enn síður eftir þeim mönnum, sem eru í þjóðkirkjunni, að greiða þessar 2,25 kr. til hennar, en það er ekki rétt að leggja nefskatt, einskonar sektargjald, á hvern þann mann, sem ekki fellir sig við þjóðkirkjuna né önnur viðurkennd trúarfélög. Menn eiga að hafa rétt til að standa utan við trúarbragðafélögin án þess að þeir séu sektaðir fyrir, enda brýtur þetta ákvæði í bága við anda 60. gr. stjskr. í heild sinni.

Magnús Jónsson:* Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að hv. fyrsti flm. þessa frv. skyldi verða hissa á því, að ég sem kennimaður tæki þunglega í þetta frv. Ég hélt satt að segja, að hann, sem áreiðanlega sér þó eitt víst blað daglega, yrði ekkert hissa á því, þó að hann heyrði eitthvað misjafnt um mig. Í þessu blaði, sem ég nefndi — og er Alþýðublaðið — eru eilífar aðdróttanir til þess manns, sem blaðið nefnir Magnús dócent. Ég hafði nú að vísu hugboð um, að þetta blað hefði ekki mikil áhrif, og nú hefi ég fengið staðfestingu á því, þar sem hv. flm. er hissa á því, hvernig ég tek í þetta mál.

Út af því, að ég hafði sagt, að hætt væri við, að kirkjan mundi missa mikið af tekjum sínum, ef þetta frv. næði fram að ganga, lét hv. flm. svo um mælt, að á fleira væri að líta en peningahliðina eina í þessu máli. Kannske við eigum að fara að ræða allt mögulegt í sambandi við þetta frv., t. d. prédikunarstarfið. Ég hefi svo sem ekkert á móti því, en hér er um fjárhagsatriði að ræða, og ekkert annað, og er það að engu leyti athugavert fyrir kirkjuna, heldur fyrir ríkissjóðinn.

Hv. flm. þótti sem kirkjan hefði lítil ítök, ef spádómur minn reyndist réttur. Ég sagði nú reyndar ekkert annað en það, að mér væri grunur á því, að menn vildu heldur fá hlutina ókeypis. Þarna geta menn farið í kirkju og fengið unnin hin ýmsu prestsverk eftir sem áður, þó að þeir segi sig úr kirkjunni, og þar sem þetta fæst fyrir ekki neitt, er ég hræddur um, að það verði æðimargir, sem fari. En þetta sannar ekkert um ítök þjóðkirkjunnar, því að menn hugsa sem svo, að ríkið sé ekki of gott til að standa straum af henni. Má meira að segja vel vera, að mörgum kirkjulega sinnuðum manninum þætti vænt um, að kirkjunni yrði með öllu haldið uppi með beinum framlögum úr ríkissjóði í stað þessa nefskatts.

Hv. flm. sagðist ekki sjá eftir kirkjunnar mönnum til að greiða þessi gjöld. Það geri ég ekki heldur, en með þessu frv. er farið fram á það, að menn geti notið prestsþjónustu án þess að greiða þennan nefskatt með samborgurum sínum.

Ég get ekki gengið inn á það hjá hv. flm., að hér sé um samvizkuspursmál að ræða, þar sem utankirkjumenn greiða getta gjald ekki til neins trúarfélags, heldur til háskólans. Hinsvegar liggur hver sá maður, sem segir sig úr þjóðkirkjunni, eftir að þetta frv. er orðið að l., undir því ámæli, að hann hafi gert það af nirfilshætti, til þess að komast hjá því að greiða þessi gjöld.

Annars ætla ég ekki frekar nú en áður að fara að mæla á móti þessu frv. Ég vildi aðeins benda á það, að það getur ef til vill haft mikinn útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Fyndist mér því, sem hæstv. stj. ætti að láta til sín heyra um þetta mál. (**MG:** Kirkjumálaráðh. er veikur). Ég hélt nú, að þetta snerti hæstv. fjmrh. engu síður, eins og ég hefi bent á.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Eftir þessar fróðlegu upplýsingar verð ég hissa á fáu frá hv. 1. þm. Reykv. Hvað sem Alþýðublaðið kann að hafa sagt um hann, er það ekki sagt um hann sem guðfræðikennara, heldur sem pólitíkus. Hitt er satt, að Alþýðublaðið hefir stundum minnzt á Magnús, fyrrum dócent (**MJ:** Oftar en stundum. **Forseti:** Hér er ekki verið að ræða um Alþýðublaðið). Ég hygg, að það sé leyfilegt að lesa upp úr því jafnt sem öðrum blöðum.

Ég verð að segja það, að það er leiðinlegt, ekki vegna hv. 1. þm. Reykv. sjálfs, heldur vegna þeirrar stofnunar, sem hv. þm. starfar fyrir, að hann skuli ekki bera meira traust til þjóðkirkjunnar en lýsti sér í þessari seinni ræðu hans sérstaklega. Undrar mig þetta svo mjög, að ég held, að hér eftir muni mig fátt undra, sem kemur frá hv. 1. þm. Reykv. Og ég verð enn að láta í ljós, að ég tel ekki ástæðu til að ætla, að frv. hafi þau áhrif, sem hann ætlar, ef að l. verður .

Magnús Jónsson:* Það kemur ekki við kaunin á mér, þó að mér sé ámælt sem kennara. Er þess skemmst að minnast, þegar einn af helztu flokksbræðrum hv. flm. réðst á mig fyrir það, að ég hafði haldið illindalausan fyrirlestur um það, hvort verkamenn ættu að vera sócialistar. Þetta var svo mikill blettur á mér í augum þessa flokksbróður hv. flm., að hann setti fram þá kröfu í grein, sem hann reit um þetta í Alþýðublaðið, að mér yrði vikið frá kennarastarfi mínu við háskólann. Það undrar mig því mjög, að hv. flm. skuli vera svo hissa yfir því, hvernig ég tek í þetta mál, þó að mér hinsvegar þyki vænt um að heyra, að ég er í góðu áliti hjá honum. Ætla ég því að vona, að hv. flm. setji aths. við næstu illmælagrein, sem Alþýðublaðið birtir um mig, þar sem svo vel vill nú til, að hann er ritstjóri þess.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég verð að bera þær sakir af mér, að ég hafi lýst yfir góðu áliti á hv. 1. þm. Reykv. sem kennara. Þetta hefi ég aldrei gert, enda get ég ekkert um það borið, hvort hann er góður eða slakur kennari, þar sem ég hefi aldrei notið kennslu hans.

Út af greininni í Alþýðublaðinu, sem hv. þm. tilnefndi, þar sem einn flokksbróðir minn vítti hann að maklegleikum fyrir þennan „illindalausa fyrirlestur", sem hann svo kallar, vil ég benda á það, að í þessum fyrirlestri lét hv. 1. þm. Reykv. meðal annars svo um mælt, að þúsundir manna í þessu landi væru landráðamenn, sem sætu á svikráðum við hinn vinnandi lýð í landinu. Þennan fyrirlestur lét hv. 1. þm. Reykv. prenta undir fullu nafni, í trausti þess, að frekar yrði tekið mark á honum, ef undir stæði nafn kennara í kristnum fræðum við háskólann. Ég verð að segja það, að ég álít þessa aðdróttun hv. 1. þm. Reykv. í garð þúsunda manna í landinu með öllu ósæmandi, og ég get bætt því við, að ég er sammála flokksbróður mínum um það, að fyrir þetta ætti að sparka hv. 1. þm. Reykv. frá háskólanum, jafnvel þó að hann væri ágætur kennari.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MG, PO, SÁÓ, BSv.

nei: BSt, HStef, HJ, JJós, JAJ, JÓl, JS, MJ, ÓTh.

Sjö þm. (TrÞ, BÁ, EJ, GunnS, HK, MT, SE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 14:2 atkv.

Á 53., 55., 68., 71. og 74. fundi í Nd., 14. og 17. marz og 1., 4. og 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 197, n. 258 og 265).

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Allshn. hefir klofnað í þessu máli, og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ.

Samkv. stjskr. er enginn skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, sem hann sjálfur aðhyllist, en jafnframt hefir stjskr. að geyma ákvæði, þar sem þeim mönnum, sem utan þjóðkirkjunnar standa og ekki heyra heldur til öðrum viðurkenndum trúarbragðafélögum í landinu, er gert að greiða til háskólans þau gjöld, sem þeim ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Þetta er í mesta máta ranglátt og óviðeigandi og kemur fram eins og nokkurskonar sektargjald á þá menn, sem ekki aðhyllast nein trúarbrögð og því standa utan við öll trúarfélög. Er þetta frv. fram komið til þess að ráða bót á þessu misrétti utankirkjumanna.

Því hefir verið haldið fram, að ef mönnum væri ekki gert að skyldu að greiða þessi gjöld, mundu þeir sópast úr þjóðkirkjunni þúsundum saman. Þessu er engu öðru að svara en því, að ef menn eru einungis í þjóðkirkjunni af vana, er eins gott, að þeir noti sér heimildina um að fara úr henni. Gildir það jafnt um báða aðilja, kirkjuna og fólkið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, fyrr en ég hefi heyrt þær röksemdir, sem hv. minni hl. hefir fram að færa fyrir sinni afstöðu.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Ég var satt að segja búinn að gleyma þessu frv., enda hélt ég, að það ætti að fá að sofna. Það er nú liðinn mánuður síðan minni hl. skilaði sínu nál., og meira en mánuður síðan nál.meiri hl. kom fram. Auk þess er svo áliðið þingtímans, að engar líkur eru til þess, að frv. nái fram að ganga að þessu sinni. Ég vil þó segja nokkur orð, úr því að frv. er til umr. á annað borð.

Eins og tekið er fram í grg. frv., er svo kveðið á í stjskr., að enginn „megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna“, og að „enginn sé skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist“.

Með tilliti til þessa er svo ákveðið í gildandi lögum, að þeir, sem engin gjöld greiði til kirkjunnar, skyldu greiða þau til háskólans. Þetta var gert með það fyrir augum, að þeir, sem enga trú játa, yrðu ekki betur settir en hinir, sem trúna játa. A. m. k. fæ ég ekki skilið þetta á annan veg. Stjskr. gerir þessum tveim flokkum manna jafnt undir höfði með þessu ákvæði, en þetta jafnvægi raskast, ef sérstakur skattur er lagður á þá menn, sem trú játa. Þá er þessu snúið við og þeir teknir út úr og skattaðir, sem trúna aðhyllast (HV: Þetta er nú það, sem kallað er að snúa sannleikanum við). Nei, þvert á móti. Þetta er kallað að segja sannleikann. Ég held því fram, að það sé jafnskipt, þegar hvortveggja þessi flokkur manna greiðir þessi gjöld, en hv. frsm. meiri hl. heldur því aftur á móti fram, að þá fyrst sé jafnskipt, þegar annar flokkurinn er tekinn út úr og látinn greiða, en hinn ekki. Þykir mér næsta undarlegt, þegar menn, sem kalla sig jafnaðarmenn, halda fram öðrum eins ójöfnuði sem þessum.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að það hefði verið fært fram á móti þessu frv., að það mundi hafa þær afleiðingar, að menn sópuðust úr þjóðkirkjunni. Og þótti honum svo sem ekkert að því.

Ég get ekki tekið undir þetta, en ég verð að segja, að ég sé enga ástæðu til þess, að þjóðfélag, sem hyllir ákveðna trúarstefnu og stendur straum af boðum hennar, fari að gefa mönnum undir fótinn með það að vera ekki styrktarmenn þessarar kirkju.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Það er alger misskilningur hjá hv. frsm. minni hl., að sóknargjöldin séu skattur. Þau eru lögð á menn vegna kostnaðarins, sem af því leiðir að halda uppi ákveðnu trúarbragðafélagi, og álíka réttlát eins og ef sú stefna yrði tekin upp að leggja skemmtanagjöld á alla jafnt, hvort sem þeir sæktu skemmtanir eða ekki. Af trúarbrögðunum leiðir engan kostnað í sjálfu sér, heldur af kirkju- og prestahaldinu, sem þeim er samfara, og er því í alla staði eðlilegt, að þeir, sem njóta góðs af prestum og kirkjum, borgi fyrir það.

Það er rangt hjá hv. frsm. minni hl., að ríkið hylli á þennan hátt trúarbrögðin yfirleitt og vilji gylla þau í augum manna, svo að þeir haldi sér fremur við þau og þá sérstaklega þjóðkirkjuna. Við lifum við trúfrelsi eftir stjskr., enda væri annars eins hægt að segja, að með sóknargjöldunum hylli ríkið fremur hin viðurkenndu trúarfélög en þau, sem óviðurkennd eru hér á landi, svo að ekki væri um að ræða trú gegn trúleysi, heldur trúarstefnur gegn öðrum.

Þá er þess að gæta, að á meðan utankirkjumenn greiða þessi gjöld til háskólans, eru þeir í raun og veru skyldaðir til að greiða þau til ákveðins trúarfélags, því að við eina deild háskólans, guðfræðideildina, fer fram kennsla í ákveðnum trúarbrögðum, og rennur þetta fé að sjálfsögðu jafnt til þeirrar deildar háskólans sem hinna deilda hans. Er þetta beint brot á 60. gr. stjskr., að „enginn sé skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, sem hann sjálfur aðhyllist", því að með því að greiða þetta gjald til háskólans, greiða menn það til lúterskrar guðsdýrkunar, sem þeir þó ekki aðhyllast. Enda mun vera svo erlendis, þar sem trúfrelsi er, að slík gjöld eru ekki greidd af öðrum en þeim, sem eru í viðurkenndum trúarfélögum.

Þegar stjskr. var sett, hefir verið gengið út frá því, að þessu yrði breytt, þar sem svo er ákveðið, að þessu megi breyta með einföldum l. Þetta er eftir að gera, og svo sjálfsagða réttarbót er þar um að ræða fyrir þá menn, sem standa utan viðurkenndra trúarfélaga, að ég vænti þess, að margir verði ekki til þess að leggjast á borðið með hv. frsm. minni hl.

Magnús Jónsson:* Ég er hræddur um, að hv. frsm. meiri hl. vaði reyk í þessu máli frá upphafi til enda. Ef hann ætlar að ná því, sem hann vill, þarf hann að gera þetta frv. svo víðtækt, að með því séu afnumin öll gjöld til kirkjunnar önnur en persónuleg gjöld, sem þeir einir greiði, sem í kirkjunni eru, því að eins og nú er, þá er kirkjunni haldið uppi sumpart með almennum sköttum og sumpart með sóknargjöldunum. Ef það þá er rangt að láta utankirkjumenn greiða þessi gjöld, er það nákvæmlega jafnrangt að láta þá greiða þann hluta af hinum almennu sköttum, sem rennur til þess að halda kirkjunni og háskólanum uppi. A. m. k. fæ ég ekki séð neinn mun á þessu tvennu.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala um það, að það mætti eins leggja skemmtanagjöld á þá menn, sem ekki færu á skemmtanir, jafnt og hina, sem á skemmtanirnar færu og nytu peninga sinna. Þetta er algengt. Þegar ríkið t. d. veitir svo og svo mikinn styrk til leikhúsa, er þar með lagt nokkurskonar leikhúsgjald á hvern mann í landinu, hvort sem hann nýtur þess eða ekki. Þetta frv. er því hálfgerður hrærigrautur og bætir ekki til fulls úr því, sem það vill bæta.

Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að hér væri um mjög varasamt frv. að ræða, sem hefði í för með sér mikla áhættu fyrir ríkissjóðinn.

Þetta ákvæði stjskr. ber að skoða sem varúðarráðstöfun gegn því, að menn flykkist úr þjóðkirkjunni, til þess að losna við að greiða hin lögboðnu gjöld, og á hinn bóginn til þess að styðja þessa þjóðþrifastofnun, háskólann. Stjskr. gerir ráð fyrir, að menn séu fúsir til þess að greiða þessi gjöld af almennum þegnskap. (HV: Ekki til guðfræðideildarinnar). Það er nú svo um guðfræðideildina, að mjög er hæpið, að hún heyri þjóðkirkjunni til fremur en öðrum trúarflokkum. Kennarar deildarinnar heyra t. d. alls ekki undir biskup. Yfirleitt ber að skoða allir deildir háskólans sem vísindastofnanir fyrst og fremst. Það er efamál, hvort kennarar guðfræðideildarinnar eru bundnir við trúarjátningar þjóðkirkjunnar. Þeir gætu sennilega eins verið metódistar, baptistar eða aðventistar; yfirleitt geta kennarar deildarinnar verið tilheyrandi hvaða kristnum trúarflokki, sem vera skal. Guðfræðideildin er því alls ekki hluti af þjóðkirkjunni, og ætti mönnum að vera ljúft að greiða til hennar, þótt þeir væru ekki í þjóðkirkjunni. Þó að ríki og kirkja væru aðskilin, yrði guðfræðideildinni að sjálfsögðu haldið áfram. Ríkinu bæri að sjálfsögðu skylda til þess að sjá um, að andlegir leiðtogar þjóðarinnar væru vel menntaðir, víðsýnir og vel hugsandi

menn. Það, sem því er aðalatr. og sem mælir mest gegn þessu frv., er það, að með því er verið að gefa smásmuglegum aurasálum undir fótinn með að losna við að greiða þetta litla gjald til háskólans, þrátt fyrir það, þó þeir noti presta þjóðkirkjunnar og kirkju, þegar þeir þurfa.

Þá kem ég að 2. gr. frv. Þar stendur berum orðum, að falla skuli úr gildi ákvæði 3. mgr. 60. gr. stjskr. Nú stendur það tvímælalaust í þingsköpum, að öll þau frv., sem feli í sér breyt. á stjskr., skuli hafa fyrirsögn: frv. til stjórnarskipunarlaga. Nú hefir þessu ákvæði ekki verið fylgt, og vil ég því skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki beri að vísa þessu máli frá af þessum sökum. Að vísu stendur í stjskr.-greininni, að þessu ákvæði megi breyta með lögum. En hér er beinlínis um að ræða breyt. á stjskr. Á sama hátt ætti að mega fella burtu alla 58. gr. stjskr., og yrði hún þá felld burtu næst þegar stjskr. væri prentuð upp. Ég er nú að vísu enginn lögspekingur að lærdómi, en þó virðist mér þetta varla orka tvímælis, að slíku frv. beri að vísa frá. Vil ég leyfa mér að skjóta þessu til hæstv. forseta.

Forseti (BSv): Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú beint þeim tilmælum til mín, að ég vísi þessu frv. frá vegna brots á 27. gr. þingskapa. Þar stendur svo:

„Lagafrv., er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá".

Þess er þá fyrst að geta. að þessi þingsköp eru samin áður en stjskr. frá 1920 gekk í gildi. En í stjskr. eru ýms laus ákvæði, sem breyta má með einföldum lögum, samkvæmt heimild í stjskr. sjálfri. Telst þá ekki, að um sé að ræða breyt. á stjskr. í þeim skilningi, sem 27. gr. þingskapanna ræðir um. Þetta ákvæði stjskr. er eitt af þeim, sem breyta má með einföldum lögum, og koma þar eigi til greina ákvæði 76. gr. stjskr. um þingrof og nýjar kosningar. Verður frv. ekki vísað frá fyrir þessar sakir.

Hinsvegar er því ekki að neita, að orðalag 2. gr. frv. er óviðeigandi. Þetta umrædda ákvæði 60 gr. stjskr. missir gildi sitt samkv. heimild í gr. sjálfri, ef lög eru sett, sem ákveða annað skipulag en þar er ákveðið, og er því óþarft að taka það fram í frv., að með þessu sé fellt „úr gildi" ákvæði úr 60. gr. stjskr. — Ég vil því leyfa mér að bera fram þá brtt. við 2. gr. frv., að í stað orðanna „fellur þá jafnframt úr gildi" o. s. frv. komi: fellur þá jafnframt niður gjaldskylda utankirkjumanna til Háskóla Íslands". — Með þessu orðalagi er ekkert minnzt á stjskr., en farið eftir heimild hennar sjálfrar um brottfall þessara ákvæða hennar. Virðist mér þetta orðalag betur viðeigandi en hið upprunalega, og ber því fram skriflega brtt. um það. En krafa um frávísun frv. er ekki á rökum byggð, og verður því ekki tekin til greina.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Ég þarf að svara hv. 2. þm. Reykv. nokkrum orðum. Hann sagði, að sóknargjöld væru ekki skattur, heldur borgun fyrir unnin störf. Þetta er ekki rétt. Sóknargjöldin eru skattur og nefskattur meira að segja. (HV: Þess vegna á nef, af því það er gjald, en ekki skattur). Þá má eins kalla alla skatta gjöld.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki rétt að láta trúlausa menn greiða til kirkna. Jæja, það er nú eftir því, hvað hverjum sýnist. Það þarf þó að skíra og jarða þessa menn, gifta marga þeirra o. s. frv., og oftast eru það prestarnir, sem það gera. (HV: Allt borgað). Nei, minnstur hlutinn er borgaður af hlutaðeigendum. Ríkið heldur uppi embættismannastétt til þess að gera þessi verk, og vegna þess að verkin eru ekki borguð til fulls, verður ríkið að leggja skatta á alla þjóðfélagsborgarana til þess að geta greitt mismuninn.

Hv. þm. þótti það alveg óbærileg tilhugsun að greiða slík gjöld til háskólans, ef eitthvað af þeim kynni að renna til guðfræðideildarinnar. En hann gætir ekki að því, sá góði maður, að þó að þetta væri afnumið, þá slyppi hann þó ekki við að greiða ýmsa skatta til ríkisins, og hvað veit hann þá nema eitthvað af því rynni til guðfræðideildarinnar? Það er t. d. ekkert ósennilegt, að af við skulum segja 100 kr. tekjuskatti rynni 5 til 10 kr. til hv. 1. þm. Reykv. (HV og HG: Það

er þó skemmtilegt! Huggulegt eða hitt þó heldur!) Svona er nú þetta.

Svo er það viðvíkjandi orðalagi 2. gr. frv. Eins og gr. er nú orðuð, er ekki hægt að samþykkja hana. En hæstv. forseti hafði rétt fyrir sér í því, að það væri ekki meining flm. að gera breyt. á stjskr., heldur einungis að gjaldskylda til Háskóla Íslands falli niður. Stjskr. á að haldast óbreytt, þó að þingið samþykki lög um þetta í ár eða næsta ár. Hinsvegar væri að þessu leyti ekkert til fyrirstöðu því, að samþykkja gr., ef brtt. hæstv. forseta verður fyrst samþ.

Benedikt Sveinsson: Mér virðast engin tvímæli leika á því, að breyta megi þessum ákvæðum 60. gr. stjskr., því að í niðurlagi gr. er það tekið fram, að breyta megi þessu með einföldum lögum. Þetta ákvæði stendur því utan við flestöll önnur ákvæði stjskr., sem ekki verður breytt nema með stjórnarskipunarlögum. Hér er eigi um slíkt að ræða. Hitt væri í rauninni brot á stjskr. eða anda hennar, ef menn virtu það að engu, sem hún leyfir sjálf.

Það er rétt, að þetta frv. bætir ekki til fulls þann halla, sem menn bíða sökum trúarbragða sinna, ef þeir eru ekki í þjóðkirkjunni. Menn verða að greiða ýms opinber gjöld, sem síðar kunna að einhverju leyti að renna til þjóðkirkjunnar. Á þessu verður engin breyt., enda eigi unnt að girða fyrir slíkt, meðan ríkið kostar kirkjuna að einhverju leyti. En sú réttarbót, sem í frv. felst, nemur burt það misrétti, að utanþjóðkirkjumenn greiði persónuleg gjöld til jafns við safnaðarmenn þjóðkirkjunnar, sem þar eiga athvarf til sáluhjálpar.

Hv. 1. þm. Skagf. lét í ljós vandlæting sína yfir því, að ég hefði flutt brtt. mína úr forsetastóli. Þetta er ekki rétt hjá honum, að öðru leyti en því, að ég las brtt. í sambandi við úrskurðinn, sem ég felldi. Ég kom hingað til þess að mæla fyrir henni, og vil ég hér með leggja hana fram, og vona, að hæstv. forseti leiti afbrigða að hún megi komast að, því hún er skrifleg og kemur fyrirvaralaust.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 480) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Mig furðar á því, að það skyldi vera guðfræðiprófessorinn, sem fann það, að hér væri um brot á stjskr. að ræða, en fyrrv. dómsmrh. (MG) skyldi ekki finna það. Mætti ætla eftir þessu, að hlutunum væri snúið við og að guðfræðivitið væri komið í hv. 1. þm. Skagf., en lagavitið í hv. 1. þm. Reykv. Annars uni ég úrskurði hæstv. forseta hið bezta og álít hann réttan. Og enda þótt ég sjái ekki ástæðu til þess að flytja slíka brtt. sem hann drap á, þá mun ég sennilega greiða henni atkv. mitt.

Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Reykv. sagði mjög villandi og blekkjandi frá, er hann vildi sannfæra menn um, að 2. gr. frv. bryti í bág við stjskr. Hann las upp hluta úr gr., þannig: „fellur úr gildi ákvæði 60. gr. stjskr.“ Punktur. Ef þetta væri rétt, þá væri hér vitanlega um skýlaust stjórnarskrárbrot að ræða. En gr. heldur áfram, án nokkurs punkts eða greinarmerkis, og hljóðar þannig öll: „og fellur þá jafnframt niður ákvæði 60. gr. stjskr. um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna til Háskóla Íslands“. En í 60. gr. stjskr. segir, að fella megi þetta ákvæði niður með einföldum lögum. Ég hefi leitað til skrifstofustjóra Alþingis, Jóns Sigurðssonar, sem er maður prýðilega að sér í lögum, og taldi hann þetta vafalaust geta staðizt. Annars get ég eftir atvikum sætt mig við brtt. hv. þm. N.-Þ., enda þótt ég teldi hennar enga þörf.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að ræða við hv. 1. þm. Skagf. um skilning á orðunum skattar og gjöld fyrir unnin störf. Komið hefir það nú fyrir, að þessi hv. þm. hefir reynt að gera greinarmun á slíku, en út í það fer ég ekki að svo stöddu.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að frv. þetta gengi of skammt, því að utankirkjumenn yrðu að greiða fjölda af öðrum sköttum til hins opinbera. Þetta er vitaskuld alveg rétt, en það er broslegt, ef hv. þm. heldur, að við höfum ekki vitað þetta, flutningsmennirnir. En þess ber að gæta, að hér er ekki um fjárhagsatriði að ræða, heldur nánast „princip“atriði. Enda má finna mörg hliðstæð dæmi þess, að menn greiða til hins opinbera ýmsa skatta, sem koma öðrum til góða en þeim sjálfum. Sem dæmi má nefna heilbrigðismál,

skóla- og samgöngumál. Í þessum greinum borga þeir, sem sérstaklega njóta góðs af, sérstök gjöld, svo sem læknishjálp, skólagjöld og fargjöld. Að svo miklu leyti, sem þessi þjónustugjöld hrökkva ekki til, greiðir síðan allur almenningur kostnaðinn með sköttum. Og um þjóðkirkjuna er það svo eftir gildandi lögum, að þeir, sem nota hana, verða auk almennra skatta til hennar að greiða þjónustugjöld, sóknargjöld til hennar. Um það er ekkert að segja. En það er alveg ranglátt að leggja sérstakt vítagjald á þá, sem ekki nota þjóðkirkjuna eða önnur kirkjufélög. Þetta er aðalatriðið fyrir mér, en ekki það, að ég álíti, að hér sé um verulegt fjárhagsatriði að ræða. Stjskr. löghelgar algert trúfrelsi í landinu, og þess vegna nær það engri átt, enda gagnstætt almennri skynsemi, að leggja vítagjöld á menn fyrir sakir trúar sinnar eða trúleysis.

Einn aðalþátturinn í starfi háskólans er einmitt að búa menn undir starf við þjóðkirkjuna, þó að einn prófessorinn, hv. 1. þm. Reykv., segi, að lærisveinar hans geti orðið prestar fyrir aðra trúflokka, svo sem baptista og mormóna. Það getur nú verið, að hann hafi ekki nefnt mormóna sem sérstakan trúarflokk; ég hefi ekki næga fagþekkingu til þess að dæma um þá hluti.

Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. segir, að ef afleiðingarnar verða þær, að fólk hópast út úr þjóðkirkjunni til þess að losna við þetta gjald, þá verður að auka sem því nemur framlag ríkissjóðs til kirkjunnar, ef ríkið kostar hana á annað borð, svo að þessum útgjöldum er alls ekki létt af landsmönnum í heild. En tilgangur þessa frv. er eingöngu sá, að nema burt það ranglæti, sem utankirkjumenn eru nú beittir með sérstökum sektargjöldum.

Ég er hv. þm. í rauninni alveg sammála um, að það er óeðlilegt, að landsmenn séu látnir kosta þjóðkirkjuna. Mér fyrir mitt leyti finnst miklu réttara, að hver kirkjuflokkur kosti sína trúarbragðastarfsemi sjálfur. Og mér þykir ekki ótrúlegt, að bráðlega komi fram frv. um skilnað ríkis og kirkju, þannig að söfnuðirnir taki að sér að kosta sjálfir presta sína og kirknahald. En um það þarf ekkert að ræða í sambandi við þetta frv., og það var því óþarfi fyrir hv. 1. þm. Reykv. að blanda því inn í umr. Hér er spurningin aðeins þessi: Á að leggja sérstakt vítagjald á þá, sem ekki eru í viðurkenndum kirkjufélögum? Með því tel ég, að klipið sé af þeim rétti til fulls trúarbragðafrelsis, sem stjskr. í orði kveðnu veitir.

Magnús Jónsson:* Ég veit ekki, hvort þetta þingskapaatriði um frávísun þessa frv. er úr sögunni með úrskurði hæstv. forseta. En mér virðist með þeim úrskurði ekki vera skorið úr þessu atriði. Hann benti aðeins á leið til þess að breyta frv. þannig, að það riði ekki í bága við stjskr. Ég vil því leyfa mér að fara fáeinum orðum um þetta, til þess að færa fram fleiri ástæður fyrir því en ég hefi þegar gert, þótt ég standi illa að vígi, þar sem ég er ekki lögfræðingur.

Þegar svona ákvæði standa í stjskr., að þessu megi breyta með lögum, hlýtur það að þýða, að þarna sé látinn nokkuð laus rammi, sem hin almenna löggjöf getur hreyft sig innan án þess að þurfa að hafa þau umsvif, sem annars þarf við breyt. á stjskr.

Nú er í 60. gr. stjskr. hinu alm. löggjafarvaldi heimilað að breyta ákvæði 3. málsgr. 60. gr., og það er náttúrlega ekkert annað en þetta, sem hv. flm. frv. hafa ætlað að gera. En frv. er þannig orðað, að ef það verður samþ. óbreytt, fellur beinlínis niður 3. málsgr. 60. gr. stjskr. um gjaldskylduna, og þá jafnframt 4. málsgr. 60. gr., að þessu megi breyta með lögum, því að ef hún stæði áfram, þegar 3. málsgr. er felld niður, mundi hún eiga við allt annað.

60. gr. stjskr. er þá þannig orðin, að engu má breyta í henni með lögum. Þá er búið að taka af þinginu vald til þess að láta þetta gjald renna til einhverrar annarar stofnunar en háskólans. Ef menn vildu t. d. láta það ganga til þjóðleikhússins, þá má það ekki, því að stjskr. er búið að breyta þannig, að ekki er lengur heimild til að breyta þessu með lögum.

En þá ætla ég að koma að öðru atriði, og það er brtt. hv. þm. N.-Þ. Ég vildi leyfa mér að mótmæla henni, því að hún

er ekki leyfileg. Í 27. gr. þingskapa stendur: „Lagafrumvarp, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá". — Þarna er engin heimild til þess að breyta því á einhverju stigi málsins í það form, að það komi ekki lengur þar í bága við. Og til þess að taka af öll tvímæli, segir svo í sömu grein: „Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá". — Hvort heldur er frv., brtt. eða einstakt atriði, verður að vísa því frá.

Nú hygg ég samt sem áður, að þessu hafi ekki alltaf verið fylgt. Forsetar hafa verið heldur mildir í þessu atriði. Þeir hafa sagt, að mætti lagfæra þetta í nefnd. En það er alveg heimildarlaust, því að það er skylt að vísa málinu frá. En ég álít, að í brtt. hv. þm. N.-Þ. felist það, að hann telji frv. ekki beinlínis brot á stjskr., heldur þyki honum aðeins orðalagið óviðkunnanlegt. (MG: Forseti hefir sagt, að hann teldi aðeins orðalagið óviðkunnanlegt). Þá er úrskurður fallinn um, að þetta sé ekki stjskrárbrot, og þar með niður felldur réttur þingsins til að breyta þessu með einföldum lögum.

Mér þykir það dálítið hart, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér við, og hann hreyfði heldur engum andmælum við 1. umr., því að þetta er atriði, sem hann ætti sérstaklega að láta til sína taka. Hér er verið að stofna til þess að innleiða e. t. v. nýjan skatt. Sóknargjöldin í landinu eru ekkert smáræði, og ef t. d. 10 þús. manns losuðu sig undan sóknargjöldum, þá gæti verið, að þyrfti að sjá fyrir öðrum skattstofnum. Það yrðu því bein gjöld, sem kæmu niður á ríkissjóði, og fjármálaráðherrar hafa oft látið sig muna um minna en það.

Hv. þm. Ísaf. var að reyna að sýna fram á, að með sóknargjöldunum væri ekki um skatt að ræða, og tók til dæmis, að það væri algengt, að læknum væri borgað sérstaklega fyrir störf, er þeir ynnu. Vildi hann þannig sýna fram á, að gera ætti greinarmun á almennum gjöldum og svo borgun fyrir ákveðið verk. Þetta finnst mér alls ekki eiga við hér. Það, sem er hliðstætt þessu, er auðvitað aukaborgun til prestanna, t. d. fyrir jarðarfarir og barnsskírnir. En sóknargjöldin eru vitanlega ekkert annað en greinilegur skattur, þótt jafnframt sé ákveðið, að þessi skattur skuli ganga til ákveðinnar starfsemi. Ég er fyrir mitt leyti heldur á móti því að taka þannig skatta til ákveðinnar starfsemi, en skattar eru það engu að síður. Það kemur í sama stað niður, þótt sóknargjöldin séu látin renna í ríkissjóð, og svo prestum borgað þaðan. Það er eins um þetta og bílaskattinn, sem er notaður til þess að leggja slitlag á vegi, og hann verða þeir jafnt að borga, sem engin not hafa af þessu. Menn vita, að hér er beinlínis verið að taka ákveðinn part af tekjum ríkissjóðs til vissra framkvæmda.

Hæstv. dómsmrh. ympraði á því fyrir skemmstu að taka ákveðnar tekjur til raforkuveitna. Ég er þessu raunar mótfallinn. En að láta sér detta í hug, að þeir skattar, sem þannig eru teknir frá til einhverrar ákveðinnar notkunar, séu ekki skattar, það nær auðvitað engri átt.

Annars skal ég ekki karpa um þetta frekar. Það er bezt að láta atkv. skera úr. En ég vil leiðrétta það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að menn úr guðfræðideild gætu vel orðið mormónaprestar. Ég sagði, að kennslan væri ekki svo játningarbundin, að menn þaðan gætu ekki tekið að sér prestsþjónustu hjá hvaða protestantiskri kirkjudeild sem væri. Hitt er eðlilegt, að kennslan litist nokkuð af persónulegum skoðunum kennaranna.

Það er alls ekki rétt, sem þessir hv. þm. virðast hafa haldið, að guðfræðideildin sé partur af þjóðkirkjunni. Hitt er annað mál, að margir, sem þaðan útskrifast, verða prestar í þjóðkirkjunni. En þeir geta líka orðið prestar í fríkirkjunni, hjá únítörum o. fl. trúarflokkum vestanhafs. Þetta sýnir, að menn lesa hér vísindalega guðfræði í háskólanum.

ATKVGR.

1. gr. felld með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GunnS, HStef, HG, HV, LH, MT, SE.

nei: HJ, IngB, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO,[1]) SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, EJ, JörB.

Sjö þm. (HK, JJós, SÁÓ, TrÞ, BSv, BSt, BÁ) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

6. Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var útbýtt: **Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur** (þmfrv., A. 58).

Á 14. og 16. fundi í Nd., 4. og 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., 8. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Á síðasta þingi var af þm. Reykv. flutt frv. þess efnis, að allur Seltjarnarneshreppur skyldi lagður undir Reykjavík. Frv. var fellt við 1. umr., svo að það komst ekki einu sinni í nefnd. Nú flytjum við þm. Reykv. annað frv., sem fer miklu skemmra en hið fyrra, um að leggja aðeins lítinn hluta úr hreppnum undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Það er enginn vafi á, að þetta er nauðsynlegt fyrir Reykjavík, enda er varla nokkur maður hér, sem ekki æskir þess.

Seltjarnarneshreppur er, eins og menn vita, í 4 pörtum: í fyrsta lagi Seltjarnarnesið sjálft, síðan liggur landið eins og fleygur inn í Reykjavík úr suðrinu á milli Kaplaskjóls og Fossvogs. Þá nær hreppurinn yfir Viðey og í fjórða hlutanum eru 3 jarðir uppi undir Mosfellssveit. Nú fer frv. þetta aðeins fram á að leggja fleygginn inn í Reykjavíkurland, jarðirnar Þormóðsstaði og Skildinganes, undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, ásamt löndum og lóðum, sem seldar hafa verið frá þeim. Í Skildinganeslandi er verzlunarstaður, sem með lögum frá 1928 hefir verið lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur að því er snertir tollgæzlu og lögreglustjórn. Það liggur í augum uppi, hvað eðlilegt þetta er, þegar þess er gætt, að annars þyrftu Skildinganesbúar að sækja þetta alla leið til Hafnarfjarðar. Skildinganes notar fjölmörg hlunnindi Reykjavíkur, eins og t. d. skóla, höfn og götur bæjarins, en hinsvegar gjalda íbúar þess ekki útsvar nema til hreppsins. Það er líka nauðsynlegt fyrir þá að fara að fá ýms hlunnindi, sem Reykjavík hefir nú, t. d. vatn og rafmagn.

Við flm. höfum ekki tekið fram ákveðna upphæð til skaðabótagreiðslu handa hreppnum, af því að enginn samningur liggur fyrir um það. Eins og menn vita, er borgarstjórinn aðeins settur í embættið. Það verður innan skamms auglýst, svo að borgarstjóri hefir ekki viljað taka neina ákvörðun í þessu efni. En fyrir 2. eða 3. umr. málsins geta verið fengnir samningar eða neitun á samkomulagi. Eins og sjá má í frv., viljum við, ef ekki næst samkomulag, láta skipa matsnefnd, sem báðir aðiljar skuli hlíta.

Ég vænti þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Ólafur Thors: Eins og hv. flm. tók fram, lá fyrir síðasta þingi frv. svipað þessu og um það urðu langar og miklar umr., svo að ekki er ástæða til að ræða málið nú eins og það sé ókunnugt hv. dm. Ég leyfi mér aðeins að minna hv. flm. á afdrif málsins í fyrra. Það var drepið þegar við 1. umr., enda hygg ég, að þm. hafi ekki aðeins verið mjög mótfallnir efni þess, heldur var það einnig svo úr garði gert að forminu til, að ekki var vansæmdarlaust fyrir Alþingi að samþykkja það. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp fáeinar setningar úr frumræðu minni í þessu máli á síðasta þingi. Það er um að ræða kvöð þá, sem Alþingi hefir lagt á aðilja, áður en hreppar geti orðið sameinaðir:

„Hvað hefir nú Alþingi sagt áður um þetta? Það nýjasta, sem sagt hefir verið um þetta, sést í sveitarstjórnarl. frá 1927. 19. gr. þeirra laga segir svo: „Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sérstaka sveit, til lykta ráðið fyrr en álits hrepps-

1) Með svofelldri grg: Ég vil benda á það, að ég hefi unnið eið að stjskr., og þar sem þetta frv. fer í bága við hana að áliti ýmsra manna segi ég nei.

nefndar þar hefir verið leitað um það...“ Og 42. gr. segir: „Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sérstaklega, til lykta ráðið fyrr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það“.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um, hversu skýr og glögg þessi ákvæði sveitarstjórnarlaganna frá 1927 eru, því síður þar sem vilji hv. þm. kom svo greinilega fram í fyrra. Ég bendi aðeins á, að málið er enn undirbúið á sama hátt og í fyrra, þ. e. a. s. gersamlega óundirbúið.

Hv. flm. telur málið horfa öðruvísi við nú, af því að ekki er farið fram á að innlima nema nokkurn hluta Seltjarnarneshrepps í Reykjavík. En ég vil leiða athygli hv. þm. að því, að hér er verið að fara eftir kænum ráðum hins hyggna manns, hv. 3. þm. Reykv. Hann sagði í fyrra:

„Það dettur engum í hug í alvöru, að sú þröngsýni ríki lengi, að ekki verði **smámsaman** höggið af nesinu og lagt undir Reykjavík. En menn eru svo **smámunasamir**, að þeir geta frekar fallizt á, að þetta sé gert í **smáskömmtum**“.

Nú hefir þessi ágæti þm. fundið **smáskammta** við **smámunasemi** hv. þm., og vænti ég, að hv. þm. kunni að svara honum eins og hann á skilið. Það er svo sem auðvitað, hvert stefnir, ef við réttum fram litla fingurinn. Þá verður öll höndin tekin — smám saman. Og það er hreint og beint hlægileg viðbára, að ekki sé hægt að fullnægja lögunum frá 1927, af því að borgarstjórinn sé bara settur í embættið. Það er heilt ár, síðan þm. vísuðu þessu frv. frá og vildu ekkert um þetta heyra, en nú sýna flm. þá frekju, að leggja frv. fyrir deildina aftur.

Ég ætla til gamans að rifja upp nöfn þeirra hv. þm., sem í fyrra stóðu fastast gegn frv., sem að efninu til var það sama og þetta frv. Það voru þeir: Hv. þm. S.-Þ., hv. þm. N.-Ísf., hv. 2. þm. Skagf., hv. 1. þm. Árn., hv. þm. V.-Sk., hv. 1. þm. Skagf., 2. þm. G.-K., hv. þm. Borgf., hv. þm. Dal., hv. 1. þm. S.-M., hv. þm. A.-Sk., hv. þm. V.-Ísf., hv. 2. þm. Eyf., hv. þm. Mýr., hv. 1. þm. Rang., hv. þm. N.-Þ., hv. þm. V.-Húnv.

Þetta er álitlegur hópur af ágætum mönnum, og vona ég, að þeir standi eins fast saman nú og í fyrra og felli frv. strax.

Jón Ólafsson: Ég hefi ekki ástæðu til að svara hv. 2. þm. G.-K. mörgu. Hann hefir lesið heilmikið upp úr þingtíðindunum frá í fyrra, og hyggst með því að brýna hv. þm. til fylgis við sig, en engin rök hefir hann borið fram, máli sínu til stuðnings. Og þegar hv. þm. síteraði sveitarstjórnarlögin, gerði hann það bara sér í vil. En til eru önnur lög, sem líka mæla svo fyrir, að þegar fjöldi fólks þarf á að halda, megi sameina tvo hreppa. Þetta hefði átt að koma skýrar fram í ræðu hv. 2. þm. G.-K.

Það er háttur góðra manna, að þegar mál kemur betur undirbúið og lagað frá því, sem áður var, að líta á það með sanngirni og athugun, og ef þeir sjá nauðsyn þess, samþykkja þeir það, þótt áður hafi þeir verið á móti því. Hv. 2. þm. Reykv. gat þess í ræðu sinni, af hvaða ástæðum væri sjálfsagt að leggja þetta litla land undir Reykjavík. Það er nauðsynlegt fyrir bæ eins og Reykjavík að ráða yfir löndum til beggja handa, til þess að bæta skipulag bæjarins, auka fegurðina, auka þægindin. Það er ómótmælanlegt, að því lengur sem það dregst að koma skipulagi á Reykjavíkurbæ, því erfiðara og dýrara verður það, bæði fyrir bæinn sjálfan og þá landshluta, sem hlut eiga að máli. Þetta hljóta allir að sjá, sem vilja hugsa um málið af sanngirni.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir tekið fram, hversu mikilla þæginda fólk úr Seltjarnarneshreppi, en þó einkum Skildinganesbúar, njóta frá Reykjavík; hér nota þeir höfn, vegi, skóla o. s. frv. Margt fleira gerir þetta svo augljóst og sjálfsagt, — að ég ekki tali um það, að þeir sækja nær allt bjargræði til Reykjavíkur. Út á það er auðvitað ekkert að setja í sjálfu sér. Margt gerir það svo eðlilegt, að þessir hlutar sameinist. En fyrir mér er aðalástæðan sú, að þessi blettur komizt sem fyrst undir yfirráð skipulagsnefndar bæjarins, svo að einhver mynd verði á sínum tíma á allri tilhögun þar.

Hv. 2. þm. G.-K. var eiginlega að ala á því, sem er ýmissa þm. veikasta hlið oft og einatt. Það er eins og sumum finnist, að þeir eigi ekki að gera neitt fyrir Reykjavík. Það er eins og hún sé einhver Sódóma, einhver vandræðastaður, sem megi ekki rétta hjálparhönd eða gera neitt

fyrir. En ég er nú sannfærður um það, að því lengra sem líður, sjá menn betur, að höfuðstaður Íslands er að mörgu leyti sameiginleg eign allra landsmanna, — þeim til sóma eða skammar, eftir því, hvernig er að honum búið. Þessi höfuðstaður ásamt sjávarþorpum hefir komið þar að liði, sem mest þurfti. Þegar útflutningur fólks var svo mikill, að næstum horfði til landauðnar, þá kemur Reykjavík í broddi fylkingar og stöðvar þennan straum. Og ég held, að þeir, sem geta litið nokkurn veginn heilbrigt á málið og sjá, hve miklar tekjur ríkissjóði leggjast til frá Reykjavíkurbæ ásamt fleiru og fleira, hljóti að viðurkenna, að hér var rétt að farið. Hér var fólkið stöðvað, til þess að inna af hendi þau störf í þjóðfélaginu, sem það þurfti á að halda, og inna af hendi þau gjöld, sem öllu landinu verða til gagns og framfara. Allt þetta eru ærnar ástæður til þess, að allir, sem vilja landinu vel, eiga að hlynna að því, að hér vaxi upp sá bær, sem geti tekið á móti þeim, sem landið ekki getur framfleytt. Og þetta geta menn m. a. með því að hjálpa bænum til að skipa svo málum sínum, að bæjarfélagið megi sem bezt blómgast og blessast í framtíðinni. Það er þetta, sem við flm. frv. förum fram á, og ekkert annað. Hér er ekki talað um að taka neitt af neinum, nema fullt gjald komi fyrir.

Lítum á það, hvað bæjarfélagið innir af hendi fyrir ríkissjóð. Það mun leggja til árlega nálægt ⅗ af tekjum hans. Þetta út af fyrir sig ætti að mæla eindregið með því, að þingið geri sitt til þess að leggja ekki stein í götu bæjarfélagsins.

Út af því, sem hv. 2. þm. G.-K. var að ala á, væri ekki úr vegi að minna á það, að æðimargir foreldrar úti á landi senda börn sín hingað bæði til að leita sér menntunar og freista gæfunnar. Jarðnæði vantar — enn sem komið er — fyrir sumt af því fólki, sem elst upp í sveitinni. Reykjavík hefir tekið vel á móti mörgu þessu fólki og gefið því tækifæri til að brjóta sér veg. Og víst má segja, að sveitirnar hafa á þennan hátt lagt bænum til mikinn kraft til framfara. Allir vita, að bærinn er líka að verða meir og meir skjól fyrir þá menn, sem hafa slitið kröftum sínum víðsvegar á landinu, en koma hingað til þess að hvíla sig eftir vel unnið starf og njóta margs þess, sem Reykjavík hefir fram yfir ýmsa aðra staði. Árlega kemur fjöldi af slíkum mönnum, og ekki ættu þeir, sem að þeim standa víðsvegar á landinu, að hafa á móti því, að hlynnt sé að bænum svo sem mögulegt er, án þess að ríkissjóður leggi neitt af mörkum. Því betri framtíð á þessi bær, því meira sem gert er fyrir hann í tíma. Sé ekki hirt um að skipuleggja það, sem hægt er, fyrr en í ótíma, verður það allt margfalt dýrara og óþægilegra í alla staði.

Ég get sagt það fyrir mitt leyti sem eigandi að nokkru landi á nesinu, að ég er hér ekki að tala fyrir minn part, heldur þvert á móti, því að það kynni vel að geta farið svo, að ég vildi setja mig þar niður á sínum tíma. En ég sé, að hér er um svo mikla nauðsyn bæjarins að ræða. Ég sé og, að ekki verður móti staðið til lengdar, að bærinn fái þennan blett, hvað sem hinum skikunum líður á nesinu, og því vil ég ekki ganga í gegn því, að bærinn geti tekið hann nú þegar til umráða.

Ég álít ástæðulaust að lengja mikið umr. um þetta mál. Það hafa ekki verið færðar neinar virkilegar ástæður móti því, enda er það ekki hægt, þegar gengið er þannig frá, að fullar bætur eiga að koma fyrir það, sem látið er af hendi.

Það er nú svo, að það mundu vera byrjaðir samningar milli hreppsins og bæjarins, ef ekki væri þetta millibilsástand, óvissan um hver verður borgarstjóri. Og ég er í engum vafa um, að samningar takast um þetta mál, þegar Alþingi sýnir, að það vill ljá því eitthvert lið. Því að hrepparnir, sem liggja umhverfis Reykjavík, hafa hingað til haft vit á að selja sína vöru fulldýrt. Einn hreppur hér í nánd ætla ég að fengi þá fúlgu, sem léttir mjög í framtíðinni gjöld hreppsbúa til sveitarþarfa. Ég geri ráð fyrir, að þessi landskiki, sem nú er um að ræða, verði ekki virtur lægra en það, að verðmæti hans skapi þeim ekki lakari aðstöðu en þeim hrepp, sem ég gat um, jafnvel að hreppsbúar geti byggt sín útgjöld aðallega á þeirri fúlgu, sem þeir myndu fá greidda.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þessu máli verði vísað í n. Hún mun þá vitan-

lega gera þær kröfur, sem henni sýnist, og kemur þá fyrir báða parta að svara til þeirra krafna.

Ólafur Thors: Ég sé ekki ástæðu til þess að flytja hér langt erindi eða færa fram mörg rök vegna ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann sagði, að ég stæði rökþrota í málinu. Hann ætti skilið, að ég gerði honum þann greiða að lesa upp úr þingtíðindum þau rök, sem annarsvegar voru flutt í fyrra með málinu, og hinsvegar þau rök, sem ég flutti. En af því að þessi hv. þm. og ég erum hinir mestu vinir, þrátt fyrir það þótt við séum ekki á einu máli um þetta, þá ætla ég að hlífa honum við því að þessu sinni. En ég mun þá gera það síðar, ef málið fer í nefnd og til 2. umr. Ég tók það einmitt fram í fyrri ræðu minni, að ég áliti í raun og veru óþarft að tala um efnishlið þessa máls, vegna þess að hún er í fersku minni allra þm. síðan málið lá fyrir í fyrra.

Hv. þm. færði fram þau rök, að Reykjavíkurbæ væri nauðsynlegt að fá þennan landskika. Hann byggði rök sín á því, að Reykjavík mundi hvort sem er fyrr eða síðar fá hann, en því hagkvæmara væri fyrir Reykjavík sem það gerðist fyrr. Nú neita ég ekki, að þetta er rétt hjá hv. þm., að ef Reykjavík á annað borð fær skikann, er bezt fyrir Reykjavík, að ná eignarhaldi á honum sem allra fyrst, m. a. af þeim ástæðum, sem hv. þm. gat um. En ég leyfi mér að ganga út frá, að Reykjavík fái ekki þennan skika. En ef nauðir Reykjavíkur eru nú svo miklar sem hv. þm. gat um, vegna hvers reyna þá ekki forráðamenn Reykjavíkur að leita samkomulags við þann aðila, sem hér á hlut að máli? Hv. þm. sagði, að annarsvegar væri þörf Reykjavíkur svo brýn, en hinsvegar biði Seltjarnarneshreppur og sýslan alls engan skaða af þessari innlimun. Af hverju eru þá ekki reyndir samningar í málinu?

Hv. þm. gat um það af sinni miklu lögspeki, að til væru lög í landinu, sem heimiluðu að taka þetta af Seltirningum nauðugum, ef Reykvíkingar óskuðu. Ég er ekki lagamaður, fremur en hann, en taka skal ég upplýsingum frá honum um þetta efni, þótt ég hinsvegar þykist mega fullyrða, að hann fari með staðlausa stafi.

Þá vildi hv. þm. rökstyðja rétt Reykjavíkur til eignarhalds á þessum hluta hreppsins með því, að hreppsbúar hefðu sent Reykjavíkurbæ málaleitun um að fá vatn og rafmagn. Ég vil hlífa hv. þdm. við að ræða þessa hlið málsins, því að hún var útrædd í fyrra. En ég vil leiða athygli manna að því, að þennan rétt eiga Seltirningar samkv. vatnalögunum. Auk þess hafa þeir keypt sér hann með sérstökum samningi við Reykjavík, samkv. lögum frá 1923.

Ennfremur leyfði hv. 3. þm. Reykv. sér að færa fram þau rök, að Seltirningar þægju hér alla sína atvinnu, án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Ég hygg, að þetta sé af nokkurri vanþekkingu mælt. Ég flutti fram þær upplýsingar í fyrra, að 1928 hefði þetta verið með öðrum hætti, því að þá hefðu Reykvíkingar þegið atvinnu af Seltjarnarneshreppi fyrir 346 þús. kr., en hreppsbúar ekki haft atvinnu í Reykjavík fyrir meira en 111 þús. kr. Þessar upplýsingar eru frá oddvita hreppsins, sem er mætur maður og ráðvandur og engin ástæða til að vefengja. Er þá fullyrðingum hv. 3. þm. Reykv. og raunar fleiri hv. þm. alveg snúið við.

Ég vísa algerlega á bug þeim ummælum hv. þm., að ég sé hér að reyna að ala á illgirni þingmanna til Reykjavíkur. Slíkt sæti sízt á mér, enda hefi ég aldrei gert það. Hitt er annað mál, að ég kæri mig ekki um, að við reynum að láta bæinn auðgast og blómgast á ránum og ranglæti. Hér ber mér skylda til fyrir þá, sem hafa falið mér umboð, að vinna á móti því, að þeir séu rændir eignum sínum. Það hafa ýmsir talað um gerðardóm. En ég heimta að reynd sé samningaleið í þessu máli, áður en löggjöfin kemur neitt til sögunnar.

Þau ummæli hv. þm., að ég hafi ráðizt á Reykjavíkurbæ, get ég ekki látið liggja kyrr. Ég heimta, að hann taki þau aftur. Ég hefi aldrei ráðizt á Reykvíkinga og mun aldrei gera það. Og mér er eins ljós þýðing þessa bæjar fyrir þjóðfélagið og hverjum öðrum, og ef hægt væri með nokkru móti að leiða líkur að því, að framtíðarheill bæjarins ylti á þessum skika, þá mundi ég hafa nokkuð aðra aðstöðu til þessa máls. Ef eitthvert vit er í þessum hugkvæmu hugleiðingum um

heill bæjarins í sambandi við þetta mál, þá segi ég, að það er vorkunnarlaust fyrir Reykjavík að kaupa þessi réttindi því verði, að Seltirningar og sýslan séu vel sæmd af.

Aðdróttanir hv. 3. þm. Reykv. eru naumast sæmilegar. Honum finnst, að hér séu einhverjir í hv. deild, sem auðvelt er að æsa til illgerða við Reykjavík. Ég á að vera sá, sem æsi þá til slíkra óðáðaverka, og get ég ekki látið þau ummæli óátalin.

Ég vil nú leyfa mér að vænta, að þeir hv. þm., sem héldu hlífiskildi yfir rétti Seltirninga og sýslunnar í fyrra, þeir geri það enn. Og þó að skikinn sé ekkert stór, sem farið er fram á að sneiða af hreppnum og sýslunni að þessum aðiljum fornspurðum, þá er að líta á það, sem upplýst var, að þetta er bezti tekjustofn þessarar sýslu. Eftir því, sem oddviti hreppsins sagði mér, þá voru útsvörin í þessum hreppi á síðasta ári um 20 þús. kr., og sjá því allir, að það er mjög veigamikið fjárhagsatriði fyrir sýsluna, að slíkur tekjustofn sé ekki af henni tekinn.

Út af þeim fáu orðum, sem hv. 3. þm. Reykv. lét falla í sambandi við sína eign á þessum stað, vil ég taka fram, að mér dettur ekki í hug að halda, að hv. þm. hafi nokkurn minnsta eiginhagsmunatilgang á bak við. Hann kvaðst ef til vill hafa gott gagn af því seinna að eiga sinn skika þarna í hreppnum og efast ég ekki um, að hann álítur svo, úr því að hann segir það. Ég álít, að eiganda Þormóðsstaða megi einu gilda, hvort þeir heyra undir Seltjarnarnes eða Reykjavík. En annars finnst mér, að það megi ekki eingöngu dæma út frá hagsmunum þessara manna, sem byggja þennan hluta hreppsins. Það á að dæma út frá hagsmunum hreppsins í heild og sýslunnar. En fyrst og fremst eiga menn að dæma út frá gildandi landslögum, og þau mæla svo fyrir, að það skuli uppfylla þýðingarmiklar formshliðar á þessu máli, sem ekki er litið við ennþá.

Ég endurtek þau fyrri ummæli mín, að ég vænti þess, að Alþingi standi við sinn fyrri dóm í málinu og vísi því frá að lokinni umr.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., 11. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Ottesen:* Ég skal heita því að verða ekki langorður um þetta mál, en mér finnst þó, að það hafa borið þannig að þing eftir þing, að ekki sé hægt að setja það algerlega hjá, þegar það kemur fram í þetta sinn.

Það hefir verið fullkomlega á það bent, hvaða grundvöll löggjöfin hefir lagt á öllum undanförnum þingum um sveitar- og bæjarmálefni. Hér hafa verið lesin upp, við 1. umr. þessa máls, ákvæði sveitarstjórnarlaganna, sem þetta snertir, og þar kemur greinilega í ljós, að það hefir verið ákveðinn vilji löggjafans, — og ekki er lengra en síðan 1927, að lögin voru sett —, að ekki skyldu gerðar neinar breyt. á takmörkum hreppa eða bæja, án þess að samþykki viðkomandi aðilja hefði fengizt, og í hvert skipti lægi fyrir klappað og klárt, að samkomulag væri fengið, þegar málið væri flutt til fullnaðarúrslita á Alþingi. Ég skal víkja að því síðar, hvernig Alþingi hefir tekið í þessi mál, þegar þau hafa verið flutt þar. En ég verð að segja það, að það er alveg með endemum, að þingmenn Reykvíkinga skuli þing eftir þing flytja þetta mál þannig óundirbúið inn á þingið. Þetta er nú a. m. k. í þriðja sinn, sem þeir reyna að höggva sér bita úr Seltjarnarneshreppi. Má vel vera, að það hafi verið reynt oftar. En þetta mun hafa verið byrjað 1923. Þá var borið fram frv. um að innlima jarðir, Bústaði og Ártún og máske fleiri. Frv. það var flutt inn á þingið án þess að reynt hefði verið að komast að samkomulagi við Seltjarnarneshrepp eða Kjósarsýslu um þessa innlimun. Frv. þessu var leyft að ganga til n. og var sett í allshn. En þegar til hennar kasta kom, þá aftók hún að eiga við frv. nema samkomulag væri reynt við Seltjarnarneshrepp. Þetta tókst nú þá, og var svo málið afgr. frá þinginu á þeim grundvelli.

Áður en ég geng lengra í því að rekja aðferðir Reykvíkinga í þessu máli, vil ég benda á annað dæmi, sem kom fyrir á þinginu 1928. Þá var farið fram á það af hv. þm. Ísaf., að leggja eina jörð undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðar. Þá tilraun felldi þingið umsvifalaust. Og ástæðan til

þess var sú, að enginn litur hafði verið til þess sýndur að leita samkomulags við hlutaðeigandi hrepp, samkv. skýlausum fyrirmælum laganna.

Næsta tilraun, er gerð var að tilhlutun hv. þm. Reykv., fór svo fram á þingi 1929. Þá var að tilhlutun bæjarstj. Reykjavíkur flutt frv. um það, að innlima til Reykjavíkur allan Seltjarnarneshrepp. Þetta frv. var flutt á sama grundvelli og áður, þannig að engin tilraun til samkomulags hafði átt sér stað. Þingið beitti líka sömu aðferð og það hafði gert 1928 og felldi frv. umsvifalaust, enda var skýlausum ákvæðum sveitarstjórnarlaganna traðkað við undirbúning þess frv. og Alþ. taldi sér skylt að virða sín eigin lög.

Nú hefir hinu sama verið farið á flot í þriðja sinn. Og frv. er enn flutt á þeim sama grundvelli, að allan undirbúning vantar til þess að það sé löglega fram borið. Samkomulag við hinn aðila hefir ekki verið reynt frekar en áður. Það er því með endemum, að hv. þm. Reykv. skuli leyfa sér slíkt hvað eftir annað. Og ég vil vænta þess, að þingið sjái svo sóma sinn, að sama verði nú og ávallt uppi á teningi hjá því, þar til málið er flutt löglega undirbúið inn á þingið, þannig að samþykki aðila er fyrir hendi. Og það er því meiri ástæða fyrir þingið að sýna alvöru í þessu máli, að það er ítrekað svo oft.

Það er í sjálfu sér þýðingarlaust að tala um ástæður fyrir þessari málaleitun, meðan svo er ástatt, að grundvöllinn, sem byggja skal á, vantar. Ég skal því eigi að sinni vega þær ástæður, er mæla með og móti frv. En ég mun máske víkja að þeim síðar, ef ég verð til neyddur. En eins og málið liggur fyrir nú, eru þær algert aukaatriði.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Mér þótti vænt um það, að hv. þm. Borgf. sagði frá meðferð samskonar máls á þinginu 1923. Þá var lagt fram frv. á sama grundvelli og nú er gert, þannig að ekki hafði náðzt samkomulag við Seltjarnarneshrepp. Málið var þá sett í n. og fyrir milligöngu hennar náðist samkomulag. Við, sem þetta frv. flytjum, væntum þess einmitt, að hið sama verði gert nú. Ég hygg, að ekki sé til neins að reyna að ná samningum við Seltjarnarneshrepp fyrirfram. Og ég held, að ekki sé nauðsynlegt, að slíkir samningar séu gerðir fyrir þing. Heppilegast mun vera að reyna að ná þeim meðan á þingi stendur, og þá fyrir milligöngu allshn., en til þeirrar n. var máli þessu vísað þá. Hv. þm. rifjaði upp þessa leið, sem þá var farin, og er ég honum þakklátur fyrir það.

Ég þarf naumast að geta þess, að það er samkv. margyfirlýstum vilja bæjarstj. hér, að við flytjum frv. þetta nú. Og ég get bætt því við, að það mun vera að vilja svo að segja hvers einasta mannsbarns hér í þessum bæ.

Þá talaði hv. þm. um það, hvernig þingið hefði farið að, er Ísafjarðarkaupstaður óskaði eftir að fá landauka. Meðferð þess máls var svipuð og 1923. Málið var sett í n. Að það var svo fellt síðar, við 2. eða 3. umr., kemur ekki málinu við á þessu stigi þess.

Fyrst ég stóð upp, þá skal ég víkja að einu atriði, er ég man eftir úr ræðu hv. 2. þm. G.-K. frá fyrra fundi. Hv. þm. talaði um það, hvaða tekjur verkamenn úr Reykjavík fengju af atvinnu sinni í Seltjarnarneshreppi og gagnkvæmt. Nú er ekki farið fram á að fá allan hreppinn, heldur aðeins Skildinganes og Þormóðsstaði. Nú eru þar einmitt búsettir efnuðustu menn hreppsins, en þeir hafa flestir sínar atvinnutekjur í Reykjavík. En annars er rétt að athuga, hvernig um þetta fer í framtíðinni. Þegar Skildinganes telur 300 manns, og þess verður ekki langt að bíða, þá hefir það rétt til að verða sérstakur hreppur. En þá tapar líka Seltjarnarneshreppur þeim hag, er hann hefir nú af Skildinganesi. Mundu þá myndast tveir kaupstaðir. Í Skildinganesi yrðu búsettir efnamenn, sem rækja atvinnu sína hér. Þeir myndu nota vinnukraft héðan, án þess að bera nokkra ábyrgð á fátækrabyrði bæjarfélagsins hér. Væri það ekki hollt að kljúfa þannig Reykjavík. Annarsvegar yrði bær hinna efnameiri, hinsvegar bær hinna fátæku. — Hv. þm. Mýr. sagði, að Kjósarsýsla myndi tapa á þessu. Það getur verið, en það atriði er sjálfsagt að athuga í nefnd.

Pétur Ottesen:* Af því ég get búizt við

því að þurfa máske að tala síðar í þessu máli, þá vona ég, að hæstv. forseti reikni mér þetta sem stutta aths.

Hv. 1. flm. vildi telja sér til tekna það, sem ég sagði um meðferð frv. á þingi 1923. En ég vil benda honum á, að þá var nokkuð öðru máli að gegna. Þá voru slíkar umleitanir Reykvíkinga fluttar í fyrsta sinn inn á þingið. Var því þá ekki ástæða til að taka mjög hart á yfirgangi þeirra. En nú er þetta flutt í 3. sinn, án þess að sjálfsögðum skilyrðum sé fullnægt, og þess vegna er einmitt ekki rétt að leyfa það.

Refsiákvæði löggjafarinnar hníga öll að því, að þyngri hegning er lögð við síðari brotum. Hér á við að fara sömu leið. Og þótt séð væri gegnum fingur í fyrsta sinni, þá var það ekki gert í annað sinn. Og því síður á að gera það, þegar brotið er ítrekað í þriðja sinn. Á því að fella þetta frv. við 1. umr.

Magnús Torfason: Ég get lýst því yfir að ég er fyrir mitt leyti yfirleitt heldur á móti því, að kaupstöðunum sé veitt leyfi til að ganga á rétt nærliggjandi sveita. Ég verð að líta svo á, að ekki sé rétt að gera slíkt, nema nærliggjandi sveit fái fullkomlega greitt og goldið það tap, er það má valda, að jörð eða jarðarhluti er frá henni tekinn. Ég get því vel skilið aðstöðu hv. þm. Borgf. og get verið þakklátur honum fyrir það, hvað vel hann hefir haldið á máli sveitanna í þessu efni, bæði fyrr og síðar. — En um hitt atriðið, hvort málið á að ganga til n. eða ekki, og eins um það, hvort það er ólöglega flutt hér eða ekki, get ég ekki verið hv. þm. samþykkur. Ég hefi ekki getað skilið 19. og 42. gr. sveitarstjórnarlaganna svo, að verið sé með þeim að setja Alþingi skorður um það, hvað það megi gera. Ég held, að réttur skilningur á þeim greinum sé sá, að þær fjalli aðeins um það, hvað framkvæmdarvaldið megi gera í þessu efni. Þar er því heimtað samþykki viðkomandi sveitarfélaga. Og ég held, að þessi skoðun mín sannist af síðari málsgr. 19. gr. nefndra laga. Þar er sagt, að hreppsnefnd megi að fyrra bragði senda ráðherra till. um hvað eina, er verða megi sveitinni til gagns. Ef hér væri verið að setja Alþingi reglur, þá væri það vitanlega tekið fram, að hreppsnefndirnar mættu senda löggjafarvaldinu slíkar till. Ég veit heldur eigi betur en að slíkum málum hafi verið til lykta ráðið án þess að til kasta viðkomandi hrepps kæmi. T. d. um kaup á kirkjujörðum, er lágu nálægt kaupstað. Slíkt hefir verið samþ. á Alþingi án þess samþykki viðkomandi hrepps hafi verið leitað. (**PO:** Hvar hefir það verið gert?). Það var samþ. hér á árunum, að nokkur hluti jarðarinnar Tungu yrði seldur Ísafjarðarkaupstað.

Þá er eitt atriði enn, sem mér virðist ekki hafa verið lögð nógu mikil áherzla á í umr. um þetta mál, en er þó atriði, sem miklu hlýtur að ráða um það, hvernig það verður til lykta leitt. Það er, hvernig á þetta er litið af þeim mönnum sjálfum, sem að þessu eiga að búa. Það er spurningin um það, hvað þroskavænlegast sé fyrir þessi byggðarlög, er flytja á milli sveitarfélaga. — Er þroskavænlegra fyrir þessi hverfi að vera sameinuð Reykjavík heldur en fylgja Seltjarnarneshreppi svo sem nú er? Ég kann ekki um þetta að dæma, en um þetta atriði þarf að afla upplýsinga. Ég tel því rétt, að þetta mál gangi til n. og verði að fengnum upplýsingum metið þar. Annars vil ég geta þess, að þegar um svo mikið verðmæti er að tefla og hér mun vera, þá er erfitt að meta það réttlátlega, og heppilegast, að úr því verði leyst með samkomulagi aðilja. Hv. þm. Borgf. vill, að á þessu gefist kostur, að allir aðiljar geti látið í ljós álit sitt og að málið verði sem bezt upplýst frá sjónarmiði allra. Ég tel þetta rétt. Og þetta má allt að einu gera, þótt málið gangi til n.

Ólafur Thors: Ég hefi aðeins leyfi til stuttrar aths. Ég sé því enga ástæðu til að svara hv. 1. flm. þessa frv., enda höfum við áður um þetta mál deilt. En það var viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði um formshlið þessa máls. Jafnvel þótt fyrirmæli 19. og 42. gr. sveitarstjórnarlaganna fjalli aðallega um þá hlið, er að framkvæmdarvaldinu veit, þá stendur það þó óhaggað, að löggjafinn hafi ætlazt til, að í svona málum skuli fylgt ákveðnum fyrirmælum, sem ennþá hefir ekki verið gert. Og mér finnst, að Al-

þingi ætti sjálft að virða þær reglur, er það hefir sett. Og því ætti það ekki að leyfa, að jafnilla undirbúið mál og þetta er, væri lagt fyrir Alþingi.

Jón Ólafsson: Ég þarf í raun og veru ekki miklu að svara, því fátt hefir fram komið, sem mælir gegn réttmæti þessa frv. — Hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. G.-K. hafa viljað sanna það, að við höfum ekki haft lagalegan rétt til að bera þetta frv. fram á þingi. En nú hefir hv. 2. þm. Árn. sýnt fram á það, að þessir tveir hv. þm. fari hér með hinar mestu lögvillur og að þeir rugluðu saman umboðsvaldinu og löggjafarvaldinu. Og það er vitanlegt, að löggjöfin setur framkvæmdarvaldinu reglur, sem það verður að fara eftir. En löggjafarvaldinu er hvergi bannað — og ekki hægt að banna — að grípa inn í um öll mál, og ekki sízt ef um hagsmuni margra manna er að ræða, enda þótt þeir kunni að einhverju leyti að rekast á hagsmuni sárfárra manna. Í þessu tilliti er þetta svo. Hér er um skipulagsatriði að ræða, sem getur, ef þessu máli fæst ekki framgengt, orðið stórkostlegur fjármunaspillir síðar meir, eins og ég hefi áður lýst.

Hv. þm. Borgf. kallar það með endemum, að við skulum flytja hér þetta mál. Ég held, að sá hv. þm. athugi það ekki nógu vel, að við erum hér að reka erindi fjölda manna, sem trúað hafa okkur fyrir þessu máli. Og ég hygg, að hv. þm. Borgf. muni reka erindi sinna kjósenda eigi ósleitilegar en við höfum gert. En þeir, sem reka erindi sinna kjördæma vel, ættu þó líka að geta litið með sanngirni á þarfir annara og erindisrekstur umboðsmanna þeirra. En það er nú einmitt oft svo, að þeir, sem eru duglegastir fyrir sína kjósendur, eru ósanngjarnari og einsýnni á þarfir annara.

Hér er gert ráð fyrir, að komi fullar bætur fyrir. Þannig hefir það einnig verið, þegar Reykjavík hefir fengið skika af nærliggjandi sveitahéruðum. Og ég er í engum efa, að þessi hreppur fengi svo ríflegar bætur, að hann mundi máske ekki þurfa miklu að bæta við vexti af þeirri upphæð til þess að hafa nóg í sín útgjöld. En þó er ég sannfærður um, að bænum verður létt að bera þá upphæð, móti því að það dragist lengi, að bærinn fái yfirráð yfir þessum skika. Því að það er bæði illt og kostnaðarsamt að þurfa að rífa niður og breyta ýmsu síðar. Þetta vildi ég benda hv. þm. á að athuga með fullri ró og skynsemi. Hér er um mál að ræða, sem hlýtur að fá framgang fyrr eða síðar. Menn mega alls ekki láta neina hreppapólitík villa sér sýn, eins og því miður hendir suma hv. þm.

Hv. 2. þm. G.-K., sem því miður er ekki viðstaddur, hélt því fram, að hreppsbúar veittu Reykvíkingum svo mikla atvinnu. En ég vil þá minna á, að það eru Reykvíkingar, sem á einum stað færa atvinnu inn í hreppinn fyrir 160 þús. kr. Annað félag færir þangað sennilega sömu upphæð. Þarna á nesinu hafa menn enga atvinnu af sínum eigin rammleik, nema af litlum jarðargróða af einstöku skæklum. Það er svo þýðingarlaust að koma með þá fjarstæðu, að Seltirningar veiti Reykvíkingum atvinnu. Sú atvinna, sem þeim stafar frá Reykjavík að hálfu leyti, er á því svæði, sem farið er fram á að lagt verði undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Sú þörf og þau fleiri rök, sem koma frá hálfu Reykvíkinga, er hvorttveggja það þungt á metunum, að það vegur langsamlega móti því, sem komið hefir á móti. Hitt má máske kalla eðlilegt, að þeir, sem á þessum bletti búa, kæri sig ekki um að komast undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. En reyndar skil ég það ekki; því að það er alveg gefið, að þeir hafa mikil þægindi af því. Það verður miklu betri samvinna um þau mál, sem þeir eiga sameiginleg við Reykjavík. Hv. 2. þm. G.-K. minntist á vatnið síðast, að þeir ættu heimingu á því. En það er þeim takmörkum bundið, að bærinn sé aflögufær. Hvað er um Skólavörðuholtið og aðra hærri staði? Fyrst eiga þeir rétt á nægu vatni. (**Rödd af þingbekkjum:** Vex vatnið nokkuð við það, að sameining fari fram?). Rétt er það, að vatnið vex ekki, en samúðin milli staðanna og sameiginlegur áhugi fyrir að sjá sameiginlegu héraði fyrir nauðsynjum sínum í þessu sem öðru. Það mundi sennilega strax verða unnið að því að auka vatnsveituna, svo að Reykjavík gæti

fullnægt öllum sínum borgurum, eins og bærinn hefir orðið að gera á hverjum tíma hingað til.

Það er alveg þýðingarlaust að vera að þrátta um þetta mál. Ég vonast eftir þeirri sanngirni, að það verði látið fara í nefnd, til þess að hinar ýmsu hliðar þess verði athugaðar gaumgæfilega. Það stendur að vísu til, að hefja samninga um þetta mál við hreppinn, og má búast við, að það verði nokkuð þungur róðurinn. En þá er það löggjafans að taka í taumana og líta á það, sem er praktiskt og nauðsynlegt, bæði í bráð og lengd.

Pétur Ottesen:* Ég skal út af ummælum hv. 2. þm. Árn. og þeim lögfræðilegu skýringum, sem hann var að draga hér fram, benda á það, hvernig ég lít á þetta ákvæði. Ég er auðvitað ekki lögfræðingur, en ég hefi þá skoðun á lögunum, að þau eigi alveg eins að gilda fyrir okkur, sem ekki erum löglærðir. Í 3. gr. sveitarstjórnarlaganna er sem sé gert ráð fyrir, að skipti á hrepp geti farið fram, án þess að þurfi að koma til kasta löggjafarvaldsins, og gerist þá með þeim hætti, að ef báðir aðilar, sem hlut eiga að máli, koma sér saman um skiptin, þá þarf ekki annað en fá ráðherrastaðfestingu fyrir því. Þar með er það mál klappað og klárt.

Ég vil biðja menn að athuga það, hvaða grundvöllur er þarna lagður undir skiptin. Hann er sá fyrst og fremst, að báðir aðilar komi sér saman. Svo er tiltekið nánar í sveitarstjórnarlögum um þetta, þessar ástæður færðar út á víðara svið. Alltaf er sá rauði þráður í gegnum allt, að grundvöllurinn undir öllum slíkum skiptum sé samkomulag viðkomandi hreppsfélaga.

Þar sem nú löggjöfin leggur þennan grundvöll skýran og ótvíræðan, þá hlýtur löggjafinn æfinlega og í öllum tilfellum að gera þá kröfu, þegar tilmæli um þetta kunna að koma fyrir þingið, að þessum grundvallarskilyrðum verði að fullnægja, er það sjálft setti.

Ég vil líka benda á, hvernig þingið hefir litið á þetta undanfarið. Það hefir í öll skipti, nema aðeins eitt, vísað málinu frá sér skilyrðislaust, af því að þessum grundvallarlögum var ekki fylgt. Það er því fenginn dómur þess þings, sem samdi lögin, og þeirra þinga, sem hafa haft með slík mál að gera síðan.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um það og lagði áherzlu á, að af því að fjölmennari aðilinn teldi sér þetta nauðsynlegt, ætti þar með að vera skorið úr um það mál, enda þótt fámennari aðilinn teldi sér þetta til óþurftar og skaða. Út af þessu vil ég benda hv. þm. á það, að þessir aðilar eru báðir nákvæmlega jafnréttháir, enda þótt þeir séu ekki jafnfjölmennir. Hv. þm. tók fram nokkuð af sínum ástæðum fyrir frv., þegar það var síðast til umr. Annars er það svo, að eins og þetta mál er borið fram, þá er það aukaatriði að tala um ástæður fyrir þessu frv. En þar sem hv. þm. endurtók nú ástæður sínar, væri ekki úr vegi að drepa aðeins á 2—3 af þeim.

Ein er sú, að það eigi að koma fullar bætur fyrir þetta. Þegar þessar bætur eru metnar, þá er vitanlega miðað við það ástand, sem er, þegar þær bætur eru greiddar. Hinsvegar er ómögulegt að geta nokkuð í eyðurnar, hvað framtíðin ber í skauti sínu um breyt. á þessum stað. Því er þýðingarlaust í þessu sambandi að vera að tala um **fullar bætur.**

Þá talaði hv. þm. um það, að Seltirningar rækju alla sína atvinnu í Reykjavík. Þetta er náttúrlega ekki alveg rétt, því að það er töluverð útgerð við sunnanverðan Skerjafjörð. Þar er þó nokkur hrognkelsaveiði og auk þess er töluvert stundaður sjór á opnum bátum, þegar þeir hafa nokkurt viðnám fyrir ágangi togaranna.

Ég veit það, að í sveitinni er það talið hið mesta mein, ef vinnukraft vantar. Og mér þykir það dálítið undarlegt, ef það er ekki stór vinningur fyrir Reykjavík, þar sem svo mikill atvinnurekstur er og þörf á vinnukrafti, að geta fengið þarna nærtækan vinnukraft. Ég sé því ekki, að hv. 3. þm. Reykv. hafi getað talið afstöðu til atvinnunnar sem ástæðu fyrir sínu máli, heldur þvert á móti.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði m. a. um vatnið. Það hefir nú verið upplýst, að Seltirningar hafa samið við Reykjavík um vatn og rafmagn. Og ég veit, að Reykjavíkurbær, eins og aðrir heiðarlegir samningsaðilar, stendur við sinn samning, þó eitthvað beri á milli um annað. Því er skot-

ið fram, að ef til vill yrði erfitt að fullnægja þörf þeirra fyrir vatn, af því vatnsmagn Gvendarbrunna væri ef til vill af skornum skammti. En hv. þm. virtist álíta, að úr þessu rættist við samningana, og datt mér þá í hug, hvort það mundi stafa af því, að eitthvert ógurlegt táraflóð yrði á því rigningasvæði, sem leggur vatn til Gvendarbrunna, og þannig mundi fást hin heppilegasta lausn þessa máls.

Jón Ólafsson: Nýlega er fallinn dómur í undirrétti, sem hljóðar á þá leið, að Reykjavíkurbær sé skyldur að láta af hendi vatn, sé hann aflögufær. (**PO:** Enn er eftir hæstaréttardómur í málinu). Alveg rétt. Þess vegna er óþarft að tala um samningsrof frá bæjarins hendi, meðan málið er óleyst.

Ekki er það rétt, að Seltirningar sæki verulegt bjargræði í sjóinn. Það eru nokkrir hrognkelsabátar og fimm til sex opnir bátar, eða svo. (**PO:** Miklu, miklu fleiri). En alla daglaunavinnu sækja þeir til okkar. (**ÓTh:** Það ganga þrír togarar frá Viðey). Ég held mig við nesið, og hv. 2. þm. G.-K. átti aðeins við nesið, þegar hann var að tala um, að þeir hefðu 300 þús. kr. atvinnutekjur við ýmsa vinnu. Ég veit ekki betur en hann leggi sjálfur þar til helminginn og ég hinn helminginn, eða kringum 160 þús. kr. atvinnu. Svo að það er alveg skakkt að tala um, að þeir hafi verulega bjargræðisvegi öðruvísi en sækja þá til okkar á einhvern hátt.

Hv. þm. Borgf. sagði, að allar ástæður væru aukaatriði. Nú skil ég ofurvel, að það er ekki til neins að færa fram ástæður við hv. þm. Þær verða allar að aukaatriðum fyrir honum. Þessi hv. þm. vill ekki opna nema annað augað, og ekki nema til hálfs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JörB, LH, MJ, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HK, HV, IngB, JJós, BSv.

nei: JAJ, JS, MG, ÓTh, PO, SE, BSt, EJ.

Einn þm. (BÁ) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 71. og 74. fundi í Nd., 4. og 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 58, n. 304 og 328).

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): N. hefir ekki orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. mun vilja fella það, en minni hl. vill láta það ganga fram óbreytt.

Það var reynt af n. hálfu að fá sameiginlegan fund með borgarstjóra Reykjavíkur og hreppsnefndarmönnum úr Seltjarnarneshreppi. Hreppsnefndarmennirnir komu á fund, en af einhverjum mistökum á bréfaútburði kom borgarstjóri Reykjavíkur ekki. En það kom í sama stað niður, því að hreppsnefndarmennirnir gáfu þá yfirlýsingu fyrir sitt leyti, að þeir mundu alls ekki vilja semja um þetta mál. Það lá því ljóst fyrir, að annarsvegar var ósk Reykjavíkurbúa í þessu efni, en hinsvegar andúð hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, hvernig sem kjósendur hreppsins annars líta á það. Því er ekki hægt að búast við, að samningar náist, nema löggjafarvaldið setji einhver ákvæði um þetta, eins og frv. fer fram á.

Með þessu frv. er ætlazt til, að jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes verði settar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1931, og Reykjavíkurbær tekur að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem framfærslusveit eiga eða mundu eignast í löndum þeim, sem um ræðir í 1. gr., þ. e. a. s. á Þormóðsstöðum og Skildinganesi.

En vegna þess að búizt var við, að illa gengi að fá samkomulag, er svo ákveðið í þessu lagafrv., að endanleg fjárskipti skuli fram fara fyrir árslok 1930, og ef aðiljar verða ekki sammála, þá á að gera um það þriggja manna gerð, þar sem hvor aðili skipar einn mann, og hæstiréttur oddamann, og skulu báðir aðiljar hlíta þeirri gerð.

Ef Alþingi á annað borð viðurkennir þessa kröfu Reykvíkinga, er þetta eina mögulega leiðin úr því sem komið er, að láta óhlutdræga menn meta, hvaða skaðabætur séu sanngjarnar.

Því hefir verið lýst við 1. umr., hversu mikil nauðsyn það er fyrir Reykvíkinga

að fá undir lögsagnarumdæmi sitt þau lönd og lóðir, sem hér ræðir um. Þessar jarðir ganga eins og fleygur inn í bæjarlöndin, og byggingar bæjarins er ekki hægt að skipuleggja á þann hátt, er æskilegt væri. Þar að auki er með öðrum lögum búið að setja Skildinganes að sumu leyti undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, t. d. um tollgæzlu og lögreglustjórn, og loks er það ýmislegt annað, sem gæti verið nauðsynlegt fyrir þennan stað að vera í nánara sambandi um við Reykjavík. Fyrir skömmu brann t. d. niður hús í Skildinganeslandi, sem hefði sjálfsagt verið hægt að bjarga, ef það hefði haft vatn eins og aðrir staðir hér í Reykjavík og notið verndar brunaliðs Reykjavíkur. En það er ekki hægt að búast við því, að Reykjavík leggi á sig mikil gjöld til að aðstoða þessar jarðir, meðan reynt er allt sem hægt er til þess að halda þeim fyrir utan lögsagnarumdæmi bæjarins.

Ég skal játa, að fyrir suma menn, sem þarna búa, geta verið hlunnindi að því að búa þar. En hinsvegar eru ókostirnir svo miklir fyrir Reykvíkinga, að það verður heldur að meta þá hagsmunina, sem meiri eru heldur en hina minni.

Áður hefir verið bent á, hve óheppilegt það er fyrir niðurjöfnun útsvara að hafa þennan fleyg, þar sem menn geta setzt að og búið við allt annað skipulag en það, sem hér er, og þarf ég ekki að fjölyrða meira um það.

Ég býst ekki við, að þetta frv. gangi mótstöðulaust gegnum þingið. En ég vænti þess samt, að það nái samþykki á þessu þingi. Því að það er áreiðanlega aðeins stundarbið, þangað til þetta hlýtur fram að ganga, og þá er betra að gera það sem fyrst, heldur en að bíða og tefja með því margvíslegar framkvæmdir bæjarins.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Mér heyrðist hv. frsm. minni hl. tala alltaf í nafni meiri hl. n., þó að ekki sé nema einn fyrir utan hann sem hefir undirritað nál., er hann talaði fyrir. En hann hefir minnt, að hann væri eins og venja er til í meiri hl., og því verður að fyrirgefa honum, þótt hann hafi gleymt því í þetta skipti og álitið, að hann ætti að reifa málið fyrstur.

Ég get haft mitt mál styttra fyrir það, að hann er búinn að skýra frá, hvernig þetta mál fór í n. En mér finnst dálitið einkennilegt, að borgarstjóri skyldi ekki koma á þennan fund, því að ég er alls ekki viss um, nema kynni að vera hægt að koma á einhverjum samningum, jafnvel þótt hreppsnefndin segðist vera ófáanleg til allra samninga. Menn byrja oft svo, þótt síðar komi á daginn, að þeir séu tilleiðanlegir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt út í þetta mál. Áður er búið að ræða það á mörgum þingum, og vísa ég til þess.

En veigamesta ástæðan í þessu máli er sú, að Seltjarnarneshreppsbúar hafa lögverndaðan rétt til þess að hreppurinn sé ekki skertur, nema með þeirra samþykki, og þau lög má auðvitað ekki brjóta.

Það er ekki óalgengt, að nágrannahéruð óski að gleypa önnur. Það er algengt, bæði hér og erlendis. Það er nógu gaman að nefna eitt alkunnugt dæmi, sem a. m. k. ég og hv. 2. þm. Reykv. og margir aðrir hv. dm. þekkja vel, og það er Kaupmannahöfn og Friðriksberg. Kaupmannahöfn er komin alveg utan um Friðriksberg, svo að það er aðeins hringur inni í borginni. Mikið hefir verið gert af hálfu Kaupmannahafnarbúa til að ná í þennan hring, en það ekki tekizt ennþá. Nú skyldi maður halda, að jafnaðarmannastjórnin í Danmörku myndi innlima þennan hring í Kaupmannahöfn, en hún gerir það ekki. Það hefir nýlega verið skipuð n. manna til að reyna að komast að samkomulagi. Flokksmönnum hv. 2. þm. Reykv. í Danmörku þykir það ósæmilegt að kúga annað sveitarfélag, og ætti það ekki að gilda síður hér, enda er mikill stærðar- og styrkleikamunur á Reykjavík og Seltjarnarneshreppi. Ég vil fylgja loflegu dæmi hinna dönsku flokksmanna hv. 2. þm. Reykv. og ekki ganga á rétt lítilmagnans í Seltjarnarneshreppi. **(HV:** Lítilmagnans í Skildinganesi!). Ég var að tala um sveitarfélagið samanborið við Reykjavík.

Mér skildist á hv. frsm. minni hl., að útsvörin væru lægri í Seltjarnarneshreppi

en í Reykjavík. Hreppsnefndin upplýsti, að þau væru sennilega hærri á Seltjarnarnesi en í Reykjavík, svo þessi ástæða fellur alveg niður. Það er ómögulegt að hafa neinn skattgriðastað í Seltjarnarneshreppi.

Hv. 2. þm. Reykv. nefndi húsbruna, sem varð í Skildinganesi fyrir nokkru. Hann sagði, að hægt hefði verið slökkva, ef vatn hefði verið þar. Ég skal ekkert um það segja, en sennilega líður ekki á löngu þangað til vatn kemur þar suður eftir. (**HV**: Ólíklegt).

Ég vil spyrja hv. 2. þm. Reykv., hvort það sé satt, að slökkviliðið hér hafi neitað að fara þar suður eftir að hjálpa. Ég á bágt með að trúa þessu. Ég hélt, að allir teldu sér skylt að hjálpa í eldsvoða, þótt þeir séu ekki skyldir til þess að lögum.

Eins og ég hefi tekið fram, lít ég svo á þetta mál, að ekki sé hægt að leggja Seltjarnarneshrepp eða hluta af honum undir Reykjavík. Nefndin, sem með málið fór, hefir leitað umsagnar hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi, en hún tók sameiningunni illa eins og ég hefi tekið fram. Má þó vel vera, að síðar tækjust samningar, ef vel væri að farið. Og þegar svo væri komið, að Seltjarnarneshreppur væri ekki á móti því að sameinast Reykjavík, mundi ég ekkert hafa á móti því, en fyrr mun ég ekki geta greitt því mitt atkv.

Magnús Torfason:* Ég hefi skrifað undir nál. á þskj. 304 með fyrirvara. Ég skal lýsa því yfir, að það er alls ekkert stefnuatriði fyrir mér að vera á móti því að stækka Reykjavík, og þær glósur sem féllu við 1. umr. þessa máls, leiði ég hjá mér.

Ég hefi ekki getað verið með þessu frv. Ég lít svo á, að enn sé ekki kominn tími til þess. Ég get ekki séð, að það sé nein brýn þörf fyrir bæinn að gera þetta, og því síður nauðsyn. En undir eins og ég er sannfærður um, að það sé nauðsyn fyrir bæinn að fá þetta inn undir sitt lögsagnarumdæmi, þá mun ég verða með því. Ef hinsvegar íbúarnir á svæðinu eru með því, þá álít ég það líka sjálfsagt, en það liggur ekki neitt fyrir í þá átt, hvorki með eða móti, en í þessu efni vil ég fara mjög eftir því, hvað þeir vilja vera láta. Hinsvegar geri ég ekki mikið úr því, þótt hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi vilji ekki láta þennan skika af hendi. Hún vill ekki láta hreppinn minnka. Hreppsnefndin hefir heldur ekkert um það sagt, með hvaða kjörum hún vilji láta þetta af hendi til bæjarins.

Það er víst, að ef nauðsyn Reykjavíkur og vilji íbúanna væri sameinaður, þá fyndist mér sjálfsagt að vera með þessu frv. á sínum tíma. Tel það ekkert stefnuatriði að vera á móti því nú.

Annars hélt ég, að ef þeir legðu saman, hv. 2. og hv. 3. þm. Reykv., mundu þeir geta fengið þetta samþ., ef þörf er á. (**ÓTh**: Heyr!).

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Hv. 1. þm. Skagf. mælti á móti þessu frv. og bar það sérstaklega fyrir, að það væri í lögum, að samþykki hlutaðeigandi sveitarfélags yrði að koma til. Við höfum líka hugsað okkur, að þessu yrði ekki breytt nema með lögum, og lögum verður aldrei breytt nema með lögum. Og ef ekki væri hægt að breyta lögum, þá væri erfitt um löggjöf landsins. En ef 2 sveitarfélög greinir á, verður að meta þörf þeirra fyrir það, sem þau vilja fá. Þetta hefir hv. 1. þm. Skagf. ekki gert. Hann hefir litið á óskir Seltjarnarneshrepps, en ekki Reykjavíkur. Hv. 1. þm. Skagf. er þó Reykvíkingur. (**MG**: Mér er gersamlega sama sem Reykvíkingi). Já, það er af öðrum ástæðum. Það er ekki Reykvíkingurinn í hv. 1. þm. Skagf., sem heldur þessu fram. Það er sem flokksmaður hv. 2. þm. G.-K., sem hann gerir það.

Þá minntist hv. þm. á Friðriksberg og Kaupmannahöfn, og er sá samanburður ekki til þess að styrkja málstað hans. Það er miklu óheppilegra fyrir hlutaðeigendur, að þar séu 2 bæir heldur en einn. Annar er nærri því vaxinn utan um hinn. Ef Reykjavík héldi áfram að vaxa utan um Skildinganes, mundu þar áfram vera 2 bæir. Friðriksberg er þó stærri á móti Kaupmannahöfn en Skildinganes móti Reykjavík. En Friðriksberg er á móti Kaupmannahöfn aðeins skálkaskjól fyrir þá, sem vilja komast af með að greiða lægri skatt. Efnamennirnir í Friðriksberg lögðu kvaðir á lóð-

irnar, sem útilokaði það, að verkamenn eða fátækt fólk yfirleitt gæti keypt þær, svo að eingöngu efnafólkið getur búið í stórum hlutum bæjarins. Sama virðist ætla að verða í Skildinganesi. Reykjavík verður að halda uppi þeim efnaminni. Þeir verða að greiða öll gjöld til Reykjavíkurbæjar. Hinir komast af með lág útsvör. Aftur hækkar lóðaverðið þar suður frá, til hagnaðar fyrir lóðaspekúlantana.

Hér er ekki verið að berjast fyrir rétti lítilmagnans. Það er ekki lítilmagni nema að fólksfjölda. Hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi er líka skammsýn í þessu efni, því þegar Skildinganes hefir fengið 300 íbúa, getur það orðið sérstakur hreppur, og það er víst, að fólkið, sem þangað flytur, óskar þess. Skildinganeshreppur getur þá hagað útsvörum sínum eins og hann vill.

Þegar þetta mál kom hér á þingið í fyrra, var talað um að innlima sveit í Reykjavík. Það getur ekki verið um það að ræða nú. Hér er aðeins um lítinn bæjarhluta að ræða, sem á að leggja undir Reykjavík.

Þá sagði hv. 1. þm. Skagf., að hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi hefði upplýst, að útsvörin væru fullt svo há þar suður frá sem í Reykjvík, en ekki þarf annað en athuga útsvörin til að sjá, að þetta er rangt, og nægur samanburður fæst við að meta útsvör manna, sem flutt hafa til Skildinganess, fyrir og eftir flutninginn. Ég tel ekkert annað líklegra en að innan skamms tíma verði Skildinganes sjálfstæður hreppur og þá er heldur ekki hægt að leggja á þá eftir vild hreppsnefndar á Seltjarnarnesi, svo að þau lækkuðu þá enn meir. Þó að útsvar Shellfélagsins sé allhátt, þá eru útsvör annara stórefnamanna, sem vinna hér í Reykjavík, lág.

Hv. þm. spurði, hvort slökkviliðið hefði neitað að fara suður eftir, þegar brann þar síðast. Slökkviliðið getur ekki slökkt nema eitthvað sé til að slökkva með. En það var ekkert vatn til þar. Ef slökkviliðið hefði getað slökkt, hefði það sennilega gert það. Hv. þm. veit, að Skildinganes fær ekkert vatn meðan mál þetta hefst ekki fram. Reykjavík er örðugt um vatn, svo að það er ekki að búast við, að mikið vatn sé þar suður frá. En ef þetta svæði kæmi undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þá mundi krafan um aukið vatn í Skildinganesi frá Reykjavík verða réttmæt.

Hv. þm. vildi enn halda við það, að leita samninga milli hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi og borgarstjórans í Reykjvík. Ég veit ekki, hvað hv. þm. vill fá frekari sannanir en fara þá leið að líta í gerðabók allshn., þar sem það er með skýrum stöfum bókað af honum sjálfum, að hreppsnefndin neiti að taka samningum um þetta mál. Þeir mundu fara samningsleiðina ef þetta frv. yrði samþ., en annars vilja þeir ekkert skipta sér af málinu. Þetta veit hv. þm.

Ég var nærri því búinn að gleyma því, að hv. 2. þm. Árn. er ekki með málinu. Ég man ekki betur en að hann væri með því í fyrra, en hvað veldur þeim skoðanaskiptum, er mér ókunnugt um.

Hv. þm. sagðist ekki sjá neina brýna þörf, og því síður nauðsyn þessa máls. Heldur ekki vilja íbúanna. Ég hefi áður skýrt það, að ekki er að búast við, að íbúarnir óski eftir því að verða innlimaðir Reykjavík, meðan þeir geta hagnýtt sér bæinn svo sem nú er. Um óskir Reykvíkinga þarf ekkert að segja. Þær eru svo kunnar frá þingmálafundum og einróma ályktunum bæjarstjórnar hvað eftir annað. En ef ekki á að taka tillit til óska 28 þús. Reykvíkinga, veit ég ekki, hvaða mælikvarða á að leggja á þetta mál.

Jón Ólafsson: Það voru aðeins lítilfjörleg atriði, sem ég ætlaði að leiðrétta.

Það fyrsta var, að hv. frsm. meiri hl. sagði, að borgarstjóri Reykjavíkurkaupstaðar hefði ekki mætt á fundi, sem halda átti með sveitarstjórn Seltjarnarneshrepps. Ég hefi rannsakað þetta nokkuð, og hefir borgarstjóri sagt mér, að hann hafi ekkert fundarboð fengið og muni nefndin því aldrei hafa boðað neinn fund. (**HV:** Honum var sent bréflegt fundarboð). Það hefir þá misfarizt. Vegna þessa hefir hann ekki mætt og rætt málið sem vera skyldi. (**MG:** Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hann hefði komið á fundinn. — **ÓTh:** Það er eitthvað óhreint við þetta).

Það er ekki rétt, að það hafi verið neitað að senda slökkviliðið, þegar brunninn var þarna suður frá. Það hringdi

einhver á slökkvistöðina og það menn að vera viðbúna að koma suður eftir, ef á-líta mætti, að eitthvað væri hægt að gera. Þessu var tekið vel, ef þeir fengju þau boð síðar, að þeir mundu eitthvað geta gert þar. Þau boð komu ekki. Ástæðan var sú, að hvergi var hægt að fá vatn, sem slökkviliðinu kæmi að nokkru gagni. Þetta er því rangt og er ekki rétt að láta því ómótmælt. Þetta hefði líka getað komið í bág við öryggi bæjarbúa, svo ekkert vit hefði verið í að senda það að gamni sínu, þar sem búast má við, að það verði kallað til hjálpar bæjarbúum. Það er því ekki hægt að ætlast til, að þetta verði skilyrðislaust gert. Það hefir þó verið sent upp í sveit. En þá fór það svo, að þegar viðkomandi brunabótafélag var krafið um beinan kostnað af ferðinni, svo sem benzíneyðslu, neitaði það að greiða. Það er því ekki til uppörvunar fyrir Reykjavíkurbæ að senda öryggi sitt burt, þegar sjálfsagður kostnaður af ferðinni fæst ekki greiddur, hvað þá nokkuð fyrir slökkviliðið. Ef svo færi að hús brynni hér í Reykjavík, og því væri um að kenna, að slökkviliðið hefði verið sent í burt, yrði það beint til þess að hækka brunabótagjöldin við næstu vátryggingasamninga.

Ég vildi aðeins benda á það, að það er ekki gerandi að gamni sínu að senda slökkviliðið til annara. Sjóðurinn, sem tryggir Reykjavík, á heimtingu á því að þetta öryggi sé til staðar, þegar þörf er á því, að það bjargi.

Að öðru leyti þarf ég ekki að segja mikið. Það, sem hv. frsm. meiri hl. talaði um lítilmagnann og þann stærri og minni, má geta þess, að þeim voru boðnar fullar bætur fyrir, og er það svo mikið fé, að vel má við una. Reykjavíkurbær yrði að sjálfsögðu að borga nokkuð mikið fyrir þennan bæjarhluta, því hann á fyrir sér að vaxa. Þetta væru því allríflegar bætur fyrir þann smáa. Það er þess vegna ekki um neinn lítilmagna að ræða.

Þá er það hv. 2. þm. Árn. Hann sagðist ekki geta verið með þessu fyrr en brýn nauðsyn væri fyrir hendi. Allir vita, að brýn nauðsyn er ekki fyrir hendi. Hún verður ekki fyrir hendi, meðan land er nóg fyrir vestan þennan fjallgarð. En nauðsynin liggur í því, að þegar að því kemur, að þetta svæði verður lagt undir Reykjavík, verður skilyrðislaust að breyta skipulagi jarðanna, en það yrði þá svo dýrt, að það er hrein og bein skylda okkar að byrgja þann brunn í tíma. Þetta er það, sem hv. 2. þm. Árn. ætti að gera sér grein fyrir, þegar hann er að tala um, að það sé ekki þegar brýn nauðsyn. Aðiljar eiga ekki að vera svo skammsýnir í þessu máli sem þeir virðast vera. Alþingi verður því að styðja að því, að samningar takist með þeim. Það getur líka vel tekizt ennþá. Menn hafa enn ekki lagt sig svo í líma í þessu máli sem oft og einatt er gert. Mönnum hættir alltaf til að láta dankast það, sem ekki er óhjákvæmilegt að framkoma það árið, þó menn sjái, að það þarf nauðsynlega og hlýtur að verða framkvæmt.

Það er fyrirsjáanlegt, að lögsagnarumdæmi Reykjavíkur hlýtur að verða stækkað, og það er þegar svo mikil þörf á því, að óforsvaranlegt er af Alþ. að draga það. Þessi krafa er alls ekki sprottin af ásælni af hálfu Reykvíkinga eða löngun til að innlima næstu sveitir. Menn verða bara að taka tillit til þess, að Reykjavík er að stækka og mun halda áfram að stækka, meðan sæmileg lífsskilyrði haldast hér. Móti því verður ekki spornað.

Það er oft um það talað, hvað stækkun Reykjavíkur sé mikið á kostnað sveitanna. En þegar betur er athugað, sést, að þetta er nokkuð orðum aukið. Ef farið er gegnum manntalsskýrslur sveitanna síðastliðna áratugi, sést, að fólki hefir ekki fækkað þar svo, sem af er látið. Að vinnukraftur virðist minni í sveitunum nú en áður, getur meðfram stafað af því, að nú er verra að fá fólk að heldur en áður.

Árið 1901 voru allir landsmenn full 80 þús., árið 1910 85 þús., árið 1920 94—95 þús. og árið 1928 105 þús. Þessi mannfjölgun hefir lent í Reykjavík og kaupstöðunum víðsvegar um landið, en lítið fleira. Frá 1907 til 1928 fjölgaði um 14500 í Reykjavík; þar af eru 5000, sem fleiri hafa fæðzt en dáið í bænum sjálfum. Það er því ekki svo ýkjamargt, sem flutt hefir hingað annarsstaðar frá; ekki nema mikill minni hluti af fólksfjölgun þjóðarinnar.

Reykjavík er því ekki sú plága á land-

inu að þessu leyti, sem látið er af sumum, og réttlætir það því ekki mótstöðuna gegn því, að bætt sé aðstaða þeirra, sem annaðhvort alast hér upp eða vilja flytja hingað af eðlilegum ástæðum.

Ég býst ekki við, að umr. um þetta mál hafi mikið að þýða. Er útlit fyrir, að því sé ætlað að fara sömu leið og á síðasta þingi. En ég hygg, að það verði einhverntíma talið illa ráðið af þeim, sem nú ráða, að standa gegn framgangi þessa máls.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi með fáeinum orðum taka í sama streng og hv. 3. þm. Reykv. Tel ég þetta sanngjarna kröfu af hendi Reykvíkinga, eins og hún er nú flutt. Hv. flm. eru búnir að bera fram flest rök fyrir þessu máli, og hefi ég því litlu við að bæta. Í fyrra var þetta mál þannig borið fram, að taka átti einnig Seltjarnarnes, sem er í raun inni þéttbyggð sveit, sem kemur Reykjavík lítið við, og leggja það allt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Nú er aðeins að ræða um Skildinganes, sem er að verða nokkurskonar undirborg Reykjavíkur, eða eitt hverfi hennar, eins og t. d. Grettisgötuhverfi eða Lindargötuhverfi. Þaðan er atvinna stundað í Reykjavík og hagsmunir þeirra, er þar búa, eru svo nátengdir hugsmunum Reykvíkinga, að þar verður vart á milli greint. Nú hafa hv. flm. frv. stillt í hóf kröfunum og ekki farið fram á meira en það, sem ekki er hægt með neinni sanngirni að neita um.

Ég lít svo á, að Skildinganesi geti jafnvel stafað háski af því að vera ekki innan takmarka Reykjavíkur. Það gerir e. t. v. ráð fyrir að njóta verndar Reykjavíkur á ýmsan hátt, en á svo ekki víst að fá hana, þegar á liggur. Nægir að benda á brunann, sem þar varð fyrir skömmu. Borgarstjóri lét ekki brunaliðið fara; hefir sennilega viljað sýna Skildinganesbúum, að þeir fengju ekki öll hlunnindi hjá Reykjavíkurbæ án þess að taka þátt í erfiðleikum hans.

Annað dæmi skal ég nefna, sem ég hefi ekki tekið eftir að veitt hafi verið athygli. Í Skildinganesi eru auðvitað mörg börn á skólaskyldualdri, og þeim er ætlað eftir skólalögunum að ganga vestur að Melshúsum í skóla. Það er hægt að láta þau sækja skóla þangað, en það er mjög óeðlilegt og erfitt. Af þessu fyrirkomulagi leiðir svo vanræksla á barnakennslunni. **(MG:** Skildinganesbúar ætla að reisa skólahús í ár). Þeir ætla það, já, en það er nú ekki komið í framkvæmd.

Einnig má benda á, að húsabyggingar á Skildinganesi eru engum reglum háðar og mjög skipulagslausar, af því það er utan skipulagsuppdráttar Reykjavíkur. Í þessu tilliti er þorpinu mikill skaði að hverju árinu, sem líður, áður en það kemst inn undir skipulag Reykjavíkur.

Þó er sú ástæða þyngst á metunum, að nærri hver maður í Skildinganesi stundar atvinnu í Reykjavík, en teljast þó utan skattsvæðis hennar. Er jafnvel grunur um, að sumir hafi flutt þarna suður eftir í þeim tilgangi að létta á sér skattabyrðina, en geta þó notið hlunninda Reykjavíkur. Slíkan skattflótta á Alþ. alls ekki að vernda, heldur þvert á móti.

Mér finnst eins rétt af Alþ. að samþykkja þetta mál nú þegar, því það verður hvort sem er ekki nema fárra ára frestur á því, að svo sanngjarnt mál nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Ég býst ekki við, að ástæða sé til að halda uppi löngum umr. um þetta mál hér eftir.

Ég vil benda á, að það er rangt hjá hv. 2. þm. Reykv., að ekki sé nein kúgun við Skildinganesbúa að samþykkja þetta frv. **(HV:** Það má segja, að öll lög séu kúgun við einhverja). Nei, nei, mörg lög veita aðeins réttindi, og þvingunarlög á ekki að setja nema brýn nauðsyn beri til, og sú nauðsyn er ekki í þessu máli.

Ég vildi spyrja hv. þm. hvers vegna skoðanabræður hans í Danmörku leggja ekki Friðriksberg undir Kaupmannahöfn. **(HG:** Til þess þarf lög, en jafnaðarmenn hafa ekki meiri hl. í danska þinginu). Jú, í fólksþinginu hefir stjórnin sterkan meiri hl., en þeir vilja meta svo mikils sjálfsákvörðunarrétt einstaklinganna, að þeir vilja ekki taka af íbú-

um Friðriksbergs réttinn til að vera út af fyrir sig.

Um útsvörin fannst mér hv. 2. þm. Reykv. fallast á mitt mál. En svo kom hæstv. dómsmrh. aðvífandi og fór að tala um þetta mál, án þess að vita nokkuð, hvað áður hafði fram komið í umr. Hann vissi ekki, að búið var að upplýsa það, að útsvörin eru ekkert lægri í Seltjarnarneshreppi en í Reykjavík, og að hv. 2. þm. Reykv. hefir ekki neitað því. (HV: Jú, ég neitaði því). Það heyrði ég ekki, en hreppsnefndin bar þetta fram í allsherjarn., og þá mótmælti hv. þm. ekki.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., að Skildinganes mundi bráðum vilja verða sérstakur hreppur. Nefndin spurði hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, hvort nokkur hreyfing væri í þá átt, og neitaði hún því. Enda mundi ekki vera haldið svo mjög í þennan blett, ef svo væri.

Þá er slökkviliðið. Ég vissi ekki, að svo var, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir nú skýrt frá, að slökkviliðsstjórinn tjáði sig fúsan að fara, þegar húsið brann í Skildinganesi. Ég spurði aðeins um þetta, og sagði, að ef slökkviliðið hefði neitað að fara, þegar bruna bar að höndum, þá væri það óvenjulegt.

Hvort borgarstjórinn hér hefir fengið boð um að koma á fund allshn. veit ég ekki, en hv. 2. þm. Reykv. lofaði að boða honum fundinn. En n. áleit, að honum hefði verið tilkynnt um fundinn.

Hv. 3. þm. Reykv. þarf ég litlu að svara. Hann var hógvær að vanda og sagði, að fullar bætur ættu að koma fyrir, ef Skildinganes væri lagt undir Reykjavík. En hvað eru fullar bætur? Um það getur enginn sagt. Allir sjá, að þetta er mjög arðvænn blettur fyrir hreppinn, en hvað mikils virði hann er, veit enginn.

Um skipulagið er það að segja, að meðan skipulag Reykjavíkur nær ekki lengra en út að Hringbraut, og þar fyrir utan er byggt eins og hverjum sýnist, get ég ekki séð, að það sé verra, þó skipulagslaust sé byggt í Skildinganesi. Auk þess ætti alveg eins að vera hægt að finna skipulag fyrir Skildinganes, þó það tilheyri ekki Reykjavík. Ég held menn séu ekki það vitrari hér í Reykjavík, og þó svo væri, ætti að mega fá leiðbeiningar héðan. Hæstv. dómsmrh. kom hér að og fór að tala um hluti, sem áður var búið að hrekja. Hefi ég því litla ástæðu til að svara honum. Hann hélt fram, að slökkviliðið hafi neitað að fara til Skildinganess, þegar brann þar, og fannst mér hann telja það rétt. Það er nú búið að segja, að það hafi ekki neitað að fara, enda hefði það verið rangt gert.

Hæstv. ráðh. kvað flm. frv. vera á réttri leið nú, þegar þeir færu ekki fram á að fá nema Skildinganes. Hv. 3. þm. Reykv. sagði í fyrra, að heppilegt mundi vera að taka hreppinn í smáhlutum; þetta er þá allt svo fyrsti hlutinn.

Að Skildinganes sé skattflóttahreiður, er áður búið að hrekja.

Magnús Torfason:* Eftir því, hvernig orð hafa fallið við þessar umr., hefir mér skilizt, að frv. þetta sé fram komið af velvilja til Skildinganesbúa. Þetta sýnir, að hugsunarhátturinn hefir breytzt síðan í gamla daga, þegar sagt var: Ekki á ég að gæta bróður míns. Það er auðvitað fallegt að vilja gera Skildinganesbúum vel til, en það sýnist bara óþarfi að setja lög um þessa hjálp, meðan engin rödd heyrist frá þeim um það, að þeir vilji sinna henni.

Annars þurfti ég ekki að standa upp til annars en að mótmæla þeim ályktunum, sem hv. 3. þm. Reykv. dró af manntalsskýrslunum. Hann hélt fram, að sveitirnar hefðu ekki greitt verulegan skatt til Reykjavíkur að því er fólksfjölda snertir. Ég verð nú að vera á annari skoðun, a. m. k. um mitt kjördæmi. Fólkið í Árnessýslu er nú 6900. Hefir því fækkað um 1800 síðan um síðustu aldamót. Ef Árnessýsla hefði fengið að njóta síns heima, ávaxtanna, sem búast hefði mátt við af svo duglegu fólki, þá væru þar ekki 6900 manns nú, heldur 9000. Þessi 1800 og afkomendur þeirra hafa mestmegnis lent í Reykjavík; kalla ég það allþungan mannskatt. Ég segi þetta ekki af því, að ég vilji fara að karpa við hv. 3. þm. Reykv. um þetta efni, heldur vildi ég aðeins sýna fram á, að það er ekki að ástæðulausu að Framsóknar-

flokkurinn heldur því fram, að hlúa eigi sem bezt að sveitunum.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MJ, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HJ, HG, HV, IngB, BSv.

nei: JAJ, JS, LH, MG, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, BSt, EJ, HStef, HK, JJós.

Tveir þm. (JÓl, BÁ), fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Loftskeytanotkun veiðiskipa.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa (stjfrv., A. 16).

Á 6. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 171 og 180).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Frv. það á þskj. 16, sem hér liggur fyrir, er ekki hægt að telja neitt nýmæli. Það er nú í þriðja sinn lagt fyrir Alþingi.

Nú hefir farið svo eins og áður, að sjútvn. hefir ekki getað staðið óskipt að afgreiðslu þessa máls, þótt nefndarhlutunum beri nú ekki eins margt og mikið á milli sem á undanfarandi þingum. Meiri hl. lítur svo á, og hefir þar álit almennings sér til stuðnings, að nauðsynlegt sé að skerpa að mun eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipanna. Er það bæði vegna þess, að innanlands hefir sú trú fest nokkuð djúpar rætur, að loftskeytin séu misnotuð, og í öðru lagi vegna þess, að brytt hefir á þeirri grunsemd hjá útlendingum, að eftirlit með loftskeytanotkun sé ekki svo strangt sem skyldi hér, og jafnvel að íslenzkir skipstjórar sleppi af þeirri ástæðu undan refsingu fyrir landhelgisbrot, þótt útlendir veiðimenn séu sektaðir.

Að því er kemur til landhelgisbrota, þá býst ég við, að allir viðurkenni, að sjálfsagt sé að reisa rönd við þeim, eftir því sem mögulegt er, hvort sem í hlut eiga útlendir eða innlendir lögbrjótar. Framtíð fiskiveiðanna er að talsverðu leyti komin undir því, að friður fáist í landhelginni, þar sem nytjafiskarnir hrygna.

Um grunsemdir útlendinga munu hinsvegar vera nokkuð skiptar skoðanir; en á þeim hefir borið svo mikið, að þing og stj. verður að sýna það svart á hvítu, að það sé hin fyllsta alvara að láta lögin ganga jafnt yfir alla.

Þetta mál hefir nú verið rætt á tveimur þingum áður, og stundum í talsverðum hita. Ég vil ekki gefa tilefni til, að eins þurfi að fara nú. **(ÓTh:** Ætli það geri þá ekki einhver annar?) Hnútukast hefir aldrei neinar heillavænlegar afleiðingar, og óska ég, að á þetta mál sé litið hlutdrægnislaust og sanngirni látin ráða.

Meiri hl. n. hefir að þessu sinni borið fram nokkrar brtt. á þskj. 171; eru sumar efnisbreyt., en sumar aðeins formsbreyt. Með fyrstu brtt., sem í sjálfu sér er ekki annað en formsbreyt., leggur n. til, að í stað orðanna „láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli" komi „láti landssímastjóra í té lykil að hverju því dulmáli" o. s. frv. Þetta byggist á því, að landssímastjóri verður hvort sem er að hafa eftirlitið að miklu leyti á hendi, og hefir það eftir öðrum gr. frv.

Með 2. brtt. leggur einn maður úr meiri hl. til, að síðasta málsgr. 4. gr. falli niður. Er hún um það, að skylt skuli að láta sjútvn. Alþ. í té til rannsóknar skeytabækur skipa og stöðva og önnur skjöl, er snerta eftirlitið með loftskeytanotkun veiðiskipanna. Í fyrstu var svo ráð fyrir gert í þessu frv., að sjútvn. Alþ. fengju þessi gögn til fullnaðarúrskurðar um það, hve lengi sökunautur skyldi háður eftirliti. En þar sem n. er ekki lengur ætlað að skera úr um þetta, þykir flm. ekki ástæða til að hafa sérstakt ákvæði um, að n. fái þessi gögn í hendur.

3. brtt. er við 5. gr. og er efnisbreyt. Með henni eru sektarákvæðin færð niður til samræmis við sektarákvæði annara laga. Að henni standa allir meirihl.-mennirnir.

Að 4. brtt. stendur einnig meiri hl. allur. Eftir frv. hefir dómsmrn. rétt til að svipta grunuð skip rétti til loftskeytanotkunar nema undir sérstöku eftirliti. En í brtt. er þetta orðað þannig, að dómsmrn. skuli heimilt, meðan á rannsókn og dómsuppsögn stendur, að beita þessu eftirliti. Þessi réttur dómsmrn. er þannig bundinn þeim sjálfsagða rétti sakaraðila, að mál hans sé rannsakað og dómur upp kveðinn á réttum tíma.

Ég geri nú ráð fyrir, að þetta frv. sé komið í það horf, að allir, sem á annað borð viðurkenna þörf fyrir slíka lagasetningu, geti nú greitt því atkv. með þessum breyt. Þarf ég því ekki að fara um það fleiri orðum að sinni, og ekki síðar heldur, nema mér verði gefið sérstakt tilefni til.

Út af því, að hv. minni hl. vísar til l. frá 1917 um þetta efni í nál. sínu, vil ég aðeins taka það fram, að þau lög og reglugerðin, sem á þeim er byggð, nær alls ekki nema að litlu leyti þeim tilgangi, sem stefnt er að með þessu frv.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Hv. frsm. meiri hl. tók það fram, að þetta frv. væri ekki neitt nýmæli hér á Alþ., og er það rétt. En ég vildi bæta við, að eftir þrálæti því, sem fram hefir komið í sókn þeirra manna, sem að þessu frv. standa, væri vel gert að láta þá ekki þurfa að velkjast með þetta afkvæmi sitt á fleiri þingum. Ég býst við, að það mundi ekki valda byltingum í lífi eða högum neins, þó frv. þetta yrði að lögum. En það yrði algerlega gagnslaust að því leyti, sem það á að styðja að landhelgisvörnum. Enda hefi ég heyrt einn vel metinn flokksbróður hv. frsm. meiri hl. segja, að þetta frv. gæti aldrei orðið annað en pappírsgagn, þó það yrði að lögum. En þegar þetta frv. var borið fyrst fram, fyrir 3 árum síðan, var það svo fáránlega úr garði gert, bæði ákvæði þess um framkvæmd á eftirlitinu með loftskeytanotkun, og ekki síður sektarákvæðin, að það náði ekki nokkurri átt. Eftir því gátu sektirnar fyrir að nota loftskeyti sér til hagnaðar við landhelgisveiðar jafnvel orðið hærri heldur en fyrir landhelgisbrotin sjálf. Nú hafa þó verstu gallarnar sniðizt af frv. í meðferðinni, vegna aths. okkar, sem höfum gagnrýnt það á undanförnum þingum.

Hv. frsm. vitnaði eins og fyrri daginn í almenningsálitið, sem skapazt hefði út af misnotkun loftskeytanna, og ennfremur vitnaði hann í einhvern sterkan grun, sem upp hefði komið í útlöndum. Þetta hvorttveggja taldi hann, að krefðist þess, að ný löggjöf væri sett um notkun loftskeyta. Um almenningsálitið, eða grun manna hér innanlands, skal ég játa, að hinar þrálátu staðhæfingar á þingi og í blöðum þeim, sem standa að meiri hl. sjútvn., munu hafa fengið einhvern hluta landsfólksins til þess að trúa á miklar misfellur í þessu efni. En þó að hægt sé að fá fólk til að trúa slíku, er það engin sönnun þess, að sú alda, sem hefir verið vakin, eigi sér raunverulegar orsakir. Það hefir verið raunalegt að hlusta ár eftir ár á þau ranglátu ámæli, sem ýmsir hv. þm., með hæstv. dómsmrh. í fararbroddi, hafa látið sér um munn fara í garð íslenzkra útgerðarmanna. Ennfremur hafa þessir sömu menn ár eftir ár verið að stagast á því, að á okkur lægi svo mikill grunur útlendinga um það, að við beinlínis leiddum okkar eigin togara inn í landhelgina. Og þó að þeir hafi viðurkennt við mig, að þessi lög mundu ekki hafa neina praktiska þýðingu, hafa þeir þó talið þau nauðsynleg vegna þessa ámælis, sem ég fullyrði, að á við engin rök að styðjast. Hvorki hv. frsm. né öðrum hefir tekizt að finna orðum sínum stað,

nema að því leyti, sem þeir hafa vitnað í skrif eins danska varðskipsforingjans, sem allir vissu, að var ákaflega gramur út af aðfinnslum fyrir það, hve illa hann gætti landhelginnar. Í mínum augum er þetta ákaflega lítils virði. Ég verð að segja, að ég hefi mjög mikla reynslu af því, hvað útlendingar segja um okkur og okkar landhelgislöggjöf, og það á ekkert skylt við álit þessa danska varðskipsforingja.

Það hefir á undanförnum þingum orðið hlutskipti mitt og annara sjútvnm. að kynna okkur bréfaviðskipti útlendra ríkja við hæstv. stj. um ýmsan árekstur, sem orðið hefir vegna landhelgislöggjafarinnar íslenzku og framkvæmda á henni. Þar er ýmsu haldið fram, sumu með fullum rökum, en öðru mjög óréttmætu. En ég hefi hvergi séð eitt orð um það, að við lokuðum augunum fyrir misnotkun loftskeyta í þágu íslenzkra landhelgisbrjóta.

Meiri hl. n. segir hér í nál. á þskj. 171, að hann telji nauðsyn til bera að skerpa eftirlit um loftskeytanotkun veiðiskipa. En ég vil spyrja hv. meiri hl.: Hvaða eftirlit ætlast hann til að sé skerpt? Það hefir ekkert eftirlit átt sér stað. Hér kem ég að atriði, sem minni hl. hefir oft bent á og hv. frsm. meiri hl. minnist á, sem sé þær heimildir í lögum, sem ríkisstj. hefir til þess að hafa eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa, en sem hún hefir fullkomlega vanrækt að framkvæma. Ef hv. frsm. meiri hl. gæti bent á það, að stj. hefði reynt að framkvæma eftirlit samkv. lögum frá 1917 og reglugerð frá 1918, sem fjallar um eftirlit með loftskeytum, en að það hefði ekki komið að notum, þá fyrst gæti hv. meiri hl. talað um, að nauðsyn bæri til að skerpa eftirlitið. Það er einmitt mjög eftirtektarvert, að hæstv. stj., sem hefir látið flytja þetta mál á 3 þingum og mikið gert á yfirborðinu til þess að láta það ganga fram, hefir alveg lagzt undir höfuð að nota gildandi lagaheimild í þessu efni. En þessi sama stj. hikar ekki við að nota sér andstöðu okkar gagnvart þessu frv. til þess að útbásúna það í stjórnarblöðunum, að við séum á móti landhelgisvörnum. Hæstv. dómsmrh. sagði meira að segja, að þessi andstaða okkar væri prófsteinninn á það, hvort við vildum hafa góðar landhelgisvarnir eða ekki. Þegar verið er að klifa á þessari fáránlegu löggjöf, en vanrækt að nota heimildina, sem nú er í lögum, get ég ekki litið öðruvísi á en að verið sé að gera sér leik að því að halda uppi skrafi um málið, hégómlegu skrafi.

Hv. frsm. meiri hl. vildi bera á móti því, að ríkisstj. hefði nægilega stoð í hinum gildandi lögum, og benti á ákvæði reglugerðarinnar frá 1918 í sambandi við þá þýðingu, sem hann telur, að það muni hafa að koma þessu eftirliti af stað. Hann talaði eins og hér væri um svo mikilvægt atriði að ræða, að ekki mætti undir höfuð leggjast að setja lög um það sem fyrst. Einnig hefir hæstv. frsm. haldið því fram, að á okkur lægi mikill grunur útlendinga um ódrengilega framkomu í landhelgismálinu. Þegar tekið er tillit til þessara tveggja hluta, í fyrsta lagi velferðar fiskiveiða landsmanna og í öðru lagi mannorðs þjóðarinnar út á við, þá hefir ríkisstj. fulla stoð í 19. gr. reglugerðarinnar um notkun loftskeyta frá 1918, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðuneytið getur bannað öll loftskeytaviðskipti innan íslenzkrar landhelgi, bæði frá íslenzkum og erlendum skipum, og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt".

Einnig getur ráðuneytið látið **hafa eftirlit með öllum loftskeytum,** og látið **stöðva þau** skeyti, sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins".

Ég þykist ekki þurfa að vitna frekar í reglugerðina til þess að benda á, að það er einkennileg framkoma hjá stjórnarvöldunum, að gera ekki minnstu tilraun til að nota þessa löggjöf. Það hefði áreiðanlega legið langnæst fyrir hvaða stj. sem er, sem sjálf hefir trúað á þennan grun, að nota sér eins langt og hægt var þau ákvæði reglugerðarinnar, sem ég hefi lýst.

Ég minntist á það áðan, að hv. meiri hl. hefði smám saman látið undan síga í ýmsum ófærustu atriðum frv. Ég mun því geta greitt atkv. með breytingum hv. meiri hl.

Ennfremur vil ég vekja athygli hv. dm. á því, að þó að nú sé svo ástatt, að við þurfum loftskeyti til að hafa samband við togarana, eru svo margar og miklar breyt. að verða í heiminum á þessu sviði

sem öðrum, að eftir nokkur ár geta loftskeytin verið orðin úrelt. Útlendingar eru þegar farnir að taka upp talstöðvar. Og ég býst við, að ekki líði á löngu, áður en það sama verður uppi á teningnum hér. Nú fyrir skemmstu barst sjútvn. Ed. erindi frá landssímastjóranum þar sem hann bendir á, að 1. gr. frv. þessa sé ekki bráðnauðsynleg, því að samkv. alþjóðasamþykkt, sem gerð hafi verið, muni innan skamms verða lagt frv. fyrir Alþingi frá landssímastjóra um að skylda öll skip til að hafa loftskeytatæki. Hann hefir því lagt til við stj. að bíða með þetta mál.

Að endingu vil ég fyrir hönd minni hl. sjútvn. og margra annara taka það fram, að þeir, sem ekki fá sig til að fylgja þessari löggjöf hafa tvær ástæður til þsss. Í fyrsta lagi þá, að löggjöfin yrði gagnslaus, og í öðru lagi þá, að löggjöfin yrði byggð á forsendum, sem er varhugavert að nota út í æsar. Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á orð hins ágæta manns Hannesar Hafsteins, á þinginu 1912, í sambandi við aðra löggjöf. Hann sagði: „Fátt er meira siðspillandi en löggjöf, sem ekki er unnt að framfylgja og leiðir menn til undanbragða og svika". Og sé hægt að segja þetta um nokkra lagasetningu, á það við um þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég get bent á enn einn annmarka við frv., sem er mjög óviðkunnanlegur. Þar eru lagaákvæði um viðskipti íslenzkra útgerðarmanna við sín eigin skip, en enginn hemill er lagður á viðskipti manna í landi við útlend veiðiskip. Hin íslenzku skip ein eru þannig sett undir eftirlit, en þeir landsmenn, sem kynnu að vilja láta hafa sig til þess, geta óhindraðir sent skeyti til útlendra skipa, þó að „ömmufrv." verði samþ.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., 3. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég þarf að víkja fáeinum orðum að hv. frsm. minni hl. Að vísu var ræða hans öll prúðmannleg og áreitnislaus, en mér fannst hann misskilja frv. og þess vegna draga af því ályktun, sem ekki átti við. Hann vildi sem sé halda því fram, að sá orðrómur, sem borizt hefir um landið, og jafnvel út fyrir landsteinana, til annara landa, um notkun loftskeyta á íslenzkum veiðiskipum, væri aðeins ávöxtur af þeim umr., sem orðið hafa hér á þingi um þetta mál. Ég skal ekki deila um þetta. Það má vera, að svo sé. En hvort sem grunsemdin gegn framkvæmdarvaldinu er af þessum rótum runnin eða ekki, er jafnréttmætt af okkur að hnekkja henni, því hún hefir valdið því, að lögreglunni íslenzku er ekki trúað eins vel í þessu efni og annars myndi, ef þessi orðrómur hefði ekki borizt út.

Í sambandi við þetta vildi hv. frsm. einnig halda því fram, að þessi grunsemd ætti sér ekki víðtækar rætur hjá útlendum þjóðum. Ég get ekki sagt um, hve víða þetta hefir borizt utan Íslands, en ég hefi séð þessa getið bæði í dönskum og enskum blöðum, og fyrst það er komið til þessara landa, eru líkur fyrir því, að það berist til ennþá fleiri landa og geti þess vegna orðið okkur meinlegt.

Þá vildi hv. frsm. halda því fram, að fyrirskipað eftirlit með notkun loftskeyta, sem gert er ráð fyrir í frv., sé alveg óþarft vegna þess, að þegar séu til ákvæði í lögum um það, að stj. geti hlutazt til um þau mál eftir vild. Hann vitnaði í þessu efni til laga nr. 82, 14. nóv. 1917, um leyfi til notkunar loftskeytatækja, og reglugerð nr. 32, 17. maí 1918. Þessi lög frá 1917 og reglug. frá 1918 gera að vísu ráð fyrir eftirliti af hálfu ríkisvaldsins með notkun loftskeyta, en vart myndi gerlegt eftir þeirri reglugerð eða lögunum að beita ákvæðum þeim, sem felast í 4. gr. þessa frv., að heimta drengskaparvottorð af hverjum þeim, sem sendir skeyti milli skips og lands, um efni þeirra. Ég get heldur ekki séð, að í lögunum frá 1917 og reglug. frá 1918 sé nein heimild til að heimta fortakslaust, að allir, sem loftskeyti senda, afhendi lykil að hverju því dulmáli, sem þeir kunna að nota. Og því síður virðist nokkur heimild vera fyrir því eftir lögunum að gera ráðstafanir gagnvart þeim, sem grunaðir kunna að verða um misnotkun loftskeyta. Þær ráðstafanir, sem

ákveðnar eru í 6. gr. frv., eru nauðsynlegar til þess að eftirlitið nái tilgangi sínum.

Ég skal ekki deila við hv. frsm. um það, hvort því eftirliti, sem hingað til hefir verið með loftskeytum, hafi verið stjórnað svo vel sem lögin frá 1917 og reglug. frá 1918 gáfu heimild til. En þó svo hefði verið, að mátt hefði beita þeim lögum strangar en verið hefir, er þar með ekki sagt, eins og minni hl. heldur fram, að ekki sé ástæða til að herða á ákvæðum reglug. frá 1918 og þá um leið með lagasetningu. Annars vil ég ekki fara að rekja efni frv. hér og deila um það við hv. frsm. minni hl. Þótt hann mælti gegn frv., þá voru andmælin svo hógvær, að ætla má, að hann jafnvel kysi heldur, að málið gengi fram. Virðist minni hl. yfirleitt taka fremur tómlátlega á málinu, og mun ég því ekki fjölyrða frekar að sinni.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að þetta sé þriðja þingið, sem þetta mál er hér á ferðinni. Ég held, að ég hafi aldrei látið álit mitt á því í ljós áður, og ætla því í þetta skipti að fara um það nokkrum orðum.

Ég verð fyrst að segja það, að mig undrar það, að hv. frsm. meiri hl. skuli telja, að hann kæmist af með það svar, sem hann gaf hv. frsm. minni hl. um lögin frá 1917 og reglugerðina frá 1918. Því það eru sannarlega veigamikil rök í þessu máli, þegar hægt er að lesa upp fyrir hv. frsm. meiri hl. ákvæði, sem blátt áfram sýna, að stj. hefir allt það vald í þessu efni, sem hún getur þurft á að halda. (**SvÓ:** Það er ekki heimilað í lögum). Jú, lögin frá 1917 heimiluðu að setja reglugerð, og sú reglugerð var sett 1918 og er í Stjtíð. þess árs. Það stendur svo í 19. gr. ef ég má lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta.

„Ráðuneytið getur bannað öll loftskeytaviðskipti innan íslenzkrar landhelgi“ — og íslenzk löggjöf getur ekki sett reglugerð um það, hvað fram fer utan íslenzkrar landhelgi, — "bæði frá íslenzkum og erlendum skipum, og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt“.

Í 2. málsgr. sömu gr. stendur ennfremur svo:

„Einnig getur ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, látið stöðva þau skeyti, sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins“. (**SvÓ:** Fyrir landið; það geta verið landráð). Þ. e. a. s., stj. getur gert hvað sem hún vill til að hindra slík skeyti. Hv. frsm. viðurkennir hinsvegar, að ekkert hafi verið gert til þess að framfylgja þessu, en samt heldur hann því fram, að stórhættulegt sé að hafa ekkert eftirlit með þessum skeytum, og hvernig vill hann, sem einlægur stjórnarsinni, gera það forsvaranlegt, að stj. hefir ekkert gert og ætlar engar ráðstafanir að gera í þessu máli. (**SvÓ:** Það hefi ég aldrei sagt). Jú, hv. frsm. var að segja, að lagasetningu þyrfti til þess að hægt væri að hafa hendur í hári þessara togara, sem með dulmáli eru að svíkjast inn í landhelgina. Frv. þetta mun flutt í þeim tilgangi að fyrirbyggja slíkt. Annars er það tilgangslaust.

Það er bert, að eftir 19. gr. reglug. frá 1918 er heimilt að hafa eftirlit með dulmáli, því þar er ráðuneytinu gefið vald til að hafa eftirlit með skeytum. En þau verða vitanlega að hafa mál, sem skiljanlegt er, því annars er ekki hægt að hafa eftirlit með þeim.

Mér fannst af ræðu hv. frsm. meiri hl. þetta vera eina vígið, sem hann hefði. En það er þá ekki betra en ég nú hefi sýnt.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég vil ekki vera að tefja tímann. Þetta er í raun og veru ekki nema orðaleikur hjá hv. 1. þm. Skagf. til þess að snúa út úr ræðu minni. Ég hefi aldrei sagt, að ekkert hafi verið gert til þess að framfylgja lögunum frá 1917. Ég komst svo að orði, að þeim hefði ef til vildi ekki verið framfylgt eins stranglega og hægt hefði verið.

Að því er snertir heimildir til þess að hlutast til um notkun loftskeytatækja, þá veitti reglug. frá 1918 stj. þessa heimild, en ég get ekki fundið, að slík heimild felist í lögunum frá 1917, því þau eru aðallega og reyndar eingöngu um það, með hvaða skilyrðum einstakir menn fái að setja upp loftskeytastöðvar og starfrækja þær, en allir verða að fá stjórnarráðsleyfi til þess. Hitt er annað mál, að reglug. frá 1918 geymir ákvæði, sem ekki hafa fullan stuðning í lögunum.

Það er tilgangslaust að vera að þræta lengur um slíka hluti, sem þessa. Ég skýt því til deildarinnar, hvort hún er mér ekki sammála um það, að rétt sé að skerpa eftirlitið og hrinda þeim grunsemdum um slælegt eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa, sem legið hafa á íslenzku lögreglunni undanfarið.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Ég hefi í raun og veru ekki miklu að svara hv. frsm. meiri hl. Ég skal fyrir kurteisis sakir viðurkenna það sama um hann, sem hann um mig, að ræða hans var stillt og hógvær, eins og vandi er til um þann hv. þm. En þau rök, sem ég færði gegn þessari ónauðsynlegu löggjöf, sem hér er á ferðinni, við fyrri hluta þessarar umr., standa alveg óhögguð eftir ræðu hv. frsm. meiri hl. Það er dálítið eftirtektarvert, þegar hv. frsm. vill afsanna það, sem ég var að segja um gildi lagaheimildar fyrir stj. til að hafa það eftirlit, sem þörf er á í þessu efni. Hv. frsm. vildi þá gleyma reglug. frá 1918. Hann minntist aðeins á lögin frá 1917. Eins og lýst hefir verið af mér og hv. 1. þm. Skagf., eru ekki eins ítarleg fyrirmæli í lögunum frá 1917 eins og í reglug. frá 1918, en þar er þó nógu ítarlega farið út í málið, svo að hver stj., sem vill hafa eftirlit, hefir nóga stoð í þeirri reglugerð og hefir haft hana mörg ár. Þess vegna gruna ég hæstv. stj. um græsku í flutningi þessa máls. Hér er í 3. sinn farið af stað með frv. í þessu efni og talað um að afstýra mikilli hættu. En ef að er gáð, er þetta mál svo vaxið, að stj. hefir í hendi sér að gera það, sem hún vill, án þess að fá nýja stoð í lögum. Þegar litið er á málflutning allan, er full ástæða til að halda því fram, að hér sé bara pappírsgagn á ferðinni, sem hæstv. stj. er að hampa framan í þjóðina og reynir að nota það til þess að benda á misfellur hjá einni stétt manna, sem sé útgerðarmönnum. Að ég ekki í fyrstu vakti enn á ný athygli á þessari hlið málsins, var af því, að hún er svo þrautrædd milli mín annarsvegar og hæstv. dómsmrh. hinsvegar á sínum tíma, og ég vildi ekki þreyta hv. d. með að fara að endurtaka þau ummæli.

Hv.frsm. meiri hl. minntist á það, að hvergi í lögunum frá 1917 né í reglug. frá 1918 væri eins gagnleg ákvæði til að hindra misnotkun loftskeyta og hér er um að ræða. Ég benti hv. frsm. á það, sem Hannes Hafstein sagði, þegar hann benti á þá hættu, að setja lög, sem verkuðu siðspillandi. Ég vil enn vitna til orða hins látna merkismanns á þinginu 1912, af því að hv. frsm. virðist leggja þungamiðju röksemda sinna í hið framknúða drengskaparheit.

Ég hygg, að svo fari, hvort sem um þessa lagasetningu er að ræða eða aðra, að þegar svo langt er gengið, að fyrir þann, sem vill svíkja er opin leið að gera það með drengskaparvottorði, séu þau lög til lítils þrifnaðar. Ég get vel unnað hæstv. stj. og hv. frsm. að koma þessari lagasetningu af stað. Hv. frsm. hefir fallizt á lagfæringar í ýmsum atriðum, en sjálf meginregla laganna er eins fáránleg og áður.

Hv. frsm. áleit enn eitt atriði til bóta, nefnilega að banna notkun dulmáls, nema því aðeins, að stj. hefði lykilinn að því. En nú er í langflestum tilfellum hægt að ráða dulmálið.

Ég vil enn einu sinni segja hv. frsm., af því að ég veit, að hann er unnandi góðri landhelgisvörn, og að hann er of greindur til að halda, að þetta frv. sé öflugt spor í rétta átt, að það er sannfæring okkar minnihlutamanna, að þungamiðja landhelgisgæzlunnar og það eina, sem við getum byggt á í þessu efni, sé að láta varðskipin gæta landhelginnar. Það er eina örugga leiðin. Og ég er hræddur um, að þeir, sem leggja trúnað á þann grun, sem hv. frsm. hefir margstagazt á, muni fá að sjá, að enn meiri grunur getur lagzt á menn í framtíðinni fyrir að misnota þessa nýju löggjöf. Ég býst við, að hv. frsm. muni fá að sjá, að síðari villan verður verri hinni fyrri.

Magnús Guðmundsson: Svör hv. frsm. meiri hl. voru eins og ég átti von á. Hann gat ekki hrakið það, sem ég sagði um heimildina í gildandi lögum. Í lögum frá 1917 er stj. heimilað að veita leyfi til að setja upp lofskeytastöðvar. En úr því að hún getur leyft það, getur hún líka bannað það. Það hlýtur hv. frsm. að sjá. Og úr því að hún getur bannað það, getur hún líka sett skilyrði. Af þessu leiðir,

að reglug. frá 1918 fer hvergi út yfir heimildarlögin frá 1917. Það er því langt frá, að ég hafi á nokkurn hátt snúið út úr áðan. Með tilliti til þessa leyfi ég mér að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Með því að landsstjórnin hefir í gildandi löggjöf næga heimild til eftirlits með loftskeytum, þykir ekki þörf nýrrar lagasetningar um þetta, og tekur d. því fyrir næsta mál á dagskrá".

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég hafði að vísu búizt við þessari dagskrá hv. 1. þm. Skagf., og jafnvel fyrr en þetta, en ég sé ekki ástæðu til að kljást við hana. Ef hv. þdm. eru trúaðir á það, að ákvæði laganna frá 1917 séu einhlít til eftirlits, þá samþykkja þeir hana, annars ekki. En misskilningur um þetta mun hefna sín.

Út af orðum hv. frsm. minni hl., þegar hann reyndi að gera lítið úr ákvæðum 4. gr. um drengskaparvottorðin um ófölsuð skeyti, leyfi ég mér að segja, að það er sannarlega siðferðisleg þrotabús yfirlýsing fyrir hönd þjóðarinnar að segja, að ekkert verði byggt á drengskaparvottorðum borgaranna. Slík drengskaparheit eru alls ekki einsdæmi fyrir þessa löggjöf. Hvarvetna í gildandi lögum úir og grúir af samskonar ákvæðum og drengskaparvottorð eru í mörgum efnum talin sterkustu sannanagögn. Það er hastarlegt að heyra það í sjálfum þingsalnum, að ekkert megi byggja á eiðum og drengskaparheitum borgaranna. Það er svæsnasta móðgun við þjóðina, og enginn maður leggur trúnað á slíka kenningu. Dýrasta hnoss hverrar þjóðar er drengskapur borgaranna, og það er ósæmilegt að hafa það hnoss að fíflskaparmálum.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Ég vil spyrja hv. frsm. meiri hl., hvernig hann lítur á þann orðróm, sem liggur á yfirlýsingum í tilefni af skattamálum. Hv. þm. veit, að álagningar eru byggðar á yfirlýsingum manna. En liggur ekki einmitt grunur á, að þær yfirlýsingar séu rangar? Það er því ekki út í bláinn, að við minnihlutamenn viljum ekki gera leik að því að setja óþarfa löggjöf, byggða á því einu, að menn gefi drengskaparheit. Við viljum ekki hafa drengskap að fíflskaparmálum, eins og hv. frsm. sagði. Við höfum einmitt ógeð á slíku, og þess vegna viljum við ekki samþykkja þetta frv. Ef um mjög nauðsynlega löggjöf væri að ræða, og engin önnur leið væri fær en þessi, mundum við ef til vill láta undan síga. En þegar um er að ræða lagasetningu, sem jafnvel að þeirra dómi, sem þykjast fylgja henni, er bara pappírsgagn, þá eru það þeir, en ekki við, sem hafa drengskap að fíflskaparmálum.

Ég get nú látið útrætt um þetta mál. Aðeins skal ég geta þess, að eftir því sem ég hefi kynnt mér þetta mál frá upphafi, og eftir því sem ég skil lagaheimildina frá 1917, hlýt ég að fallast á dagskrá hv. 1. þm. Skagf. Og ég skal taka það fram um leið, að ég álít, að stj. eigi að nota gildandi lög í þessu og setja skynsamlegar reglur til að hafa eftirlit með sendingu loftskeyta þeirra, er hér um ræðir.

Pétur Ottesen: Þegar þetta mál kom fyrst fram fyrir þrem árum, þá var því jafnframt haldið fram, að ef til vill gæti slíkt frv. sem þetta orðið að svo miklu liði fyrir landhelgisgæzluna, að ekki þyrfti að leggja eins mikinn kostnað í strandvarnarskip og ella. En ég benti á, að þó að ég mundi styðja að framgangi málsins, bæri ég ekki svo mikið traust til ákvæða frv., að mér væri ekki ljóst, að auka þyrfti landhelgisgæzluna að öðru leyti. Mér var þá ekki eins ljóst og núna, að til væri í lögum heimild fyrir stj. til að skerast í leikinn, ef grunur lægi á, að loftskeyti væru misnotuð. En eftir því sem fram hefir komið núna, er ég sannfærður um, að til eru í lögum allar þær heimildir, sem hægt er að setja um afskipti ríkistj. af þessu máli, og þess vegna er ekki ástæða til að samþykkja frv., sem hér liggur fyrir.

Ég ætla því að nota tækifærið til þess að skora á — ekki einungis núverandi ríkisstj., heldur allar stjórnir, að nota þetta ákvæði heimildarlaganna út í yztu æsar og sjá um, að útgerðarmönnum gefist ekki kostur á að misnota loftskeytin. Það verður að gera eitthvað til þess að nota lögin, og ekkert þýðir að setja ný

lög, sem alls ekki taka hinum gömlu fram. Ég skora á stj. að láta eitthvað til sín taka í þessu efni.

Hv. frsm. minni hl. var að tala um, að ekki mætti treysta drengskaparheitum landsmanna. Þessu mótmæli ég. Enda þótt einstök dæmi kunni að vera fyrir hendi, verðum við að byggja á, að drengskap þjóðarinnar megi treysta. Annars hefði hún enga framtíð fyrir höndum. Ég verð að segja, að það má minnast Hannesar Hafsteins á annan og betri hátt en þann, sem hv. þm. vitnaði í.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá 1. þm. Skagf. samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, EJ, HK, BSv.

nei: JörB, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HJ, HG, HV, IngB.

Þrír þm. (MT, BÁ, GunnS) fjarstaddir.

2. Brunabótafélag Íslands.

Á 24. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Brunabótafélag Íslands (stjfrv., A. 114).

Á 29. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Ég vil aðeins leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vildi benda á ýms ákvæði þessa frv., sem eru breytingar frá þeim lögum, sem nú gilda, t. d. það, að með þessu frv. er víkkuð mjög skylduábyrgð manna, þannig, að hún á nú að ná yfir öll sveita- og sjávarþorp, sem ekki hafa 300 íbúa; en það er vitað, að fjöldi manna lítur svo á, að þessi skylduábyrgð sé viðsjárverð og hafi ekki verið til hagsbóta.

Á þing- og héraðsmálafundi í Norður-Ísafjarðarsýslu voru það fulltrúar úr einum þremur kauptúnum, sem bentu á, að skylduábyrgðin hefði ýmsa galla. Einn þeirra galla er afnuminn með þessu frv., og er það sá, að menn skuli hafa ⅙ hluta í sjálfsábyrgð; enda virðist mér það alger óþarfi, þar sem myndaður er allverulegur sjóður, rúm 1 milljón króna, fyrir þessar trygginar, að vátryggður hafi nokkra sjálfsábyrgð.

Ég sé, að haldið er því ákvæði, sem mjög hefir verið óvinsælt, sem sé að draga megi frá 15—20% af brunbótafénu, ef maður vill ekki eða getur ekki einhverra ástæðna vegna byggt hús sitt upp aftur. Slíkt ákvæði hefir auðvitað miðað til þess, að húseignir manna hafa í raun og veru verið þessu minna virði en þau hús, sem tryggð eru án nokkurra slíkra takmarkana. Ég veit, að það kom fyrir á Ísafirði 1916 eða 1917, að maður nokkur var að flytja búferlum úr bænum, en þá brann hús hans. Hann gat ekki fengið að byggja það á sama grunni, vegna samþykktar byggingarnefndar, nema með breytingum, sem hann gat ekki unað við. Hann var búinn að gera sölusamning um húsið, en kaupin áttu ekki að fara fram, fyrr en hann flytti burt um vorið, svo að hann gekk inn á að fella niður 17% af vátryggingarverðinu, sem þó var langt undir söluverði.

Ég held, að undir öllum kringumstæðum eigi að fella þetta ákvæði burt.

Svo hefir verið ákveðið í lögum um brunabótasjóði sveitarfélaga, að enda þótt skylduábyrgð væri, var samt heimilt að vátryggja annarsstaðar, ef menn vildu, en þurftu þá að sýna skilríki fyrir því, að þeir hefðu vátryggt í ábyggilegu félagi. Þetta er fellt niður með því frv., sem hér liggur fyrir.

Í 25. gr. l. nr. 54, 1915, um Brunabótafélag Íslands, er það tekið fram, að þegar ársiðgjöldin nema 75 þús. kr., skuli breyta lögunum og skipa fulltrúaráð, sem gæti hagsmuna sveitar- og bæjarfélaga. Ég hygg, að iðgjöldin séu komin fullkomlega þetta hátt. Með þeirri lagasetningu er gert ráð fyrir, að sveitarfélög og bæjarfélög, sem ábyrgjast nokkurn hluta af brunahættunni, fái íhlutunarrétt um starfsemi félagsins. Ég hygg, að réttara sé að nota þetta ákvæði og vísa frv. til stj., svo að hún leiti umsagnar bæjar- og sveitarfélaga um þær breyt., sem farið er fram á. Og það er ég sannfærður um, að með því

næst miklu betri samvinna við héraðsstjórnirnar.

Eitt hefir valdið afskaplegri óánægju, sérstaklega í kaupstöðum, og það er, hvernig brunahættan er ákveðin í Brunabótafélagi Íslands. Umboðsmenn mega ekkert leggja til um, hvernig eigi að ákveða iðgjald fyrir hvert einstakt hús. A. m. k. hefir ekki fengizt neinu framgengt um þetta, þótt vitað sé, að erlend ábyrgðarfélög, sem hér hafa starfað, hafi ákveðið þetta allt öðruvísi. Ég nefni eitt dæmi, sem mér er persónulega kunnugt. Hús mitt, sem er járnvarið, stendur nálægt íbúðarhúsi, sem er byggt úr timbri en ójárnvarið, en vindstöðunni er þannig háttað, að þau geta ekki brunnið hvort frá öðru. Þetta sá maður, sem kom frá Tarifforeningen, þ. e. erlendu vátryggingarfél. 1912, smitunarákvæðin voru ekki notuð í þessu tilfelli og mjög mörgum öðrum, þar sem eins stóð á. Nú verð ég að greiða 8‰ í iðgjald í staðinn fyrir 5‰ áður. Ég þekki a. m. k. yfir 20 dæmi þessa, og það veldur almennri óánægju. Það er nauðsynlegt, að kunnugir menn séu settir til þess að meta brunahættuna á hverju vátryggingarsvæði.

Það er sagt í grg., að erl. félög hafi tekið 10—15% hærri iðgjöld en Brunabótafél. Íslands. Það er að vísu svo eftir verðtöxtunum, að iðgjöld sýnast 10—20% hærri hjá Tarifforeningen, en umboðsmenn félaganna gera þráfaldlega breytingar á þessu. Þeir segja til um, í hvaða áhættuflokki húsin skuli teljast, taka tillit til afstöðu þeirra til annara húsa, og það er farið eftir till. þeirra í flestu.

Það er nú ekki alveg svo, að þetta fé renni allt inn í landið, sem greitt er til Brunabótafélags Íslands. Því að út úr landinu rennur meginhlutinn af iðgjöldum — við endurtrygginguna — eins og líka sjálfsagt er, meðan við höfum ekki lengri reynslu en við höfum. Það er ekki heldur rétt, að megnið af því fé, sem greitt er í tryggingar til erlendra félaga hér, renni út úr landinu. Ég veit t. d., að eitt brunabótafélag, sem hér starfar, hefir lagt iðgjöldin inn í banka hér, svo að það litla, sem hefir græðzt, hefir aldrei verið flutt úr landi.

Ég ætla alls ekki að greiða atkv. á móti því, að frv. gangi til n. og verði athugað þar. En hinsvegar bendi ég aðallega á það, að þar sem sveitar- og bæjarfélög bera nokkurn hluta áhættunnar, þá er rétt, að þau fái tillögurétt þegar lögunum er breytt.

Flm. (Halldór Stefánsson): Það er líklega rétt, að ég minnist á þau atriði, sem drepið hefir verið á, vegna þess að ég hefi verið allmikið riðinn við samningu þessa frv. og hæstv. stj. er ekki hér stödd. Annars vil ég leyfa mér yfirleitt að vísa til grg. um þær breyt. sem í frv. felast og eru skýrðar þar allítarlega.

Hv. þm. N.-Ísf. hefir nú minnzt á ýms einstök atriði frv. og þykir sumar af brtt. vera til bóta, en aðrar ófullnægjandi eða athugaverðar. En aths. hans snertu þó meira reglugerðaratriði ýms en frv. sjálft.

Hv. þm. þótti útfærsla ábyrgðarskyldunnar, sem gert er ráð fyrir í frv., vera viðsjárverð og ekki til bóta. Ef ábyrgðarskyldan eða það fyrirkomulag, sem verið hefir í Brunabótafélagi Íslands og brunabótasjóðum sveitanna, hefir verið viðsjárvert allt frá upphafi að efnt var til þessara innlendu trygginga, þá er náttúrlega viðsjárvert að færa út tryggingarsviðið. En það er alveg gagnstætt mínu áliti og margra annara. Ég held, að flestir telji, að þessi lög, sem hér er verið að leggja til að breyta, hafi upphaflega verið spor í rétta átt, og að það sé viðurkennt af þinginu, — því aðeins eru þau sett — og þá sé þetta, sem hér er farið fram á, að færa tryggingarskylduna út, ekki spor í öfuga átt, heldur er hugsað að stíga sporið lengra og fyllra.

Þá er önnur höfuðbreyting, sem gerð er með þessu frv., að afnema sjálfsábyrgðina. Við þetta skilst mér hv. þm. ekkert hafa að athuga frá sínu sjónarmiði, og þarf ég því ekki að tala um það.

Enn er það eitt höfuðatriði, að afnema sérábyrgð eða ábyrgðarhlutdeild bæjar- og sveitar-félaga. Ástæðurnar fyrir þessari breyt. eru allítarlega raktar í grg., og til þess að hefja ekki langar umr. um það að óþörfu, vil ég biðja menn að athuga það, sem þar er sagt. En einmitt af því, að gert er ráð fyrir að afnema sérábyrgð sveitar- og bæjarfélaga og breytingarnar eru þeim eingöngu til hagsmuna, þá er

minni ástæða til að bera sig saman við þau um breytingar á lögunum, eins og hv. þm. vildi gera.

Þá voru það einstök framkvæmdaratriði eða reglugerðarákvæði í Brunabótafélaginu, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, og minnist ég þá þess, að hann fann að því, hvernig iðgjöldin væru ákveðin í félaginu, alveg af einræði félagsins. Það er að vísu rétt, en það er ekki byggt á neinu ákvæði, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., heldur er það byggt á og gert eftir reglugerð félagsins. Með reglugerðinni eru settar reglur fyrir því, hvernig á að ákveða iðgjöldin, og ákvörðun iðgjaldanna fer auðvitað einvörðungu eftir því.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það getur komið til með að vera önnur smitunarhætta hjá Brunabótafélagi Íslands en erlendum félögum. En það stafar af mismunandi ákvæðum í reglugerðum og iðgjaldatöxtum félaganna, sem sé þannig, að eftir reglugerð Brunabótafélags Íslands er ákveðið lengra bil milli húsa, til að ekki valdi smitun, en hjá erl. félögum. Til skamms tíma var sama bil ákveðið í hinum erlendu félögum, en hefir nýlega verið stytt.

Ég hefi einmitt hugsað mér, ef breytt verður lögum félagsins, að þá verði einnig breytt reglugerðinni og m. a. þetta ákvæði tekið sérstaklega til athugunar, því að ég álít, að innlendu félögin eigi að engu leyti og þurfi að engu leyti að bjóða lakari kjör eða kosti en þau erlendu.

Þar sem hv. þm. vildi draga í efa það, sem sagt er í grg. um muninn á iðgjöldum hinna erlendu vátryggingarfélaga, sem starfa hér og Brunabótafélags Íslands, þá held ég, að ekkert sé ofmælt þar. Umsögnin um það er sem sagt algerlega miðuð við taxta erl. félaganna og Brunabótafél. Íslands. En þó vil ég geta þess, að ekki er algert samræmi í flokkun húsanna. Þannig hafa hin erl. félög steinhús í tveimur flokkum, en hið innlenda í einum. En þegar reglugerðinni verður breytt, þyrfti einnig að gera þá breyt. hér.

Að iðgjöldin séu lægri fyrir þau hús, sem eru eingöngu úr steini bæði utan og innan heldur en fyrir hús, sem byggð eru að innan úr timbri, virðist mjög réttmætt. En það er ekki við því að búast, að svo sé ákveðið í reglugerð Brunabótafélagsins, því hún mun vera allt að því jafngömul þeirri byggingaraðferð, sem tilefni gefur til þessarar breyt.

Ég man nú ekki eftir fleiri atriðum í ræðu hv. þm., sem ég þarf að svara. Þó hv. þm. þykist e. t. v. þurfa að gera einhverjar aths. við það, er ég hefi nú sagt, geri ég ekki ráð fyrir að þurfa að ræða út um þetta nú, þar sem hv. þm. virðist vera því fylgjandi, að frv. fái að fara til 2. umr. og n.

Að lokum vil ég geta þess, að ég hefi hér í höndum álit tryggingarfróðs manns um aðalbreytingarnar, sem felast í þessu frv. Fellur það mjög vel saman við þær ástæður, sem færðar eru fram í grg. frv. fyrir þeim breyt., sem frv. gerir ráð fyrir á brunatryggingamálum okkar.

Pétur Ottesen: Eins og hv. þm. N.-Ísf. hefir bent á, hefir við samningu þessa frv. og undirbúning málsins verið alveg gengið framhjá ákvæði 25. gr. núgildandi l. um. Brunabótafélagið, þar sem svo er ákveðið, að þegar Brunabótafélagið sé orðið svo stórt, að iðgjöld til þess nemi 75 þús. kr., þá séu lögin um það samin upp að nýju, og skipi stj. fulltrúaráð til að sjá fyrir hag vátryggjenda, og áður en breytingarnar séu lagðar fyrir Alþingi, skuli bera þær undir stjórnir sveitar- og bæjarfélaga. Þó að með þessum breyt. sé lagt til, að sjálfstryggingar falli niður, er samt ástæða til, að þessum hlutaðeigendum sé leyft að láta í ljós sína skoðun; þeir eiga svo mikilla hagsmuna að gæta, að ekki má afgreiða þetta mál endanlega frá þinginu án þess þeir fái kost á að segja um það álit sitt. Þó að það hafi ekki verið gert ennþá, er sjálfsagt, að málið fái að ganga til n. og athugast þar. En það er alveg óforsvaranlegt að afgreiða það til fullnustu án þess að taka tillit til 25. gr. l. um Brunabótafélag Íslands.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil benda á, að það er alstaðar venja, þar sem vátryggðir bera hluta af hættunni, að þá eru iðgjöldin a. m. k. þeim mun lægri sem nemur áhættu þeirra. Þannig er það erlendis og þannig hefir það einnig verið hér. Þannig hefir það verið hjá Sama-

byrgð Íslands. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, sem mun vera eitthvert elzta tryggingarfélag á landinu, hefir látið hina vátryggðu bera 20% af áhættunni. Samábyrgðin endurtryggir fyrir félagið helming áhættu þess, en vegna þess að vátryggðir hafa sjálfir beina áhættu að ⅕, þá eru iðgjöld hjá Samábyrgðinni aðeins 5%, en á sama tíma tekur hún í beina áhættu fullra vátrygginga 7—8% af samskonar skipum.

Mér hefir komið til hugar, hvort ekki væri heppilegt, að hvert sveitar- og bæjarfélag hefði brunabótafélag fyrir sig, sem endurtryggðu svo ½ af tryggingarupphæðunum hjá aðalfélaginu, Brunabótafélagi Íslands. Á þann hátt yrði áhætta félagsins minni, ef allir hefðu nokkurra eiginhagsmuna að gæta. Reynslan hefir sýnt það hjá Samábyrgðinni, að það hefir verið betra fyrir afkomu hennar að endurtryggja fyrir 5% iðgjald hjá „lokal"-félögum heldur en taka beina fulla tryggingu fyrir 7%. Það yrði því á þann hátt til hagsbóta fyrir héruðin- og bæjarfélögin, ef þau vildu taka á sig einhvern hluta af ábyrgðinni, iðgjöldin yrðu lægri. Mér finnst því vert að athuga, hvort ekki beri að fara þessa leið. Álít sjálfsagt að gefa bæjar- og sveitarfélögunum kost á að segja álit sitt um þessi mál.

Flm. (Halldór Stefánsson): Mér virðist álit hv. þm. N.-Ísf. fara alveg í gagnstæða átt við þá skoðun, sem lögð hefir verið til grundvallar við samningu þessa frv. Það liggur í augum uppi, að smáar heildir geta ekki borið neina verulega áhættu. Og reynslan hefir sýnt þetta. Bæjarfélögin hafa átt að bera ⅙ áhættunnar, en þegar nokkra verulega bruna hefir borið að höndum, hafa tryggingarsjóðir þeirra ekki hrokkið. Skýrast dæmi þess varð á Stokkseyri, þegar brann þar, og eins hefir farið víðar, t. d. á Siglufirði, þó ekki næmi það líkt því eins miklu. Alveg eins er þetta hjá brunabótasjóðum sveitanna; t. d. brann einn lítill bær hjá einu í sumar, og iðgjaldasjóðurinn nægði ekki fyrir bótum. Það er því alveg röng stefna, sem kemur fram hjá hv. þm. N.- Ísf.

Meginstyrkur allra tryggingarfélaga er fólginn í því, að það sé sem stærst sameiginleg heild, sem standi saman fyrir áföllunum. Bruninn á Stokkseyri var t. d. of stór fyrir eina litla félagsheild, en ekki stærri en það, að tryggingarsjóðir allra kaupstaðanna til samans gátu hæglega risið undir bótunum.

Ég ætla svo, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp grein úr álitsskjali því, sem ég minntist á áðan. Hún hljóðar svo:

„Hvað snertir afnám sérábyrgðar kauptúna og sveita, er það fljótsagt, að sú breyting er alveg sjálfsögð frá tryggingarteknisku sjónarmiði séð".

Aths. hv. þm. út af flutningi þessa máls þarf ég litlu að svara. Ég hefi náttúrlega ekkert á móti því, að breytingar á stjórn félagsins samkv. ákvæðum 25. gr. séu bornar undir sveitarstjórnir. En það þarf ekki að hindra framgang frv. í heild sinni. Og þar sem þeir hv. þm., sem aths. hafa gert við þetta mál, vilja lofa því að ganga áfram til n. og 2. umr., sé ég ekki ástæðu til að ræða meira um það nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 14:2 atkv.

Á 49. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 114, n. 210 og 233).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): N. klofnaði í málinu. Meiri hl. leyfir sér að leggja til, að frv. verði afgr. með dagskrá.

Eins og frv. ber með sér, þá er gert ráð fyrir því, að starfsemi Brunabótafélagsins verði aukin að mun. Nú sem stendur gilda tvenn lög um þetta efni: Lög um stofnun Brunabótafél. Íslands, frá 3. nóv. 1915, og l. um vátrygging sveitabæja (utan kauptúna), frá 27. júní 1921. Samkv. fyrri lögunum er skyldu-vátrygging á öllum húseignum í kauptúnum, sem hafa yfir 300 íbúa. Síðari lögin eru heimildarlög, og samkv. þeim hefir verið vátryggt í 51 hreppi. Í frv. er gert ráð fyrir, að tryggingarskyldan nái einnig yfir það svið, sem heimildarlögin ná nú yfir. Við það er ekkert að athuga.

Þá er gert ráð fyrir í frv. að sjálfstrygging sé afnumin og virðist það rétt.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að lausafé megi vátryggja eftir miklu stærri mælikvarða en nú á sér stað. Þetta sýnist mér varhugavert, af því starfsemi Brunabótafél. er byggð á gagnkvæmum tryggingum. Ef t. d. mörg hús brenna, þá er gert ráð fyrir, að á þau hús, sem eftir eru, sé jafnað niður upphæð. Ef lausafé er tryggt, er naumast hægt að tryggja á þessum gagnkvæma grundvelli. Til þess að sú trygging geti talizt örugg, þarf sjóður að standa bak við. Sá sjóður, 10 þús. kr., sem um getur í frv., er svo lítill, að hans gætir ekki.

Í 25. gr. í lögum um Brunabótafélag Íslands er gert ráð fyrir, að þegar félagið er svo stórt, að ársiðgjöld nema meira en 75 þús. kr., þá skal stjórnarráðið semja frv. til l. um breyt. á stj. þess, í þá átt, að skipað sé fulltrúaráð til að gæta hags sveitarfélaganna og vátryggjenda. En frv. þetta skal ekki lagt fyrir Alþ. fyrr en fengnar eru umsagnir sveitarstjórna um það. Meiri hl. vill nú, að fyrirmæli laga þessara séu framkvæmd og frv. borið undir sveitarstjórnir. Ef að því ráði verður horfið, ætti fyrst að láta sérfróða menn athuga frv. og gera till. um það. Þessi mál eru svo vaxin, að erfitt er að komast að fullri niðurstöðu fyrir aðra en sérfræðinga.

Til þess að flýta fyrir umr. vil ég, með leyfi hv. minni hl. n., minnast á þær ástæður, sem hann færir fyrir því áliti sínu, að málið eigi að ganga fram á þessu þingi. Ég vona, að hv. frsm. minni hl. taki það ekki illa upp, enda þótt hann sé ekki búinn að tala. Ég geri það bara til að flýta fyrir.

Það, sem hv. minni hl. telur, að mæli með því, að frv. verði samþ. nú, er í fyrsta lagi, að aðkallandi þörf sé á reglugerð og flokkunarreglum bæði Brunabótafélagsins og einkum sveitarsjóðanna. Er vísað til þáltill. er fram kom á þingi 1928, frá hv. þm. Mýr., að mig minnir.

Að því er snertir breyt. þær, sem hv. þm. Mýr. taldi mest aðkallandi í ræðu þeirri, sem fylgdi áminnztri þáltill., þá er hægt að gera þær með reglugerð.

Hv. minni hl. segir, að ekki sé hægt að gera breytingar á samningum um endurtryggingu fyrir Brunabótafélagið. Það væri þörf á því að fá upplýsingar um það hjá hv. minni hl., hvað það er í núgildandi lögum, sem stendur í vegi fyrir slíkum samningum.

Þau rök, sem minni hl. hefir fært fram, eru alls ekki næg til að sanna, að ekki megi vísa því til sveitarstjórnanna til umsagnar.

Ég vil leggja áherzlu á það, að áður en þetta mál verður leitt til lykta, verður að athuga það af fagmönnum meira en orðið er ennþá, og eins og bent er á í dagskránni, þarf það einnig að sendast sveitarstjórnunum til umsagnar. Það er nauðsynlegt, að þegar málið verður endanlega leitt til lykta, standi meiri fagþekking á bak við það en nú er. Ég veit, að því kynni að vera haldið fram, að það mætti eins og hingað til komast hjá því að hafa fulltrúaráð, en lögin mæla svo fyrir, að það skuli vera, og þegar af þeirri ástæðu má ekki lengur dragast að hlýðnast fyrirskipunum laganna. — En auk hinna skýru fyrirmæla laganna um fulltrúaráðið, þá er að líta á, að þegar starfsemi þessa félags er aukin eins mikið og nú er gert, og þegar ýmsar takmarkanir á starfsemi þess falla burt og hún er rekin á víðtækari grundvelli, þá er sérstök ástæða til að hafa kröftugt eftirlit með framkvæmdarstjórninni.

Ég leyfi mér að óska þess, að rökstudda dagskráin, sem meiri hl. ber fram, verði samþ.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Hv. frsm. meiri hl. hefir nú gert grein fyrir ástæðum hans fyrir þeirri afgreiðslu, sem hann leggur til, að frv. fái. Ástæðum þeim, sem hann færir til í nál. sínu, sem ekki kom fram fyrr en minni hl. hafði gefið út álit sitt, er þegar fyrirfram svarað í áliti minni hl. Minni hl. vissi, hverjar þær myndu verða, af því sem fram kom í n., því fremur, sem þær einnig komu fram við 1. umr. Minni hl. sannar það ótvírætt í nál. sínu, að sú höfuðástæða, sem borin var fram við 1. umr. með tilvísun til 25. gr. laganna, og sú ástæða, sem meiri hl. ber fram, er með öllu röng. Við 1. umr. var því haldið fram með miklum krafti, að 25. gr. í lögum

Brunabótafélagsins mælti svo fyrir, að almennar breyt. á lögum Brunabótafélagsins skyldu bornar undir félagsdeildirnar, þ. e. sveitarfélögin. áður en þær næðu samþykki Alþingis. Með því að taka þessa 25. gr. upp í álit sitt hefir minni hl. sannað, að þær breyt., sem þar er talað um, ná eingöngu til breytinga á stjórn félagsins. En nú er engin till. í frv. um breyt. á stjórn félagsins, svo að það stendur þá jafnopið eftir sem áður að gæta þessa skilyrðis í 25. gr., ef þinginu sýnist ástæða til þess. Þess vegna er dagskrártill. meiri hl., sem byggir á þessum röngu forsendum, einber markleysa. Hún gæti staðizt sem ályktun út af fyrir sig um það, að nú skyldi ríkisstj. semja frv. um breyt. á stjórn félagsins og leggja það fyrir sveitarstjórnirnar, en það er engin ástæða fyrir því að binda það við önnur atriði í lögum félagsins heldur en það, sem hún tekur til. Það væri að hengja skóarann fyrir skraddarann, að ætla að fara að teygja þetta atriði út fyrir það, sem það nær ekki til. Ég vil þá spyrja út af því, hvort Alþingi sé svo fúst til að bera breytingar á lögum almennt undir borgara í landinu. Ég minnist þess, að alveg nýlega, þegar kom fram sérstök till., sem lá hér fyrir þinginu um flutning Alþingis, að það skyldi borið undir þjóðaratkvæði, þá var lagzt á móti því, og það einmitt af sumum þeim hv. þm., sem nú bera fram þessa till. hér. Það hefir ekki verið venja að bera það undir kjósendur, þó að ætti að setja ný lög eða breyta lögum, t. d. leggja á þá þyngri álögur, tolla og skatta, og snertir það þó ekki óverulega hagsmuni borgaranna. Og ekki hefir það verið venja að bera það undir kjósendur fyrirfram, hvort þeir vildu fallast á að auka útgjöld sveitarsjóða og annað því um líkt. Ef ætti að beita þessu við þetta frv., þá held ég, að ætti að koma til athugunar, hvort ekki væri ástæða til að vísa fleiri málum undir atkv. borgara. Og þar sem það er nú viðurkennt af sjálfum hv. frsm. og öðrum andmælendum frv., að sum atriði frv. a. m. k. séu til bóta, þá virðist því minni ástæða til að fara þessa leið, sem hann leggur til. Það yrði að vera eitthvað stórathugavert við frv., ef til þessa ráðs ætti að grípa.

Það eina, sem hv. frsm. meiri hl. í ræðu sinni gerði aths. um frv., var útfærsla sú, sem hugsað er, að gæti orðið á lausafjártryggingum. Lausafjártryggingar eru ekki nýtt verksvið, sem félagið hefir ekki haft áður, heldur er það þannig, að með frv. er vátryggjendum gert greiðara að tryggja hjá félaginu en áður. Fyrir lausafjártryggingu hafa verið ýmsar takmarkanir, sem hafa valdið því, að menn hafa ekki leitað til Brunabótafélagsins eða sveitafélaganna með lausafjártryggingar. Það er ekki ætlazt til þess í frv., að neinar skyldutryggingar séu á lausafé, eins og mér skildist líka á frsm., að hann skilja, heldur aðeins gert greiðara fyrir lausafjártryggjendur að leita til félagsins. Ég get náttúrlega vel skilið það frá sjónarmiði Sjálfstæðismanna, að þeim sé ekki annt um að hleypa Brunabótafélaginu, sem er ríkisstofnun, lengra inn á svið hinnar frjálsu samkeppni, sem sé inn á svið þeirra einkafélaga, sem hingað til hafa verið nær einráð um lausafjártryggingar, vegna þess hvernig lögin eru í þessu efni, enda kom það allverulega fram við 1. umr. hjá hv. þm. N.-Ísf. Ég þykist því sjá það og skilja, að þetta muni vera bakástæðan fyrir því, þó að því sé ekki mikið haldið á lofti, að hv. þm. Sjálfstæðisflokksins leggja á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga nú. Þeim mun þykja frestur á illu beztur. En þó að það takist nú að þessu sinni að tefja þetta mál, þá verður það ekki stöðvað til lengdar. Þessi töf verður því skammgóður vermir.

Þá lagði hv. frsm. allmikla áherzlu á það, að nauðsynlegt væri að bera mál eins og þetta undir álit sérfróðra manna á þessu sviði. Þessu vil ég alls ekki mótmæla. Ég ætlast alls ekki til, að hann eða aðrir álíti, að ég eða hæstv. ríkisstj. hafi neitt sérstakt vit á þeim teknisku atriðum, sem að þessu máli lúta. En hv. þm. hefir gleymzt það, að það er búið að bera þetta frv. og þær breyt., sem í því felast, undir tvo sérfróða menn. Þeir menn, sem stjórnin bar þetta undir, voru þeir Brynjólfur Stefánsson og Árni Björnsson. (PO: Hvernig er það, hefir fjhn. ekki fengið frv., sem Brynjólfur samdi fyrir stj.?). Hún hefir ekki fengið það, en hæstv. forsrh. hefir tjáð mér, að

hans álit gengi í sömu átt og till. þær, sem í frv. eru. (PO: Því var það ekki lagt fram?). Það mun vera nýkomið og verður sjálfsagt ekki leynt. — Fyrir fjhn. hefir þar á móti legið álit Árna Björnssonar. (SE: Ég hefi ekki séð það). Hv. þm. hefir þá ekki kært sig um að sjá það.

Minni hl. vék að því í nál. sínu, að það væri sérstaklega knýjandi þörf á breytingum á lögunum um brunabótasjóði sveitarfélaganna, og vísaði þar um til þál., sem samþ. hefir verið á Alþingi fyrir tveimur árum. Hv. frsm. meiri hl. taldi, að þar mundu breytingar á reglugerð nægja. Ég skal ekki neita því, að nokkrar breyt. mætti gera með reglugerðarbreytingum, en þær umbætur nægja ekki, enda hefði samþykkt þáltill. þá verið óþörf. Hitt er líka sýnilegt, að það er ekki hægt að endurskoða reglugerðirnar fullkomlega, hvorki fyrir sjóði sveitarfélaganna eða Brunabótafélagið, fyrr en útséð er um það, á hvaða lagalegum grundvelli þær reglur eigi að byggjast.

Ég hefi kynnzt því allvel, síðan ég kom að stjórn þessara félaga, að brýn þörf á breyt. á sjóðum sveitafélaga er mjög ríkjandi álit meðal þeirra, sem vátryggja.

Ein ástæðan fyrir því, að þetta er mjög knýjandi, er sú, að í lögum Búnaðarbankans er það áskilið, að byggingar, sem reistar eru fyrir fé úr Byggingar- og landnámssjóði, séu tryggðar fyrir fullt kostnaðarverð, en lög brunabótasjóða sveitafélaganna eru þannig, að ekki má vátryggja nema ⅝ verðmætis. Þar af leiðandi verða þeir menn, sem byggja fyrir fé Byggingar- og landnámssjóðs, að flýja sjóði sveitafélaganna. Steinhúsin, þau beztu hús, sem hægt er að hafa í tryggingu, geta ekki komizt þar að, og önnur hús, sem reist eru, verða líka að flýja úr sjóðum sveitafélaganna vegna þeirra takmarkana, sem eru á tryggingum í þeim.

Þegar litið er á dagskrártill. meiri hl., verður ekki annað sagt, — eins og fyrr var sýnt fram á — en að hann byggi þar á algerlega röngum forsendum, þar sem hann gerir ráð fyrir því, að ákvæði 25. gr. nái til þess, að bera eigi almennar breyt. á lögum félagsins undir sveitarstjórnirnar. Hún nær alls ekki til þess. 25. gr. nær eingöngu til breytinga á stjórn félagsins.

Og að því er snertir skilyrðið. sem fyrir hendi á að vera, þegar þessa endurskoðun á stjórn félagsins á að gera, þá skal ég geta þess, að það hefir verið fyrir hendi allt frá fyrsta heila starfsári félagsins, m. ö. o. í full 12 ár. Iðgjöldin hafa verið allt frá upphafi meira en 75 þús. krónur. Stjórnirnar eru þá búnar að vanrækja þessa skyldu jafnlengi og félagið er búið að starfa, án þess nokkur hafi fundið að. Ef þinginu sýndist nú að áminna stjórnina um þetta, þá á að gera það með sérstakri þál., en ekki binda hana við almennar breyt. á lögum félagsins.

Ég skal að vísu ekki ræða mikið um það nú, hvernig fyrirkomulagið á stjórn félagsins ætti að vera. Það liggur ekki fyrir nú. Ég skal þó benda á, að það hafa verið gerðar breytingar á stjórn félagsins án þess að það hafi verið borið undir sveitarstjórnirnar. Sú breyting var gerð með lögunum um samstjórn tryggingarstofnana. (MG: Þær hafa líka verið á móti því). Ég skal taka það fram sem mína skoðun um fyrirkomulag á stjórninni, að ég álít, að vel mætti taka til athugunar, hvort ekki ætti að gera breytingu í þá átt, að samstjórn tryggingarstofnana skyldi þannig fyrir komið, að það væri forstjóri og meðstjórnendur eða fulltrúaráð, eins og það er kallað hér, sem væri þá sameiginlegt fyrir allar deildir tryggingarstofnananna. Það virðist vera skynsamlegt. A. m. k. er sparnaður að því, í staðinn fyrir að láta hverja deild hafa sitt tryggingarráð. En þetta liggur ekki fyrir nú; ég nefndi þetta aðeins til athugunar.

Það má kannske láta sér í léttu rúmi liggja, hvernig afgreiðsla þessa máls fer nú; atkvæðamagn ræður því. Ég hefi skilið það, að það eru einhverjir mikilsmegandi menn úr Sjálfstæðisflokknum, sem leggja áherzlu á að tefja málið að þessu sinni. Það skildist mér a. m. k. á tveimur meðnm. mínum, sem tekið hafa þessa afstöðu til málsins, að fresta því, að það væri ekki fyrst og fremst þeirra

persónulega skoðun, heldur væri það af því, að áherzla væri lögð á það af einstökum samflokksmönnum þeirra.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson: Þar sem svo langt er liðið síðan 2. umr. um þetta frv. hófst, þá er ég nú búinn að gleyma því, sem ég þurfti að svara. En ég get þá bara tekið eitthvað annað í staðinn, því af nógu er að taka, ef ræða skal þetta mál frá öllum hliðum.

Hv. flm. telur ekki rétt að vísa málinu til stj., vegna þess að engin breyt. er gerð á stj. Brunabótafélagsins. En það er ekki af þeirri ástæðu, sem ég og aðrir viljum vísa því til stj., heldur af þeirri stórfelldu breytingu, sem gerð er á Brunabótafélaginu í frv. þessu og útfærslu á starfsemi þess. Þegar um svo stórfelldar breytingar ásamt tryggingarskyldu er að ræða, þá finnst mér ekki óeðlilegt, að þeim, sem undir þessum lögum eiga að búa, sé gefinn kostur á að segja álit sitt um þær. Það hefir stundum verið leitað umsagnar aðila um smærri mál. Sum eldri ákvæðin, þau sem nú standa í lögunum, eru líka þannig, að þau valda andúð hjá vátryggjendum. T. d. það ákvæði, að draga megi af skaðabótaupphæð 15—20% án þess vátryggði eða skyldulið hans eigi nokkra sök á tjóninu. Ég hefi bent á dæmi, og gæti bent á fleiri slík, að menn, sem brunnið hefir hjá, hafa næstum orðið gjaldþrota vegna þessa ákvæðis, að halda eftir 15—20% af skaðbótaupphæðinni í viðbót við þann ⅙ hluta, sem vátryggði hefir í eigin ábyrgð og sem hvergi má tryggja. Það er líka nokkuð hart að heimta það, að menn endurtryggi húsin. Þegar sjóðir eða einstakir menn eiga veð í húsinu, og þegar veðið fer forgörðum, þá má búast við, að þeir fái ekki lánið greitt. En með endurbyggingarskyldunni fer það svo, að lánveitendur verða að festa fé sitt áfram í húsinu. Það má að vísu segja, að hér sé aðeins um heimild að ræða fyrir félagið að halda þessum 15—20% eftir. En ég veit til þess, að sú heimild hefir verið notuð, og það þótt vátryggður eigi enga sök á brunanum. Og þar sem heimildin er veitt, þá er hætta á, að hún verði oft notuð. Það eru auk þessa mörg ákvæði önnur í frv., sem ég hygg, að sveitarstjórnir vildu láta koma öðruvísi fyrir en hér er gert. Ég tel það mundi yfirleitt verða betra og hentugra fyrirkomulag, að Brunabótafélagið væri endurtryggingarfélag, og hver sveit, kaupstaður eða kauptún væri félag út af fyrir sig. Þetta hefir verið gert og gefizt vel. Þannig stofnuðu Dýrfirðingar slíkt félag hjá sér um 1890. Þar var ekki skylduvátrygging, en nálega allir tryggðu þó í því félagi. Þeir höfðu samábyrgð og endurtryggðu nokkurn hluta upphæðarinnar, fyrst ¾, síðar, er sjóðurinn efldist, helming. Vegna þessarar samábyrgðar urðu iðgjöldin helmingi lægri heldur en ef þeir hefðu vátryggt beint. En áhættan varð að vísu meiri. Það er ekki ósennilegt, að sumar sveitir vildu fara þessa leið. Húsin yrðu máske ekki eins veðhæf. En út á byggingar í sveitum er mjög lítið lánað, og því dregur það lítið eða ekki úr veðhæfi jarða.

Að öllu þessu athuguðu verð ég að álíta það alveg óverjandi að láta þetta stórmál ganga fram án þess að leitað sé umsagnar bæjar- og sveitarfélaganna, sem eiga allt sitt undir því, að fyrirkomulagið sé gott. Hv. flm. játaði, að ákveða þyrfti áhættuna öðruvísi. Ég hefi bent á dæmi, þar sem þetta hefir verið gert af handahófi og margur hlotið þungar búsifjar af því. En þetta má laga með reglugerðarákvæðum; frv. bætir ekkert úr þessu, og er því engin nauðsyn að flýta því af þeirri ástæðu.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Eggerz): Það er nú orðið alllangt síðan mál þetta var hér fyrst til 2. umr. Í tilefni af því vildi ég skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki er hægt að koma því svo fyrir, þegar umr. er frestað, að hún haldi áfram næsta dag, en þurfi ekki að dragast svo lengi, að gleymt sé orðið, hvað farið hafi fram í málinu, þegar það loks kemur til umr. Þetta vona ég, að verði athugað framvegis.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að í 25. gr. laganna væri gert ráð fyrir, að breytingar á stjórnarfyrirkomulagi félagsins

væru lagðar fyrir sveitarstjórnirnar. Þetta var einmitt það, sem ég sagði í minni framsöguræðu. Ég tók einmitt fram, að þetta stæði í lögunum. En fyrst svo er, þá þótti mér eðlilegt og lagði áherzlu á það, að frv. í heild sinni væri um leið lagt fram til athugunar fyrir sveitarstjórnirnar, áður en það verður gert að lögum. Ég vil taka það fram, að það er ekki einungis heimild, heldur bein skipun frá löggjafanum, að breyta eigi stjórn félagsins. Hér er því um beina vanrækslu að ræða, sem bæta verður. Og fyrir meiri hl. n. vakti það, að grípa ætti um leið tækifærið til að láta mann með sérþekkingu athuga frv. og gera till. um það. Ég vil benda á, að ég minntist á það í framsöguræðu minni, að í sjálfu sér væru lausafjártryggingar ekki vel samrýmanlegar við gagnkvæmnina, meginregluna, sem tryggingarfrv. er byggt á. Til þess að félagið gæti tekið lausafjártryggingar að sér, þyrfti það að hafa stórsjóð að baki sér. Í frv. er að vísu gert ráð fyrir sjóð, en hann er svo lítill, 10 þús. krónur, að hann veitir ekki rétt til að færa starfssvið félagsins inn á lausafjártryggingar. Í umr. um málið nú kom eitt atriði fram, sem mér var ókunnugt um. En það var, að stj. mundi hafa fengið í hendur till. frá þeim sérfræðingi á þessu sviði, sem mest traust hefir, Brynjólfi Stefánssyni. Ég heyri sagt, að hann hafi sent stj. frv. En sé það rétt, þá furðar mig á því, að það hefir ekki verið sent til n. Er það gleymska, eða er verið að fela þetta frv. fyrir fjhn.? Eða er það gert af því, að það sé svo mikið betra, að hætta sé á því, að þetta frv. falli, ef hitt kemur fram? Ég býst nú við, að þetta sé gleymska. Þarna sé ég, að hæstv. atvmrh. kemur. Ég var að segja, að ég hefði heyrt, að Brynjólfur Stefánsson hefði sent stj. frv., en fjhn. hefði ekki séð það enn. Mér finnst, að ekki ætti að ráða málinu til lykta nú, heldur ætti að taka það út af dagskrá, fyrst og fremst í dag, og bíða þess, að hæstv. stj. sendi fjhn. frv. Brynjólfs Stefánssonar til athugunar og samanburðar í þessu máli. N. ætti þó að reyna að vinna sem fljótast, svo að þetta atriði þurfi ekki að tefja málið nema sem minnst. Ég minntist á nál. hv. minni hl. í fyrstu ræðu minni. Mér finnst, að þær ástæður, sem þar eru færðar fyrir því, að ekki megi fresta málinu um eitt ár, séu ekki svo veigamiklar, að mikið þurfi að gera úr þeim. Fyrsta aths. er, að það sé aðkallandi þörf á breyt. á reglugerð og flokkunarreglum bæði Brunabótafélagsins og sveitarsjóðanna, og er þar minnt á umr. um þál., sem samþ. var á Alþ. 1928. Hv. þm. Mýr. hafði rétt fyrir sér í ræðu sinni þá, þegar hann talaði um að iðgjaldastiginn væri ranglátur. En ég sé ekki betur en hægt sé að ráða bót á þessu með reglugerð. Hitt meginatriðið var, að það sé ekki hægt að semja um endurtryggingu fyrir Brunabótafélagið á betri veg en nú er, nema þessi lög verði samþ. Ég trúi ekki, að þetta sé rétt, nema betri ástæður séu færðar fyrir því. Þriðja atriðið var, að þessar breyt., sem í frv. felast, miði að því að halda sem mestu af fé því, sem safnast saman fyrir brunatryggingar, í landinu. Þetta er að vísu rétt. En árangurinn fer þó mjög eftir því, hvað mikið er endurtryggt. Því að ef mikið er gert að því, þá fer mikið fé út úr landinu eftir sem áður.

Ég vil leggja áherzlu á, að meiri hl., sem stendur að þeirri dagskrá að vísa þessu máli til stj., telur, að margar þessar breyt. séu góðar og þarflegar. En það er auðsætt, að þegar þessi starfsemi færist yfir stærra svið, þá verður því meiri nauðsyn á tryggara fyrirkomulagi um stjórn hennar. Það er líka skýlaust brot á lögunum, ef ekki er breytt um þetta, þegar gera á starfsemina svo miklu umfangsmeiri. Því held ég, að það eina rétta sé að samþykkja dagskrána, leggja málið fyrir sveitarstjórnirnar og nota tímann til að afla sér sem beztra upplýsinga. Því að það er betra að fá vandlega gerð lög um þetta efni eftir eitt ár heldur en að samþykkja nú lög, sem menn þá sæju, að ýmislegt væri að athuga við.

Hv. frsm. minni hl., sem annars er, held ég verði að segja, ekki áleitinn í ræðum sínum, endaði ræðu sína seinast með þeim óskiljanlegu ummælum, að tillagan um stöðvun þessa frv. mundi fram komin vegna sérstakra manna hér á landi. Ég veit ekki, hvað hann á við. Ég þykist hafa fært rök fyrir, hvers vegna farið er fram á að samþykkja dagskrána. Ég veit ekki til, að neitt standi bak við

álit meiri hl. fjhn. annað en það, að rétt sé að athuga málið betur eitt ár.

Ég veit, að hv. frsm. minni hl. getur ekki skoðað það sem móðgun við sig, þó að talað sé um, að sérfræðingur eigi að rannsaka málið. Ég vil ekki gera lítið úr þekkingu hans á þeim efnum, því að ég veit, að hann er ihugull maður, hvar sem hann starfar. En það er sjálfsagt að leita til sérfróðra manna, úr því að þeir eru til. Ég vil svo enda þessi fáu orð mín með því að mælast til þess við hæstv. stj., að frv. Brynjólfs Stefánssonar verði sent fjhn. til athugunar og málið tekið út af dagskrá í bráð, svo að menn fái tækifæri til að athuga það betur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er rétt, sem hv. þm. Dal. gat um, að stj. hefir borizt frv. frá Brynjólfi Stefánssyni. En það varð ekki fyrr en alveg nýlega, löngu eftir að þetta frv. var lagt hér fram, og ég held eftir að fjhn. hafði skilað áliti sínu. Ég vona, að frv. geti komizt til n. í dag eða á morgun.

Bjarni Ásgeirsson: Eins og tekið hefir verið fram í umr. hvað eftir annað, bar ég fram á þinginu 1928 þáltill. um, að mál þetta væri rannsakað af stj. og lagt fyrir Alþingi 1929. Það gat ekki orðið þá og hefir dregizt til þessa þings. Nú eftir að málið er komið á þennan rekspöl, undrar mig, að enn á þessu þingi skuli koma tillögur um að draga málið á langinn og e. t. v. svæfa það til fulls. Ég skil ekki nauðsyn þess.

Það var rétt hjá hv. þm. Dal., að á þinginu 1928 fann ég lögunum það til foráttu, að iðgjaldastiginn væri vitlaus. Þetta má laga með reglugerð, segir hann. En þetta var alls ekki það eina, sem þá var fært fram til stuðnings því, að þörf væri á endurskoðun laganna. Þar eru ákvæði, sem brýn nauðsyn er að breyta, ef koma á í veg fyrir upplausn þessarar tryggingarstarfsemi. Tvö atriði hafa reynzt skaðlegust. Fyrst er það, hvað tryggingargrundvöllurinn er takmarkaður. Þegar tíðir eldsvoðar ganga, hljóta iðgjöld að hækka tilfinnanlega. Og þá flýja flestir sveitamenn og leita til annara tryggingarstofnana, engu síður þeir, sem brunnið hefir hjá og reist hafa að nýju fyrir útborgað tryggingarfé. Þeir skilja þá eftir í félaginu örfáa menn, sem sligast undir byrðunum. Ég þekki dæmi þess, að sveitarfélög hafi átt bágt með að rísa undir þessu, og það getur víða komið fyrir. Þetta er gagnstætt því, sem lögin vilja, að dreifa ábyrgðinni yfir sem allra stærstan flöt, ef svo mætti segja, svo að hver einstaklingur fái sem minnstan skellinn í hvert skipti.

Eins og kunnugt er, þá eru ekki vátryggðir nema ⅝ hlutar af verði húseigna. En þörfin á að tryggja allt er stöðugt að verða brýnni og brýnni, m. a. af því, að bændur þurfa að nota tryggingar sínar sem veð. Lögin um Byggingar- og landnámssjóð gera ráð fyrir, að hús, sem byggð eru fyrir peninga úr honum, séu vátryggð til fulls, og þá er ómögulegt að vátryggja þau í þessum félögum. Það er því alveg satt, að þeim liggur við upplausn, ef þessar breyt., sem fram eru bornar, ná ekki fram að ganga, slík ókjör, sem orðin eru að vátryggja í þessum tryggingardeildum sveitanna. Ég sé ekki, að nein rök hafi verið færð fyrir því, að þessu máli megi fresta meir en orðið er.

Um lausfjártryggingar þessa frv. verð ég að segja, að ég hefi ekki gert mér svo grein fyrir því máli, að ég hafi nokkuð á móti því að athuga það betur. Það er sjálfsagt að taka frv. Brynjólfs Stefánssonar til athugunar fyrir 3. umr. og taka tillit til þess, eftir því, sem fjhn. finnst ástæða til, þegar þar að kemur.

Viðvíkjandi því, hvað sveitarstjórnir hafi hér mikilla hagsmuna og réttinda að gæta, má minnast þess, að það á við svo mörg mál, t. d. refamálið, sem verið var að afgreiða hérna áðan. Það virðist ekki sérstök, knýjandi ástæða til að bera þetta mál fremur undir sveitarstjórnir. **(PO:** En lögin gera ráð fyrir því). Lögin gera aðeins ráð fyrir, að tillögum um breytingu á stjórn Brunabótafélagsins sé skotið til sveitarstjórna, en þar með er ekki sagt, að öllum breytingaratriðum skuli skotið undir þeirra dóm. Ég skal geta þess, að till. mín 1928 var borin fram fyrir tilmæli sveitarstjórna. Og ég veit, að margar sveitarstjórnir óska fyrst og

fremst eftir því, að málið verði afgreitt sem fyrst á þeim grundvelli, sem minni hluti n. vill.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Ástæður hv. meiri hl. n. og þeirra ræðumanna, sem stutt hafa álit hans, eru hinar sömu og áður hafa verið bornar fram og þá var svarað. Aðalmótmælin gegn framgangi þessa frv. eru, að nú þurfi nauðsynlega að taka upp nýja venju og bera þetta mál undir sveitarstjórnirnar, áður en það fái afgreiðslu hér á Alþingi. Ef það væri nokkuð algeng venja, þá væri hægt að taka þessa kröfu til greina. En þetta er ekki venja, og þar sem frv. er, einnig að dómi andmælenda þess, a. m. k. að sumu leyti til hags fyrir sveitarfélögin, virðist lítil ástæða til að taka upp þennan sið nú. Það mun ekki hafa verið borið undir sveitarfélögin, þegar þessi lög voru sett, og víst hefir það þó verið meira íræði þá en hér á að leggja út í nú.

Hv. þm. N.-Ísf. færði móti frv. ýmsar af þeim ástæðum, sem þegar hefir verið svarað. Hann talaði um frádrátt frá brunatjóni, þegar vátrygging er greidd, 15—20%, ef ekki er byggt aftur á sama stað. Hann gerði ráð fyrir, að þetta væri aðeins heimilað, en ég lít svo á, að það sé skylda að draga frá lágmarkið a. m. k. Ég vil benda honum á, að í brtt. minni hl. n. er lágmarkið fært nokkuð niður. Og fyrir 3. umr. mætti koma með brtt. um að færa það enn meir niður. ef mönnum sýndist svo. En ég tel miklu varlegra að áskilja þó einhvern frádrátt, ef menn byggja ekki upp á sama stað, en það þarf ekki endilega að vera á þessu sviði, 15—20%.

Annað atriði hjá hv. þm. N.-Ísf. var, að iðgjöldin hefðu verið ákveðin af handahófi. Hversu sem það hefir verið, þá er ekki svo gert nú. Þau er ákveðin eftir lýsingum virðingarmanna, samkv. taxta og reglugerð félagsins. Vitanlega væri alveg óverjandi að gera það af handahófi.

Hv. frsm. meiri hl. endurtók sömu ástæður og fyrr hafa heyrzt. Hann sagði m. a., að það, að stj. væri ekki enn búin að semja frv. um breyt. á stjórn félagsins, væri gagnstætt beinni skipun í lögum þess. Ég viðurkenni þetta. En vanræksla stj. nær frá fyrsta árinu, þegar lögin voru í gildi, svo að ekki er hægt að brigzla einni stj. um það, sérstaklega, sem allar stjórnir síðustu 12 ár eiga óskilið mál um. Og þótt þetta frv. sé afgr., er jafnhægt að skora á stj. með sérstakri þál., ef þörf þykir, að semja þetta frv., sem gert er ráð fyrir í 25. gr. laganna.

Þá minntist hv. frsm. á lausafjártryggingarnar og útfærslu þeirra. Fyrst og fremst taldi hann til, að það væri lítill sjóður fyrir þeim, ef þær væru færðar út. Þetta er að vísu rétt, en það er hugsunin, að hann geti vaxið með vaxandi tryggingu. Stofnsjóðurinn er miðaður við það, sem safnazt hefir undanfarin ár fyrir lausafjártryggingar, og það er um 10 þús. kr. En ennþá minna var fyrir hendi, þegar ráðizt var í að taka alla kaupstaðina niður að 300 íbúum í tryggingu. Þá var enginn sjóður til og ekkert nema 800 þús. kr. ábyrgð ríkissjóðs. Og sú ábyrgð stendur eftir sem áður. Hún er til baktryggingar. Þetta var ennþá nauðsynlegra í upphafi, því þess má vænta, að ekki þurfi að taka til þessarar ábyrgðar nú, þar sem félagið er búið að safna sjóði, sem er um eina millj. í heild sinni.

Þá gat hv. frsm. um, að það gæti verið álitamál, hvort gagnkvæma ábyrgðin ætti aðeins við um lausafjártryggingar og föstu tryggingarnar. Það hefir þegar verið bent á þetta í ástæðunum með frv. og því skotið til þingsins til athugunar. Þó hefir þetta verið svo fram til þessa. Hv. þm. geta lagt höfuð sín í bleyti um þetta atriði, og þar á eftir má reyna, hvort breyt. á því fær meirihlutafylgi.

Þá vék hv. frsm. af nýju að þeim ástæðum, sem færðar eru fyrir því í nál. minna hl., hvílík nauðsyn sé á, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Hv. þm. Mýr. hefir svarað þessu að því leyti, sem sveitasjóðina snertir, svo að ég get að mestu leitt þetta hjá mér, enda hefi ég gert skýra grein fyrir því áður. Vil ég þó leyfa mér að lesa upp kafla úr bréfi frá einum oddvita úti á landi, sem hefir með einn sveitarsjóðinn að gera. Þessi bréfkafli lýsir þessu vel frá mínu sjónarmiði. Oddvitanum farast svo orð:

„Ég vil geta þess, að vátryggjendum í

sjóði hreppsins er alltaf að fækka, og er ástæðan til þess sú, að allir þeir, sem nú byggja, byggja úr steinsteypu og vátryggja í öðrum sjóðum, þar sem þeir hafa ekki á sinni eigin ábyrgð neitt af því, sem vátryggt er. Afleiðingin af þessu er sú, að brunabótasjóðir hreppanna sitja eftir með alla timburhjallana og torfbæina, sem mest brunahætta stafar af, en þetta gerir brunabótasjóði hreppanna að einskonar fjárhættuspili, sem aldrei var þó tilgangur brunabótafélaganna, og ekki er heldur í verkahring hreppsfélaganna sem slíkra.

Þessu fyrirkomulagi þarf að breyta sem fyrst í viðunandi horf, með meira öryggi fyrir vátryggjendur, þannig að einn sjóður annist allar vátryggingar sveitabýla, jafnvel þó hreppsnefndir yrðu að hafa á hendi innheimtur iðgjalda og hafa eftirlit með vátryggingunum.

Það hefir komið til tals í fullri alvöru hér í hreppnum, að allir hreppsbúar vátryggðu býli sín annarsstaðar en í sjóði hreppsins, til þess að losa hreppsfélagið við þá áhættu, sem af brunabótasjóðnum getur stafað fyrir hreppinn.

Nú í sumar hefir eitt steinhús, sem áður hafði verið vátryggt í hreppnum, verið endurbyggt og stækkað og vátryggt í öðrum sjóði.

Nú eru því ekki nema 19 býli vátryggð í brunabótasjóði hreppsins, en flest hafa þau verið 29. Þetta er mikil afturför og slæm fyrir tekjur sjóðsins og áhættu".

Þetta bréf lýsir þeim ástæðum vel, sem fyrir því eru, að þessar breyt. megi ekki dragast lengur.

Hv. frsm. sagðist ekki geta skilið það, að ekki væri hægt að koma fram breytingum á endurtryggingum án þess að l. félagsins væri breytt. Ég skal upplýsa það, að þar sem fyrirhugað er, að breyt. verði gerðar á l. félagsins, er þess ekki að vænta, að hægt verði að framkvæma breytingar á endurtryggingunni, fyrr en séð er, á hvaða grundvelli félagið stendur.

Það kom fram hjá hv. frsm., að hann ber lítið traust til mín um það, að till. frv. séu á skynsamlegum grundvelli byggðar. Þar sem ég er enginn sérfræðingur í þessum málum, tek ég þetta ekki sem móðgun við mig, persónulega, en hinu get ég lýst yfir, að ég bar till. undir tvo sérfræðinga, og létu þeir báðir svo um mælt við mig, að till. væru á réttum grundvelli reistar og færu í rétta átt. Þó að hv. frsm. tæki því ekki tillit til mín um þetta mál, vænti ég þess, að hann taki tillit til þess, sem sérfræðingarnir segja. (**PO:** Till. hafa aldrei verið bornar undir Brynjólf Stefánsson). Ég átti sjálfur tal við Brynjólf Stefánsson um þetta mál, og lét hann svo um mælt, að till. færi einmitt í þá átt, sem hann hefði hugsað sér. Ég hefi ekki séð þær till., sem Brynjólfur hefir nú síðar gert í þessu máli, en svo hefir sagt mér maður, sem vinnur í skrifstofu hjá mér, að Brynjólfur hafi sagt þetta sama við sig. Hinu sama lýsti og hæstv. forsrh. yfir í ræðu sinni um þetta mál í dag. (**SE:** Brynjólfur hefir sagt við mig, að hann væri andvígur lausafjártryggingunum). Um það atriði hefir Brynjólfur ekkert ákveðið sagt við mig, enda getur það verið skiljanlegt frá sjónarmiði annara vátryggingarfél., að þeim þyki álitamál, hversu heppileg útfærsla lausafjártrygginganna hjá Brunabótafél. sé.

Ég hefi áður lesið hér upp úr áliti þess sérfræðings, sem skriflega umsögn hefir gefið um þetta frv., og vil gera það enn til viðbótar. Honum farast svo orð, meðal annars:

„Það, sem einkum mælir með því að láta tryggingarskylduna framvegis ná til minni kauptúnanna og sveitanna, er það, að á þann hátt er náð þeirri eðlilegu og æskilegu útbreiðslu brunatrygginga, sem með frjálsu fyrirkomulagi ekki myndi náð, fyrr en að löngum tíma liðnum. Þó má gera ráð fyrir, að afnám sjálfsábyrgðarinnar myndi verða til þess að flýta fyrir útbreiðslu þeirra".

„Hvað sjálfsábyrgðina snertir, má segja, að það fyrirkomulag, að tryggðu beri nokkurn hluta af áhættunni, er nú að öllu úrelt. Upphaflega mun þetta ákvæði hafa átt að aftra mönnum frá gálauslegri umgengni með tryggða muni, en á hinn bóginn varð það til að hefta eðlilega útbreiðslu trygginga".

„Hvað snertir afnám sérábyrgða kauptúna og sveita er það fljótsagt, að sú breyting er alveg sjálfsögð frá tryggingarteknisku sjónarmiði séð".

Ég hefi þá að nokkru rætt þau atriði,

sem færð hafa verið fram frv. til forāttu, og býst ekki við, að standa þurfi um málið langar umr. úr þessu, þar sem málið hefir þegar verið rætt allítarlega frá báðum hliðum.

Út af till. hv. meiri hl. um að taka málið út af dagskrá, svo að hægt verði að athuga till. Brynjólfs Stefánssonar, vil ég segja það, að ég fæ ekki séð, að þess gerist nokkur þörf. Það liggur í augum uppi, að n. gefst kostur á að kynna sér till. hans milli umr., eða á þeim tíma, sem verður á milli þessarar og 3. umr.

Umr. frestað.

Á 67., 69., 70., 71., 73., 75. og 77. fundi í Nd., 31. marz, 2., 3., 4., 7., 9. og 11. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá meiri hl. fjhn., á þskj. 233, samþ. með 14:8 atkv.

---

3. Bæjarstjóri á Siglufirði.

Á 28. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um bæjarstjóra á Siglufirði (þmfrv., A. 131).

Á 30. fundi í Ed., 20 febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Ég flyt þetta frv. eftir ósk bæjarstj. á Siglufirði. Í símskeyti frá henni, sem prentað er upp í grg. frv., er skorað á Alþingi að samþykkja breyt. á núgildandi lögum um stjórn bæjarmálanna á Siglufirði, sem mæla svo fyrir, að bæjarfógetinn þar skuli jafnframt vera oddviti bæjarstjórnar, og á þingmenn kjördæmisins að fylgja henni fast fram.

Það hefði nú kannske verið eðlilegra, að þm. kjördæmisins hefðu flutt þetta frv.; en það er langt síðan fulltrúar úr bæjarstj. fóru fram á það við mig, að ég flytti þetta mál, og tók ég því þá vel. Vona ég, að þm. kjördæmisins fylgi því vel fram engu að síður og að hv. þm. yfirleitt telji sjálfsagt að veita Siglfirðingum þessa réttarbót. Þetta er nú orðinn allstór kaupstaður og stjórn hans talsvert umfangsmikið starf, og því ekki nema eðlilegt, að hann geri kröfu til að fá sérstakan ráðsmann, sem ekki hafi öðrum störfum að gegna. Bæjarfógetinn hefir náttúrlega miklum störfum að gegna fyrir ríkið, eins og aðrir bæjarfógetar og sýslumenn, og verður því eðlilega fremur að láta bæjarmálin sitja á hakanum fyrir slíkum málum. Í núgildandi lögum er ákveðið, að Siglufjarðarkaupstaður greiði bæjarfógetanum 500 kr. fyrir stjórn bæjarmálanna, en nú greiðir hann honum 6000 kr. Er af þessu auðsætt, að aðstæður hafa mjög breytzt síðan árið 1919, að lögin um bæjarstjórn Siglufjarðar voru sett.

Eins og hv. þdm. vita, er langt síðan hinir kaupstaðir landsins fengu rétt til að kjósa sér bæjarstjóra. Hafnarfjörður fékk rétt til þess að kjósa bæjarstjóra árið 1907 og Seyðisfjörður 1919; var íbúatala Seyðisfjarðar þó ekki nema 868 þegar manntalið fór fram 1920, en nú munu Siglfirðingar vera orðnir hátt á 19. hundrað. Akureyri fékk bæjarstjóra 1917, og mun þá hafa haft eitthvað um 2000 íbúa.

Hafi verið rétt að láta Seyðisfjörð fá bæjarstjóra 1919, þá er auðsætt, hvílík nauðsyn er fyrir Siglufjörð að fá bæjarstjóra nú, þegar hann er orðinn meira en helmingi fjölmennari en Seyðisfjörður var 1919.

Þó ég hafi nú látið þessar ástæður fylgja frv., þá geri ég ráð fyrir, að hv. þdm. taki því svo vel, að ekki sé ástæða til að ræða meira um það að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað, til 2. umr. með 11. shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 131, n. 351 og 373).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Meiri hl. allshn. hefir ekki séð ástæðu til að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. nú, og eru ástæðurnar fyrir því að nokkru tilgreindar í dagskrár till. þeirri, sem meiri hl. flytur á þskj. 351.

Fyrir þinginu lágu engar upplýsingar um þetta mál, nema eitt símskeyti frá bæjarfógetanum á Siglufirði, sem er þess efnis, að bæjarstj. á Siglufirði skorar á Alþ. að samþ. frv., ef fram kemur, sem heimili Siglfirðingum að kjósa sérstakan bæjarstjóra. Það má nú segja, að þetta skeyti er dálítið undarlegt, svo ekki sé frekar kveðið að orði. Venjulega kemur fram um slík mál bein krafa. En þarna ber skeytið með sér, að bæjarstj. hefir ekki verið viss um, að slíkt frv. kæmi fram. Rétt er að geta þess, að áskorun sú, sem í símskeytinu stendur, var í bæjarstj. samþ. með 5:4 atkv. En einn, bæjarstjóri, sat hjá, taldi sér málið skylt og óskaði ekki eftir breytingu. Í grg. frv. eru færð nokkru frekari rök fyrir þessu. Er þar vitnað í annan kaupstað, sem ekki er stærri, en er þó búinn að fá þessa heimild. Er það Seyðisfjörður. En þar stendur öðruvísi á. Á Seyðisfirði er bæjarfógetinn líka sýslumaður í allstóru héraði, Norður-Múlasýslu. Hefir hann því líka fullkomin sýslumannsstörf. Sama er að segja um bæjarfógetann á Ísafirði, Akureyri og Hafnarfirði. En á Siglufirði er umdæmi bæjarfógetans ekkert annað en bærinn. Má því segja, að bæjarstj. falli ágætlega saman við bæjarfógetastarfið. Sérstaklega er það svo um allar innheimtur. Innheimta vörugjalds og tolla fyrir ríkissjóð og innheimta bryggjugjalds fyrir kaupstaðinn er hvorttveggja innheimt af sömu vörunum og fer því ágætlega saman. Bæjarfógetinn þar er líka maður á bezta aldri og vel fær um að inna þetta hvorttveggja af hendi, enda vil ég segja, að hann gerir það mjög samvizkusamlega. Frá þeirri hlið, sem að löggjafarvaldinu snýr, er því engin þörf á að skipa nýjan bæjarstjóra. Hinsvegar ber líka að líta á kröfu Siglfirðinga um þetta. Ég ætla ekki að mótmæla, að þeir hafi þann kröfurétt eins og aðrir bæir, og er sanngjarnt að verða við honum. En ég vil fá málið svo vel undirbúið frá þeim, **að þeir viti þó, a. m. k.,** hvað þeir sjálfir vilja. Mér finnst málið liggja svo fyrir nú, að ástæða sé til að löggjafarvaldið gefi Siglfirðingum kost á að láta álit sitt koma skýrt fram um vilja sinn í þessu máli. Fyrr en þeir koma með þessa kröfu formlega, sé ég enga ástæðu fyrir löggjafarvaldið að skerast í leikinn. — Ég hefi spurt þm. kjördæmisins um það, hvað þeir vissu um þetta mál. Og þeir hafa báðir svarað því, að þeir vissu ekkert, nema það, sem stæði í skeytinu. Þeim hefir ekki verið sent eitt orð um að flytja þetta mál, og hefði það þó vitanlega verið eðlilegasta leiðin. Hinsvegar er það ljóst, að þegar þetta kemur fram í bæjarstj. á Siglufirði, þá er ekkert víst, að frv. um þetta komi fram. Og fylgi þess þar er ekki meira en svo, að það merst í gegn með því, að einn sitji hjá. En svo hefir nú þó úr rætzt, að frv. hefir komið fram, þó á annan hátt sé en þann venjulega. Ég held, að hv. deild taki réttast á þessu máli með því að samþ. dagskrá meiri hl. allshn., því mér finnst það þó vera fyrsta atriði hvers máls, og það ekki svo lítilsvert, að það komi inn í þingið sæmilega rétta leið. Ég veit, að hv. flm. leggur ekki mikið upp úr þessu og svarar eflaust, að ef þetta er ekki vilji Siglfirðinga, þá verði heimildin heldur ekki notuð. En það væri nú nærri því hlægilegt, ef löggjafarvaldið færi að troða upp á þá réttindum, sem þeir svo ekki vildu nota. Hitt getur vel verið, að ef eindregin krafa kæmi um þetta frá Siglfirðingum, þá væri rétt að veita þeim þetta. En inn á það skal ég ekki fara að þessu sinni.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Í rauninni var allt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, utan við kjarna málsins. Sama er að segja um aðalrök dagskrártill. — Það er alveg eins og hv. meiri hl. þyki þörf á að verja bæjarfógetann á Siglufirði fyrir einhverjum árásum. Hv. frsm. meiri hl. var allt af að tala um það, hve góður embættismaður hann væri. Þetta er nú blátt áfram hlægilegt, því enginn hefir sagt annað um hann. En krafa Siglfirðinga er

jafnréttmæt fyrir því. Aðalatriðið er, að Siglfirðingar fái algerða sjálfsstjórn, sem aðrir kaupstaðir hafa fengið. Bæjarstj. fer ekki fram á annað en það, að mega sjálf velja sér bæjarstjóra, að fengnu samþykki bæjarbúa. Það er ekki verið að hlaupa til að reka bæjarfógetann úr stöðu sinni; Siglfirðingar eiga sjálfir að skera úr því. Ákvæðið um þetta er meira að segja þrengra en gert var ráð fyrir í lögunum í fyrra. Samkv. þeim á bæjarstjórnin ein að velja sér bæjarstjóra. Ástæður hv. frsm. meiri hl. koma því undarlegar fyrir, að hann vill láta Alþ. brjóta reglu, sem það setti sjálft í fyrra. Þetta er því bara afturhald frá því, sem var í fyrra og samþ. var þá með atkv. beggja meirihl. mannanna í allshn.

Hv. flm. sagði, að vel færu saman störf bæjarfógeta og bæjarstjóra. Má vel vera. En það er þá heldur ekki útilokað, að lögreglustjórinn haldi áfram að vera bæjarstjóri, þó frv. verði að lögum. Mér þykir það sennilegt. En breytingin er mikil fyrir því. Nú er bæjarfógetinn fyrst og fremst umboðsmaður ríkisins. En þegar hann er líka orðinn kosinn bæjarstjóri, er aðstaða hans um leið orðin önnur gagnvart bæjarfélaginu. Þá verður hann bæjarstjóri eftir vali meiri hl. bæjarstjórnar og meiri hl. kjósenda, og það gerir aðstöðu hans sterkari. Hv. deild hefir því enga ástæðu til að fallast ekki á þetta, og vilji Alþingi vera sjálfu sér samkvæmt, þá er það skyldugt að samþ. frv.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þm. kjördæmisins vissu ekkert um þetta, og mér skildist á honum, að þetta hefði ekki komið rétta og formlega leið inn í þingið. Ég veit nú satt að segja ekki, hver önnur leið er til réttari en sú, að þm., hver sem er, taki mál, sem hann er beðinn fyrir og vill gera eitthvað fyrir, og komi því inn í þingið. Ég get því hvorki séð formlegar ástæður né efnisástæður, sem réttlæti það, að frv. sé fellt. Auðvitað hefir þingið leyfi til að snúast. En skemmtilegra er þó, að einhverjar ástæður séu fyrir þeim snúningi.

Ég heyrði ekki alla ræðu hv. frsm. meiri hl. og veit því ekki fyrir víst, hvort hann taldi þetta vera fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð. Ég heyrði hann ekki minnast á það. En það er nú ekki það stórt atriði, að það geti staðið fyrir framgangi málsins, og það er sízt stærra en Alþ. hefir áður tekið á sig, með því að láta aðra bæjarfógeta hætta við að vera bæjarstjóra.

Þó leitað væri með logandi ljósi, væri ekki hægt að finna neina ástæðu fyrir þessari afstöðu hinna stærri flokka þingsins til þessa máls. Ef þingið fellst á till. meiri hl., gengur það þvert ofan í samþ. sjálfs sín frá í fyrra. Ég legg því til, að frv. verði samþ.

Erlingur Friðjónsson: Frv. þetta hefir hlotið óeðlilega afgreiðslu hjá allshn. Það kom snemma fyrir þingið, eins og bezt sést á því, að frv. er prentað á þskj. 131, 17. marz er málið fyrst afgr. af n. og 11 dögum síðar skilar nefndin svo þessu makalausa nál., sem er ekki nema þumlungur að lengd. En áður en ég vík nánar að þessu nál. eða hinni rökstuddu dagskrá meiri hl. n., verð ég að svara hv. frsm. meiri hl. nokkrum orðum. Hann heldur því fram, að málið hafi ekki hlotið nægilegan undirbúning, þar sem aðeins liggi fyrir símskeyti frá 5 bæjarfulltrúum á Siglufirði, þess efnis, að Alþingi samþ. frv. um breyt. á l. nr. 30 1918 eða 58 1918 í þá átt, að Siglufjarðarkaupstað sé heimilt að taka sérstakan bæjarstjóra, þegar hann vill, ef slíkt frv. kæmi fram á annað borð. Þetta símskeyti bæjarstj. á Siglufirði ber það með sér ótvírætt, að búizt var við, að slíkt frv. myndi lagt verða fyrir þetta þing. Ella myndi bæjarstj. að sjálfsögðu ekki fara að senda Alþingi áskorun um að samþykkja slíkt frv. Ég tók það fram í framsöguræðu minni fyrir þessu máli, að ég var beðinn að flytja þetta frv. af einstökum bæjarfulltrúum, og áréttuðu þeir þetta í skeyti því, sem ég gat áður um.

Hv. frsm. meiri hl. lagði mikið upp úr því, að bæjarfógeti hafði setið hjá atkvgr. um þetta skeyti, sem ég drap á, en hvað var eðlilegra, þar sem þetta snerti bæjarfógetann sjálfan að nokkru leyti? Hvað það snertir, að bæjarfógetinn á Siglufirði gegni oddvitastarfi bæjarstj. vel og samvizkusamlega, er því einu til

að svara, að um það eiga borgararnir að dæma; slíkt kemur Alþingi ekki við. Og þó að bæjarfógetinn hafi ekki atkvæðisrétt í bæjarstj., verður að gæta þess, að hann fer ekki með umboð borgaranna í bæjarstjórninni.

Skal ég þá víkja að hinni rökstuddu dagskrá, sem meiri hl. allshn. vill afgreiða mál þetta með. Hljóðar hún á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að engar upplýsingar liggja fyrir um það, hver nauðsyn Siglfirðingum er á að aðskilja bæjarfógeta- og bæjarstjórastarfið á Siglufirði, og með því að ekki er annað kunnugt en sá embættismaður, sem að lögum nú gegnir bæjarstjórastarfinu, leysi öll sín störf, bæði sem embættismaður ríkisins og oddviti bæjarstjórnar, vel og samvizkusamlega af hendi, þá telur deildin ekki“ o. s. frv.

Þessi röksemdafærsla hv. meiri hl. allshn. er harla einkennileg, ef athugað er, hver afstaða þingsins hefir verið í þessum málum að undanförnu. Ég hygg, að það hafi aldrei verið rannsakað, þegar um hefir verið að ræða, hvert kaupstöðum skuli leyft að taka sérstakan bæjarstjóra, hvort hlutaðeigandi bæjarfógeti hafi verið fær um að gegna starfi sínu sem embættismaður ríkisins og oddviti bæjarstjórnar í senn.

Þegar Akureyrarkaupstaður fékk sinn bæjarstjóra, óskaði meiri hl. bæjarstjórnarinnar þar þessa fyrir hönd borgaranna. Gekk það tregðulítið að fá þessu framgengt við Alþingi.

Mér þykir rétt að taka það fram í þessu sambandi, að 3 af kauptúnunum öðluðust rétt til þess að kjósa sér bæjarstjóra um leið og þau fengu bæjarréttindi. Eru nú 12 ár liðin frá því að Siglufjörður var tekinn í tölu kaupstaðanna, en samt á að meina honum um réttindi til þess að taka sér bæjarstjóra, þó að aðrir bæir hafi fengið slíkan rétt samtímis því að þeir öðluðust bæjarréttindin, svo sem var um Hafnarfjörð, Vestmannaeyjar og Seyðisfjörð. Hafnarfjörður öðlaðist þennan rétt fyrir 23 árum, eða 1907, og munu flestir fallast á það, að ekki hafi verið fyrir 23 árum þeim mun umfangsmeira starf bæjarfógetans í Hafnarfirði en bæjarfógetans á Siglufirði, að rétt sé að standa á móti þessu máli. Vil ég í þessu sambandi gera samanburð á útfluttum og innfluttum vörum til Siglufjarðar og útfluttum vörum til hinna þriggja kaupstaða, sem ég áður nefndi, um það bil, sem þeir fengu réttindi til þess að kjósa sér bæjarstjóra, því telja má, að erfiði í fógetaembætti fari mjög eftir því, hversu innheimta ríkistekna er mikil eða lítil.

Er lengst síðan Hafnarfjörður fékk réttindi til þess að kjósa sér bæjarstjóra, en það var árið 1907. Hefi ég ekki átt kost á því að kynna mér manntalsskýrslurnar fyrir það ár, en árið 1911 eru íbúar Hafnarfjarðar 1484. Innfluttar vörur þangað 5 árum eftir að hann fékk kaupstaðarréttindi, eða 1912, nema 341250 kr., en útfluttar vörur 1099385 kr., og nema þannig innfluttar og útfluttar vörur þangað samtals 1440635 kr.

Akureyri er næst í röðinni og fær réttindin til þess að kjósa bæjarstjóra 1917. Hefi ég ekki manntalsskýrslur fyrir það ár, heldur fyrir 1915 og 1920. Eru fyrra árið 2099 íbúar þar, en hið síðara 2542. Innflutningur varanna til Akureyrar 1917 nam 2435000, en útfluttar vörur 2556000, eða samtals 4991000.

Næstar verða svo Vestmannaeyjar. Þær fá bæjarstjóra 1918. Eru þar árið 1915 1902 íbúar, en 1920 2396. Innfluttar og útfluttar vörur nema samanlagt árið 1918 á aðra millj., en 1927 eru fluttar inn vörur til Vestmannaeyja fyrir 2472000, en út fyrir 4598000, eða samtals 7070000.

Þá kemur Seyðisfjörður, sem fær rétt til þess að kjósa bæjarstjóra árið 1919, og vil ég taka nokkur ár til samanburðar, til að sýna, í hve örum vexti sá bær hefir verið og hve miklar ástæður voru til þess að láta hann fá þessi réttindi þá, miðað við Siglufjörð nú. — 1911 eru þar 891 maður, 1915 902 og 1920 843. Ég held því, að íbúum Seyðisfjarðar hafi verið farið að fækka, þegar honum voru veitt þessi réttindi, að atbeina hv. þm. þeirra, sem gerir allt, er í hans valdi stendur, til þess að koma fram því, sem hann telur kjördæmi sínu fyrir beztu. Útfluttar vörur frá Seyðisfirði 1919 námu 1048000 kr., en innfluttar 1340000, eða samtals 2388000 kr.

Þá kem ég loks að Siglufirði, og munu

menn, er ég hefi látið hagskýrslurnar vitna um réttmæti kröfu Siglfirðinga, sannfærast um það, að Siglufjörður hafi meiri þörf fyrir að mega taka sér bæjarstjóra en fyrir hendi var um Seyðisfjörð árið 1919, og aðra kaupstaði þegar þeir fá réttindi til þess að kjósa sér bæjarstjóra.

Á Siglufirði eru nú 1900 íbúar, en þegar Seyðisfjörður fær réttindin til þess að kjósa sér bæjarstjóra, eru þar ekki nema á níunda hundrað. 1927 nema útfluttar vörur frá Siglufirði 8246000, en innfluttar 2687000, eða samtals 10927000 kr. En þegar Seyðisfjörður fær rétt til þess að hafa bæjarstjóra, eru inn- og útfluttar vörur þangað samtals 2388000, eða ríflega ⅕ á móti Siglufirði. Siglufjörður skarar því fram úr öllum kaupstöðum að þessu leyti, þegar þeir fá réttinn til þess að taka sér bæjarstjóra, og ef tekið er tillit til þess, hversu erfitt er um innheimtur á slíkum stöðum, hefði Siglufjörður fyrir löngu átt að vera búinn að öðlast þessi réttindi. Hv. þm. Seyðf., sem leit svo á, að Seyðisfjörður hefði átt að fá bæjarstjóra á sínum tíma, með þeim aðstæðum, sem ég hefi áður lýst, hlýtur, þegar hann er fræddur um þetta, samkvæmt sinni fyrri skoðun, að viðurkenna, að sjálfsagt sé, að Siglfirðingum sé þessi réttur fenginn í hendur. Hvergi er eins erfitt um löggreglustjórn eins og á Siglufirði, nema ef til vill í Vestmannaeyjum, en hinsvegar eru Vestmannaeyjar ekki sambærilegar hvað innheimtu opinberra gjalda snertir. Því að samtala inn- og útfluttra vara þaðan er 7070000, en frá Siglufirði 10927000, eða með öðrum orðum um 60% hærri hvað Siglufjörð snertir. Vestmannaeyjar eru að öðru leyti sambærilegar Siglufirði, þar sem báðir þessir kaupstaðir eru bæjarfógetaumdæmi hvor fyrir sig, og þó að íbúatala Vestmannaeyja sé ef til vill hærri en íbúatala Siglufjarðar, hefir það lítið að segja, því að það skiptir bæjarfógetaembættið litlu, hvort þar er 100 hræðum fleira eða færra.

Löggæzla og dómstjórn er mikið erfiðari í kaupstöðum en sýslum og gerir því bæjarfógetaembætti miklu erfiðara en sýslumannsembætti. Bæjarfógetaembættið á Siglufirði er að líkindum erfiðasta fógetaembætti utan Reykjavíkur hvað löggæzlu og dómgæzlu snertir.

Sem dæmi um, hvað sýslumannsembætti eru léttari en bæjarfógetaembætti mætti nefna það, að á einu ári dæmdi þekktur sýslumaður, sem hafði tvær sýslur til yfirráða, aðeins 4 dóma. Á sama tíma dæmdi bæjarfógeti nokkur, ekki langt frá, 240 dóma og úrskurði.

Það verður ekki réttlætt að setja bæjarstjóra á Seyðisfirði með því, að sýslumannsembættið þar sé svo erfitt. Slíkt er einungis fyrirsláttur.

Annars kom mér mjög á óvart aðstaða hv. frsm. meiri hl. í þessu máli. Mér flaug í hug, þegar ég bar saman aðstöðu þessa hv. þm. í þessu máli og öðrum málum hliðstæðum, sem áður hafa legið fyrir þinginu, gamla sagan um góða og efnilega barnið, sem einhver forynja nam á burt af heimili barnsins, en skildi eftir ljótan og leiðan umskipting. Ég kann því miður ekki aðra lýsingu betri á hv. frsm. vegna þess, hversu mjög skoðanir hans á þessu máli hafa breytzt í þá átt, er miður skyldi. Ég vildi samt óska þess, að einhver góð vættur færi okkur aftur góða barnið, en sendi umskiptinginn heim í sína átthaga, því ég hlakka lítið til að starfa með þessum nýja hv. 2. þm. S.-M. hér í þessari hv. deild, og óska því að heimta aftur hinn gamla og góða þm. S.-M.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekki miklu að svara að þessu sinni. Þó eru það einstök atriði, sem mér þykir hlýða að drepa örlítið á. — Þá er það fyrst hv. 4. landsk. Hann sagði, að löggjafinn hefði sett reglur um þessi mál í fyrra, og er það að vísu rétt, svo langt sem það nær, en þess ber þó að geta, að í eldri lögum er ákveðið, að bæjarfógetinn á Siglufirði skuli einnig vera bæjarstjóri. Hv. þm. gat þess, að ekki væri óhugsandi, að bæjarfógetinn á Siglufirði yrði bæjarstjóri áfram. Ja — hver er þá breytingin? Verður hann þá færari til þess að vera bæjarstjóri eftir en áður? En ein breyt. yrði þó við þetta, ef bæjarfógetinn yrði áfram bæjarstjóri án þess að vera bæjarfulltrúi, og hún er sú, að hann missti atkvæðisrétt í bæjarstjórn.

Og það er rauði þráðurinn í þessu öllu saman. Það er óþarfi að reyna að láta líta svo út, að eitthvað annað vaki fyrir þeim, sem að þessu frv. standa.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði sagt, að þetta frv. væri ekki komið venjulegar leiðir inn í þingið. Það er rétt að vísu, en þm. svaraði því á þá lund, að það væri flutt samkv. beiðni Siglfirðinga. Ég vil nú draga mjög í efa, að þetta sé fullkomlega rétt. Ég hefi ekki getað fundið aðra heimild um þetta atriði, en símskeyti eitt, sem ég vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrradag var samþykkt svohljóðandi tillaga af bæjarstjórn Siglufjarðar: Komi fram breyting á lögum nr. 30 1918 eða 58 1919 í þá átt, að Siglufjarðarkaupstað sé heimilt að taka sérstakan bæjarstjóra þegar hann vill og hafi rétt til að semja við bæjarfógetann áfram, þá skorar bæjarstjórnin á Alþingi að samþykkja breytinguna og þingmenn kjördæmisins að fylgja henni vel fram.

Bæjarfógetinn".

Ég sé nú satt að segja ekki, að þetta skeyti beri það með sér, að þetta frv. sé flutt samkv. eindregnum óskum Siglfirðinga. Upphafsorð símskeytisins sýna það glögglega, að Siglfirðingar hafa engan veginn talið það víst, að slíkt frv. yrði flutt, enda ekki hvatt til þess. Samkv. venju þá snúa aðilar sér til þm. kjördæmisins jafnan þegar þeir vilja fá eitthvert mál flutt í þinginu, en ef þeir vilja ekki sinna því, þá er vitaskuld ekki um annað að ræða en að leita til annara þm. um það, að þeir taki málið að sér til flutnings. Í þessu tilfelli hefir verið breytt út af þessari venju, og alveg að ástæðulausu, að því er séð verður.

Þá sagði hv. 4. landsk., að þingið hefði leyfi til að snúast í þessu máli. Ég get nú ekki séð, að um neitt slíkt sé að ræða í þessu sambandi. Við viljum einungis, að það sé gert ljóst fyrir löggjafanum, hvað hér er farið fram á, en í till. okkar meiri hl. felst ekkert tilefni til þess að tala um snúning í þessu máli.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að ýmsum atriðum í ræðu hv. þm. Ak. Hann byrjaði ræðu sína með því að deila, hógværlega að vísu, á allshn. fyrir drátt á afgreiðslu þessa máls. Hann sagði, að þetta væri eitt af fyrstu málunum, sem n. hefði fengið til meðferðar í vetur, en samt hefði n. þurft allan þennan tíma til þess að semja nál. Ef ég man rétt, þá var þetta mál tekið fyrir í Ed. 20. febrúar., eða hér um bil mánuði eftir þingbyrjun. Var því þá vísað til allshn., sem afgreiddi það síðan þann 17. marz. Ég held nú, að það geti engin goðgá talizt, þótt n. hafi ekki komið þessu máli af fyrr en 17. marz, enda ber á það að líta, að n. hafði samtímis mörg umfangsmikil mál með höndum. Þessi ásökun hv. þm. virðist því tæplega á nægum rökum reist.

Þá drap hv. þm. á það, að bæjarfógetinn hefði setið hjá við atkvgr., og hann taldi það rétt gert af honum. Þetta sýnir þó það, að bæjarfógeti er á móti þessari breyt., því ef hann hefði verið með henni, þá hefði verið ástæðulaust fyrir hann að sitja hjá. Af þessu og fleiru má sjá, að það er mjög hæpið, að meirihlutavilji fólksins standi að baki þessu máli.

Þá þótti hv. þm. það óviðurkvæmilegt af mér að segja, að bæjarfógeti væri fær um að halda þessu starfi áfram, því að það væri ekki hann, heldur fólkið, sem ætti að skera úr þessum málum. Hv. þm. taldi mig hafa farið rangt með, að bæjarfógeti væri bæjarfulltrúi. Það er að vísu rétt, að hann er ekki kosinn, en hann er bæjarfulltrúi að lögum, og það virðist koma nokkuð út á eitt. Hitt er meira efamál, hvort það er í rauninni rétt stefna að láta bæjarstj. kjósa bæjarstjóra; um það má deila, þó auðvitað sé það rétt, að meiri hl. þm. virðizt hafa hallazt að þeirri skoðun á síðasta þingi.

Þá sagði hv. þm., að við krefðumst rannsóknar í þessu máli. Hvaðan kemur honum sú speki? Nei, okkar meining er sú, að fá málið betur upplýst og undirbúið, til þess að vita, hvort það er í rauninni almenn ósk í héraði að fá þessu framgengt eða ekki.

Ég hefi þá svarað flestu af því, sem máli skiptir, en sé hinsvegar ekki ástæðu til þess að fara út í hinn sögulega fyrirlestur hv. þm. Ak.; ég geri ráð fyrir, að hann sé sannleikanum samkvæmur, enda er það ekki mikill vandi, að tína tölur upp úr hagskýrslum og fylla dálka þing-

tíðindanna með því, en slíkt skiptir í rauninni ekki svo miklu máli; hitt er aðalatriðið, að það fáist uppklárað, hvort vilji almennings liggur að baki þessu máli. — Hv. þm. var líka að tala um, hversu umfangsmikil væru störf lögreglustj. á Siglufirði. En ég skal benda honum á, að engum er vitanlegt annað en að hann leysi þau öll vel og röggsamlega af hendi. — Hv. þm. var að tala um fólksfjölda, og bar Siglufjörð saman við Seyðisfjörð í því efni, og átti þetta að vera sem sönnun fyrir nauðsyn þessa máls. En síðar fór hann að tala um Vestmannaeyjar, sem eru fólksfleiri, en þá snéri hann við blaðinu og sagði, að fólksfjöldi skipti engu máli í þessu sambandi. Þetta mætti nú kalla umskiptingshátt, en ég vil þó enganveginn leggja hv. þm. þetta til lasts, en fremur óhönduglega tekst hónum að snúa málsatriðum í hendi sér, svo að ávinningur sé fyrir hann. En þetta er þó tilraunin.

Um umskiptingstal hv. þm. sé ég annars ekki ástæðu til að þess ræða, en mér fyndist hv. þm. ætti heldur að nota gamla ráðið, að berja umskiptinginn þar til um verður skipt aftur; en til þess hefir hv. þm. ekki treyst sér, en leggst í stað þess á bæn og er hinn aumasti.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta; vil fyrst láta mesta hitann rjúka úr hv. þm. Ak. — Ég álít, að n. hafi tekið mjög skynsamlega í þetta mál, og vænti þess, að deildin geri það einnig.

Erlingur Friðjónsson: Mér þykir rétt að svara hv. frsm. meiri hl. nokkru. Hann var að tala um, að með frv. þessu væri verið að útiloka núv. bæjarfógeta frá atkvæðisrétti í bæjarstjórn Siglufjarðar. Það er að vísu rétt, að ef sérstakur bæjarstjóri verður settur, þá er um leið úr sögunni hið gamla og úrelta form, að láta bæjarfógeta fara með atkvæðisrétt í bæjarstj. Í þessu efni vil ég vísa til þess, hvað segir í lögum nr. 61 frá 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, sem sýnir, hve sanngjarnlega hv. þm. Seyðf. hefir þá tekið í þetta mál. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp fyrri málsgr. 2. gr., og er hún þannig:

„Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins. Hann er oddviti bæjarstjórnar".

Og enn segir í 3. gr.:

„Málefnum bæjarins stjórnar bæjarstjórn, og eru í henni bæjarfógetinn og 9 bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir lögum þessum. Tölu bæjarfulltrúa má stjórnarráðið breyta, ef þörf gerist, eftir till. bæjarstjórnar. Oddviti bæjarstjórnar hefir því aðeins atkvæðisrétt á fundum, að hann sé bæjarfulltrúi".

Hér er það sem sé fast ákveðið, að bæjarfógeti hafi ekki atkvæðisrétt, nema hann sé um leið kosinn bæjarfulltrúi. En nú talar hv. frsm. um þetta sem einhverja góðgá, að taka atkvæðisréttinn af bæjarfógeta, og binda hann því skilyrði, að hann sé kosinn bæjarfulltrúi. Mér finnst, að meiri hl. hv. n. hefði átt að kynna sér betur hverjum tökum þingið hefir hingað til tekið á þessum málum. Hitt getur ekki komið til nokkurra mála, að fara aftur á bak í þessum efnum. Hér er um fyllstu réttlætiskröfu að ræða, sem ekki verður hamlað framgangs til lengdar.

Þá var hv. frsm. að tala um símskeyti, sem bæjarstjórnin sendi Alþingi viðvíkjandi þessu máli. Hann lét svo um mælt, að ekkert lægi fyrir í þessu máli, nema þetta skeyti, annars engar upplýsingar um meirihlutavilja fólksins. Ég hefi áður lýst því yfir, að ég hefi verið beðinn um að flytja þetta frv., og til þess þurfti ég enga sérstaka heimild, því ég sem þm. get tekið að mér hvaða mál sem er til flutnings. Hv. þm. sagði, að það væri vani, að kjósendur snéru sér til þm. sinna um flutning áhugamála sinna. Já, að vísu er það vani, en það er líka vani, að þm. tali við kjósendur sína áður en farið er á þing, en hv. þm. Eyf. hafa nú ekki látið svo lítið hvað Siglfirðinga snertir. Það er því ekki nema eðlilegt, að þeir þykist ekkert upp á þá komnir um flutning þessa máls. Hv. frsm. meiri hl. var ánægður með afgreiðslu þessa máls. Þeir hafa ekki setið yfir málinu nema í mánaðartíma og skilað því frá sér með nál., sem ekki er nema þumlungur á lengd. En aðaláherzluna verður að leggja á, hve meiri hl. n. er mikilvirkur, því það tók hann 11 daga að semja þetta nál. Þetta

er atriði, sem ég ætlast til, að verði undirstrikað í Alþingistíðindunum.

Þá heldur hv. þm. því fram, að bæjarfógetinn á Siglufirði hafi verið á móti þessu máli, af því að hann hafi ekki greitt atkv. með því.

Það er ekki sjálfsagður hlutur, að maður sé ætíð móti máli þó hann greiði ekki atkv. með því. (IP: Þó hefði þm. þótt það eðlilegast). Ég sagði ekkert um það. Ég sagði, að það væri eðlilegast, að hann greiddi ekki atkv. og enginn mundi skilja það öðruvísi en að stöðu sinnar vegna bæri að haga sér þannig.

Þá segir hv. þm., að ríkisstj. hafi ekkert um þetta mál sagt. Ég verð að spyrja: Hvað varðar ríkisstj. um þetta mál? Það nær ekki til hennar. Því þó að bæjarfógetaembættið og bæjarstjóraembættið yrðu aðskilin, gæti ríkisstj. ekkert um það sagt, þar sem bæjarstj. Siglufjarðar myndi eins og aðrar bæjarstj. greiða bæjarstjóra sínum kaup og sjá um hann að öllu leyti ríkinu að kostnaðarlausu. Ríkisstj. þarf því engin afskipti af því að hafa, hvort Siglufjörður fær bæjarstjóra eða ekki.

Þá sagði hv. þm., að bæjarfógeti sé jafnframt bæjarfulltrúi að lögum, m. ö. o., ríkisstj. hefir ennþá embættismann sem bæjarfulltrúa. Það er hægt að þrátta um það við hv. þm., hvort bæjarfógeti sé jafnframt bæjarfulltrúi eða ekki, meðan það álappafyrirkomulag er, að starfsmaður hins opinbera (bæjarfógetinn) fari með atkv. fyrir þess hönd. En allir sjá, hve fráleitt það er að búa við þetta fyrirkomulag, sem er frá 1918 og 1919. Siglufjörður er nú eini kaupstaðurinn, sem á eftir að fá þau réttindi að mega velja sér bæjarstjóra. Undanskilinn er þó einn kaupstaður, sem fékk bæjarréttindi fyrir 2 árum síðan (Nes í Norðfirði), en þessi kaupstaður, Siglufjörður, fékk bæjarréttindi fyrir 12 árum síðan.

Þá sagði hv. þm., að þeir, sem að dagskránni standa, hefðu ekki krafizt rannsóknar í þessu máli, en dagskráin segir, að það vanti upplýsingar. Hvernig er hægt að fá upplýsingar nema með rannsókn? Ég býst því við, að hv. meiri hl. verði að sætta sig við, að engar upplýsingar fáist, ef hann krefst ekki rannsóknar í þessum efnum.

Þá talaði hv. þm. um langan og fróðlegan fyrirlestur. Já, ég vona, að hann hafi verið fróðlegur fyrir hv. 2. þm. S.-M. og að eitthvað það hafi komið fram, sem kom flatt upp á hv. þm. En hvað lengdina snertir, þá var hún álíka og framsöguræða hans fyrir þumlungslöngu dagskránni. Það er því ekki hægt að segja, að ég hafi flutt langa ræðu.

Þá sagði hv. þm., að meiri kostnaður væri greiddur við lögreglustjórn á Siglufirði en í öðrum kaupstöðum á Íslandi. Stafar þessi meiri kostnaður eðlilega af því, að lögreglustjórn á Siglufirði er erfiðari en í öðrum kaupstöðum, og er þá ekki nema eðlilegt, að kostnaðurinn sé nokkru meiri þar en annarsstaðar. Þetta er verst fyrir lögreglustjórann. Hann verður að vinna öll verk sem lögreglustjóri og jafnframt sem bæjarstjóri. En þetta vill hv. þm. láta hann vera við áfram.

Þá fannst hv. þm. vera ósamræmi í samanburði mínum á fólksfjölda á Siglufirði og Seyðisfirði og að ég hefði lítið gert úr því, að fjölmennara væri í Vestmannaeyjum en á Siglufirði. Ég hefi ekki lagt neitt upp úr mannfjöldanum, en fyrst hv. þm. talaði um mannfjölda á þessum stöðum, fannst mér vera ástæða til að gera samanburð. Ég vil líka leggja mikið upp úr því, hversu miklu meira er flutt frá og til Siglufjarðar en frá öðrum kaupstöðum landsins. Það, sem ég lagði aðaláherzluna á, stendur því óhrakið af hv. 2. þm. S.-M., því það eru tölur, sem þar er byggt á. Hv. þm. sagði, að það væri ekki vandi að taka upp úr hagskýrslunum, en hvað álítur hann, að sé betra en tölur að byggja á? Það er í mörgum tilfellum það eina, sem sannar eitthvað bókstaflega.

Hv. þm. var að grípa fram í fyrir mér áðan, hvort þetta væri ósk Siglfirðinga. Dregur hv. þm. það í efa? Vill hv. þm. bíða eftir því að fá að heyra óskir Siglfirðinga, eftir því að fá annað símskeyti frá þeim?

Hvað Akureyri snertir var farið eftir meiri hl. bæjarstj. um það, hvort velja skyldi bæjarstjóra eða ekki. Hvernig á nú að fara að gera miklu meiri kröfur til Siglfirðinga en til Akureyrar og annara kaupstaða í þessu efni?

Hv. þm. sagði, að það væri vafamál, hvort þingið ætti að vera að snúast í máli sem þessu. Þá skildist mér, að hv. þm. vildi fresta málinu, t. d. til næsta þings, og gæti hann þá vel orðið með því, að Siglufjörður fengi bæjarstjóra, ef nægilegar upplýsingar væru þá fyrir hendi. Það gleður mig að eiga eftir að heimta hv. 2. þm. S.-M. með sínu gamla eðli, þótt það verði ekki fyrr en á næsta þingi, og fá þá að njóta hans góðu krafta í þessu máli. Annars sé ég ekki annað en að fara verði með hann sem umskiptingana áður, að berja duglega á honum. En ég vænti nú, að hv. þm. láti sér skipast við orð mín, góð rök og ráðleggingar, svo engra sérstakra aðferða þurfi að leita til að hann bæti ráð sitt.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá meiri hl. allshn., á þskj. 373, samþ. með 7:3 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Útflutningsgjald af síld.

Á 19. fundi í Ed., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um útflutningsgjald af síld (þmfrv., A. 92).

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Ég flyt hér frv. um lækkun á útflutningstolli af síld. Slík frv. eru enginn nýr gestur hér á Alþingi. Nálega á hverju þingi hafa síldarútflytjendur flutt frumvörp í sömu átt. Ég geri því ráð fyrir, að hv. þdm. séu þessu máli svo kunnugir, að ekki sé þörf á að fara um það mörgum orðum. Eins og stendur er útflutningsgjald af síld kr. 1.50 af hverri tunnu síldar, en útflutningsgjald af öðrum útfluttum afurðum, svo sem fiski, kjöti o. fl., er 1½% af verði afurðanna. Útflutningsgjald af síldinni verður því, þegar miðað er við verð, nálega þrefalt hærra en af nokkurri annari útfluttri vöru. Það virðist harla einkennilegt, að ein vörutegund, sem út er flutt, sé tolluð með þrefalt hærra útflutningsgjaldi en aðrar útfluttar vörur, og getur slíkt ekki réttlætzt með öðru en því, að síldarútvegurinn sé það arðvænlegri atvinnugrein en aðrar, að hann þoli það hærri álögur; en svo hefir áreiðanlega ekki verið, a. m. k. fram að síðustu árum.

Ástæða er til að taka það fram, að umbúðir um síldina eru hlutfallslega miklu dýrari en um nokkra aðra útflutta vöru, og kostnaður eftir að síldin er komin á land allur meiri prósentvís en t. d. á fiski. Þetta sýnir, að engin sanngirni mælir með því, að hærra útflutningsgjald sé tekið af henni en af öðrum útfluttum afurðum.

Til samanburðar mætti benda á það ósamræmi, sem kemur fram í útflutningsgjaldi á síldarafurðum, fóðurmjöli og lýsi, sem út er flutt frá síldarverksmiðjunni. Ef gert er ráð fyrir, að úr einni tunnu hrásíldar komi 16 kg. af lýsi, reiknað á kr. 0.55 kg., og 16 kg. af fóðurmjöli, nemur útflutningsgjaldið af einni tunnu hrásíldar, sem lögð er í bræðslu, nálægt 0.30, eða verður nálægt 5 sinnum lægra en útflutningsgjald af síldinni, ef hún er söltuð eða krydduð til útflutnings.

Í hitteðfyrra flutti ég 2 frv., er gengu í þá átt að samræma útflutningsgjald af síld og bræðsluafurðum. Var þar farið fram á lækkun á útflutningsgjaldi saltaðrar og kryddaðrar síldar, en hækkun á afurðum síldarbræðsluverksmiðja, síldarlýsi og fóðurmjöli. Þessi hv. d. afgreiddi þessi frv. bæði til Nd., en þar dagaði þau uppi. Á sömu leið fór á síðastl. þingi, er ég flutti þessi frv. á ný. Þar sem hv. Nd. hefir ekki tekið þessum frv. betur en raun hefir á orðið, vil ég prófa þá leið, sem hér er farin með þessu frv., að fara fram á lækkun síldartollsins án þess að benda á tekjur á móti, og þar sem afkoma ríkissjóðsins er glæsileg um þessar mundir, virðist mér hægt að réttlæta það, þó honum séu ekki útvegaðar tekjur á móti lækkun á þessum rangláta skatti, sem um langan tíma hefir hvílt á síldarútveginum. Hér er aðeins farið fram á það, að útflutningsgjald af salt- og kryddsíld sé svipað og á öðrum útfluttum afurðum, og vænti ég, að því verði vel tekið af hv. þdm.

Að endingu vil ég óska, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því að hæstv. fjmrh. er ekki hér viðstaddur, vildi ég beina því til hv. flm., að það er mjög erfitt að draga úr tekjulindum ríkissjóðs án þess að nokkuð komi í staðinn. Vildi ég því mælast til þess, að hann kæmi fram með till. um tekjuaukningu handa ríkissjóði og málið yrði síðan athugað í fjhn.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Ég hafði búizt við því, að sú n., sem tæki þetta mál til athugunar, íhugaði till. mínar frá síðustu tveim þingum um að jafna lækkun útflutningsgjaldsins á síldinni niður á afurðir síldarbræðsluverksmiðjanna, ef hún sér ekki aðra hentugri leið í málinu. Hinsvegar virðist mér óeðlilegt, að tekið sé hærra gjald af síld en fiski, þó svo verði með þessu móti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:2 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 254 og 266).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Fjhn. hefir ekki getað orðið að öllu sammála um þetta frv. Meiri hl., hv. 1. þm. G.-K. og ég, hefir ekki getað fallizt á, að það fengi að ganga fram á þessu þingi, og höfum við fært rök að því í nál. Það er ekki af því, að við könnumst ekki fyllilega við, að útflutningsgjald af síld sé nú óeðlilega hátt, miðað við útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum. En nú er svo ástatt um fjárhag landsins, að við teljum ekki hægt að bæta úr þessu misrétti, nema ríkissjóði sé séð fyrir öðrum tekjulindum í staðinn. Útflutningsgjald af síld hefir verið drjúg tekjulind, 260—300 þús. kr. árlega, en tekjumissirinn, ef frv. nær fram að ganga, yrði ekki fjarri 200 þús. kr. — Þótt við treystumst ekki til að mæla með þessu frv., teldum við hinsvegar mjög æskilegt, ef hægt væri að jafna útflutningsgjald af sjávarafurðum þannig, að sem mest samræmi fengist milli einstakra tegunda. Ég má segja, að fyrir tveim árum hafi till. í þá átt legið fyrir Alþingi, en þær mættu mikilli mótspyrnu og mun loks hafa dagað uppi. Af þeim ástæðum höfum við ekki talið fært að bera nú fram brtt. í þá átt að bæta upp tekjumissinn með nýjum álögum á aðrar tegundir sjávarafurða. Við höfum hallazt á þá sveif að vísa málinu til stj., svo að hún geti athugað, hvort ekki sé unnt að lagfæra þá misfellu, sem allir viðurkenna, að hér er um að ræða.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):* Eins og hv. frsm. meiri hl. viðurkennir, er útflutningsgjald af síld til muna hærra en af öðrum sjávarafurðum, og hefir svo lengi verið. Var þetta í fyrstu rökstutt með því, að síldarútvegurinn væri mest stundaður af útlendingum, og að þeir væru ekki of góðir til að greiða þetta háa gjald, sem er margfalt hærra hlutfallslega en af nokkrum öðrum sjávarafurðum. Nú er þessi ástæða burtu fallin, með því að síldarútvegurinn er nú orðið mestmegnis stundaður af landsmönnum sjálfum. Það er að vísu rétt, að ef samþykkt þessa frv. mundi leiða allverulegan tekjumissi fyrir ríkissjóð, 180—200 þús. kr. árlega, og jafnvel upp undir 220 þús. kr., eins og gert er ráð fyrir í nál. hv. meiri hl. Þetta eru nokkuð háar tölur, en menn verða að muna, að hér er verið að leiðrétta gamalt misrétti, sem einn flokkur gjaldenda hefir orðið fyrir móts við alla aðra. —— Alþingi þykist nú raunar e. t. v. vera búið að gera vel í því efni að koma síldaratvinnuveginum í lag, með því að samþykkja einkasölu á síld. Var það að vísu góðra gjalda vert, en kostaði ríkið ekki eyrisvirði, eins og samþykkt þessa frv. hlýtur að gera. En í það má ekki horfa, þar sem um leiðréttingu slíks misréttis sem þessa er að ræða.

Ég gæti vel hugsað mér að fallast á einhverja miðlunartill. í þessu máli, þótt ég hafi enga brtt. borið fram í þá átt. Ég sá ekki, að það væri til neins að gera það, þar sem báðir „stóru flokkarnir“ sýndust sammála um afgreiðslu málsins. Þeir vilja báðir vísa frv. til stj. — „kasta því í Drekkingarhyl“, eins og það er kallað öðru nafni. Það þykir eitthvað finna að-

ferð heldur en að afhausa. — Eins og ég sagði, hefi ég enga brtt. borið fram, en ég gæti t. d. hugsað mér að fara þá leið, að lækka eitthvað gjaldið af hverri tunnu, eins og till. kom fram um fyrir nokkrum árum. Ósanngirnin í þessu útflutningsgjaldi verður sérstaklega ljós, þegar það er borið saman t. d. við meðferðina á frystu kjöti, sem út er flutt. Fyrst eru veitt lán til þess að reisa frystihúsin og síðan greiðir ríkissjóður hallann, ef hann verður einhver á útflutningi kjötsins. En af síldinni er greitt útflutningsgjald, sem nemur 10—20% af verði hennar. Hitt játa ég, að síðustu daga hafa ríkissjóði verið gerðir nýir árlegir útgjaldaaukar, svo að það er allt annað en efnilegt að sleppa tekjustofnum. En ranglætið er hér svo mikið, að á því verður að fást einhver lagfæring. Lægra útflutningsgjald gæti og orðið til þess að færa nýtt líf í þennan atvinnuveg, og það mundi aftur draga úr tekjumissinum fyrir ríkissjóð. — Því vil ég skora á hv. þd. að vísa þessu máli nú ekki til stj., heldur til 3. umr. Á tímanum þangað til mætti gera tilraunir til samkomulags um það, að láta tekjumissinn af frv. ekki verða eins mikinn og nú eru horfur á. Ég er fús til samninga í þá átt.

Erlingur Friðjónsson: Ég vil láta nokkur orð fylgja þessu frv., hvort sem það á að fara til 3. umr. eða til stj. Ég talaði ekki langt mál við 1. umr., og mun ekki heldur gera það nú, en vil þó benda á nokkur atriði, er snerta þetta mál.

Það er svo langt síðan farið var að skattleggja síldarútveginn með miklu hærri skatti en alla aðra atvinnuvegi landsins, að þá var hann í höndum útlendinga, ekki aðeins veiðin, heldur og vinnan í landi. Þeir, sem þekkja til nyrðra á þeim slóðum, sem Norðmenn stunduðu mest veiðiskapinn, vita, að þeir fluttu hingað mikið af verkafólki, er vann að verkun síldarinnar í landi. Það hefir ef til vill ekki verið ósanngjarnt, að atvinnuvegur, sem er svo mjög í höndum útlendinga, væri skattlagður hærra en þær atvinnugreinir, er voru í höndum landsmanna sjálfra. En þótt síldarútvegurinn hafi flutzt í hendur innlendra manna að lengmestu leyti, hefir hið háa Alþingi ekki tekið þá stefnu að samræma útflutningsgjald af saltsíld við gjald af annari framleiðslu landsmanna. — Fyrst framan af var síldin eingöngu veidd til að flytja hana út saltaða eða kryddaða, en nú hefir það mikið færzt vöxt, að hún sé unnin í bræðsluverksmiðjum og flutt þannig út. En eins og kunnugt er, er gjaldið af síld þannig unninni í samræmi við gjald af öðrum vörutegundum. Nú er svo komið, að ca. ⅝ af þeirri síld, sem hér veiðist, er brædd í verksmiðjum, en aðeins ⅜ saltaðir eða kryddaðir. Við þessa breyttu verkunaraðferð hefir orðið sú breyt. á veiðiskapnum, að það eru hin minni skip, sem nú veiða aðallega til söltunar, en stóru skipin til bræðslu. Hið háa og óeðlilega útflutningsgjald af saltaðri og kryddaðri síld lendir því aðallega á smærri skipunum og smærri útgerðarmönnum.

Þetta tvennt tel ég mikil rök í málinu: Í fyrsta lagi, að það er orðinn svo lítill hluti af þeirri síld, sem veiðist, sem út er fluttur saltaður eða kryddaður. Og í öðru lagi, að það eru aðallega hinir smærri útvegsmenn, sem salta eða krydda afla sinn. Þess má geta í þessu sambandi, að 12—30 smálesta vélbátar geta ekki veitt til bræðslu, svo að arðvænlegt sé. En á sama hátt er það kunnugt um þau stærstu skip, sem notuð eru til síldveiða, togarana, að þeir veiða eingöngu að heita má til bræðslu, en alls ekki til söltunar. Ég hygg, að það hafi ekki verið nema tveir togarar af nálægt 200 skipum síðastl. ár, sem stunduðu síldveiðar til söltunar. Eða með öðrum orðum 1% veiðiskipanna.

Það hefir réttilega verið tekið fram af fleiri hv. dm. en einum, að síðustu árin hefir ríkið styrkt þennan atvinnuveg á tvennan hátt. Fyrst og fremst með því að setja lög um síldareinkasölu, og í öðru lagi með því að láta ríkið koma upp bræðslustöð til vinnslu síldar. Hvorttveggja þetta léttir undir með atvinnuveginum, og er skylt að þakka það. En eins og hv. 4. landsk. þm. benti á, eru þetta ekki nein útgjöld fyrir ríkissjóð. Þingið sýndi aðeins með þessu skilning sinn á nauðsynjamálum atvinnuvegarins, og hagaði sér samkv. því. Það mætti benda á, að fleiri atvinnugreinar hafa verið styrktar af þingi og stj. þessi árin, ekki

eingöngu með löggjöf, heldur með beinum fjárframlögum. Það stendur næst að nefna það, sem gert hefir verið fyrir landbúnaðinn á síðustu árum, þar sem það er nú yfir millj. króna, sem beint er til búnaðar á fjárl. fyrir 1931, og fer sívaxandi. Þá má einnig benda á Búnaðarbankann, sem vitanlega á að verða til stórkostlegra hagsbóta fyrir landbúnaðinn. Þá er áburðareinkasalan, sem hefir afarmikla þýðingu. Einnig eru á ferðinni hér í þinginu tvö frv., að ég hygg, sem til samans gera ráð fyrir rúmlega 200 þús. kr. auknum fjárframlögum til landbúnaðar. Ég er ekki að telja þetta eftir og skal í því sambandi benda á, að það mun hafa oltið talsvert mikið á mínu atkv. um tvö þýðingarmikil atriði í lögunum um Búnaðarbankann. En ég vildi sýna, að það er ekki eftirtöluvert, þó að eitthvað sé gert fyrir sjávarútveginn líka.

Ég skal viðurkenna, að það er mjög eðlilegt, að hv. þm. sjái eftir þeim tekjum, sem ríkissjóður mundi missa, ef frv. yrði samþ. En sá tekjumissir sýnir einmitt, hvað þessi atvinnurekstur hefir verið skattlagður frekar öðrum undanfarin ár, því að hér er ekki farið fram á annað en að samræma útflutningsgjald af síld og öðrum vörum, og nema burt þann skatt, sem lagður er á síldarútveginn fram yfir aðrar atvinnugreinar landsins. Og eftir því, sem meiri hl. hv. fjhn. hefir reiknað út þennan tekjumissi ríkissjóðs, þá nemur hann hvorki meiru né minnu en rúmum 2 millj. kr. á síðustu tíu árum, ef gert er ráð fyrir, að þessi reikningur sé nokkuð á rökum byggður hjá hv. meiri hl. n. Og hér er þó um meira að ræða en þetta, því að í frv. mínu er ekki gert ráð fyrir að létta af síldarútveginum innflutningsgjaldi af tómum tunnum, sem nemur árlega nærri 70 þús. kr. ef gert er ráð fyrir, að nálægt 200 þús. tunnur séu fluttar inn á ári til jafnaðar. Og þegar þessu er bætt við þessa áætlun, sem gerð hefir verið um tekjur ríkissjóðs síðustu 10 árin, þá er það komið upp undir 3 millj., sem hann hefir ranglega grætt á þessari atvinnugrein á einum áratug með því að skattleggja útfluttar vörur hennar umfram aðrar.

Ég flutti hér í fyrra og hitteðfyrra tvö frv., sem gengu í þá átt að færa þessi útflutningsgjöld til, jafna þeim niður á þá síld, sem út er flutt söltuð eða krydduð, og þá, sem unnin er í bræðsluverksmiðjum. Eins og stendur hefir ríkissjóður ekki meiri tekjur af 600 þús. hektólítrum af síld, sem fer í bræðsluverksmiðjur, en af 100 þús. hektólítrum síldar, sem út er flutt söltuð eða krydduð. Og þegar athugað er það, sem ég benti á áðan, að það eru aðallega smærri útgerðarmennirnir, sem borga útflutningsgjaldið af saltaðri síld, en þeir stærri skipta við bræðsluverksmiðjurnar, þá finnst mér miklu eðlilegra að jafna þessa tolla á síldinni heldur en að láta allt standa óbreytt eins og nú hefir verið um mörg ár, eða eiginlega síðan síldarútvegurinn hófst. Það má líka benda á til enn meiri skýringar, að af 120 kr. virði af fiskilýsi, kjöti og ull og öðrum fleiri afurðum lands og sjávar fæst ekki meiri greiðsla til ríkissjóðs en af 30 kr. virði af útfluttri síld, ef hún er söltuð eða krydduð.

Ég verð að láta mér nægja þessi orð, sem ég hefi látið fylgja frv. mínu, hvort sem það fær að fara til 3. umr. eða því verður vísað til stj. En ég vil enda orð mín með því að gera fyrirspurn til hæstv. stj., hvað hún hyggst að gera í þessu máli, ef því yrði vísað til hennar. Ég vildi gjarnan fá að vita það, áður en ég greiði atkv. um málið, hvort vænta megi, að stj. taki það til íhugunar á þann hátt að taka til greina þær skoðanir, sem ég hefi haldið fram í umr. um það, nefnilega, að hér sé ranglátlega skattlagður hluti þeirra manna, sem síldveiði stunda. Ef stj. hefir engu að svara, má búast við, að reyndin verði lík og fyrr, og þá er vitanlega þýðingarlaust að kasta málinu í þá gröf, eins og hv. 4. landsk. þm. komst að orði.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég hefi afarlitlu að svara þeim tveimur hv. ræðumönnum, sem talað hafa síðan ég flutti mína framsöguræðu. Orð þeirra hafa aðallega gengið í þá átt að sanna, að síldartollurinn væri óréttlátur eins og nú er. En þetta var hreinasti óþarfi; a. m. k. hefir meiri hl. fjhn. viðurkennt þetta sama. Hinsvegar virtist mér báðir hv. ræðumenn kannast við, að eins og sakir standa sé það nokkuð viðurhlutamikið, að þetta frv. gangi fram, vegna þess tekju-

missis, sem það bakar ríkissjóði. Báðir hafa þeir gert ólítinn samanburð á milli sjávarútvegs og landbúnaðar og þótti ríkissjóður hafa lagt meira fé fram til hins síðarnefnda. Ég ætla mér ekki í neinn slíkan samanburð. En ég vil hinsvegar benda hv. þm. á, eins og þeir hafa báðir viðurkennt, að ríkisstj. hefir fullan hug á að gera báðum atvinnuvegunum jafnhátt undir höfði. Bæði hv. frsm. minni hl. og hv. þm. Ak. hafa einmitt bent á, hvað Alþingi og landsstj. hafa gert fyrir síldarútveginn. Og þó að ég viðurkenni fyllilega, að síldareinkasalan og bræðsluverksmiðjan réttlæti enganveginn þetta misrétti, þá verður samt að líta á það, að á sama ári og ríkissjóður leggur fram 1 millj. kr. til þess að gera þennan atvinnuveg tryggari, er hæpið að það sé sanngirniskrafa að skattar hans séu lækkaðir. Og því mun enginn neita, sízt hv. þm. Ak., að stofnun síldarbræðsluverksmiðjunnar sé til svo mikilla hagsmuna fyrir útveginn, að hún bæti á vissan hátt mikið úr því misrétti, sem útflutt saltsíld, eða eigendur hennar, hafa orðið að þola undanfarin ár. Það er ekki nema réttlátt, að málinu sé vísað til athugunar og rannsóknar, svo að stj. geti síðan borið það fram eins og rök standa til. Mér virðist, að eins og málið liggur fyrir nú, sé það líklegasta leiðin til að vinna því gagn, að vísa því til stj. Þeir vita það báðir, hv. frsm. minni hl. og hv. þm. Ak., að málið getur ekki gengið fram á þessu þingi. Fyrir því liggja sérstakar ástæður, sem ég þarf ekki að telja upp hér. Það var hv. þm. Ak., sem minnti á, að á tveimur síðustu þingum hefði verið gerð tilraun til að lagfæra tollana, en það fékkst ekki. Skilningur þingsins, sem nauðsynlegur var til þessa, hefði ekki fengizt. Ég sé ekki líklegt, að nokkur breyt. hafi orðið í því efni frá síðasta þingi. Hinsvegar þykir mér líklegt, að ef stj. gerir tilraun til að finna hagkvæma lausn og leggur til breyt. í þessu efni, þá væru nokkrar líkur til þess, að einhver ávinningur fengist á næsta þingi. Ég tel réttara að koma málinu inn á þá braut en að halda áfram að berja höfðinu við steininn. Það verður að taka hlutina eins og þeir eru og gera ráð fyrir, að Alþingi hafi ekki breytt skoðun sinni frá því á síðasta ári.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):* Það er erfitt að deila við hv. frsm. meiri hl., af því að hann er okkur hv. þm. Ak, alveg sammála í raun og veru. Hann viðurkendi það ranglæti, sem liggur í þessu útflutningsgjaldi, þó að hann af fjárhagsástæðum þyrði ekki að leggja til að gera lögin réttlátari. Hann sagði, að við hv. þm. Ak. könnuðumst við, að það væri viðurhlutamikið að láta ríkissjóðinn missa þessar tekjur. Ég verð bara að segja, að ég viðurkenni alls ekki, að þetta sé viðurhlutamikið í samanburði við annað. Þó að hann og meiri hl. þingsins hafi samþ. útgjöld fyrir ríkissjóð, þó að samþ. hafi verið með einu frv. 500—600 þús. kr. útgjöld, þá vil ég ekki segja: Ég get ekki borið fram mínar réttlátu till. um að lækka tekjur og hækka gjöld, af því að hinn hluti þm. hefir samþ. ný útgjöld. Ég afsala mér allri ábyrgð á því, sem þeir gera. — Af þessari ástæðu vil ég alls ekki falla frá þessum till. En ég skil aðstöðu þeirra manna, sem búnir eru að binda ríkissjóð við annað. En það bindur mig ekki.

Málið getur ekki gengið fram á þessu þingi, sagði hv. frsm. meiri hl. Mörg mál, sem eiga að ganga fram á þessu þingi, eru þó skemmra á veg komin, sum ekki komin í n., og kannske ekki einu sinni til 1. umr. Þetta frv. gæti vel gengið fram, ef meiri hl. fengist með því.

Það er leiðinlegt, að hæstv. fjmrh. er ekki hér. Þó að mér sé ekki vel kunnug verkaskipting ráðherranna, býst ég varla við, að hæstv. dómsmrh. geti lýst vilja stj. í þessu máli. (**Dómsmrh.**: Hann er heldur hlynntur síldinni). Jæja, það er gott, ef kirkjan og kirkjumálaráðherra eru henni hlynnt, — og ekki vil ég efast um það. En það væri bezt, ef ráðh., sem þetta heyrir undir, vildi láta til sín heyra. Það segi ég ekki þar fyrir, að ég muni þess fullviss, þó að hæstv. fjmrh. hefði einhver óákveðin orð um að taka málið til athugunar fyrir næsta þing, að því sé bezt borgið með því, heldur er ég viss um, að bezt væri, að það gengi fram á þessu þingi. Þó gæti ég fallizt á einhverja miðlunartill., sem þó gengi í þá átt að lækka útflutningstollinn á síld. (**EF**: Má ekki vænta svars frá stj.? — **Dómsmrh.**: Nei).

Erlingur Friðjónsson: Hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur, þegar ég bar fram fyrirspurn mína um, hvað stj. mundi gera, ef frv. yrði vísað til hennar. Ég þykist vita, að hæstv. fjmrh. þurfi í raun og veru ekki að hugsa sig mjög lengi um, hvort hann geri ráð fyrir að taka þessu máli vinsamlega eða ekki. Fyrst einn af hans flokksmönnum hefir borið það traust til stj., að hún muni frekar ganga inn á þær skoðanir, sem ég hefi haldið fram í þessu máli, og í raun og veru eru hans líka, þá vonast ég eftir að fá að heyra undirtektir stj. áður en gengið er til atkv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Út af fyrirspurn hv. þm. Ak. vil ég taka fram, að ef málinu verður vísað til stj., þá geri ég ráð fyrir, að það verði afhent mþn. í skatta- og tollamálum. (**JBald:** Á að grafa það tvisvar?). Ég sé ekki annað en að það sé rétt leið, þar sem nefndinni er ætlað að taka til athugunar og meðferðar öll tolla- og skattamál og koma samræmi á um þau. Að svo stöddu get ég ekki gefið hv. þm. Ak. fleiri upplýsingar um þetta.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. fjhn., á þskj. 266, um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 9:3 atkv.

2. Bryggjugerð í Borgarnesi.

Á 65. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 24, 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi (þmfrv., A. 359).

Á 69., 71. og 73. fundi í Nd., 2., 4. og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 13:4 atkv.

Á 80. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 507).

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég hefi lítið um þetta frv. að segja, annað en það, að meiri hl. n., sem tók þátt í afgreiðslu þess, leggur til, að það verði samþ.

Tilgangurinn er að gera hagfelldari og ódýrari upp- og útskipun í Borgarnesi en nú er, og hygg ég, að með því sé farið að vilja flestra, er þar eiga hlut að máli. Vil ég því leyfa mér að vænta þess, að þetta mál fái bæði fljóta og góða afgreiðslu hér í þessari hv. d.

Magnús Guðmundsson: Eins og tekið er fram í nál., var ég ekki á fundi n., þegar þetta frv. var afgr. þar, og ég myndi heldur ekki hafa lagt með því, geri ég ráð fyrir, ef ég hefði verið búinn að sjá skeytið, sem hér liggur fyrir frá sýslumanninum í Borgarnesi. Mér er sagt, að skeyti þetta hafi komið á fund n., en það hljóðar þannig:

„Eftir ósk nokkurra sýslunefndarmanna óska ég, að engin breyting verði samþykkt á hafnarlögum Borgarness fyrr en sýslunefndunum hefir gefizt kostur á að láta álit sitt uppi um þær.

Sýslumaður Mýra- og
Borgarfjarðarsýslu".

Mér finnst það vera mjög sanngjarnt, að sýslunefndirnar fái að láta uppi álit sitt um þetta, og ég get ekki skilið, að þessu máli liggi svo mikið á, að það geri til, þótt það dragist til næsta árs, enda er ekki líklegt, þar sem sagt er, að þingi verði slitið eftir tvo daga, að þetta mál nái fram að ganga, þar sem hv. Ed. á að öllu leyti eftir að afgreiða það. Ég leyfi mér því að leggja til, að þessu máli verði vísað til stj., því eins og ég tók fram áðan, sýnist mér það vera eðlilegt að taka svo mikið tillit til óska sýslunefndar, að þetta mál verði ekki afgr. í skyndi á einum eða tveimur dögum.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Skeyti þetta lá fyrir n., en henni þótti ekki ástæða til að taka sérstakt tillit til þess, þar sem ekki er víst, að um meiri hl. sýslunefndar sé að ræða, heldur aðeins sýslumanninn og einhverja menn með honum. Þess utan sýnist það ekki heyra undir sýslunefndina, hvern veg upp- og útskipun í Borgarnesi er hagað.

Pétur Ottesen: Ég vil taka undir þau tilmæli, sem hv. 1. þm. Skagf. hefir borið hér fram, og þær till., sem hann gerði.

Það hagar svo til bæði í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að það hefir verið lagt fram fé af báðum þessum sýslufélögum til bryggjugerðar í Borgarnesi, og það er svo um hafnarlög þau, sem samþ. hafa verið hér á Alþingi, að þótt ekki sé gert ráð fyrir meiri atbeina sýslufélaganna almennt en ábyrgð á lánum til þessara mannvirkja, þá er þeim þó fenginn íhlutunarréttur um skipun hafnarnefnda, en þær hafa, svo sem kunnugt er, í hendi sér öll málefni hafnanna. Þetta er viðtekin regla, og mér finnst því eðlilegra, að ekki sé gerð breyt. á lögum um hafnargerð í Borgarnesi án þess að viðkomandi sýslunefndir fengju að fjalla um það, og þætti mér ekki ólíklegt, að fram kæmu óskir frá sýslunefndunum um að hafa íhlutun um skipun hafnarnefndar í Borgarnesi, því að það skiptir vitanlega sýslufélögin mjög miklu, hvernig málefnum hafnarinnar er hagað. Hér getur verið um mikið hagsmunamál fyrir sýslurnar að ræða og ekki nema eðlilegt, að sýslunefndirnar krefjist þess að fá rétt til íhlutunar um þessi mál. Það hefir víst borið mjög bráðan að fyrir sýslumann að ákveða um þetta, og hefir honum víst ekki gefizt færi á að ná í fleiri sýslunefndarmenn. En sýslunefndarfundur verður haldinn í næsta mánuði og verður þetta mál þá sjálfsagt tekið til athugunar.

Ég vona, að hv. d. geti fallizt á þetta sanngirnismál, að fresta að taka ákvörðun um þetta mál samkv. ósk sýslumanns og þeirra sýslunefndarmanna, sem hafa haft tækifæri til að láta í ljós óskir sínar um þetta.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil þakka hv. meiri hl. allshn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls og sé ekki ástæðu til annars en að fallast á till. hans í málinu. Ég held, að þetta umrædda skeyti stafi af einhverjum misskilningi sýslumanns viðvíkjandi frv.

Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, þá er það bæði rétt og sjálfsagt, að almenningi þar efra veitist nokkur réttur til að ákveða um verð á út- og uppskipun þar, sem mörgum hefir til þessa þótt býsna hátt. En þessi réttur næst ekki nema með því að veita þessa heimild í lögum.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. segir, að báðar þessar sýslur hafi lagt fé til þessa mannvirkis, þá er það að vísu rétt; en það er vitanlega ekkert aðalatriði, hvort báðar sýslunefndir eða aðeins önnur er höfð með í ráðum um að ákveða taxtann og ráðstafa þessum málum, því að það, sem í þessu efni er hagsmunamál annarar, er um leið hagsmunamál hinnar.

Það er alveg rétt, að það skiptir mjög hag sýslnanna, hvernig þetta er framkvæmt, og hér er verið að fá þeim nokkurt vald í hendur til að ákveða um það, hver gjöld verði lögð á búendur þar efra vegna hafnarinnar. Ég legg eindregið til, að þetta mál nái fram að ganga, því að það er ekki eftir neinu að bíða.

Pétur Ottesen: Ég skal aðeins benda á það hér, að þó að talað sé um, að sýslunefnd Mýrasýslu geti haft hér nokkra íhlutun, þá er það aðeins um það, hvernig gjaldskrá skuli samin. Aðalatriðið er það, að hafnarnefnd Borgarness getur ákveðið að taka í sínar hendur upp- og útskipun, og þetta hafa sýslunefndirnar enga íhlutun um. En samkv. eðli málsins og gildandi reglum eiga sýslunefndirnar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum að hafa íhlutun um skipun hafnarnefndar Borgarness og þannig að geta haft hönd í bagga með því, hvort þessi eða önnur skipun sé höfð á hafnarmálum þar. Nú hefir sýslumaður og allmargir sýslunefndarmenn óskað þess, að frestað sé að gera slíkar breyt. á þessum lögum án þess að þeim sé jafnframt tryggður þessi réttur, og það er hrein og bein ósanngirni gagnvart þeim að verða ekki við þessum óskum.

Það leiðir þess vegna af sjálfu sér, að

hér á að fara að gera ráðstafanir án þess að héraðsbúar hafi nokkra íhlutun um þær. Það er svo ráð fyrir gert í þessu frv., að sýslunefnd Mýrasýslu geti haft íhlutun um málið, en það leiðir af sjálfu sér, að sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu á að vera jafnsett hinni um málið.

Ég vænti þess sem sagt, að hv. d. geti fallizt á að verða við ósk sýslumanns og sýslunefndarmanna og ráði ekki málinu til lykta, fyrr en þeir hafa sagt álit sitt. Og ég býst við, ef þingið verður við þessari ósk, að næsti sýslunefndarfundur muni taka ákvörðun um þetta, svo að það geti legið skýrt fyrir á næsta Alþingi, hvaða till. þeir hafa að gera.

Bjarni Ásgeirsson: Eins og tekið hefir verið fram, er það efni og undirrót þessa frv., að hægt verði fyrir hlutaðeigendur þarna efra að ráða nokkru um það, hver taxti verður settur á upp- og útskipun á þessum stað.

Það er alls ekki sagt, þótt þetta verði samþ., að hafnarnefnd notaði sér þetta tækifæri, en aðstaða hennar verður betri, ef hún hefir þessa heimild og tilgangurinn er sá, að sjá um, að upp- og útskipun verði ekki dýrari en nauðsyn krefur. Þess vegna er það ekkert annað en hagsmunamál bænda þarna efra, sem hér er verið að hugsa um, og því engin ástæða til fyrir þá menn, sem vilja hlynna að hag þeirra, að vera að berjast á móti þessu. — Hitt kann vel að vera rétt, að það ætti líka að veita sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu íhlutunarrétt um þetta, og mætti þá koma með brtt. við 3. umr. um það, að sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu væri veittur hinn sami réttur og sýslunefnd Mýrasýslu.

Magnús Guðmundsson: Ég hygg, að það muni ekki vera rétt, að sýslumaður viti ekki um það, hvernig þetta frv. hljóðar, því að hann hringdi mig upp í dag og var þá í engum vafa um innihald þess.

Mér finnst það vera gróflega hart að taka fram fyrir hendurnar á sýslunefndunum um þetta, og ég skil ekki, að það geti verið nokkurt kappsmál, sérstaklega þar sem hv. flm. hefir lýst því yfir, að vel geti svo farið, að hafnarnefnd noti ekki þessa heimild. Skil ég þá ekki, hvers vegna þetta má ekki bíða þar til sýslunefndirnar hafa látið uppi álit sitt um það, hvernig upp- og útskipun á þessum stað mundi bezt fyrir komið til þess að verða sem ódýrust. Það eru ekki aðeins bændur héraðanna, sem þarna eiga hlut að máli, heldur líka íbúar þorpsins, og ég veit ekki, hvort þessi vinna fæst ódýrari með því að fela hana hafnarnefnd heldur en öðrum. Ég vil því bíða álits þeirra, er við þetta eiga að búa; það eru menn, sem fjalla þar um sinn eiginn hag, og því rétt að leyfa þeim að segja sitt álit. Ég skil ekki, að það sé neitt kappsmál fyrir hv. þm. Mýr. að keyra málið í gegn án þess að þeir hafi fengið að segja sitt álit.

Hákon Kristófersson: Ég hefi skrifað undir nál. viðvíkjandi þessu máli fyrirvaralaust. Ég áleit, að þetta mál væri meinlaust og gagnslaust, en nú er það komið fram hér í d., að hv. þm. Borgf. telur réttara að hallast að þeirri till., sem fram er komin frá hv. 1. þm. Skagf., um að vísa þessu máli til stj., sem vitanlega hefir ekki aðra þýðingu en það, að málinu seinkar með að koma fram í lagaformi um eitt ár, eða til næsta þings.

Af því, sem upplýst hefir verið í umr. og fram hefir komið að öðru leyti, er engin ástæða til að vera á móti þeirri meðferð málsins, því að það getur engin áhrif haft á upp- og útskipun á þessum stað, hvort slíkt lagafrv. er samþ. í ár eða að ári.

Hv. þm. Mýr. benti á það, að mikilsvert er að ráða taxta á upp- og útskipun þarna, en þótt hagsmunir margra bænda standi þarna á bak við, þá get ég ekki séð, að hagsmunir neins eða neinna verði fyrir borð bornir, þótt þetta mál dragist þar til á næsta þingi. Það er þess vegna með fullkomnum velvilja til málsins, að ég get fallizt á að vísa því til hæstv. stj., og ég þykist vita, að hv. þm. Mýr. telur því ekki fyrir komið á neinn óhappastað, þótt því sé vísað til hennar. Ég vona, að hv. þm. Mýr. skilji ekki mín orð svo, að ég vilji á nokkurn hátt sýna þessu máli neinn óvilja, þótt ég sjái mér fært að verða við tilmælum hv. þm. Borgf. um að velja þessa leið.

Ég skal ekkert um það segja, hvernig fyrir þessu máli horfir hér í hv. d.; ég

hefi ekkert tal átt um það við neinn nema hv. þm. Borgf.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil aðeins neita því, sem hv. þm. Barð. sagði, að þetta frv. væri meinlaust og gagnslaust. Það kann að vera, að frv. sé meinlaust, en það er ekki gagnslaust. Það er eina leiðin, a. m. k. sem hér liggur fyrir, til þess að gefa þeim þar efra nokkra aðstöðu til að ráða verulega um það, að ekki sé að óþörfu hlaðið á þá útgjöldum vegna upp- og útskipunar þar á staðnum. Það er ekkert annað, sem verið er að ákveða. Þó að höfnin sé komin, þá geta þau skipafélög, sem annast flutninga til þessa staðar og frá, vel haft nokkurskonar einveldi um verð á upp- og útskipun hér eftir sem áður. Ég sé því ekki, að neinu sé bættara að draga málið; og þótt komið hafi mótmæli frá sýslumanninum í Borgarnesi, þá verð ég frekar að skoða það svo sem frá „privat"-manni, heldur en svo, sem þarna komi í ljós almenningsvilji.

Þó að ég geti viðurkennt, að þetta mál gæti vel farið í verri stað en til hæstv. stj., þá álít ég þó betri stað fyrir það, ef það verður að lögum, og vil þess vegna eindregið leggja til, að það gangi fram.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins, út af þeim ummælum hv. þm. Mýr., að hér sé um að ræða mótmæli frá „privat"-manninum Guðmundi Björnssyni, taka það fram, að það er alls ekki rétt, því að símskeytið er sent í samráði við allmarga sýslunefndarmenn úr báðum sýslum, en ástæðan til þess, að allir sýslunefndarmennirnir standa ekki að þessu skeyti, er sú ein, að það náðist ekki til þeirra allra í tæka tíð.

Það er óþarfi fyrir hv. þm. Mýr. að drótta því að sýslumanninum, að hann sé nokkuð að hlaupa hér fram fyrir skjöldu hvað þetta snertir.

Sigurður Eggerz: Mig langar til að spyrja hv. þm. Mýr. um það, hvort hér sé verið að keppa að því yfirleitt, að hafnarnefndum sé veitt leyfi til að ráða allri uppskipun og hvort það sé hugsunin að læða þessu inn hér, og færa sig svo upp á skaftið og búa til eina allsherjareinokun í þessu efni.

Bjarni Ásgeirsson: Ég er dauður, en hæstv. forseti gefur mér leyfi til aths., sem verður ekkert svar. Þó að hv. þm. Dal. álíti mig vitran mann, þá er ég ekki svo forvitri, að ég sjái fyrir, hvað kann að verða samþ. á Alþingi eftir þetta þing. Þó að ég ætti þar setu, hefi ég ekki svo mikil ráð á, hverju er fram fylgt. Hér er ekki til neins að ræða um annað en þetta mál, sem fyrir liggur, og ástæður eins og þær eru.

Hv. þm. Borgf. hélt, að ég hefði verið að drótta einhverju óheiðarlegu að sýslumanninum í Borgarnesi. Það er misskilningur. En ég veit, að sýslumaður hefir ekki borið málið undir sýslunefndina, og því aðeins sent þessi skilaboð í nafni sínu og nokkurra annara, sem verða að teljast „privat"-menn. Ef menn þar hefðu álitið þetta háskalegt mál, hefði áreiðanlega verið hægt að ná áþekkri yfirlýsingu sýslunefndarmannanna og þeirri, sem áðan var lesin upp frá bílstjórunum.(**PO:** Þeir eru allir á einum stað). Það var líka styttri tími síðan það mál kom fram. Gegn þessu máli hafa engin almenn mótmæli komið frá héraðsbúum, enda væru það líka óeðlileg mótmæli, því að þetta er eingöngu gert vegna þeirra hagsmuna.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Skagf. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ, BSt, EJ, HStef, HK, JJós, JAJ, BSv.

nei: JörB, MT, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, HJ, HG, HV.

Fjórir þm. (MJ, GunnS, IngB, JÓl) fjarstaddir.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Byggingar á prestssetrum.

Á 1. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um byggingar á prestssetrum (stjfrv., A. 21).

Á 4. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HJ, HK, HV, IngB, JÓl, LH, MJ, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, JörB.
JS, MG, ÓTh, PO, EJ greiddu ekki atkv.
Sex þm. (HG, JJós, JAJ, ÞorlJ, BSv, GunnS) fjarstaddir.
Frv. vísað til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Menntaskólinn í Reykjavík.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um Menntaskólann í Reykjavík (stjfrv., A. 15).

Á 3. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er sama um þetta frv. að segja og hitt, sem við vorum að afgreiða (frv. um Menntaskóla á Akureyri), að það má heita sama sem óbreytt frá því, sem þessi hv. deild samþ. á síðasta þingi, og breytingarnar eru minni á því en frv. um Akureyrarskólann.

Á sumar breytingarnar hefi ég þegar minnzt, t. d. um að stytta kennslutímann í fyrri bekkjunum. Þetta er í sjálfu sér ekkert stórt atriði, en reynslan hefir sýnt, að nemendur kunna því illa að stunda bóknám í júnímánuði. Þess vegna er heppilegra að nota þann tíma meira til útiveru, svo sem til íþróttaiðkana og rannsóknaferða.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að síðastl. vor var farin rannsóknarferð til Hornafjarðar undir stjórn náttúrufræðikennara og eins málakennara. Sú tilraun gafst mætavel, og eru líkindi til, að bæði nemendur og kennarar muni una því vel að geta farið slíkar ferðir á hverju vori. Geta slíkar ferðir bæði verið fræðandi og skemmtilegar og verða að álítast mikil blæbreyting frá hinu áður innantóma bóknámi.

Að svo mæltu óska ég, að frv. fái að ganga til 2. umr. og verði vísað eins og hinu frv. til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 74).

Frsm. (Jón Þorláksson): Efni þessa frv. hafði þessi hv. deild til meðferðar í fyrra í frv. um menntaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri. Nú hefir hæstv. stj. tekið upp ákvæðin

um Menntaskóla í Reykjavík og borið þau fram í þessu frv. N. taldi enga ástæðu þess að semja langt nál., því að deildinni eru kunn meginatriði frv. eins og það var samþ. hér í fyrra, og afstaða n. er óbreytt frá því þá. Brtt. n. eru því mjög fáar og efnislitlar.

Fyrsta brtt. n. fer fram á að breyta orðalagi 4. gr., sem þó er nálega óbreytt eins og hún var samþ. hér í d. í fyrra. Segir í greininni, að skipta skuli bekkjum Menntaskólans í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild. Hér merkir „bekkur" sama og ársdeild, og mætti því ef til vill líta svo á, að skipta ætti öllum fjórum ársdeildum skólans í tvær deildir eftir námsgreinum. En þetta er tæplega tilætlunin, enda virðist óþarft að binda hendur kennslumálaráðh. í þessum efnum, heldur láta hann skera úr, hversu mörgum bekkjum skuli skipta. Sennilega er ætlunin að skipta 3 ársdeildunum, enda virðist það sönnu næst.

Önnur brtt. n. er við 5. gr. og leggur til, að í stað orðsins „trúarbragðafræði" komi trúarbrögð. Er þá greinin færð til sama forms og á þinginu í fyrra. Trúarbragðafræði merkir aðeins frásögn um það, sem felst í hinum ýmsu trúarbrögðum, en n. vill láta kenna trúarbrögð, og á hún þar vitanlega við hin kristnu trúarbrögð, því að önnur trúarbrögð verða auðvitað ekki kennd í ríkisskóla í kristnu landi. Nefndin var nokkurnveginn sammála um að leggja þetta til. Þykist ég svo ekki þurfa að færa frekari rök fyrir þessari brtt., nema andmæli komi fram.

Að lokum leggur n. til, að 19. gr. verði orðuð um. Greinin mælir svo um, að allir kennarar skólans skuli sækja kennarafundi, en stundakennarar hafi ekki atkv.rétt þar. N. vill láta orða greinina þannig, að stundakennarar séu ekki skyldir að mæta á kennarafundum, nema þeir sjálfir óski þess eða skólameistari kveðji þá til sérstaklega. Aðrar efnisbreyt. felast ekki í till. n.

Ég hefi svo ekki meira að segja fyrir hönd n., en ef til vill segi ég eitthvað síðar frá eigin brjósti.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi ástæðu til, eins og í fyrra, að þakka hv. menntmn. þessarar deildar fyrir ágæta afgreiðslu þessa máls. Ég tel brtt. hennar hiklaust til bóta, sérstaklega brtt. við 4. gr. um skipting ársdeildanna. Er ágætt að gefa nemendum eins til tveggja vetra frest til þess að gera upp við sig, í hvora deildina, máladeild eða stærðfræðideild, þeir vilji fara. Ég tel yfirleitt sjálfsagt að samþykkja brtt. n. og hefi því ekki ástæðu til þess að segja meira.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 74,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 74,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

6.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

13.—18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 74,3 (ný 19. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

20.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 98, 100).

Frsm. (Jón Þorláksson): Menntmn. ber fram við þessa umr. tvær brtt. við frv. þetta. Sú fyrri gengur í þá átt, að við þær námsgreinir, sem kunnáttu er krafizt í til inntökuprófs í lærdómsdeild, sé bætt þýzku, en kennslumálaráðh. skuli ákveða, hverjar kröfur skuli gerðar um kunnáttu í því máli. Í fyrra var minnzt á þetta atriði, og kom þá fram, að krafizt er þýzkukunnáttu til inntöku í lærdómsdeild Akureyrarskóla. Hefir þetta atriði borizt í tal við hæstv. kennslumálaráðh. og hefir hann tekið vel í það.

Þá er önnur breyt. sú, að ekki sé lögboðið, að prófum sé lokið í maímánuði, heldur sé það lagt á vald kennslumálaráðh. að færa tímatakmarkið til, ef þörf þykir. Hæstv. kennslumálaráðh. hefir og tjáð sig þessari breyt. samþykkan.

Þá hefi ég ekki meira að segja fyrir n. hönd, en fyrir mitt leyti vil ég segja það, að ég er ekki ánægður með frv. þetta. Við

erum vanir því, að breytingar miði í framfaraátt, en sú breyt., að gera skólann að fjögurra ára skóla í stað sex ára, hlýtur að skoðast sem spor aftur á bak. En ég hefi beygt mig fyrir því, að hæstv. stj. telur sig ekki hafa ástæður til að sjá sex ára skóla fyrir sæmilegu húsnæði og kennslukröftum, og tel ég þá betra að ganga inn á fjögurra ára skóla en eitthvert millistig. En af því, sem ógert er í þessum efnum, vil ég leggja sérstaka áherzlu á heimavistirnar. Tel ég það illa farið, að hæstv. stj. sé að gera einhverjar kákráðstafanir í þá átt, sem að engu verulegu gagni koma, en verða aðeins til að tefja fyrir fullnægjandi úrlausn málsins og nauðsynlegum umbótum, sem frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 100,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 100,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., 15. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 122).

Á 29. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 83., 84. og 85. fundi í Nd., 15., 16. og 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 122, 500, n. 515).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Kjördagar.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis (stjfrv., A. 17).

Á 8. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er mjög lítið fyrirferðar, eins og allir sjá, en þó gerir það ráð fyrir töluverðum breyt. á kjördegi, og skal ég í stuttu máli gera grein fyrir þeim.

Í fyrra bar ég fram brtt., sem gekk í sömu átt, nefnilega, að kjördagur í sveitum skyldi vera á vori, en að hausti í kaupstöðunum. Þegar þetta mál var til umr., varð ekki samkomulag um þetta, en í fyrra vetur samþ. Alþingi hinsvegar að færa kjördaginn frá 1. vetrardegi yfir á vorið, og var þetta gert vegna sveitanna, sem höfðu sýnt fram á það með rökum, að þeim var hér um bil ómögulegt að sætta sig við haustkjördag, sökum allskonar erfiðleika, sem honum væru samfara.

Alltaf þegar þm. hafa komið fram með brtt., sem gengið hafa í þessa átt, hafa kaupstaðirnir risið upp til mótmæla og komið með áskoranir um að láta þetta óbreytt. Ég minnist þess ennfremur, að þegar þetta mál var hér til umr. fyrir nokkrum árum, þá strandaði það á því, að hv. þdm. álitu, að engin sanngirni mælti með breyt., þegar tekið væri tillit til kaupstaðanna. Hinsvegar er það vitanlegt, að það er miklu hægara fyrir sveitirnar að hafa kjördag á vori en hausti, og því er það athugandi, hvort hv. Alþingi getur ekki fullnægt báðum aðilum.

Ég geri ráð fyrir, að komið verði fram með ýms rök gegn þessu og borið við erfiðleikum á framkvæmd þessa, ásamt fullyrðingum um, að kjördagur þurfi að vera hinn sami um allt land. En þá má benda á, að það hefir ekki verið svo hér á landi, enda eru þess dæmi, að maður, sem hefir boðið sig fram til þings í einu kjördæmi og fallið þar, hefir komizt að í öðru við sömu kosningar.

Í Svíþjóð, sem þó á mikli betri og fullkomnari samgöngutæki en við, sem þetta land byggjum, hefir það verið svo, að til skamms tíma hefir farið allt að því mánuður til þingkosninga, eins og drepið er á í grg. Þessu mun að vísu hafa verið breytt nú nýlega, en gamla venjan var þessi.

Ég mun ekki fjölyrða frekar um þessa

breyt., en vænti þess, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni umr. Að endingu vil ég svo taka það fram, að þetta er eina færa leiðin til þess að fullnægja bæði kröfum sveita og kaupstaða í landinu.

Jón Baldvinsson: Það hefði náttúrlega verið ólíkt betra, að breyt. sú, er stjfrv. fer fram á, hefði verið samþ. í fyrra, þegar málið var hér til umr., heldur en að taka þetta upp aftur núna og láta það ganga í gegnum þrjár umr. í hvorri deild. En því var hinsvegar svo farið, þegar þetta mál var til umr. í þinginu í fyrra, að það var borið fram af svo miklu kappi, að ekki var hægt að fá þm. til að hlusta á rökin. En betra er seint en aldrei, og þessi breyt., sem frv. fer fram á, er til bóta, þótt hún nái tæplega nógu langt.

Ég var ekki að öllu leyti sammála hæstv. ráðh., þegar hann minntist á, að meiri vandkvæði væru fyrir sveitirnar að hafa kjördag 1. vetrardag heldur en að vorinu, en fyrir þeirri skoðun minni gerði ég grein við umr. þessa máls í fyrra.

Þetta mál fer líklega til n. og vonandi er, að þeir menn, sem vildu ekki láta kaupstaðina halda kjördegi sínum í fyrra, hafi nú tekið sönsum á þeim mánuðum, sem síðan eru liðnir. Ég vænti þess einnig, að hæstv. stj. og flokkur hennar leggi alla áherzlu á, að þetta mál nái fram að ganga, og bæti með því úr því ranglæti, sem kaupstaðirnir voru beittir með fyrri breytingunni.

Halldór Steinsson: Mér skilst, að þetta frv. sé fram komið með það fyrir augum að gera þeim, sem við sjóinn búa, hægara með að neyta kosningarréttar síns. Ef þetta er tilgangurinn, þá er honum hvergi nærri náð, þótt þetta sé spor í áttina. Ef frv. þetta ætti að koma að fullu gagni, ætti það einnig að ná til kauptúnanna úti um landið, því að það er vitanlegt, að þaðan streymir fólk á sumrin til annara staða í atvinnuleit, og getur því ekki notið atkvæðisréttar síns. Ákvæði frv. ættu því bæði að ná til kaupstaðanna og kauptúnanna, og vil ég vona, að sú hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, taki þessi orð mín til greina.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af ræðu hv. þm. Snæf. vildi ég spyrja hann í fullri alvöru, hvort hann sæi nokkra leið til að framfylgja þessu í blönduðu kjördæmi, t. d. hans eigin, ef fólkið í sveitunum kysi að vorinu en kaupstaðirnir á haustin. Það virðist mér alveg óframkvæmanlegt. Hinsvegar mælir hann rök að því leyti, að réttlátast væri að láta kauptúnin njóta sömu réttinda og kaupstaðina, og því vildi ég aðeins spyrja hann, hvort hann sæi nokkra leið til þess.

Halldór Steinsson: Ég get ekki verið á sama máli og hæstv. ráðh. hvað þessu atriði viðvíkur. Ég fæ ekki skilið, að ekki sé hægt að geyma atkv. frá vorinu til haustsins, en mér virtist, sem hæstv. ráðh. teldi það ógerlegt. Að mínum dómi ætti það ekki að vera bundið neinum erfiðleikum.

Jón Baldvinsson: Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Snæf., að hér er aðeins bætt úr ranglætinu að hálfu leyti. Hinsvegar mætti t. d. bæta nokkuð úr þessu með því að hafa sérstök ákvæði um þetta efni fyrir Suðurland, því að þar eru kauptún fleiri en á Norðurlandi, þótt þau ættu einnig að hafa kjördag á sama tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17. n. 127 og 160).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Þó að allshn. sé að vísu sammála um að fallast á það, að kjördagar skuli vera 2 við almennar þingkosningar, þá hefir hún nú ekki orðið að öllu leyti sammála um þetta frv. Það, sem á milli ber, er, að hv. minni hl. vill gera breytinguna nokkru víðtækari en frv. fer fram á, en meiri hl. getur ekki fallizt á það.

Ég geri ráð fyrir, að hv. minni hl. lýsi afstöðu sinni og geri grein fyrir ágreiningnum frá sinni hlið og get því látið bíða að lýsa afstöðu meiri hl. í því atriði

þangað til hann er búinn að tala. Við í meiri hl. teljum nauðsynlegt að gera nokkrar breyt. á kosningalögunum í sambandi við þetta frv., ef það verður að lögum.

1. brtt. okkar er við 18. gr. kosningalaganna og er þess efnis, að kveða skýrar á um en lögin gera, að til framboðs við almennar kosningar megi enginn gefa kost á sér í fleirum en einu kjördæmi við kosningar, sem fram eiga að fara á sama kjördegi. En þegar kjördagar eru 2, þá teljum við ekki rétt að banna mönnum að bjóða sig fram til þings á síðara kjördegi, þó þeir hafi verið í framboði fyrra kjördaginn og ekki náð kosningu. Þetta er í fullu samræmi við það, að maður, sem gefur kost á sér til landskjörs og ekki nær kosningu, getur nú samkvæmt lögum boðið sig fram við kjördæmakosningar. Við teljum sjálfsagt, að þetta sé tekið skýrt fram í lögunum, og leggjum því til, að orðalagi í fjórðu málsgr. 18. gr. verði breytt eins og farið er fram á í 1. brtt. okkar a-lið á þskj. 127.

Í b-lið 1. brtt. okkar á sama þskj. er ekki annað fólgið en það, að okkur fannst rétt að taka upp í frv. alla 23. gr. gildandi kosningalaga, ef frv. verður samþ., því að þá er nauðsynlegt að breyta orðalagi allrar gr., sérstaklega 2. málsgr. Orðabreyt. frá gildandi kosningalögum er ekki önnur en sú, að í stað þess sem nú er sagt, að allar kosningar skuli gilda frá hinum lögskipaða kjördegi, þá er það nú kjördögum, og er það aðeins sjálfsögð orðabreyting.

Önnur brtt. okkar á þskj. 127 er annars efnis og leiðir ekki af þessu frv. beinlínis. Samkv. henni er það ákveðið, að kjörfund skuli setja fyrr í kaupstöðum en í sveitum. Eftir lögunum eiga allir kjörfundir að byrja kl. 12 á hádegi, en í brtt. okkar er stungið upp á því, að kjörfundir verði settir í kaupstöðum kl. 10 fyrir hádegi. Þar standa kjörfundir miklu lengur yfir en í sveitum, síðan hver hreppur er orðinn sérstök kjördeild, eða jafnvel skipt í fleiri kjördeildir, þá standa kosningar þar miklu skemur yfir en í kaupstöðunum. Við leggjum til, að í kaupstöðum byrji kosningarnar kl. 10 f. h. — 3. brtt. er eðlileg afleiðing af hinum, aðeins tilfærsla.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt. meiri hl., né heldur um ágreininginn milli nefndarhlutanna, fyrr en hv. frsm. minni hl. hefir talað.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):* Þetta mál er kunnugt hér frá umr. í fyrra og áður. Þó að stjfrv. veiti þeim lítilsháttar ívilnanir, sem harðast urðu úti við kjördagsfærsluna í fyrra, hefi ég þó ekki getað fylgt því óbr. Ég álít, að ef breyta skal til í þessu efni, þá eigi hið sama að ganga yfir kauptúnin og kaupstaðina, því að í mörgum kauptúnanna, einkum hér á Suðurlandi, stendur eins á um erfiðleika á kjörsókn 1. júlí og í kaupstöðunum. Ég legg því til, að kosningar í þeim kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, fari fram fyrsta vetrardag, eins og í kaupstöðunum. En af þessu leiðir, að ekki er hægt að telja atkv. fyrr en síðustu kosningu er lokið, því að kauptún eru í mörgum eða flestum sýslum landsins, sem kunnugt er.

Ég sé, að villa hefir komizt inn í brtt. mína. Brtt. á öll að vera ein málsgr. Vænti ég þess, að forseti taki þetta til athugunar og skrifstofan leiðrétti síðar, því að öðrum kosti getur brtt. ekki staðizt.

Ég veit, að aðalmótbáran gegn brtt. minni sé sú, að geyma atkvæðatalningu úr sveitunum frá 1. júlí til fyrsta mánudags í vetri. En þó get ég ekki séð, að þetta ætti að vera vandkvæðum bundið. Það má benda á, að með núverandi fyrirkomulagi hefir oft dregizt upp undir 6 vikur, að atkv. hafi verið talin í Barðastrandarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum. Tæplega ættu að vera meiri örðugleikar á því, að geyma atkvæðin í 3—4 mánuði. Enda ætti kjörstjórnum, umboðsmönnum þingmanna og þingmannaefnum að vera trúandi til að búa svo um atkvæðakassana, að þeir misfærust ekki. Að vísu getur alltaf komið fyrir, að kassar brenni, en slíkt getur líka komið fyrir nú.

Mér finnst eðlilegra, að atkvæðatalning fari fram á sama tíma um land allt. Ég gæti vel hugsað, að það hefði spillandi áhrif á kosningarnar, ef vitað er um úrslit úr öðrum kjördæmum áður en þær fara fram.

Ég tel þessa breyt. nauðsynlega til þess

að koma á réttlæti í þessum efnum. Og mér finnst það hart, ef bændur, sem hafa nú fengið kjördaginn fluttan til 1. júlí, vilja ekki leggja á sig þau litlu óþægindi, að bíða eftir atkvæðatalningu í nokkurn tíma, svo að réttlætiskröfur sjávarmanna geti einnig orðið uppfylltar. Hv. þm. eru allir svo fullorðnir, að þeir ættu ekki að vera svo bráðlátir, að þeir gætu ekki beðið þennan tíma eftir úrslitunum. Og þar sem talið væri, að úrslit stæðu glöggt, gætu báðir aðiljar því lengur lifað í voninni.

Ég hefi ekki á móti sumum brtt. hv. meiri hl., t. d. ekki 1. brtt., en hún verður að vísu óþörf, ef mín brtt. verður samþ. Hinsvegar er ég andvígur b-liðnum, þar sem réttur kaupstaða til sérstaks kjördags er takmarkaður við það, að kaupstaðir séu sérstök kjördæmi. Þetta er þrenging á frv. stj. Með þessum hætti er þessi réttur tekinn af Neskaupstað og Siglufirði, sem hafa kaupstaðaréttindi en eru ekki sérstök kjördæmi. (**JóhJóh**: Grg. frv. segir, að kaupstaðirnir skuli vera sérstök kjördæmi). Í frv. hafa allir kaupstaðir þennan rétt.

2. brtt. n., um að setja megi kjörfund kl. 10 árdegis í kaupstöðum, er ég samþykkur. Þetta kemur sér einkum vel í Reykjavík, því að undanfarið hefir verið hart á því, að allir kæmust að, er kjósa vildu.

Ég vil skýra síðustu málsgr. í brtt. minni á þskj. 160, þar sem sagt er, að atkv. skuli talin mánudag fyrstan í vetri, „nema sérstök atvik banni". Þegar kosið er í sveitum 1. júlí, en í kaupstöðum og kauptúnum 1. vetrardag, ætti yfirleitt að vera hægt að telja atkvæðin 1. mánudag í vetri, en í sumum sýslum, svo sem Snæfellsnessýslu, Mýlasýslum og Ísafjarðarsýslu, gæti þó orðið erfitt að koma atkvæðum á talningarstaðinn á einum degi, og því er þessi varnagli sleginn í brtt. minni.

Ég held, að með brtt. minni sé séð fyrir því, að kosningarnar fari vel fram og hið fyllsta réttlæti náist, úr því að skoðanir manna um hentugan kjördag eru svo skiptar. Væri óskandi, að ljúka mætti þessari deilu svo á þessu þingi, að báðir aðiljar mættu vel við una, því að vita skulu hv. þm. það, að þetta mál sofnar ekki fyrir þinginu, fyrr en viðunanleg lausn fæst á því.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Mér er kunnugt um það, að hv. frsm. minni hl. leit nokkuð öðrum augum á þetta mál en meiri hl. Hann hefir nú borið fram röksemdir sínar, og get ég ekki séð, að þær séu svo veigamiklar, að hægt sé að taka tillit til þeirra. Hann sagði, að í flestum kjördæmum væri kauptún, sem félli undir hans brtt. Kjördagarnir yrðu því tveir í nálega öllum kjördæmum landsins, en það teljum við mjög óhagkvæmt, enda getum við ekki betur séð en að þó að einhver af þessum kjördæmum séu svo sett, að þau eigi erfitt með að kjósa 1. júlí, þá sé heimild kosningalaganna um kosningu utan heimilis á kjördegi næg varúð fyrir rétt þeirra. Allir, sem hafa áhuga á að kjósa, geta neytt kosningarréttar síns. Hinsvegar verður ávallt erfitt að sjá um, að öll atkvæði komi fram á kjördegi. En ég get ekki séð, að þeim sé sýnt mikið ranglæti með frv. og brtt. okkar. Hv. frsm. minni hl. var hræddur um það, að ef brtt. okkar um talningu strax yrði samþ., hefði það spillandi áhrif á kosningar, sem eftir ættu að fara fram. Ég veit ekki, í hverju það ætti að liggja.

Það, sem ég tel mæla á móti því að hafa tvo kosningardaga og láta talningu bíða, er það, að ef þing er kvatt saman milli 1. júlí og 1. mánudags í vetri, þá mæta ekki hinir réttu fulltrúar. Það væri að vísu búið að kjósa þá að nokkru leyti, en ekki hægt að kveðja þá til þingsetu af því að talning væri ekki farin fram. En ef till. meiri hl. er fylgt, kemur þetta ekki fyrir. Gömlu þingmennirnir í kaupstöðunum eru rétt kjörnir, unz kosning hefir farið fram. Ég vil ennfremur benda á það, að af brtt. minni hl. myndi leiða, að breyta þyrfti ákvæðum gildandi laga um það, frá hvaða degi kosning skuli gilda. Þyrfti að taka fram, að kosningin gildi aðeins frá síðara kjördegi.

Síðari hl. brtt. minni hl. getur ekki staðizt. Það er þýðingarlaust að setja ákvæði um fastan talningardag, þar sem hann hlýtur að verða mismunandi í einstökum kjördæmum. Virðist sjálfsagt, að kjörstjórnir ákveði daginn, og eins og

hingað til hefir verið. Það tekur oft langan tíma að koma kjörgögnum á talningarstað, einkum á haustin, og því álít ég, að kjörstjórn eigi að ákveða daginn, ef ekki á að telja fyrr en öllum kosningum er lokið.

Um geymslu atkvæða er það að segja, að auðvitað má ganga svo frá kössum, að ekki verði farið í þá, og sumstaðar kann einnig að vera hægt að vernda þá fyrir eldi, t. d. í Reykjavík. En úti um land mun reynast erfitt að koma þeim á eldtryggan stað. Fæstir sýslumenn munu hafa rúm fyrir 15—16 kjörkassa á eldtryggum stað. Þyrfti þá að koma upp sérstakri byggingu fyrir þá. En mér finnst, að þessi dráttur á talningunni muni geta haft miður heppileg áhrif á kosninguna. Gæti ég trúað, að kjósendur yrðu áhugaminni, þegar þeir verða að bíða mánuðum saman eftir úrslitunum.

Þá talaði hv. frsm. minni hl. um brtt. okkar við 1. málsgr. 23. gr. kosningalaganna. Taldi hann, að brtt. væri brot á anda stjfrv. En eins og hv. þm. Seyðf. sagði, er augljóst, hver meining frumvarpssemjanda er, enda þótt orðalagið sé ekki ljóst. (**JBald:** Hæstiréttur kennir að dæma eftir lögunum). Já, þess vegna vil ég hafa lögin svo skýr sem hægt er; en hitt verður ekki í efa dregið, að það verða aðeins þeir kaupstaðir, sem eru sérstök kjördæmi, sem lögin ná til.

Ég sé svo ekki ástæðu til að þrátta frekar um þetta mál, það verður að fara sem auðið er, — en mér þykir það undarlegt hjá hv. 4. landsk. að kalla þetta aðeins lítilsháttar ívilnun; mér finnst það mikil réttarbót, þar sem verða aðnjótandi þessarar breyt. þrír eða jafnvel fjórir kaupstaðir landsins, sem kvartað hafa yfir, að breytingarnar frá í fyrra á kosningalögunum kæmu hart niður, en það eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar og að nokkru leyti Akureyri. Allir þessir kaupstaðir voru tilnefndir í fyrra, að þeir biðu mikið misrétti við lagabreytinguna, en úr þessu er nú bætt með brtt. meiri hl. n. En hitt sjá allir, sem á það vilja líta, hver glundroði það væri, ef hagað yrði kosningu þannig í einu og sama kjördæmi, að þar væri kosið með 3—4 mánaða millibili, og vil ég eindregið benda hv. 4. landsk. á það, að ef hans till. verða samþ., þá verða jafnframt að koma skýr og ótvíræð ákvæði um það, frá hvaða tíma kosningar eigi að gilda.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):* Ég skal svara strax þessu síðasta, sem hv. frsm. meiri hl. vék að hjá mér, frá hvaða tíma kosningin ætti að gilda. Hv. þm. sér það sjálfur, að kosning gildir auðvitað frá þeim degi, sem kjörbréf hefir verið gefið út handa þingmanni; það verður alveg eins og nú, að kosning gildir frá því þegar búið er að telja atkvæði saman og gefa út kjörbréf, kosning gildir þannig frá síðara kjördegi. (**IP:** Það stendur í gildandi lögum frá kjördegi). Það sjá allir, að það kemur alveg eins í baksegl eftir gildandi lögum eins og þótt farið væri eftir þessum ákvæðum. Tökum t. d. Barðastrandarsýslu, þar sem talið er eftir sex vikur. Ef ætti að kalla saman þing áður en talið yrði, gæti sá maður ekki mætt, sem í kjöri hefði verið, af því að hann hefir ekki fengið kjörbréf. Það er því alveg ljóst eftir mínum till., að kosningin gildir frá því að búið er að telja upp atkv. og gefa út kjörbréf, og að það er gert í einu um allt land, og því alveg eins og nú er, þegar kosið er á einum og sama tíma og svo talið upp á 5—6 vikna tímabili.

Mér fannst hv. frsm. meiri hl. vera ósanngjarnari heldur en hann annars er vanur að vera. Hv. þm. telur ekki nein rök vera flutt fyrir því að gera þá breyt. á kosningalögunum, sem ég vil vera láta. Hann getur þó ekki neitað því, að það séu mikil hlunnindi fyrir kaupstaða- og kauptúnabúa að geta kosið heima hjá sér, heldur en þegar þeir eru farnir að þyrpast út til atvinnu og eru komnir á annað landshorn, langt frá sínum heimkynnum. Þótt hv. þm. geti fullyrt, að þetta sé „teoretiskt" mögulegt, þá er þetta mjög erfitt í „praksis", og ef hv. þm. vill ekki meta þetta neina ástæðu fyrir kauptúnabúa, þá hefir hann ekki leyfi til að meta það nægа ástæðu fyrir bændur, að þeir vilji ekki fara til kosninga í september, af því að það geti verið þurrkur þann dag. Bændum er vel mögulegt að sækja kjörfund á þeim tíma, því að það kemur naumast hríð þá, en bændur á þingi vildu

ekki samþ. þá till. í fyrra, því að þeir sögðu: Það getur verið þurrkdagur. Þeir segja líka, að það geti verið afarmiklir erfiðleikar á að sækja kjörfund í september, en þá er komið svo nærri hinum kjördeginum, að það er engin afsökun að geyma að telja upp atkvæðin.

En þegar kjördagurinn var fluttur fram í júlímánuð, þá voru bændur hér á þingi, sem töldu sér þann dag heppilegan, en margir bændur litu alls ekki svo á. Það er að vísu satt, að menn hafa rétt til að kjósa utan kjörstaðar, og geta gert það í flestum tilfellum, en bændur hafa alveg sömu möguleika til að hafa kjörfund í september.

Það má segja, að það er heldur ekkert lipurleg framkvæmd á kosningalögunum, ef þing þyrfti að koma saman einhvern tíma á tímabilinu 1. júlí til 1. sept. og nýkosnir þm. kæmu úr sveitunum, en gömlu þingmennirnir úr kaupstöðunum; en slíkt gæti vel komið fyrir, ef nauðsynlega þyrfti að kalla þingið saman á þeim tíma til þess að kveða á um eitthvert mikilsvert málefni. Og því þá ekki að láta alla gömlu þm. taka þátt í þeirri samkomu? Ef hinsvegar þarf að fara fram aukakosning, þá gilda heldur ekki þessi ákvæði um kjördaginn, þá er talið, samkvæmt ákvæðum kosningalaganna, eins fljótt og hægt er í hverju kjördæmi.

Hv. frsm. meiri hl. fannst ég ekki taka nógu vel í þetta frv. stj. um sérstakan kjördag fyrir kaupstaðina. Ég sé ekki annað en að ég hafi rétt fyrir mér, að þetta sé lítilsháttar ívilnun fyrir kaupstaðina, sem ekki komast inn undir þessa breyt., en ranglætið er framið gegn stórum hóp kjósenda.

Þá skil ég ekki, hvað hv. þm. meinar með því, að dráttur á upptalningu geti haft áhrif á síðari kosningu, því að enginn maður getur sagt með nokkurri vissu, hvernig sveitakosning hefir farið, fyrr en talið hefir verið upp. Að vísu vitum við það um nokkra þm., að þeir eru vissir í sínu kjördæmi, en það eru þeir alveg jafnt hvort dregið er að telja upp eða ekki. Enginn getur sagt um það, hvernig kosningin hefði farið í Vestur-Húnavatnssýslu, ef dregið hefði verið fram á haust að telja upp, og sama er jafnvel að segja um Vestur-Skaftafellssýslu, að maður hefði ekkert getað um það sagt. Hinsvegar hefðu allir, sem nokkuð hafa fylgzt með, þótzt geta fullyrt, að í Norður-Þingeyjar- og Suður-Þingeyjarsýslu myndu sömu þm. hafa verið kosnir. En einmitt það, að menn vita ekki, hvernig fyrri kosningin hefir farið, útilokar það, að hún hafi nokkur áhrif á seinni kosninguna. En hugsum okkur, að einn flokkur væri búinn að fá nokkuð marga þm. í sveitunum, og það væri vitanlegt af því, að atkv. væru talin upp samstundis, það gæti breytt dálitið viðhorfinu gagnvart kauptúnum og kaupstöðum; þetta gæti haft áhrif á atkvæðagreiðsluna miklu frekar en þó að geymt væri að telja.

Ég held, að hv. frsm. meiri hl. hafi misskilið brtt. mína eða niðurlag hennar, þar sem talað er um upptalningu atkvæða. Hv. þm. álítur ekki hægt að ákveða neinn sérstakan dag til að telja atkvæðin, en það er augsýnilegt, að það er vel mögulegt. Hv. þm. misskilur, að það er mánudaginn fyrstan í vetri sem á að telja upp, en það er líka undantekning þarna, því að þar stendur „nema sérstök atvik hamli“, en þá stendur „en þá svo fljótt sem unnt er“. Ef í kjördæmi hv. þm. væri t. d. ekki hægt að koma atkvæðakössum milli fjarðanna á sunnudaginn milli fyrsta vetrardags og mánudagsins fyrsta í vetri, þá hamla þau atvik því, að hægt sé að telja upp þann dag, en þá á að gera það svo fljótt sem hægt er, og líklegt er, að hægt verði að telja upp í öðrum kjördæmum sama daginn.

Ég er þakklátur hv. frsm. meiri hl. fyrir það, að hann er mér sammála um, að geymsla atkvæða geti ekki valdið neinum sérstökum erfiðleikum, því að hv. þm. sagði það fullum fetum, að þau mætti geyma svo, að ekki yrði í kassana farið, og sömuleiðis svo, að þau ekki misfærust af eldi. Það er þó góð játning hjá hv. þm., að hægt sé að geyma kassana svo, að ekki verði í þá farið, því að hitt getur alveg eins komið fyrir, þó að brtt. mín verði ekki samþ., að atkvæðakassar geta brunnið. Þeir liggja oft hjá sýslumönnum svo mörgum vikum skiptir; t. d. held ég, að sýslumaðurinn á Patreksfirði hafi hlotið að geyma flesta atkvæðakassana í 5—6 vikur, á meðan

stóð á atkvæðakössum úr sumum eyjunum, enda teldi ég ekki eftir sýslunefndum að leggja til svo góð ílát, að vel mætti geyma í atkvæðakassana; slíkt þarf ekki að gera nema í eitt skipti fyrir öll og þarf engin lagaákvæði um það.

Þá held ég, að ég hafi komið við flest af því, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á, annað en það, sem ég ekki nenni að fara að karpa við hann um, en það er, hvort till. stj. séu rýmri eða þrengri en till. hv. meiri hl. n. Við höfum heyrt því haldið strangt að okkur, að það ætti að dæma eftir lögunum, og það er greinilegt, að allir kaupstaðir landsins eiga að kjósa fyrsta vetrardag eftir frv. stj., en það eru samt ekki nema þeir, sem eru sérstök kjördæmi, mig minnir, að þeir séu alls sjö, og vonandi, að tveir til öðlist þessi réttindi. Finnst mér, að hv. frsm. meiri hl. ætti a. m. k. að muna eftir Neskaupstað og halda að honum þeim réttindum, sem fært er.

Jón Þorláksson: Ég er eiginlega mótfallinn þessu frv.; mér finnst óþarft að hafa kjördagana tvo, eftir allar þær mjög ítarlegu og nákvæmu ráðstafanir, sem löggjöfin er búin að gera til þess að þeir menn geti neytt atkvæðisréttar síns, sem ekki eru staddir á heimili sínu á kjördegi. Ég sé hinsvegar ýmislega annmarka á því að hafa kjördagana tvo, finnst það mjög óheppilegt að hafa hér um bil fjóra mánuði á þeim tímamótum, þegar kjósendurnir eiga að fá vald til að skera úr um það, hvort breyta eigi til um stj. eða hver stefna eigi að ráða í stórmálum á þingi. Þá standa þau mál alveg óútkljáð, þannig, að það er hvorki gamalkosið né nýkosið þing til eftir till. hv. meiri hl., heldur er þingið að nokkru leyti nýkosið og að nokkru leyti gamalkosið. Þetta er verulegur ókostur á till. hv. meiri hl. Það er ennfremur sá ókostur, að það er óhjákvæmilegt, að vitnist um úrslitin í sveitakjördæmunum; getur það haft töluverð áhrif á úrslit kosninga í kaupstöðunum að haustinu. En tilgangurinn með að hafa kjördaginn einn, hefir máske helzt verið sá, að kjósendur væru alveg óháðir öllum áhrifum, sem stafað gætu af fréttum um úrslit kosninga í öðrum kjördæmum. Mér finnst, að það þyrfti mjög sterkar ástæður til að sleppa þessari varúðarráðstöfun til að vernda kjósendurna fyrir áhrifum, sem ekki eiga að ráða neinu um atkvæði þeirra. Aftur finnst mér, að till. hv. minni hl. um að láta kosningar fara fram 1. júlí, og geyma svo atkvæðin fram yfir fyrsta vetrardag, telja þá atkvæðin og láta kosningu gilda frá fyrsta vetrardegi, ekki koma til mála, af því að sveitakjördæmin tapa fjölda manna, sem eiga að hafa kosningarrétt og hafa hann samkv. stjskr., en það eru þeir, sem öðlast kosningarrétt á tímabilinu frá 1. júlí til 1. vetrardags í sveitakjördæmum, þótt með því sé sneitt hjá þeim tveim annmörkum á till. hv. meiri hl., sem ég nefndi, að allverulegu leyti.

Annars skil ég, að það sé fyrir suma menn, og þó sérstaklega fyrir flokka, sem hafa nokkurn byr í kaupstöðum og eru að reyna að vinna sér byr í sveitakjördæmum, allgeðfelld hugsun að geta sent alla sína mestu mælskumenn og foringja upp í sveitirnar 1. júlí og láta þá skaka þar sem þeir geta og þoka svo aftur á hin eiginlegu fiskimið fyrsta vetrardag. Svona myndi það verða eftir till. hv. meiri hl. En ég held, að það sé nóg veður í kringum kosningar hér, þótt ekki fari fjöldi þm. í kaupstöðum að bjóða sig fram tvisvar, fari að mæta í sveitum til að vinna þar áhrif.

Mér finnast svo miklir annmarkar á þessu hjá hv. meiri hl., að ég býst ekki við að geta greitt atkv. með frv. endanlega; þó mun ég við þessa umr. greiða atkv. till. hv. meiri hl. n., af því að mér finnst, að þær öllu heldur taki tali heldur en brtt. hv. minni hl., sem mér finnst að ekki megi eiga sér stað.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):* Mér skilst nú svo, að það, sem hv. 3. landsk. sagði um till. þær, sem hér liggja fyrir, og þar á ég náttúrlega við till. minni hl. og frv. að svo miklu leyti, sem það fylgist að, komi heim við það, sem hv. þm. hefir áður haldið fram í þessu máli, sem sé að hann hefir verið eindregið á móti því, að kaupstaðirnir fengju að hafa kjördag að haustinu til. En ekki skil ég nú það, að maður, sem vill láta fækka þingum um helming, þ. e. a. s. hafa ekki þing nema annaðhvert

ár, gera stjskrbreyt. til þess, geti haldið því fram, að það sé verulegur ókostur að bíða í fjóra mánuði til að fá upplýst um úrslit kosninga. Hv. þm., sem vildi fjarlægja fólkið svo mjög frá áhrifum á þingið, að láta það koma saman aðeins annaðhvert ár, er aftur á móti svo bráðlátur um kosningar, að honum finnst það ekki geta komið til mála að láta bíða í fjóra mánuði eftir úrslitum þeirra, — svo ef þetta tvennt er borið saman, þá verða ástæður hv. þm. heldur veigalitlar. Ég skal benda hv. þm. á það, að í menningarlandi, sem við þekkjum nokkuð til, í Svíþjóð, fara kosningar ekki fram á einum og sama degi, ég held að þær standi yfir heilan mánuð eða lengur, svo að það er í sjálfu sér til fordæmi fyrir því, að kosningar standi yfir nokkuð lengi. En jafnvel þótt ekkert fordæmi væri til, ef það væri nauðsynlegt fyrir okkur, þá er sjálfsagt að taka það upp, sem skynsamlegt er, án tillits til þess, hvort eitthvað svipað tíðkast hjá öðrum.

Það er kosturinn við mína till., að bændur fá þá að kjósa í sveitunum á þeim tíma, sem þeim þykir heppilegastur, og kaupstaðabúar á sínum tíma. Þá er aðeins eftir að brúa það bil, sem er á milli fyrri og síðari kosninga, og það hefi ég gert með því að láta menn ekki vita um úrslitin. Ég hefi útilokað hættuna. Það myndi áreiðanlega allt geta haft áhrif á kaupstaðakosningarnar, eins og mér skildist hv. 3. landsk. líka benda á. Og mér skildist eiginlega hv. 3. landsk. mæla frekar á móti brtt. hv. meiri hl. í ræðu sinni, en vera jafnvel minna á móti mínum brtt. — Mér skilst afstaða hv. þm. vera eins og karlsins í hreppsnefndinni, sem sagði: Ég er nú alveg sammála því, sem Jón á Bala sagði, en allt um það hlýt ég að greiða atkv. með till. prestsins. — Svona er afstaða hv. þm. Honum finnst mínar till. miklu betri, en samt lætur hann ætla að fylgja till. hv. meiri hl.

Halldór Steinsson: Ég hefi nokkra sérstöðu í þessu máli, og er líklega einna radikalastur allra þingmanna í því. Ég vakti máls á því við síðustu umr., að eðlilegast væri, að sama regla gilti um kosningar í öllum kauptúnum landsins og í kaupstöðunum. Brtt. hv. minni hl. ganga ekki eins langt að þessu leyti og óskir mínar, því að samkv. brtt. á reglan aðeins að ná til þeirra kauptúna, sem eru sérstakur hreppur. Þetta held ég, að verði til þess að valda miklum glundroða, og efast ég um, að það verði til nokkurra bóta. Því að víða hagar svo til, að stærstu kauptúnin í kjördæminu eru ekki sérstakur hreppur, en önnur kauptún miklu minni eru hinsvegar sveitarfélag fyrir sig, og mundu því njóta hlunnindanna. En mörg stærstu kauptúnin yrðu undanskilin réttindunum, og ætti hverjum manni að vera ljóst, að þetta er hæpið fyrirkomulag og mundi valda mikilli óánægju. Aftur eru þess dæmi um sum kjördæmi, að þar er kannske aðeins eitt kauptún, sem er sérstakur hreppur, og það hefir 100—200 íbúa. Er það greinilegt, að varla getur komið til mála að láta talning atkvæða í öllu kjördæminu bíða mánuðum saman eftir því, að svo fáir menn neyttu atkvæðisréttar síns.

Vil ég mælast til þess við hv. minni hl., að hann stígi sporið heilt. Þetta tvínón, sem nú er á honum, verður ekki til neinna bóta. Vænti ég, að hann geti aðhyllzt till. um að taka öll kauptún landsins með.

Guðmundur Ólafsson: Mér þykir einkennilegt, hversu mikið réttlætistilfinning hv. frsm. minni hl. í þessu máli hefir aukizt frá því sem áður var. Því að þótt menn verði að játa, að breyt. þær, sem gerðar voru á kosningalögunum í fyrra, hafi gert hans flokki nokkuð erfiðara fyrir að kjósa í sumum stöðum, þá verða menn jafnframt að minnast þess, að fyrirkomulagið, sem áður var, gerði mörgum landsmönnum alveg ómögulegt að neyta kosningarréttar síns. Meðan þetta ástand hélzt, varð víst enginn var við sérstakan óróa í „réttlætistilfinningunni“ hjá hv. frsm. Meðan sveitirnar voru órétti beittar, fannst hv. frsm. alveg óhugsandi að slaka nokkuð til um kjördaginn eða hafa nema einn kjördag, en nú, strax á næsta ári eftir að sveitirnar fá að ná rétti sínum, er ástandið „alls ekki viðunandi“. Ég verð nú að játa það, að mér fyndist það ekki svo óttalegt, þó að kaupstaðarbúar yrðu að

una við núverandi ástand í nokkur ár, eftir að hafa setið svo mörg ár yfir rétti sveitanna. Því að það er ekki eins og kaupstaðabúum sé alveg bægt frá því að kjósa, eins og sveitamönnum oft og einatt áður. Þeir, sem burtu eru á kjördag, geta allt að einu neytt atkvæðisréttar síns í flestum eða öllum tilfellum, ef þeir hafa nokkurn áhuga fyrir því.

Ekki finnst mér koma til mála till. hv. þm. Snæf., að margskipta hverju kjördæmi og láta marga mánuði líða milli þess að kosning byrjar í kjördæminu, þar til henni lýkur. Þótt ég sé ekki nógu kunnugur kosningafyrirkomulagi í öðrum löndum, þori ég að fullyrða, að þvílík aðferð er hvergi höfð. Ég verð að segja, að mér þykir undarlegt, að hv. minni hl. skyldi ekki fagna frv. hæstv. stj., því að það er vissulega það lengsta, sem gengið verður í þessa átt. En það er á vitum manna, hversu ánalegt það er að láta þriðjung árs líða milli kosninga, sem þó eiga að heita sömu kosningarnar.

Rökræður hv. þdm. um það, hversu hægt sé að varðveita atkvæðakassana fyrir eldi og annari tortíming yfir sumarið, voru dálítið skemmtilegar. En það er óþarfi að vera að vandræðast með það. Það er hægast að grafa þá í jörðu; þá er ekki brunahættan. Það kann raunar að þykja heldur óviðfelldin aðferð og óskemmtilegur geymslustaður. En hún sýnist mátulega virðuleg fyrir þá, sem eru orðnir svo hræddir við gömlu aðferðina, að geyma kassana innsiglaða. En það sýnist vera óhætt að hafa þá aðferð nú, meðan það skiptir sjaldnast nema dögum, og aldrei nema fám vikum, frá því kosning fer fram þar til talið er.

Ég veit ekki, hvaða nafni ég á að nefna till. hv. minni hl. í þessu máli. Það er eiginlega ekki hægt að kalla þær öfgar, því að þær ganga miklu lengra en svo. Ef áframhaldið verður eftir byrjuninni, má búast við því, að á næsta þingi heimti hann, að samþ. verði lög um það, að menn séu að kjósa til þings á öllum mánuðum ársins. En það er óskemmtileg tilhugsun, ef þingið á að vera að grauta í þessum kjördagsfærslum á hverju ári, en samt fæst aldrei friður fyrir nöldrinu um nýjar breytingar.

Jón Þorláksson: Ég vil minna hv. samþm. minn, frsm. minni hl., á, að hann gerði enga tilraun til að svara hinni einu mótbáru, sem ég bar fram gegn till. hans, mótbáru, sem gerir það að verkum, að allsendis ómögulegt er að fylgja till. hans, þótt þær kynnu að hafa aðra kosti. Till. hv. þm. felur það í sér, að svipta atkvæðisrétti alla þá kjósendur í sveitum landsins, sem komast eiga á kjörskrá á tímabilinu frá 1. júlí til 1. vetrardags, hvort sem þeir ná fullum aldri á þeim tíma eða hafa þá öðlazt kosningarrétt í kjördæminu vegna dvalar í því. En þar sem kosningunni er ekki ætlað að gilda fyrr en frá 1. vetrardegi, er ljóst, að hún hefir þetta í för með sér. Ég vil ekki þurfa að eyða fleiri orðum að till., sem felur í sér slíka fjarstæðu.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson):* Ef tveir kjördagar eru hafðir, verður vitanlega ómögulegt að setja þá svo, að ekki megi segja, að þeir, sem síðar kjósa, hafi að sumu leyti betri aðstöðu. Með röksemdafærslu hv. 3. landsk. má í rauninni eins segja, að þeim, sem falla frá í sveitakjördæmunum frá því að þeir neyttu kosningarréttar síns til fyrsta vetrardags, sé veittur miklu betri réttur en þeim, sem eins stendur á með í kaupstöðum og kauptúnum. Þetta er engin ástæða til að vera á móti mínum brtt. Fyrir þessi sker verður aldrei synt, og till. hv. meiri hl. gera það ekki fremur en mínar. Ef það er rétt, að þetta sé eina ástæða hv. þm. til að greiða atkv. gegn till. mínum, vona ég, að hann hverfi nú frá villu síns vegar.

Þá verð ég að svara hæstv. forseta, sem gekk úr sæti sínu til þess að geta beint aths. sínum til mín. Einkum fann hann ástæðu til að skopast að því, að ég hefði talað um réttlætistilfinningu, og þótti það hin mesta goðgá. En ég vil nú mega segja: Skjóttu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er. Ef hann finnur slíka hvöt hjá sér til að fyllast háði og spé, ef minnzt er á réttlætistilfinningu, þá ætti hann að líta í grg. stjfrv. Þar stendur svo, — með leyfi hæstv. forseta:

„En um leið hefir kaupstöðunum verið gert töluvert erfiðara fyrir. Virðist engin

leið út úr því vandamáli, til að unna bæði sveitum og kaupstöðum **réttlætis** í þessu máli, en að hafa kjördegi tvo, fyrir sveitir á vorin, fyrir kaupstaði á haustin".

Þarna minnist hans eigin elskulega stj. á réttlæti, og finnst mér hv. þm. ætti að taka í lurginn á henni fyrir.

Það er annars ekki svo ýkjamikill munur á till. mínum og hæstv. stj. í þessu máli. Ef um öfgar er að ræða hjá mér, þá fer hæstv. stj. einnig með öfgar. Við erum sammála um aðalatriðið, að hafa kjördagana tvo, aðeins vil ég láta fleiri njóta réttlætisins. Því ber að sama brunni, hv. þm. á að beina ásökunum að sinni kæru landsstj., en ekki mér.

Annars var einn stór misskilningur í þessu máli hjá hv. þm. Hann var að beiðast þess, að sveitirnar fengju nú að vera í friði í nokkur ár með sinn kjördag. Vil ég þá fyrst minnast þess, hverjir það voru, sem ákváðu kjördaginn 1. vetrardag. Það voru bændur sjálfir, sem réðu því. Þá voru sárfáir embættismenn á þingi, og engir jafnaðarmenn til að standa fyrir öfgunum. Bændur ákváðu þennan kjördag þá vegna þess, að þeim þótti hann hentugastur. — En nú verða menn að muna það, að enginn fer fram á, að bændur séu sviptir kjördeginum að vorinu. Þeir hafa fengið sinn rétt. Hér er aðeins farið fram á, að þeir unni öðrum réttlætis jafnframt.

ATKVGR.

Brtt. 127,1.a. felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JóhJóh, JÞ, JKr, EÁ.

nei: HSteins, JBald, JónJ, PH, BK, EF, GÓ.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Brtt. 160 felld með 9:3 atkv.

— 127,1.b. (ný 1. gr.) samþ. með 7:3 atkv.

— 127,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 127,3 samþ. án atkvgr.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7:3 atkv.

Á 37. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 179).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 179).

Á 43. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Kvikmyndir og kvikmyndahús.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um kvikmyndir og kvikmyndahús (stjfrv., A. 20).

Á 7. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Eins og tekið er fram í aths. við þetta frv., þá lá fyrir síðasta þingi frv. um svipað efni, sem samþ. var í Ed., en dagaði uppi í Nd. Í umr. um það frv. var deilt um, hvort réttmætt væri að skattleggja kvikmyndahús eða ekki. Þar var tekin upp sú aðferð, samkv. till. frá merkum manni hér í bænum, að leggja gróðaskatt á kvikmyndahúsin, en hún náði ekki almennu fylgi.

Hér er um mikilsvert mál að ræða, og hefir það verið undirbúið rækilega í sumar, eins og sést á grg. frv. Nefndin, sem fær það til meðferðar, getur fengið fyllri gögn um málið frá þeim, sem hafa unnið að undirbúningi þess.

Annars er óþarft að fjölyrða um nauðsyn þessa frv. Alltaf koma fram fleiri hliðar á þessu máli, sem leiða það í ljós, að eftirlit með kvikmyndahúsum er nauðsynlegt. Þau eru að verða stærstur þáttur í fræðslu og skemmtanalífi bæjanna, og áhrif þeirra virðast aukast með hverju ári, sem líður.

Samkv. þessu frv. á skoðun og eftirlit að fara fram í Reykjavík með öllum kvikmyndum, sem sýndar eru á landinu, og er það að sjálfsögðu betra en tilsvarandi ákvæði í frv. því, sem flutt var á síðasta þingi.

Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa fyrir löngu sett lög um eftirlit með kvikmyndahúsum, hver í sínu landi. Og það er alkunnugt, að engin menningarþjóð tekur gilda myndaskoðun annarar þjóðar; en um það var mest deilt í umr. um þetta mál hér í deildinni í fyrra.

Í þessu frv. er eitt nýmæli, sem ekki kom fram á síðasta þingi, og vil ég sérstaklega vekja eftirtekt á því. Í 16. gr. er lagt til, að 10% gjald sé greitt af verði seldra aðgöngumiða á hverri kvikmyndasýningu, auk skemmtanaskatts, og rennur gjald það í höfuðkirkjusjóð, og skal ég í þessu sambandi skýra það nánar.

Í kjölfar þessa frv. á að koma annað frv., um höfuðkirkjur, sem mþn. í kirkjumálum hefir undirbúið. Hvað sem Alþingi kann að sýnast um þá hugmynd, þá kemst ég ekki hjá að gera nokkra grein fyrir henni nú. Fyrst verður að minnast á skattahlið þessa máls. Flestir telja, að kvikmyndahúsin selji nógu dýrt nú, þó að aðgöngumiðar þeirra verði ekki hækkaðir, og að sýningargjöld séu hér eins dýr og hjá öðrum þjóðum. En það verður að teljast óþarft. Í Danmörku er kvikmyndaskatturinn 40%, en hér er hann aðeins 10%, og samkv. þessu frv. er ætlazt til, að hann verði hækkaður um helming, svo að þrátt fyrir það verður hann helmingi lægri en í Danmörku. Verð aðgöngumiða á að haldast eins og það er nú, þannig að skattinum verði ekki velt yfir á notendur, heldur fá eigendur kvikmyndahúsanna að bera þá.

Þá hefir mikið verið deilt um, hvort gróðinn sé svo mikill af kvikmyndahúsunum, að þau geti borið hærri skatta en þetta. En þó að skattur á kvikmyndahúsum hér á landi yrði hækkaður upp í 40%, þá held ég, að þau mundu bera sig sæmilega vel, þrátt fyrir það. Ég ætla ekki að bera fram almenn rök fyrir því hér, en það er kunnugt, að fátt er jafnarðvænlegt í kaupstöðum og rekstur kvikmyndahúsa.

Samkv. 16. gr. frv. er sú breyt. gerð á, að hluthafar og eigendur kvikmyndahúsanna eru skattlagðir án þess að þeir geti velt skattinum yfir á almenning. Kvikmyndahúsin blómgast mjög vel í Danmörku, þó að á þeim hvíli helmingi hærri skattur en hér er til ætlazt.

En hvað er þessi höfuðkirkjusjóður? Kirkjumálanefndin hefir undirbúið það mál nokkuð, og er tilætlunin sú, að koma upp fögrum kirkjum á nokkrum stöðum í landinu, helzt sem svaraði einni í hverri sýslu, fyrir þann skatt á kvikmyndahús, sem hér um ræðir.

Hér í Reykjavík hefir nýlega verið reist hið veglegasta kirkjuhús, sem til er hér á landi, fyrir hinn litla katólska söfnuð hér í bænum, og jafnast það fyllilega við kirkjur í stærri borgum erlendis. En þjóðkirkjusöfnuðurinn notar fátæklega dómkirkju, sem byggð var á þeim árum, þegar Ísland var eins og hreppur í Danaveldi. Á þeim árum var hún mjög sómasamleg fyrir jafnlítið þorp og Reykjavík var þá. En nú fullnægir hún vitanlega ekki þeim kröfum, sem frjálst og fullvalda ríki verður að gera um dómkirkju. Reykjavíkursöfnuður hefir fundið þetta og skilið, og þess vegna hefir hér í bænum verið stofnað til samskota til kirkjubyggingar og farið fram á, að ríkið legði þar fjárfúlgu á móti. Enda verður það að teljast eðlilegt. Heiður þjóðarinnar liggur við, að hér í Reykjavík sé sómasamleg höfuðkirkja. En ég býst við, að það reynist örðugt að greiða úr ríkissjóði mikið fé til dómkirkjubyggingar. Og það er ekki nóg að uppfylla þessa þörf hér í Reykjavík, því að ekki er betur séð fyrir þessum efnum úti um land. Hefir m. a. verið stungið upp á ýmsum sögufrægum kirkjustöðum, þar sem reistar verði höfuðkirkjur, t. d. í Skálholti og Odda. Það mundi vel hæfa að reisá höfuðkirkju á Akureyri fyrir Eyjafjarðarsýslu og á

Borg á Mýrum fyrir Borgarfjarðarundirlendi, án þess að ég vilji gera um það ákveðnar till. í þessu sambandi.

Það, sem vakir fyrir kirkjumálanefnd, er fyrst og fremst að skattleggja kvikmyndahúsin og nota þann tekjustofn til þess að ráða bót á hinum fátæklega búnu og lélegu kirkjum, sem eru söfnuðunum til vansa. En söfnuðirnir hafa engin ráð á að bæta úr þessu, þannig að kirkjurnar verði í samræmi við aðrar steinbyggingar, sem reistar eru nú á tímum af einstaklingum til eigin afnota, og einnig af ríkinu til ýmiskonar afnota fyrir almenning. Það er Landakotskirkja ein, sem er í fullu samræmi við þær nýbyggingar, sem nú eru reistar. — Það er mikilsvert mál að hafa myndarbrag á kirkjunum, og styrkir mjög menningarstarfsemi þjóðarinnar. Því er ekki hægt að neita, að kirkjur, sem notaðar hafa verið eins og geymsluskemmur, hafa hlotið að kyrkja hinn andlega gróður á sviði trúmálanna og höggva stór skörð í menningarstarfsemi kirkjunnar.

Katólska kirkjan hefir góðan skilning á því, að nota listina til þess að styrkja trúboðsstarfsemina. Merkur prófessor í Danmörku, sem hefir skrifað sögu þjóðar sinnar, getur þess, að á 12. öld hafi þar verið byggðar 2000 kirkjur, og trúmálaáhugi þjóðarinnar lýst sér þá í því, að kirkjurnar væru traustlega byggðar og hin mesta prýði, enda standa margar þeirra enn í dag. Hér á landi voru kirkjur aðeins byggðar úr torfi og timbri og eyðilögðust því jafnóðum.

Að hverju beinast kraftar þjóðanna nú og hugir almennings? Hvert streyma hinar frjálsu gjafir, sem fjöldinn er fús til að láta af höndum, til svölunar þrám sínum og kröfum? Því er fljótsvarað. Allur fjöldinn fleygir út vasapeningum sínum fyrir grunnfærustu skemmtanir og augnagaman, sem sízt af öllu veita þeim nokkra menningarmöguleika. Hin daglega fjáreyðsla, sem kaupstaðarbúar fórna kvikmyndahúsunum, er hliðstæð þeim fjárframlögum, sem katólskir menn veittu kirkjum sínum á 12. og 13. öld af trúmálaáhuga.

Ég lofa þetta hvorki né lasta, þó að kvikmyndahúsin hafi gripið huga fólksins; en það er sýnilegt, að þau hafa ráð á að eiga stærstu samkomuhúsin í bæjunum, og engar viðlíka stofnanir græða eins mikið og þau. En þá kemur þessi spurning: Er ekki rétt að beina nokkru af þeim peningastraum, sem fólkið eyðir til þess að skemmta sér dálítið grunnfært, í annan farveg til menningarstofnana þjóðarinnar?

Alþingi hefir sett lög um skemmtanaskatt og ákveðið hann til byggingar þjóðleikhúss, en í sumar verður byrjað á byggingu þess. Kvikmyndahúsin hafa mjög lítið verið skattlögð enn sem komið er, og er hér aðeins farið fram á 25% skattgreiðslu; en það er helmingur af þeim skatti, sem kvikmyndahús greiða í Danmörku. Kirkjumálanefndin hefir stungið upp á því, að skattinum til höfuðkirkjusjóðs yrði skipt til helminga á milli dómkirkju í Reykjavík og höfuðkirkna annarsstaðar á landinu. En vera má, að Alþingi sýnist önnur ráðstöfun heppilegri í því efni.

Af því að þetta mál er svo margþætt, legg ég til, að því verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Jón Þorláksson: Ég ætla ekkert út í þann hluta af ræðu hæstv. dómsmrh., sem fjallaði um höfuðkirkjur og þeirra sjóð; enda er ekkert um það talað í því frv., sem fyrir liggur, og get ég því frestað að taka afstöðu til þeirrar till. En ég hjó eftir því, að hæstv. dómsmrh. sagði, að eftirlitið með kvikmyndahúsum hefði verið vanrækt hér að undanförnu. Mér finnst þetta nokkuð harður dómur um þann embættismann, sem skipar þá stöðu, er eftirlitsskyldan hvílir á hér í bænum, en það er lögreglustjórinn. Ef hæstv. ráðh. þykir þessi ádeila réttmæt, þá ætla ég ekki að deila við hann um það, enda hefi ég ekki kynnt mér það sérstaklega, hvernig eftirlitið er rækt.

Mér virðist, að samkv. þessu frv. verði myndaskoðuninni skár fyrir komið en til var ætlazt í frv. því, sem lagt var fyrir þingið í fyrra, en þar var gert ráð fyrir tveimur myndskoðunarmönnum í hverjum kaupstað, þar sem kvikmyndahús eru starfrækt. Þá skoðun, sem fram færi á einum stað, átti að taka gilda á hinum. Þessa myndskoðun áleit ég verri en ekkert.

Ekki verður því neitað, að myndskoðun sú, er frv. gerir ráð fyrir, er ærið dýr, og myndi auka allverulega rekstrarkostnað kvikmyndahúsanna. Venjuleg kvikmynd er ca. 2500 metrar á lengd. Með 8 aura gjaldi af hverjum metra myndarinnar næmu útgjöld þessi kringum 200 kr. á mynd hverja. Nú telst mönnum svo til, að sýndar séu ekki færri en 130 kvikmyndir hér í Reykjavík árlega, og er það há tala að tiltölu. Veldur fámennið sennilega mestu um það, að sama mynd verður ekki sýnd nema skamman tíma í einu. Yrði skoðunarskatturinn því sem næst 26 þús. kr. á ári. Að vísu gæti nokkur hluti þessarar upphæðar færzt yfir á kvikmyndahús úti um land, en tæplega sem nokkru nemi.

Hæstv. ráðh. kvað enga menningarþjóð láta sér nægja skoðun annars ríkis á kvikmyndum, og gæti slíkt því ekki komið til mála hér. Ég er á nokkuð annari skoðun. Ég tel okkur með öllu vansalaust að taka gilda myndaskoðun, þótt fram hafi farið í öðru landi, ef hún að öðru leyti er vel af hendi leyst, eins og ætla má um opinbera myndaskoðun menningarþjóða. Við höfum, fyrir fátæktar sakir og fámennis, ekki aðstöðu til þess að fara í öllu að hætti annara þjóða, enda eru staðhættir hér allt aðrir en erlendis, t. d. í Danmörku. Þar er að vísu skoðunargjaldið líkt því, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, eða kringum 6—7 aura á metra, en kvikmyndahúsin þar eru afarmörg og nota sömu myndirnar hvert eftir annað, svo að skoðunarkostnaðurinn er óverulegur á hvert þeirra. Myndi sá kostnaður láta nærri 3 kr. á hverja mynd, í stað 200 kr. hér, auk þess sem myndir eru dýrari hingað komnar. Munurinn verður geysimikill, og mér finnst hv. þdm. ættu að skoða hug sinn tvisvar, áður en þeir hníga að þessu ráði og leggja þennan skatt á kvikmyndahúsin. Enda get ég ekki betur séð en að þjóðir, sem standa á sama menningar- og siðferðisstigi eins og t. d. Norðurlandaþjóðirnar, gætu vel haft sameiginlega myndskoðun, í stað þess að ota hver sínum tota. Að okkur væri minnkun að því að nota erlenda skoðun, er hin mesta firra; hinsvegar ber ekki að skilja orð mín á þann veg, að ég sé því mótfallinn, að tekin sé upp myndskoðun hér, ef tækilegt væri fyrir kostnaðar sakir, en hitt vil ég leggja höfuðáherzlu á, að ákvæði þau, er að þessu lúta, séu miðuð við okkar hæfi og okkar þarfir.

Ég minnist þess nú, að í samnefndu frv., sem þingið hafði til meðferðar í fyrra, var sú missögn hjá hæstv. dómsmrh., að skattur á kvikmyndahúsum væri 40% í Danmörku, en 10% hér. Þetta er auk þess ekki sambærilegt, því að hér hvíla fleiri skattar á kvikmyndahúsum en skemmtanaskattur. Annars skal ég ekki fara frekar út í það að þessu sinni, gefst væntanlega tækifæri til þess seinna. Aðeins vil ég benda hv. þm. á það, að þótt kvikmyndahúsin í Reykjavík hafi borið sig sæmilega tvö síðustu árin, í góðærinu, og þó reyndar ekki betur en önnur fyrirtæki, sem minna ber á, þá ætti að gjalda mjög varhuga við að álykta, að svo verði og framvegis. Svo virðist, sem breyting sé í aðsigi á þessu sviði. Talmyndir ryðja sér æ meira og meira til rúms í heiminum, og margir eru þeirrar skoðunar, að þær muni bráðlega útrýma hinum eldri myndum. Afleiðingar þess verða óhjákvæmilega þær, að örðugra verður að fá góðar textamyndir, sökum þess að framleiðsla slíkra mynda verður nálega engin. Nú er það að vísu svo, að útbúnaður talmynda hefir tekizt mjög misjafnlega, t. d. hefir hann misheppnazt víðast hvar í Danmörku, og flest kvikmyndahús þar í landi, utan Kaupmannahafnar, hafa tekið upp aftur myndir með texta. En ef það tekst, að útbúa talmyndir svo að í fullu lagi sé, þá mun reynast torvelt að halda uppi sýningum með texta; munu verða dýrari, sökum rýrari framleiðslu, og minni aðsókn á sýningar. Hvort talmyndir á erlendum tungum ná hylli hér, vil ég engu spá um, en fremur þykir mér það tvísýnt, enda virðist t. d. reynsla Dana ekki styðja að því. Útbúnaðurinn er afardýr, en á hinn bóginn eru fæstir, sem verulega not hafa af ensku máli, en enska yrði einkum á talmyndum, sem hingað flyttust. Um þessa hluti er enn sem komið er hin mesta óvissa, og getur brugðið til beggja vona um framtíðarafkomu slíks atvinnuvegar hjá fámennri þjóð, sem talar sérstaka tungu, ólíka þeim höfuðtungum, sem talmyndir verða einkum á í framtíðinni. Skyldu menn forðast að á-

lykta djarfar en skynsamleg rök standa til.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að þeim röksemdum hv. 3. landsk., að lögreglustjórum beri að líta eftir kvikmyndahúsunum. Slík fullyrðing stafar vafalaust af misskilningi og vanþekkingu á meginatriðum þessa máls. Eftirlit það, sem hér er um að ræða, er nánast uppeldislegs og siðferðislegs eðlis, sem hingað til hefir algerlega vantað hér á landi hvað kvikmyndahús snertir. Að það liggi innan verksviðs lögreglustjóra, er á engum rökum reist. Hitt get ég eftir atvikum tekið undir, að heppilegra sé að hafa myndaskoðunina í Reykjavík gildandi fyrir allt landið, eins og frv. gerir ráð fyrir, í stað þess að láta skoða sérstaklega í hverjum kaupstað á landinu, eins og frv. í fyrra gerði ráð fyrir. Þó ber á það að líta, að með því fyrirkomulagi ættu kaupstaðirnir hægara með að fá myndir beint frá útlöndum; en þetta er ekkert höfuðatriði.

Hv. þm. óx mjög í augum, hve myndskoðunargjaldið væri hátt, og bar okkur saman við Dani í því efni. Ég skal benda honum á, að við höfum nú miklu lægri sætaskatt en Danir og engan myndskoðunarskatt. Sá maður, sem að miklu leyti hefir samið þetta frv., hefir kynnt sér þessi mál erlendis til nokkurrar hlítar og gefið Alþingi upplýsingar um skatt af kvikmyndahúsum þar. Annars er ég hv. 3. landsk. sammála um að hafa ekki myndskoðunina fyrir skattagrundvöll, en ég vildi ekki breyta þessu, heldur láta þingið gera það, ef því sýndist svo. En skoðunin verður þó að greiða þann kostnað, sem af henni leiðir. Frv. ætlast til, að afgangurinn renni til menningarþarfa. Ef Alþingi hnígur að því ráði að láta skoðunina aðeins borga sig, þá verður að sjálfsögðu að hækka sjálfan skattinn. En þetta er nánast sagt fyrirkomulagsatriði, og okkur hv. 3. landsk. ber í rauninni fremur lítið á milli. Ég vil, að þessi skattur sem aðrir sé réttlátur, en að engum sé skotið undan honum, sem ber að greiða hann, og að engri stofnun sé íþyngt með honum umfram ástæður.

Ég get alls ekki verið hv. þm. samdóma um það, að okkur væri vansalaust að notast við erlenda myndskoðun. Ég held, að hv. þm. muni ekki eftir því, að hann hefir alveg nýlega haft fataskipti. Hann gleymir nýju sjálfstæðisfötunum, sem hann nú er í, þó þau klæði hann ekki sem bezt. Hann mun hafa verið í íhaldsleppunum, þegar þessi setning varð til í höfði hans. Ég held hinsvegar, að enginn, sem í fullri alvöru lætur sig nokkru skipta sjálfstæði þessa lands, láti sér detta þessi aðferð í hug. Slíkt væri meiri undirlægjuskapur en frjálsborin þjóð getur við unað.

Um bollaleggingar hv. þm. viðvíkjandi talmyndum skal ég ekki fullyrða að svo stöddu. Engin óyggjandi reynsla er fengin um þá hluti. En næsta ólíklegt virðist mér þó, að til þurrðar muni draga um kvikmyndir og kvikmyndaframleiðslu í heiminum. Myndagerðin er afarmikil í heiminum, og í sumum löndum allverulega atvinnugrein, svo að varla þarf að kvíða því, að veröldin verði kvikmyndalaus, fremur en t. d. stálvörulaus eða fataefnalaus. Hvað snertir málaþekking almennings hér á landi, þá má fullyrða, að hlutfallslega ekki eins margir kunna t. d. ensku hér á landi eins og á Norðurlöndum; annars skiptir þetta ekki beint máli. Annars skal ég engu spá um það, hvort stóru löndin verða kvikmyndalaus í framtíðinni, en ef svo færi, yrðu litlu löndin annaðhvort að notast við gamlar textamyndir eða búa til talmyndir á sínum tungum.

Jón Þorláksson: Ég hirði ekki um að elta ólar við útúrsnúninga hæstv. ráðh. um eftirlitsskyldu lögreglustjóra. Hitt sagði ég, og í fullri alvöru og með fullum rökum, að í orðum hæstv. dómsmrh. lá hörð aðfinnsla á embættisrekstri þess manns, sem hann sjálfur hefir sett sem lögreglustjóra í þessum bæ, en undir hann hefir að réttu lagi heyrt slíkt eftirlit og annað. Ég vil alls ekki taka undir þau ummæli ráðh., að eftirlitið hafi verið vanrækt. Ég hygg, að það hafi verið framkvæmt nokkurnveginn eftir þörfum og eftir því sem aðstaða hefir leyft.

Hæstv. ráðh. var auðsjáanlega að leitast við að vera fyndinn, þegar hann talaði um sjálfstæðisfatnað og þvílíkt í sam-

bandi við myndskoðunina. Ég get nú satt að segja ekki séð neitt sjálfstæðisatriði í því, hvort við skoðum sjálfir þær myndir, sem sýna á hér á landi, eða við tökum gilda erlenda skoðun á erlendum myndum, sem tilbúnar eru erlendis. Sönnu nær væri að tala um sjálfstæðisatriði, ef um væri að ræða íslenzkar myndir með íslenzkum textum. Ef við eigum að skoða hverja einustu mynd erlenda, sem hér er sýnd, enda þótt búið sé að skoða hana í hverju landinu eftir annað og full trygging þannig fengin fyrir gæðum hennar, hlýtur það að baka okkur tilfinnanlegan kostnað, og öldungis að óþörfu. Að tala um sjálfstæði og þjóðarmetnað í sambandi við þetta, eru slagorð ein og gaspur út í bláinn.

Út af hinni misheppnuðu fyndni ráðh., sem ég drap á áðan, skal ég segja honum það, að **hann** er ennþá í sömu fötunum, sem hann var í þegar hann kom til valda, og sem hann hefir ávallt verið í síðan, við þá starfsemi, sem honum er tömust og lætur bezt, og sem áþekkast er starfi fuglanna á vorin, nefnilega að búa til **hreiður.** Með þessu frv. er verið að búa til eitt slíkt hreiður, til þess að geta klakið þar út einu pólitísku dindilmenni og alið það þar á sveita annara. Þessi er frumtilgangur þessa frv., þótt reynt sé að láta öðruvísi sýnast.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég held ég geti sparað mér langt mál út af ummælum hv. 3. landsk. um embættisrekstur núv. lögreglustjóra í Reykjavík. Ég held, að Reykjavíkurbær hafi sýnt það í dag, að hann kann að meta hæfileika þessa manns, með því að kjósa hann í bæjarstjórn. Þarf hv. þm. því ekki að tala um mína persónulegu skoðun á verðleikum þess manns, því hann hefir nú hlotið miklu meiri traustsyfirlýsing en ég er megnugur að veita. Hinsvegar ætla ég hvorki að lofa eða lasta eftirlit þeirra tveggja manna, sem hér er um að ræða; hvorugur þeirra hefir haft aðstöðu til þess, og enda ekki verið til þess ætlazt af þeim. Þetta veit hv. þm. ósköp vel, eða a. m. k. ætti að vita. Því er brýn nauðsyn þess, að Alþingi setji lög um þessi efni og feli eftirlitið ákveðnum mönnum. Að fela lögreglustjórum þetta eftirlit er fjarstæða; það mætti þá eins fela þeim að líta eftir sáluhjálparefnum manna, líkt og prestarnir gera; hvorttveggja er jafnfráleitt.

Ég verð að furða mig stórlega á því, að hv. þm. skuli enn vera að reyna að halda erlendri myndskoðun til streitu sem gildandi fyrir okkar land. Hv. þm. ætti að geta skilið það, að myndskoðunin er í sjálfu sér lítið verk, og þyrfti því ekki að skattleggja myndirnar að neinu ráði til þess að hafa upp þann kostnað, ef horfið væri að öðrum skattgrundvelli. En myndskoðun verður að komast á hér á landi sem allra fyrst. Almenn óánægja ríkir í bænum yfir því, að margar myndir, sem hv. þm. segir, að skoðaðar hafi verið í Danmörku og erlendis, eru mjög siðspillandi og hafa háskasamleg áhrif, svo sannanlegt sé. Það er menningar- og siðferðiskrafa þjóðarinnar, að hætt verði að sýna siðspillandi kvikmyndir, ekki síður en að stemma stigu fyrir drykkjuskap á almannafæri. Þessar kröfur þagna ekki, og mega ekki þagna; fyrr en komið er á fullkominni myndskoðun hér á landi.

Þá var það dálítið klaufalegt hjá hv. þm., er hann talaði um, að með frv. þessu væri verið að búa til garða handa vinum stjórnarinnar. **(JÞ:** Ég sagði hreiður). Eftir því væri hér verið að skapa möguleika fyrir fleiri en þennan atvinnuveg stunda, til þess að lifa á honum. En þá er hv. þm. kominn í mótsögn við sjálfan sig, því áðan sagði hann, að frv. legði svo háan skatt á þessa atvinnugrein, að hún myndi ekki undir rísa.

Ég held, að hv. þm. hafi í ræðu sinni afsalað þessum tilgangi miklu betur heldur en ég eða aðrir hefðu getað gert það. Röksemdir hv. þm. stangast svo greinilega hvor við aðra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:4 atkv. og til allshn. með 8:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Fimmtardómur.

Á 1. fundi í Ed., 21. jan., var útbýtt: **Frv. til l. um fimmtardóm** (stjfrv., A. 22).

Á 9. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Árið 1919 samþ. Alþingi lög um það, að flytja æðsta dómsvald íslenzkra mála frá Danmörku til Íslands, og hefir hinn íslenzki hæstiréttur síðan verið aðaldómstóll í íslenzkum málum. Um þennan heimflutning hafði staðið löng barátta, sem ég ekki skal fara út í hér. Danir höfðu ekki tekið létt í það mál, þegar Íslendingar hreyfðu því fyrst að flytja æðsta dómsvaldið heim, enda var það fyrst eftir að sambandslögin gengu í gildi að Alþingi gerði þetta.

Í grg. frv. 1919 er rakin lauslega saga málsins, en aðeins frá þeim tíma, er Íslendingar misstu sjálfsforræði sitt og gengu Noregskonungi á hönd, og fluttist þá æðsta dómsvald í landinu til hins erlenda konungs. Síðan leið þar til á 17. öld, að hæstiréttur Dana fékk að lögum æðsta dómsvald yfir íslenzkum málum, og hélzt það líka þar til árið 1919. En í þessari grg., sem var með frv. 1919, hafði höfundi frv. láðzt að geta þess, að þar var langur tími í sögu Íslands, sem hlaupið var yfir, nefnil. allt þjóðveldistímabilið, þegar Ísland hafði sinn eiginn dómstól, og var fullkomlega stofnað til hans eins og æðsti dómstóll átti að vera, en því hafði alveg verið gleymt, að okkar æðsti dómstóll hét fimmtardómur. Það vita allir, að fornmenn völdu þetta nafn af því, að þeir höfðu áður fjóra dómstóla, einn fyrir hvern landsfjórðung, og þegar þeir bættu við fimmta dómstólnum, nefndu þeir hann fimmtardóm. Nú þykir mér það furðu gegna, og má þó kannske afsaka það, þótt svo yrði í hita baráttunnar, sem þá var, þegar við fengum æðsta dómsvaldið inn í landið, að þá skyldi dómstólnum valið heiti, sem bæði var málfræðilega rangt og auk þess aðeins léleg þýðing á nafni þess dómstóls, sem við gjarnan vildum losna við. Ég segi, að það sé málfræðilega rangt, af því að við höfum ekki nema tvö dómstig, og það er ekki hægt að tala um hæstan af tveimur. Nafn réttarins er rétt hugsað á dönsku, þar sem dómstigin eru þrjú. En ég segi það, að mig furðar á því, að á þeirri miklu frelsisöld, sem hér var 1918 og 1919, að menn skyldu ekki hafa meiri metnað í þessu máli en það, að þeir flyttu aðeins yfir á íslenzka tungu ranga þýðingu á nafni danska dómstólsins, sem þeir áttu við að skipta, sérstaklega þar sem það átti ekki við, og mig furðar, satt að segja, meira á því, að á þeim tíma skyldi engin rödd vera uppi á Alþingi hjá leiðtogum þjóðarinnar um það, að hnýta aftur þræðina milli nútímans og lýðveldistímans forna, m. a. með því að taka aftur upp nafnið á okkar gamla dómstóli, taka upp nafn fimmtardómsins.

Ég ætla að leyfa mér um leið og ég vík að þessu atriði, að minnast á frændþjóð okkar, Norðmenn, sem hafa alveg hliðstæða reynslu og við höfum í okkar þjóðfélagi, þeir hafa sína gullöld og hnignunaröld eins og við, og sömuleiðis sína viðreisnaröld. Á hnignunaröld Norðmanna, eins og Íslendinga, setti erlend þjóð og erlend þróun djúp spor að ýmsu leyti í líf hinnar norsku þjóðar, og hafa Norðmenn síðan, á sinni viðreisnaröld, gert margt og mikið til að tengja aftur þræðina við fornöldina. Þeir hafa numið í burt dönsk nöfn, t. d. af höfuðborg sinni. Þeir hafa numið í burt nafn, sem þeim finnst að Danir hafi ranglega sett á Niðarós, og í málbaráttu sinni reyna þeir á hverju ári að fjölga þeim orðum úr norrænu máli, sem þeir taka upp, af því að þeir vilja tengja aftur þræðina, sem binda þá við fornöldina. — Það er enginn vafi á því, að í Noregi eru það þjóðræknu mennirnir, sem gengið hafa lengst í því að tengja saman fortíðina og nútímann. Má vitanlega deila um, hversu langt skuli ganga, en það eru þjóðræknustu mennirnir, sem lengst hafa viljað ganga, og það eru hinsvegar óþjóðræknu mennirnir í Noregi og á Íslandi, sem vilja halda sambandinu við Dani í menningarmálefnum eins og því, sem hér ræðir um. Ég get hugsað mér, að það sé nokkuð svipað ástatt hjá Norðmönnum og okkur, enda verður kannske nokkuð á það reynt,

hvort Alþingi, á því merkilega ári, sem yfir stendur, finnst ekki að mörgu leyti heppilegt að sýna það nú á verklegan hátt, að það ætli að muna eftir því, að þjóðin hefir einu sinni verið lýðveldi og verið alfrjáls. Mér detta í hug nokkrar setningar úr ræðu eftir Paasche prófessor, er hann var að lýsa einum þætti í þjóðernismálum Norðmanna. Það var árið 1905, þegar Noregur var að verða sjálfstætt ríki og öllu sambandi hafði verið slitið við Svíþjóð. Þá var það á krýningarhátíðinni, er mikill mannfjöldi hafði safnazt saman á torginu fyrir framan konungshöllina í Osló, að danski prinsinn, sem Norðmenn höfðu valið sér til konungs og hafði tekið sér nafnið Hákon, kom fram á svalirnar. En mannfjöldinn sagði ekki neitt; svo kom litli sonur prinsins, sem hafði verið nefndur Ólafur, fram á svalirnar. Faðir hans tók hann í fang sér og hélt honum upp, og þegar lýðurinn sá Ólaf, tilvonandi konung sinn, þá byrjuðu endalaus fagnaðaróp, og það var af því að fólkið fann, að nútíðin var þá að tengjast við fornöldina, þegar norskar hetjur, Ólafarnir, gerðu garðinn frægan. Það getur vel verið, að einstöku íslenzkir afturhaldsmenn brosi að þessu, þeir menn, sem aðeins vilja skreyta sig með fallegum nöfnum, en ég er ekki viss um, að þjóðin muni meta það til lengdar, sem felst í slíku brosi.

Ég segi það, að meðferð málsins á þingi 1919 sýnir glögglega, svo að ekki verður um deilt, að það var hrapað mjög að þeirri vinnu, sem lögð var í frv. um þennan aðaldómstól landsins. Það er játað af þeim ráðherra, sem bar málið fram, Jóni heitnum Magnússyni, að hann hafi fengið Einar prófessor Arnórsson til þess að undirbúa málið, sem fær svo þann undirbúning, að hann fjallar einn um það fyrir þing og fylgir því í nefndum beggja deilda. Um málið urðu tiltölulega litlar umr., það voru aðeins þeir Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn., og Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sem hreyfðu lítillega andmælum og vildu fresta því. Sérstaklega benti Gísli Sveinsson á erfiðleikana á því að hafa ávallt mikinn fjölda fræðilega menntaðra manna, bæði til að fylla hæstarétt og lagaskólann, en það var ekki sinnt mótmælum, sem fram komu. Málið var m. a. borið undir landsyfirréttinn, sem þá var lagður niður, og landsyfirréttur gerði till. um málið, aðallega eina, sem þingið sá sér þó ekki fært að taka til greina, því að stj. og höfundur frv. héldu fast við það, að málfærslan skyldi aðallega vera munnleg, en þess óskuðu ekki þáverandi dómarar í landsyfirréttinum, en þingið hélt þó sína leið í því efni. Gæti það vel orðið Alþingi að fordæmi, ef núverandi hæstiréttur skyldi spyrna á móti sjálfsögðum endurbótum, eins og landsyfirrétturinn gerði 1919.

Það, sem einkennir frv. það, er samþ. var árið 1919, er það, að það er ekki sjáanlegt, að Íslendingar hafi vitað, að það væri nein réttarþróun til önnur en sú, sem annaðhvort hefði gerzt í landsyfirréttinum eða hjá Dönum. Íslenzki hæstiréttur er dálítið stækkaður landsyfirréttur með því að lána úr hæstarétti Dana nokkur atriði, og þá einkum þau, sem úrelt þykja þar í landi. Þá fengum við inn í hæstarétt okkar form, sem voru orðin meira eða minna úrelt, sem búið var að breyta í öðrum löndum, og sem ekkert var um talað af þm. árið 1919. Á ég þar við hina lokuðu og leyndu atkvgr., sem var flutt til okkar frá Danmörku. Þessi sparsemi, ef ég á að kalla það svo, þegar við vorum að verða sjálfstæðir, að líta þá ekkert annað en til sambandslandsins, er máske hugsun, sem var eðlileg þá, en nú, síðan árið 1918, hefir íslenzka þjóðin teygt úr sér og veit betur en áður, hvað hún vill. Og eitt hefir tekið geysilegum breyt. síðan þá, þ. e. að nú þora Íslendingar að standa í beinu sambandi við allar menningarþjóðir, í stað þess að gamla kynslóðin var mótuð á þann hátt, hvaða nöfn sem hún kann að hafa valið sér í sjálfstæðisbaráttunni, að hún átti mjög bágt með að hugsa sér, að hægt væri að læra nokkuð utan Danmerkur. Þetta lítillæti kom fram í því, hvernig aðaldómstóllinn var gerður úr garði, en af því leiddi aftur, að ekki liðu nema fá ár þangað til komu fram till. frá ýmsum þm. um breyt. á réttinum. Má þar m. a. nefna till. Sigurðar Sigurðssonar um að fresta heimflutningi dómsins, og meðal þeirra manna, sem greiddu atkv. með till., var

síra Sigurður Stefánsson í Vigur. Og það líða svo ekki nema fá ár, þar til önnur till. kom fram frá Sigurði í Vigur, um að minnka réttinn, og síðar kom till. í sömu átt, á þinginu 1923, frá einum framsóknarþm. Enn kom sú krafa fram árið eftir, m. a. frá þáverandi forsrh., Jóni heitnum Magnússyni, sem vann þá að því með nokkrum af okkur framsóknarmönnum að breyta réttinum þannig að gera hann fámennari, svo að ekki væru nema þrír dómendur, og að rétturinn kysi sér sjálfur sinn forseta, í stað þess að hann hafði áður verið skipaður. Þessi breyt. gekk í gegn á þinginu 1924, og hefir síðan verið búið að því. En þó er ekki hægt að segja annað en að stöðugt hafi komið fram raddir um nýjar breyt. Málafærslumannafélagið, og máske lögfræðingar yfirleitt, hafa hallazt að því, að dómurinn þyrfti að vera fjölmennari, og þær kröfur orðið háværari eftir því sem árin hafa liðið. En þar hefir jafnan verið tvennu til að svara, fyrst, að rétturinn yrði dýrari með því, og að það væri töluvert erfitt að hafa á hverjum tíma 9 sérstaklega vel menntaða lögfræðinga, sem vildu sinna kennslu við háskólann og vera dómarar í hæstarétti og ritari þar.

Þessi átök, sem orðið hafa í þjóðlífinu um form hæstaréttar, hafa svo ennfremur stuðlað að vaxandi tilhneigingu til að líta svo á, að það hafi verið of haldlítil undirstaða, sem byggt hafi verið á árið 1919, og menn hafa litið svo á, að ef ætti að fara að breyta réttinum á annað borð, þá yrði að taka allt til greina, bæði reynslu Íslendinga og annara menningarþjóða.

Þetta mál þurfti því að taka til rækilegrar yfirvegunar á grundvelli vaxandi kjarks og þjóðarþroska. Það þurfti að taka forna og nýja innlenda reynslu til greina og samræma hana löggjöf og reynslu hinna helztu menningarþjóða. Að þessu hefir nú verið nokkuð unnið síðustu tvö árin. Það hefir verið gripið inn í umbætur á réttarfarsmálum á vissum sviðum. Hér í Reykjavík hafa lögreglumálin og tollgæzlan verið aðskilin og dómarastarfið aðgreint betur frá lögreglumálunum en áður var. Þessi breyt. hefir nú þegar gefizt prýðisvel. Og Reykjavíkurbær og landið allt hefir tekið fegins hendi móti þessari breyt., sem m. a. sést á því, að nú fyrst hefir þótt fært að fjölga lögregluliðinu um nálega helming, þegar góð stj. var fengin á þau mál. Einnig get ég nefnt annað dæmi, er að ríkissjóði veit. Eftir að nýi lögreglustjórinn var tekinn við, komu inn á fáum dögum 20—25 þús. kr. fyrir gömul óinnheimt verzlunarleyfisgjöld, sem ekki höfðu náðzt inn meðan annríkið við tollmálin lá á sama manni. Þessi breyt. hefir því gefizt ágætlega. En hún var í því fólgin, að laga þessi verkefni eftir beztu innlendri reynslu og erlendum fyrirmyndum.

Vegna breytinganna, sem núverandi stj. hefir gengizt fyrir og framkvæmt, hefir Reykjavík fengið stórum endurbætta tollgæzlu, löggæzlu og dómsframkvæmd. Í stað hins magnaðasta sleifarlags, sem gat átt við hjá útpíndri hjálendu, er nú á allar þessar greinar tollgæzlu, löggæzlu og dómstarfs kominn sá myndarsvipur, sem er samboðinn frjálsri þjóð. Og hvers vegna að hika hér á umbótabrautinni?

Í fangelsismálunum hefir líka verið gengið inn á nýja braut, sem einnig hefir gefizt vel. — Þegar núv. stj. tók við, þá var ástandið þannig, að dæmdir fangar urðu að bíða svo árum skipti eftir því, að hægt væri að láta þá taka út hegninguna, vegna þrengsla í hinu eina fangelsi landsins, enda féllu framkvæmdir á hegningu víst býsna oft niður. Og þetta eina fangelsi var svo vanrækt, svo sóðalegt og óheilnæmt, að læknir fangelsisins varð hvað eftir annað að skipa svo fyrir, að fangar væru teknir þaðan, eða þeim sleppt, vegna þess að hann taldi, sem rétt var, að þjóðfélagið hefði ekki leyfi til þess að gera þessa veslings menn að heilsulausum aumingjum, eða beint að stytta þeim aldur í fangelsinu. Nú hefir svo verið úr þessu bætt, að ekki er lengur hætta með líf eða limi fanganna. Hálfbyggðum spítala á Eyrarbakka var breytt svo, að þangað mætti láta allmarga fanga. Þetta hefir verið gert eftir þeirri reynslu, sem bezt var hér á landi, þegar vinnufangelsið var starfrækt hér á 18. öld, og eftir beztu nútíðarfyrirmyndum erlendum. Þetta, ásamt endurbót á gamla fangelsinu hér, hefir komið hegningarmálunum úr alveg óviðunandi

ástandi, sem aðeins var samboðið hálfmenntaðri þjóð, og í það horf að vera í röð þess bezta, sem þekkist í Norðurálfunni.

Blöð andstæðinga Framsóknarflokksins hafa byrjað mikinn hávaða gegn þessu frv. Flestum þeirra hefir gengið til fáfræði, ef ekki annað verra. Sennilega hafa fáir af þeim, sem mest hafa fleiprað móti endurbót á aðaldómstóli landsins, gætt þess, að núverandi stj. er búin að sýna í verki, að hún er jafnfær um að kippa réttarfarsmálunum í lag eins og íhaldsflokkurinn var ófær til að stýra slíkum málum meðan hann hafði til þess aðstöðu.

Þær breyt., sem fyrir liggja í þessu frv., eru byggðar á sömu meginstefnu og þær breyt., sem ég var að minnast á, sem sé að sameina beztu íslenzkar fyrirmyndir þeirri skipun á þessum málum, sem bezt þekkist hjá öndvegisþjóðum heimsins, í stað þess að núverandi lög um æðstu dómaskipun eru eingöngu bundin við næstu reynslu hér og í Danmörku.

Kem ég þá að frv. sjálfu, og hefi ég nú þegar gert grein fyrir nafni þess, sem er einmitt byggt á þeirri hugsun, að okkur beri eins og þeirri þjóð, sem er að vinna og treysta sjálfstæði sitt, að hnýta þá strengi við lýðveldistímann, sem brostið hafa á niðurlægingartímum þjóðarinnar. Þetta gerir nafn það, sem frv. þetta velur æðsta dómstól þjóðarinnar, enda þótt fyrirkomulag dómsins verði vegna breyttra staðhátta nokkuð annað en í fornöld, alveg eins og Alþingi 19. og 20. aldarinnar er að ýmsu leyti breytt frá Alþingi þjóðveldistímans, en heldur þó sama nafni og er arftaki hinnar fornu stofnunar. Það Alþingi átti við þá tíma, eins og núverandi Alþingi á við okkar tíma. — Ég tel okkur mega vera stolta af þessu nafni á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Og okkur hefir aldrei dottið í hug að fella það nafn niður, né þann ljóma, sem af því leggur og sem tengir okkur við lýðveldistímann.

Ég kem þá að efnisbreytingum frv. frá því, sem nú er. — Hin fyrsta er þá sú, að gera æðsta dómstólinn fjölmennari og þar með sterkari, án þess að það þurfi að valda miklum kostnaði og án þess að binda störf of margra beztu lögfræðinganna við dóminn og háskólann. Sú leið er því valin, að fimmtardóminn skipi þrír fastir dómendur, en að þeir svo geti bætt við sig tveimur af lagaprófessorum háskólans, þegar dæma skal í vandasömum málum. Við þetta vinnst þrennt: 1) aukið réttaröryggi, 2) ódýrt fyrirkomulag, 3) betri nýting þeirra krafta, sem þjóðin á á að skipa. Í þessu frv. er því reynt að sameina hinar gagnstæðu kröfur, sem mest hefir borið á og mest hafa stangazt: öryggiskröfuna og sparnaðarkröfuna. Mörg þeirra mála, sem til hæstaréttar koma, eru ekki margbrotin né umfangsmikil. Svo er t. d. um flest ölvunarmál, bifreiðamál o. fl. Í flestum tilfellum mundu því þrír dómarar nægja. En svo koma alltaf við og við stærri mál fyrir dóminn; þá kemur viðbótin til greina.

Þá kem ég að einu atriði frv., sem gert hefir verið nú þegar að umtalsefni í sumum blöðum, og jafnvel verið talið stjórnarskrárbrot. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að fimmtardómarar leggi niður embætti sín, þegar þeir eru 60 ára að aldri, að undanteknum þó núverandi dómurum, sem mega samkv. frv. sitja þar til þeir eru 65 ára. Ég skal ekki fara langt út í það atriði að sinni. Má vera, að ástæða verði til að gera það nánar síðar. Ég vil þá fyrst geta þess, að frá mínu sjónarmiði er þetta ekki svo stórt atriði, hvort sett eru 60 eða 65 ár. Erlendis er þetta nokkuð mismunandi um starfsmenn landanna í vandasömum stöðum. En hjá hernaðarþjóðum eru þó sjóliðsforingjar látnir fara frá um eða rétt eftir 60 ára aldur. Til þess vandasama starfs, að fara með herskip nútímans, þykir ekki vogandi að hafa eldri menn en 60 ára. Hernaðarþjóðirnar segja, að ekki megi treysta því, að menn, sem eru eldri en sextugir, geti unnið af fullum krafti. — Sama hugsun liggur á bak við þetta frv. Ég vil taka það fram, að einum þeirra, er vann að þessu frv. og sem er góður lagamaður, þótti þetta takmark of lágt. Annar, ágætur laga- og fræðimaður, hefir talið þetta takmark hæfilegt. En eins og ég tók fram áður, þá er þetta ekki verulegt atriði. Verður sú nefnd, er fær mál þetta til meðferðar, og hv. Alþingi að meta, hvort þetta þykir heppileg og sjálfsögð breyting gagnvart mönnum, sem hér

eftir fá í fyrsta sinn skipun í aðaldómstól landsins.

Þá er síðasti liður 8. gr., sem máske getur orkað tvímælis. Í núgildandi lögum um hæstarétt er það ófrávíkjanleg regla, að dómendur skuli hafa hlotið 1. einkunn við lögfræðipróf. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að frá þessu megi víkja, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og dómurinn mælir með. Er hér gert ráð fyrir því, að um aðra verðleika sé að ræða en hátt próf. Þetta getur því verið heppilegt ákvæði. T. d. má geta þess, að sumir menn, sem komizt hafa í háar stöður í okkar þjóðfélagi, hefðu vegna ákvæðanna um 1. einkunn ekki verið gjaldgengir í dóminn. Svo var um Hannes Hafstein, Svein Björnsson og Sigurð Eggerz, svo dæmi séu nefnd. Nútímaviðhorf til einkunnargjafa er líka orðið nokkuð annað en áður var. Það er minna gert úr prófunum og dúxagáfunum en áður var. Þeir menn, sem bezt reynast í lífinu, eru einatt þeir, sem hafa skapandi gáfu, en ekki þeir, sem hafa aðallega móttökuhæfileika.

Það er vitaskuld, að við 1. umr. mun ég eigi ræða um annað en meginstefnu frv. Kem ég þá næst að launakjörum dómaranna samkv. frv. Er gert ráð fyrir því, að hinir föstu dómarar hafi að launum 12 þús. kr. auk dýrtíðaruppbótar. Ég trúi varla öðru en Alþingi finnist hér stillt í hóf, ef annars á að breyta dómnum í nútímahorf. Ég held, að óviturlegt sé að borga hæstaréttardómurum jafnlítið og nú er gert. Ég hefi í öðru máli í Nd. nú nýlega vikið að því, að ómögulegt er að fá vel hæfan verzlunarmann fyrir svo lítið. Ef til þess er ætlazt, að góðir menn fáist í þessar stöður, þá verður að launa þeim sómasamlega, en þó svo, að í hóf sé stillt. Og hér er mjög í hóf stillt, ef miðað er t. d. við launakjör flestra bankastjóra, sem eru talsvert hærri. Í aths. við frv. þetta er líka tekið fram eitt atriði, sem á skylt við launakjörin. Það gæti jafnvel hugsazt, að rétt hefði verið að ákvæði stæði um það í frv. sjálfu, þótt því hafi verið sleppt að sinni. Það er um utanferðir dómara. Ég held fyrir mitt leyti, að það væri alveg nauðsynlegt, að dómararnir gætu farið utan, helzt 3. hvert ár hver, til þess að kynnast straumum helztu menningarþjóðanna og mynda kynningarsambönd við þá dómara erlendis, er fremstir þykja á hverjum tíma. Þetta tel ég nauðsynlegt. Það er erfitt að sitja í vandasömu embætti hér á landi án þess að standa í lífrænu sambandi við menningarþjóðir þær, sem næst búa og eru Íslendingum skyldastar. Ég býst við því, að ástæðan til þess, hve lítið hefir verið gert að utanferðum íslenzkra embættismanna í vandasömum stöðum, sé sú, að launin hafa verið of lág og lítið um sérstaka styrki í því skyni. Þó má og vera, að deyfð hafi nokkru um það valdið. Þetta tel ég vera eitt af þeim atriðum, sem sýna það, að frv. þetta er byggt á öðrum grundvelli en lögin voru frá 1919. Þau lög voru gerð líkast því, sem allar rætur þjóðlífs okkar lægju í Danmörku.

Í kaflanum um málflutningsmennina hygg ég, að það atriði sé til bóta, að þeim er gert að skyldu að mynda með sér félagsskap, þar sem gætt sé hins stranga „mórals“, sem menningarþjóðir heimta, að einkenni þá stétt. Þessi nýmæli eru þó ekki sett inn af neinu vantrausti á málflm. hér, heldur af því, að þetta hefir reynzt vel hjá öðrum þjóðum. Þar hefir þetta aukið ábyrgðartilfinningu stéttarinnar gagnvart einstaklingnum. Ég hygg, að einnig hér hafi fundizt einstaklingar, sem borið hafa þetta virðulega nafn, en sem þó hafa eigi verið nógu gætnir um fjárreiður sínar eða annað. Þessir liðir eru þrautreyndir í öðrum menningarlöndum, og enginn vafi er á, að þeir munu líka verða til verulegs gagns hér á landi.

Ég kem þá að síðustu ákvæðum frv., er ég vildi minnast á að þessu sinni. Er þar að mínu áliti og margra annara um að ræða merkasta nýmæli frv. Það er ákvæðið um það, að dómsatkvæði og rökstuðningur þeirra skuli vera opinber. Eins og unnið var að lögunum 1919, var eðlilegt, að atkvgr. væri höfð leynileg. Svo var það í Danmörku, og Jón Magnússon og hans menn sóttu yfirleitt ekki fyrirmyndir sínar út fyrir það land. En nú er þetta orðið úrelt og reynslan sýnir einmitt, að eins og hagar til hér á Íslandi, að dómstóll hlýtur jafnan að vera fámennur, er þetta mjög óheppilegt ákvæði.

Þegar Norðmenn fyrir nokkrum árum breyttu þessu hjá sér, þá var af þingsins hálfu beðið umsagnar hæstaréttar um

þetta atriði. Dómararnir voru þá á því að hafa leynilega atkvgr. En norska þingið fór ekki eftir því, og nú er svo komið í Noregi, að enginn hæstaréttardómari mundi aftur vilja taka upp leynilega atkvgr. Svo góða raun telja þeir, að opinber atkvgr. hafi gefið. En hver munur er nú á þessu tvennu? Hann er sá, að við leynilega atkvgr. er að vísu hægt að fá bókað ágreiningsatkv., en slíkt verður þó í raun og veru nokkurskonar uppreisn gagnvart meiri hl. dómendanna, og er því sjaldan gert. Það getur því farið svo, að minni hl. dómsins, sem hefir sínar vissu tilfinningar gagnvart réttlæti úrskurðar, verði að bera fulla ábyrgð með hinum dómendunum, þótt hann komi þar hvergi nálægt. Þetta er ekki gott og gæti orðið til þess, að rétturinn losnaði frá þrýstinni í landinu. Það er hægt að gera ráð fyrir þeim möguleika, að réttarmeðvitund almennings færi eftir öðrum hugsunarbrautum en dómararnir falla inn í, ef þeir þyrftu aðeins að fella dóma sína í ábyrgðarleysi hópsins. Væri slíkt hið mesta mein, ef fyrir kæmi. Alveg eins og Alþingi er opið og Alþingistíðindin prentuð, svo að hver kjósandi getur fylgzt með því, sem þar gerist, og alþm. þannig verður ábyrgur orða sinna og atkv. og verður að standa kjósendum sínum og þjóðinni allri reikningsskap — eins eiga dómstólarnir að vera opnir og dómararnir að skýra í heyranda hljóði frá dómsatkv. sínu. Þar á enginn feluleikur að koma til greina.

Hin opinbera atkvgr. dómara er réttarumbót, sem hinn siðaði heimur er nú sem óðast að taka upp. Og því skyldum við ekki einnig, Íslendingar, fremur kjósa að taka upp betri aðferðina en að halda þeirri lakari? Minnumst okkar einkennilegu dóma að fornu, þegar hver dómandi frammi fyrir öllum almenningi skýrði frá dómi sínum hátt og snjallt, svo að engum duldist, hvort hann misbeitti valdi sínu eða ekki.

Það er ríkari þörf á því hér á Íslandi en í mörgum öðrum löndum, að dómarar lýsi opinberlega yfir dómsatkv. sínu. Ekki af því, að okkar íslenzku dómarar séu viðsjárverðari og meiri gallagripir en dómarar í öðrum löndum; fyrir því er ekki ráð gerandi. Við eigum í ýmsum greinum andlegs starfs, og þá væntanlega líka í lögfræði, því láni að fagna, þó að smáir séum, að eiga menn, sem standa jafnfætis að gáfum og þekkingu þeim mönnum, sem framarlega standa í stærri löndunum. En lífið er öðruvísi hjá stórþjóð en smáþjóð, þar sem hver þekkir annan og varla er hægt að snúa sér við án þess að öll þjóðin viti það. Áhrifamöguleikar kunningsskaparins eru meiri og þungbærari í litlu landi en stóru. Það er erfiðara að vera stjórnmálamaður á Íslandi en í Englandi. Í litla landinu er barizt í návígi. Í stóra landinu í fjarvígi.

Alþingi kom fyrr saman að þessu sinni en venjulegt hefir verið, og því vannst ekki tími til að undirbúa þetta frv. að öllu leyti eins og skyldi. Þess voru engin tök, tímans vegna, að draga til fulls saman yfirlit yfir erlenda reynslu í þessum efnum og láta það fylgja frv. Eins vantar enn umsögn hæstaréttar um frv. Frv. var sent réttinum til umsagnar, strax og búið var að prenta það, en svarið er ekki komið ennþá. En jafnskjótt og það kemur, verður það fengið í hendur þeirri n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar. Það er jafneðlilegt og sjálfsagt að leita nú álits hæstaréttar á þessu frv. og leitað var til landsyfirréttarins um álit hans 1919, og í Noregi til norska hæstaréttarins viðvíkjandi því, hvort atkvgr. dómaranna þar skyldi vera opinber eða ekki. Það er sjálfsagður og eðlilegur hlutur í svo vandasömu máli sem þessu, að reynt sé að styðjast jöfnum höndum við erlenda sem innlenda réttarreynslu, enda er þetta frv. sniðið eftir henni, á sinn hátt eins og byggt var á þróun landsyfirréttarins 1919. Ég vildi láta hv. deild vita, að von væri á umsögn hæstaréttar um frv., og ég tel vist, að hún gefi leiðbeiningar um ýmsar bætur á frv., þó að ef til vill kunni þingið og réttinn að greina á um einstök atriði nú eins og 1919, eða hæstarétt Norðmanna og stórþingið, og er þá auðvitað eðlilegt, að löggjafarsamkoman ráði þar, sem svo stendur á, enda bæði innlend og erlend reynsla um það, eins og áður er fram tekið, að þá fer betur. Má í því efni benda á skoðanamun hér um skriflega og munnlega málfærslu og í Noregi um leynilega eða opinbera atkvæðagreiðslu.

Það heyrist oft, að á þessu sögumerka

þingi, sem við nú erum að heyja, þurfi að samþ. eitthvert mikið og merkilegt mál. Getur og verið, að hver og einn þm. eigi mál, sem honum finnist nógu mikið til að vera aðalmál þessa þings. Ég segi ekki, að þetta frv. fjalli um mesta málið, sem fyrir þessu þingi liggur, og ég þykist ekki kasta steinum að öðrum frv., þó að ég segi það, að þetta frv., sem miðar að því að bæta réttarfarið í landinu eftir því, sem bezt er í innlendri sem erlendri reynslu, muni verða með merkilegustu málum þessa þings, ef því verður alúð og sómi sýndur. Og mér finnst það vel viðeigandi, að við myndum eftir því nú 1930, að eins og við áttum Alþingi að fornu, sem var endurreist, áttum við þá einnig yfirdómstól í landinu, sem hét fimmtardómur, — og ég er sannfærður um það, að okkur verður það styrkur að halda líka í þessu efni tengslunum við forntíðina.

Að síðustu leyfi ég mér að leggja til, að þessu frv. verði, samkv. gamalli venju, vísað til hv. allshn., að umr. lokinni.

Jón Þorláksson: Þetta frv. er að ýmsu leyti svo úr garði gert, að hjá því verður varla komizt, að því fylgi ummæli frá öðrum en höfundi þess og flm. við þessa umr. Skal ég þó taka það fram strax, að aths. mínar verða færri en frv. á skilið. Ber tvennt til þess. Fyrst það, að ég er enginn lagamaður, og er því vanbúinn til þess, að svo komnu, að gagnrýna þau hin einstöku ákvæði frv., sem eru lögfræðilegs efnis. Hitt er það, að ýmsar þær aths., sem ég vildi gera við frv., eiga samkv. þingsköpum ekki heima við þessa fyrstu umr. málsins.

Ég skal fyrst víkja að því, að það er rétt hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir hæstaréttarheitinu á okkar æðsta íslenzka dómstóli. Því er haldið fram í aths. við þetta frv., og kom einnig fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að nafnið hæstiréttur væri ekki viðeigandi heiti á æðsta dómstólnum í landinu, af því að dómstigin væru ekki nema tvö. Frv. sjálft sýnir, að þetta er ekki á fullum rökum byggt. Þó að frv. velji hæstarétti nýtt heiti, hefir höfundur þess þó ekki komizt hjá því að velja dómnum heiti á erlendu máli, heiti, sem þýðir hæstiréttur og ekkert annað.

Það er jafnrétt hugsun í því að kalla okkar æðsta dómstól hæstarétt, þó að dómstigin séu aðeins tvö. Ég veit ekki betur en að það séu margir dómstólar í landinu. Fyrst er það nú dómstóllinn, sem lögmaðurinn hér í Reykjavík skipar. Svo allir dómstólarnir, sem sýslumennirnir úti um land skipa. Þá er það fógetaréttur inn, gestarétturinn o. s. frv. En einn dómstóll er yfir þessum dómstólum öllum — hæstiréttur. Segjum, að af þeim hv. þm., sem sæti eiga í þessari deild, væru þrettán jafnháir, en sá fjórtándi bæri höfuð og herðar yfir hina alla. Hann væri þá þeirra hæstur, jafnt þó að hinir væru jafnháir, en ekki mishair. Eins er það með hæstarétt. Hann er hæsti rétturinn í landinu, hvort svo sem aðrir réttir í landinu eru jafnháir eða ekki.

Annars skiptir þetta engu máli í sjálfu sér. Ég vildi aðeins benda á það, að það er rétt hugsun í hæstaréttarnafninu og því ekkert því til fyrirstöðu að halda því. Og það er auðséð, að hæstv. dómsmrh. þykir nafnið viðeigandi, úr því hann þýðir á erlent mál sitt nýja heiti á réttinum með þeirri hugsun, að rétturinn sé hæsti rétturinn í landinu.

Röksemdaleit hæstv. dómsmrh. til Noregs fannst mér óviðeigandi, eins og ég hefi áður fengið tækifæri til að taka fram hér á Alþingi. Og það var hreint og beint broslegt, þegar hann fór að lýsa ópum og húrrahrópum mannsafnaðar á torgi einu í Noregi, þegar krakkakríli kom þar fram á veggsvalir eins hússins. Afturhvarfsstefnan í Noregi á við þau rök að styðjast, að þjóðin varð fyrir því óláni, að hin innlenda menning slitnaði í sundur og týndist í þrjú hundruð ár, og það var ekki nema eðlilegt, að Norðmenn færu að reyna, þegar þeir vöknuðu eftir þetta tímabil, að reisa við hjá sér og vekja aftur til lífs eitthvað af því, sem hafði verið þeirra þjóðleg eign áður, en þeir höfðu glatað vegna þeirra erlendu áhrifa, sem þeir áttu við að búa. Þó að aðstaða okkar Íslendinga hafi á undangengnum öldum verið um margt lík aðstöðu Norðmanna, glötuðum við í engu

okkar fornu menningu. Það er því misráðið af okkur að fara að herma þessa afturhvarfsstefnu eftir Norðmönnum. Afturhvarfsstefnan á erindi til þeirra þjóða einna, sem glatað hafa sínum þjóðlega arfi.

Þó að ég hafi þetta á móti röksemdum hæstv. dómsmrh. fyrir því að skíra hæstarétt fimmtardóm, ber þó engan veginn að skilja þessi ummæli mín svo, að ég sé á móti því heiti. Mér stendur á sama. Við Íslendingar erum í fullum tengslum við fortíð okkar á þessu sviði, hvort heldur sem við nefnum æðsta dómstólinn í landinu fimmtardóm eða ekki.

Þá vil ég víkja að þeim ummælum í inngánginum að grg. þessa frv., „að það sé alveg óhætt að fullyrða, að hæstiréttur hafi ekki undanfarin ár notið þess trausts, sem æskilegt væri". Ég tilfæri þessi ummæli orðrétt, og gæti tilfært fleiri, því að það er margt fleira, sem hnígur í sömu átti í hinni margorðu grg. þessa frv.

Þessum ummælum vil ég algerlega mótmæla fyrir hönd alls þorra manna í öllum stjórnmálaflokkum. Hæstiréttur nýtur, sem betur fer, óskoraðs trausts allrar þjóðarinnar, eins og hann er skipaður og eins og dómarar hans hafa rækt starf sitt. Þó eru til undantekningar frá þessu, og eins og oft hefir komið fram, er hæstv. dómsmrh. sjálfur ein af þeim fáu. Hann hefir, eins og svo margir aðrir, orðið undir, sem kallað er, við dómsúrslit, en hefir ekki haft skapstillingu til að bera ósigur sinn eins og aðrir borgarar telja sér skylt að gera, ef hæstaréttardómur gengur þeim á móti, heldur hefir hann síðan, bæði hér á þingi og í Tímanum, verið með róg og níð um hæstarétt. Ég man aðeins eitt annað dæmi um þetta sama. Ég man það, að einn héraðsdómari fékk ávítur hjá hæstarétti fyrir meðferð sína á gæzlufanga, og hann undi þeim svo illa, að í fyrsta sársaukanum út af þessu skrifaði hann óvirðandi um réttinn í opinberu blaði. Þegar þessi tvö dæmi eru tekin frá, og þau bera frekar vitni um skapbresti þessara tveggja manna en að réttinum hafi mistekizt, veit ég ekki betur en að hæstiréttur njóti óskoraðs trausts, sem betur fer.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að efnisákvæðum frv. Um þau má það segja, að þau hníga öll í þá átt að rýra réttaröryggið í landinu og gera æðsta dómstólinn háðan umboðsvaldinu, og þá fyrst og fremst dómsmálaráðherranum. Ég vil færa þessum orðum mínum nokkurn stað og nefni þá fyrst ákvæði frv. um tilnefningu dómaranna í þennan nýja fimmtardóm. Það álíta margir æskilegt að láta fleiri en 3 dómara skipa æðsta dómstólinn í landinu, og get ég sett mig inn í hugsun þeirra manna. Til þess að ná því takmarki, að t. d. 5 dómarar skipi réttinn, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., eru tvær leiðir. Önnur sú, að fjölga fastadómurunum, hin sú, að hafa aukadómara, sem samkv. embættisskyldu sinni taki sæti í réttinum, þegar málin þykja þess verð, að fleiri en þrír dæmi. Það, sem mér finnst athugavert við ákvæði þessa frv. um kvaðningu aukadómara, er það, að fastadómararnir eiga að kveðja þá til dómsetu. Ég er ekki á móti þessu ákvæði vegna þess, að ég vantreysti fastadómurunum til að nota kvaðningarvald sitt, en það er auðséð, að með því að leggja þeim þetta vald í hendur er skapaður möguleiki til tortryggni gegn réttinum, af því að búast má við, að menn verði óánægðir með, að aukadómarar séu tilkvaddir í eitt skipti, en ekki annað. Ef betra þykir að fara þessa leið en að fjölga fastadómurunum, ætti því að hlífa réttinum við slíkum möguleika fyrir álösun og ákveða, í hvaða flokkum mála aukadómarar skuli taka sæti.

Þá er í frv. farið fram á að afnema þá tryggingu, sem hæstiréttur getur nú sjálfur komið fram, um að ekki séu skipaðir aðrir í dómarasæti í réttinum en hæfir reynast. Hver nýr dómari verður að ganga undir nokkurskonar próf, greiða fyrstur dómsatkv. í nokkrum málum, og ef hinum dómurunum þykir hann ekki hafa sýnt næga hæfileika og þekkingu, geta þeir meinað honum setu í réttinum. Umboðsvaldið er ekki einrátt um það að skipa dómara í hæstarétt, heldur hafa þeir dómarar, sem eftir sitja á hverjum tíma, nokkurt vald í því efni, enda virðist það sjálfsagt, því að það er engin sönnun, út af fyrir sig, um það, að

maður sé hæfur til að vera dómari í hæstarétti, þó að hann hafi lokið fullnaðarprófi í lögum og fullnægi öðrum ytri skilyrðum. Burtfellingin á þessu ákvæði er því spor í þá átt að rýra álit réttarins, en fær hinsvegar hæstv. dómsmrh. kærkomið vald í hendur.

Þá skal ég aðeins drepa á ákvæði frv. um dómsuppkvaðningu. Þetta er óheppilega orðað í frv., sem virðist gera ráð fyrir, að dómararnir megi ekki undir neinum kringumstæðum undirbúa dómsatkv. sitt eftir að málaflutningnum er lokið. Þetta mega þeir nú, og þennan rétt er sjálfsagt, að þeir hafi, til þess að tryggja það, að dómsatkv. fari þeim sem bezt úr hendi. Samkv. ákvæðunum um hina opnu atkvgr. — þó að það sé reyndar óljóst eftir frv. — virðist sem dómurum sé líka gert það að skyldu að skýra frá dómsatkv. sínu frammi fyrir þeim áheyrendum, sem réttarsalinn skipa í það og það sinn. Þetta er ekki svo í Noregi, enda skal ég ekki staðhæfa, að það sé í frv. — það er óljóst orðað —, enda þótt til þess sé bent í aths.

Ég skal ekki fara meira út í þessi atriði, enda þótt ég geri ráð fyrir, að menn með sérþekkingu hafi fleira við þau að athuga.

Þá vík ég að því, er ég tel mesta missmíði á frv., sem er bein tilraun til að nema burt það réttaröryggi, að hæstiréttur sé framvegis óháður umboðsvaldinu. Ákvæði til tryggingar þessu eru í 57. gr. stjskr., en í frv. er gengið á svig við þau öll og sum brotin. Í 57. gr. segir svo:

„Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi".

Dómurum verður því alls ekki vikið úr embætti með lagasetningu. Tilætlunin er sú, að tryggja það, að dómurum verði ekki vikið úr embætti nema embættin séu lögð niður. Þetta ákvæði er til þess að tryggja það, að umboðsvaldið geti ekki vikið dómurum frá eftir eigin geðþótta. Þá stendur í 57. gr.: „og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana". — Nú orkar tvímælis, hvort hér sé á ferðum ný skipun á dómstólunum, svo að þetta ákvæði eigi við. En þó að svo væri, sýnir stjskr.gr. ekki annað en það, að núverandi hæstaréttardómarar eru skyldir til að taka sæti í fimmtardómi.

Loks er heimilt samkv. stjskr. að láta dómara fara frá, þegar hann er orðinn 65 ára, enda haldi hann óskertum launum. Þetta er trygging fyrir því, að dómarar þurfi ekki að óttast, að óvinsældir hjá valdhöfunum rýri efnalega afkomu þeirra.

Þessi ákvæði um vernd dómstólanna gegn yfirgangi umboðs- og löggjafarvaldsins er í fullu samræmi við 2. gr. stjskr. og þá þrískiptingu valdsins, sem þar er ákveðin, að framkvæmdarvaldið sé hjá konungi, löggjafarvaldið hjá Alþingi, en dómsvaldið hjá sérstökum dómendum.

Þessi skipting valdsins milli þriggja jafnhárra aðilja er skilyrði fyrir því að vera réttarríki. Svo verður ekki litið á það ríki, þar sem dómstólarnir eru háðir umboðsvaldinu. Hér er því um skýlaust stjskr.brot að ræða.

Þá er svo ákveðið í frv., að dómararnir megi ekki sitja í embætti sínu eftir að þeir eru orðnir 60 ára. Þetta fer auðvitað í bága við 57. gr. stjskr., en þó er annað verra. Frv. segir ekkert um það, hvað á að taka við þessum mönnum, þegar þeir fara úr embætti. Allir vita, að vorri almennu eftirlaunalöggjöf er svo háttað, að þeir, sem ekki hafa hærri laun en dómurunum eru ætluð, verða í tæka tíð að hafa í huga að sjá fyrir sér, er þeir láta af embætti. Allir vita, að varla er þess að vænta, að sextugur maður gerist sjálfstæður atvinnurekandi, og þá liggur auðvitað beinast við fyrir lögfræðing að leita sér atvinnu á vegum hins opinbera. Þessir menn gætu oft og tíðum verið með óbiluðum starfskröftum og fjölskyldu í ómegð. Það er því hætt við, að áhyggjur þessara manna fyrir framtíðinni kynnu að hafa áhrif á dóma þeirra, jafnvel ósjálfrátt. Þetta ákvæði er því með öllu ófært, nema svo sé ákveðið sem í 57. gr. stjskr., að dómararnir haldi fullum launum. Með því móti verður réttaröryggið óskert að þessu leyti, en kostnaðarsamt getur þetta orðið, og stjskr.breyt. þarf til þessa.

Þá kem ég að 3. lið 8. gr. Þar segir, að

forseti fimmtardóms og aðaldómarar megi ekki vera yngri en 30 ára og ekki eldri en 60 ára. „Undanþegnir þessu skilyrði eru þó þeir, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa". En svo segir, að enginn fastur dómari megi vera eldri en 65 ára. Stjskrgr. gefur umboðsvaldinu rétt til að veita dómara lausn með fullum launum, t. d. vegna heilsubilunar, þegar hann er orðinn 65 ára. En það er allt annað en að dómarar séu skyldir að láta af embætti á þeim aldri. Hæstv. dómsmrh. verður því að breyta stjskr. til þess að þetta komist í framkvæmd.

Þá er 2. gr. frv., þar sem ákveðið er, að hæstiréttur skuli lagður niður og veitingarvaldið lagt óskorað í hendur umboðsvaldsins.

Það getur verið, að það sé ekki til ætlazt í frv., að valið á hinum þrem fyrstu dómurum í fimmtardómi sé frjálst, en ég álít, að til þess að stjskr. sé fullnægt eigi að taka það skýrt fram, að dómendur hæstaréttar eigi að flytjast yfir í fimmtardóm.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að þetta væri hið merkasta mál, er kæmi frá þessu þingi. (**Dómsmrh.**: Sem lægi fyrir). Hæstv. ráðh. sagði nú hitt, en hann má leiðrétta orð sín.

Ég skal kannast við þetta. Ég kalla það einsdæma atburð, ef þúsund ára afmæli Alþingis verður haldið hátíðlegt með því, að dómsmrh. fær konungsvaldið til að bera fram frv., sem fer í bága við þann grundvöll, sem þjóðskipulag vort er reist á, þann, að æðsta dómsvaldið sé óháð umboðsvaldinu. Mér þykir sorglegt, að önnur eins ósköp geti komið fyrir á sjálfri afmælishátíðinni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 3. landsk. hefir nú haldið allítarlega ræðu og mun ég og svara á sama hátt. Hann segir, að rétt sé að segja, ef tveir menn eru bornir saman, að sá hærri þeirra sé hæstur. Ég ætla ekki að eyða orðum að þessari málfræðisvitleysu, sem hvert skólabarn getur rekið ofan í hann. En þetta var ekki óviðeigandi inngangur að ræðu hans.

Þá var hv. þm. að tala um að fleiri réttir væru til en undirréttur og hæstiréttur, t. d. gestaréttur. Því minntist ekki hv. þm. á stauparétt, sem aðstoðarmaður fyrrv. bæjarfógeta í Reykjavík hélt í tíð íhaldsins. Því fremur hefði hv. þm. átt að minnast þess, þar sem umræddur dómari stýrði þá aðalblaði flokks þessa hv. þm. og stýrir nú flokknum til hagsmuna blaðinu „Stormi".

Hv. þm. leggst ákaft á móti því, að efsti dómstóll landsins beri þjóðlegt nafn. Þessi óþjóðrækni og skortur á sögulegri tilfinningu kemur alstaðar fram hjá honum. Hann getur ekki lengi skreytt sig með frelsisfjöðrum af Birni heitnum Jónssyni og öðrum, meðan hann vill ekki losa sig við orðskrípi af aðaldómstóli landsins, orðskrípi, sem myndazt hefir á mestu niðurlægingartímum þjóðarinnar. Af þessari sömu vöntun á þjóðræknistilfinningu er hann að sparka í Norðmenn fyrir þjóðernisvakningu þeirra. Að vísu býst ég ekki við, að Norðmönnum geri það mikið til, þó að maður með slíkan sögusmekk narti í þá. Þeir munu halda áfram baráttu sinni eftir sem áður og gera landið sterkara.

En það vantaði hinsvegar ekki þjóðrembinginn hjá hv. 3. landsk., þegar hann vék að okkar eigin sögu. Hann sagði, að við hefðum engu glatað á niðurlægingartímunum, alls engu. Ég gæti trúað, að sagnfræðingunum þætti þetta nýstárleg uppgötvun. Hvernig stóð þá á viðreisnarbaráttunni? Hvaða erindi áttu þeir þá Fjölnismenn og Jón Sigurðsson? Hvernig stendur á því, að við áttum Hallgrím Pétursson einan stórskálda í margar aldir, en höfum eignazt 10—12 stórskáld síðan fór að rofa til í þjóðlífinu snemma á 19. öld og mörg ágæt skáld áður en vér glötuðum frelsi voru? Allt þetta hefir hv. þm. enga hugmynd um. Þetta var vegna þess að við vorum svo kúgaðir um tíma, að hæfileikarnir nutu sín ekki og sú kúgun spratt frá Dönum, sem á eymdartímum landsins gáfu buguðum íslenzkum stjórnmálamönnum þeirra Højesteret. Hv. 3. landsk. hefir hér sýnt sig sem hinn fáfróðasta sleggjudómara, sem til er. Um smekkinn fyrir sögu landsins þarf ekki að tala, enda er það í minnum haft, hvílíkt ræktarleysi þessi hv. þm. hefir viljað sýna hinum forna alþingisstað.

Hv. 3. landsk. vitnaði í þau hógværu

orð, þar sem segir í aths. við frv., að hæstiréttur hafi ekki notið alveg eins mikils trausts og æskilegt hefði verið. Var hann og að tala um, að sýslumaður Árnesinga hefði veitzt að hæstarétti. (JÞ: Ég nefndi hann ekki). Ég álít, að hv. þm. ætti að hefja heimatrúboð hjá sjálfum sér fyrst, því að ég ætla, að enginn hafi viðhaft skarpari áfellisdóma um hæstarétt en Lárus Jóhannesson, þegar hann sagði, að **„ekkert réttlæti"** væri til í landinu, ef hæstiréttur dæmdi skjólstæðing hans sekan, eins og rétturinn gerði. Ef þetta er rétt, þá eru þetta stór orð. En ég álít nú, að þetta sé ekki rétt og að L. J. hafi tekið allt of mikið upp í sig. En að því leyti, sem hv. 3. landsk. var að tala um, að sýslumaður Árnesinga hefði rangt fyrir sér í skýringum um glæpamál, sem dæmt var í héraði og í hæstarétti, þá verð ég að segja það, að þeir, sem kunnugir eru brunamálinu á Stokkseyri, munu líta nokkuð svipuðum augum á það og sýslumaður. Þegar þessi sýslumaður sagði af sér embætti sínu eftir að hæstiréttur lét falla nokkur harðyrði í hans garð, — ég læt alveg ósagt, hvort hann sagði af sér út af því, — enda veit ég ekki annað en allt héraðið hafi sent sýslumanni traustsyfirlýsingu og beðið hann að vera framvegis sinn dómara. Það hafa ekki fleiri blandazt í það mál heldur en hæstiréttur og fólkið sjálft í Árnessýslu. Ég skal ekki segja, hvort fólkið var að svara hæstarétti eða ekki. En hitt vil ég láta hv. þm. vita, að ef sýslumaður Árnesinga hefir fengið einhverja hnútu frá hæstarétti, þá er mér ekki kunnugt um nokkurn dómara síðan Skúli Thoroddsen var uppi, er hafi fengið jafnmikið traust frá sínum sýslubúum eins og þessi sýslumaður einmitt fyrir góða framkomu í sínu héraði. Myndi það lítill sómi aðaldómstóli landsins, ef hann hefði skapað sér svipaða aðstöðu gagnvart Magnúsi Torfasyni eins og undirdómarar og landsyfirréttur hlutu í ofsóknarmáli íhaldsins gegn Skúla Thoroddsen. En um þessa hlið skal ekki orðræða meira hér. En þetta segi ég aðeins vegna þess, að hv. þm. fór að blanda inn óviðkomandi efnum. Of ef hv. 3. landsk. vill leita vitnisburða um dómara í landinu, þá get ég bent honum á ummæli Lárusar Jóhannessonar, samherja hans, í Júpítermálinu. Hvað hann hefir haft rétt fyrir sér, læt ég ósagt.

Þá kom hv. þm. að einstökum atriðum öðrum í frv. M. a. hélt hann fram, að með meðdómaraákvæðinu væri verið að gera réttinn háðan umboðsvaldinu. Slíkur skilningur, — að fimmtardómur sé háður umboðsvaldinu, einmitt þessi réttur, sem velur sér meðdómendur og ákveður sjálfur, hvenær hann álítur málin svo stór og vandasöm, að þörf sé fleiri manna. Þetta er eitt af þeim sjálfsögðustu atriðum í frv., og sýnir það, að ætlazt er til, að rétturinn starfi óháður, en hafi fullan skilning á því, hvenær þörf sé á að auka við starfskröftum.

Sú skoðun hv. þm., að réttara væri að láta réttinn stækka í vissum málaflokkum, en ekki þegar rétturinn álítur þurfa, sýnir ókunnugleika hv. þm. á þeim málum, sem koma fyrir í hæstarétti. Við skulum segja, að í öllum þjófnaðarmálum ætti að kalla meðdómendur til. Það getur verið einfalt þjófnaðarmál, — eða þá ákaflega flókið. Allar tegundir mála geta verið þannig, og það er ómögulegt að flokka á nokkurn hátt betur en að dómarar geri það sjálfir. En ég hefi hvergi orðið var við meira vantraust á dómurum heldur en hjá hv. 3. landsk., því að hann álítur dómurum ekki treystandi til að segja til um það, hvort málið er stórt eða lítið. Hverjir eru það þá, sem eiga að tala illa um þá? Kannske einna helzt aðaleigendur Morgunblaðsins. Ég held það sé svo fátítt að tala illa um þá, að ekki kæmi að sök, þótt einhver talaði um, að nú eigi að fjölga í réttinum eða ekki fjölga.

Þá kom hv. þm. að prófuninni, sem hann sagði, að fallið hefði út úr þessu frv. Hann gætti þess ekki, að einmitt þetta próf var látið falla niður, þegar hæstiréttur var skipaður. Það er beint tekið fram í lögunum, að það nái ekki til fyrstu dómaranna. Hv. þm. ætti að skilja, að það, sem gat gengið 1919, það getur gilt 1929 og 1930. Veröldin hefir ekki breytzt það mikið síðan, að ný lögmál þurfi að koma til.

Hv. 3. landsk. sýnist vera um það hugað að skapa það alhættulegasta ástand, sem hægt er að skapa í réttarfari nokkurs

lands, að dómsvaldið verði nokkurskonar klíka, alveg óháð þjóðlífinu að öðru leyti. Við skyldum gera ráð fyrir þeirri tilviljun, að allir dómarar í aðalrétti landsins væru adventistar. Hugsanlega myndu þeir þá — eins og góðum, trúuðum mönnum sæmir — fella hvern þann dómara, sem fylgdi ekki þeirra trúarstefnu. Ætli slík aðstaða yrði sérlega heppileg fyrir þjóðlífið? Þvert á móti er það stórhættulegt. Því að þegar allt kemur til alls, þá er það svo í öllum löndum og hefir verið á öllum öldum, að góður dómur er ekki annað en fræðilega framkvæmd og „krystalliseruð" réttarmeðvitund almennings. Það er ekki til neins að reyna að aðskilja réttarmeðvitund almennings og dómara. Ég skal fræða hv. þm. um það, ef hann er eins illa að sér í sögu Dana eins og Íslendinga, að þegar hæstiréttur Dana dæmdi hvern dóminn af öðrum, pólitíska dóma eins og fangelsisdóm Bergs foringja vinstrimanna, þvert ofan í réttarmeðvitund þjóðarinnar, þá varð engu minni óánægja með réttinn heldur en með Estrup og stjórn hans. Ofsafengið, hatursfullt og blint íhald var að verki í báðum tilfellunum. Ég býst ekki við neinu svipuðu tilfelli hér, fyrr en ef sorgleg reynsla færir það í skauti sínu, sem ég tel ekki beinlínis líklegt, og útilokað, ef það skipulag verður upp tekið, sem hér er um að ræða. En þar sem slíkt hefir komið fyrir í landi, sem ekki er lakar menntað en Danmörk, þá er enginn kominn til að segja, að loku sé skotið fyrir slíkt hér, ef menn beinlínis leggja sig fram um það, að æðsta stofnunin verði utan við allt líf í landinu frá kynslóð til kynslóðar, án þess að vera nokkuð háð þróun mála í landinu. Nei, ég býst við, að hv. þm. eigi eftir að sjá og læra það við meðferð þessa máls, að þetta frv. er bæði í þessum efnum og öðrum í fullu samræmi við réttarmeðvitund menningarþjóðanna.

Þegar hv. 3. landsk. er í sinn hóp og talar við þá menn, sem hugsuðu eins og menn hugsuðu 1919, þegar menn líktu um alla þessa hluti eftir danska hæstaréttinum, þá er auðvitað hægt að látast vera vitur. En það geta komið þau augnablik, þegar hv. þm. stendur þannig að vígi, að það er ekki til neins fyrir hann að gera sig gildan af vanþekkingunni einni saman.

Þá kom hv. 3. landsk. að hinni opinberu atkvgr. Um það atriði hafði hann nokkurnveginn sómasamlegt orðbragð. Ég ætla nú ekki að fara langt inn á það, hvaða aðstöðu dómarar í æðstu stofnun landsins ættu að hafa opinberlega gagnvart almenningi. En þrátt fyrir aths. frv. um fyrirkomulag þessa atriðis hjá frændþjóð okkar, Norðmönnum, þá er ekki gengið eins langt í þessu frv., og það er gert til að skylda aðaldómstólinn til að leggja fram öll sín rök. Í Noregi er það þannig, að dómarar hlusta á málafærslumenn og koma síðan fram með sín rök. Áheyrendur hlusta á þau rök. Þegar þessu er lokið, er gengið til atkvæða, alveg eins og hér í deildunum. Þetta á sér nú stað í Noregi, sem mun þó ekki verða talinn minna menningarland en Ísland. En ég hefi, í samráði við einn af mestu lagamönnum þessa bæjar, sveigt í frv. inn á það, að við stígum þetta spor ekki til fulls, eins og er í Noregi, heldur er gert ráð fyrir, að atkvgr. og rökstuðningur fyrir henni sé opinber, en ekki innbyrðis umræður dómaranna. Það getur verið, að eitthvað megi umbæta orðalag á þessu í nefnd, enda eru nefndir til þess settar.

Hv. þm. sagði, að umboðsvaldið gæti ekki vikið dómurum úr embætti. Þar tók hann réttilega fram, að það hefði ekki verið hægt fyrir Magnús Stephensen landshöfðingja að víkja dómara úr landsyfirréttinum frá, á sama hátt og Skúla Thoroddsen var vikið frá. En þetta útilokar alls ekki það, sem Jón Magnússon gerði 1919, er landsyfirréttur var lagður niður og nýr dómstóll skapaður. Í frv. um hinn nýja dóm og öllum umr. um það er alls ekkert talað um það, hvort dómarar úr landsyfirrétti ættu að vera sjálfsagðir inn í hæstarétt. Alveg eins er farið að hér. Spursmálið er látið vera opið. Það kemur ekki þinginu við, heldur þeirri stj., sem að völdum situr þegar nýbreytnin er gerð. Ef einhver dómari vill ekki halda áfram í nýjum rétti, þegar slík breyting er gerð, þá fer hann frá með fullum launum.

Hv. þm. hefir því enn einu sinni misskilið stjskr., þegar hann heldur, að það

sé ekki hægt að breyta fyrirkomulagi dóma nú eins og verið hefir áður. Og þar á ofan misskilur hann stjskr. hvað laun dómara snertir. Það er einmitt nefnt í okkar stjskr., að maður, sem gegnir aðeins dómaraembætti — og það eru ekki aðrir en hæstaréttardómarar hér á landi — skuli halda fullum launum, er hann lætur af embætti. Þetta atriði snertir því ekki stjskr. neitt. Hv. þm. hefir máske veitt því eftirtekt, að það er ekki eitt orð um þetta í hæstaréttarlögunum; hér er stjskr. ætlað að gilda einni saman. Allar þær spilaborgir, sem hv. þm. reisti á því, að þessi nýju lög mundu setja dómara á vonarvöl, eru því gersamlega hrundar.

Þá er aldur dómaranna. Hv. 3. landsk. er oft nokkuð seinheppinn í röksemdum. Hann álítur nauðsynlegt, að dómarar gegni sínum störfum mjög fram á efri ár, og er yfirleitt á móti því að setja aldurshámarkið 60—65 ár. En þó sagði hann, að dómari, sem orðinn er sextugur og fer þá frá starfi — og fengi þó full laun —, færi út á vonarvöl. En er þetta ekki sterk röksemd með því, að óheppilegt sé, að gamlir menn haldi áfram starfi sínu svo lengi, að þeir verði ófærir til annara hluta. Hv. 3. landsk. hefir gefið dómurum það heilbrigðisvottorð, að þeir séu ófærir að vinna sér brauð á nokkurn annan hátt en í því vandasama starfi að kveða upp úrslitadóma, þegar þeir eru orðnir sextugir. Mér dettur ekki í hug að halda þessu fram. Ég skal lofa hv. þm. — ef við lifum saman — að minna hann seinna á þetta mat sitt á starfsþreki gamalla manna og leiðbeina honum, ef hann ætlar að treysta öldungum hættulega mikið framvegis.

Hv. 3. landsk. kallaði það stjórnarskrárbrot að gera ráð fyrir, að dómarar gætu hætt sextugir. Ég vil um það geta þess aðeins, að sá lögfræðingur þessa bæjar, sem hefir mest álit í sinni grein, er um þetta á alveg sömu skoðun og stj., en gagnstæðri skoðun við hv. 3. landsk. Ef ákveðið er um þetta embættisskilyrði, er það dómarans eins að ráða við sjálfan sig, hvort hann gengur að því eða ekki. Ég tók það fram í fyrstu ræðu minni, að ég skoði það ekki mjög stórt atriði, hvort dómari fari frá 60 eða 65 ára. Það myndi vera betra fyrir dóminn að hafa aldrei dómara, sem kominn er á hnignunarskeið, en það kostar meira. En fáir hafa undirstrikað betur en hv. 3. landsk. ófullkomleika gamalla manna.

Það vill nú svo vel til, að það er hægt að sækja mörg, sjálfsagt óþarflega mörg fordæmi um stjórnarskrárbrot til hv. 3. landsk. Í þessari hv. deild lagði hann fyrir frv. um fyrirkomulag Landsbankans, þar sem hann í einni af síðustu gr. skaut inn í almennri gr. um það, að bankastjórar mættu ekki sitja á þingi. Allir vissu, að þetta var ekki sagt út í bláinn. Það stóð svo á, að hv. 3. landsk. var mjög illa við, að hv. núv. þm. Dal. væri á þingi, og langaði til þess að bægja honum burt. Enda hefir hann máske órað fyrir, að hv. þm. Dal. yrði honum dýr. Því að hv. 3. landsk. er nú afdankaður úr sínum flokki sem formaður, en hans gamli andstæðingur kominn til metorða í flokknum. En þetta var aðeins krydd í súpuna. Aðalatriðið er það, að hv. 3. landsk. ætlaði með þessum lögum að banna bankastjórum þingsetu til að hefna sín á vissum manni. Krafa kom fram um að vísa málinu frá, af því að það fæli í sér stjórnarskrárbrot. Hv. þm. Snæf. kvað upp þann forsetaúrskurð, að málið mætti ganga til n. Auðvitað var þetta ákvæði um hefnd á hv. þm. Dal. fellt úr frv. Hv. þm. vildi ég minna á þetta, að þarna hefir hann af þessum tilgreindu ástæðum komið nokkuð nálægt stjskr., áreiðanlega nær en gert er með þessu frv. og tilefni hans ekki umhyggja fyrir almenningsheill. Þessi hv. þm. ætti því allra þm. sízt að skreyta sig með fjöðrum úr stjórnskipunarlögum vorum.

Hv. 3. landsk. spurði seinast, hvernig þessi embætti verði veitt, ef til kæmi. Ég álít alveg ótímabært atriði að tala um veitingu í fimmtardóm nú við 1. umr. Ég vil benda hv. þm. á það, að við samningu hæstaréttarlaganna var slíku ekkert hreyft. Ég skoða þessa spurningu sem fjarstæðu eina, — að spyrja um þá hluti, sem liggja í framtíðinni og ómögulegt er að svara ennþá. En þessi spurning sýnir ofurvel, að hann getur ekki hugsað um málið almennt. Hann hugsar ekki um það, hvort við eigum sem beztan og fullkomnastan æðsta dómstól landsins, — hann

er að hugsa um, hverjum verði veitt embættin, hverjir fái feita bita.

Allra síðast sagði hv. þm., að honum fyndist ekki skemmtilegt að nota þúsund ára afmæli þingsins til þess að breyta æðsta dómstól landsins eins og hér er gert ráð fyrir. Ég bið hv. deild að athuga það, að hv. 3. landsk. hefir ekki getað á nokkurn hátt hnekkt orðum mínum um það, hvað léttúðlega var stofnað til laganna um hæstarétt 1919. Það var í raun og veru einn einasti maður, sem undirbjó þau; þingið samþykkti þau í flýti með lítilli athugun og litlum umr. Að því leyti, sem landsyfirrétturinn var spurður ráða, var hann hundsaður.

Vegna þessa danska menningarstigs, sem þessi forgöngumaður málsins stóð á, og þá ekki síður stjórnarforsetinn, Jón Magnússon, datt honum ekki í hug að leita að neinu á þeim sterka og heilbrigða grundvelli, sem liggur í þróun þessa lands og allsherjarþróun heimsins. Ég álít ekkert illa viðeigandi, að á þessu þúsund ára afmæli sé gerð alvarleg tilraun til að bæta úr þessu. Það ber vott um, að þjóðin hefir vaxið á þessum tíu árum síðan hún fékk æðsta dómstólinn heim til sín, — að hún hugsar stærra um sín mál, ef hún vill gera sinn æðsta dómstól þannig úr garði, að hann geti orðið fullkomnari dómstóll að allri gerð og í vinnubrögðum heldur en sá, sem stofnaður var 1919. Allt þetta eru aukaatriði fyrir hv. þm. Hann hugsar um embættin sem bein fyrir kunningja, eftir því sem virðist. Hann virðist tala um þetta á sama hátt og með þeim sama móði og hann talaði fyrir því, að Reykjavík brunatryggði hjá því danska félagi, sem hann tók lán hjá í húsið sitt, enda þótt það væri miklu dýrara fyrir almenning í bænum.

Það er komið svo, að það eru farnir að koma fram straumar, sem ekki beinlínis stafa frá þeirri stjórnvizku, sem ljómar frá hv. 3. landsk.; það hafa fingur komið og skrifað á vegginn stafi, sem ekki er víst, að hv. þm. sé alveg ugglaus við. En það er annars furðulegt að heyra þann mann vera að tala um 1000 ára afmælið, því að hvað hefir hann lagt til um þúsund ára hátíðina? Það, að við skyldum reyna að græða á gestunum. Aldrei hefir kotungshugsjón kramarans komið betur fram en í þessum nýársboðskap þm. Það er þess vegna ekki óeðlilegt, þótt hv. þm. kunni ekki við það, að við hnýtum aftur böndin við söguöldina, maðurinn, sem segir, að við eigum að græða á gestunum árið 1930.

Jón Þorláksson: Það er ákaflega ánægjulegt fyrir andstæðinga hæstv. dómsmrh. að sjá það og heyra, að þeir kvillar, sem nú verða til þess að skapa honum aldurtila í embættinu, hafa ekki læknazt mikið við það hlé, sem orðið hefir á þingstörfum hæstv. ráðh. síðan í fyrra.

Ég ætla nú lítið að fara út í ræðulokin, en byrja með að athuga nokkuð af því, sem hæstv. ráðh. sagði, og sem ofurlítið kom málinu við; ég býst við að fara lítið út í hitt, sem ekki kom málinu við.

Hæstv. ráðh. gerði sig andlega digran yfir því, að ég talaði ekki skynsamlega, en það er nú svo, að þegar tveir eru bornir saman, þá er álitamál, hvort rétt er að orði komizt, ef sagt er, að sá hærri sé hæstur. En ég býst ekki við, að hæstv. ráðh. geti með rökum hrakið nokkuð af því, sem ég sagði, að þegar bornir eru saman einn, sem upp úr stendur, annarsvegar og margir jafnháir hinsvegar, þá er sá, sem upp úr stendur, hæstur, og þótt hæstv. ráðh. skilji þetta ekki á íslenzku, þá skilur hann það þó á ensku, þar sem hann segir, að rétturinn heiti The supreme Court, því ef hann ætti að heita hærri réttur á enskunni, þá væri ekki supreme rétta orðið, heldur superior. — Ég vil alls ekki staðhæfa, að þetta sé af því, að hæstv. ráðh. sé svo illa að sér í íslenzku, en hann er þó líklega ekki verr að sér í henni en ensku, og þó lægi ákaflega nærri að álíta það, eftir allt það, sem hæstv. ráðh. hefir sagt um mína litlu þekkingu á ýmsum sviðum. Nei, það, sem gerir þetta, er það, að hæstv. ráðh. er búinn að bíta þetta atriði í sig, og þótt það sé rétt, að dómstigin séu ekki nema tvö, þá eru þó dómstólarnir fleiri. Nei, geðbilun hæstv. ráðh. leyfir honum ekki að kannast við sína villu, því að þó hann hafi ekki lagt fram sönnun í sínu eigin frv. fyrir því, þá er hæstiréttur náttúrlega æðstur af öllum dómstólum landsins.

Þá staðhæfði hæstv. ráðh. það, að ég

væri mótfallinn fimmtardómsnafninu. Ég tók það skýrt fram, að ég gæti ekki fallizt á röksemdir hæstv. ráðh. fyrir því að taka upp nafnið, en mér stæði nokkuð á sama, hvaða nafn væri valið. Þetta sýnir þó ekki annað en það, að auk margs, sem hæstv. ráðh. er farinn að missa, er hann líka farinn að missa hæfileikann til þess að hafa rétt eftir það, sem sagt er í áheyrn hans.

Þá gerðist hæstv. ráðh. til að mótmæla því, að við hefðum ekki glatað okkar þjóðlegu menningu. Hæstv. ráðh. sagði þessi orð, og það er þá orðið auðvelt að fá hæstv. ráðh. til að segja vitleysur hér á þinginu, ef ekki þarf annað til en að ég nefni þá staðreynd, að við höfum varðveitt okkar þjóðlegu menningu; jafnvel það þolir hæstv. ráðh. ekki að heyra frá mínum vörum, og rökin eru þau, að hér hafi verið færri skáld og listamenn en líklegt væri að hefði verið, ef okkar forna menning hefði jafnan staðið með sínum fyrri blóma. Hefir hæstv. ráðh. þá aldrei heyrt það, að þegar viðreisnin kom aftur, þá sýndi það sig, að þótt erlend yfirvöld, sem hér voru, hefðu ekki látið sér sérstaklega annt um okkar fornu menningu, þá hafði hún varðveitzt hjá alþýðu þessa lands? Þar fannst hún óbrjáluð með bókmenntafjársjóðum fornaldarinnar. Ég er alveg hreint hissa á hæstv. ráðh., að hann skuli gerast til að mótmæla öðru eins og þessu og að það skuli vera svo óstjórnleg löngun hjá honum til að hreyta úr sér skammaryrðum til mín, að hann skuli nota það, að ég benti á varðveizlu okkar fornu menningar, skuli nota það til að segja, að að ég komi fram sem fávísasti sleggjudómari á landinu. Ég get ekki annað en glaðzt yfir því, að hæstv. ráðh. skuli ekki finna annað til að hreyta að mér skammaryrðum fyrir en það, að ég benti á þá staðreynd, að við höfum varðveitt okkar fornu, þjóðlegu menningu.

Þá fór hæstv. ráðh. að tala um það, að hæstiréttur nyti ekki þess trausts, sem skyldi. Ég hafði talið fram tvö dæmi þess, að hæstiréttur hefði orðið fyrir árásum. Annað dæmið var hæstv. ráðh. sjálfur, hitt var ónafngreint af minni hálfu, en ég gat þess, að dómari, sem hefði orðið fyrir því að fá áminningu frá réttinum, hefði á meðan mesti hitinn var í honum á eftir skrifað grein, sem hafði inni að halda ámæli um réttinn. Hæstv. ráðh. gat þess til, að þetta væri hv. 2. þm. Árn. og sagði, að þessi maður hefði síðar fengið traustsyfirlýsingu hjá héraðsbúum sínum. En svo gerði hæstv. ráðh. tilraun til að bæta við einu dæmi, sagði, að það hefði einhverntíma staðið í einhverju málaflutningsmanns-innleggi fyrir dómi í Hafnarfirði, að ef þetta mál færi ekki svo og svo, sem hann til tók, þá væri ekkert réttlæti til í landinu. Ég sé nú ekki, að í þessu lægi nein árás á hæstarétt, og það jafnvel þótt hæstiréttur hafi síðan dæmt öðruvísi í málinu en maðurinn vildi vera láta; en ef ég man ekki skakkt, þá held ég, að þessum málafærslumanni hafi einmitt orðið að trú sinni, hann hafi unnið málið fyrir þeim rétti, sem hann var að tala við í þessu málsskjali. En þetta er náttúrlega engin árás á hæstarétt, og þótt svo hljóti að vera, að mönnum verði nokkuð sárt í fyrstu, sem hafa orðið undir í málum fyrir hæstarétti, þá er það ekki annað en mannlegur breyskleiki, og það er allt annað en að hæstiréttur njóti ekki trausts meðal manna, því að það mun fara svo um þessa menn yfirleitt, að þeir munu ekki vilja halda því fram, að hæstiréttur hafi dæmt rangt, jafnvel þótt þeim hafi sýnzt annað en réttinum í sínu eigin máli. Ég held því fast við það, að sá hæstiréttur, sem hefir verið síðan 1919, nýtur þess fyllsta trausts hjá þjóðinni.

Þá missagðist hæstv. ráðh. um það, hvað ég hefði sagt út af ákvæðunum um aukadómara. Ráðh. hafði það eftir mér, að með þeim ákvæðum væri verið að gera réttinn háðan umboðsvaldinu. Það sagði ég ekki um þau ákvæði. Ég sagði, að ákvæðin um tilkvaðningu aukadómara væru varhugaverð að því leyti, að hætt væri við, að rétturinn yrði fyrir tortryggni út af því að eiga sjálfur að kveða á um það, hvenær aukadómarar kæmu til. Það getur oft verið svo um menn, sem eiga mál fyrir réttinum, að þeim standi ekki á sama, hve margir dæma, og sérstaklega, að þeim finnist málið vera mikilsvert, þótt öðrum finnist það ekki, og jafnvel hæstaréttardómurum sýnist það ekki, og að þeir geta þess vegna jafnvel lagt þykkju á dóm-

ara réttarins fyrir það, að þeir hafa ekki viljað kalla til aukadómarana. Þetta sýnir það, að engin vinna hefir verið lögð í það, hvernig sú flokkun mála ætti að vera, því að það er vafalaust, ef það atriði væri athugað, þá mætti sjálfsagt tiltaka í lögunum þá málaflokka, sem fimm ættu að dæma um.

Þá fór hæstv. ráðh. nokkrum orðum um ágæti frv. síns almennt, og nefndi sérstaklega það, að eftir frv. ættu að koma dómarar, sem góðir borgarar treystu. Þetta er ákaflega einkennandi fyrir hæstv. ráðh., þegar menn bera það saman við öll hans skrif um landa sína; það skín út úr flestu, sem hann hefir skrifað, að hann telur þá menn góða, sem vilja styðja hann sjálfan til valda, hina, sem ekki vilja það, hefir hann nefnt allra handa uppnefnum og ónöfnum, sem enginn myndi gera nema sá, sem ber kala til þeirra, kallar þá rusl og Grímsbýlýð o. fl. En dómarar í hæstarétti eiga að vera svo skipaðir, að góðir menn í landinu geti borið fullt traust til þeirra, að dómi þess valdhafa, sem metur það eitt til góðs, að menn styðji hann sjálfan í valdasessi.

Þá nefndi hæstv. ráðh. næst það dómarapróf, sem hann sagði, að hefði verið látið falla niður í lögunum frá 1919, en það er ekki rétt; það er í 6. gr. hæstaréttarlaganna, og hljóðar 4. liður þeirrar greinar svo, að hæstaréttardómari á að sýna, að hann sé fullgildur með því að hafa fyrstur kveðið upp dómsatkvæði í fjórum málum, og sé minnst eitt af þeim einkamál. Þetta kom ekki til greina um fyrstu dómarana, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að framkvæma það fyrirfram; það á við þegar einn dómari bætist í hópinn og hinir eiga að kveða á um það, hvort hann sé hæfur, enda var sérstök ástæða til að víkja frá þessu ákvæði þegar hæstiréttur var settur í stað landsyfirréttar, af því að þeir dómarar voru þegar orðnir reyndir. Alveg á sama hátt væri gefið að undanþiggja þessu ákvæði þá dómara, sem flyttust úr hæstarétti í fimmtardóminn. Það þarf ekki að láta þá sýna hæfileika sína til að sitja í dómi, því að þeir hafa sýnt það áður með því að skipa hæstarétt; en hitt stendur fast, að sú öryggisregla, sem er sett um það, þegar nýir menn bætast í dóminn, er burt felld úr frv. stj., og það þýðir ekkert að gera lítið úr henni, því að það skilja allir, að það er af því, að sá maður, sem nú skipar dómsmálaráðherrasætið, vill auka vald þeirrar stöðu, hvort sem það er hans vegna sjálfs eða eftirmanna hans, og meira að segja vill hann nú ná þessari litlu ögn af valdi hæstaréttar undir dómsmrh.

Þá fór hæstv. ráðh. dálítið að tala um stjórnarskrárbrot og hvernig dómendum bæri að dæma; skrifaði ég eftir honum þau orð, að dómstólum bæri að dæma eftir réttarmeðvitund þjóðarinnar. Hæstv. dómsmrh. hefir unnið eið að stjórnarskrá landsins, en þó getur hann ekki haldið ræðu án þess að brjóta stjskr. í orði. Upphaf 57. gr. stjskr. hljóðar svo: „Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum". Og hvernig getur svo hæstv. ráðh., sem unnið hefir eið að stjskr., ætlazt til, að dómendur dæmi eftir réttarmeðvitund þjóðarinnar, sem allir vita, að á máli ráðh. þýðir réttarmeðvitund valdhafanna? Nei, Alþingi á að haga löggjöf sinni þannig, að hún sé á hverjum tíma eftir réttarmeðvitund þjóðarinnar, en dómendurnir verða að dæma eftir lögunum, segir stjskr., og það verður að standa fast; a. m. k. er það svo, að sá ráðh., sem ekki vill láta dómarana gera þetta, hann á ekki að gefa sig í það að vinna eið að stjskr. landsins, heldur á hann að hliðra sér hjá því.

Um framkvæmd dómsatkvæðisins skal ég litlu bæta við það, sem ég sagði, af því að hæstv. ráðh. mishermdi dálítið um það, hvernig þetta er framkvæmt í Noregi.

Þá vék hæstv. ráðh. að þeirri spurningu minni, sem ég beindi til hans, hvort hann liti svo á, að þeir dómarar, sem verða í hæstarétti, þegar þessi breyt. kemst á, ættu að sjálfsögðu að taka sæti í fimmtardóminum. Og þótt hæstv. ráðh. viki sér hjá að svara þeirri spurningu, þá voru þau ummæli, sem hann hafði í því sambandi, nægilega skýr. Hæstv. ráðh. gerði það úr spurningu minni, að ég væri að bera fyrir brjósti, hvaða menn fengju þau embætti, en það, að hann segir svo, sýnir, að hann lítur svo á, að þar verði að velja um menn. En ég gerði þetta aðeins

til þess að vita, hvort það væri ætlun hæstv. ráðh. að brjóta stjskr. á núverandi hæstaréttardómurum, og láta þá eiga það undir náð veitingarvaldsins, hvort það vill hafa þá áfram, og vil ég skilja það þannig, að hæstv. ráðh. er ráðinn í að fremja sömuleiðis þetta stjórnarskrárbrot, ef hann hefir nægilegt þingfylgi til þess.

Næst lýsti hæstv. ráðh. því, að hæstaréttardómari færi ávallt frá með fullum launum samkv. núgildandi lögum og stjskr., og að þetta yrði eins eftir að þessi löggjöf hans væri komin í kring, ef það á fyrir henni að liggja. Þetta er alveg misskilningur og lýsir furðu mikilli vanþekkingu á þeirri stjórnargrein, sem hann hefir með höndum; það er sem sé einungis í því tilfelli, að dómara sé veitt lausn frá embætti eftir að hann er orðinn 65 ára án þess að hann hafi sjálfur beiðzt lausnar. Beiðist hann lausnar áður eða eftir að hann er orðinn 65 ára, án þess að stj. hafi þótt ástæða til að eiga frumkvæði að því, fer hann frá með þeim eftirlaunum, sem á hverjum tíma gilda. Það mætti varla ætlast til minna af dómsmrh. en að hann vissi þetta. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að setja í löggjöfina ákvæði um eftirlaun dómara, sem fara frá af annari ástæðu heldur en þeirri, sem 57. gr. stjskr. talar um, ef menn vilja láta þau vera að einhverju leyti frábrugðin því, sem hin venjulegu eftirlaunalög mæla fyrir.

Þá hafði hæstv. ráðh. algerlega rangt eftir mér það, sem ég sagði um vinnugetu dómaranna í hæstarétti, er þeir væru orðnir 60 ára gamlir. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ég hefði sagt, að þeir myndu fara á vonarvöl, vegna þess að þeir væru orðnir óhæfir til allrar vinnu. Það, sem ég sagði, var einmitt nokkurnveginn þvert á móti. Ég hélt því fram, að sextugur maður, sem hefði átt við venjuleg launakjör að búa, væri ekki nógu efnaður til þess að mega hætta að vinna fyrir sér og fjölskyldu sinni. En hinsvegar orðinn of gamall til þess að fara að leggja út í og stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, t. d. venjulega lögfræðingavinnu. Hann getur verið góður starfsmaður enn fyrir því. Þeir yrðu því venjulega að leita fyrir sér um atvinnu hjá öðrum. Nú er það jafnan svo, að ríkið er langstærsti atvinnuveitandinn á því sviði. Þegar því dómurunum væri gert að skyldu að fara frá dómarastarfinu, er þeir væru 60 ára, þá væri óneitanlega freisting fyrir þá, að hafa komið sér svo við stj., að þeir ættu fyrir hennar tilstilli von um vinnu að dómarastarfi enduðu. Eins gæti og vonin um einhverja aðra atvinnu freistað þeirra í dómarasessi. Þeir væru því verr settir til að dæma algerlega hlutlausa dóma heldur en menn, sem á engan hátt væru háðir öðrum fjárhagslega eða atvinnuvonum. Hæstv. ráðh. lofaði að endurtaka þessa rangfærslu sína nokkrum sinnum. Honum er líka vel trúandi til þess, ef að vanda lætur.

Þá talaði hæstv. ráðh. um stjórnarskrárbrot, svona almennt. — Hann vildi t. d. halda því fram, að ég hefði framið stjórnarskrárbrot, er ég flutti í frv. till. um það, að bankastjórar tiltekins banka mættu ekki sitja á Alþingi. Ég veit nú ekki til, að neinn hafi haldið því fram í alvöru, að slíkt hafi verið stjórnarskrárbrot. Þar var ekki um neitt brot að ræða gagnvart embættismönnum ríkisins, því að allir vita það, að bankastjórar eru ekki embættismenn.

Þá vildi hæstv. ráðh. afsaka það, að ekki er gert ráð fyrir því í þessu frv., að núverandi dómarar hæstaréttar haldi áfram starfi sínu, með því, að ekki hefði heldur verið ráð fyrir því gert í lögunum frá 1919, að dómararnir í landsyfirrétti tækju við sætum í hæstarétti. En hér er ekki um sambærilegan samanburð að ræða. Þá var í raun og veru lagt niður eitt dómstig og annað stofnað. En hinsvegar kom víst aldrei til um það atriði, hvort hægt hefði verið að svipta dómara landsyfirréttarins starfi, því þeir voru víst gerðir að dómurum í hæstarétti. En hér er alls ekki um neina breyt. á dómaskipun að ræða. Hér er aðeins gert ráð fyrir að breyta nafni æðsta dómstólsins, ásamt nokkrum öðrum smábreyt., sem alveg eins hefði mátt gera, þótt nafninu væri ekki breytt. Og frv. sjálft sannar bezt, að svo er, þar sem nafninu er haldið óbreyttu á öðrum tungumálum. Frv. þetta getur því alls ekki samrýmzt ákvæðum 57. gr. stjskr. um nýja dómaskipun. Sú gr. getur ekki gilt um þetta.

Í niðurlagi ræðu sinnar kom nú hæstv. ráðh. með þessar venjulegu rokur sínar, sem ávallt heyrast, þegar hæstv. dómsmrh. sleppir sér. Fyrir okkur andstæðinga hæstv. ráðh. er vitanlega ekkert annað að gera við þeim rokum en að brosa. Og ég sé enga ástæðu til þess að víkja nánar að því nú en endranær, enda voru það eins og vant er tómar missagnir. Þó skal ég henda eitt atriði úr niðurlaginu, svo hæstv. dómsmrh. geti ekki síðar vitnað til þess, að því hafi verið ómótmælt af minni hálfu. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði tekið lán hjá brunabótafélagi í Danmörku, sem hús Reykjavíkurbæjar hefðu verið vátryggð hjá. En þetta er ekki rétt. Tilefnið til þessarar missagnar mun vera það, að fyrir rúmu ári kom til álita að skipta um vátryggingarfélag fyrir brunatryggingar hér í Reykjavík. Lá þá fyrir tilboð frá þýzku félagi. Ég átti þá kost á að láta álit mitt í ljós um þetta mál á fundi fasteignaeigenda. Var álit mitt á þá leið, að ekki mætti teljast hættulaust að tryggja hjá þýzku félagi, meðan hernaðarskaðabæturnar væru ekki til lykta leiddar. En þessi skoðun mín var á engan hátt tengd við það lán, er ég á sínum tíma fékk hjá vátryggingarfélagi, sem alls ekki hefir neinar brunatryggingar með höndum. Þetta er því alls ekki neitt ábyggilegra en hver önnur þau orð, er fram ganga af munni hæstv. dómsmrh.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Ed., 31. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Ingibjörg H. Bjarnason: Í byrjun umr. um þetta mál var bent á það með skýrum rökum af hv. 3. landsk., að nokkur ákvæði væru í þessu frv., sem brytu í bága við stjskr., og í samræmi við það vil ég lesa upp 27. gr. þingskapa, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagafrv., er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá".

Vegna þess að enginn benti á þetta atriði undir umr. í gær, vil ég minnast á það hér, því ég tel nauðsynlegt, að hv. þdm. geri sér þetta atriði ljóst. Ég vil því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann álíti ekki rétt að binda endi á mál þetta hér í deildinni samkv. 27. gr. þingskapa.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 3. landsk. hélt hér ræðu síðastur í gær, en þar sem fundi var slitið þá á eftir, gafst mér ekki tækifæri til að svara ræðu hans, og þar sem margt er komið fram, sem þarf skýringar, vil ég gera það nú.

Mér virðist, sem hv. þm. muni ganga það illa að sanna, að mörg séu dómstigin hér á landi, þótt héraðsdómar séu allmargir og stauparéttir í tíð íhaldsins o. s. frv. Undirdómar eru hliðstæðir, en um önnur dómstig er ekki að ræða, nema ef hv. þm. vill telja með sáttanefndir, sem hafa örlítinn anga af dómsvaldi, þ. e. a. s. mega gera út um mál, þar sem fram er sett 50 kr. krafa eða þar undir. Ég vil því halda því fram, að nafnið hæstiréttur sé ekki málfræðilega rétt, þar sem dómstigin eru aðeins tvö, og verð að álíta, að þessi fjarstæða hv. þm. orsakist af skorti á málfræðikunnáttu og almennri menntun yfirleitt.

Þá hefir hv. þm. ekki svarað, hvers vegna við eigum að apa eftir dönsku nafni á hliðstæðum dómstóli, enda ekki að furða, að hann vilji sem minnst um það ræða.

Það er vitanlegt, að þegar hæstaréttarlögin voru sett, var sjálfstæðisandinn ekki meiri en það hjá ráðandi mönnum þjóðarinnar, að þeir tóku upp þetta danska heiti sem stimpil danskra yfirráða hér á landi. Það þarf heldur engan að furða á, þótt hv. 3. landsk. sé dansklundaður, þegar menn minnast þess, að þegar baráttan um fánann stóð sem hæst, þá lýsti hann yfir því, að hér væri ólíft, ef danski fáninn blakti ekki yfir húsunum, og á Þingvöllum 1907 var sendur maður frá honum og hans flokki til að kúga ungmennafélögin til að draga niður íslenzka fánann. Þessi Danasleikjubragur hv. þm. er því eðlileg afleiðing af uppeldi hans og æskuvana.

Þá hneykslaðist hv. 3. landsk. á útlendu nafni þessa dómstóls, sem fylgir með í frv., en við því er það að segja, að sá siður var fyrst tekinn upp í Landsbankalögunum, og þar sem enska er út-

breiddasta mál heimsins, var ekki nema eðlilegt, að hún yrði valin til að gefa útlendingum hugmynd um, hvaða stofnanir þetta væru. Enska heitið segir, að þetta sé aðaldómstóll landsins, og vitanlega er hann það.

Meðan við höfum aðeins tvö dómstig, er ekki hægt að kalla hið hærra það hæsta, en vitanlega er það æðsti rétturinn, enda er það það heiti, sem aðrar þjóðir skilja. Það hafa ýmsir fett fingur út í, að dómstigin skuli ekki vera fleiri hér á landi, en ástæðan til þess er vitanlega sú, hvað þjóðin er fámenn.

Ég get verið stuttorður um þann kafla í ræðu hv. 3. landsk., er hann talaði um, að hér hefði aldrei verið um neina afturför að ræða, og heldur því fram, að á 14., 15., 16., 17. og 18. öld hafi kraftar þjóðarinnar notið sín til fulls, þrátt fyrir erlenda kúgun. Þetta er vitanlega rangt hjá honum. Það dæmi, sem hv. þm. tók, að tungan hefði varðveitzt á vörum alþýðunnar, er mjög svo óheppilegt hjá honum, því að alþýðuna vilja hann og hans nótar gera réttlausa, þrátt fyrir að hún bjargaði málinu þegar embættis- og afturhaldsmenn vildu „dependera af Dönum“. Hv. þm. játaði það sjálfur, að það hefðu verið embættismennirnir í landinu, sem töluðu dönsku og vildu gera allt danskt hér á landi. Nú á 20. öldinni höfum við ennþá þessar eftirlegukindur til að tefja fyrir viðreisn þjóðarinnar og breiða út óbeit á öllu því, sem þjóðlegt er. Það kom fram í fánamálinu, í allri baráttu fyrir frelsi landsins og nú síðast í fimmtardómsmálinu.

Þá vildi hv. þm. reyna að ásaka mig fyrir illa framkomu í garð hæstaréttar, en reyndi um leið að verja orð Lárusar Jóhannessonar, en nú skal ég skýra það mál nokkru nánar og sýna fram á, hvað hann leyfir sér að bjóða hæstarétti. — Lárus Jóhannesson var fenginn til að verja mál togarans Jupiters fyrir undirrétti í Hafnarfirði, og lætur þá svo um mælt, að ef dómurinn gangi ekki að sinni skoðun í málinu, þá sé ekkert réttlæti lengur til á Íslandi. Þessum orðum sínum gat hann hvorki beint til mín eða hv. 3. landsk., heldur undirréttarins í Hafnarfirði eða hæstaréttar, því að þeir einir aðilar áttu að dæma í málinu og aðrir ekki. Þessi ummæli gátu því átt við þessa dómstóla báða. Nú fer svo, að dómur gengur lögfræðingnum í vil fyrir undirrétti, en aftur tapar hann málinu fyrir hæstarétti. Þannig hefir hann þá slegið því fram, að ef hæstiréttur gerði það, sem hann gerði, að sakfella Jupiter, sé ekkert réttlæti til í landinu. Þessi orð eru þyngsta ásökunin, sem hæstiréttur hefir orðið fyrir. Og þessi maður, sem gaf hæstarétti þennan laglega vitnisburð, er einn af aðaleigendum Morgunblaðsins og mikið uppáhald hv. 3. landsk. Ef þm. vill ekki láta dæma hart um vini sína í hæstarétti, þá á hann að tala um það mál við Morgunblaðið og Lárus Jóhannesson.

Þessi ágæti íhaldslögfræðingur hefir ekki, eins og ég, gagnrýnt einn dóm og það með rökum, heldur tekur hann munninn fullan og segir, að ekkert réttlæti sé til í landinu eftir því sem hæstiréttur hefir nú fellt dóm. Ég er vitanlega alveg á móti þessari skoðun lögfræðingsins, eins og svo mörgu öðru, sem hann hefir borið fram, en hv. 3. landsk. er ánægður með þessi ummæli og hans blöð og hans flokkur hafa ekkert haft við þetta að athuga.

Þá talaði hv. þm. um það, að ég myndi vilja losna við einhvern hæstaréttardómaranna og til þess væri leikurinn gerður. En þá mætti segja með sama rétti, að Jón heitinn Magnússon hefði viljað losna við þáverandi landsyfirréttardómara, er hann bar fram lögin um hæstarétt. Því að þá var ekki frekar en nú trygging fyrir því, að sömu menn yrðu valdir til að gegna hinum nýju dómarastöðum.

Hv. þm. var eitthvað að dylgja með það, að ég væri á móti öllum þeim, sem ekki styrktu mig, og hæstiréttur væri á móti núv. stj. En nú vildi ég spyrja þennan hv. þm., hvort það sé hans meining, að hæstiréttur sé pólitiskur, eða er hann svo grunnfær að halda, að skipun æðsta dómstóls í landinu sé ekki ábyrgðarmeiri en það, að þar skuli eingöngu farið eftir pólitiskum skoðunum? Ég vil skora á hv. þm. að gefa skýringu á þessu.

Annars er það eftirtektarvert, að aumustu blöðin í landinu, Framtíðin og Stormur, hafa tekið sér fyrir hendur að verja hæstarétt, en hvað hefir hæstiréttur unnið til saka, þegar þessir menn gerast

nokkurskonar siðferðislegir fjárhaldsmenn hæstaréttar? Hafa dómararnir beðið þessi blöð að veita þeim vernd? Og ef svo er, hví leitar dómstóllinn til þessara blaða? Þetta er auðvitað fyllilega samboðið hv. 3. landsk. og hans flokki, enda notar hann þessi blöð sem málgögn sín, eins og kom fram við kosningarnar, en ég hygg, að það borgi sig ekki fyrir hæstarétt að lenda á milli tanna Magnúsar, sem framkvæmdi stauparéttinn hér á árunum, og ritstjóra Framtíðarinnar.

Svo er það Morgunblaðið — sem líka er sorpblað, þótt það sé stærra en hin, en þar hefir aldrei skrifandi maður verið við í mörg ár, — sem líka tekur að sér málstað hæstaréttar, án þess að nokkur hafi gefið tilefni til þessara varnargreina nema Lárus Jóhannesson, sem er einn af eigendum þess.

Þetta veikir alla aðstöðu hv. 3. landsk., þegar hans blöð, sem eru sorpblöð, bergmála hans heimskulegu orð og ásakanir í garð þessa dómstóls, og það er ekkert skemmtilegt fyrir hæstarétt að vera í þessari fjölskyldu.

Það má þó Morgunblaðið eiga, að þegar þessu var fyrst hreyft opinberlega, hvílíka skömm hæstiréttur hefði af sleikjulátum sorpritaranna, þá hætti það að miklu leyti heimskuhjali sínu um þetta mál, a. m. k. fram að þessu.

Meginkjarninn í ræðu hv. 3. landsk. virðist vera vafi hans um það, hvort núv. dómendur í hæstarétti fari í fimmtardóm eða ekki. Það er eins og hann vilji gera það stórt atriði, hvað dómendur þessir heiti næstu 1—2 árin, því að allir núverandi dómarar eru komnir nærri því aldurshámarki, sem sjálf stjskr. setur. Aðeins vanþekking á tilbúningi hæstaréttarlaganna 1919 getur afsakað framkomu hv. 3. landsk.

Í hæstaréttarlögunum frá 1919, sem Jón heitinn Magnússon fékk Einar Arnórsson til að semja fyrir sig, segir ekkert um það, hverjir eigi að flytjast úr yfirréttinum og í hæstarétt. 1919 stóð það algerlega opið fyrir *Jóni Magnússyni* að velja alla dómendur hæstaréttar utan landsyfirréttar, enda valdi hann tvo menn nýja, sem ekki voru prófaðir samkv. hæstaréttarlögunum. Hvers vegna má þá ekki fara eins að í framtíðinni. Að þessu sinni er þó margfalt stærri umbót gerð á allri réttarskipun en með hæstaréttarlögunum 1919. Sú eina umbót, sem þá var gerð, var *málflutningurinn*, að hann skyldi vera munnlegur, og sú umbót var gerð á móti einróma áliti dómaranna í landsyfirréttinum. Hv. 3. landsk. var þar með í flokki, sem ekkert sá athugavert við það 1919, þó að fellt væri niður í framkvæmdinni að prófa hæstaréttardómendur. En nú gerir hann kröfu um að það verði ekki gert. Hv. 3. landsk. fatast í rökum sínum nú, eins og komið hefir fyrir áður oft og mörgum sinnum. Ef nú væri fylgt fordæminu frá 1919, þá gæti skapazt ranglæti, sem hvorki hann eða mig langar til. Ef sett verða sömu skilyrði og 1919, að fyrstu mennirnir í dómnum skuli undanþegnir *prófi*, og segjum, að þessi breyting gangi fram í vetur og að sama stj. skipi mennina í dóminn. Hvað kæmi þá, ef — eins og hv. 3. landsk. hugsar sér að vaki fyrir núverandi stj.: að koma harðsnúnum fylgismönnum í dóminn — ef svo verða stjórnarskipti eftir einn mánuð og við tæki hv. 3. landsk. og núverandi flokksbróðir hans, hv. þm. Dal., sem hv. 3. landsk. vildi einu sinni banna þingsetu með stjórnarskrárbroti? Hugsum okkur svo, að eftir stjórnarskiptin losnaði eitt sæti í fimmtardómi, þá væri aðstaðan sú eftir frv., að hv. 3. landsk. gæti sett þangað einhvern flokksbróður sinn, en eftir skoðun hans, að þeir dómendur, sem fyrir eru, hafi íhlutunarrétt um skipun mannsins, þá má eins gera ráð fyrir, að þeir felli þann mann frá því að komast í dóminn, sem hv. 3. landsk. hafði tilnefnt. Með þessu væri þá hv. 3. landsk. og hans flokksbræður vonlausir fyrr en eftir langan tíma að fá sína menn í dóminn. Þannig skortir hv. 3. landsk. dómgreind til að sjá, að ef hann er hræddur við misbrúkun um skipun manna í dóminn, þá er ekkert hægt að gera, sem tryggi það betur, að svo verði ekki, heldur en einmitt þetta ákvæði frv., sem hann reynir af vanmætti sínum að gera tortryggilegt. Dómaraembætti í aðaldómstóli landsins á að sjálfsögðu að veita eins og önnur embætti í landinu, af þeirri stjórn, sem á hverjum tíma fer með umboð fyrir meiri hl. landsmanna.

Segjum aftur á móti, að haldið sé fast

við ákvæði fimmtardóms og að í þessu efni sé fylgt einfaldri stjórnarskipun, eins og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, þá mundi um þessi embætti fara eins og önnur, sem losna í tíð mismunandi stjórna, og þá yrði það aldrei lengi, að einn ákveðinn stjórnmálaflokkur ætti alla mennina í dómnum.

Í landi eins og okkar og með þeirri stjórnarskipun, sem við höfum, leiðir af sjálfu sér, að þegar stjórnarskipti verða, eru sumir embættismenn þjóðarinnar íhaldsmenn, aðrir framsóknarmenn eða sósialistar. Og ef litið er á málið frá heilbrigðu sjónarmiði, þá er það sjálfsögð regla að skapa þau skilyrði, að æðsti dómstóll ríkisins klofni ekki frá þjóðinni.

Mér virðist vaka fyrir hv. 3. landsk., að hæstiréttur ætti að geta lokað alla þá frá því að komast í réttinn, sem honum væru að einhverju leyti ekki geðfelldir. En hitt virðist ekki vaka fyrir honum, að ágreiningur geti átt sér stað innan réttarins.

Segjum ennfremur, að sæti losni í hæstarétti eða fimmtardómi, ef rétturinn hefir úrslitavald um veitinguna, og að komi til framsóknarstjórnar að tilnefna mann í staðinn og að hún nefni t. d. einhvern bezta og færasta prófessorinn í lagadeild háskólans, en að hann sé felldur frá því að taka sæti í réttinum, af því að dómendurnir, sem fyrir eru og hafa íhlutunarrétt um skipun mannsins, eru íhaldsmenn og vilja engan nema hann sé nákvæmlega af þeirra sauðahúsi. Segjum svo, að stj. nefni annan mann ágætlega færan að hennar dómi, en hann er líka felldur, og svona getur gengið koll af kolli, að dómendur í hæstarétti geta fellt menn þá, sem stj. nefnir til þess að taka sæti í réttinum, af því að þeir passa ekki í kramið vegna stjórnmálaskoðana sinna, eða vegna yfirburða í menntun og manngildi, ef rétturinn er eins og Lárus Jóhannesson lýsir honum. Heldur hv. 3. landsk., að slík óbilgirni dómendanna í hæstarétti verði þoluð til lengdar af þjóðinni? Nei, það fer eins um þann flokk, sem misnotar svo vald sitt, eins og t. d. Estrups-liða í Danmörku. Þeim var hrundið, þegar þjóðin hafði mátt til að kasta af sér áþján þeirra.

Nýlega er komið út í Svíþjóð stórt rit og merkilegt um réttarfar. Hv. 3. landsk. hefði gott af að lesa þetta rit. Þar er ekki minnzt á hans skoðun, sjálfskipun dómaranna, heldur að allir dómar séu skipaðir sem beztum og færustum mönnum. Sjálfgetinn dómstóll getur orðið klíkudómur. Hæstiréttur okkar er leifar frá Estrupstímanum, fluttar hingað inn 1919 og studdar af Stormi, Framtíðinni og öðrum sorpblöðum íhaldsins, en áfelldar harðlega af Lárusi Jóhannessyni. Má í þessu efni benda á samræmið í réttarfarinu, t. d. sýknun Björns Kristjánssonar og sektardóm gegn ritstjóra Tímans, út frá forsendum í máli sambandsins, sem allar voru í vil núverandi forsrh., en í óhag hv. 1. þm. G.-K. og pésa hans. Tveir dómar af því tægi leiða til gagnrýni, en ekki til allsherjaráfellisdóms eins og þess, sem Lárus Jóhannesson hefir upp kveðið um hæstarétt.

Hv. 3. landsk. hneykslaðist á því, að ég hefði sagt, að dómar ættu að vera í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Ég sagði nú raunar ekkert um það hér. Að vísu þarf ekki langt að leita, að dómar danska hæstaréttar hafi riðið í bág við réttarmeðvitund þjóðarinnar. Það þarf ekki nema að minnast á dæmi íhaldsflokksins í Danmörku, sem dæmdi Berg í fangelsi fyrir ræðu, sem hann hafði flutt á opinberum fundi yfir á Jótlandi. Ég skal ekkert um það segja, nema sá dómur hafi haft stoð í einhverjum lögum þar í landi. En þjóðin reis upp og mótmælti dómnum, taldi hann ranglátan og svívirðilegan. Engum nema römmustu íhaldssinnum datt í hug að afsaka dóminn. Þetta hafði sömu þýðingu eins og annað, sem gert er fólki nauðugt. Fall íhaldsins í Danmörku varð svo þungt af því syndir þess voru svo margar; allt varð að myllusteini um háls danska íhaldsins, enda er flokkur þessi undarlega lítill þar í landi, og nýtur hann þar manna eins og hv. 3. landsk. Slíkir menn stóðu að glapræðum Estrups. Út frá þessum forsendum séð er rétt, að hv. 3. landsk. taki til athugunar, hvort álit almennings sé einskisvert eða að engu hafandi.

Í lögbók Svisslendinga er grein, sem fræg er orðin og hljóðar á þessa leið: Þegar lögin ekki kveða skýrt á um eitt-

hvert atriði, þá eiga dómendurnir að dæma eftir beztu vitund. Það er þessi grein, sem orðið hefir mörgum til fyrirmyndar. Slík framkoma, að láta réttlæti og drengskap ráða um dóma, veldur því, að enskir dómarar njóta svo óvenjulegs álits fyrir réttdæmi.

Hv. 3. landsk. og þingsystir hans, hv. 2. landsk., hafa enn verið að tæpa á því, að í frv. þessu felist stjórnarskrárbrot, þar sem gert er ráð fyrir, að hæstaréttardómendurnir fari frá með fullum launum. Nú vildi ég biðja hv. 2. landsk. að skila til þess manns, sem þm. hefir farið í smiðju til, að þetta sé alls ekki rétt. En hinsvegar vildi ég einnig mega benda þm. á, að hann ætti ekki að vera að hlaupa erinda þess flokks, sem búinn er að snúa við henni bakinu og er staðráðinn í að leggja hana á höggstokkinn í vor, pólitískt séð. (JÞ: Maður heyrir stundum sorpblöð, þó maður lesi þau ekki). Annars er ekki von á, að hv. 3. landsk. átti sig á, að hér er ekki um stjórnarskrárbrot að ræða. Hann er búinn að gleyma þeirri tilraun, sem hann gerði ekki alls fyrir löngu til þess að brjóta stjskr., þegar landsbankafrv. var hér til umr. Annars hefi ég í fyrri ræðu minni fullsvarað þessu atriði.

Hér er alls ekki um neitt stjórnarskrárbrot að ræða, og liggur ekki nærri, heldur orðsending vissra manna inn í þingið, sem eiga hér auðsveipa skósveina til þess að reka erindi sín. (IHB: Ein af mörgum ósannindum ráðherrans!). Það sýndi sig bezt í gær, hvað hv. 3. landsk. er ófróður um öll þessi mál, þá var þm. alltaf að skjótast frá og í smiðju á milli þess, sem hann var að tala.

Annars hefir hv. 3. landsk. gefið ágæta skýringu einmitt um þetta atriði, sem hann er að deila á. Hann sagði í gær um þessa menn, sem fara frá 60 ára, að þeir lendi á vonarvöl. Nú er því ekki að gegna um þessa menn, af því að þeir fara frá með fullum launum. En þetta sýnir álit hans og ótraust á gömlum mönnum. Ef þessi skoðun hans er rétt, að 60 ára gamlir menn fái ekkert að gera, þó þeir hætti einu starfi, þá er það af því, að þeir eru orðnir vesalingar, því að alstaðar í öllum löndum er á öllum tímum nóg að gera fyrir dugandi menn. Af þessu má þá álykta sem svo, að menn, sem að dómi hv. 3. landsk. eru orðnir ófærir fyrir aldurssakir að vinna hjá öðrum, þeir eigi að halda áfram að vera í æðsta dómi landsins. Betri sönnun en þetta er ekki hægt að fá fyrir því að miða einmitt aldurstakmarkið við 60 ár.

Ég hefi þá í stórum dráttum svarað því helzta, sem fram kom í ræðum hv. 3. landsk. móti máli þessu.

Ég ætla þá fyrst að slá því föstu, að öll frammistaða hv. 3. landsk. er í líkingu við undirbúning hæstaréttar 1919. Honum datt ekki í hug að vitna í annað en hæstaréttarlögin. Þó sannaðist strax í meðferð laganna, að kostnaðurinn skipti tugum þúsunda á ári. En engum datt í hug 1919 að bæta við svo sem 2—3 þús. kr. til frekari undirbúnings og rannsóknar málinu. Undirbúningurinn 1919 var eins ófullkominn eins og hægt var að hugsa sér.

Þar sem hv. 3. landsk. heldur áfram að vera fulltrúi fyrir þessar litlu og lágu kröfur, sem gerðar voru 1919, þá sér hann ekki ástæðu til að bæta úr því sleifarlagi, sem verið hefir á æðsta dómstóli landsins. Hann skilur ekki, að dómendurnir eru í sjálfu sér of illa launaðir og vill ekki, að þeim sé gefinn kostur á að kynna sér ástand annara þjóða viðvíkjandi þróun dómsmála. Hann vill ekki sjá né viðurkenna, að hér sé fundin leið til að fullkomna réttinn og gera hann stærri, án þess þó að hann verið dýrari, svo að um muni, með prófessora lagadeildar háskólans sem meðdómendur. Þó að hæstiréttur nú sé byggður á ófullkomnum og illa gerðum lögum og þó að hann sé með málfræðilega röngu nafni, sem fengið hefir verið að láni hjá Dönum, og þó að réttarfarið sé langt á eftir því, sem þekkist með frændþjóðum okkar, Norðmönnum og Svíum, um vinnuskipulag, þá hefir það ekki minnstu áhrif á framkomu hv. 3. landsk., sem lokar augunum fyrir þeirri miklu og stóru réttarbót, sem borin er fram í frv. þessu. Allar röksemdir hv. þm. snúast um persónuleg efni — persónulegan hagnað fyrir flokk hans og til að verja gegn ímyndaðri hættu einhverja flokksbræður.

Enn hefir ekkert svar komið frá hæstarétti um afstöðu hans til þessa máls, en

ég trúi því ekki, að hann standi á bak við hina fáránlegu framkomu hv. 3. landsk. Hv. d. mun hafa veitt því eftirtekt, — en ég get þó ekki stillt mig um að skjóta því hér inn —, að í aðalblaði íhaldsins var í morgun kynleg lýsing á því, hvernig áheyrendur hefðu tekið þessu máli í gær. Þar stóð, að áheyrendur hefðu flúið umr. meðan ég reifaði málið. En sannleikurinn er sá, að aldrei á þessu þingi hafa verið hér fleiri áheyrendur en í gær. Þetta sýnir bezt, hvað málsstaður íhaldsins er góður, að það skuli þurfa að rangsnúa svona lítilfjörlegu atriði. En hitt skil ég, að ástæðan til þess, að Mbl. nefnir aðsókn að umr. í gær er það, að blaðið hefir reiðzt bæjarbúum fyrir að hafa áhuga á þessari umbót.

Hv. 3. landsk. fór að vonum ekkert út í það, að þetta er ekki fyrsti leikurinn á milli mín og hans um réttarfarsmál á Íslandi. Hv. þm. hefir ekki farið svo vel út úr þeim málum. Hver beitti sér fyrir endurbótum á fangelsismálum hér og hinni skammarlegu meðferð á föngunum? Og hvernig tók hv. þm. þeim endurbótum? Hv. þm. og flokkssystkinum hans stóð á sama, þó að fangarnir yrðu heilsulausir í fangelsinu, af því að svo svívirðilega var um þá búið. Rotturnar dönsuðu yfir andlit þeirra, er þeir leituðu hvíldar í rúmræflum sínum, og ýldustækju lagði upp í klefana gegnum grautfúið gólfið. En hreint loft áttu þeir að fá inn um lófastóra rúðu, sem var opnanleg á hverju herbergi. Nei, hv. þm. var sama, þó að þessir umkomulitlu, flibbalausu vesalingar — því að aðrir voru ekki dæmdir í þá daga — misstu heilsuna í fangelsinu og fengju þar aðbúð, sem ekki var skepnum boðleg. Ef hv. 3. landsk. hefði getað hindrað stj. í að endurbæta kjör þessara vesalings manna, þá hefði hann gert það. En við sigruðum, og Morgunblaðið og allir þess angar sprikluðu. Á eftir var okkur núið því um nasir, að endurbæturnar á Litla-Hrauni mundu kosta 400 þús. kr. En landsreikningarnir sýndu, hvað þær kostuðu. Nú er svo komið, að enginn íhaldsmaður — ekki einu sinni hv. 3. landsk. — þorir að ráðast á fangelsið á Litla-Hrauni eða umbæturnar á fangelsinu hér í bænum, af því að því er slegið föstu, að þetta var það, sem átti að gera. Einum berklaveikum fanga á Litla-Hrauni hefir meira að segja batnað að mun, eins og hann hefði verið á heilsuhæli. Hann hefir búið í sæmilegu herbergi, sem er mönnum boðlegt, og getað verið úti undir beru lofti. Og þetta er ekki eini leikurinn á milli okkar hv. þm., þar sem hann hefir ekkert haft nema ósigurinn, ekkert nema ósigur og vansæmd og illan málsstað. Hv. þm. ætlaði að ganga af göflunum, þegar farið var að hreyfa óánægju með stjórn lögreglumála í þessum bæ og bæjarfógetaembættið. Hann var svo sem ánægður með þetta, þó að vitanlegt væri, að launakjörin væru svo óréttlát, að launin fóru upp undir 80 þús. kr. á ári hjá fyrrv. lögreglustjóra, en 40 þús. hjá skiptaráðandanum í Rvík. En við skulum athuga, hvernig þetta hefir breytzt. Við skulum spyrja þá, sem hafa verið riðnir við dánarbú. Það er þegar viðurkennt um allt land, að það ástand, sem hv. 3. landsk. var að reyna að verja, var svo aumt, að það á enga forsvarsmenn lengur, enda hefir hv. 3. landsk. ekkert haft upp úr því, nema réttláta minnkun fyrir að hafa varið ástand, sem var á borð við fangahúsið á Skólavörðustíg.

Við skulum taka lögreglustjóraembættið og þá breyt., sem gerð var á því. Fyrrv. lögreglustjórinn sótti um tollstjóraembættið, fékk það og gegnir því með heiðri og sóma. Hann er líklega mótstöðumaður stj., en um það hefir aldrei verið spurt. Að bæjarfógetanum var ekki veitt lögmannsembættið, var á góðum og gildum ástæðum byggt, sem ég ætla ekki að rekja hér. En reynslan hefir sýnt það ótvírætt, að núv. stj. hefir kunnað að taka á þessu máli. Varð kannske breyting til hins verra, þegar nýr lögreglustjóri kom? Ónei, síður en svo, og um það eru allir sammála. Nýi lögreglustjórinn hefir sett á embættisrekstúrinn svip sinnar samtíðar. Og svo magnað vantraust fékk hv. 3. landsk. hjá flokksbræðrum sínum, að íhaldsmennirnir í bæjarstjórn brugðu við og bættu við 15 lögreglumönnum, þegar stj. hafði lagt til vel hæfa forustu. Þeir sáu, að nú var það til einhvers. Nú gátu þeir treyst forustunni.

Það er alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm.

að slá á þá strengi, að hér sé um að ræða ofsóknarmál við íhaldið. Hér er um að ræða mikið umbótamál, alveg hliðstætt þeim umbótum, sem gerðar hafa verið í fangelsismálum landsins, í lögreglustjórn Reykjavíkur og í meðferð á dánarbúum og fé ómyndugra í höfuðstaðnum. Þessar umbætur, sem ég hefi nefnt, hafa vitanlega verið gerðar jafnt fyrir alla, en íhaldsmenn, einmitt íhaldsmenn hafa notið þeirra mest. Á meðal þeirra koma flest þrotabú til greina. Við framsóknarmenn erum minnsti flokkurinn í bænum, en þessar aðgerðir hafa komið miklum meiri hl. bæjarbúa að gagni — af því að við erum umbótaflokkur.

Um fimmtardóminn er það sama að segja. Hann er byggður á evrópiskum nútíðargrundvelli, í stað gamla, danska kúgunargrundvallarins, sem sumir afturhaldsseggir eru ekki enn búnir að venja sig af. Formið, sem hæstarétti var gefið 1919, er úrelt, og hefir alltaf verið það, af því að þá menn, sem að því unnu, skorti hæfileika og víðsýni til að gera betur.

Það er ekki til neins fyrir þá, sem ekki hafa annað vopn í höndum en flokkseigingirnina, að reyna að vinna sigur í þessu máli. Ég er búinn að rökstyðja réttmæti þess, með því að benda á hinar gegndarlausu hrakfarir, sem hv. 3. landsk. og hans menn hafa farið í öðrum réttarfarsmálum, sem á samskonar kröfum eru byggð, og sem þeir nú þakka, a. m. k. sín á milli, og njóta ávaxtanna af. Við viljum bæta aðaldómstól landsins, sniða hann eftir þörfum nútímans og gera hann þó um leið þjóðlegri en hann hefir nokkru sinni verið, síðan Ísland var lýðveldi. Ef hv. þm. getur nokkuð annað aðhafzt í þessu máli en að leika á strengi flokkseigingirninnar og hégómans, og komið fram með alvarlegar umbótatill. við frv., verður enginn glaðari en ég.

Ingibjörg H. Bjarnason: Ég ætla aðeins að taka það fram, að aths. mín í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, var ekki þess eðlis, að hæstv. dómsmrh. þyrfti að stökkva upp eins og strákur og ausa yfir mig illkvæðisorðum af verstu tegund. Ég vænti þess, að hæstv. forseti d. mundi af sinni venjulegu prúðmennsku svara fyrirspurn minni blátt áfram. Ég las bara upp úr 27. gr. þingskapanna þessi orð: „Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frv. til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá". — Þetta var allt og sumt, sem ég dirfðist að segja. Það var svo sjálfsagt, að einhver fyrispurn kæmi fram um þetta atriði, að ég var þess albúin að gera það, undir eins og frv. kom fram, og það án þess að fara í smiðju, eins og hæstv. ráðh. lætur sér sæma að bera mér á brýn. Já, hæstv. ráðh. hefir áður sýnt „lofsverða" viðleitni í því að ófrægja mig utan þings og innan og telur mig sennilega ekki læsa, því annað og meira þarf ekki til þess að geta kynnt sér þingsköp Alþingis. Máske er það vegna þess, að ráðh. hefir ekki gefizt færi á að skeyta skapi sínu á mér fyrr á þessu þingi, að hann getur nú ekki lengur setið á sér að reyna að svala sér á mér, af því að ég gerði mína sjálfsögðu skyldu sem þm. Ég aumka þjóðina, að hafa fyrir ráðh., já meira að segja dómsmrh., mann, sem ekki kynokar sér við að nota hin lægstu meðul og hina stráksleguslu framkomu (Forseti hringir.) til þess að koma fram ofsóknarhneigð sinni. **(Forseti GÓ:** Ég skal taka það fram, að ég hefði ef til vill átt að hringja oftar, því að nokkrir hv. þm. hafa notað alveg óviðeigandi orðbragð hér í deildinni í gær og dag. En ég kýs heldur að brýna fyrir hv. dm. að vanda framkomu sína, og gefa mér ekki ástæðu til að hringja þá niður). Ég er aðeins að svara dylgjum og árásum hæstv. ráðh., og þá eru stór orð nauðsynleg, eins og fleiri hv. þdm. hafa oftlega reynt. Ráðh. var að dylgja um það, að ég hefði farið í smiðju til lögfræðings nokkurs hér í bæ, sem ekki nyti svo mikils trausts, að hægt væri að sækja gull í greipar hans. Flestir munu skilja, við hvaða lögfræðing er átt, og ég legg það óhrædd undir dóm manna, hvers álits sá maður nýtur. Hefði ég farið í smiðju til hans, hefði ég frekar sýnt hyggindi en heimsku.

Að öðru leyti nenni ég ekki að svara hæstv. ráðh. Allt hans hjal var óviðkomandi frv. því, sem fyrir liggur, og ég vil hvorki óvirða þingið né sjálfa mig með

því að fara að karpa við ráðh. um hluti, sem ekki koma þessu máli við. Það mætti að vísu halda langa ræðu út af þeim orðum, sem hæstv. ráðh. kastaði til mín vegna meinlausrar og sjálfsagðrar fyrirspurnar. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem ráðh. hrósar sigri yfir því, að rógur hans sé búinn að grafa undan því áliti, sem ég vona og veit, að ég nýt á meðal mætari manna en hæstv. ráðh. er.

Jónas Kristjánsson: Frv. um fimmtardóm, sem hér er rætt um, ásamt ræðum hæstv. dómsmrh. um það, gefa manni ýmislegt að hugsa um. Mér dettur fyrst í hug frásagan um fall Atla. Sagan segir frá því, að Atli stóð í dyrum úti og var lagður spjóti í gegn: „Þau tíðkast nú hin breiðu spjótin", mælti hann um leið og hann féll. Orðin voru æðrulaus. Þau hnigu að verkfærinu, sem hann var veginn með, en meint var athöfnin, sem framkvæmd var. Hinn vegni átti þess ekki kost að verja sig. Verkið var níðingsverk.

Í hinu pólitíska lífi þjóðar vorrar eru hin breiðu spjótin alltíð orðin, síðan núv. hæstv. dómsmrh. náði völdunum í sínar hendur. Hann kann að handleika þessi vopn og vegur óspart að andstæðingum sínum með þeim og er mikilvirkur. En sæmdarverk vinnur hann fá.

Á fyrsta þinginu, sem hann sat sem dómsmrh., lagði hann einu af þessum breiðu spjótum að hæstarétti þjóðarinnar, er hann komst svo að orði, að hæstiréttur hefði framið réttarmorð. Sannar ástæður gat hann engar fram fært, staðhæfingu sinni til stuðnings. En hið breiða spjót geigaði. Hæstiréttur stóð óskemmdur af laginu. Hann var saklaus. Það var líka vegna þess, að loppan, sem hélt á vopninu, var brennimerkt. Það er hart að þurfa að segja það hér á Alþingi, en hún var brennimerkt stimpli, sem er of kunnur til þess að þörf sé að nefna hann hér. Nú er í annað sinn vegið í sama knérunn. Aðferðin er önnur, en vopnið er það sama. Nú er stefnt að því að leggja niður hæstarétt. Það er látið í veðri vaka, að þetta sé gert til þess að stofna nýjan dómstól, fimmtardóm. En engum heilskyggnum manni dettur í hug að trúa þessum fyrirslætti hæstv. dómsmrh. Það er ennfremur látið í veðri vaka, að þessi nýi dómstóll eigi að veita meira réttaröryggi en hæstiréttur, og líka, að nafnið fimmtardómur sé þjóðlegra en nafnið á hæstarétti. Aldrei hefi ég þekkt aðra eins hræsni og annan eins yfirdrepskap! Heyr á endemi! Hæstv. dómsmrh. ætlar að veita þjóðinni meira réttaröryggi. Þessi líka sannleikspostuli! Hefir hann sýnt af sér svo mikið réttlæti? Bendir fógetagerðin í Hornafirði á réttlæti og réttarfarslegt öryggi? Fógetagerð sú er orðin allfrægt mál.

Hæstv. ráðh. varð það óvart á í gær í röksemdafærslu sinni að koma fram með a. m. k. aðra aðalástæðuna fyrir því, að hann flytur frv. þetta. Þessi ástæða er sú, að honum fellur ekki við dóma hæstaréttar. Hæstiréttur dæmir nefnilega eftir lögunum, en hæstv. dómsmrh. vill jafnframt láta hann dæma eftir almenningsálitinu (sem hann kallar svo): dómurinn verður að vera í samræmi við almenningsálitið. Nú væri gaman að vita, hvað almenningsálitið er. Þegar eftir því er grafizt, þá er almenningsálitið ekkert annað en persónulegt álit ráðh. sjálfs. Þetta hefir oft komið fram í blaði hans, Tímanum. Ráðh. skrifar leiðara í blaðið, og heldur þar fram einhverju pólitísku hagsmunamáli sínu, eða sleggjudóm yfir andstæðinga sína, og stimplar síðan þetta sem almenningsálit. M. ö. o.: hæstv. ráðh. vill láta æðsta dómstól landsins dæma eftir sínum vilja. Hann vill ráða sjálfur dómum hins æðsta dómstóls. Eftir þessu er ekki ólíklegt, að hann vilji skipa í fimmtardóm þá menn, sem hafa mjög líkar skoðanir um almenningsálitið og hæstv. dómsmrh. sjálfur. Hitt er eftir að vita, hvort hann finnur slíka menn. En þægilegt væri það fyrir þennan ráðh., ef hann getur látið dómara fimmtardóms dæma eftir almenningsáliti, er hann sjálfur ákveður, sérstaklega þegar þess er gætt, hve oft hann er sjálfur ákærandi eða ofsækjandi.

Hin ástæðan, sem ræður því, að hæstv. ráðh. flytur frv. þetta, er sú, að hann þarf að losa þau embætti, sem núv. hæstaréttardómarar sitja í, til þess að geta þar enn á ný hreiðrað um gæðinga sína. Hæstv. ráðh. hefir einmitt lagt mikið verk í slíka hreiðragerð. Flest embætti, sem

hann hefir skipað í, eru með þessu markinu brennd. Breyt. var gerð á Landsbankalögunum til þess eins, að hæstv. ráðh. gæti rekið úr bankaráðinu andstæðinga sína. Úr lögreglustjóra- og bæjarfógetaembættunum voru búin til 3 embætti, þar sem voru a. m. k. 2 ný hreiður fyrir gæðinga ráðh. Mætti svo lengi telja. Hæstv. dómsmrh. hefir sýnt hina mestu hugkvæmni í því að búa til ný embætti handa skjólstæðingum sínum. En þessi hugkvæmni hefir orðið þjóðinni nokkuð dýr, enda voru útgjöld síðasta árs nokkuð há. Þeir, sem settir eru í þessi nýmynduðu hreiður, mynda málalið hæstv. dómsmrh.

En svo að ég snúi mér aftur að hæstarétti, þá má um hann segja, að hann er ekki gamall, en hann hefir hreinan skjöld og hefir getið sér traust og virðingu allra sæmilegra manna. Hann hefir staðið eins og klettur úr hafinu og á honum hafa brotnað öldur þær, sem þessi nýi „spekúlant" og ribbaldi hefir þeytt upp. Þess vegna á hæstiréttur nú að falla. Hann hefir unnið sér það til óhelgi í augum hæstv. dómsmrh., að hafa dæmt eftir lögum landsins, en ekki eftir almenningsáliti, sem hæstv. ráðh. kallar svo. Nú á hann að falla fyrir mistilteini hins blinda haturs, fyrir breiða spjótinu frá Hriflu. Þarna losna líka nokkrar nýja stöður handa vikaliðugum gæðingum.

Allar menntaðar þjóðir reyna að búa svo um hæstarétt sinn, að hann sé sem óháðastur. Ennfremur reyna þær af fremsta megni að skipa hann þeim beztu og lögvitrustu mönnum sínum, mönnum, sem gæddir eru sterkri siðferðiskennd og ábyrgðartilfinningu. Því miður hefir verið hringlað nokkuð með lögin um hæstarétt og dómendum fækkað úr fimm og niður í þrjá. Svo hefði ekki átt að vera. Ef ég man rétt, þá átti núv. hæstv. dómsmrh. þátt í þeirri till., sem leiddi til þess, að að því ráði var snúið. Hann var á þeim árum farinn að stinga selshöfðinu upp úr sínu pólitíska Fróðáreldhúsi, til ógæfu fyrir þessa þjóð. Alþingi Íslendinga hefir, því miður, ekki verið ljóst, hve mikils virði óháður og ábyggilegur æðsti dómstóll er, vegna þess að menn hefir ekki órað fyrir því, sem nú er að koma fram, einveldisbrölti eins manns. Sem dæmi þess, hve mikils trausts hæstiréttur hefir endur fyrir löngu notið meðal hinnar mestu þroskaþjóðar, Prússa, er saga frá dögum Friðriks II., sem líka var kallaður Friðrik mikli.

Vindmylna ein mikil skyggði á útsýni úr konungshöllinni í .... Vildi konungur láta taka niður vindmylnu þessa. Fór hann í þessu skyni á fund eiganda og bað hann að selja sér vindmylnuna. Eigandinn kvað nei við. „Vitið þér ekki", kvað konungur, „að ég get látið taka vindmylnuna eignarnámi?" „Það getið þér ekki, herra konungur. Ég mundi kæra slíkt fyrir dómstólunum, og hæstiréttur mundi dæma yður fyrir tiltækið". „Þér hafið rétt að mæla", kvað konungur. Hafið þökk fyrir að hafa minnt mig á hæstarétt. Ég gleðst yfir því, að þér berið svo mikið traust til hans. Vindmylnan yðar skal vissulega fá að vera í friði". — Er sagt, að vindmylnan standi þar enn þann dag í dag, sem órækur vottur þess trausts, sem eigandi hennar bar til hæstaréttar landsins.

Þær eru ekki eins konunglegar, aðfarir hæstv. dómsmrh. gagnvart hæstarétti vorum. Þegar honum finnst, að dómar þessa hæstaréttar séu ekki í samræmi við sína eigin hagsmuni, sem hann nú kallar almenningsálit, þá rýkur hann upp og hrópar: Réttarmorð! eins og hver annar ofbeldismaður, sem þolir ekki lög. Þegar nú þetta hefir ekki tilætluð áhrif, þá semur hæstv. ráðh. frv., sem fer fram á, að hæstiréttur skuli lagður niður og myndaður annar dómstóll í hans stað með öðru nafni. Tilgangurinn er bersýnilega hefnd við hæstarétt, jafnframt þeim hagsmunum að geta losað þarna stöðu handa skjólstæðingum sínum, sem svo eiga að vera góð og þakklát börn á eftir. Þessi breiðu spjótin eru orðin alltíð.

Dómsmrh. er settur til þess að vera vörður laga og réttar í landinu. Hann á að vera hin réttarfarslega forsjón þjóðarinnar. En hvernig stendur hann í stöðu sinni sem slíkur? Ég á nú ef til vill á hættu að verða hringdur niður, en ég ætlaði að segja þessi vitskerti maður. Jú, hann ofsækir í stað þess að vernda, hann ákærir í stað þess að rannsaka og gæta réttar einstaklingsins. Þannig hefir hann ofsótt bæði einstaklinga og heilar stéttir,

jafnvel heila atvinnuvegi, sem veita fjölda fólks atvinnu og lífsviðurværi og eru þar að auki hyrningarsteinar undir efnalegri afkomu og velferð þjóðarinnar. Þá ofsækir hann. Hann hefir í hótunum við menn að reka þá frá embættum, ef þeir geri þetta og hitt, sem honum er ekki að skapi. Flestum mun í fersku minni viðureign hans við lækna landsins. Í greinum, sem hann skrifaði þá í blað sitt Tímann gegn læknum, gefur hann sjálfum sér svo greinilegt brjálsemivottorð, að slíkt tekur engu tali. Þar kemur fram hans sjúka sálarástand mjög greinilega, ofsóknarástríðan og hatrið. Þá hirðir hann ekkert um eða veit ekkert um, hvað hann segir, hvort hann fer með ósannindi eða segir satt. Mér er óhætt að fullyrða, að hann veit það ekki. En það er dálítið hættulegt til lengdar að láta mann, sem þannig er sviptur allri ábyrgðartilfinningu, ráða lögum og lofum íhlutunarlaust af hendi stuðningsmanna hans. Hvað á slíkt að ganga lengi hér? Nú styðst þessi byltingamaður mest við menn, sem hann hefir útvegað stöður, embætti og önnur fríðindi, og þá menn yfir höfuð, sem hafa von um einhverja hagsmuni frá hans hendi. Þetta málalið er orðinn allfjölmennur hópur, enda er ekkert sparað til að auka það, hvorki fé né hugkvæmni.

Hafa hv. þm. athugað, hvernig ástandið mundi verða í landinu, hvernig hið pólitíska siðferði yrði, ef flokkar þeir, sem keppa um yfirráðin hjá þjóðinni, viðhefðu hver eftir annan þá ofsóknaraðferð, sem hæstv. dómsmrh. hefir viðhaft síðan hann náði völdunum í sínar hendur? Þá aðferð, að ryðja með öllu hugsanlegu móti mönnum miskunnarlaust úr stöðum og embættum, aðeins til þess að svala hatri sínu og koma sínum skjólstæðingum í mjúklegt hreiður, alvel án tillits til hæfileika. Þannig fara þeir að, sem brjótast til valda. Halda hv. þm., að slíkt mundi leiða til blessunar fyrir land og lýð? Getur nokkrum manni komið til hugar, að maður í ábyrgðarmikilli stöðu og með heilbrigða skynsemi mundi haga sér líkt og hæstv. dómsmrh.? Enginn flokkur situr til eilífðar við völd, ekki einu sinni mjög lengi. Við skulum hugsa okkur, að innan skamms tæki annar stjórnmálaflokkur við völdum, andstæðingar núverandi stjórnmálaflokks. Það er sagt, að óvandari sé eftirleikurinn. Við skulum segja, að hann noti sömu þrælatökin, sömu breiðu spjótin og hæstv. dómsmrh. notar, breytti lögum til þess að svipta mönnum úr embættum og setja sína eigin skjólstæðinga í þeirra stað, eins og hæstv. dómsmrh. hefir gert. Hvílíkt óskaplegt ástand mundi slíkt skapa í þessu fátæka og fámenna landi. En ég vona nú, að hvaða flokkur sem næst tekur við völdum, þá láti hann víti þessarar stj. verða sér til varnaðar. Því þeir, sem nú stjórna, láta hvorki leiðast af réttlæti né kærleika til þjóðarheildarinnar.

Þeirri pólitísku siðspillingu, sem hæstv. dómsmrh. hefir komið af stað, verður ekki með orðum lýst. Ég hefi talið sumt upp af ærslum hans, þó ekki líkt því allt. Enda er það óþarft. Flestum er það í fersku minni. Ég veit fyrir víst, að hæstv. ráðh. hefir ekki hugmynd um þá pólitísku óöld, sem hann hefir innleitt hér á landi. Augu hans og heili eru svo haldin, að sjáandi sér hann það ekki, og þýðir þess vegna ekki að tala um það við hann. En við hina beztu menn í hans flokki vildi ég segja þetta: Ég vona, að einhverjir ykkar fái opin augu fyrir hinu núverandi pólitíska ástandi í landinu og þér athugið, hvert stefnir með sama áframhaldi. Ég vona, að hinir beztu menn meðal Framsóknarflokksins taki höndum saman við menn úr öðrum flokkum til þess að afstýra þeirri bölvun, sem af slíku stjórnarfari leiðir, sem við nú búum undir.

Flokksmenn núv. hæstv. stj. verða að gera sér það ljóst, að þeir bera ábyrgð á núv. stjórnarfari og þeirri siðspillingu í opinberum málum, sem það hefir í för með sér. Hinu pólitíska ástandi er nú þann veg komið, að verið er að grafa undan réttarfarslegu öryggi þjóðarinnar. Persónulegt einstaklingsöryggi er ekki óhult lengur, og atvinnuöryggið er að verða efasamt. Hver, sem kemst í andstöðu við núv. hæstv. dómsmrh., má búast við ofsókn; það vita menn. Þetta er satt og sannanlegt. Hvað hefir komið öllum þessum ófögnuði af stað? Dómsmálaráðherrann okkar hæstv., með breiðu spjótin.

Þau tíðkast nú hin breiðu spjótin, en hvað á það að verða lengi? Það er á valdi hv. stuðningsmanna núverandi stj.

Forseti (GÓ): Ég ætla að segja fáein orð, sérstaklega út af ummælum og fyrirspurn hv. 2. landsk. um það, að þessu máli bæri að vísa frá.

Ég skal þá fyrst geta þess, að það leikur mikill vafi á, hvort sú grein frv., sem hv. 3. landsk. minntist á, brýtur í bága við stjskr. eða gerir það ekki. En þó svo væri, að gr. þessi gengi eitthvað of nálægt stjskr. í einhverju einstöku atriði, þá hygg ég, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, og hv. deild eigi að hafa góða aðstöðu til þess að rannsaka þetta og fleiri ákvæði, sem hún liti líkum augum á.

Til eru fordæmi um það, að frv. væru borin fram, sem nokkur hluti þm. hefir álitið að einhverju leyti brjóta í bága við stjskr. Ég vil í því sambandi nefna úrskurð um slíkt mál hjá hv. núv. þm. Snæf. Það var frv. um Landsbankann. Hann benti á, að ef eitthvað væri athugavert við frv. í sambandi við stjskr., þá gæti þingdeildin vel breytt því samkv. till. n. Þessi úrskurður var kveðinn upp 20. apríl 1927. Í sömu átt mun og hafa gengið úrskurður forseta Nd. í því máli á sama þingi.

Ég sé því ekki ástæðu til að vísa þessu frv. frá.

Jón Þorláksson: Eins og hæstv. forseti veit, hefi ég tekið tvisvar til máls og hefi því ekki heimild til annars en aths. til að bera af mér sakir. Ég ætla að fylgja þingsköpum, en ekki leiða umr. um þetta þýðingarmikla mál út á þær brautir, sem hæstv. dómsmrh. lagði út á í ræðu sinni í dag — og raunar bera vitni um það, að hann er þá djarfur í sókninni, þegar hann veit, að mótstöðumaðurinn getur ekki neytt sín til varnar eða andstöðu.

Hæstv. ráðh. flutti hér slúðursögu, sem ég hefi heyrt áður, — að ég hafi einhvern tíma látið í ljós, að það yrði ólifandi í landinu, ef annar fáni yrði lögleiddur hér og danski fáninn, sem þá var, dreginn niður. Ég hefi heyrt þessa sögu áður hjá einum manni. Ég sagði honum, að þetta væri alveg tilhæfulaust, að ég hefi aldrei talað þessi orð, og hann gæti aldrei bent á neinn stað, þar sem þau yrðu fundin eftir mig. Enda er ég alveg viss um, að ég hefi aldrei talað þau.

Viðvíkjandi nafni á æðsta dómstól landsins var hæstv. ráðh. eiginlega kominn alveg yfir á mína skoðun, sem sé þá, að það er náttúrlega rétt, að þetta er æðsti dómstóll landsins, og það er þess vegna ekkert rangnefni að kalla hann hæstarétt; það er engin málfræðivilla. Hæstv. ráðh. sagði að þessu sinni ekki meira en það, að sér þætti nafnið ekki smekklegt. Ég hefi ekkert um það að segja, og yfir höfuð ekkert að því vikið, hvort mér þætti eitt eða annað heiti á þessum dómstól betra heldur en það, sem nú er. Ég hefi aðeins viljað leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. út af þessu.

Þá brá hæstv. ráðh. mér um óþjóðrækni og rökstuddi aðallega með því, að hann hermdi upp á mig ummæli, sem ég aldrei hefi haft, — að ég hefði sagt, að aldrei hefði orðið nein afturför hjá þjóðinni í þjóðlegum efnum. Þetta hefi ég auðvitað aldrei sagt. Það er svo alkunnugt öllum Íslendingum, að við höfðum afturfarar- og niðurlægingartímabil í nokkrar aldir. En hitt stendur fast, sem ég sagði í gær, að okkur tókst að varðveita okkar fornu og þjóðlegu menningu gegnum niðurlæginguna, þannig að við áttum hana óskemmda; en þetta hafði Norðmönnum ekki heppnazt.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þetta væri pólitískt mál hjá mér. Þetta er ekki rétt. Það er yfirleitt svo í landsmálum, að það er minna um það hjá mér en mörgum öðrum stjórnmálamönnum, að mál verði fyrir mér pólitísk eða snerti persónur. Og sízt finnst mér hæstv. dómsmrh. ætti að koma með ásakanir í þessa átt til nokkurs manns.

Ég þarf náttúrlega ekki að bera af mér neinar sakir í raun og veru út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði um sorpblöð. En eins og ég skaut fram í ræðu hans, þá bar hún þess vitni, að maður getur stundum heyrt sorpblaðagreinar, þó að maður hliðri sér hjá að lesa sorpblöðin. Satt að segja getur varla farið hjá því, að ýmsum, sem heyrt hafa ræðu hæstv. dómsmrh. hér í dag — og jafnvel í gær —, þeim detti í hug, að þeim mönnum farist

ekki að tala um sorpblöð hjá öðrum, sem standa sérstaklega að þeim blöðum, sem aðallega flytja orðfæri hæstv. ráðherra sjálfs.

Ég kalla það að bera af mér sakir, þegar ég enn leiðrétti það, að hæstv. ráðh. hafði eftir mér, að ég telji þá menn ófæra til vinnu, sem eru orðnir sextugir. Ég sagði það gagnstæða. Þeir eru venjulega vel vinnufærir, ef þeir eru ekki haldnir af sérstakri vanheilsu. En hitt er alkunnugt, að menn endast lengst til þess að vinna með fullum árangri að því starfi, sem þeir eru vanir. Það er erfitt að skipta um, og sérstaklega að gerast sjálfstæðir atvinnurekendur, þegar menn eru komnir á hin efri ár.

En í þessu sambandi vil ég geta þess, að það gladdi mig, að hæstv. dómsmrh. er nú farinn að lagfæra frv. með viðaukum frá sjálfum sér í umr. Því að hann sagði, að þessir sextugu dómarar, sem samkv. frv. eiga að fara frá óskorað, fari frá með fullum launum. En þetta verður ekki stutt með neinu í stjskr. eða gildandi lögum, né heldur í frv. eins og það er.

Það væri náttúrlega margt fleira, sem ég hefði ástæðu til að leiðrétta í þessari stuttu aths. minni. Sérstaklega vil ég taka í einu lagi allar fullyrðingar hæstv. ráðh. um það, hvernig mín afstaða er til þeirra málsatriða í frv., sem ég alls ekki minntist á. Hann ímyndar sér, að hann sé svo alvitur, að hann geti fullyrt um það án þess að hann fái nokkra aðra vitneskju en úr sínum eigin kolli. Ég get þessa, til þess að það sé vitanlegt, að hæstv. ráðh. hafi ekki fengið neina vitneskju um mína afstöðu til þessara málsatriða, þótt hann gerðist nú til þess að lýsa henni.

Ég hefi ekki talað um neina flokksofsókn í sambandi við þetta frv. En ég hefi gert grein fyrir því, og það stendur alveg óhrakið eftir hina löngu ræðu hæstv. ráðh. í dag, að bæði einstök atriði og heildarsvipur þessa frv. fer í þá átt að gera æðsta dómstól landsins háðan umboðsvaldinu. Og slíkt má ekki eiga sér stað.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég get nú verið stuttorður út af þessum þremur síðustu ræðum.

Mér þykir furðu sæta, hve hinn ágæti fulltrúi kvenna, hv. 2. landsk., tók því illa, þegar ég minntist á illa meðferð á honum af hennar eigin flokki, þar sem það virðist vera almennt samkomulag, að þessi hv. þm. fái ekki að lifa lengur í pólitískum skilningi en þetta þing. Mér finnst það hart, eftir alla þá þægð, sem hv. þm. hefir sýnt sínum flokki allan þennan tíma, að vera nú kastað á gaddinn. Annars er það svo um tvo af hinum hv. landsk. þm., sem töluðu, að þeir minna á leikfang nokkurt, þar sem lítill karl er látinn stökkva út úr öskju og gera sig gildan. Þessir tveir hv. fulltrúar Íhaldsflokksins, sem ekki eiga að fá að bjóða sig fram aftur, eru látnir koma með skilaboð frá flokknum, og láta þó eins og þeir hafi eitthvert vit á málinu sjálfir. Það verð ég að taka fram í þessu sambandi, að miklu er það virðulegra, sem frá hv. 2. landsk. kemur, heldur en hv. 5. landsk. Því að þó að það sé vitleysa, sem hv. 2. landsk. kom með, var það þó viðkomandi málinu. En eftir að hv. 5. landsk. byrjaði að tala, þá hlustuðu menn á hann með þá spurningu í huga, hver hefði skrifað þessa ræðu. Hann stamaði sig fram úr henni með mestu vandræðum, eins og hann hefði ekki verið búinn að lesa hana nema tvisvar yfir. Ég var einn af þeim, sem voru að hugsa um þetta. Ég sló því fljótt föstu, að ræðan væri skrifuð fyrir hann. En þegar kom fram í ræðuna, var hún svo vitlaus, að mér þótti sem enginn mundi skrifað hafa nema sá, sem gaf sjálfum sér þá viðurkenningu, að hann væri pólitískur dvergur. Annars er sennilegast, að ræða sú, sem hv. 5. landsk. las hér upp, hafi verið skrifuð af einum flokksbróður hans í Nd., sem mun vera minnst ritfær í flokknum; og það jafnvel svo herfilega, að hann hefir áður orðið að láta annan flokksbróður sinn skrifa fyrir sig ræður. Kom þetta í ljós þegar hann fór að reka í vörðurnar í handritinu og stamaði fram úr sér þessari setningu: „Hvar er ég nú staddur í dósa?“

Þetta minnir á það, sem sagt var í Englandi, að það væri enginn Íri svo aumur, að hann hefði ekki annan enn aumari í eftirdragi. Hv. 5. landsk. hefir farið í smiðju til þess af flokksbræðrum sínum í Nd., sem sjálfur þarf að láta aðra skrifa

fyrir sig ræðurnar. Enda var ekkert orð af viti í þessari ræðu hv. þm.

Hann talaði um það, hvernig Atli á Bjargi hefði verið stunginn með spjóti, en hann hefði heldur átt að minnast á, hvernig hann sjálfur stingur á sullunum, sem frægt er um úr skagfirzkum lækningum. Hann virðist ánægður með ranglæti sinna eigin flokksbræðra, og minnti í því sambandi á framkomu prestsins í Hornafirði. Veit hann ekki, að presturinn hefir hlotið fyrirlitningu alþjóðar fyrir að „axla" umkomulausa konu? Veit hann ekki, að hæstiréttur hefir nú fyrir fáum dögum staðfest fógetaúrskurðinn í þessu Hornafjarðarmáli? Hv. þm. minnist ekkert á þá áfellisdóma, sem einstakir íhaldsmenn hafa kveðið upp yfir hæstarétti. Hv. þm. talaði um, að stj. væri hlutdræg í embættaveitingum og léti fylgismenn sína sitja fyrir þeim stöðum, sem losnuðu. Ég skal í því sambandi taka það fram, að ef hann hefði sjálfur sótt lögum samkv. um það læknishérað, sem honum mun vera svo ríkt í minni, þá gat svo farið, að stj. hefði litið í náð til hans, litið á þörf hans að komast þangað, sem hann var óþekktur. Má hann kenna heimsku sinni um, að hann ekki komst nær Keflavíkinni heldur en raun ber vitni um.

Mér þótti hart, að hv. þm. skyldi leyfa sér að áfella Jón heit. Magnússon í gröfinni, því það var hann, sem flutti frv. um fækkun dómara í hæstarétti á þinginu 1924. Ég fylgdi því þá að vísu, en hv. þm. er svo ófróður, að hann hélt, að ég hefði flutt frv. Jón heit. Magnússon átti sízt skilið að fá ákúrur frá þessu peði Íhaldsflokksins, því að hann hefir verið eini foringinn, sem hafði tök á liðinu í Íhaldsfl. og kunni að halda molunum saman.

Hv. þm. lauk máli sínu með því að minna á vindmyllu, en það er einmitt sönn táknmynd af ræðunni, því að vitleysurnar hringsnerust hver um aðra eins og vindmylluhjól, og þó voru þær fengnar að láni hjá hinum nafntogaða andlega öreiga, hv. 2. þm. G.-K.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. gefist síðar tækifæri til þess að taka upp mál sinnar stéttar, og verður þá rætt nánar við hann um það. En mér er ekki grunlaust um, að Íhaldsfl. sé farinn að verða þess var, að læknauppreisnin reynist ekki gróðamál fyrir flokkinn. Blöð flokksins eru farin að láta sér hægt um það, vegna þess að þau eru farin að finna „goluþytinn" utan af landinu og þykir hann ekki hlýr.

Þá sný ég mér að hv. 3. landsk., en ég þarf ekki að fara mörgum orðum um síðustu ræðu hans; ég finn það aldrei betur en þegar minnstu peð Íhaldsflokksins eru að tala, hvað ræður hans eru mikið skárri en þeirra, þó að hann hafi bæði týnt flokki sínum og blaði og sé sjálfur oltinn úr foringjasætinu. Því þó að ræður hv. þm. séu lítið annað en blekkingar og vitleysur, þá eru það miklu skemmtilegri vitleysur en hjá flokksmönnum hans, er um þetta mál hafa talað. — Hv. 3. landsk. vildi sverja fyrir ummæli sín um íslenzka fánann, en það er þýðingarlaust. Allir vita, að leiðtogar gamla heimastjórnarflokksins svívirtu ísl. fánann í ræðu og riti og beittu allskonar brellum til þess að hann yrði óvinsæll í landinu. Þá fyrst, þegar svo var að þeim kreppt, að þeir voru eins og skorðaðir milli skjalda, beygðu þeir sig undir það ok, að þola íslenzka fánann. Hv. þm. ætti ekki að verja framkomu sína í því máli né samherja sinna.

Hv. þm. sagðist ekki lesa sorpblöð síns flokks. (JÞ: Þau eru líka til hjá hinum flokkunum). Ég býst við, að hv. þm. geti ekki hreinsað sig af þeim blöðum, sem flokksmenn hans gefa út og einn af guðræknustu mönnum Íhaldsflokksins hefir til sölu í bókabúðinni í Austurstræti. Hann getur ekki neitað því, að Íhaldsfl. á hluti í þessum blöðum. Og ég geri jafnvel ráð fyrir, að hann hæli sér af því, að flokkurinn hafi keypt upp eitt blað af Stormi, sem átti að koma út daginn fyrir bæjarstjórnarkosningarnar hér í bænum. Það var búið með fréttamiða að tilkynna útkomu þess og yfirlýst af ritstjóranum, að blaðið væri tilbúið til útburðar um bæinn. Talið er, að flokkurinn hafi þurft að gefa 700 kr. fyrir þetta eint. af blaðinu; en hvort hann hefir fengið eitt atkv. fyrir hverja krónu, sem hann gaf til þess að losna við blaðið, skal ég ekkert fullyrða um.

Hv. 3. landsk. verður að játa það, að hann sagði í ræðu sinni í gær, að það væri eiginlega ómögulegt fyrir 60 ára dómara að fá atvinnu; en hann gætti þess ekki, að þessi umsögn hlaut að spilla hans málstað og styðja réttmæti þess ákvæðis, sem í frv. stendur og á að tryggja það, að dóminn skipi menn á bezta aldri og í fullu fjöri. Þess vegna þykir það tilvinnandi að láta aldraða dómara fara úr embætti, þó þeir haldi fullum launum. Hv. þm. virtist ganga út frá því, að dómararnir ættu ekki að fá full eftirlaun, en vitanlega er til þess ætlazt samkv. stjskr., þó það sé ekki tekið fram í frv.

Það þarf meira en að segja, að það sé broslegt að halda því fram, að hæstaréttarlögin frá 1919 hafi verið illa undirbúin. Ég hefi sýnt það og sannað með gildum rökum, að svo var; og meira að segja menn úr Íhaldsfl. héldu því fram tveimur árum eftir að lögin gengu í gildi, að nauðsynlegt væri að breyta þeim, af því þau væru svo ófullkomin. Einn af hæstaréttardómurunum tók líka í sama streng, og hæstaréttarritarinn skrifaði ritgerð um þá galla, sem á lögunum væru, og benti á nauðsynlegustu umbætur. Hvers vegna létu þessar raddir til sín heyra? Af því að þeir, sem voru málinu kunnugir, og þjóðin öll fann, að lögin höfðu verið afarilla undirbúin.

Jón Baldvinsson: Ég hefi ekki hlustað á þær umr., sem farið hafa fram hér í deildinni í dag um þetta frv., sem fyrir liggur, en vildi þó segja nokkur orð um það við þessa umr. Það eru einkum tvö atriði í þessu frv., sem ég tel vera til mikilla bóta frá því, sem nú er. Í fyrsta lagi hin opinbera atkvgr. dómaranna, þar sem ætlazt er til, að þeir geri grein fyrir í heyranda hljóði, hvers vegna þeir greiða atkv. á þann hátt, sem þeir gera. Almenningur hefir ekkert getað fylgzt með störfum og framkomu hinna einstöku dómara til þessa, og verður það að teljast mjög óheppilegt.

Ég var að ýmsu leyti óánægður með þá breyt., sem gerð var á hæstaréttarlögunum 1924, þó að ég fylgdi henni. Sérstaklega var það ákvæðið um fækkun dómenda, sem mér þótti horfa til hins lakara. En það var annað, sem ég mat þá meira, að breyt. hnigu í þá átt að hreyfa við þessari gömlu og steingerðu stofnun. Þegar einhver stofnun í þjóðfélaginu er orðin stirðnuð í gömlu formi, þá er nauðsynlegt að hleypa þar inn nýju lífslofti.

Þegar stjórnir ríkjanna sitja lengi á stóli, halda þær að þeim séu allir vegir færir, en þá er hætt við, að þær grói fastar við fortíðina eins og íhaldsstj. fyrrv., og þá verður tafarlaust að steypa þeim af stóli og skipta um. Vera má, að framsóknarstj. sé að stefna út á sömu braut og álíti, að hún hafi óskorað vald í landinu. En þá er full ástæða til að stjaka við henni, ef hún haltrar inn á villigötur íhaldsins.

Ein breyt. var gerð á hæstaréttarlögunum 1924, sem talsvert dró úr íhaldsskipulagi stofnunarinnar, en hún var sú, að dómstjóri skyldi kosinn árlega, í stað þess að vera skipaður æfilangt, og í öðru lagi var hæstaréttardómurum heimilað að greiða sérstakl. atkv. í málum. Þetta tvennt áleit ég spor í áttina til þess að draga úr íhaldi stofnunarinnar, og þess vegna fylgdi ég lagabreytingunni. En ég lýsti því þá yfir, að ég myndi síðar verða fylgjandi fjölgun dómara í réttinum, þegar tækifæri gæfist.

Aðalkostir þessa frv. eru þeir, að það gengur enn lengra inn á þessa braut í frjálslyndisáttina. Samkv. því eru dómarar skyldaðir til þess að gera grein fyrir atkvgr. sinni opinberlega, en það hlýtur að tryggja réttaraðstöðu almennings í þeim efnum, sem þarf að sækja undir dómstólana. Þess vegna skil ég ekkert í hv. 3. landsk., að hann skuli leggjast á móti þessu frv., þar sem það bætir svo mikið úr þeim lögum, sem nú gilda. — Hv. 3. landsk. vitnaði til stjskr. í ræðu sinni í gær, þar sem tekið er fram, að hæstaréttardómarar eigi að dæma eftir lögunum; það er rétt, að þetta eiga dómararnir að gera. En þrátt fyrir það eiga þeir ekki að gróa fastir í skilningi fortíðarinnar á lögunum og dæma eftir úreltri réttarmeðvitund og tíðaranda. Ef þeir gera það, þá er full þörf á að breyta stofnuninni í samræmi við nútímann.

Ef hæstiréttur á að dæma eftir bókstaf

laga frá miðri 19. öld, eða eldri, en mikill hluti laganna mun vera frá þeim tíma, þá er í ég í engum vafa um það, að jafnvel hv. 3. landsk. mundi ekki álíta slíka bókstafsdóma réttláta; a.m.k. vænti ég þess.

Það hafa orðið svo stórfelldar breyt. á síðari árum, eftir heimsstyrjöldina, á þjóðskipulagi og stjórnarfari ríkjanna, að réttarfarshugtök þjóðanna eru á ýmsum sviðum gerólík þeim, sem áður voru ríkjandi. En hér á landi búum við enn að forneskjulegu skipulagi að því er snertir þá dómsmálastofnun, sem hér er um rætt.

Í stríðslokin var keisurum og furstum steypt af stóli í flestum ríkjum Mið-Evrópu, og alþýðan tók þar við stjórnartaumunum. En eitt var það, sem lýðræðisflokkunum í Þýzkalandi láðist að hreyfa við í skipulagsbyltingunni 1919, en það var löggjöfin um dómstólana í landinu og skipun þeirra. Þetta hefir kostað þýzka ríkið fjárútlát, sem skiptir mörgum milljörðum marka. Furstar og aðalsmenn hafa gert svo ósanngjarnar fjárkröfur til ríkisins fyrir sérréttinda- og eignatap á stríðsárunum, og dómararnir hafa úrskurðað þær kröfur samkv. fornum tíðaranda og réttarvenjum, sem ríktu þegar keisarinn og furstarnir voru þeirra yfirmenn. Þetta sýnir, hvað það getur verið hættulegt og afleiðingaríkt, þegar dómstólarnir eru ekki í samræmi við sína samtíð og réttarmeðvitund þjóðanna á hverjum tíma. Í Þýzkalandi er almenningsálitið gagnstætt dómstólunum, eins og gefur að skilja.

Ég gæti sagt hv. 3. landsk. sögu eftir einum mikilsmetnum lögfræðingi um það, hvernig þyrfti að búa dómarana úr garði, svo að þeir reyndust öruggir til að dæma eftir bókstaf laganna. Hann sagði, að það þyrfti að gera á þeim sérstaka „operation", og hengja þá síðan upp í tukthús. Eftir eins árs dvöl þar myndu þeir að líkindum orðnir nógu skrælnaðir og tilfinningadofnir til þess að dæma eftir lagabókstafnum.

Síðan hinar nýju þjóðskipulagsstefnur fóru að ryðja sér til rúms, hafa orðið árekstrar milli þeirra og dómstólanna, og mætti segja ýmsar sögur af því. Flokksmyndun jafnaðarmanna hér á landi hófst 1916, og á þessu tímabili, sem flokkurinn hefir starfað að landsmálum, mætti nefna ýms dæmi þess, að íhaldssinnaðir dómarar hafi gengið mjög á rétt jafnaðarmanna. — Það er ekki langt síðan dómsforsetinn í hæstarétti Dana sagði í viðtali við nafnkunnan blaðamann, að hann hataði jafnaðarmenn. Og þá var fullkomlega ⅓ hluti þjóðarinnar í jafnaðarmannaflokknum. Blaðamaðurinn sagði aftur frá þessu á prenti. Samflokksblöð dómstjórans kröfðust þess, að hann mótmælti, að þetta væri rétt eftir sér haft. En hann var þó svo heiðarlegur að kannast við orð sín, og eftir nokkra daga varð hann að hverfa úr stöðu sinni.

Atvik þessu líkt hefir komið fyrir hér á landi; það er ekki langt síðan einn íslenzkur dómari lét sér þau orð um munn fara, að hann vildi, að það væri búið að skera hausinn af öllum jafnaðarmönnum. Náttúrlega hefði átt að víkja þessum manni úr stöðu sinni, eins og danska hæstaréttardómaranum.

Vera má, að í þessu frv. séu einhver atriði, sem þurfi að breyta frá lögfræðilegu sjónarmiði, og ætti það að vera auðvelt í meðferð þingsins. En höfuðatriði frv., þau sem ég minntist á, eru til mikilla bóta og leiða til þess, að dómstóllinn gætir betur en áður réttar lítilmagnans í þeim málum, sem koma fyrir í okkar þjóðlífi.

Það verður að teljast eitt af því nauðsynlegasta, að stofnun eins og hæstiréttur, sem hefir völd yfir fjármunum og æru manna, hafi dómara með fullum starfskröftum og andlegu fjöri. Þeir mega ekki vera svo gamlir, að gáfur þeirra séu farnar að sljóvgast. Þess vegna álít ég, að þegar dómararnir eru orðnir 60 ára, þá eigi þeir að fara, þó það sé nú ekki ákveðið í þessu frv.

Það er kunnugt, að öflugir verzlunarhringar og fjármálastofnanir erlendis hafa þá reglu að láta starfsmenn sína fara frá með fullum launum, þegar þeir eru orðnir 50 ára, og taka þá aðra yngri menn í staðinn. Þetta þykir þeim borga sig. — Það er vissulega ekki minna um vert að hafa menn á bezta skeiði við dómarastörfin.

Ég mun því styðja þetta frv., eða vinna að því, að þær höfuðbreyt., sem í því felast, verði að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:4 atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 68. og 69. fundi í Ed., 3. og 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 22, n. 374 og 381, 416).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég mun ekki þurfa langa framsögu fyrir hönd meiri hl. allshn. í þessu máli, þar sem flest, sem máli skiptir, er tekið fram í nál.

Eins og nál. sýnir, hefir allshn. leitað umsagnar um frv. hjá dómurum hæstaréttar, lagadeild háskólans og Málaflutningsmannafél. Íslands. Umsagnir hafa borizt frá dómurum hæstaréttar og Málaflutningsmannafélagi Íslands, en hinsvegar ekki frá lagadeild háskólans. Má vera, að það valdi, að einn prófessoranna hefir verið veikur nokkurn tíma undanfarið.

Umsögn hæstaréttardómaranna er prentuð sem fskj. með nál. meiri hl., en umsögn Málaflutningsmannafél. Íslands með nál. minni hl.

Það, sem verður fyrst fyrir frá leikmannssjónarmiði, þegar þessar umsagnir eru lesnar, er það, að báðir þessir aðiljar taka varnarafstöðu í málinu. Þetta er nú ef til vill ekki svo einkennilegt um Málaflutningsmannafélag Íslands, þar sem starf meðlima þess er fólgið í því að taka vissa afstöðu til mála, annaðhvort um sókn eða vörn. Mér sem leikmanni skilst, að afstaða Málafl.mannafél. sé afsakanleg. En ég sé ekki, að svo veigamiklar ástæður komi fram í umsögn þeirra gegn frv., að skylt sé að taka þær til greina.

Að því er snertir umsögn hæstaréttar finnst mér einkennilegt, að hann skuli taka þá afstöðu til málsins, sem þar kemur fram. Hefði mátt búast við því, að umsögnin yrði hlutlaus og byggð á réttarfarslegum grundvelli eingöngu. Hygg ég, að allir þeir, sem umsögnina lesa, séu sammála um það, að afstaða sú, sem þar er tekin, geri það að verkum, að ekki sé hægt að bera fullt traust til hennar. Svo langt er jafnvel gengið, að farið er óviðurkvæmilegum orðum um þann embættismann ríkisins, sem stendur að frv. Tel ég þetta illa farið, að slíkt skuli koma frá þeim mönnum, sem fella skulu úrslitaúrskurð í dómsmálum þjóðarinnar. En þess verður að gæta, að í hæstarétti sitja bara menn með mannlegar tilfinningar. Og mér virðist þessi umsögn sýna það, að nokkurrar oftrúar hafi kennt hjá þeim, sem haldið hafa því fram, að gagnrýning á hæstarétti gengi guðlasti næst. Það hefir jafnvel verið látið í ljós í einu blaðinu, að gagnrýning á hæstarétti væri landráð. Þeim, sem hafa látið sér detta slíkt í hug, hafa verið valin hin óvirðulegustu heiti (**JÞ:** Og að makleikum). Það getur komið fyrir, að gagnrýningaraðferðin geti verið vafasöm, en aðfinningar eru ekki aðeins heimilar, heldur beint nauðsynlegar. Það má ekki verða fast trúaratriði, að hæstiréttur sé óskeikull, eins og páfinn var talinn í gamla daga.

Ég lít svo á, að þó að fyrirkomulag það, sem nú er á hæstarétti, hafi verið gott á sínum tíma og verið tekið eftir góðum fyrirmyndum þá, sem þó voru orðnar gamlar, þá liggi það í augum uppi, að endurbætur geta ekki verið nein goðgá. Það er þvert á móti skylda löggjafarvaldsins að hafa vakandi auga á því, að farið sé eftir því, sem bezt hefir reynzt með þeim þjóðum, sem oss eru líkastar að eðlisfari og atvinnuháttum. Það frv., sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir nýjustu fyrirmyndum í nágrannalöndunum. Hygg ég, að þær endurbætur, sem í frv. felast, geti orðið þjóðinni að miklu liði, ef allir leggjast á eitt um að gera sem bezt úr frv.

Það, sem ég hefi nú sagt, er um málið almennt. Sé ég ekki ástæðu til að fara neitt að ráði út í einstakar gr. frv., enda er itarlega farið inn á hverja einstaka gr. í grg. frv., og sömuleiðis í umsögn hæstaréttar og nál. meiri hl. Hinsvegar tel ég rétt að drepa nokkuð á brtt. á þskj. 374, þó að segja megi, að full grein sé gerð fyrir þeim í nál. meiri hl.

Margar þessar brtt. eru aðeins leiðréttingar á ýmsum villum, sem slæðzt

höfðu inn í frv. annaðhvort í prentun eða handriti og meiri hl. hefir leiðrétt.

1. brtt. er þess efnis, að halda því fyrirkomulagi, sem verið hefir, að aðaldómarar kjósi forseta. Meiri hl. lítur svo á, að reynslan hafi ekki gefið tilefni til breyt. á þessu.

Þá er 2. brtt. við 5. gr. Meiri hl. taldi rétt að rýmka heimild til þess, að aukadómarar væru látnir taka sæti í fimmtardómi í opinberum málum. Það kom til mála í n., að aðiljar í einkamálum gætu líka öðlazt rétt til, að aukadómarar væru skipaðir í málum þeirra. En á því voru mikil vandkvæði, því að þá hefði þurft að flokka málin eftir því, hve umfangsmikil þau eru. N. vildi því ekki gera þetta að till. sinni, en hinsvegar býst ég við, að hinn meðnm. minn komi nánar inn á þetta atriði.

Þá er b-liður 2. brtt. Hann er afleiðing af 1. brtt., og sama má segja um a-lið 4. brtt.

Þá kemur b-liður 4. brtt., við 8. gr. Meiri hl. lítur svo á, að þau skilyrði, sem sett eru um aldur í 8. gr., séu veitingarskilyrði. Hefir risið ágreiningur um þessa gr., einkum 3. málslið hennar, og því haldið fram, að þar væri um brot á stjskr. að ræða. Þessa fullyrðingu telur meiri hl. mjög vafasama, enda hefir hann ekki breytt ákvæðum þessa tölul. að öðru leyti en því, að hann skuli orða þannig, að aðaldómarar séu eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir, og orðað um síðari málsgr. til þess, að ljóst kæmi fram, að þetta væru veitingarskilyrði. En í síðasta lið þeirrar málsgr. segir, að enginn fastur dómari megi vera eldri en 65 ára. Hygg ég, að skoðanir skiptist um þetta atriði, því að sumir munu telja það stjskr.-brot. Skal ég ekki vekja deilur um það nú, enda má búast við, að okkur meirihlutamönnum verði fundið það til foráttu, að við séum ólögfróðir menn.

Í 57. gr. stjskr. segir, að dómurum í hæstarétti verði ekki vikið frá né fluttir í annað embætti, nema verið sé að koma á nýrri skipun. Þó má veita dómara, sem orðinn er 65 ára, lausn frá embætti. Þetta er aðeins heimild. Ég verð að líta svo á, að í 8. gr. frv. sé aðeins ákveðið af hendi löggjafarvaldsins, að þessa heimild skuli nota. En ágreiningurinn virðist byggjast á því, að mikill munur sé á orðunum **má** og **skal**, það beri að hafa langt bil milli þess, sem leyft er, og þess, sem fyrirskipað er. Það er í sjálfu sér rétt. En það, sem leyft er með orðinu „má“ verður ekki talið brot, þó að það sé gert að reglu. (**JóhJóh**: Hverjum er leyft það?) Stjskr. segir ekkert um það. (**JóhJóh**: Framkvæmdarvaldinu, en ekki því almenna löggjafarvaldi). Mér hefir aldrei dottið í hug, að þingið gæti sett þessa dómara af. En þar sem þetta aldurstakmark er heimilað í stjskr. með því að gefa leyfi til þess, verður meiri hl. að líta svo á, að í 8. gr. frv. sé ekki gert annað en að látinn sé í ljós sá vilji þingsins, að þessi heimild sé notuð.

En í „praktisku“ lífi er ekki alltaf gerður mikill munur á þessum tveimur orðum, „má“ og „skal“. Því mun mega finna stað, að sjálfur hæstiréttur hafi talið, að þessi orð mætti túlka nokkurn veginn jafnt. Ég hygg, að til sé hæstaréttardómur, sem beri það með sér, að dómararnir líti svo á, að orðið „skal“ í vissum lögum mætti túlka sem „má“. Slíkar forsendur má finna í einum dómi hæstaréttar. Og þegar hæstiréttur finnur ástæðu til að túlka þannig, að lítill munur sé á, þá er ofureðlilegt, að okkur virðist þessu vera líkt farið.

Frá mínu sjónarmiði séð er því ekki hægt að finna neitt stjórnarskrárbrot í 8. gr., ef hún er rétt túlkuð. Ég hefi talið rétt að fara nokkrum orðum um þetta atriði nú, því ég þykist vita, að þessi liður sé stærsta ágreiningsatriðið í öllu málinu.

Þá er c.-liður 4. brtt. og er líka við 8. gr. frv. Þar hefir fallið úr við prentun; þetta er ekki annað en leiðréttíng. Við 17. gr. eru sömuleiðis tvær leiðréttingar af þessari orsök. (**JÞ**: Er það ríkisprentsmiðjan, sem reynist svona illa?). Það þori ég ekki að segja um, því að við nm. höfðum annað handrit en það, sem í prentsmiðjuna fór. Því söknuðum við þessara nauðsynlegu ákvæða, þegar við fórum yfir prentaða frv. Ég vil ekki leggja dóm á, hvort þetta eru syndir afritara eða prentara, enda skiptir það ekki máli.

Næsta brtt. er við 22. gr. og er að vissu leyti breyting, en hún er gerð til samræmis við það, sem stendur annarsstaðar í

frv. og meiri hl. taldi alveg rétt að taka upp. Það mun einnig vera í samræmi við ákvæði, sem standa í hæstaréttarlögunum nú. (**JóhJóh:** Ætti bara að standa „aðila" fyrir „honum". Fer betur á því). Já, það má vel vera. Þetta þarf þó ekki að valda nokkrum misskilningi.

7. brtt. er prentvilluleiðrétting, og sama er að segja um þá 8. — 9. brtt. a-liður er leiðrétting að því leyti, að bætt er inn í 43. gr. til skýringar orðunum „í einkamálum". Sama er að segja um b.-liðinn. — 10. brtt. er smávægileg. Ég geri ekki ráð fyrir, að hún valdi neinum deilum. Aftur er 11. brtt. allveruleg. Því að í frv. er orðalagið þannig, að helzt má skilja, að dómarar eigi að kveða upp dóminn jafnskjótt og málsflutningi er lokið. En meiri hl. n. taldi þetta ekki rétt, enda sést greinilega í grg. frv., að þetta er alls ekki meiningin. Þar er ætlazt til þess, að ráðagerð fari fram milli þess að málsflutningi er lokið og dómur er upp kveðinn. Þó að þetta sé efnisbreyt., er það í raun og veru leiðrétting.

12. brtt., við 52. gr., a.-liður felur í sér, að forseti réttarins geti gefið leyfi til að vera við ráðagerðir. Meiri hl. áleit rétt að banna þetta ekki. Þó yrði sjálfsagt að fara svo varlega í þetta, að það sé aðeins heimild fyrir forseta að veita þetta. — Síðari liður brtt. b, er aðeins orðabreyt., sem tekur efni sitt ofurlítið skýrara fram en áður var.

Ég hefi máske orðið nokkuð langorður, en ég geri ráð fyrir, að hv. deild taki ekki hart á því. Sennilega verða hér meiri umr. en þær, sem ég legg til. Sjálfsagt má búast við, að fram komi eitthvað, sem ég eða meiri hl. n. finnur ástæðu til að svara, en þá er nógur tími til þess síðar.

Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og sjá má á réttarskjali nr. 381, hefi ég eigi getað fylgzt með hv. meðnefndarmönnum mínum í allshn. þessarar deildar í áliti þeirra á og tillögum þeirra um lagafrv. það, sem hér er um að ræða, og það af þeirri ástæðu, að frv. fer í þveröfuga átt við það, er stefna skal að mínu áliti, og mér er óhætt að fullyrða, að áliti þess stjórnmálaflokks, er ég fylli.

Þegar nýmæli frv. þess, sem hér liggur fyrir, eru athuguð og borin saman við hæstaréttarlögin, er það bert, að ef það yrði að lögum, yrði hinn nýi fimmtardómur mun háðari framkvæmdarvaldinu en hæstiréttur er nú.

Eftir núgildandi lögum er framkvæmdarvaldið eigi einrátt um skipun dómenda í úrslitadómstiginu.

Eftir 6. gr. hæstaréttarlaganna, nr. 22 1919, er það eitt af skilyrðum fyrir því að geta orðið fastur dómari í hæstarétti, að hlutaðeigandi hafi sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í fjórum málum, og sé a. m. k. eitt þeirra einkamál, að hann sé hæfur til þess að skipa sæti í dóminum.

Um þessa prófraun eiga hæstaréttardómendurnir að dæma, og framkvæmdarvaldið getur ekki skipað neinn nýjan fastan dómara í hæstarétt, nema hann hafi fengið yfirlýsingu hæstaréttar um það, að hann hafi staðizt þessa prófraun.

Þessu skilyrði er algerlega sleppt í fimmtardómsfrv., og ekkert því um líkt sett í staðinn. Er ekki önnur ástæða færð fyrir því í aths. við frv. en sú, að engin ástæða þyki til þess að halda þessu skilyrði, heldur láta veitingarvaldið skilyrðislaust vera í höndum æðsta framkvæmdarvaldsins.

Það hefði þó sannarlega ekki verið úr vegi að gera a. m. k. tilraun til þess að rökstyðja að einhverju leyti jafnþýðingarmikla breyt. og hér er um að ræða. Þegar hæstaréttarlögin voru samin og sett, voru allir þm. sammála um nauðsyn ákvæðis þessa, og mér er spurn: Hvað hefir síðan gerzt, er afsanni nauðsynina á því að gera hæstaréttardómarana sem óháðasta framkvæmdarvaldinu? Ég fullyrði, að ekkert slíkt hafi gerzt, heldur sé nauðsynin nú orðin enn augljósari og meir aðkallandi en þá var.

Þá er því bætt við í aths. við fimmtardómsfrv., að það sé í samræmi við skipulag flestra æðstu dómstiganna í nágrannalöndunum að láta veitingarvaldið skilmálalaust vera í höndum framkvæmdarvaldsins, en þessi firra er rækilega hrakin í álitsskjali hæstaréttar um frv. (nál. meiri hl., þskj. 374, bls. 10), og þar er sýnt fram á, að í nálega öllum siðmenningarlöndum utan einræðisstjórnarlandanna er réttur framkvæmdarvaldsins til skipunar dómenda í úrslitadómsstiginu

takmarkaður á líkan hátt og nú á sér stað hér á landi, og skal vísað til þess hér.

Í sömu átt gengur ákvæði niðurlags 21. gr. frv. um það, að dómsmrh. geti æskt ákveðins sækjanda í opinberu máli. Því þá ekki eins verjanda?

Eftir núgildandi lögum skipar hæstiréttur sækjanda og verjanda í opinberum málum án allrar íhlutunar af hálfu framkvæmdarvaldsins, og er því framkvæmdarvaldið hér enn að seilast inn á valdssvið það, er nú heyrir undir úrslitadómstólinn.

Í ákvæðum frv. um málaflutningsmennina við fimmtardóminn eru og ýms nýmæli, er auka vald framkvæmdarvaldsins yfir málaflutningsmönnunum og félagsskap þeirra, en rýra vald dómsins. Eftir 20. gr. hæstaréttarlaganna er t. a. m. dómsmrh. gert að skyldu að svipta hæstaréttarmálafærslumann leyfi til málaflutnings, ef hæstiréttur leggur það til og rétturinn hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot. Í 24. gr. frv. er þessari skyldu dómsmrh. breytt í heimild.

Í frv. er svo ákveðið, að auk hinna föstu þriggja dómenda í fimmtardómi skuli tveir af lagaprófessorum háskólans dæma margbrotin, umsvifamikil eða vandasöm mál. Mun þetta vera talinn annar aðalkosturinn fram yfir núverandi ástand.

Við þessa fjölgun dómendanna er þó það að athuga, að þessir aukadómarar njóta eigi sama sjálfstæðis gagnvart framkvæmdarvaldinu og föstu dómendurnir. Umboðsleg störf eru aðalstörf þeirra, og þeir eru skipaðir í embætti sín með allt annað starf fyrir augum en dómarastarfið, sem verður hjáverk þeirra.

Nú tekur 57. gr. stjskr. ekki til annara dómenda en þeirra, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi. Aukadómendunum verður því vikið úr embætti af umboðsvaldinu án dóms, og þeir geta átt á hættu að verða fluttir í annað embætti án vilja þeirra. Fimmtardómur sem heild verður því eftir frv. ekki nærri því eins óháður framkvæmdarvaldinu og hæstiréttur er nú.

Þegar á þetta er litið, mættu það vera meira en litlir kostir, aðrir en dómendafjölgunin, sem frv. fæli í sér fram yfir núverandi ástand, ef til mála ætti að geta komið að samþykkja það, þótt ekki væru aðrir gallar á frv. en nú hafa verið nefndir; en því miður hefir mér ekki tekizt að finna þá kosti. Það er að vísu kostur á frv., að launakjör hinna föstu dómenda eru bætt að verulegum mun. En til þess að ná þeim kosti þurfti alls ekki að setja á stofn nýjan dómstól, eða einu sinni að breyta nafni hæstaréttar eða hreyfa við hæstaréttarlögunum. Vandinn er ekki annar en að breyta 10. gr. launalaganna, nr. 71 1919, enda finnst mér eðlilegra, að ákvæðin um laun dómara í úrslitadómsstiginu sé að finna í launalögunum heldur en í lögunum um dóminn sjálfan.

Mér virðist það orka tvímælis sem kostur á frv., að núverandi starfi hæstaréttarritara á eftir frv. að breyta í nýtt sérstakt embætti með talsvert háum launum eftir því, sem hér gerist. Ég veit ekki betur en að starfið hafi verið rækt sæmilega sem aukastarf síðan hæstaréttarritaraembættið var lagt niður 1924, og árin 1923 og 1924 áleit hæstv. dómsmrh. óþarft að halda við hæstaréttarritaraembættinu, eins og vikið er að í nál. á þskj. 381.

Ég játa hinsvegar, að það kemur vel heim við stefnu núverandi hæstv. stj. og þingmeirihluta í embættafjölgunarmálinu, að hið niðurlagða hæstaréttarritaraembætti verði endurreist.

Það ættu þá að vera ákvæði frv. um opinbera atkvgr. dómendanna, sem ættu að vera svo þýðingarmikil, að vegna þeirra væri gerlegt að taka hinn fyrirhugaða fimmtardóm, þrátt fyrir ósjálfstæði hans gagnvart framkvæmdarvaldinu, fram yfir núverandi hæstarétt.

En eins og frá er skýrt í áliti hæstaréttar, er enn mjög um það deilt, hvort opinber atkvgr., sérstaklega í fámennum dómstólum, sé heppilegri en leynileg, og þrátt fyrir reynsluna í Noregi eru Danir enn ekki búnir að taka upp opinbera atkvgr. í hæstarétti, og heldur eigi hinar aðrar Norðurlandaþjóðir. En þótt svo væri, að nauðsynlegt þætti að lögbjóða opinbera atkvgr. í úrslitadómstiginu hér á landi, væri engin nauðsyn á að setja á stofn nýjan úrslitadómstól til

þess. Því mætti koma á með lítilli breyt. á hæstaréttarlögunum.

Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að miklu meira gagn myndi verða að því að lögbjóða birtingu ágreiningsatkvæða í úrslitadómstiginu, ef um ágreining væri að ræða, en að fyrirskipa opinbera atkvgr. Ágreiningsatkvæðin yrðu þá birt í dómasafni réttarins og mundu verða öllum landslýð kunn. Hin opinbera atkvgr. myndi hinsvegar verða fáum kunn, a. m. k. meðan áheyrendarúmið í réttinum er ekki stærra en nú er það, og gleymast fljótt, nema atkvgr. í heild sinni væri birt í dómasafninu, en sú birting myndi lengja dómasafnið mjög og auka kostnaðinn við útgáfu þess.

Ég fæ því ekki séð, að þessi ákvæði frv. séu svo þýðingarmikil, að þau á nokkurn hátt geti vegið upp á móti þeirri rýrnun á réttarörygginu, er leiða myndi af því, hve mjög hinn nýi úrslitadómstóll yrði háðari hinu pólitíska framkvæmdarvaldi en hæstiréttur er nú.

Um mál þetta hefir verið leitað umsagnar hæstaréttar, Málaflutningsmannafélags Íslands og lagadeildar háskólans. Álit hæstaréttar er prentað á þskj. 374, en Málaflutningsmannafélagsins á þskj. 381. Álit lagadeildarinnar er ókomið enn, en einn af lagaprófessorunum skýrði mér frá því í gær, að álit lagadeildarinnar mundi koma í dag eða á morgun.

Bæði hæstiréttur og Málaflutningsmannafélagið leggja eindregið á móti því, að frv. þetta sé látið ná fram að ganga, og gagnrýna stefnu frv. og einstök ákvæði þess. Sérstaklega er álit hæstaréttar mjög ítarlegt. Ég hefi tekið það fram á þskj. 381, að ég sé sammála andmælum álita þessara um stefnu frv. og í einstökum atriðum þess, og ætla því ekki hér að fara að endurtaka þau andmæli.

Ég býst við, að þessi andmæli verði nokkuð þung á metunum hjá hv. þdm., enda sé ég þess nokkurn vott á þskj. 374 og 416, enda ætti svo að vera, því að það virðist mjög fjarri lægi að skella skollaeyrum við þessum greinargerðum, einkanlega ef álit lagadeildar færi í sömu átt, en það er mér ekki grunlaust um, að svo muni verða.

Hvað viðvíkur áliti hv. meiri hl., þá er um það að segja, að það virðist mjög lítt athugað, því að ég fæ ekki séð, að þær umbætur, sem af frv. leiðir, vegi upp á móti þeim göllum, sem frv. eru samfara, eins og hæstaréttardómararnir hafa bent á.

Þá segir hv. meiri hl., að hæstiréttur hafi sýnt dómsmrh. megna ókurteisi í þessu áliti sínu, en ég verð nú að játa, að ég hefi ekki getað fundið neina ókurteisi í áliti réttarins, enda gerir hv. meiri hl. enga grein fyrir, í hverju sú ókurteisi ætti að vera falin. Það eitt er hinsvegar víst, að hæstiréttur hefir ekki sýnt hæstv. dómsmrh. meiri ókurteisi en dómsmrh. honum.

Þá vill hv. meiri hl. gefa það í skyn, að Framsókn og jafnaðarmenn hafi staðið á bak við þær árásir, sem Tíminn og Alþýðubl. hafa gert hvað eftir annað á hæstarétt, en ég get ekki trúað slíkum dylgjum, enda virðist mér sem tveir hv. þm. úr Framsóknarflokknum hafi afsannað þessi ummæli með brtt. á þskj. 416.

Þá vill hv. meiri hl. láta skína í gegnum álit sitt, að meiri hl. landsmanna hafi vantraust á hæstarétti, en það er auðvitað magnaðasta vitleysa. Það kann vel að vera, að einstaka menn beri nokkurn kala til hæstaréttar, og þá einkum þeir, sem orðið hafa undir í málum, eins og hv. 3. landsk. tók fram við 1. umr. þessa máls, en að óánægjan sé almenn, er alveg rangt. Þá segir hv. meiri hl., að málaflutningsmennirnir hafi sama álit á honum, en ég læt mér nægja með að vísa til álits þeirra til að afsanna slík ummæli.

Þá hefir hv. meiri hl. haldið því fram, að hæstiréttur hafi fellt gagnólíka dóma í málum, sem hafi verið eins, en þetta er auðvitað misskilningur, sem stafar af ókunnugleika, því að ef um ólíka dóma hefir verið að ræða í samkynja málum, þá stafar það af því, að einhver atriði í málunum hafa ekki verið hin sömu, og það hefir auðvitað haft áhrif á úrslitin.

Þá vill hv. meiri hl. halda því fram, að orðið „atferli“ sé mjög niðrandi orð, en ég vil benda honum á það, að þótt hann fletti upp í öllum íslenzkum orðabókum, þá geta þeir aldrei fundið annað en að „atferli“ þýðir nákvæmlega hið sama og „framferði“, hvort sem það er nú illt eða

gott, og ef hv. 2. þm. S.-M. veit þetta ekki, vil ég t. d. ráða honum til að fletta upp í orðabók Sigfúsar Blöndals, og mun hann þá geta gengið úr skugga um þetta.

Þá vill meiri hl. halda því fram, að hér sé ekki um annað að ræða en t. d. þegar yfirrétturinn var lagður niður og hæstiréttur stofnaður. Ég fæ ekki skilið, hvernig í ósköpunum mennirnir geta haldið slíku fram, því að þegar yfirréttturinn var lagður niður 1919, var æðsti dómstóllinn fluttur inn í landið, en hér er ekki um neitt slíkt að ræða, enda ekkert millidómstig lagt niður.

Þá segir hv. meiri hl., að hæstiréttur fari niðrandi ummælum um prófessorana, þegar hann segist eiga að fá þá að láni. Þetta er auðvitað misskilningur, því að þessi ummæli eru ekki prófessorunum til hnjóðs, heldur lýsa þau gremju dómaranna yfir því, að föstu dómurunum skuli ekki vera fjölgað, því að það hefir jafnan verið vilji þeirra. Hinsvegar má auðvitað búast við því, að þetta ákvæði muni mjög seinka fyrir því, að föstu dómurunum við réttinn verði fjölgað, og er því ekki að búast við, að þetta ákvæði verði vel séð.

Ég er þeirrar skoðunar, að það ætti ekki að dragast lengur, að dómurunum verði fjölgað í réttinum, því að þótt ekki sé hægt að neita því, að 7 manna dómstóll sé betri en 5 manna, er þó enginn efi á því, að 5 menn eiga hægar með að vinna verkið en 3. Fækkunin, sem gerð var á dómurunum 1924, orsakaðist af því, að þá voru erfiðir tímar og fjárhagurinn mjög þröngur, og því ekki að furða, þótt stj. reyndi að spara á sem flestum sviðum. Nú aftur á móti erum við komnir yfir erfiðasta hjallann, þannig að enginn mundi hafa undrazt yfir því, þótt föstum dómendum hefði verið fjölgað við réttinn og hæstv. stj. hefði borið fram frv., er gengi í þá átt. Um niðurfelling dómprófsins hefi ég áður talað, og mun ekki bæta þar neinu við frá því, sem ég hefi áður sagt, en um það verður hv. meiri hl. skrafdrjúgt, en ég læt mér nægja með að vísa til álits hæstaréttar um það efni.

Um það, að frv. þetta eins og það nú liggur fyrir brjóti í bága við stjskr., held ég að ekki geti verið mikil! efi á, og jafnvel með brtt. hv. meiri hl. kemur það enn í bága við 57. gr., nema því aðeins, að fyrri brtt. á þskj. 374 verði samþ. Það er enginn efi á því, að með því að ákveða, að engum þeim, sem séu orðnir 65 ára, skuli vera heimilt að gegna dómarastöðu, er gengið svo á rétt þeirra, að það brýtur fyllilega í bág við 57. gr. stjskr.

57. gr. stjskr. bannar löggjafarvaldinu að setja nokkur ákvæði um aldur dómara, og þeim, sem ekki fara með umboðsstörf, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, en heimilt er hinsvegar að veita þeim lausn, þegar þeir hafa náð 65 ára aldri, og skulu þeir þá ekki missa neins í af launum sínum. Hinsvegar er ekki hægt að víkja þeim úr embætti, þótt þeir séu orðnir 65 ára, og því er brtt. á þskj. 416 nauðsynleg til að koma í veg fyrir brot á stjskr.

Mér virðist hv. meiri hluti vera nokkuð viss í sinni sök, af ólöglærðum mönnum að vera, er hann segir á bls. 5: „Vegna þess, hve forsendur dómaranna eru víða hæpnar, verður einnig að telja niðurstöðu þeirra um það, að frv. veiki dómsvaldið og auki áhrif pólitíska valdsins á það, jafnvel þvert ofan í stjórnarskrána, vera rakalausa". Ég verð að álíta, að þessi klausa sé í rauninni svo móðgandi fyrir hæstarétt, að ekki sé annað gerandi við hana en vísa henni heim til föðurhúsanna, og geri ég það því hér með.

Þá segja þeir á bls. 6, að þingið geti, ef það vilji, látið dómara fara frá embætti þegar hann er orðinn 65 ára að aldri, og að þetta brjóti engan veginn í bág við 57. gr. stjskr.

Þetta er alls ekki rétt, eins og ég tók fram áðan, því að það kæmi auðvitað í bága við stjskr. Hinvegar getur þingið samþ. þáltill., þar sem það heimilar hæstv. stj. að veita einhverjum manni lausn frá embætti með fullum launum, án þess að það brjóti í bága við almennu regluna.

Ég hefi nú athugað frv. þetta allítarlega, en fyrir utan þá galla, sem ég hefi bent á, eru margir aðrir. M. a. hefi ég bent hv. frsm. meiri hl. á það, að brtt. við 22. gr. þurfi að orða um, og sama er að segja um 27. gr. frv., sem talar um, að stjórn málaflutningsmannafélagsins geti dæmt félaga í allt að 300 kr. sekt. Þetta

er auðvitað ekki rétt orðað, því að auðsýnilega á að standa, að stjórn félagsins geti úrskurðað félagsmenn í 300 kr. sekt, end sést þetta líka á því, að síðar er talað um, að félagar geti áfrýjað sektarúrskurði.

Það er efalaust fjölmargt fleira, sem þörf væri á að athuga, en ég býst við, að þetta þyki nóg í bili og læt því hér staðar numið.

Jón Jónsson: Það er ekki laust við, að ég standi upp hálfhikandi til að tala í þessu máli, því að ég hefi ekki öðlazt þá sérþekkingu, sem þarf til að hafa fullt vit á því, og hlýt ég því að ræða um það sem leikmaður.

Þetta frv. ræðir um einn af þeim hornsteinum, sem þjóðfélagið hvílir á, nefnilega dómsvaldið. Þegar hús eru byggð, veltur á mestu, hvernig hornsteinarnir eru lagðir, ef það á að vera traust, og eins er með þetta, að mest ríður á því að búa hér vel um, til þess að tryggja rétt þegnanna, þannig að bæði voldugir og veslir standi jafnir að lögum. Þetta skiptir því miklu máli, en vissulega er réttaröryggið í landinu ekki komið undir dómstólunum eingöngu, heldur líka dómurunum.

Eins og ég tók fram strax í byrjun, hefi ég ekki lagaþekkingu og er því máske ekki fyllilega dómbær á þetta mál, en þó verð ég að segja það, að eitt atriði þessa frv. er áreiðanlega til bóta, en það er hin opinbera atkvgr., því að þá getur alþjóð frekar fylgzt með og dæmt málin út frá sínu sjónarmiði, og það skapar dómnum aðhald. Ég verð að segja það, að ég er ekki fyllilega ánægður með umsögn hæstaréttar, því að mér virðist hún vera með nokkuð öðrum blæ en æskilegt væri. Mér virðist, sem umsögnin sé lituð af persónulegum hagsmunum og tilfinningum, enda farið óviðurkvæmilegum orðum um einstaka menn, þannig að ekki er hægt að styðjast við þetta plagg sem óhlutdrægan úrskurð um frv., heldur ber það frekar keim af framburði málafærslumanna, sem fara hörðum orðum um málin, eins og t. d. þegar hér stendur, að einstakir menn hafi borið fram rakalaus ummæli um réttinn, og annað þesshättar. Þetta gerir erfiðari aðstöðuna fyrir okkur ólöglærðu mennina, að dæma um málin, en ég hygg, að þau ummæli, sem komið hafa fram um hæstarétt bæði í blöðum og manna í millum, séu ekki eins rakalaus og rétturinn fullyrðir. Ég segi ekki þar með, að hæstiréttur hafi brugðizt vonum mínum, heldur þvert á móti. Hann hefir reynzt vel um þetta 10 ára skeið, sem hann hefir starfað hér í landinu, þó að einstaka dómar geti orkað tvímælis, og þá einkanlega þeir, sem snerta pólitísk mál. Þá er annað atriði í þessu frv., sem ég álít, að sé til bóta, en það er fjölgun dómendanna, því að þá ætti að fást meiri trygging fyrir því, að dómar væru vel hugsaðir og réttir.

Annars skal ég taka það fram, að ég hefi ekki getað athugað þetta mál eins vel og skyldi, því að það er tiltölulega stutt síðan nál. var útbýtt, og ég hefi síðan verið upptekinn við önnur störf.

Sú skoðun hefir almennt verið ríkjandi, að dómarar yrðu að halda sér sem mest utan við alla pólitík. Þess vegna er þeim bönnuð þingseta, og sumir hafa haldið því fram, að dómarar mættu ekki eiga kunningskap við marga menn, og jafnvel viljað geyma þá einhversstaðar uppi í afdölum, þar sem þeir gætu sem minnst afskipti haft af umheiminum. Þá er annað, sem kemur til athugunar, og það er, að löggjafinn hefir reynt að tryggja dómendurna og gera þá sem fastasta í sessi og sjálfstæða gegn ytri áhrifum, með því að setja þau tryggingarákvæði, að ekki megi setja dómara af nema með dómi. Þessi tryggingarákvæði eru mjög mikils virði. Til þess að tryggja það, að þessi ákvæði séu haldin, hefi ég leyft mér, ásamt hæstv. forseta þessarar deildar, að bera fram brtt. við frv. á þskj. 416,

Við lítum svo á, að það orki tvímælis, hvort þetta frv. sé þess eðlis, að í því felist breyt. á dómaskipuninni, og viljum því, að það sé tekið fram í l., að tilætlunin er ekki sú, að gömlu dómararnir víki sæti fyrir fullt og allt, heldur að þeir sitji í hinum nýja dómi, ef þeir æskja þess. Ella mætti svo fara, að þessi l. yrðu skoðuð sem yfirskin þess að leggja hæstarétt niður og losna þannig við núv. dómara hans.

Samkv. 57. gr. stjskr. er dómsmrh. veitt heimild til þess að veita dómara, sem orðinn er 65 ára, lausn frá embætti, en hinsvegar er ekkert bann lagt við því, að dómarar megi vera eldri. Til þess að eigi sé hvikað í neinu frá ákvæðum stjskr. um þetta efni, leggjum við til, að það ákvæði frv., að enginn dómari megi vera eldri en 65 ára, falli niður.

Ég sé ekki ástæðu til að koma mikið inn á ræðu hv. frsm. minni hl. allshn. í þessu máli. Þó vil ég taka það fram út af ræðu hans, að frá mér, né heldur mínum flokksbræðrum, hefir ekki komið fram neitt vantraust í garð hæstaréttar. Hitt er annað mál, að bæði ég og aðrir lítum svo á, að einstakir dómar réttarins orki mjög tvímælis, en ég býst við, að hið sama verði uppi á teningnum um einstaka dóma hæstarétta allra landa. Mér er engin launung á því, að sumir dómar hæstaréttar hafa gengið mjög á annan veg en ég hefði búizt við, en þó að ég láti svo um mælt, lýsir sér ekkert vantraust á réttinum í því.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Grundvallaratriði þessa frv. voru rædd allítarlega við 1. umr., og gerist því ekki þörf að fara nákvæmlega út í frv. nú.

Það er ósennilegt, að frv. sem þetta, er gerir svo mikilvæga breyt. á dómaskipun landsins, geti tímans vegna gengið fram á þessu þingi, eins og nú er orðið áliðið þingtímans. Hefir það mjög tafið málið, að annar stærsti flokkur þingsins hefir snúizt öndverður gegn frv. og gengið svo langt í andstöðu sinni að neita jafnvel málfræðilegum staðreyndum, sem hver sæmilega menntaður maður hlýtur að viðurkenna. Og þó að sá síminnkandi hluti þjóðarinnar, sem fylgir Íhaldsflokknum endurskírða að málum, finni ekki til löngunar til að tengja að nýju þau bönd við fortíðina, sem slitnað hafa þegar landið varð ófrjálst, og finni ekki til þjóðlega, þá verður að taka því. Hitt er víst, að þetta frv. heldur áfram að lifa eftir þetta þing og þennan dag, og þar mun koma, að sú vinna, sem hv. allshn. þessarar deildar hefir lagt í frv., kemur að fullum notum. Það tókst með vinnu þessarar deildar í fyrra að koma sér saman um aðalatriðin í fyrirkomulagi Menntaskólans hér í Reykjavík og á Akureyri, og þó að þau frv., sem að þessu lutu, næðu ekki afgreiðslu þingsins þá, er nú svo komið, að búið er að afgreiða frv. um Menntaskólann á Akureyri, og afgreiðslu hins frv. verður sennilega lokið fyrir þingfrestun. Þó að þetta frv. nái því ekki fram að ganga á þessu þingi, hefir nú verið lagður sá grundvöllur, sem gerir málið auðleystara á næsta þingi. Og það er að mörgu leyti kostur, þegar um mál er að ræða sem þetta, að þjóðin fái tækifæri til að kynnast því og segja sitt álit á því. Og ég er ekki í neinum vafa um það, hvernig það álit verður. Mér virðist, sem straumarnir bendi til, að fyrir næsta þing komi áskoranir, sem hv. minni hl. gerir ekki ráð fyrir. Það virðist óneitanlega vera skarpari skilningur hjá borgurum landsins á þessu máli heldur en lýsir sér hjá sumum hv. þm. fyrir því, hversu nauðsynlegt er, að aðaldómstóll landsins sé betur útbúinn en gert var af þeim mönnum, sem stofnuðu hann og tóku enska lánið þrem árum síðar. Það menningarstig, sem þessir menn stóðu á, var þess eðlis, að allar líkur eru til, að hin uppvaxandi kynslóð sætti sig ekki við að búa að handtökum þeirra. Það er sannarlega lítil ástæða til að taka of hátíðlega löggjafarafrek þeirra manna, sem fólu Kúlu-Andersen dauðadrukknum að taka 10 millj. kr. lán fyrir hönd þjóðarinnar árið 1921. Og það er ekki nema gott til þess að vita, að kjósendur skuli fá tækifæri til þess fyrir næsta þing að segja þm. frá því, hvað þeir hugsa um það form, sem þessir menn völdu hæstarétti 1919.

Áður en ég held lengra, vil ég víkja nokkrum orðum að þeim álitum, sem fram hafa komið, og þá fyrst að áliti hæstaréttar. Get ég verið stuttorður um það, því að það er ef til vill bezta sönnunin fyrir því, að ekki hefir tekizt að öllu leyti vel að byggja þann rétt. Hér liggur fyrir alvarlegt mál, sem byggt er á ítarlegum rannsóknum, og var því mjög óviðeigandi, að hæstiréttur skyldi ekki kunna það form í framgöngu, sem þjóðin hlaut að heimta, og álit hans vera einna áþekkast lélega skrifaðri blaðagrein. Ég býst við því, að svo muni fara, þegar farið verður að ræða þetta meðal þjóðar-

innar, að mörgum muni finnast sem ástæða sé til að óttast, að dómarar hæstaréttar eigi ekki þá réttlætistilfinningu, sem þeir þurfa að eiga, þar sem þeir geta ekki skrifað hlutlaust og reiðilaust um mikilvægt mál, sem umsagnar þeirra er leitað um. Það er mjög slæmt, að dómarar réttarins skuli ekki á öllum tímum kunna að stilla orðum sínum í hóf, og þegar slíkt bætist við hið ófullkomna form, sem réttinum var búið 1919, ætti mönnum að skiljast, að full ástæða er til að gera hér á nokkra bragarbót.

Þó að Málaflutningsmannafélagið taki ekki vel í frv., sem skerpir aðhaldið með meðlimum þess, ætti hvorki að vekja undrun né eftirtekt. Það er á allra vitorði, að misbrestur er á því, að allir þeir menn, sem þar eiga hlut að máli, uppfylli þau skilyrði, sem gera verður til málafærslumanna við æðsta dómstól þjóðarinnar. Og þar sem þetta frv. fer fram á aukið aðhald, er ekki nema mannlegt, þó að stéttin í heild sinni leggi gott til með þessum lélegri einstaklingum sínum.

Hvortveggja álitin, sem ég nú hefi drepið lauslega á, eru gildislaus að öðru leyti en því, að þau sýna betur en nokkuð annað, á hve traustum grundvelli þetta frv. er reist, og hversu nauðsynlegt það er, að þeir menn, sem skipa æðsta dómstól þjóðarinnar, eigi við betri kjör að búa en nú hafa þeir og sé gert það mögulegt að auka þekkingu sína og víðsýni með samneyti við réttarfræðinga annara landa. En hér kennir sem víðar í átökunum í okkar íslenzka stjórnmálalífi tvennskonar hugsunarháttar. Annarsvegar er sá hugsunarháttur, sem gerir litlar kröfur um víðsýni þeirra manna, sem hæstarétt skipa, vill launa þá af svo skornum skammti sem unnt er, og ekkert samneyti við erlenda réttarfræðinga. Hinsvegar er sá hugsunarháttur, sem þetta frv. byggist á. Hið fyrra liggur í farveg þess gamla og úrelta, hið síðara tilheyrir þeim nýja tíma. Og það eru allar líkur til þess, að hið nýja muni sigra og hið gamla og úrelta hverfa úr sögunni.

Eitt af því, sem hv. frsm. minni hl. hélt fram, var það, að ekki mætti gera þær breyt. á æðsta dómstólnum í landinu, sem núv. dómarar hans legðu á móti. Hv. frsm. minni hl. gleymdist það í þessu sambandi, að þegar hæstiréttur var stofnaður, var það borið undir landsyfirréttinn gamla, hvort halda skyldi hinni skriflegu málafærslu eða taka upp munnlega. Dómarar yfirréttarins lögðu eindregið á móti munnlegri málafærslu, en Alþingi virti álit þeirra að vettugi og lögfesti hina munnlegu málafærslu. Og nú dettur engum í hug að breyta til í þessu efni.

Hv. frsm. minni hl. hélt því einnig fram, að með þessu frv. væri rétturinn gerður háðari framkvæmdarvaldinu en skyldi, og gæti af því stafað mikil hætta fyrir réttaröryggið í landinu. Ég held, að hv. þm. hafi horft á þetta út frá flokkslegu sjónarmiði og látið stjórnast af tilfinningum augnabliksins gagnvart núv. stj., vegna óttans við, að alltaf sæti sama stj. að völdum. En allt breytist, og allir flokkar koma jafnt til greina í þessu efni. Flokkarnir eru til skiptis í meiri hl. og ein stj. tekur við af annari, og þannig koma fram í framkvæmdavaldinu þeir ýmsu straumar, sem ráða í þjóðlífinu á hverjum tíma.

Aðalatriðið í gagnrýni hv. frsm. minni hl. byggðist á þeirri hugsun, að hæstiréttur ætti að skapa sig sjálfur, vera sjálfgetinn og standa utan við þá strauma, sem uppi eru í þjóðlífinu. Er þetta hin argasta meinloka, eins og ég sýndi fram á við 1. umr. þessa máls. Við landsyfirréttinn giltu venjulegar stjórnarveitingar, og þegar hann var lagður niður og hæstiréttur stofnaður, voru dómarar yfirréttarins fluttir þangað. Og í þau 11 ár, sem hæstiréttur hefir staðið, hafa dómprófin aldrei verið framkvæmd, heldur eru þeir menn, sem enn hafa skipað dómarasæti í réttinum, allir þangað komnir fyrir einfalda stjórnarveitingu. Eftir þessu hefir það verið goðgá af Jóni sál. Magnússyni, þegar hann veitti dómaraembættin við hæstarétt, þar sem þeir, er hann veitti þau, hafa allir setið í réttinum próflausir, því að ég býst við, að þótt Jóni sál. Magnússyni hafi tekizt vel í vali þessara manna, muni öðrum stj. takast það vel líka. Það er ekkert annað en reykur, að hæstiréttur eigi heimtingu á því að skapa sig sjálfur um alla eilífð eftir

þeim brotum, sem rekja má til veitinga Jóns sál. Magnússonar á embættum réttarins. Segjum t. d., að þeir dómarar, sem réttinn skipuðu, aðhylltust sérstaka lífsstefnu, og að rétturinn ætti til langframa að skapa sig sjálfur. Segjum, að allir dómararnir væru t. d. aðventistar og kæmust að þeirri niðurstöðu, að aðrir en þeir, sem héldu laugardaginn heilagan, væru óhæfir til að taka sæti í réttinum. Ég tek þarna hugsað dæmi til þess að snerta ekki á málum augnabliksins, en það sýnir vel, hvílík fjarstæða þetta er. Og ég get bætt við öðru dæmi úr raunveruleikanum.

Einn af hinum núv. dómurum við hæstarétt hefir haldið því fram í fyrirlestri, að sannanirnar fyrir öðru lífi væru svo raunhæfar, að bezt væri að rita sögu landsins a. m. k. að hálfu leyti í öðrum heimi, eftir framburði dáinna manna, og þá væntanlega stílfært af öndunum sjálfum. Segjum nú, að dómararnir við hæstarétt væru allir spiritistar, og að þeir færu að gera ráð fyrir því, að til væru jöfnum höndum himnesk sem jarðnesk málsgögn og viðurkenndu svo ekki sem eftirmenn sína aðra en þá, sem tryðu á hin himnesku málsgögn eða tækju þau jafnvel fram yfir hin jarðnesku.

Ég þykist vita, að hv. frsm. minni hl. sé með mér í því, hvílík hætta gæti af þessu stafað. En það er einmitt höfuðgallinn á því formi, sem hæstarétti var valið 1919, að rétturinn skuli hafa rétt til að skapa sig sjálfur. Það væri gaman að vita, hvað minnihlutaflokkur þingsins hugsaði, ef meiri hl. neytti aðstöðu sinnar til þess að tryggja það, að íhaldsstefnan yrði í minni hl. við allar kosningar, hver svo sem vilji kjósenda í landinu væri, og meiri hl., t. d. sá, sem nú er, skapaði þannig sjálfur næsta meiri hl. og svo um alla eilífð. Það sjá allir, hvílík fjarstæða þetta er, þegar það er fært yfir á hið pólitiska svið, og hvílík hætta má af því stafa, ef einhverjum klíkum gefst tækifæri til að víggirða sig í valdasvæði, svo að þær megi vera óáreittar í þjóðfélaginu, hvað sem þær aðhafast.

Sú hugsun, að æðsti dómstóllinn í landinu eigi að vera eins og dautt líkþorn utan við áhrif þjóðarinnar, hlýtur að víkja fyrir kröfunni um það, að hæstiréttur verði háður þeim straumum, sem uppi eru í þjóðlífinu á hverjum tíma. Þessi þróun verður ekki stöðvuð frekar en hægt er nú að halda uppi einveldi til lengdar. Í Sviss, því landi, sem demokratiskt menningarástand er lengst komið, eru dómararnir kosnir af þjóðinni. Á Norðurlöndum hefir Noregur brotið ísinn og afnumið þessa sjálfsköpun dómstólanna. Er þetta skiljanlegt, þegar litið er til þess, að þar er land með tiltölulega sterku lýðræði, enda var Noregur heilli öld á undan Svíþjóð og Danmörku í frelsismálunum.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á það, að það er rangt hjá hv. frsm. minni hl., að hæstiréttur verði háður framkvæmdarvaldinu eftir þessu frv. Eins og undirdómararnir eru á hverjum tíma útnefndir af mismunandi stj. af öllum flokkum og öllum lífsskoðunum, eins þarf að vera um skipun dómaranna við æðsta dómstólinn í landinu. Það er óttalegt til þess að hugsa, ef æðsti dómstóllinn yrði eins og dauð klíka, sem lítið fylgdist með hinu raunverulega lífi almennings í landinu. Góður dómstóll dæmir dóma, sem eru í samræmi við réttlætistilfinning heiðarlegra borgara á hverjum tíma.

Þá er það næsta atriði, sem hv. minni hl. kom að, hve lítið réttaröryggi væri í því, ef prófessorarnir við háskólann væru í réttinum, því að þeir væru háðir umboðsvaldinu. Nú eru þrír prófessorar við lagadeildina, og þeir munu koma til að skiptast á sem dómarar, og í öðru lagi er eins og hv. frsm. minni hl. hafi gleymt því, að háskólinn hefir sjálfsköpunarvald, að hann heldur því fram, að hann ráði sjálfur embættisveitingum hjá sér. Ef einhver stj. færi því að flytja menn úr embættum, yrðu þeir áður að velja sína eftirmenn í háskólanum.

Ég segi hvorki, að þetta sé gott eða illt, en hv. þm. misskilur þá reglu, sem hann álítur góða og sem er líka við lagadeildina.

Hv. þm. hélt því fram, að það væri ósvinna að stinga upp á, að ritaraembættið væri stofnað aftur. Fyrir mitt leyti get ég verið með eða móti þessu atriði, eftir því sem verkast vill. Það er hægt að færa rök

bæði með og móti. En svo mjög hefir færzt í vöxt starf ritarans á síðustu árum, að sá maður, sem gegnir því starfi nú, þykist hafa þar nóg að gera. Ég býst og við, að þegar tímar líða, verði að hafa mann alveg við þetta.

Þá er það opinbera atkvgr., sem hv. þm. náttúrlega vill ekki viðurkenna fremur en hæstaréttardómararnir eða málfærslumennirnir. Þetta atriði er mjög skylt hinu, hvort hæstiréttur á að geta varið sig fyrir því, að þjóðin viti nokkuð um hann, og hvort hann eigi að geta setið eins og múmía utan við þjóðlífið. Það vakir fyrir hv. þm., og að því er virðist hæstaréttardómurunum sjálfum, ef dæma á eftir þeim dapurlega vitnisburði, sem þeir gefa af hæfileikum sínum í umræddu skjali til þingsins. En ég býst við, að fari eins um þetta og skriflegu málfærsluna o. fl. Landsyfirrétturinn var á móti henni, en varð að sleppa henni, vegna þess að tíðarandinn heimtaði umbótina og hafði sitt fram. Og ég býst ekki við, að lengi verði hægt fyrir dómarana að loka sig úti frá mannlífinu, eins og þeir virðast vilja.

Annars er fullkomið samhengi í þessu, þannig að þeir, sem vilja, að rétturinn skapi sig sjálfur frá kynslóð til kynslóðar, vilja líka, að t. d. minni hl. í réttinum verði að sætta sig við að bera ábyrgð á alveg gagnstæðum dómi við það, sem hann telur rétt.

Af því að bæði hv. minni hl., blöð þessa flokks og hæstaréttardómararnir sjálfir og málfærslumennirnir hafa ekki viljað viðurkenna neinn af þeim alveg auðsæju göllum, sem eru á núv. formi, hefir mér skilizt, að þeir vilji ekki taka neinum rökum, heldur vilji þeir taka á málinu eins og flokksmáli. Slíkir menn halda því fram, að nafnið hæstiréttur sé málfræðilega rétt, þar sem dómstigin eru aðeins tvö; þvílika menn er ekki hægt að beygja nema með atkvgr., og það verður gert á sínum tíma, líka í þessu máli. Það er eins um suma þá menn, sem nú slá mikið á skjöldinn fyrir þjóðerninu; þeir sögðust áður ekki geta lifað hér nema undir dönskum fána. Þeir urðu samt að þola annað, og eins mun fara um þetta, að þeir verði að þola íslenzkt heiti á þessum dómstóli. Í þessu máli beita þessir afturhaldsseggir engri skynsemd, heldur ofurkappi og ruddalegu orðbragði. En slík frammistaða sýnir jafnt mennina og málstaðinn.

Ég vík þá að till. hv. 6. landsk. og hv. þm. A.-Húnv. Þeir hafa komið inn á sparnaðarhlið þessa máls, og mér hefir jafnvel skilizt á öðrum þeirra, að hann hefði í hyggju frekari sparnaðarráðstafanir við 3. umr. um laun dómaranna. Ég tel rétt að athuga allar hliðar þessa máls um leið og það er tekið til þeirrar meðferðar, sem gert hefir verið í vetur.

Við 1. umr. hafði ég sýnt fram á, að það gæti verið full ástæða til þess að skylda þá menn ekki lengur til vinnu, sem væru orðnir 60 ára að aldri, eins og t. d. Danir láta sína sjóforingja fara frá 60 ára, af því að þeir telja hættulegt, ef til stríðs kæmi, að þeir væru orðnir gamlir. En mér þótti sjálfsagt, að þeir færu frá með fullum launum, en það er náttúrlega kostnaðaratriði. Það munar um 5 ár í lífi manna, og þessir tveir hv. þm. hafa álitið, að fjárhagsatriðið sérstaklega væri þess eðlis, að réttara væri að halda sér við 65 árin.

Það var skýrt tekið fram í stjfrv., að þetta atriði ætti alls ekki við núv. dómara í hæstarétti, en ef kæmu nýir dómarar, þá er vitanlega gerður nýr samningur við þá, því að þá fengju þeir sín laun eftir sextugt án vinnu. En það er auðvitað kostnaður við öruggt réttarfar fyrir landið.

Ennfremur hafa þeir álitið, að ekki væri rétt að gefa núv. dómurum nokkurt tækifæri til að sleppa á eftirlaun. Ég hefi lesið í Morgunblaðinu, að þeir séu allir að verða 65 ára, það vantaði 1—2 ár á aldur sumra þeirra. Svo að ef trúa má Mbl., sem ég skal láta ósagt, þá er um lítið fjárhagsatriði að ræða. Enda var tekið beint fram í stjfrv., að dómendurnir vildu máske vera áfram, en líka gert ráð fyrir þeim möguleika, að þeir vildu ekki vera áfram. En eftir till. hv. 6. landsk. og hv. þm. A.-Húnv. eru þeir skyldaðir til að útenda sinn hámarksaldur sem dómarar, ef þeir eiga að geta fengið full eftirlaun. En viðvíkjandi þessu stóra máli, skipulagi réttarins til frambúðar, er þetta mjög lítið atriði.

Ég álít, að meðferð þessarar hv. d. verði ákaflega gagnleg fyrir seinni með-

ferð málsins, svo að þótt maður miði við, að málinu geti ekki tímans vegna orðið lokið á þessu þingi, þá hafa umr. hér, till. þær, sem fram hafa komið, og umr. í blöðunum orðið til þess að skýra málið. Það mun t. d. þykja merkilegt atriði, að blöð eins og Stormur, Framtíðin og Mbl. láta svo nú eins og hæstiréttur, í því formi sem hann er nú, og þeir menn, er hann skipa, standi undir vernd þessara stórvelda í heimi réttlátra dóma.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég hefi að vísu miklu minna að svara hv. frsm. minni hl. eftir að hæstv. dómsmrh. hefir flutt sína ræðu, því að hann hefir tekið til athugunar mörg atriði, sem fram komu í ræðu hv. frsm. minni hl. En ég get þó ekki látið hjá líða að svara nokkrum orðum þeim atriðum, sem hv. þm. sagði sérstaklega viðvíkjandi nál. meiri hlutans.

Hann virtist viðurkenna, að nokkrar umbætur fælust í þessu frv., en þegar hann fór að telja þær upp, gat ég ekki heyrt nema eina, sem hann viðurkenndi, og hún var launahækkunin. Hann nefndi að vísu opinberu atkvgr., en ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi en að hann teldi orka tvímælis, hvort hún væri bót frá því, sem nú ætti sér stað. Mér virtist hann færa sem aðalröksemd, að þrátt fyrir það, þótt þetta ákvæði væri búið að standa í lögum í Noregi um alllangt skeið, hefðu Danir ekki séð neina ástæðu til þess að taka það upp. (**JóhJóh:** Og ekki Svíar og ekki Finnar heldur!). Mér virðist því, að það megi fyllilega draga út úr ræðu hv. frsm. minni hl., að í raun og veru sé ekki nema um eina umbót að ræða á hæstaréttarlögunum, og það sé launahækkunin. Ég ætla ekki að fara út í að rökræða þetta nánar. Það kemur fram í grg. og nál. og einnig þeim ræðum, sem fluttar hafa verið, að hér er um miklu fleiri atriði að ræða heldur en hv. frsm. minni hl. hélt fram.

Hann sagðist líta svo á, að mjög væri athugavert fyrir Alþingi að taka ekki til greina álit hæstaréttardómaranna um frv. En ég lýsti því í fyrri ræðu minni, að ýmislegt í umsögn hæstaréttardómaranna hefði gert það að verkum, að ég sem ólöglærður maður get ekki talið umsögnina að öllu leyti óvilhalla. Þess hefir verið getið hér af hæstv. dómsmrh., að þegar lögin um hæstarétt voru samin, virtist hinu háa Alþingi, að ekki væru óbrigðular þær till., sem komu þá frá dómurunum í landsyfirréttinum. Það hefir verið tekið fram, að Alþingi gekk þá í móti þeim till., og svo virðist vera, sem hv. frsm. minni hl. telji það ekki hafa verið illa ráðið.

Annars býst ég við, að eins og málið nú liggur fyrir, hafi deilur um gagnsemi þess ekki mikla þýðingu. Ég geri ráð fyrir, að það sé nokkurnveginn víst, að málið gangi ekki fram á þessu þingi. Og þá álít ég nægilega mikið komið fram í málinu til þess, að þjóðin eigi kost á að gera sér nokkra grein fyrir því. En í lýðfrjálsu landi verður æðsti dómstóllinn í öllum málum dómstóll þjóðarinnar. Með því vil ég ekki segja, að niðurstöðum hins æðsta dómstóls í landinu verði raskað, og þeim verður ekki raskað, því að einhversstaðar verður að vera endir allrar þrætu. En það er krafa, sem leiðir af þjóðskipulagi okkar, að það verði að vera þjóðin, sem ræður sínum hæstarétti. Menn segja, að á því séu gallar. En þetta er einusinni bein afleiðing af þjóðskipulagi því, sem við búum við. Þess vegna lít ég svo á, að hvernig sem fer um þetta mál á þessu þingi og því næsta og þar næsta, þá er það víst, að þjóðin sættir sig aldrei við það til langframa, að hæstiréttur sé sá helgidómur, sem ekki megi við koma. Ég kom að því í fyrri ræðu minni, að það atriði, að trúa á hæstarétt sem óskeikulan, gæti leitt út í ekki minni hættu en það að breyta honum.

Þá tel ég rétt að víkja nokkrum orðum að því, sem hv. frsm. sagði um nál. okkar meirihl.manna. Hann sagðist ekki geta séð, að hægt væri að finna þeim orðum stað, sem standa í nál., að nokkurrar ókurteisi verði vart í umsögn hæstaréttardómaranna um hæstv. dómsmrh. Ég ætla ekki að deila mikið um þetta atriði. Ég ætla að skjóta því algerlega undir úrskurð þjóðarinnar, hvernig á þetta mál verður litið. Ég tel tvímælalaust gæta þar ókurteisi gagnvart hæstv. dómsmrh. Ég ætla ekki að fara að lesa upp einstök orð úr álitinu. Ég tel betur farið, að þeir, sem um málið fjalla, kynni sér það sjálfir.

Þá sagði hv. þm., að í nál. teldum við, að stjórnarliðið stæði á bak við þær svívirðingar, sem staðið hefðu í Alþýðublaðinu og Tímanum um hæstarétt. Þetta eru orð hv. frsm. Hitt er rétt, að í nál. meiri hl. stendur, að ýmis ummæli í blöðum hinna frjálslyndari flokka hér á landi hafi hnigið til alvarlegrar gagnrýni á dómum réttarins. (**JóhJóh:** „.... og bak við þá flokka stendur meiri hl. af kjósendum í landinu", segir í nál.). En þær svívirðingar, sem hv. frsm. talaði um í ræðu sinni, höfum við ekki gert okkur seka um; við höfum aldrei talað um annað en gagnrýni á dómum hæstaréttar.

Þá vildi hann telja, að við meirihl.-menn misskildum orðið „atferli", og sagði, að við þyrftum ekki annað en að fletta upp í orðabókum, þá gætum við séð, hvað orðið þýddi. Ég þarf ekki að fletta upp í neinum orðabókum. Ég hygg, að ef farið er í gamla dóma undirréttar og yfirréttar, sé orðið „atferli" venjulega notað um saknæmt athæfi. Ég veit líka, að bæði hv. frsm. minni hl. og við allir notum það orð ekki venjulega um annað en það, sem við teljum a. m. k. ámælisvert. Hitt skal ég ekkert um segja, hvað orðabækurnar segja um þetta. Getur vel verið, að þær séu óskeikular, en við verðum að taka til greina, hvað orðin þýða á tungu þjóðarinnar. (**JóhJóh:** Það skyldi maður halda, að maður fyndi í orðabókum!). Það er ekki alveg víst.

Þá vildi hann gera töluvert úr því, að við hefðum ofmælt, þar sem við segjum í nál., að okkur virðist vera farið heldur niðrandi orðum um prófessorana í lagadeild háskólans, þar sem dómararnir segja í áliti sínu, að hæstiréttur eigi að fá þá að láni. Ég skal ekkert um þetta þrátta við hv. þm. En það er víst, að í því sambandi, sem orðin standa, hlýtur hver maður að álíta, að hæstaréttardómurunum finnist þeir taka niður fyrir sig. Þó geri ég ráð fyrir, að þótt prófessorarnir í lagadeid séu skipaðir á annan veg en dómararnir, þá megi ætla, að þeir standi dómurum hæstaréttar á sporði í lögfræði.

Þá kom hv. frsm. að aðalatriðinu, sem honum virtist vera í þessu máli, en það var um 8. gr. og ákvæði hennar um 65 ára aldur. Hann játaði að vísu, að í 57. gr. stjskr. væri heimild til að veita hæstaréttardómurunum lausn frá embætti, þegar þeir væru 65 ára gamlir. En hann neitaði hinsvegar, að á þessari heimild mætti byggja lagasetningu. Þess vegna ætti út frá því að álíta, að á ákvæðum stjskr. væri ekki hægt að byggja lagasetningu. (**JóhJóh:** Þetta er misskilningur. **Gegn** ákvæðum stjskr. er ekki hægt að setja lög). Ef stjskr. heimilar dómsmrh. að veita dómurum úrslitadómstóls lausn, þá lít ég svo á, að hvað sem dómurinn heitir, megi setja lög um, að hann geri það. (**JóhJóh:** Þessi stjórnarskrárgrein heimilar löggjafarvaldinu ekki neitt). Frv. talar heldur ekki um, að Alþingi setji dómarana af. Það er ekki hægt að kalla það að ganga í berhögg við stjskr. að láta gera það, sem hún heimilar. Ég sem ólögfróður maður hefi haldið, að það mætti setja í einstök lög, það sem er í stjskr., og að setja mætti lagaákvæði um ákvæði stjórnarskrárinnar, svo framarlega sem þau ganga ekki lengra en stjskr. heimilar. Og nú er enginn ágreiningur um það, að stjskr. heimilar að veita 65 ára dómurum lausn. (**JóhJóh:** Í einstökum tilfellum). Ágreiningurinn virðist vera um það, hvort setja má lög um, að gera skuli það, sem stjskr. heimilar, að gert sé.

Að síðustu sagði hv. þm. Seyðf., að við meirihl.menn færum mjög óvarlega í fullyrðingum okkar, þar sem við værum ólögfróðir menn. Ég býst við, að þetta megi að sumu leyti til sanns vegar færa. En þegar vill svo til, að sjálfum dómurum hæstaréttar verður það á að fara óvarlegum ummælum um þetta mál, þá má ekki furða sig á því, þó okkur ólögfróðu mönnunum, sem um þetta mál er skylt að fjalla, yrði það sama á. Viðurkenni ég þó hreint ekki, að ummæli okkar séu neitt óvarleg.

Ég minntist ekki á brtt. hv. 6. landsk. og hæstv. forseta í fyrri ræðu minni; sá ég ekki ástæðu til að tala um þær, fyrr en hv. flm. hefðu gert grein fyrir þeim.

Um fyrri brtt. er það að segja, að í henni kemur fram nokkur skoðanamunum milli hv. flm. og meiri hl. n. Ég veit ekki, hvort hv. flm. byggja skoðun sína á sömu röksemdum og hv. minni hl. n., enda skiptir það ekki svo miklu máli. Aðalatriðið er það, hvort menn vilja fallast

á þá hugsun eða ekki, sem að baki frv. liggur, að óheillavænlegra sé fyrir réttaröryggið, að í úrslitadómstóli sitji menn á gamalsaldri. Það virðist ekki ágreiningur milli hv. flm. brtt. og okkar meiri hl. n. um það, að ákvæði frv. um að veita 65 ára gömlum dómurum lausn komi ekki í bága við stjskr. En hv. flm. virðast álíta betra, að heimild stjskr. sé ekki notuð. Aftur á móti vil ég láta ákveða 65 ára hámarksaldur fyrir dómarana, og nota þannig út í yztu æsar heimildina.

Verði þessi brtt. samþ., teldi ég vel við eigandi að bæta inn í frv. við 3. umr., að dómsmrh. skuli vera heimilt að veita dómurunum lausn 65 ára. (**JóhJóh:** Sú heimild stendur í stjskr.). Það fengist þá úr því skorið, hvort hv. dm. telja stjórnarskrárbrot að setja í lög ákvæði, sem stendur í stjskr.

Um síðari brtt. hefi ég lítið að segja. Meiri hl. lítur svo á, að ef dómararnir í hæstarétti vilja vera áfram dómarar í fimmtardómi, þá muni þeir sækja um það og að sjálfsögðu verða skipaðir. Telur hann því brtt. óþarfa. Hinsvegar finnst mér, að ef á annað borð á að ákveða, að sömu dómarar verði áfram, að fella ætti niður orðin „ef þeir óska þess". Mér finnst viðkunnanlegra að gera þá að tvímælalausri skyldu, að sömu dómarar sitji áfram. Vitanlega gætu þeir eftir sem áður sótt um lausn, þegar þeim sýndist.

Get ég svo ofurvel látið útrætt um þetta mál. frá minni hálfu. Ég hefi gert í því það, sem mér hefir fundizt sannast og réttast, og þykist ég hafa skýrt það svo vel sem í mínu valdi stendur, sérstaklega í nál. Vona ég, að starf okkar meiri hl. beri árangur á sínum tíma; hvort sem mál þetta verður leyst fyrr eða síðar, vona ég, að þar komi alþjóðarvilji til greina. Og til þess að þjóðin eigi hægara með að átta sig á málinu, er nauðsynlegt að leggja þau gögn fram til skýringar, sem hægt er.

Það eiga sennilega einhverjir eftir að tala um þetta mál, og mun ég ekki leggja mikla áherzlu á að svara, þó einhverjir verði til þess að hnjóða að meiri hl. fyrir afgreiðslu þessa máls. Eins og það liggur nú fyrir, er bezt komið á því, að þjóðin skeri úr.

Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson): Ég þarf ekki að segja hér nema örfá orð. — Hæstv. dómsmrh. komst út í heimspekilegar hugleiðingar, sem mjög voru á víð og dreif og lítið komu málinu við, og get ég því látið þeim ósvarað.

Hæstv. ráðh. líkti umsögn hæstaréttar við lélega skrifaða blaðagrein. Ég vil þó benda á það, að bæði brtt. hv. meiri hl. og brtt. á þskj. 416 bera vott um það, að álit réttarins hefir haft sína þýðingu. Hæstv. ráðh. talaði um form réttarins, og skildi ég þar ekki, hvað hann var að fara. Hann sagði, að rétturinn ætti að vera „sjálfgetinn". Ég sé ekki, hvernig það má verða, þar sem rétturinn hefir ekkert veitingarvald, heldur er það aðeins gert að skilyrði, að væntanlegir dómarar hafi staðizt prófraun hjá réttinum. Þetta er því ekkert annað en útúrsnúningur.

Mér skildist á hæstv. ráðh., að dómarar hæstaréttar væru öðruvísi en aðrir menn að því leyti, að þeir yrðu ekki fyrir áhrifum af bókum eða umheiminum. Ég held einmitt, að dómarar í hæstarétti hafi sérstaklega góða aðstöðu til þess að setja sig inn í atvinnu- og athafnalíf landsins. Þeir verða oft að dæma í málum, er slíkt varða, og verða því beinlínis að kynna sér atvinnuhætti og ástand þjóðlífsins.

Hæstv. ráðh. sagði, að Norðmenn væru 100 árum á undan hinum Norðurlandaþjóðunum í öllum framförum. Gæti ég trúað, að Svíum og Dönum þætti sá dómur nokkuð hæpinn, og sama finnst víst öllum, nema hæstv. dómsmrh.

Hæstv. ráðh. talaði um dóm, sem felldur hefði verið í Svíþjóð árið 1887 og farið hefði í bága við almenningsálitið, og kenndi hann því um, að dómarinn hefði verið farinn að stirðna fyrir aldurs sakir. En þetta þarf alls ekki að vera dómarans sök, heldur er miklu líklegra, að þetta hafi stafað af því, að löggjöfin hafi ekki fylgzt með tímanum, því að auðvitað á að dæma eftir lögunum, en ekki eftir almenningsálitinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að við, sem hefðum andmælt frv., hefðum ekki beitt rökum eða skynsemi. Þetta skoða ég aðeins sem sleggjudóm, sem ekki er svaraverður.

Um heiti réttarins ætla ég ekki að ræða nú, þar sem hv. 3. landsk. hrakti svo gersamlega skoðanir hæstv. ráðh. um það atriði við 1. umr.

Hæstv. ráðh. kvað þjóðina ekki mundu sætta sig við, að hæstiréttur fylgdist ekki með tímanum. Ég þykist þess fullviss, að hæstiréttur vor muni ávallt fylgjast með tímanum, og veit og vona, að þjóðin verður ávallt á þeirri skoðun, að halda beri uppi virðingu fyrir hæstarétti. og að þeir, sem vilja rýra álit hans, sæti ómildum dómum.

Þá vík ég lítið eitt að hv. frsm. meiri hl. Hann klifaði á því, að óhætt hlyti að vera að taka það í lög, sem leyft væri í stjskr., er hann ræddi um aldurstakmark dómara upp á við. En þetta er hinn herfilegasti misskilningur, því að í 57. gr. stjskr. stendur: „Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum". Hér er sagt, að sú eina takmörkun um aldur gildi upp á við, að framkvæmdarvaldið **megi** veita dómara lausn frá embætti, er hann er orðinn fullra 65 ára, án þess að hann missi neins í af launum sínum. Löggjafarvaldið getur því alls ekki sett þau ákvæði, að dómari skuli fara frá á þessum aldri, nema með því að brjóta stjskr. Þetta hafa þeir líka skilið, hv. þm. A.-Húnv. og hv. 6. landsk., og því hafa þeir borið fram brtt. sínar. Hæstv. dómsmrh. virðist leggja töluvert annan skilning í þær brtt. en hv. flm., því að hæstv. ráðh. kvað hér aðeins vera um sparnaðarhugmynd að ræða. Ef stjskr. hefði engin ákvæði haft um aldurstakmark dómara, hefði þetta getað staðizt, en nú er það útilokað.

Ég vil ekki deila um merking orðsins „atferli", sem okkur hv. frsm. meiri hl. greinir á um, en vísa í því efni til málaþekkingar hv. þdm. og orðabókanna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Ed., 8. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 22, n. 374 og 381, 416).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv.
2. gr. samþ. með 8:6 atkv.
3. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Fyrirsögn 1. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 374,1. samþ. með 8 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv.
Brtt. 374,2.a. samþ. með 7:6 atkv.
— 374,2.b. samþ. með 7 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 7:6 atkv.
Brtt. 374,3. samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 7:1 atkv.
7. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 374,4.a. samþ. án atkvgr.
— 416,1 samþ. með 9:3 atkv.
— 374,4.b., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 374,4.c. samþ. með 7 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 7:3 atkv.
9.—10. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn 2. kafla samþ. án atkvgr.

11.—13. gr. samþ. með 7:5 atkv.

Fyrirsögn 3. kafla samþ. án atkvgr.

14. gr. samþ. með 7:2 atkv.

Fyrirsögn 4. kafla samþ. án atkvgr.

15.—16. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn 5. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 374,5.a. samþ. með 7 shlj. atkv.
— 374,5.b. samþ. með 7 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 374,6 samþ. með 7 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
23.—27. gr. samþ. með 7:2 atkv.

Fyrirsögn 6. kafla samþ. án atkvgr.

28.—29. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn 7. kafla samþ. án atkvgr.

30. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 374,7 samþ. án atkvgr.
31. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 374,8 samþ. án atkvgr.
34. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
35.—40. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn 8. kafla samþ. án atkvgr.

41.—42. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 374,9.a. samþ. með 7 shlj. atkv.
— 374,9.b. samþ. með 7 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
44.—47. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 374,10 samþ. með 7 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

49.—50. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn 9. kafla samþ. án atkvgr.
Brtt. 374,11 samþ. með 7 shlj. atkv.
51. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 374,12.a. samþ. með 7 shlj. atkv.
— 374,12.b. samþ. með 7 shlj. atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 7:2 atkv.
53.—58. gr. samþ. með 7:5 atkv.
Fyrirsögn 10. kafla samþ. án atkvgr.
59.—61. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn 11. kafla samþ. án atkvgr.
62.—63. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn 12. kafla samþ. án atkvgr.
Brtt. 416,2 (ný gr., verður 64. gr.) samþ. með 8:3 atkv.
64.—65. gr. (verða 65.—66. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn 13. kafla samþ. án atkvgr.
66.—68. gr. (verða 67.—69. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og 14. kafla samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:6 atkv.

Á 74. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 452, frhnál. 467).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Háskólabygging.

Á 51. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um byggingu fyrir Háskóla Íslands (stjfrv., A. 276).

Á 53. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ef ég hefði ekki vegna veikinda verið forfallaður nú um mánaðar skeið frá því að sækja þingfundi, væri þetta frv. löngu fram komið. Ég hygg þó, að þessi dráttur á flutningi frv. þurfi ekki að koma svo mjög að sök. Svo framarlega sem Alþingi þykir hugmyndin þess verð, að hún nái fram að ganga, ætti frv. að geta náð afgreiðslu þessa þings, auðvitað með þeim breyt., sem Alþingi kann að vilja á því gera.

Skal ég nú víkja að því, af hverju lagt er til, að nú þegar verði hafinn undirbúningur undir væntanlega byggingu fyrir háskólann.

Nú er ekki fyrir það að synja, að sumir álíta, að það sambýli, sem verið hefir með Alþingi og háskólanum frá því að hann var stofnaður, geti að meinlausu haldið áfram. Ég er þar annarar skoðunar. Ég álít þetta sambýli mjög óheppilegt, bæði fyrir Alþingi og háskólann, og tel sjálfsagt, að á næstu árunum fyrir 1940 setji þjóðin sinn metnað í það að koma upp verulegum hluta af væntanlegri háskólabyggingu. Eins og ég mun síðar koma að, álít ég okkar kynslóð, sem nú lifum, það með öllu ofvaxið og ómögulegt að reisa háskólanum þvílíka byggingu, að nægja megi um aldur og æfi.

Alþingi sjálfu veitir ekki af að hafa allt alþingishúsið svokallaða undir, en þó hefir háskólinn orðið verr út úr þessu sambýli, eins og kennarar hans hafa gefið átakanlega lýsingu af og þm. er kunnugt. Þetta húsnæðisleysi háskólans lýsir sér ekki eingöngu í því, að kennslustofurnar eru litlar og ónógar, og að alger vöntun er á fyrirlestrasal og herbergjum undir söfn háskólans; nei, það, sem óheppilegast er við þetta húsnæðisleysi háskólans, er, að það eyðileggur algerlega samlífið milli námsfólksins, svo þýðingarmikill liður sem það er í allri háskólavist.

Ég hygg því, að um það þurfi ekki að deila, a. m. k. ekki til lengdar, að Alþingi og háskólinn verði að skilja samvistum, og það sem allra fyrst. Nú hefi ég heyrt mæta menn halda því fram, að Alþingi ætti sjálft að flytja úr sínu eigin húsi og láta háskólanum það eftir, svo stórt sem það er. Gallinn á þessu er sá, að alþingishúsið er ekki byggt sem háskólahús. Það stendur hér í miðjum bænum, og þó að það kynni að geta nægt háskólanum í næstu 40—50 ár, eru ekki líkur til, að það geti fullnægt þjóðinni í margar kynslóðir. Við Íslendingar getum lært af sögu annara þjóða í þessu efni, hve óheppilegt það er að loka háskóla inni miðbæjar. Svo var gert bæði í Osló, Berlín og Kaupmannahöfn á sínum tíma. En eftir því,

sem þessar þjóðir stækkuðu og þarfir þeirra urðu fleiri og margbreyttari, þurfti að breyta háskólum þeirra og setja á stofn við þá nýjar og nýjar kennsludeildir, en vegna þess, að háskólanum hafði í upphafi verið settur staður mitt í áðurnefndum borgum, varð að byggja undir þær deildir, sem við bættust, langt úti í borgunum, þannig að deildirnar urðu viðskila við móðurstofnun sína. Af þessum ástæðum er það ekki heppilegt að ætla háskólanum þetta hús. Fari svo, að þingið vaxi upp úr þessari byggingu sinni, getur hún komið bænum eða landinu í góðar þarfir til eins og annars, en sem háskólabygging getur þetta hús aldrei komið til greina, af ástæðum, sem ég þegar hefi rakið.

Það er ekki gert ráð fyrir að byrja á þessari háskólabyggingu fyrr en að þremur árum liðnum, en að byggingunni verði svo lokið á næstu sex árum. Ástæðan til þess, að ekki hefir þótt heppilegt, að gera nú þegar kröfur um fjárframlög til þessarar byggingar, er fyrst og fremst sú, að það tekur langan tíma að undirbúa þessa byggingu, svo að hún megi sem bezt og haganlegast verða úr garði gerð.

Eins og sést á fylgiskjölum frv., hafa deildir háskólans gert lauslegar till. um það, hversu mikið húsrúm þær, hver um sig, muni þurfa á að halda. Nú er það vitanlegt, að deildum háskólans hlýtur að fjölga, eftir því sem þjóðin vex og verkefnin aukast, svo að samríma verður kröfur núv. deilda háskólans skynsamlegu framtíðarplani. Mun varla veita af næstu þremur árum til þess að velta því fyrir sér og undirbúa bygginguna, þannig að hún megi skapa háskólanum þau vaxtarskilyrði, sem hann verður að hafa, ef hann á ekki að verða nafnið tómt. Í frv. er gert ráð fyrir mjög hóflegri fjárhæð, 600 þús. kr., til aðalbyggingar háskólans, og þar sem þessi fjárhæð á að skiptast niður á sex ár, verður kostnaðarhlið málsins ekki óyfirstíganleg þjóð okkar, þó að fátæk sé.

Auk þeirra ástæðna, sem ég nú hefi talið fyrir því, að rétt sé að fresta háskólabyggingunni, vil ég benda á það, að nú sem stendur er verið að vinna að hálfgerðum skólabyggingum víða um land, auk þess sem liggur í loftinu að reisa unglingaskóla í mörgum kaupstöðum og í tveimur sveitum, Borgarfirði og Hrútafirði. Þegar svo hér við bætist, að hér í Reykjavík er mjög aðkallandi þörf fyrir alþýðuskóla, og ennfremur, að landspítalinn er ekki enn fullgerður og þarf að reisa við hann viðbótarbyggingar, virðist einsætt, að rétt sé að fresta háskólabyggingunni um næstu þrjú ár og nota þann tíma til nauðsynlegs undirbúnings. Er gert ráð fyrir, að einhverjir af starfsmönnum háskólans verði valdir í nefnd til að starfa með kennslumálastjóra og húsameistara að undirbúningi þessa máls.

Ég get búizt við því, að sumum kunni að virðast, sem hér sé um allt of lágt framlag að ræða í þessu skyni, 600 þús. kr., auk lóðarinnar, sem ætlazt er til, að Reykjavíkurbær sjái sóma sinn í að gefa háskólanum. Skal ég að vísu játa, að engin fullnaðarrannsókn hefir farið fram í þessu efni og að undirbúningur málsins verður að leiða í ljós, hversu miklar byrjunarkröfur verður að gera um þessa byggingu, en hitt þori ég að fullyrða, að háskólinn gæti verið ánægður um stundarsakir með að fá byggingu, sem væri nokkru stærri en Arnarhvoll, sem verður fullgerð á einu ári fyrir ekki meira fé en 250 þús. kr., í stað neðstu hæðar alþingishússins, sem hann verður nú að sætta sig við. Af þessu ræð ég það, að fyrir 600 þús. kr. sé hægt að reisa það mikla byggingu, að háskólanum væri stórsigur að henni, miðað við þau kjör, sem hann á nú við að búa. Ég lít svo á, að þessi fyrsta bygging sé aðeins byrjunarsporið og að við hana eigi eftir að tengjast ein viðbótarbyggingin af annari, eftir því sem þjóðin vex og eflist.

Auk þess vil ég benda á það, að í háskólabyggingunni verður mest um að ræða kennslustofur og fyrirlestrasali, og eru slíkar byggingar tiltölulega ódýrar.

Þá er það enn eitt atriði, sem með því mælir að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og að ekki má draga samþykkt þess til næsta þings, en það er lóðarspursmálið. Eins og tekið er fram í frv., er gert ráð fyrir, að háskólinn fái lóðina frá Skólavörðutorgi og væntanlegum stúdentagarði niður að Hringbraut. Frá

mínu sjónarmiði er það óhjákvæmilegt, að háskólanum verði látin í té mjög stór lóð, og ég vænti þess, að bæjarstjórn Reykjavíkur bregðist vel við í þessu efni, en biti sig ekki í þann hugsunarhátt, sem kemur fram í því að miða við þarfir augnabliksins á kostnað framtíðarinnar.

Í frv. er gengið út frá því, að háskólinn fái til sinna afnota eins stóra lóð og landsspítalinn hefir, og að þessi lóð verði milli lóðar landsspítalans og væntanlegs íþróttavallar niður að Hringbraut, auk þess sem gert er ráð fyrir, að skólinn fái nokkra sneið af landi neðanvert við Hringbraut, í áframhaldi af sjálfri byggingarlóðinni, og sú sneið myndi þá mæta ókomnum vexti háskólans og verða notuð sem leikvöllur, grasgarður (botanisk Have) o. s. frv. Eins og menn sjá, er hér ekki um það eitt að ræða að sjá fyrir þörfum háskólans eins og þær nú eru, heldur er miðað við áframhaldandi þróun hans, jafnframt því, sem litið er til þess, hvílík lífsnauðsyn háskólanum er að komast sem fyrst úr þeim þrengslum, er nú há kosti hans svo mjög. En af því að óhjákvæmilegt er, að háskólinn fái mjög stóra lóð til sinna afnota, og verið getur, að Reykjavíkurbær fari að ráðstafa þessum lóðum á næstunni, þó að ekki sé búið að því enn, ríður mjög á, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Það er í ráðagerð að reisa hér alþýðuskóla, og mér er kunnugt um það, að fyrir borgarstjóranum hér í bæ vakir, að sá skóli — og ef til vill fleiri skyldir skólar — verði reistur þarna á Skólavörðuholtinu, og það einmitt á þeirri landspildu, sem háskólinn þarf á að halda, ef hann á annað borð verður byggður þarna. Ef því þetta frv. nær fram að ganga á þessu þingi, verður hægt að leysa þessa hlið málsins, ef á annað borð er hægt að leysa hana, því að auðvitað er bærinn ekki skyldugur til þess að gefa þessa lóð, þó að þess sé að vænta, að hann setji metnað sinn í að gera vel við háskólann að þessu leyti, enda verður að telja það siðferðislega skyldu bæjarins að bregðast vel við um þessa málaleitan. Landið, sem um er að ræða, er heldur ekki mikils virði í sjálfu sér,—grjóturð, sem enginn kostnaður hefir verið lagður í að ryðja. En fyrir háskólann hefir þessi lóð engu að síður mikla framtíðarþýðingu.

Ég hefi hugsað mér, að þessu máli verði þokað áfram þann veg, að fyrst verði undið að því að útvega lóðina og undirbúa hina væntanlegu byggingu, og síðan reist allmikil bygging við hliðina á væntanlegum stúdentagarði. Má vel vera, að svo fari, að stækka þurfi þessa byggingu síðar, sem verður aðalbygging háskólans, en þannig verður að ganga frá henni, að háskólinn geti, strax og byggingunni er lokið, flutt í hana og tekið hana til sinna afnota. Hitt skiptir minna máli, þó að byggingin fái ekki strax í upphafi sína endanlegu mynd, enda er það með öllu ókleift okkar fátæka þjóðfélagi. Eins og ráðgert er, að í kringum landsspítalann rísi upp margar viðbótarbyggingar, eftir því sem þjóðin vex og þörfum hennar fjölgar, eins verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að utan um háskólann sjálfan rísi upp ýmsar smærri byggingar, til afnota fyrir hinar ýmsu deildir hans, eða jafnvel sjálfstæðar um verkefni. Ríður því hið mesta á, að háskólinn strax í byrjun fái nógu stóra lóð, því að ella fer svo, að byggja verður undir hinar ýmsu deildir hans hingað og þangað um bæinn, eftir því sem verkefnum háskólans fjölgar, hönd í hönd við þróun og vöxt þjóðarinnar.

Ein af þeim breyt., sem liggur í loftinu að gerð verði í sambandi við þróun háskólans, er, að einhver hin stærsta stétt landsins fái að einhverju leyti kennslu sína og undirbúning við hann. Ég á við kennarastéttina. Kennaraskólahúsið stendur á lóð landsspítalans, þannig að hægt er að reka skólann þaðan burt hvenær sem er, auk þess sem húsið er lélegt og ekki til frambúðar. Ég hefi þess vegna lagt til, að væntanlegar heimavistir fyrir kennaraefni yrðu byggðar á baklóð háskólabyggingarinnar þá er tímar líða fram, en húsrúm væri ætlað fyrir uppeldisvísindi í háskólabyggingunni sjálfri. Síðan er ætlazt til, að kennaraskólinn renni smátt og smátt inn í háskólann sem sjálfstæð deild. Í tveim þeim löndum, sem við höfum mest saman við að sælda, Skotlandi og Þýzkalandi, er þessum málum þannig skipað, að jafnmikinn undirbún-

ing þarf til þess að vera barnakennari og læknir eða lögfræðingur, og samskonar inntökuskilyrði eru við tilsvarandi háskóladeildir. Á Norðurlöndum og Englandi eru þessi mál ekki enn komin í það horf, en það er aðeins talið kostnaðarspursmál, en væntanlega stefnir þróunin í sömu átt þar og í þeim löndum, sem lengst eru komin áleiðis í þessum efnum. Ég hefi þess vegna tekið þessi ákvæði upp í frv., til þess að við Íslendingar þyrftum ekki á sínum tíma að verða eftirbátar annara þjóða í þessum efnum.

Ég hygg svo, að ég þurfi ekki að eyða fleiri orðum að þessu frv., en vænti þess, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 276, n. 498).

Frsm. (Jón Þorláksson): Eins og nál. menntmn. á þskj. 498 ber með sér, hefir hún orðið sammála um afgreiðslu þessa máls og leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem eru bein afleiðing þess, að það hefir náðzt fullt samkomulag á milli allra aðilja, sem um málið hafa fjallað, síðan það kom fyrir þingið, um að til sé í bænum annar staður miklu heppilegri fyrir háskólann en sá staður, sem frv. gerir ráð fyrir og hingað til hefir verið fyrirhugaður.

Eins og mörgum er kunnugt, hafa komið frá húsameistara einum í bænum uppástungur um það, að gera hring af opinberum byggingum í kringum sjálfa Skólavörðuhæðina, með torgi á miðri hæðinni og e. t. v. einni byggingu á miðju torginu. Í þessum hring var m. a. ætluð allstór byggingarlóð fyrir háskólann, eftir því sem gerist um byggingarlóðir, fullur hektari að stærð, og við hliðina þar á var ætlaður staður fyrir stúdentagarð. En satt að segja eru ýmsir annmarkar á þessari hugmynd, en þó komst hún svo langt, að hún var tekin upp í till. skipulagsnefndar um skipulagsuppdrátt fyrir Reykjavík.

Það eru nú aðallega tveir annmarkar, sem eru á þessum framkvæmdum, annar sá, að sjálft þetta landsvæði er ákaflega óaðgengilegt í alla staði. Þetta eru klappir og urðir utan í gömlu malarholti, þar sem tekin hefir verið uppfylling í hafnarsvæði. Það liggur í halla, alveg gróðurlaust og jarðvegslaust, og þess vegna er miklum kostnaði bundið að gera úr því nokkuð vistlegt umhverfi utan um slíkar byggingar.

Hinn annmarkinn var sá frá húsalistarsjónarmiði, að eins og þetta var hugsað, horfðu allar þessar byggingar öfugt við hallanum. Það var hugsað til, að framhliðarnar sneru upp á móti brekkunni, sem dregur hverja byggingu niður og er því mjög öfug tilhögun. Þar við bætist, að í frv. stj. komu fram óskir um miklu rýmra landsvæði til framtíðarafnota fyrir háskólann, óskir, sem n. verður að telja réttmætar, án þess að hún vilji leggja dóm á, hvort nákvæmlega sú stærð, sem til-tekin er í frv., sé sú rétta. En þeim kröfum er ekki hægt að fullnægja á þessum stað, nema á þann hátt, að lóðin verði sundurskorin af umferðagötum og að öðru leyti talsvert ólöguleg.

Í frv. stj. er sett að skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi þetta svæði í Skólavörðuholtinu ókeypis fram. Út af þessu sendi n. borgarstjóra Reykjavíkur frv. til umsagnar, og hann hefir gefið um það ítarlega umsögn, sem prentuð er sem fskj. með nál. Þar eru dregnir fram þeir annmarkar, sem eru á afhendingu lóðar á þessum stað. En hinsvegar benti borgarstjórinn á stað, sem öllum kemur saman um, að sé jafnaðgengilegur og vistlegur eins og hinn er óaðgengilegur og óvistlegur, og það er á svæðinu sunnan við fyrirhugaða Hringbraut, en austan við Suðurgötu og niður í Vatnsmýri. Þetta er að mestu leyti grasi gróið land, og mikið af því erfðafestulönd, sem bærinn hefir látið af hendi með þeirri kvöð, að hann geti tekið þau til sinna nota, hvenær sem hann þarf, fyrir ekki mjög hátt gjald. En sá hluti, sem byggingarnar verða reistar á, er kvaðalaus eign bæjarins, sem hann getur látið af hendi, ef þurfa þykir.

Bæði háskólaráðið, ráðh. og n. hafa

fallizt á að leita samkomulags um að fá lóðina undir háskólann á þeim stað, sem borgarstjórinn hefir bent á.

Annars er það um frv. að segja, að það er náttúrlega ekki mikið, sem í því felst, annað heldur en það, að byrjað verði á undirbúningi málsins yfir höfuð. Frv. bindur ekki Alþingi um málið að neinu leyti, þar sem það aðeins kveður svo á, að það skuli reisa háskólabyggingu á árunum 1934—1940, að því tilskildu, að annaðhvort verði veitt fé í fjárl. eða að Alþingi heimili lántöku til þess. Frv. sjálft tiltekur þetta ekki endanlega, t. d. með því að heimila landsstj. lántöku í þessu skyni. Því má náttúrlega segja, að sé seilzt nokkuð langt fram í tímann, að gera ákvarðanir fyrir árabilið 1934—40, án þess að grípa fram fyrir hendurnar á þeim þingum, sem þá sitja. En n. er sammála um það samt sem áður að greiða götu frv. af þeirri ástæðu, að það felur í sér fyrirmæli um undirbúning þessarar byggingar. Og þó að ekki sé endanlega ákveðið um framkvæmd sjálfrar byggingarinnar, felst þó í því nokkuð eindregið loforð um, að byggingin verði fullgerð á þessu árabili.

Annars er n. sammála um, að þetta húsnæði, sem háskólinn hefir hér í bænum, sé engan veginn viðunandi og lítur svo á, að þetta tvíbýli þrengi og allmikið að Alþingi. Það er því öllum ljóst, að háskólabygging er ein af þeim opinberu byggingum, sem stendur hér fyrir dyrum og verður að koma til framkvæmda, eftir því sem kraftar þjóðfélagsins leyfa.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég þakka hv. menntmn. fyrir hennar aðgerðir og till. í þessu máli. Það stafar af burtveru minni frá þinginu, að frv. gat ekki komið fyrr fram. Því að nú er orðið nokkuð seint til að það verði líka samþ. af hv. Nd. En það eru samt þeir straumar um þetta mál, að allmargir menn í þinginu gætu sætt sig við, að þessu máli yrði lokið á Þingvöllum, ef þingi væri frestað.

Eins og hv. frsm. tók fram, hafði það verið ætlun háskólans og þeirra, sem að honum standa, að hann yrði byggður uppi við Skólavörðutorg, og þar hefir meira að segja verið grafið fyrir stúdentagarðinum.

En eftir því, sem ég hafði meira með málið að gera, því ljósara varð mér, að sú lóð, sem ég hafði álitið nægilega, mundi verða of lítil, þegar til lengdar lét. Þess vegna stakk ég upp á, að bærinn léti meira af landi, þannig að unnt væri að mæta mikilli húsaukningu á mjög löngum tíma.

Borgarstjóri Reykjavíkur hefir, eins og sést af skjölum málsins, álitið erfitt fyrir bæinn að missa svona stórt land uppi við Skólavörðu. Hinsvegar hefir hann látið líklega um að láta annað land, sem er jafnstórt því, sem um var talað, og sem bæði honum og stjórn háskólans og menntmn. hefir fundizt vera betur fallið fyrir þarfir háskólans. Ég hefi þess vegna álitið, að það væri málinu fyrir beztu að orða þetta eins og n. gerir, og reyna til lengstra laga að fá gott samkomulag um nýja lóð, og þó að einhverju væri tapað við þessa færslu, væri þó líka mikið unnið, því satt að segja er það ákaflega skemmtileg tilhugsun, ef háskólinn og skyldar menntastofnanir gætu fengið 30 dagsláttur á móti sól, rétt í jaðri bæjarins.

Ég held því, að málið horfi vel við, þar sem fara saman óskir stjórnar háskólans og góður vilji bæjarstjórnar Reykjavíkur, og talsvert miklar líkur eru fyrir góðu samkomulagi hér á Alþingi.

Það getur vel verið, að sú gagnrýni hv. 3. landsk. sé rétt, að hefði átt að heimila beina fjárveitingu í þessu frv. En mér fannst réttara að tryggja heppilega lóð og slá því föstu, að verkið yrði framkvæmt á næstu árum. Ég held, að það megi ekki dragast fram yfir 1940 að koma upp viðunandi háskólabyggingu, enda sýnir reynslan, að stórbyggingar verða ódýrari, ef þær eru byggðar á löngum tíma. Og um svona stórmál er óhugsandi, að undirbúningi þess verði lokið á styttri tíma en þremur til fjórum árum.

Ég hefi svo ekki meira um þetta að segja, en álít, að þessu máli muni verða haldið áfram hægt og hægt. Ef ekki tekst að fá það samþ. á þessu þingi, þá mun ekki við það verða skilið, fyrr en það nær samþykki. Ég tel, að góðar undirtektir hjá bæjarstjórn Reykjavíkur muni vera veruleg stoð í málinu.

Ég tel það heppilegast að fara ekki

mjög geyst um fjárframlög, heldur tryggja undirbúning sem bezt, en hinsvegar að vinir háskólans sjái, að hann eigi að fá sína byggingu, eftir því sem fjárhagskraftar þjóðfélagsins leyfa.

Ég vil geta þess, að þótt svo fari, sem líklegast er, að málið dagi uppi, mundi ég vilja, í samráði við valda menn úr háskólanum, halda áfram undirbúningi viðvíkjandi þessu húsmáli.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég vildi aðeins út af ummælum hæstv. dómsmrh. taka það fram, að þar sem hann talaði um bæjarstjórn Reykjavíkur og vinsamlega afstöðu hennar, þá er málið ekki komið lengra en til borgarstjóra og e. t. v. einnar nefndar. Menntmn. áleit ekki ráðlegt að senda það til umsagnar bæjarstjórnarinnar, þar sem svo mjög var áliðið þingtímann. En þess má náttúrlega vænta, að vilji bæjarstj. standi þar á bak við.

En hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir þeim möguleika, að þetta mál yrði tekið til afgreiðslu við þingið á Þingvöllum. Um það verð ég að segja, að ég er ekki ánægður með frv. eins og það er, ef það á að koma til afgreiðslu við svo hátíðlegt tækifæri. Og ég áskil n. rétt við 3. umr. til þess að taka það atriði til athugunar, hvort ekki ætti að breyta þessu frv., ef fyrirhugað er að láta afgreiðslu þess vera svo hátíðlega sem ráðh. jafnvel gerði ráð fyrir.

Mér finnst maður nefnilega varla geta verið þekktur fyrir að samþ. á þúsund ára afmælishátíð þingsins lög, sem seinni þing geta gert að engu með því að synja um fjárveitingu.

ATKVGR.
Brtt. 498,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 498,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 537).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 537).

Á 85. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Embættiskostnaður sóknarpresta og aukaverk.

Á 73. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra (stjfrv., A. 459).

Á 75. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég býst við, að gagnrýna megi það, að þessi frv. kirkjumálan., sem hér liggja fyrir, eru lögð svo seint fram, en til þess liggja aðallega tvær ástæður. Önnur er sú, að í Þórsstrandinu töpuðust ýms gögn nefndarinnar, sem hafði að mestu lokið störfum sínum fyrir þingið, og varð því að búa þau til að nýju. Hin ástæðan er sú, að ég lagðist veikur og lá mánuð af þingtímanum, og sá því fram á það, að ekki myndi þýða að ætla sér að koma frv. fram á þessu þingi, enda eru frv. þess eðlis, að varla er hægt að búast við, að þau nái fram að ganga á einu þingi. Þau fara fram á svo miklar breyt. á núverandi fyrirkomulagi, að ósanngjarnt er að ætlast til þess, að þau verði lögtekin án þess að þjóðin hafi áður fengið tækifæri til að kynna sér og ræða nýmæli þeirra. Af þessum ástæðum þótti mér rétt að leggja frv. fram nú, og þó að þeim verði vísað til n., sem ég tel rétt, er ekki til þess ætlazt, að n. skili áliti að þessu sinni, heldur er til þess litið, að með þessu móti komast frv. inn í Þingtíðindin, og skapast þannig grundvöllur fyrir,

að þau verði rædd og um þau skrifað fyrir næsta þing.

Mér þykir rétt að gefa heildaryfirlit yfir efni þessara frv. Þau eru fimm að tölu, eins og dagskráin ber með sér, og fjalla um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, bókasöfn prestakalla, kirkjugarða, kirkjur, og veiting prestakalla. Eru þau fyrst og fremst að því leyti til nýjung, að með þeim fær prestastéttin loks eftir 25 ár að koma fram með álit sitt á löggjafarhlið kirkjumálanna. Á þessu tímabili hefir engin nefnd verið skipuð, né heldur því skipulagi komið á, sem gerði prestastéttinni kleift að undirbúa slík mál að sínu leyti. Hefir þó margt breytzt hér á landi á þessum síðustu 25 árum. Fólkinu fækkað í sumum byggðum landsins, en fjölgað í öðrum. Yfirleitt má segja það, að Ísland sé nú annað land en það var fyrir aldarfjórðungi síðan. En fyrirkomulag kirkjunnar hefir staðið í stað, og prestarnir hafa nú lítið meiri laun en þeir höfðu fyrir aldarfjórðungi, þannig að þeir eru nú lægst launaða stéttin af háskólagengnum embættismönnum, og kjör þeirra versna hlutfallslega með ári hverju. Ég drep á þetta, þó að í þessum frv. felist engar launatill. og prestastéttinni hafi með þeim aðeins gefizt tækifæri til að segja þjóðinni, hvað hún álíti, að hana mest vanhagi um í hinu ytra formi í starfi hennar.

Það af þessum frv., sem hér liggur beint fyrir nú, fjallar um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra. Býst ég við því, að það muni ef til vill mæta talsverðri gagnrýni, þegar til alvörunnar kemur. þar sem hér væri um að ræða beina launahækkun fyrir prestastéttina, enda skilur kirkjumálanefndin það svo, sem þetta sé nokkurskonar launabót. Ég álít, að undir vissum kringumstæðum sé sanngirni í þessu, þó að vel megi vera, að menn vilji heldur hækka laun prestanna beint en fara þessa leið.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en legg til, að frv. verði vísað til allshn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Bókasöfn prestakalla.

Á 73. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um bókasöfn prestakalla (stjfrv., A. 460).

Á 75. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Kirkjumálanefndin hugsar sér, að komið verði upp föstum bókasöfnum á prestssetrum, sem fylgi þeim og séu eign þeirra og fylgi embættunum. Þegar til þess er litið, að nú er verið að byggja upp prestssetrin í varanlegum steinhúsum, er vel hugsanlegt, að geyma megi á prestssetrunum bækur um lengri tíma án þess að þær skemmist. Hinsvegar eiga prestarnir við svo vond launakjör að búa, að erfitt er fyrir þá, ef ekki ókleift, að koma sér upp bókasöfnum og halda þeim við af eigin rammleik. Ég skal ekkert um það segja að svo stöddu, að hve miklu leyti bókasöfn eru heppileg undir þessu formi, en það er hægt að hugsa sér, að þessi hugmynd kæmi til framkvæmda í sambandi við skipulagningu á almennum bókasöfnum í sveitum og kaupstöðum.

Fleiri orð sé ég ekki ástæðu til að láta fylgja þessu frv., en get vísað til þess, sem ég sagði í sambandi við það frv., sem var næst á dagskrá á undan þessu og fjallaði um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra (þskj. 459). Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til menntmn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Kirkjugarðar.

Á 73. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjugarða (stjfrv., A. 461).

Á 75. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég geri ráð fyrir, að ef þetta frv. hefði komið fram fyrr á þinginu, hefðu verið töluverðir möguleikar fyrir því, að það hefði getað gengið fram nú. Það hljóðar um viðhald og meðferð kirkjugarða, líkhúsa, heimagrafreita og margt fleira, er að þessu lýtur. Þetta er efni, sem ég býst við, að gætu ekki orðið miklar deilur um. En satt að segja hafa kirkjugarðar okkar, sérstaklega í Reykjavík og stærri kaupstöðum, verið í töluverðri vanrækslu, þannig að ekki er með öllu vansalaust, hvernig meðferð þeirra hefir verið.

Ég vil leggja til, að þessu frv. verði vísað til allshn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Kirkjur.

Á 73. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjur (stjfrv., A. 462).

Á 75. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. um kirkjur er hliðstætt því síðasta, um kirkjugarða.

Það er mála sannast, að kirkjur okkar hafa víða ekki verið meðfarnar sem skyldi, né byggðar sem skyldi. Fyrir fáum árum var gerð lítilsháttar tilraun hér á Alþingi til þess að nýjar kirkjur, sem yrðu byggðar, væru reistar í smekklegum stíl. Með lögum er lagt undir menntamálaráðið að úrskurða, hvort kirkjuteikningar séu sæmilegar.

Þetta frv. er í svipuðum anda. Ég vil t. d. nefna tvo hluti af mjög mörgum, sem gert er ráð fyrir í frv. Það er gert að skyldu að hita upp kirkjur, en eins og allir vita, hafa um langa stund margar kirkjur verið óupphitaðar, þannig að messur að vetri til geta verið beinlínis heilsuspillandi.

Í öðru lagi er það, sem allir, er ferðazt hafa um hér á landi, hafa tekið eftir með nokkrum sársauka, að kirkjur hafa verið notaðar sem geymsluhús. Ég kom fyrir ári síðan í kirkju á merku höfuðbóli, þar sem þvottur var breiddur á alla stóla og loftið notað til geymslu. Þetta er bannað í frv., og þykist ég vita, að það þyki vera til bóta.

Ég hygg, að þessu frv. ætti líka að umr. lokinni að vísa til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Veiting prestakalla.

Á 73. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting prestakalla (stjfrv., A. 463).

Á 75. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hygg, að af þeim fimm frv. kirkjumálanefndarinnar, sem hér liggja fyrir, séu í þessu frv. fólgnar till., sem líklegastar muni til þess að valda verulegum deilum og umr. úti um land. Í því er sem sé farið fram á nokkra breyt. á því, hvernig prestar fái veitingu fyrir sínum embættum. Það, sem

hefir vakað fyrir kirkjumálanefndinni, er, að kosningar presta verði ekki með alveg jafnmikilli líkingu við þingmannskosningar eða borgarstjórakosningar eins og verið hefir. Kirkjumálanefndin álítur, eins og margir aðrir, að það geti verið óheppilegt fyrir prestana og söfnuðina, að presturinn komi inn í prestakallið eftir harðar deilur um það, hvort hann eigi að koma eða ekki, þar sem stór minni hl. af söfnuðinum hefir e. t. v. tekið ástfóstri við annan prest, en beðið ósigur og er því oft í baráttuhug.

Nú hefir kirkjumálan. lagt til, að í stað þessara almennu kosninga kæmi einskonar ráðning á prestinum, þannig að trúnaðarmenn safnaðarins semdu við prestinn; og í þessu er nýmælið fólgið.

Þó að ég viðurkenni, að það sé rétt, sem kirkjumálan. bendir á um galla á prestskosningunum, þá býst ég við, að mikill hl. þjóðarinnar vilji ekki missa það frelsi, sem hún hefir haft. Þess vegna er þetta eitt af þeim málum, sem er heppilegast, að verði rætt og ritað um, því að það má vera, að þetta sé ekki sú rétta lausn, en að umr. geti leitt til þess, að önnur lausn finnist heppilegri en hér er stungið upp á.

Legg ég svo til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Samskólar Reykjavíkur.

Á 3. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um samskóla Reykjavíkur (þmfrv., A. 24).

Á 6. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég ætla ekki að halda langa inngangsræðu fyrir þessu máli, enda gerist þess ekki þörf. Það er borið fram í svipuðu formi og á þinginu 1927, eða eins og þessi hv. deild hafði gengið frá því áður en það sofnaði í hv. Ed. Við flm. höfum að þessu sinni látið prenta upp að mestu leyti þá grg., sem þáverandi ríkisstj. lét fylgja frv. 1927. Auk þess vil ég leyfa mér að benda á hið rækilega nál., sem minni hl. menntmn. þessarar hv. d. lét fylgja afgreiðslu frv. 1927, og skrifað er af núverandi fræðslumálastjóra, hv. þm. V.-Ísf. Er þar safnað saman því, er mestu máli skiptir, og sýnt með rökum, að samskólar séu ódýrari í rekstri, enda er álit fræðslumálastjóra, að ríkið eigi að setja á stofn slíka skóla, þar sem svo hagar til, að því verði við komið. Við þessi gögn, sem ég hefi nú nefnt, þarf ég ekki miklu að bæta.

Allir hv. þdm. kannast við, að auka þurfi unglingafræðsluna í landinu, og þessi hv. deild samþ. 1927, að þörf væri á að auka slíka fræðslu hér í bæ. Að vísu skal það játað, að margt vantar enn, sem bæta þarf, en þó er aukin unglingafræðsla mest aðkallandi, og ekki sízt í þessum bæ. Hér er meira en ¼ af allri höfðatölu þjóðarinnar, og auk þess kannske, ýmsra ástæðna vegna, enn brýnni þörf á slíkri fræðslu í þéttbýli. Í fjölmennum kaupstöðum er aðstaðan líka betri um að sækja skólann og full þörf á að hafa hönd í bagga með því, hvernig unglingarnir verja vetrinum á þessum árum.

Hér var áður að nafninu til gagnfræðaskóli, eða gagnfræðadeild Menntaskólans, sem öllum stóð opin, þó að menn hafi ef til vill ekki áttað sig á því til fulls og álitið skólann eingöngu til þess að útskrifa stúdenta. En fyrir tveim árum var þessi gagnfræðadeild svo að segja lögð niður, þegar kennslumálastj. fyrirskipaði að takmarka tölu þeirra unglinga, sem inntöku fá í Menntaskólann árlega, og miða hana við þá þörf, eða hæfilega stúdentatölu á ári til viðhalds embættismannastéttinni. En þegar þessi ráðstöfun kennslumálastj. varð heyrum kunn og að einir 25 unglingar áttu að fá inntöku í Menntaskólann á ári, þá upplukust líka augu almennings fyrir því, að mjög væri þrengt að unglingum þessa bæjar um að afla sér aukinnar fræðslu. Þess var heldur ekki langt að bíða, að ofurlítið var gert

til þess að bæta unglingafræðsluna. Á þinginu í hitteðfyrra voru sett lög um unglingaskóla Reykjavíkur, og hefir hann starfað í tvo vetur. En eins og kunnugt er, vantar þann skóla húsnæði, enda er langt frá því, að þessi skóli bæti að fullu úr þörfinni.

Þá hafa einstakir menn ráðizt í að koma á fót gagnfræðaskóla Reykjavíkur, en um hann er sama að segja og hinn, að húsnæðisskortur stendur honum fyrir þrifum. En stofnun beggja þessara skóla hefir sýnt, að mikil þörf er á aukinni unglingafræðslu. Báðir skólarnir eru yfirfylltir og bekkirnir margskiptir.

Við, sem flutt höfum málið að þessu sinni inn í þingið, höfum ekki talað við þá aðila, sem frv. nefnir og gert er ráð fyrir, að standi að byggingu samskólans; en þessir aðilar eru: bæjarstjórn Reykjavíkur, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík og Verzlunarráð Íslands. Við gerum ráð fyrir, að vilji þessara aðila um að koma stofnun þessari upp sé óbreyttur frá 1927. Og um bæjarstj. má geta þess, að hún skoraði eindregið á Alþingi 1928 að hrinda málinu áfram þá, svo að sennilegt er, að hún sé því fylgjandi enn, en það varðar mestu um framkvæmdirnar. Um hina aðilana tvo skiptir minna máli, þó að ég hinsvegar þori að fullyrða, að þeir muni ekki láta á sér standa, þegar til framkvæmdanna kemur.

Annars má vel vera, að um fleiri skóla geti verið að ræða, sem taka ætti með, og mætti þar til nefna kvennaskólann hér í Reykjavík. Hann virðist geta komizt undir þennan hatt engu síður en þeir skólar, sem nefndir eru í frv. En við höfum flutt frv. óbreytt, eins og ég hefi áður sagt, og má þá víkja því við í meðferð þingsins, ef mönnum sýnist svo.

Eins og kunnugt er, starfa hér í bænum tveir verzlunarskólar, og á þinginu 1927 varð vart allmikillar óánægju yfir því, að báðir skólarnir skyldu ekki teknir með í frv., og svo er enn, að annar skólinn er aðeins tekinn með. En vitanlega má breyta þessu, ef samkomulag fæst um annaðhvort að steypa skólunum saman eða taka þá báða upp í frv.

Það, sem aðallega kemur til greina í meðferð þingsins á þessu máli, er kostnaðarhliðin. Enda er ekki hægt að neita því, að hér verður um fjarska mikinn kostnað að ræða, að koma slíkum skólum á fót. Það verður að reisa mikil húsabákn og margt fleira að gera, sem feikna kostnað hefir í för með sér. En á það verður að líta, að það er ekki hægt fyrir ríkið að hólka því fram af sér til lengdar að reisa þennan skóla. Það er hægt að fresta því um nokkur ár, en það verður að gerast fyrr en síðar. Bærinn heldur vonandi áfram að breiðast út og fólkinu fjölgar, en jafnframt verður erfiðara og erfiðara að leysa málið og kostnaðurinn meiri og meiri, eftir því sem framkvæmdirnar dragast lengur.

Þegar um kostnaðarhliðina er að ræða, ber einnig að líta á það, að ríkið hefir þörf á að byggja yfir suma þá skóla, er það kostar að öllu leyti, t. d. eins og vélstjóraskólann og fleiri skóla, og hlýtur þá að vera hagnaður að vera í sambyggingu með bænum. Eins er um rekstrarkostnaðinn að ræða, að þar léttir bærinn einnig undir með ríkinu.

Ég ætla ekki að þreyta hv. deild með lengri ræðu. Það er alveg víst, að þörfin er brýn að koma unglingafræðslu bæjarins í betra og fullkomnara horf. Þess vegna veit ég, að hv. deild muni láta málið sæta þinglegri meðferð, lofi því að ganga til 2. umr. og hv. menntmn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Því fremur vildi ég nota tækifærið nú að segja nokkur orð um þetta mál við 1. umr., að í hv. Ed. er rétt ókomið frv. um skipun unglingafræðslunnar í landinu, sem ég vænti, að hv. þdm. kynni sér vel og rækilega til samanburðar því frv., er hér liggur fyrir til umr.

Þegar frv. þetta um samskóla Reykjavíkur var borið fram 1927, þá var enn brýnni þörf að bæta úr því ástandi, sem þá var, heldur en nú. Að vísu skal það játað, að sumir sérskólarnir hafa enn við slæm húsakynni að búa og full þörf á betri og fullkomnari byggingum. En frv. var þá, því miður vil ég segja, ekki nógu vel undirbúið, og svo er enn. Hugmyndina um þennan samskóla hafði einn skólamaður okkar fengið við að sjá í iðnaðarbæ einum í Þýzkalandi þetta skólafyrirkomulag, en vitanlega er um allt önnur skilyrði að ræða í slíku iðnaðar-

landi eins og Þýzkaland er heldur en í okkar fámenni. Frv. þetta, eða samskólahugmyndin, er því innflutt, en hefir ekki vaxið upp og þroskazt í íslenzkum jarðvegi, eins og ég mun koma að síðar í ræðu minni.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkið byggi og reki skóla, sem geti tekið á móti mörgum hundruðum nemenda. Hér fermast á ári um 400 börn, svo að ef ákveðin yrði skólaskylda, þá yrði það geysimikill fjöldi, ef allir ættu að stunda framhaldsnám í 2 eða 3 ár. Inn í þetta skólabákn eru teknir sérskólar svo sem iðnskólinn, verzlunarskólinn og vélstjóraskólinn, eins og hv. flm. hélt fram. En það sýnir, hvílíkt handahófsverk þessi frumvarpssmíði er, að teknir eru með tveir einkaskólar, en einum ríkisskóla, eins og t. d. stýrimannaskólanum, er með öllu sleppt. Það er einmitt þetta, sem sýnir öllu betur, að þessi samskólahugmynd er innflutt, en ekki af íslenzkum rótum runnin. Í iðnaðarlandi, eins og Þýzkaland er, veltur á mestu að fá sem bezt menntaða iðnaðar- og verzlunarstétt. Því er ekki nema eðlilegt, að Þjóðverjar beiti sér fyrir stofnun slíkra skóla. En hjá okkur er iðnaður allur í smáum stil, og að því leyti er til verzlunarstéttarinnar kemur, þá er aðalstarf hennar að dreifa út aðfluttum vörum innanlands, enn sem komið er, því að salan á saltfiski er enn að mestu í höndum útlendinga.

Aftur á móti vil ég alls ekki neita því, að verzlunarskólinn hafi við slæm húsakynni að búa og margskonar sleifarlag á rekstri hans, en þó að svo sé, er engin ástæða til að rjúka nú upp og gera hann að ríkisskóla. Enda vil ég leyfa mér að skjóta því til hv. flm., sem er einn í flokki þeirra manna, sem halda þessum skóla uppi, að það er alls ekki vansalaust fyrir hann eða hans flokk að hafa skólann jafnilla útbúinn eins og raun ber vitni. En þeir eiga að sýna þann manndóm sjálfir og metnað að bæta úr þessu. Þeir eru það efnum búnir margir hverjir, að þeir geta þetta, ef viljann skortir ekki, og þeir eiga að gera það; hitt er frekja, að ætla að hlaupa frá réttmætum skyldum og varpa öllu upp á ríkissjóð.

Þetta, sem ég hefi nú nefnt, er höfuðgalli á hugsun þeirri, er felst í frv., að leggja aðaláherzluna á þessi tvö atriði: vélfræði og verzlunarmenntun, því hvorugt á hér við í jafnstórum stíl og frv. gerir ráð fyrir. Því að hvað gerir hávaðinn af þessum 400 börnum, sem fermast hér á ári? Verða þau verzlunarmenn, smiðir eða vélstjórar? Nei, langmestur hluti þessara unglinga verða sjómenn og verkamenn eða verkamannakonur. Nám þessara unglinga þyrfti því að sníðast við það starf, sem síðar bíður þeirra í lífinu. Hér er mest þörf á góðu skólaeldhúsi og á námi, sem fræðir um aðalatvinnugreinir þjóðarinnar. Hinsvegar neita ég því ekki, að þörf sé bæði á smiðum og vélstjórum, en allt er það takmarkað. Misskilningur Jóns Ófeigssonar er í því fólginn, að hann tekur upp í frv. sitt hugmynd, sem hann hefir eignazt erlendis á snöggu ferðalagi og orðið hrifinn af, en hvorki litið á þarfir Íslendinga eða neitt til þess gert að bræða hana saman við ástandið eins og það er hér.

Þá er annað atriðið, kostnaðarhlið málsins, og verður því ekki neitað, að eftir frv. er sá kostnaður mjög mikill, sem ætlazt er til, að ríkið leggi á sig. Í fyrsta lagi er ríkinu gert að skyldu að reisa húsið með öllu tilheyrandi að mestu leyti, því að það, sem hinir aðilarnir eiga að leggja fram, er alveg hverfandi. Og í öðru lagi mun rekstrarkostnaðurinn koma að mestu leyti á ríkið, eins og í pottinn er búið með frv.

Ef þessi skóli reynist góður, þá má gera ráð fyrir, að aðsóknin geti vaxið svo, að skólinn telji um 1000 nemendur, og ¾ af rekstrarkostnaðinum verður þá engin smáræðis upphæð fyrir ríkið á ári.

Ég vil sízt mótmæla því, að eitthvað þurfi að gera til þess að auka unglingafræðsluna og bæta. En verði frv. þetta að lögum í því formi, sem það er fram borið, þá verður afleiðingin sú, að hinir kaupstaðirnir víðsvegar um land eiga hlutfallslega sama rétt til hjálpar ríkisins, hver út af fyrir sig. Með þessu vil ég þó ekki segja, að þetta geti ekki verið skynsamlegt, en eins og frá frv. er gengið, verður þetta of dýrt, og þess vegna vil ég, að þingið athugi það vel og gaum-

gæfilega. Ég sé ekki eftir fénu, ef svo er um hnútana búið, að því sé varið til góðra og gagnlegra hluta. En stefna frv. er skökk. Bærinn á að sjálfsögðu að leggja meira fram en frv. ætlast til, einkum þó að því leyti, er við kemur rekstrarkostnaðinum.

Annars vil ég undirstrika, að það er hægt að sanna, að þeir menn, sem hafa undirbúið málið, þeir hafa ekki hirt um að afla þeirra gagna, sem skyldi. Mál þetta var og er enn mjög illa undirbúið.

En eins og menn muna, hefir vaxið upp samhliða þessu máli annað fyrirkomulag, sem var viðurkennt af þinginu 1928. Þá var samþ. frv. um vísi að almennum gagnfræðaskóla fyrir Reykjavík og slegið föstu vissu hlutfalli um fjárframlög bæjarins annarsvegar og ríkisins hinsvegar. Þá voru og á þinginu í fyrra samþ. lög um héraðsskóla og slegið föstu hlutfalli um fjárframlög til þeirra. Og í Ed. í fyrra varð það að samkomulagi með öllum flokkum að reyna að koma fram endurbótum á alþýðufræðslunni hér í bæ og ákveðið, að ríkissjóður skyldi leggja fram 80 krónur á hvern nemanda, en bæjarfélagið 120 krónur. Nú höfum við fræðslumálastjórinn endurskoðað það frv. og samið annað á grundvelli þess, sem lagt verður fyrir Ed. mjög bráðlega. Það fjallar um annað og meira en alþýðufræðsluna í Reykjavík einni saman, sem sé um alþýðufræðsluna í sex helztu kauptúnum landsins. Fjárframlögin viljum við hækka, þannig að ríkissjóður greiði 100 krónur á hvern nemenda, en það bæjarfélag, sem hlut á að máli, 150 krónur. Slíkur gagnfræðaskóli mundi vafalaust verða kvöldskóli að nokkru leyti, fyrir þá, sem eiga erfitt með að sækja skóla á daginn. Og hann mundi verða „samskóli" að því leyti, að a. m. k. í hinum stærri kauptúnum mundi smám saman hlaðast utan á hann ýmisk. viðbætir, í Reykjavík t. d. skólaeldhús, nægilega stórt til þess, að velflestar ungu stúlkurnar í bænum gætu sótt þangað praktiska menntun um allt, er að bústjórn lýtur. Á sama hátt mundi verða bætt við fyrir karlmenn, en fyrst verðum við að láta reynsluna segja til um þörfina og fá að vita, hvað það eiginlega er, sem menn vilja í þessu efni.

Ég get enn bent á ein missmíði í 10. gr. frv., þar sem talað er um launin. Það er gert ráð fyrir, að ungmennaskólastjórinn hafi að byrjunarlaunum 3200 krónur, auk dýrtíðaruppbótar, en hinir skólastjórarnir 4400 krónur. Hvaða réttlæti er í þessu? Stærsti skólinn á að vera lakast settur. Þetta má auðvitað hæglega laga, en það sýnir þó, að ekki er nægilega vel um málið hugsað.

Ég er á þeirri skoðun, að þetta frv. eigi að fara til nefndar, en mér þótti rétt, að hv. þdm. fengju að vita það nú þegar, að annað frv. er á leiðinni í hinni deildinni, sem er miklu víðtækara en þetta frv., og þar sem fyllilega er tekið tillit til gjaldþols ríkissjóðs og öllum kostnaði skipt sanngjarnlega á milli ríkissjóðs og þeirra bæjarfélaga, sem hlut eiga að máli. Það er þegar í öllum kaupstöðum landsins kominn vísir að almennum skóla, sem bæjarfélögin vilja leggja fram fé til. Öðru máli er að gegna um Reykjavík. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir engan áhuga sýnt til að bæta úr skólamálum bæjarins, sér til lítillar sæmdar. Í vetur var t. d. borin fram í bæjarstj. till. um, að heimilað væri fé til skólabyggingar, en hún var felld með 10:5 atkv., ef ég man rétt.

Ásgeir Ásgeirsson: Eins og hæstv. dómsmrh. gat um, verður innan skamms lagt fram frv. í Ed., sem fjallar um ungmennafræðsluna í kaupstöðum landsins, þar á meðal í Reykjavík. Nú er um tvennt að velja í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Annaðhvort verður að taka Reykjavík út úr hinu frv., eða taka unglingafræðsluna úr samskólafrv. En það er auðvelt fyrir þá nefnd, sem fær málið til meðferðar, að ráða fram úr þessum vanda, og skiptir ekki öllu máli, hvort ráðið er tekið.

Þó að nú verði séð fyrir ungmennafræðslu í Reykjavík með þeim hætti, sem lagt verður til í stjfrv., er samt eftir eitt atriði, sem ákvæði hinna almennu unglingafræðslulaga ná ekki til, og það er húsnæðismál nokkurra skyldra skóla hér í Reykjavík. Það er óhjákvæmilegt

að byggja yfir nokkra skóla, sem hér eru reknir, og einkum þess vegna hefir mér alltaf litizt vel á þá hugmynd, að sameina í eina heild sem flesta eða jafnvel alla hærri skóla Reykjavíkur, ekki í eina byggingu, heldur í eina þyrpingu, svo þeir geti notið hver annars um marga hluti. Mér virðist það vera jafnsjálfsagt og að safna öllum skrifstofum ríkisins saman í eina byggingu. En það er örðugra að fá samkomulag í þessum efnum en mörgum öðrum, af því að fyrst og fremst þarf að ákveða, í hvaða hlutfalli kostnaðinum skuli skipt á milli einstakra félaga, bæjarfélags og ríkissjóðs. Þetta á einkum við um verzlunarskólann, ekki sízt af því að samvinnuskólinn er ekki talinn í frv., og ég get trúað því, að bezt væri málinu til framgangs að fella burt úr samsteypunni alla verzlunarfræðslu.

Annar aðalkostur við samskólahugmyndina er sá, að skólarnir geta notið kennslu sömu sérfræðinganna. Sumir skólarnir eru of litlir til þess að sérfræðingar geti við einn slíkan skóla haft nægilega kennslu, en af því leiðir, að sérfróðir menn eru látnir kenna greinar, sem þeir eru oft og tíðum fávísir um og hafa engan áhuga á. Ef skólarnir eru aftur á móti nálægt hver öðrum, eða jafnvel í sömu byggingunni, verður miklu hægara um vik bæði um kennsluna sjálfa og ýms tæki og áhöld, sem skólarnir hefðu sameiginlegan aðgang að.

Stofnkostnaði unglingaskóla í kaupstöðum er þegar ákveðið að skipta á milli ríkis og bæjar í hlutfallinu 2:3. — ⅗ hluta á viðkomandi bæjarsjóður að greiða, en ríkissjóður ⅖ hluta, hvort sem þetta frv. eða Ed.-frv. stj. er lagt til grundvallar. Um rekstrarkostnaðinn eru hinsvegar skiptar skoðanir. Í þessu frv. er ætlazt til, að ríkissjóður beri ¾ hluta af öllum kennaralaunum, en í Ed.-frv. er svo ákveðið, að ríkissjóður greiði vissan kennslustyrk á hvern nemanda. Mér virðist nú gilda einu, hvorri reglunni er fylgt. Venjulegast mun á Norðurlöndum, að kostnaðinum af unglingafræðslu sé skipt til helminga á milli bæjarsjóðs og ríkissjóðs. Og það mun láta nærri, að ¾ hlutar allra kennaralauna verði helmingur alls rekstrarkostnaðarins.

Ég hygg, að aðalástæðan fyrir því, að þessu máli hefir verið þunglega tekið, sé sú, að verzlunarskólinn og iðnskólinn eru teknir inn í frv. Það er auðvitað rétt og sanngjarnt að láta bæjarfélag Reykjavíkur bera hluta af kostnaðinum af sinni eigin iðnfræðslu, en einhvern styrk ætti þó ríkið að leggja fram vegna utanbæjarnemenda. Ég drap á það áðan, hvaða leiðir ég gæti hugsað mér, að farnar yrðu í sambandi við verzlunarskólann, sem sé annaðhvort að hafa hann alls ekki með í frv., eða að öðrum kosti að setja samvinnuskólann fullkomlega jafnfætis honum um styrkveitingu. — Það halda því margir fram, að einn skóli geti fyllilega annað verzlunarfræðslunni í landinu, og það kann rétt að vera. En við þurfum að taka tillit til þess, hvernig rás viðburðanna hefir verið, og hér hefir þróunin verið sú, að eðlilegt er, að verzlunarmenn hafi sinn skóla og samvinnumenn sinn skóla. Það er svo í öllum löndum, þar sem menn skiptast í harðvítuga pólitíska flokka um trúmál, verzlunarmál o. fl., að skólahaldi verður að haga nokkuð eftir því. Ég vil því brýna það fyrir hv. flm. þessa frv., að það er engin sanngirni að amast við því, að samvinnuskólinn fái sömu réttindi og verzlunarskólinn. Ég mun eins og áður fylgja þessu frv., með þeirri breyt., sem ég hefi talað um, sem sé að taka almennu ungmennafræðsluna út úr frv. og láta Ed.-frv. gilda um hana. Og ég er sannfærður um, að hvort sem frv. verður að þessu sinni samþykkt eða fellt, mun svo fara, að ýmsir skólar, sem nú eru því nær húsnæðislausir og sundurlausir, verða á sinni tíð sambyggðir og samstarfandi. Það er næstum eðlisnauðsyn og hlýtur að verða miklu ódýrara og haganlegra en það fyrirkomulag, sem við búum við nú.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég þakka hv. þm. V.-Ísf. fyrir það, hve vel hann tekur í þetta mál nú sem fyrr. Hann hefir alltaf fært manna sterkust rök fyrir því, að samskólafyrirkomulagið verður alltaf það hentugasta. Ég er líka, eins og ég drap á áðan, hv. þm. sammála um, að það er einn Akkillesar-hæll á frv., nefnil. verzlunarskólinn. Ég er ekki viss um, að hann geti beinlínis orðið málinu að fótakefli, en

hitt er alveg rétt hjá hv. þm., að þegar sterk flokkaskipting er með þjóðunum, verða skýr rök að víkja. Þó að segja megi með sanni, að einn góður verzlunarskóli væri fyllilega nægilegur, þá er gangur málanna einu sinni sá, að menn geta ekki sameinazt um þann skóla. Ég mundi því vel geta fallizt á, að verzlunarskólinn væri tekinn út úr frv. Ég hefi einmitt frá byrjun talið það einn aðalkost frv., hvað það er sveigjanlegt. Það má ýmist fella úr því eða auka við það, eftir því sem tíminn leiðir í ljós, að sé æskilegt.

Að flestu leyti get ég líka fallizt á aðalatriðin í ræðu hæstv. ráðh. Mér skildist hann viðurkenna, að það ástand, sem við búum nú við, að ekki sé séð nema að litlu leyti fyrir ungmennafræðslunni í Reykjavík, væri algerlega óviðunandi. En þess ber að gæta, að í þessu efni má ekki láta það sama ganga yfir Reykjavík og aðra kaupstaði landsins. Reykjavík hefir að sumu leyti mikla sérstöðu. Að vísu er sjálfsagt að koma á fastri reglu um hlutfallið á milli framlags úr ríkissjóði og bæjarsjóði. En ég vil benda á tvö atriði. Í fyrsta lagi það, að vegna sérstöðu Reykjavíkur verður skóli í Reykjavík alltaf að nokkru leyti líka skóli fyrir landið. Í öðru lagi verður hér í Reykjavík, vegna mannfjöldans, eðlileg hin fyrirhugaða skólasamsteypa, en hvergi annarsstaðar á landinu. En vitanlega vissum við flm. ekkert um það frv., sem hæstv. ráðh. er að boða, þegar við bárum samskólafrv. fram hér í hv. d., og auðvitað tökum við tillit til frv. hæstv. ráðh.

Eins og flokkaskiptingin gerir eðlilegt að láta röksemdir víkja hér í deildinni, eins getur verið, að flokkaskipting geri það nauðsynlegt að taka aðra aðferð í þessu máli heldur en þá, sem hentugust er, aðeins til þess að gera hæstv. ráðh. til hæfis. En ég tek það fram, þar sem hann talaði um, að þetta samskólafrv. væri innflutt, að það á alls ekki við að segja sem svo. Hvað er það í okkar skólamálum, sem ekki má segja hið sama um? Ég held það sé allt innflutt. Latínuskólinn kom á sínum tíma sem innflutningsvara og hefir samið sig smám saman að landsins þörfum. Barnafræðslan okkar er algerlega innflutt, og það svo greinilega, að hún kom eins og demba ofan á hið gamla og þjóðlega fyrirkomulag og útrýmdi því. Ég læt ósagt, hvort það varð til góðs, en svona er það. Við erum ekki svo stórir, að við höfum hingað til getað haldið okkar fyrirkomulagi, þegar leitað hefir verið sterklega á af útlendu, margreyndu fyrirkomulagi.

Ef við tökum þennan skóla hér, finnst mér minna af innfluttum skoðunum kringum hann en víða koma fram annarsstaðar. Þetta fannst mér hæstv. ráðh. sanna sjálfur í sinni ræðu. Hann kvað það óeðlilegt, að stýrimannaskólinn væri ekki tekinn með. Ef hér væri um innflutta vöru að ræða, væri sjálfsagt að ríkið sameinaði sína skóla þarna. En höfundar frv. segja sem svo: Stýrimannaskólinn á hús, vel nothæft, þó að það sé gamalt nokkuð. Þess vegna taka þeir hann ekki með, bara af þessari alíslenzku ástæðu.

Ef við lítum á þennan skóla í Nürnberg, sem Jón Ófeigsson hefir lýst, þá er hann ólíkur þessari hugmynd um samskóla. En við að skoða þennan skóla sér þessi maður, hve hentugt það er að sameina marga skóla undir einu þaki. Það er svo að segja ekkert í þessu frv., sem maður getur líkt við þetta ógurlega skólabákn í Nürnberg, þar sem hver nemandi getur sett saman handa sér sitt nám, eins og maður á stórum hótelum slæðir handa sér marga ágæta rétti. Svo stórt er þetta skólabákn. Þetta sá Jón Ófeigsson, að ómögulegt var hér. En hann vill taka upp þá góðu hugmynd að sameina marga skóla undir einu þaki. Og eins og hv. þm. V.-Ísf. benti á, þá verður það gert fyrr eða síðar. Það eru svo sterk rök með því, að það hlýtur að verða gert. Það er um það eitt að ræða, hvað mikið verður hringlað í málinu áður.

Þá er valið á skólunum. Í Nürnberg er allt sameinað. Hér er verið að reyna að finna út, hvað eigi helzt að sameina. Iðnskólinn og verzlunarskólinn eru ekki teknir af því, að svo sé gert í Nürnberg. Þar eru allir upphugsanlegir skólar, sem fræða um allt milli himins og jarðar. En hér er um að ræða m. a. skóla, sem tilheyra tveim hinum stærstu atvinnugreinum, sem ríkið hefir ekki ennþá tekið að sér. Hæstv. ráðh. sagði, að það væru miklu fleiri menn, sem annaðhvort yrðu bændur eða sjómenn. En ríkið hefir séð

fyrir skólum handa þeim. En öllum þeim sæg manna, sem fæst við verzlun og iðnað, hefir ríkið ekki sinnt nóg að veita fræðslu. Þessir skólar eru valdir með íslenzkt ástand fyrir augum, þótt hitt sé náttúrlega líka tekið til greina, að þeir starfi báðir í slæmum húsakynnum.

Hæstv. ráðh. kom með það, sem nú er „móðins" að tala um, hvað voðalegt væri húsnæði verzlunarskólans. En þetta eru rétt laglegar stofur, mjög vel settar í stand, dúkar hafa verið settir á gólfin. Húsið er komið í gott ástand. Hitt er annað mál, að húsið er gamall hjallur og ófullkomið í fyrstu.

Iðnskólinn starfar líka í húsnæði, sem ekki er til frambúðar. Hvers vegna eru þeir báðir settir saman? Af því að þeir þurfa báðir að fá húsakynni. Og hvers vegna er ekki lagt til að hafa stýrimannaskólann með? Af því að hann starfar í góðum húsakynnum; þess vegna er ekki þörf á að flytja hann í samsteypuna. Þetta frv. mætir einmitt sérstakri þörf okkar Íslendinga nú sem stendur.

Það er náttúrlega eðlilegt, að mönnum vaxi í augum kostnaðurinn við að reisa þetta hús. Hæstv. ráðh. var að tala um það, hvað geysilegur kostnaður er við að byggja vinnustofur fyrir skólana. En í þeim lögum, sem hann sjálfur kom gegnum þingið 1928 um ungmennafræðslu í Reykjavík, þar er gert ráð fyrir — að ég hygg — ennþá meira húsi en nokkurntíma í því frv., sem hér er farið fram á, vegna þess að þar á að kenna það, sem ekki er gert ráð fyrir í samskólunum. Ég álít það að vísu gott að kenna að steypa múrsteina og hafa skólaeldhús, en það kostar bara svo geypilega mikla peninga.

Hæstv. ráðh. sagði, að kaupstaðirnir kæmu á eftir. Hann er þá ekki hræddur við þetta, fyrst hann ætlar að bera slíkt fram fyrir alla kaupstaði. En það er nú svo, að það er ekki sama þörfin fyrir alla kaupstaði. Maður gæti heldur líkt Reykjavík við heilan landsfjórðung, svo margt fólk er hér saman komið og svo mikil er þörfin orðin.

Ekki þarf ég að fara langt út í orð hæstv. ráðh. um það, hve illa bæjarstjórn Reykjavíkur tekur í að leggja fram til skóla. Það verður reynt þegar á herðir. Bæjarstj. tók þannig í það að leggja að sínum hluta stofnkostnað til þessa skóla, að hún skoraði á þingmenn að flytja frv. á næsta þingi á eftir að það var fellt.

Ég held, að hún skorist engan veginn undan. Hitt er annað mál, að þegar þessu máli er hrundið og brytt á öðru, sem bærinn telur ófullnægjandi, þá getur komið þrái í menn við að leggja fé í það, sem þeir ekki óska eftir, þegar þeim er neitað um það, sem þeir vildu fá. Annars er mér ekki svo kunnugt um þetta, að ég geti neitt sagt um þetta nú.

Þá ætla ég að leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. talaði um smíðagalla á frv., að skólastjóri ungmennaskólans hafi lægst laun. Hann á að hafa ókeypis húsnæði, ljós og hita í húsinu, svo að hans laun eru hæst í raun og veru. Það er ekki svo mjög hætt við, að beinir smíðagallar séu á þessu frv. Bæði er það talsvert undirbúið af Jóni Ófeigssyni og því næst af fyrrv. stj. Síðan hefir það verið athugað í n. vel og vandlega.

Annars hefir aðalatriðið fyrir mér verið ungmennaskólinn. Þar knýr þörfin mest á. En hitt er sjálfsagður hlutur, að nota sér um leið að koma fleiri skólum undir sama þak og nota sömu kennslukrafta, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Hafnargerð á Sauðárkróki.

Á 3. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um hafnargerð á Sauðárkróki (þmfrv., A. 26).

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Á þinginu í fyrra fluttum við þm. Skagf. frv.

shlj. þessu. Það fékk þá ágætar undirtektir í þessari hv. deild, hjá sjútvn., er lagði með því einróma, en dálítill ágreiningur varð um það, hversu mikill hundraðshluti kostnaðar skyldi lagður fram úr ríkissjóði.

Jafnvel þótt þetta mál væri hjá sjútvn. í fyrra, og þótt hún sé nú skipuð sömu mönnum og þá, þykir mér þó rétt að leggja til, að þessu máli verði vísað til sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 26, n. 219 og 236).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég þarf ekki að vera margorður um þetta mál, og get ég að mestu leyti vísað til nál. meiri hl. á þskj. 236. Að vísu hefir afgreiðslu þessa máls borið að með nokkuð fágætum hætti af hálfu hv. minni hl., en út í þá sálma ætla ég ekki að fara, nema sérstakt tilefni gefist.

Meiri hl. lítur svo á, að með þessu frv. og öðrum slíkum sé gengið feti framar en fært sé um framlög ríkissjóðs til hafnarbygginga og ábyrgð hans á lánum hafnarsjóða. Undanfarið hefir ríkissjóður lagt fram ¼—⅖ kostnaðar og tekið ábyrgð á því, sem á skorti og hafnarsjóðirnir áttu að leggja fram sjálfir. Þessar ábyrgðir nema nú orðið ærið hárri upphæð, og fyrir hefir komið, að ríkissjóður hefir orðið að taka að sér greiðslu á lánum hafnarsjóðanna vegna ábyrgðanna, og ætla ég, að ríkissjóður hafi þegar tapað nokkru á aðra millj. á þennan hátt. (**MG:** Hefir þetta komið fyrir nema á einum stað?). Ég þori ekki að segja um, hvort þetta hefir orðið á einum eða tveimur stöðum.

Meiri hl. vill halda sér við þá reglu um framlag ríkissjóðs, sem algengust hefir verið, að ríkissjóður leggi fram ⅓ kostnaðar við hafnargerðir. Hinsvegar ætlast meiri hl. til, að ríkissjóður taki ekki ábyrgð á meiri upphæð en sem svarar framlagi hans, og verði því hafnarsjóður ávallt að leggja fram ⅓ kostnaðar hjálparlaust af hálfu hins opinbera.

Þetta skilyrði viljum við setja til þess, að sýnt sé í upphafi, að hafnarsjóðirnir hafi yfir einhverjum efnum að ráða og geti ekki ófyrirsynju velt yfir á ríkissjóð öllum vanda og kostnaði af óvarlegum áætlunum. Ábyrgðir þessar eru þegar orðnar þungbærar ríkissjóði, og verða vitanlega því viðurhlutameiri sem þær eru fleiri.

Sú till. kom fram hjá meiri hl., að afgreiða þetta mál með því að vísa því til stj. með áskorun um, að hún undirbyggi nýja heildarlöggjöf um hafnargerðir til næsta þings. Meiri hl. álítur nauðsynlegt og sjálfsagt, að slík löggjöf komist á sem fyrst, því að allt handahóf í þessum málum er hættulegt. Jafnframt því að meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 236, vill hann því eindregið hvetja til, að slík heildarlöggjöf verði lögð fyrir næsta þing. Vitanlega væri bezt, að hægt væri að vísa á einhverja innlenda lánsstofnun, sem hafnarsjóðirnir gætu leitað til, því lántökur þeirra erlendis geta hæglega orðið til að spilla fyrir lánstrausti ríkissjóðs, einkum þegar margir nota þær á útlendum peningamarkaði.

Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi og komst þá nokkuð á veg. Meiri hl. lítur svo á, að vegna þess, að á Sauðárkróki sé þörfin fyrir hafnarbætur brýnni en víða annarsstaðar, þá sé eigi rétt að fresta afgreiðslu þess með rökstuddri dagskrá, og hefir því lagt til að fara þann miðlunarveg, sem brtt. á þskj. 236 lúta að.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, lá þetta mál fyrir síðasta þingi. Varð það afgr. til 3. umr., en dagaði þá uppi. Við umr. í fyrra gat hv. flm. (JS) um ýmsar ástæður fyrir því, sem er óþarfi að fara að rifja hér upp nema að litlu leyti. Hann benti á, að héraðsbúar hefðu þegar fyrir 15 árum hafizt handa í þessum efnum af eigin rammleik og hefðu unnið að garði, sem nú væri orðinn 60 metra lang-

ur, en þyrfti að verða 250 metrar og breikka líka. Vitamálastjóri taldi, að á þennan hátt fengist góð höfn og bryggjupláss fyrir skip á 75 metra svæði og fyrir báta á 130 metra svæði. Fylgdi frv. kostnaðaráætlun frá vitamálastjóra.

Skagfirðingar hafa fært rök fyrir þörfinni og hv. 2. þm. Skagf. hefir sýnt fram á, hverjar breyt. eru að verða á atvinnurekstri þar nyrðra. Bátaútvegur er stórum að aukast þrátt fyrir hafnleysið. Nú er það kunnugt, að við Skagafjörð eru einhver ríkustu síldarmið landsins, og mundu menn vafalaust tæplega kjósa fremur aðra síldveiðahöfn, ef höfnin væri bætt. Skagafjörður er eitt af blómlegustu héruðum landsins, og það er einhuga ósk allra héraðsbúa að fá góða höfn á Sauðárkróki.

Þegar þetta mál lá fyrir sjútvn. í fyrra, klofnaði n. um það, eins og nú. Við hv. þm. Vestm. lögðum til þá eins og nú, að frv. væri samþ. óbreytt. En þáverandi minni hl. (SvÓ og SÁÓ) kom fram með till. í málinu, sem voru Skagfirðingum mun hagstæðari en brtt. meiri hl. eru nú, og þó leit hv. deild svo á, að Skagfirðingum væri ekki sýnd nægileg sanngirni á þann hátt, og felldi því till. Þykist ég því mega vona, að sá eindregni meiri hl., sem fylgdi frv. í fyrra, fylgi því einnig nú.

Um brtt. meiri hl. er það að segja, að með þeim er gengið inn á alveg nýja braut. Hingað til hefir ríkissjóður lagt fram ¼—⅖ kostnaðar og ábyrgzt það, sem á vantaði. Nú leggur meiri hl. til ríkissjóðsframlag að ⅓, ríkisábyrgð á ⅓, en héruðin eða viðkomandi hafnarsjóður leggi fram ⅓ hjálparlaust. Það má játa, að ekki sé nein föst regla enn gildandi um þessi efni, en að svo miklu leyti sem fordæmin hafa skapað reglu, þá er hún sú, að ríkissjóður hefir tekið ábyrgð á þeim hluta kostnaðarins, sem hann hefir ekki lagt fram.

Í brtt. meiri hl. er vikið frá þessari reglu á óheppilegan hátt. Stóru kaupstaðirnir, sem þó ættu óneitanlega að eiga hægara með að útvega sér lánsfé en kauptúnin, hafa fengið fulla ríkisábyrgð á því, sem umfram er framlag ríkissjóðs. Með þessu væri því kauptúnunum sýnt óhæfilegt ranglæti.

Í fyrra flutti stj. frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd, þar sem ríkissjóðsframlag átti að nema helmingi kostnaðar. Þingið lækkaði framlagið niður í ⅖, en tók ábyrgð á ⅗. Það er því ekki lítil stefnubreyt., sem orðið hefir hjá hv. stjórn, ef hún skyldi standa á bak við till. meiri hl. í máli þessu. Ég held, að afleiðingin yrði sú, ef héruðin eiga að leggja fram ⅓ kostnaðar hjálparlaust, að hin smærri kauptún gætu alls eigi ráðizt í hafnargerðir.

Við þetta þarf ég litlu að bæta nema því, að mér virðist sem talsverðra missagna gæti í þskj. 236, þar sem svo segir:

„Sá fágæti atburður hefir gerzt í máli þessu, að minni hl. nefndarinnar (ÓTh og JJós) hefir gefið út álit um málið og tvö önnur hafnarlagafrv. (Dalvíkur og Akraness), er fyrir nefndinni hafa legið, áður en upplestur hófst í nefndinni eða nokkur ákvörðun hafði verið tekin af henni um meðferð þeirra".

Þetta verð ég að segja, að eru blátt áfram tilhæfulaus ósannindi. Ég vil biðja hv. ritara n. að lofa mér að sjá fundarbókina, svo ég geti lesið upp úr henni nokkur orð, með leyfi hæstv. forseta. (Sækir bókina). Þar stendur:

„Framkomin till. frá Ásg. Ásg. um að vísa öllum hafnarlagafrv. er fyrir nefndinni liggja til stjórnarinnar .... Tillagan felld með jöfnum atkvæðum .... S. Á. Ó. greiddi ekki atkvæði .... Ólafur Thors og Jóh. Jós. lýstu yfir því, að þeir mundu skila minni hluta áliti".

Það liggur í augum uppi, að þeir tveir nm., sem atkv. greiddu með þessari till., þeir hv. frsm. meiri hl. og hv. þm. V.-Ísf., voru þá þegar búnir að taka afstöðu til málsins. Hv. 4. þm. Reykv. greiddi hinsvegar ekki atkv. En við hv. þm. Vestm. lýstum þá þegar yfir, að við gæfum út sérstakt nál. Svo kemur þrem dögum seinna skriflegt nefndarálit frá form. n., þar sem býsnazt er yfir því, að við hv. þm. Vestm. höfum tekið ákvörðun í málinu, áður en frv. hafi verið lesið upp í viðurvist hans, og virðist vera mjög hneykslaður á því. (SvÓ: Já, á því, að frv. skyldi ekki vera lesið áður). Já, einmitt það. En hvað má þá segja um það framferði hv. form. sjálfs, að vilja vísa málinu til stj. á sama fundinum, og samþykkja till. um það? Ef framkoma okk-

ar hv. þm. Vestm. er glæpsamleg, hvað má þá segja um hann sjálfan?

Ef þetta væri einhver ungur ærzlabelgur, sem ætti hlut að máli, þá væri það kannske skiljanlegt, hve margsaga hv. þm. hefir orðið í máli þessu, en þegar þessi gamli sómamaður fer þannig að, þá má segja, að svo bregðast krosstré sem önnur tré.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég ætla ekki að fara að elta ólar við hv. frsm. minni hl., enda voru ummæli hans að mestu ádeilulaus, nema þau, er hann hafði um ágreining nefndarhlutanna, og þar skaut hann svo langt yfir markið, að hvergi kom nærri.

Ég mun ekki svara útúrsnúningum hv. þm. um bókunina, enda er það aukaatriði í málinu.

Mér finnst í raun og veru það vera mjög eðlileg krafa til þeirra héraða og bæja, sem að hafnarmannvirkjum standa, að þeir fórni einhverju verulegu til hafnarbóta. Það má ekki ætlast til, að ríkissjóður taki að sér allan slíkan vanda og ábyrgð, enda þykist ég vita, að það sé ekki fært að taka slíka ábyrgð í eins stórum mæli og áður hefir verið, og muni draga til þess, að það verði að takmarka slíkar ábyrgðir. Hefir það líka komið fyrir, eins og áður hefir sýnt verið, að þetta hefir verið misnotað. Ég hefi ekkert að athuga við það, sem hv. frsm. minni hl. sagði um þær sérstöku ástæður til þess, að byggja þyrfti höfn á Sauðárkróki; ég álít, að þar sem þessi staður hefir lengi beðið eftir hafnarbótum, þá eigi hann jafnvel að ganga fyrir ýmsum öðrum, sem hafa farið þess á leit að fá styrk í þeim tilgangi, og mér skilst, ef ég man rétt skýrslu þá, sem fylgdi málinu á síðasta þingi, að þetta verk geti komizt í framkvæmd með þeim atbeina ríkissjóðs, sem meiri hl. n. leggur til að veittur verði.

Jón Sigurðsson: Ég get þakkað hv. frsm. meiri hl. n. fyrir það, að hann viðurkennir þó, að það sé líklegast meiri þörf hafnarbóta á Sauðárkróki heldur en víðast annarsstaðar, en því miður getur þakklæti mitt ekki náð öllu lengra. Hv. meiri hl. n. leggur sem sé til að færa þann styrk, sem ríkissjóður á að veita, ekki einasta úr $\frac{2}{5}$ ofan í $\frac{1}{3}$, heldur líka að takmarka þá ábyrgð, sem ríkissjóður á að taka að sér og venjulegt er að sé fyrir hinum hluta kostnaðarins, við aðeins $\frac{1}{3}$. Afleiðingin af þessu hlýtur óhjákvæmilega að verða sú, að þessi hafnarbót getur ekki komizt á, a. m. k. um langt skeið, og þær ástæður, sem til þess liggja, eru fyrst og fremst þær, að íbúar þessa kauptúns eru flest sveitamenn, fátækir menn, sem hafa setzt þarna að. Þeirra hlutverk hefir fyrst og fremst verið það, að koma upp skýli yfir höfuðið á sér, og það er engin von til þess, að kauptún, sem eru að smávaxa upp, hafi ástæður til að mynda sér hafnarsjóði, sem nemi hundruðum þúsunda, og það er heldur ekki þess að vænta, að þau geti af eigin rammleik leitað á erlenda markaði og fengið þar lán, en það má búast við, að þess muni þurfa. Það hefir reynzt svo, að jafnvel stærri bæjarfélög, eins og t. d. Akureyri og jafnvel Reykjavík, sem leitazt hafa fyrir um slíkt, hafa átt fullerfitt í þeim efnum.

Hv. frsm. meiri hl. skaut því inn í, að það væri Skagafjarðarsýsla, sem stæði þarna á bak við. Það er að vísu svo, en ég býst við, að það verði nokkuð erfitt að gera útlendingum skiljanlegt, hvers virði ábyrgð sýslunnar er; það eru aðeins þeir fáu útlendingar, sem eru kunnugir hér heima, sem kunna að meta það, en annars geri ég ráð fyrir, að það hafi ekkert að segja.

Hafnleysið, sem Sauðárkróksbúar hafa við að stríða, gerir það að verkum, að bátaútvegurinn getur ekki þrifizt þar í stórum stíl; bátum hefir fjölgað þar mjög mikið, en það er svo, að bátarnir, einkum hinir stærri, liggja þar undir stóráföllum sökum hafnleysis. Svo er þriðja ástæðan, sem gerir það að verkum, að ekki er auðgert fyrir slík kauptún að koma sér svo fyrir fjárhagslega, að þau geti uppfyllt þau skilyrði, sem hv. meiri hl. n. hefir sett, og það er það, að þar sem kaupstaðir með ágætum höfnum liggja skammt frá, þá er það svo, að þeir, eins og Siglufjörður og Akureyri, sjúga merg og blóð úr kauptúnum við Skagafjörð. Þar, sem góð eru hafnarskilyrði og fleiri möguleikar til ýmsra framkvæmda, verður það svo, að þangað leita duglegustu mennirnir og

hverfa frá hinum lakari stöðum. Það gildir í þessu falli það sama og fyrir ýms fleiri kauptún, en allt þetta samanlagt hjálpast að því að gera það ókleift að uppfylla þau skilyrði, sem hv. meiri hl. hefir hugsað sér að setja, og ég verð að lýsa undrun minni yfir því, að hv. meiri hl. n., sem ætti þó að vera kunnugt um þessa staðreynd, skuli hafa snúizt á þessa sveif.

Það eðlilegasta í þessu máli teldi ég það, að þingið sneri sér að því að styrkja ríflega eina höfn í hverju héraði, þar sem hafnleysi er fyrir, og að mínu áliti er þetta bókstaflega nauðsynlegt. Í fyrsta lagi er það svo, að ef þetta er gert, þá skapast aukin atvinna á Sauðárkróki og öðrum stöðum, þar sem líkt hagar til fyrir bátaútveg og fyrir aukinn smærri atvinnurekstur. Í öðru lagi með því að hjálpa til þess með ríflegum fjárframlögum og ábyrgðum, að hafnir geti komið upp við þessi hafnlausu héruð, er komið í veg fyrir það, að fólkið þyrpist úr þessum kauptúnum og óeðlilega mikið í kaupstaðina. Núna er það svo, að fólksstraumurinn er yfirgnæfandi í 4—5 kaupstaði á landinu. Þangað sækir fólkið, og eðlileg hækkun á verði á lóðum og löndum þessara staða og vaxandi dýrtíð þar verður bein afleiðing þessa aðstreymis fólks á fáa staði. Eins og okkur sveitamönnunum er kunnugt, streymir fólkið úr sveitunum, fer fyrst í kauptúnin og stanzar þar eitthvað í byrjun, en kauptúnið heldur fólkinu aðeins skamma stund, svo streymir það þaðan í kaupstaðina, og með þessu móti tapast fólkið héruðunum að fullu. Það er þó út af fyrir sig, þótt nokkuð af því fólki, sem vex upp í sveitunum, flyttist í kauptúnin í héraðinu, fengi sér þar atvinnu og stæði í sambandi við héraðið með að fá þar atvinnu, og í öðru lagi er það mikilsvert fyrir héraðið að njóta viðskipta alls þessa fólks, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af því, ef það sezt þarna að til fullnustu; við þurfum ekki annað en að benda á Eyjafjörð og Akureyri og bera aðstöðuna jafnframt saman við þá, sem er í Húnavatnssýslu og Skagafirði. Það er svo geysilegur munur á aðstöðu til markaðs o. fl., og dettur þó sjálfsagt varla nokkrum í hug að halda því fram, að Eyjafjörður sé meiri búsældarsveit heldur en Skagafjörður og Húnavatnssýsla. Nei, það er höfnin, sem þar er og á sinn mikla þátt í því, að ástandið er eins og það er.

Mér virðist líka af því, sem hæstv. stj. segir í ástæðunum fyrir frv. til hafnargerðar á Skagaströnd, að það muni eitthvað svipað hafa vakað fyrir henni, og vil ég því, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkuð upp úr nefndri grg. Þar segir m. a.:

„Stjórnin er á þeirri skoðun, að það sé þýðingarmikið mál fyrir aðliggjandi héruð og landið í heild sinni, að góð höfn væri á hentugum stað við Húnaflóa austanverðan, sem nú er hafnlaus. Frá höfn á Skagaströnd mundi verða gott samband við héruðin í Húnavatnssýslu, þar sem nú er orðið mikið af bílfærum vegum. Og sem síldveiðahöfn mundi Skagaströnd sjálfsagt geta haft mikla þýðingu. Útflutningur á kjöti er einnig mikill úr Húnavatnssýslu, og yrði það til mikillar tryggingar fyrir kjötútflutninginn, einkum á frystu kjöti, að fá góða höfn á Skagaströnd".

Þarna er verið að mæla fyrir því, að Húnaflói fái eina góða höfn, og það verð ég að segja, að mér finnst það í alla staði eðlilegt, enda tók þingið svo undir það mál, að það samþ. slíka hafnargerð og ákvað að veita sama fjárframlag til þeirrar hafnargerðar og við þm. Skagf. förum fram á, að veitt sé til hafnargerðar á Sauðárkróki. Eins og mörgum er kunnugt, er hér ekki um neitt nýtt mál að ræða. Ég vil minna á það í sambandi við hafnargerðina á Sauðárkróki, að hæstv. stj. bar fram frv. til l. um hafnargerð á Skagaströnd, en þar var tillag ríkissjóðs ekki ⅖ kostnaðar, heldur helmingur, og það var heldur ekki ætlazt til, að ríkissjóður ábyrgist aðeins ⅓, eins og hv. meiri hl. leggur til, og heldur ekki ætlast hún til, að ríkissjóður ábyrgist ½ kostnaðar. Ríkið átti ekki að ábyrgjast 350 þús. kr., heldur átti viðlagasjóður að lána 350 þús. kr. til hafnargerðarinnar. Þetta eru till. stjórnarinnar í málinu. En þingið vildi ekki ganga svona langt og breytti þessu þannig, að framlagið yrði ⅖ og ábyrgð ríkissjóðs fyrir ⅗, en þetta er nákvæmlega það sama og við förum fram á. Eins og þegar hefir verið tekið fram, tók

Nd. afstöðu til hafnarlaga fyrir Sauðárkrók á síðasta þingi, og það var samþ. með nafnakalli að verða við þessum óskum, með því að fella tillögu, sem fór fram á að hækka það tillag, sem Sauðárkrókur legði fram.

Mér verður þess vegna að spyrja: Hvað veldur þessum veðrabrigðum? Eru einhver þau sérstök skilyrði á Skagaströnd, sem ekki eru annarsstaðar og sem réttlæti það, að þeir eru settir við annað borð heldur en þau héruð, sem ekki er vitanlegt annað um en að þau hafi nákvæmlega sömu aðstöðu? Ég hefi þess vegna leyft mér að gera ofurlítinn samanburð á Skagaströnd og Sauðárkróki. Sá samanburður er í þrem liðum. Mannfjöldi á Skagaströnd mun vera 200 manns, eða tæplega það; það er ekki hægt að fá nákvæmt manntal þar, vegna þess að kauptúnið er ekki sérstakur hreppur. Mannfjöldi á Sauðárkróki var árið 1928 rúmlega 720 manns. Frá Skagaströnd gengu í sumar 10 mótorbátar, en 12 frá Sauðárkróki. Innfluttar vörur á Skagaströnd voru árið 1929 samtals fyrir 166 þús. kr., en á Sauðárkróki tæplega 900 þús. Og þótt við gerum ráð fyrir því, að höfn verði byggð á Skagaströnd og að þangað flytjist nær því helmingur af þeirri verzlun, sem nú er á Blönduósi, myndi umsetningin samt ekki verða meira en rúmlega ½ millj. kr. Af þessum samanburði og umr., sem urðu um Skagastrandarhöfnina, hlýtur öllum að verða það ljóst, að þar eru engar ástæður fyrir hendi, er réttlæti, að Skagaströnd sé tekin út úr, eins og nú á að gera, og að Sauðárkrókur á ekki síður rétt á að njóta þessa styrks eða stuðnings heldur en Skagaströnd.

Sú ástæða, sem sérstaklega var hampað í umr. í fyrra um Skagaströnd, var það, að Húnavatnssýsla væri hafnlaus og þess vegna nauðsynlegt fyrir hana að fá örugga höfn. Þessu skal ég manna sízt mæla á móti, en úr því að hér er viðurkennd þörf og réttur til hafnarbóta af þessum ástæðum, verður að viðurkenna, að Skagafjörður hafi sama rétt og kröfu á sama stuðningi og Skagaströnd.

Hv. frsm. meiri hl. sagði í sinni ræðu, að handahóf hefði ráðið í þessum efnum, sem þó væri hættulegt, o. fl. þess háttar. Ég sé ekki ástæðu til að fara að taka þykkjuna upp fyrir hæstv. stj., en mér finnst það meira en hlálegt af þessum hv. stjórnarstuðningsmanni að fara að tala um handahóf á frv., sem stj. hefir undirbúið og borið fram og gengið hefir í gegnum báðar þingdeildir og verið samþ. af honum. En það furðulega er, að nú fyrst kemur þessi hv. þm. auga á handahófið. Það er nú svo, að þetta er nálega einasta frv., sem flutt hefir verið um hafnargerð fyrir kauptún, og ég verð þess vegna að líta svo á, að þar sem þetta mál var það einasta af þeim, sem undirbúið hefir verið af stj., sé nokkuð langt gengið að kalla það handahóf, en okkar frv. er nákvæmlega sniðið eftir frv. um hafnargerð á Skagaströnd, þar sem ekki voru sérstakir staðhættir, sem gerðu afbrigði nauðsynleg. Ég vænti nú þess vegna, að þegar menn hafa athugað þetta mál og borið saman þær ástæður og þörf, sem færðar voru með frv. því, sem þingið samþ. í fyrra, og því, sem hér liggur fyrir, þá verði menn að viðurkenna, að það sé í alla staði réttmætt að samþ. þetta frv. og að það eigi fram að ganga.

Að endingu vil ég minna hv. þdm. á það, að hér er ekki einasta að ræða um það að skapa kauptúninu betri aðstöðu og aukin þægindi, heldur er líka um það að ræða að auka að miklum mun lífvænlega atvinnuvegi, sem margir hinna fátækari manna geta notfært sér, svo að þeir geti orðið sjálfstæðir atvinnurekendur. Í öðru lagi er það, að hafnargerð fyrir jafnstórt hérað og þarna er um að ræða hefir stórmikla þýðingu fyrir landbúnað héraðsins. Þetta er ekkert kauptúnamál; það er alveg jöfnum höndum stórmikið hagsmunamál fyrir bændur þessa héraðs, sem þarna eiga hlut að máli.

Hannes Jónsson:* Hv. 2. þm. Skagf. talaði allmikið fyrir hafnargerð á Sauðárkróki og færði því mannvirki allmikið til gildis; er í sjálfu sér ekkert undarlegt við það, þótt einhver framför ætti sér stað við slíkar framkvæmdir, og yfirleitt væru framkvæmdir einkennilegar, ef engin breytt aðstaða fengist við það. En það, sem verður að leggja alveg sérstaka áherzlu á, er einmitt það, hvað ríkið get-

ur lagt fram og hvað eðlilegast er, að það geri.

Ég skal ekki að svo komnu ræða aðstöðu hv. þm. gagnvart því atriði, að það sé óeðlilegt, að ríkissjóður neiti um ábyrgð á þeim hluta kostnaðar, sem héraðið á að leggja fram til þessa mannvirkis. En dálítið einkennileg finnst mér aðstaða hv. þm. í fjvn., því að hann hefir skrifað undir nál. fjvn., þar sem tekin er ákvörðun um styrk til lendingarbóta á einum sjö stöðum. N. kemst að þeirri niðurstöðu, að þessar lendingarbætur séu mjög nauðsynlegar og aðkallandi. Hv. n. hefir samt ekki séð sér fært að veita nema ⅓ í næstu fjárlögum til þessara mannvirkja, af því sem hún ræður til að ríkið leggi fram til þeirra. Í fjárlagafrv. fyrir 1931 er því áætlaður ⅙ hluti kostnaðar. Hefir n. komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinsvegar leggur nefndin eindregið á móti því, að ríkið taki á sig nokkrar ábyrgðir fyrir þeim hluta kostnaðar við mannvirki þessi, sem héruðunum ber að leggja fram".

Nú veit ég satt að segja ekki, hvorum endanum á hv. þm. ég á að trúa, þeim, sem veit að styrkveitingunni til þessara mjög svo nauðsynlegu mannvirkja, eða hinum, sem veit að fjárveitingunni og ábyrgðinni fyrir kostnaðinum við hafnargerðina á Sauðárkróki. — Ef þessi stefna væri tekin upp í þinginu, er augljóst, hvað það mundi hafa í för með sér. Það mundi hafa það í för með sér, að þar sem þarf að fá slíkar lendingarbætur, eins og þær sjö, sem áður voru nefndar, mundi verða snúið að því að biðja um hafnargerðir. Ég veit, að það er ósköp auðvelt að útvega áætlun um hafnargerð eins og á Sauðárkróki og hafa sömu aðferð og hv. flm. þessa máls ætla að hafa og eins og var höfð um afgreiðslu hafnargerðarinnar á Skagaströnd, en það er að byrja að byggja einhvern lítinn hluta verksins, sem gæti verið eins og lendingarbót.

Nú er í ráði að byrja á höfninni á Skagaströnd, en í raun og veru er það ekki nema lendingarbót, sem fjvn. hefir tekið svona aðstöðu til. Nú liggja fyrir þinginu þrjú hafnafrv. Kostnaðurinn við þær er áætlaður um 2200000 kr. Ég býst við, að það orki nokkuð tvímælis, hvort sé réttara að leggja á 3. millj. í einar þrjár hafnir eða verja því til lengingarbóta víðsvegar um land. Það er áreiðanlegt, að fyrir það fé mætti gera lendingarbætur víðsvegar með ströndum fram, svo að vel mætti við una. Þó að nú sé gert mikið fyrir samgöngumálin til sjávar, þá er ómögulegt, að hvert hérað geti fengið sína höfn. Það verður að komast af á ódýrari hátt.

Ég hefi ekki heyrt þess getið, að Sauðárkrókur sé neitt útundan eða illa settur með afgreiðslu skipa. Margir kaupstaðir eru miklu verr settir, t. d. Húsavík. Ef Sauðárkrókur fær nú höfn, er ekki nema eðlilegt, að aðrir kaupstaðir, sem eru verr settir, vilji fá höfn líka, en þá fæ ég ekki séð, hvernig ríkið ætti að geta staðið straum af slíkum kostnaði. Ég hefi heyrt því fleygt, að hv. 2. þm. G.-K. hafi fast í hyggju að koma upp höfn hér einhversstaðar suður með sjó. (**ÓTh:** Fyrir mitt fé?). Nei, ætli hv. þm. ætli sér ekki að fá fé til þess úr ríkissjóði? Og ekki yrði það ódýrasta höfnin. (**ÓTh:** Því er alltaf verið að skrökva upp á mig hér í þessari hv. deild?). — Það er því áreiðanlegt, að þegar hafnarmálunum er komið svona, er bezt, að þingið afgreiði þau með því að vísa þeim til hæstv. stj., svo að hún geti athugað, hvaða stefnu ríkið á að taka. (**PO:** Stj. hefir lýst yfir sinni stefnu). Hún hefir ekki gert það nema aðeins hvað viðvíkur höfninni á Skagaströnd. Það er búið að setja það í lögin, að gera skuli höfn á þessum stað, af því þess þarf nauðsynlega með. (**PO:** Já, þetta er afstaða stj. — **JÓl:** Það er bara af pólitískum ástæðum). En ég vil ekki láta byggja höfn við hverja hundaþúfu á landinu. (**MG og JS:** Er þá Skagafjörður hundaþúfa? — **Forseti:** Ekki samtal). Jafnvel þó að það væri vilji stj., þá ætti þingið að vera á móti því, hvaða stj. sem það væri, ef þingið áliti það ekki hyggilegt og illt að framkvæma það.

Ég sé ekki, að hv. 2. þm. Skagf. hafi skrifað undir nál. fjvn. með fyrirvara, og þykir mér því einkennileg afstaða hans, að hann skuli ekki vilja ganga í ábyrgð fyrir bráðnauðsynlegar hafnarbætur, en vilja óður og uppvægur, að gengið sé í ábyrgð fyrir fjárframlög til hafnar-

bóta, sem héraðsbúar geta risið undir sjálfir, en gæti verið, að ríkissjóður yrði að borga að mestu leyti, ef hann gengi í þessa ábyrgð.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en aðeins geta þess, að mér virðist stefna til vandræða, ef oft koma svona frv. fyrir þingið. Ef þetta frv. yrði samþ. hér og kæmist í framkvæmd, þá væri ekki þar með búið, heldur væru miklar líkur til þess, að þá kæmu mörg önnur svipuð frv., sem ættu alveg sama rétt á sér og þetta, sem hér liggur fyrir nú.

Magnús Guðmundsson: Ég hefði varla haft ástæðu til að standa upp nú, ef hv. þm. V.-Húnv. hefði ekki komið með andmæli. Það hefði mátt ganga út frá því, að mál, sem samþ. var á þingi í fyrra, yrði samþ. nú líka í sömu deild; þar sem engin mannaskipti hafa orðið. Það hefði því mátt ætla, að þetta frv. yrði afgr. frá deildinni nú, eftir þeim viðtökum að dæma, sem það fékk hér í fyrra.

Það, sem mér þótti aðallega athugavert í ræðu hv. þm. V.-Húnv., var það, að hann talaði um þetta frv., sem hér væri um milljónafjárframlag að ræða, og það nú þegar á þessu ári. Hann hefði þó átt að vita það, að í 1. gr. frv. er tekið fram, að ekkert fé verði greitt úr ríkissjóði fyrr en það er samþ. í fjárl. Þetta er ekki óþekkt aðferð. Það er algengt að setja svona ákvæði, þegar um símalínur er að ræða, vegagerðir, brýr o. fl. Og hvað kostar þetta ríkið nú? Það kostar ekkert. Kostnaðurinn kemur fyrst, þegar fjárveitingin verður samþ., og þingið ræður, hvenær sú fjárveiting kemur. Þetta er ekkert nema áætlun um, hvað gera eigi í nánustu framtíð. Ég vona því, að enginn hv. þdm. láti þessa yfirskinsástæðu hv. þm. V.-Húnv. hræða sig.

Annars var mikill hluti af ræðu hv. þm. um höfnina á Skagaströnd. Hann sagði, að hún væri ekki nema lendingarbót, og því væri hún ekki sambærileg við það frv., sem hér liggur fyrir. En eftir því frv., sem hæstv. stj. flutti í fyrra um höfn á Skagaströnd, þá er þar um reglulega hafnargerð að ræða. Þannig er ekkert upp úr því að leggja, sem hv. þm. segir. Í það frv. komst sú breyt., að þar er heimilað að byrja í smáum stíl, en á Sauðárkróki er það ekki hægt; það hagar þannig til þar.

Hv. þm. var með sömu mótbárur gegn þessu frv. og komu fram viðvíkjandi hafnargerðinni á Skagaströnd, að héruðin reistu sér hurðarás um öxl með því að ráðast í hafnargerðir. Ég veit ekki, hvers vegna hv. þm. vill gera sig þannig að fjárráðamanni fyrir norðursýslurnar; ég veit ekki, hver hefir kvatt hann til þess. Ég býst við, að þær séu einfærar um að standa fyrir sínum fjármálum án hans aðstoðar.

Ég var undrandi yfir hv. frsm. meiri og minni hl., er þeir deildu um það, hvort frv. hafi verið lesið í n., þar sem það var afgr. í fyrra og flutt óbreytt nú. Svo mikið traust ber ég til þessara manna, að ég held, að þeir muni innihald frv. frá því í fyrra. (**JAJ:** Kannske þeir hafi lesið það á milli funda?). Ég geri ekki ráð fyrir því, þar sem þeir hafa sjálfir tekið það fram, að þeir hafi ekki lesið það. Ég bjóst við nál. úr sjútvn. strax. Ég gerði ekki ráð fyrir, að hún þyrfti langan tíma til að athuga frv., þar sem það var afgr. í fyrra, og ekki sízt vegna þess, að hv. frsm. meiri hl. lýsti því yfir, að einna mest þörf væri fyrir höfn á Sauðárkróki af þeim stöðum, sem hann hefði séð hafnlausa. (**SvÓ:** Af þeim stöðum, sem beðið er um hafnir á). Það var talað um sameiginleg lög fyrir allar hafnir. En hvað á að standa í þeim lögum? Hvernig er hægt að búa til ein lög um allar hafnir, jafnmisjöfn og aðstaðan er? Á þá ekkert tillit að taka til sérstakra staðhátta?

Andmælendur þessa frv. segja, að það verði til að sökkva ríkinu í skuldir og ábyrgðir. Ég hefi tekið það fram áður, að hér er ekki verið að ræða um fjárframlag nú þegar. Það verður fyrst, þegar fé verður veitt í fjárl. Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að hv. frsm. meiri hl. flytur brtt. við fjárlagafrv. fyrir 1931 um ábyrgðarheimild. Þegar Suður-Múlasýsla á í hlut, telur hann það ekki voða, þó að ríkissjóði sé sökkt í ábyrgðir. Hv. þm. hefir nú auk þess flutt till. um ábyrgðarheimild á hverju þingi, en hefir augun fyrst opin fyrir hættunni, þegar um þetta frv. er að ræða.

Það er auðséð, að meiri hl. n. vill heimta þau skilyrði, að allt það fé, sem

sýslufélagið á að leggja fram, sé fyrir hendi þegar í byrjun. En vitanlega er það alveg sama og að segja, að þetta fyrirhugaða fyrirtæki komist aldrei í framkv., því að hér er um stórfé að ræða, sem verður að leggja fram á mörgum árum. Að fá fé allt að láni og verða svo að láta það liggja lengi á lágum vöxtum, nær vitanlega engri átt. Með þessu kom meiri hl. því aðeins upp um sig, að hann er á móti því, að frv. nái fram að ganga.

Hannes Jónsson:* Hv. 1. þm. Skagf. tók það fram, að með þessu frv. væri ekki farið fram á fjárframlag úr ríkissjóði til þessa fyrirtækis, heldur væri það áætlun um það, hvað gera skyldi í nánustu framtíð. En ef ekki yrði ráðizt í þetta mannvirki — við skulum segja í næstu 5 ár, hvers vegna er þá svo nauðsynlegt að setja lög um þetta nú? Gæti það ekki beðið í nokkur ár, og þangað til líkur væru til þess, að hægt væri að útvega fé í þessu augnamiði?

Bæði 1. og 2. þm. Skagf. flytja frv. um stórmikil fjárframlög til raforkuveitna í sveitum. Á þá að setja það mál á hakann til þess, að hægt sé að koma þessu hafnarmáli í framkvæmd? Á að ganga á framkvæmdir í atvinnumálum til þess að koma á höfn á Sauðárkróki, Akranesi og víðar, eftir því sem menn óska eftir?

Hv. 1. þm. Skagf. segir, að lítið sé upp úr því að leggja, sem ég segi um hafnarbætur eða lendingarbætur á Skagaströnd. Þó komst hv. þm. svo að orði í sambandi við þá brtt., sem hann flutti í fyrra, að þar vekti fyrir honum svipað og mér, en ég hafði tekið fram, hvað ég áleit um það, að óvíst væri, að Austur-Húnavatnssýsla hugsaði meira um hafnir en að fá lendingarbætur. Ég er einmitt viss um, að þrátt fyrir þann mikla styrk og þau lán, sem þeir eiga nú að fá eftir lögum, sé mikið vafamál, að þeir láti sér detta í hug stórfelld hafnarmannvirki næstu 10—20 ár.

Hv. þm. var undrandi yfir því, að ég skyldi vilja gerast fjárráðamaður héraðanna þar fyrir norðan. Ég held nú, að þm. séu að nokkru leyti fjárráðamenn þjóðarinnar. Ég er ekki viss um, að það sé svo heppilegt að gera miklar framkvæmdir í einstökum héruðum með því að taka ábyrgð á kostnaðinum. Það verður oft til þess, að þessi vissu héruð geta ekki risið undir kostnaði þeim, sem leiðir af framkvæmdunum.

Hér hefði verið betra að gera það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði hér á þingi, að nota Suðurland sem nokkurskonar tilraunadýr í ýmsum framkvæmdum.

Það væri ef til vill hreinlegast, að ríkissjóður legði fram sem lán það fé, sem þyrfti til slíkra hafna, sem hér ræðir um. En það væri samt sem áður ekki rétt. Þó að einstöku héruð gætu klofið þann kostnað, þá gætu fámenn héruð það alls ekki. Væri því fé miklu betur varið til að gera lendingarbætur víðsvegar í kringum land, vegna þess, að strendur Íslands eru mjög langar, samanborið við fólksfjölda, og hljóta því að vera víða ófullkomnar hafnir.

Ég ætla svo ekki að gera fleiri aths. við ræðu hv. 1. þm. Skagf. Ég tel mig hafa fyllsta rétt til að benda á hættu þá, sem af þessum framkvæmdum getur stafað, ekki eingöngu fyrir ríkissjóð, heldur líka fyrir héruð landsins. Það getur vel komið fyrir og hefir gert það, að fallið hafa á ríkissjóð ábyrgðir í einstökum héruðum á landinu.

Jón Ólafsson: Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. V.-Húnv. — Það skein út úr orðum hans, að ef þetta frv. yrði samþ., yrði það til þess, að aðrar framkvæmdir ríkissjóðs yrðu að sitja á hakanum. Þar er því til að svara, að þegar um það er að ræða, að einhverju fé úr ríkissjóði sé varið til framkvæmda, lítur þingið alltaf á þá hlið málsins, sem snýr að velferð þjóðarinnar. Þingið lítur á það, hve mikið þær framkvæmdir, sem féð á að fara til, geta orðið til að lyfta undir hag þjóðarinnar. Nú er það svo með þær framkvæmdir, sem að sjónum lúta, að þar er tvennskonar hagsmuna að gæta, bæði fyrir hérað það, sem þær snerta helzt, og svo landið. Þá eru það auðvitað fyrst og fremst fiskiveiðarnar, sem dæmt er eftir, því að þær eru svo mikils verðar. Ég man ekki betur en á síðasta þingi, þegar verið var að tala um hafnargerð á Skagaströnd, væri það tekið réttilega fram, að hún væri nauðsynleg vegna þess, hvað góð fiskimið væru á fló-

anum. Á Sauðárkróki er líkt ástatt. Þar er erfitt að stunda útgerð, af því höfnina vantar. Þetta þykist ég vita, að hv. meiri hl. n. hafi tekið til greina, og ég vona, að hann skilji, að hér er að ræða um bæði aukna möguleika til fiskiveiða og bættar samgöngur. Ég vona, að hv. 4. þm. Reykv. hafi skilið þetta vel. Það var alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri sama og að kveða þessar framkvæmdir niður, að ætla viðkomandi héraði að leggja ⅔ til þeirra, og lánið þar að auki svo lágt. Ég skal nefna það til samanburðar, að þegar byrjað var fyrst á hafnargerð hér í Reykjavík, sem mátti þá heita öflugur bær, hefði það verið ókleift nema með aðstoð ríkissjóðs með ábyrgð.

Ríkissjóður verður að taka þarna á sig ábyrgð og meta, hvað hátt lán má bjóða héraðinu, því að ekki má ganga þar of langt, og ekki má leggja í meira en það getur staðið straum af. Þinginu er engin vorkunn, þegar til framkvæmdanna kemur, að meta, hvort viðkomandi hérað hefir ráð á þessu ellegar ekki.

En það er alveg víst, að með þessu móti, þ. e. ef ríkið ætlar aðeins að leggja fram ⅓ hluta, er þetta gert ómögulegt með öllu. Mér þætti miklu betur ráðið, að ríkissjóði væri heimilt að ganga í hærri ábyrgðir fyrir hlutaðeigandi héruð, hvað sem svo væri um framlagið frá ríkinu. Því að það veltur ekki á svo ýkjamiklu, ef á annað borð þykir fært að ráðast í byggingu hafnarmannvirkja. En hitt veltur á mestu, hvort ríkissjóður sér sér fært að leggja fram ábyrgðir fyrir því fé, sem taka þarf að láni í þessu skyni.

Till. hv. meiri hl. er því sama sem að ráða af dögum hugmyndina um hafnargerð á þeim stöðum, sem hér um ræðir. Ef haft verður það fyrirkomulag, sem hv. meiri hl. stingur upp á, verður um ófyrirsjáanlegan tíma ómögulegt að ráðast í slík fyrirtæki á þessum stöðum.

Þótt hér sé talað um það, að ríkissjóður sé í miklum ábyrgðum, þá er það mín skoðun, að engan þurfi að iðra að hafa gengið í þær. Svo mörgu góðu hefir verið til leiðar komið með hjálp þeirra. Þegar ráðast á í stórvirki eins og rafmagnsvirkjanir, hafnargerðir o. fl., verður ríkissjóður að ljá nafn sitt til ábyrgðar, til þess að nægilegt fé fáist. Vitanlega verður það hverju sinni að vera gert að vel yfirlögðu ráði um það, hvort rétt sé að ráðast í þetta fyrirtæki. Öðru máli er að gegna um smærri framkvæmdir, eins og t. d. bryggjugerðir. Má ætla, að viðkomandi staður geti jafnaðarlega útvegað fé til þeirra í landinu sjálfu, en það á ekki við um hafnargerðir. Lánsstofnanir innanlands hafa ekki nægilegt fé til að leggja í slíkt, og því verður að leita lána erlendis. En þá er ríkisábyrgð nauðsynleg.

Ég er óánægður með það, að hv. meiri hl. vill hér fara að leggja inn á nýja braut, sem er sama og að kveða niður allar framkvæmdir í þessa átt, hversu nauðsynlegar sem þær eru.

Sigurjón Á. Ólafsson: Mönnum hefir orðið næsta tíðrætt um nál. þau frá sjútvn., sem hér liggja fyrir, um hafnargerð á Sauðárkróki og tvær aðrar hafnargerðir, sem einnig eru á dagskrá í dag á eftir þessari. Frv. þessi eru öll svo nátengd hvert öðru, að ekkert skilur á milli. Ef málið ætti að ræðast á breiðum grundvelli, þyrfti því að taka þau öll til meðferðar í einu. En þar sem það er aðeins frv. um hafnargerð á Sauðárkróki, sem hér liggur fyrir að sinni, mun ég reyna að halda mér aðallega að því. Það vil ég þó taka fram, að samþykkt eins frv. í sjútvn. byggist á afstöðunni til hinna, því að þörfin er mjög álíka á öllum þessum stöðum, og því ekki hægt að gera upp á milli þeirra.

Skal ég þá snúa mér að því að skýra frá afgreiðslu málsins í n. Það er sjaldan nema hálfsögð sagan, þegar einn segir frá. (MG: Það eru nú tveir búnir að segja þessa sögu). Jæja, það verður þá hlutverk þess þriðja að koma sannleikskórónunni á frásögn þeirra. — Eins og nál. ber með sér, hefir afgreiðsla málsins í sjútvn. orðið með dálítið sérstökum hætti. Það mun nú vera venja í nefndum að lesa frv. rækilega yfir og sjá, hvað má lagfæra í þeim, áður en tekið er til ákvarðana. Það var ekki gert í sjútvn. um þetta mál, og var það fært til, að þetta mál hafi legið hér fyrir í fyrra og þá verið rækilega athugað, heldur kom fram till. um það á fyrsta fundinum, sem hafði hafnargerðamálið til athugunar, að vísa þessum frv. öllum til stj. En sú till. varð

brátt úr sögunni, því að hún fékk ekki nema tvö atkv. með sér, tveir voru á móti henni, en einn greiddi ekki atkv., og var það ég. Eins og sjá má á bókun n., lýsti ég yfir því, að ég gæti ekki greitt atkv. um málið alveg óathugað, og satt að segja áleit ég sjútvn. ósamboðið að afgreiða málið svo flausturslega. En nú skal ég einnig upplýsa annað, sem ekki var bókað. — Það er það, að till. á þskj. 236 eru alls ekki eins fráleitar hv. minni hl. eins og hann vill nú láta líta út fyrir. Hv. form. sjútvn. hafði eitthvað verið að tæpa á þeim till., sem nú eru bornar fram af meiri hl. n. Þá gengu þeir hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. G.-K. á hv. formann og margþýfguðu hann um, hvort hann vildi fylgja þeim um þessar brtt., en þá var það hv. form., sem dró sig inn í hýði sitt. (ÓTh: Mér sýnist þetta vera hallmæli um hv. form., en ekki um okkur). Þetta er satt frá skýrt. — Síðan rýkur hv. minni hl. af fundi, án þess að málið sé nokkuð rætt. Og ég verð að bæta því við um hv. 2. þm. G.-K., að hann hefir komið á fundi sjútvn. í vetur eins og þegar kría sezt á stein, heimtað þetta frv. fram og hitt frv. fram, frá engu mátt ganga nema hálfköruðu. Nefndin hefir átt að hoppa inn á hitt og þetta alveg eftir geðþótta hans. En sem betur fer er sjútvn. Nd. ekki svo skipuð, að hún láti hv. 2. þm. G.-K. ráða störfum sínum.

Þá vil ég víkja að stefnu þeirri, er fram kemur í nál. Það er rétt, að á þingi í fyrra var ekki almennt samkomulag um tillögurnar. Ég hafði þá fyrirvara og kom með brtt. Gat ég ekki fallizt á þessa nýju leið, að ríkið legði fram ⅖ hluta kostnaðar. Ég sá það, að fljótt mundi fyllast sá mælir, sem geta ríkissjóðs leyfir, ef hann ætti að bera svo mikinn hluta kostnaðarins af hafnargerðum. Kröfurnar um framlag til hafnargerða berast svo víða að, og er erfitt að gera upp á milli þeirra. Og þar sem hér er aðeins um heimildarlög að ræða, sem verða að bíða framkvæmdar unz fjárlagaveiting kemur til, var það mín skoðun, að til lítils væri að hrúga upp slíkum pappírslögum, sem litlar horfur væru um framkvæmd á í fyrirsjáanlegri framtíð. — Gamla reglan um framlag til hafnargerða var sú, að ríkissjóður legði til ¼, sem síðar hækkaði upp í ⅓, og í fyrra var samþ. að leggja ⅖ til hafnargerðar á Skagaströnd. Var það fóðrað með því af forvigismönnum málsins, að hér væri um lendingarbót að ræða jafnframt. Ég var þessu raunar ekki sammála, en þó mun hafa farið svo að lokum, að upp úr frv. mun sennilega aldrei hafast meira en lendingarbót á þessum stað, eins og hv. 2. þm. Skagf. benti á á sínum tíma. — En þegar framlagið úr ríkissjóði er orðið svona hátt, fer það að verða getu hans ofvaxið. Í þeim þrem frv., sem hér liggja fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram nærri 900 þús. kr. og ábyrgist rösklega 1 millj. króna lán. Þetta eru nú ekki svo ýkjaháar upphæðir, einar út af fyrir sig. En hv. 1. þm. S.-M. hefir bent á það, hversu mikið af ábyrgðum nú er komið á könnu ríkissjóðs, og það gerir mann deigan við að halda áfram á þessari braut. Enda mun það ekki fjarri sanni, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að allar þessar ábyrgðir séu teknar að spilla lánstrausti ríkisins. — (JJós: Þessi hv. þm. á sjálfur till. um nýja ábyrgðarheimild fyrir Alþingi). Til þess verður hann að svara sjálfur.

Það má segja, að nokkur stefnubreyt. hafi orðið hjá mér í þessu máli frá því í fyrra, þar sem ég tek nú þátt í að bera fram þá till., að ríkissjóður ábyrgist aðeins helming lána þeirra, sem viðkomandi hafnarsjóðir kunna að þurfa að taka. Það hefir verið sagt, að þetta þýddi það, að engar framkvæmdir gætu orðið um hafnargerðir. Ég vil nú rengja þessa skoðun. Það er mín hyggja, að ef viðkomandi kauptún og sýslufélög leggjast á eitt, þá eigi þau alveg eins hægt með að fá þennan hluta lánsins upp á eigin spýtur, eins og þótt ríkisábyrgð væri. Því að það er alls ekki heimtað eftir till. meiri hl., að framlag hafnarsjóðsins komi í beinhörðum peningum frá hlutaðeigendum sjálfum, heldur mega þeir alveg eins útvega fé að láni. Það er mín spá, að þessi lög verði ekki framar eintóm pappírslög, ef farið er að till. meiri hl., heldur verði þá víða um land undinn bráður bugur að framkvæmdum á þessu sviði.

Hv. 2. þm. Skagf. benti á margt um nauðsyn þessa máls, og dettur mér ekki í hug að þrátta við hann um það. Mér er fyllilega ljós þýðing hafnargerða.

Þó er vitanlega munur á þörfinni á ýmsum stöðum. Fram til þessa hefir það verið siður að leggja ekki í fyrirtæki eins og hafnargerðir fyrr en svo margir menn hafa safnazt saman á þeim stað, þar sem í þær er ráðizt, að öruggt megi teljast um fjárhagsafkomu fyrirtækisins. Ég efast nú stórlega um, að 600 manns sé nægur fjöldi til þess að ávaxta aðra eins upphæð og hér á að leggja í hafnarmannvirki. (JS: Heldur hv. þm., að Skagfirðingar séu ekki fleiri? — PO: Hann heldur að fólksfjöldinn í Skagafirði sé á 7. hundrað). Ég segi, að venjan hafi verið þessi, að láta fólkið fyrst hópast saman, og leggja síðan í mannvirkin á eftir. En hér er farið fram á að snúa þessu við, og byggja fyrst höfnina. Ég skal nú ekki segja, að út af fyrir sig sé neitt á móti þessari reglu. Það gerir staðinn byggilegri og betra að setjast þar að, og hlýtur að hafa það í för með sér, að fólkið hópast þangað. Þó að þetta hafi ýmsa kosti, sýnist mér það vera nokkuð varhugavert frá sjónarmiði bóndans, og illt fyrir þjóðarheildina, ef byggja á á sjávarútveginum einum saman. Þótt það sé góð atvinnugrein, koma þó fyrir ár og ár öðruhverju, sem útvegurinn ber sig illa. (JJós: Ekki fyrir útgerðarmenn, eftir skoðun hv. þm.). Það virðist nú sjaldan kreppa að í þeirra búi, þótt aðrir svelti. — En sé litið á þetta mál frá sjónarmiði bænda í Skagafirði sérstaklega, þá er það auðvitað rétt, að þeir þurfa einhvern stað, þar sem þeir geta komið burtu afurðum sínum. En ég vil í því sambandi minna á, að í Skagafirði eru fleiri hafnir en aðeins Sauðárkrókur. Grafarós, Hofsós og Kolkuós eru allt góðar hafnir í flestum áttum, og má hafna sig í einhverri þeirra, þegar ekki er hægt að komast á Sauðárkrók. Skagafjörður er því ekki líkt því eins illa settur og t. d. Húnaflói norðanverður. Þegar Borðeyri sleppir eru yfirleitt afleitar hafnir við Húnaflóa og mikill hluti héraðsins er mjög illa settur um útflutningshafnir. Því er alveg ósambærileg þörfin á þessum tveim stöðum, þótt hinu verði að sjálfsögðu ekki mótmælt, að gott sé að fá aukin lífsþægindi fyrir þá, sem þar búa.

Mismunurinn á till. meiri og minni hl. sjútvn. um þetta mál er kannske ekki ýkjamikill í augum sumra hv. þdm., þar sem við í meiri hl. viljum, að ríkissjóður leggi fram bæði allmikla fjárhæð og ábyrgð á verulegum hluta kostnaðarins. Þó er það svo, að á þessum þrem hafnargerðum munar það nálægt 500 þús. kr., ef teknar eru saman ábyrgðirnar og framlögin.

Á það hefir verið bent, að stefna sú, er fram kemur hjá hv. fjvn. um styrk til lendingarbóta, er ekki með öllu óskyld till. okkar. Þar er um allríflegt framlag að ræða, en enga ábyrgðarheimild. En oft er ekki svo sérlega mikill munur á lendingarbótum og hafnargerð. Hv. 2. þm. G.-K. sækir t. d. um styrk til bryggjugerðar í Keflavík. Það yrði talið falla undir lendingarbætur, svo að aðeins getur orðið um styrk að ræða, en enga ábyrgð. Samt kemur þessi bryggja í stað hafnar í Keflavík. (PO: Segir hv. þm., að bryggjan komi í stað hafnar?). Já, það er ætlazt til, að hægt verði að afgreiða þar stór skip. (PO: Bryggja í stað hafnar!??). Já, þetta er engin fjarstæða, því að þarna verður öruggt, nema kannske í einni átt. — Hv. fjvn. ber einnig fram till. um ýmsar meiri háttar bryggjugerðir, sem svipað er um að segja og ég sagði um Keflavík. (MG: Þetta er allt til umr. á morgun). Að vísu, en það er rétt að benda á það hér, að þegar kostnaðurinn við lendingarbætur er farinn að skipta tugum þús. króna, er ekki svo mikill munur á þeim og hafnargerðum.

Ég get nú farið að stytta mál mitt, þar sem ég get búizt við nægum tækifærum til að taka aftur til máls um þau þrjú hafnargerðarfrv., er hér liggja fyrir hv. deild. Má búast við, að hver flm. reyni allt til að koma sínu fram, svo að hann geti flaggað því framan í hv. kjósendur þegar heim kemur. Er það ekki nema mannlegt af hverjum einum að toga skækilinn fyrir sitt kjördæmi. En það vill þá stundum fara svo, að ekki er gáð að getu ríkissjóðs sem skyldi, og er það hlutverk hins háa Alþingis að sjá fyrir því, að engum líðist að ganga of langt.

Magnús Guðmundsson: Ég vil að nýju taka það fram, að hér er ekki um neitt

fjárframlag að ræða. Þetta er alveg eins og með símaheimildirnar, sem venja hefir verið, að samþ. væru fyrirfram, án þess nokkuð hafi verið rætt um útgjöld fyrr en síðar í fjárlögum. Ég hélt því, að hv. þm. V.-Húnv. gæti setið á sér með að deila um fjárframlög, þangað til slíkt kæmi fram í fjárl. einhverntíma síðar. — Ég vil, að frv. þetta nái fram að ganga, svo Skagfirðingar viti ákveðið, að hverju þeir hafa að ganga, og geti á þeim grundvelli hafið undirbúning um fjáröflun. En slíkt er ekki hægt fyrr en lög hafa verið samþ. og þeir kostir, sem ríkið setur fyrir hafnargerðinni, kunnir.

Hv. þm. sagði, að ekki væri heppilegt, að Alþingi væri að ota héruðum út í svona framkvæmdir. Um slíkt er ekki að ræða, heldur er verið að gera að vilja héraðsbúa sjálfra. Og ég held, að það sé engin ástæða til þess, að Alþingi eða einstakir þm. séu að reyna að draga úr þeim áhuga, sem fram kemur heima fyrir í héruðunum. Ef frv. þetta verður samþ. eins og það var borið fram, þá veit ég, að strax verður hafinn undirbúningur í Skagafirði til framkvæmda málsins. Og ég veit, að Skagfirðingar rjúka ekki út í neinar framkvæmdir fyrri en þeir hafa möguleika til að koma þeim í gegn. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að það séu fáar eða engar sýslur varfærnari en Skagfirðingar. Hv. þm. taldi, að um ókleifan kostnað væri að ræða fyrir héraðið. En hann miðar sitt álit eingöngu við það, sem er, en athugar ekki þá möguleika til meiri tekna og betri afkomu, sem ný höfn skapar. Þegar höfnin hér í Reykjavík var byggð, þá voru líka til afturhaldsseggir, sem sögðu, að slík milljónaframkvæmd væri Reykjavík algerlega ofvaxin. En nú vitum við það af reynslunni, að höfnin hefir verið einhver mesta lyftistöng fyrir framkvæmdir höfuðstaðarins og skapað margvíslega möguleika. — Þegar vegurinn var lagður austur yfir fjall, kom fram bænarskrá um, að hætt væri við lagninguna, sem talið var að mundi drepa fólkið vegna kostnaðar. Á hverjum tíma er því nóg af afturhaldsseggjum, sem álíta allar framkvæmdir til niðurdreps fyrir þau héruð, sem eiga við þær að búa.

Nú er það hv. þm. V.-Húnv., sem segir þetta sama. (SE: Hann vill drepa banka og lækka laun kennara!). Hans heróp er: Gerið ekki neitt, látið allt sitja við sama! Hv. þm. telur, að ábyrgðir þær, sem ríkissjóður er í, séu orðnar hættulegar. Um það sama hefir oft verið talað áður hér á Alþ. Og ég man þá tíð, að er til úrslita kom um það, hvort ríkið vildi heldur taka á sig greiðslu vegna Vestmannaeyja eða selja þær, að þá var sá kosturinn tekinn af Alþ., að ríkið ætti heldur Vestmannaeyjar. Tek ég þetta fram vegna þeirra ummæla, sem fallið hafa um Vestmannaeyjar.

Hv. 3. þm. Reykv. tók til máls og mælti með frv., og er ég honum þakklátur fyrir. Hann hefir verið í hafnarnefnd hér í mörg ár, er útgerðarmaður og því gagnkunnugur þessum málum öllum. Ég legg því miklu meira upp úr því, sem hann segir um þessa hluti, en því, sem hv. þm. V.-Húnv. ber hér fram.

Þá er það hv. 4. þm. Reykv., sem ég vil segja nokkur orð við. Ég skal ekki fara neitt út í það, sem sagt hefir verið um lestur frv. hjá sjútvn. Ég hélt þó, að n. hefði lesið frv. í fyrra. Og auk þess má lesa frv. annarsstaðar en á nefndarfundi. Hv. þm. sagði, að þar sem hér væri ekki um nein fjárframlög að ræða, þá yrðu þetta bara pappírslög. Þetta er ekki rétt. Ef frv. verður gert að lögum, þá vita héraðsbúar, að hverju þeir eiga að ganga, og geta á þeim grundvelli hafizt handa um undirbúning verksins. Hinsvegar er það tilgangslaust að hefja undirbúning, áður en vitað er um stuðning Alþingis.

Mér kom það nokkuð undarlega fyrir að heyra hv. þm. tala af kulda til þessa máls. Ég man þó svo langt, að á fundi á Sauðárkróki í fyrra var því haldið fram við okkur þm. kjördæmisins, að jafnaðarmenn hefðu brennandi áhuga fyrir þessu áhugamáli Skagfirðinga. Mér finnst nú, sem sá brennandi áhugi hafi nokkuð kulnað út hjá hv. þm. (SÁÓ). Og ég vil lofa hv. þm. því, að ég skal trúlega flytja hans ummæli í þessu máli norður. — Hv. þm. sagði, að það væri ekki meining n. að heimta, að Skagfirðingar legðu fram peninga strax, heldur að þeir gætu sýnt, að þeir gætu fengið lán á eigin ábyrgð. En hvernig heldur

hv. þm., að hægt sé að leggja fram sönnun fyrir því, að hægt sé að fá lán eftir svo og svo mörg ár? Annaðhvort verða það að vera beinharðir peningar, eða þetta er bara vitleysa. (SÁÓ: Getur héraðið ekki tekið lán?). Jú, en ekki sýnt, að það geti fengið lán eftir mörg ár. Og mér er það vel ljóst, að slík framkvæmd sem þessi verður ekki gerð á einu ári. — Hv. þm. hélt því fram, að héraðið ætti eins hægt með að fá lán eins og ríkið. En hann er þar bara í mótsögn við reynsluna.

Svo kom hv. þm. með þær ágætu upplýsingar, að stundum væri hægt að skipa upp á Hofsósi, Kolkuósi eða Haganesvík, þótt ófært væri að skipa upp á Sauðárkróki. Ég hélt nú reyndar, að flestir Skagfirðingar hafi vitað þetta, og því verið óþarft að segja þeim það. En hvers vegna á þá ekki að segja hið sama við Akurnesinga? Það má eins benda þeim á, að hægt sé að skipa upp í Reykjavík. Eða þá við Keflvíkinga eða Eyrbekkinga, að þeir geti notað Reykjvík? (SÁÓ: Þetta er ekki sambærilegt!). Jú, það er einmitt sambærilegt. Það er dagleið með lest milli Hofsóss og Sauðárkróks, líkt og er héðan til Eyrarbakka. Ég er hræddur um, að þegar álit hv. þm. berst norður, þá verði litið svo á, að hann hafi ekki athugað málið mikið og verði því varla talinn dómbær um það.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það er létt verk að vera frsm. í máli, þegar jafnmargir aðrir hv. þm. og nú hafa talað ágætlega fyrir málinu. Ég hefi því litlu við að bæta.

Ég álít naumast viðeigandi að fara í langt karp við hv. form. sjútvn. um það, sem fram hefir farið á fundum n. Ég hefi sagt sannleikann í því máli áður. Ég vil aðeins bæta því við, að þegar búið var að greiða atkv. um þá till. hv. þm. V.-Ísf. að vísa þessum málum öllum til stj., þá var bæði sá hv. þm. og hv. form n. (SvÓ) búnir að taka afstöðu í málinu og gátu því ekki átt samleið með okkur, sem vildum, að þetta frv. yrði samþ.

Mér þóttu það ákaflega brosleg rök hjá hv. form. sjútvn., þegar hann segir: Ég játa, að ég var í fyrra með hafnargerð á Skagaströnd og að hún fengi ⅖ kostnaðar og fulla ábyrgð fyrir afganginum, en það var af því, að ég leit á þá hafnargerð sem lendingarbót. (SvÓ: Það voru fleiri en ég, sem litu þannig á það, þ. á. m. hv. 1. þm. Skagf.). Ónei, það er nú ekki rétt. Það eru ekki allir þeim gáfum gæddir að geta friðað samvizkuna með því einu að nefna hafnargerðina á Skagaströnd lendingarbætur. Já, það má nú fyrr vera mismunur á hugarfari frá því í fyrra. Þá voru það ⅖ kostnaðar og full ábyrgð. Nú er það ekki nema ⅓ úr ríkissjóði og aðeins ábyrgð fyrir ⅓ kostnaðar. Þetta er svo veigamikill aðstöðumunur, að tæplega er hægt að skilja, hvað valdið hefir slíkum straumhvörfum á einu ári hjá þessum hv. þm. og máske fleirum. Hv. þm. rökstyður þessa aðstöðu sína með því, að þær kröfur verði að gera til aðilja, að þeir fórni einhverju fyrir málið. Þetta er rétt. En við viljum einmitt, að þeir fái aðstöðu til þess að geta fórnað ⅗ kostnaðar. En till. hv. meiri hl. eru einmitt þess eðlis, að Skagfirðingum gefist ekki tækifæri til að færa þessa fórn. Þeir vilja svæfa viðleitni hlutaðeigandi aðilja til að koma höfninni í verk. Hv. þdm. verða að gera sér það ljóst, að ríkissjóður verður að taka á sig ýmsa bagga, svo nauðsynleg þjóðþrifaverk verði unnin, enda hefir ríkissjóður tekið á sig margar slíkar ábyrgðir, og verkin hafa reynzt bæði héruðunum og ríkinu til stórra hagsbóta. Svo mun enn verða. Og það hefir ekkert það komið fram, sem sýni það, að rétt sé, að ríkið kippi að sér hendinni um aðstoð við framkvæmd slíkra mannvirkja. Litlir sem engir skellir hafa lent á ríkissjóði og þörfin ekki síður brýn nú en áður.

Ég hefi um stund orðið að vera fjarstaddur vegna annara áríðandi mála. Hefi ég því ekki heyrt allt, sem fram hefir farið. Ég heyrði þó nokkur orð til hv. þm. V.-Húnv. Hann var að rökstyðja það, að lögin um hafnargerð á Skagaströnd gæfu ekkert fordæmi. Ég held nú samt, að það sé erfitt að komast framhjá því, að þar sé um fordæmi að ræða. Það var hæstv. ríkisstj., sem bar þetta fram og lagði til, að ríkið léti helming kostnaðar, en tæki ábyrgð á láni, er næmi hinum helmingi. Ég verð einmitt

að líta svo á, að till. sjálfrar stj. skapi fordæmi. Og ég verð að álykta, að stjórnarflokkurinn hljóti einmitt að telja sér skylt að fara eftir því fordæmi, sem stj. gefur. Og ég verð að álíta, að þörfin fyrir höfn sé ekki minni á Sauðárkróki heldur en Skagaströnd, heldur, eins og hv. 2. þm. Skagf. ljóslega sýndi, ríkari. Upplendi Sauðárkróks er einhver blómlegasta sveit landsins. Og ég hafði í raun og veru ekki skilið til fulls þá miklu möguleika, sem tengdir eru við þetta mannvirki, fyrr en ég hafði heyrt ræðu hv. 2. þm. Skagf. Mér varð þá fyrst fullljóst, til hve mikilla hagsbóta þetta mundi leiða fyrir héraðið.

Ég þarf ekki miklu að svara ræðu hv. 4. þm. Reykv. Hann sagði ósatt um afgreiðslu þessa máls í sjútvn. Hann talaði um flaustursafgreiðslu. Um þetta sérstaka mál er það að segja, að við hv. þm. Vestm. höfum margborið fram í n. þá ósk, að þetta mál yrði afgr. Og við rökstuddum þá ósk okkar með því, að það hefði verið rætt í n. í fyrra og væri því n. kunnugt. Frv. þurfti því ekki langrar athugunar; aðeins um það, hvort hægt væri að aðhyllast fjárhagshlið þess. En hvernig sem við hömruðum á þessu, þá fengum við enga áheyrn, og önnur mál voru afgr. á undan. En þá þótti okkur líka svo langt gengið, að við létum bóka yfirlýsingu þá, sem frá hefir verið sagt, og þó biðum við enn, til þess að freista þess, hvort samvinna tækist ekki. En þegar við skildum það til fulls, að meining meiri hl. n. væri að svæfa þetta mál, þá brutumst við úr n. og bárum fram till. okkar. Meiri hl. n. sá þá eigi annað ráð vænna en að fylgja okkur eftir með sínum till. En að við höfum tjáð okkur reiðubúna til að fylgja þeim till., er einskær vitleysa. N. klofnaði á till. um að vísa málinu til stj. Voru 2 með, en 2 móti. Hv. 4. þm. Reykv. var þá ekki búinn að manna sig svo upp, að hann væri búinn að taka afstöðu til málsins. (SÁÓ: Ég var ósamþykkur till.!). Annað segir fundarbókin. Og það er leiðast, að hv. þm. er sjálfur ritari n. Hann hefir því sína eigin handskrift á móti sér. Annars, ef allt er rengt, sem ég segi frá störfum n., verð ég að panta þingskrifara til að sitja á fundum n. og bókfæra það, sem fram fer.

Ég læt mér það í léttu rúmi liggja, þótt hv. 4. þm. Reykv. segi, að ég komi sjaldan á nefndarfundi. Við skulum segja, að þetta sé rétt. En þegar ég kem þangað, þá situr hv. þm. Vestm. milli hv. form. og hv. 4. þm. Reykv. eins og dauðuppgefinn dráttarhestur, klafasár og sveittur við að tosa þessum dæmalausu sleðum áfram. Ég man eftir því, að ég kom eitt sinn á fund. Þá voru þeir að lesa 36. gr. eins frv. Viku síðar kom ég aftur á fund, og þá voru þeir að lesa 57. gr. sama frv. og voru þá í sama kafla. Þótt hv. þm. Vestm. sé duglegur með afbrigðum og laginn á að fá menn til að starfa, þá er honum þó ofraun einum að fá slíka menn til að starfa svo að gagn sé að. Mitt hlutverk verður því að kippa í sleðann með hv. þm. Vestm., og mjakast þá venjulega eitthvað áfram.

Ég fann ástæðu til þess að leiðrétta frásögn hv. 4. þm. Reykv., því ég vil ekki, að gefnar séu falskar skýrslur um það, sem fram fer í n. En ef þeir ætla sér að skýra rangt frá, þá ættu þeir að hafa vit á því að skjalfesta ekki neitt það, sem gerir þeirra eigin orð að engu.

Að endingu vil ég segja, að það er ekki rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., ef hann heldur, að við sjáum ekki, að hér er um töluverðan mun að ræða fyrir ríkissjóð. En við sjáum það einnig, að hér er um jafnmikinn mun að ræða fyrir hinn aðilann. Ef ríkissjóður gengur ekki í aðra og meiri ábyrgð en hann og hans skoðanabræður vilja, þá kemst verkið aldrei í framkvæmd. (SÁÓ: Þetta eru fullyrðingar og ekkert annað). Fullyrðing, sem stendur a. m. k., ef taka á gilda umsögn frá umboðsmönnum þeirra, sem sent hafa þessa málaleitun sína til Alþingis. Báðir hv. þm. Skagf. hafa lýst yfir því í deildinni, að þeir gangi út frá, að ef till. meiri hl. nái fram að ganga, þá muni málið ekki koma til framkvæmda. Ég verð að vona, að hv. 4. þm. Reykv. taki tillit til þessara yfirlýsinga, og að þær geti orðið til þess að breyta atkv. hans. Ég get vel skilið, að hann vilji fara þá leið, sem hann telur ríkissjóði ódýrasta, ef hann gengur þess dulinn, að sú

leið verði málinu að falli. En ég vona hinsvegar, að þegar hann hefir fengið yfirlýsingu kunnugustu manna um, að sú aðferð sé ekki til annars en að drepa málið, þá hverfi hann frá villu síns vegar og greiði atkv. með þessu máli.

Jón Sigurðsson: Allmiklar umr. hafa farið fram um þetta frv. síðan ég tók til máls síðast, og hafa þær að nokkru leyti snúizt um aðgerðir hv. sjútvn. viðvíkjandi þessum hafnarlagafrv., og hafa nm. gert upp reikninga sína um nefndarstörfin.

Það eru nú 40 dagar síðan þetta mál kom til hv. sjútvn., svo að hún hefir haft fullkominn tíma til að skila nál., enda þótt það hafi ekki gengið greiðara en raun hefir á orðið. Af mér og ýmsum öðrum stuðningsmönnum þessa máls hefir sérstaklega verið bent á þrjár veigamiklar ástæður því til stuðnings.

Í fyrsta lagi þá, að það er óhugsandi, að kauptún eins og Sauðárkrókur geti risið undir þessum framkvæmdum með þeim skilyrðum, sem meiri hl. sjútvn. hefir lagt til að sett verði. Ég gerði grein fyrir þessu í fyrri ræðu minni, og það hefir ekki verið hrakið eitt atriði af því, sem ég þá sagði. — Í öðru lagi hefir verið bent á hina miklu þörf hlutaðeigandi kauptúns og héraðs fyrir þessa höfn, og því hefir heldur ekki verið hnekkt á nokkurn hátt. Ég geri meira að segja ráð fyrir því, að engum hafi dottið í hug að véfengja það. Mönnum er það yfirleitt kunnugt, hvað hafnleysið stendur þessu og öðrum héruðum fyrir þrifum. Ég tek ekki til greina staðhæfingar hv. 4. þm. Reykv., að skipin geti afgr. sig á Hofsósi og Kolkuósi, þegar það er ekki hægt á Sauðárkróki. Það tel ég ekki aðgengileg úrræði fyrir þá, sem sækja verzlun að Sauðárkróki. (SÁÓ: Ég hefi verið með í því, að skip hafa flúið frá Sauðárkróki til Hofsóss og afgr. sig þar). Einmitt þess vegna ætti hv. þm. að skilja enn betur, hversu mikil nauðsyn er á þessu máli fyrir Sauðárkrók og héraðsbúa. Ég hygg, að hv. þdm. séu ekki svo skyni skroppnir, að þeir skilji ekki, hversu mikinn kostnað það hefir í för með sér fyrir Skagfirðinga, er sækja á Sauðárkrók, að þurfa að flytja vörur sínar á bátum eða á annan hátt frá þessum uppskipunarstöðum austanmegin fjarðarins. Það kostar vitanlega stórfé. Kostnaðurinn, sem af því leiðir, að vörur frá Sauðárkróki eru lagðar upp á þessum stöðum, er svo mikill, að Sauðárkróksbúar kjósa heldur að láta vörurnar fara áfram með skipunum og bíða næstu ferðar, jafnvel þó að vöruskortur sé á staðnum. — Í þriðja lagi hefir verið bent á það, að meiri ástæða væri til að styrkja hafnargerð á Sauðárkróki en Skagaströnd. Þetta hefir ekki verið hrakið og engin rök verið færð á móti því.

Hv. þm. V.-Húnv. varpaði til mín skætingi um það, að ég hefði sýnt tvöfeldni í þessum hafnarbótamálum; hann sagði, að fjvn. í heild hefði ekki viljað mæla með því, að ríkissjóður ábyrgðist lán til bryggjugerða. En á það hefir verið bent, að í því efni er venjulega um smærri upphæðir að ræða, og því auðvelt fyrir hreppsfélög og sýslufélög að fá slík lán, þó að þau hafi ekki ríkisábyrgð á bak við sig. Þessi lán til bryggjubygginga eru venjulega nokkrir tugir þús. kr. eða í hæsta lagi um 100 þús. kr., og er oftast hægt að fá þau í peningastofnunum hér á landi. En þegar um hafnarmannvirki er að ræða, er venjulega um að ræða fleiri hundruð þús. kr. og þarf jafnan að útvega slík lán erlendis. Gagnvart þeim lánum nægir ekki ábyrgð sveitarfélaga eða kauptúna, heldur ríkisábyrgð. Að vísu er öðru máli að gegna um stærstu kaupstaðina, eins og t. d. Reykjavík og Akureyri; þeir hafa getað fengið talsverð lán erlendis, eingöngu gegn eigin ábyrgð.

Um það, hvað gerist í fjvn., get ég frætt hv. þm. V.-Húnv., að því er snertir aðstöðu nm. til einstakra mála. Hv. þm. þarf ekki að vera það barn að halda, að allir fjvnm. séu ætíð sammála um allar till. í fjárlagafrv., þó að þeir skrifi undir nál. fyrirvaralaust. Það kemur víst aldrei fyrir, að þeir séu allir sammála um alla liðina í frv. eða till. n., þó þeir skrifi ekki undir þær með fyrirvara. Ef hver þeirra ætti að gera grein fyrir sínu atkv. í hverju atriði í nál., þá myndi nál. verða heil bók og allir skrifa undir með fyrirvara. — Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að stefna stj. í þessum málum hefði ekki

komið fram í frv. hennar um hafnargerð á Skagaströnd. Hvað hefir hv. þm. fyrir sér um það? Mér er ekki kunnugt um, að stj. hafi beðið hann að flytja hér svör sín um það efni. Ég skil ekki, hverskonar öfl hafa kúgað hana til þess að flytja það frv., hafi það verið gagnstætt hennar stefnu. Og þá þykir mér skörin fara upp í bekkinn, ef ekki má líta svo á, að stefna stj. komi fram í þeim frv., sem hún flytur, heldur beri að skoða hana sem stefnulaust verkfæri annara, og má þm. V.-Húnv. gleggst um það vita.

Þá sagði hv. þm. V.-Húnv., að við flm. þessa frv. værum að ota hlutaðeigandi héraði út í fyrirtæki, sem væri því fjárhagslegt ofurefli. Ég vil algerlega mótmæla því, að við þm. Skagf. séum að ota héraðinu út í eitt eða annað.

Á síðasta sýslufundi Skagafjarðarsýslu var það samþ. af öllum sýslunefndarmönnum, að einum undanskildum, sem sat hjá við atkvgr., að skora á okkur að flytja frv. til hafnarlaga fyrir Sauðárkrók. Og á fjölmennum fulltrúafundi fyrir sýsluna, sem haldinn var síðastl. haust, var samskonar ályktun samþ. með öllum greiddum atkv. Á þessum fundi voru mættir 40—50 fulltrúar, allir leiðandi menn héraðsins, hvaða flokk sem þeir fylltu. Það er því augljóst, að Skagfirðingar ganga að þessu máli vitandi vits og þurfa áreiðanlega engra leiðbeininga við frá hv. þm. V.-Húnv., hvorki sem fjárhaldsmanni eða á annan hátt.

Ég vil leiðrétta dálítinn misskilning, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., þar sem var að tala um vandræði sveitanna af burtflutningi fólksins til kauptúnanna. Mér skildist, að hann væri að halda því fram, að ég hefði sagzt ætla með þessu hafnarlagafrv. að stöðva fólksstrauminn úr sveitunum. Það, sem ég sagði, var á þá leið, að fólksstraumurinn úr sveitunum væri öldugangur, sem ekki væri hægt að sporna við. En það skiptir vitanlega miklu máli, hvert fólkið fer og að hvert hérað geti þó eftir sem áður haldið fólkinu innan sinna vébanda. Það sorglegasta í þessu efni er það, að fólkið hnappast einkum í stærstu kaupstaði landsins. En þó að fólkið fari úr sveitunum, þá er það bót í máli, ef það tekur sér aðsetur í kauptúnum innan héraðsins. Það fólk, sem fer úr sveitum Skagafjarðar til Sauðárkróks, heldur áfram að bera sameiginlega þær byrðar, sem héraðið verður að taka á sig til þess að hrinda af stað og standa undir þeim framkvæmdum og umbótum, sem ráðizt er í til að lyfta héraðinu. Þetta ætti að vera svo ljóst, að hv. 4. þm. Reykv. skildi, hvaða gildi það hefir.

Þá vildi hv. frsm. meiri hl., 1. þm. S.-M., verja hina breyttu afstöðu sína og snúning í þessum málum, frá því að hann fylgdi frv. um hafnargerð á Skagaströnd á síðasta þingi. Hann sagðist hafa samþ. þau lög af því, að hann hefði litið á þá hafnargerð fremur sem lendingarbót en fullkomna höfn. Ef hv. frsm. meiri hl. hefir löngun til, þá skal ég fúslega ganga inn á, að hafnargerð á Sauðárkróki verði kölluð lendingarbót, ef það er það eitt, sem er í vegi fyrir því, að þm. sjái sér fært að fylgja þessu frv. á sama hátt og hann fylgdi hafnargerð á Skagaströnd. Mér er nákvæmlega sama um, hvaða nöfnum hlutirnir eru nefndir, og væri þess vegna sönn ánægja að því, ef hv. þm. vill kalla þetta mál: frv. um lendingarbót á Sauðárkróki.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Þetta eru einkennilegar og óviðeigandi umr. Þær snúast að mestu leyti um starfshætti sjútvn., sem ekkert varða það mál, sem fyrir liggur. Inn í þær hefir verið blandað ótilhlýðilegum söguburði af nefndarfundum, ekki sízt af hálfu hv. 2. þm. G.-K. (**ÓTh.:** Var það ekki form. n., sem byrjaði á þeim söguburði í nál. meiri hl.?). Í nál. var hlutlaust skýrt frá meðferð n. á þessu máli, og ég verð að segja það, að hv. 2. þm. G.-K. er allra nm. ófærastur til þess að skýra frá því, sem gerist í sjútvn. Hann hefir oftar en nokkurn annan vantað á fundi n., — enda er hann, sem kunnugt er, ekki sérstaklega vel kjörinn til að skýra rétt frá. — Hv. þm. sagði, að á einni viku, sem liðið hefði á milli þess, sem hann kom á nefndarfundi, hefði n. ekki gert annað en að lesa yfir lítinn kafla úr einu frv. — frá 46.—57. gr. frv. — Nú er þess fyrst að gæta, að þessi hv. nm. kom aldrei á nefndarfundi þennan tíma, sem um er að ræða, og getur því ekkert borið um störf n. Og

meira að segja: þótt skýrsla hans væri um lestur þessara 11 gr., þá sannar hún ekkert um aðgerðarleysi n. Hv. þm. veit ekkert um, hvað mörg mál n. hefir afgr. meðan hann kom ekki á fundi hennar, en bókun sýnir, að þau voru nokkur. Þetta hjal hv. þm. sannar ekkert til eða frá um það, hvaða till. eigi að samþykkja í þessu máli og hverjum eigi að víkja frá. Hv. þm. er þarna úti á þekju. Þegar sjútvn. tók þessi hafnarlagafrv. til meðferðar og hugðist að lesa þau á nefndarfundi, þá komu strax fram tvær till. um meðferð þeirra, áður en ákvörðun yrði um þau tekin hvert fyrir sig. Önnur till. kom frá hv. þm. V.-Ísf., um að afgreiða öll frv. með dagskrártill. og vísa þeim til stj., í þeim tilgangi, að samin yrði heildarlöggjöf um hafnarbyggingar. Hin till. var frá mér, um að taka upp þá eldri reglu um framlagshlutfall úr ríkissjóði og ætla honum þriðjungsframlag alls kostnaðar, en breyta til um ábyrgð hans á lánum hafnarsjóða eða héraða, svo að hún tæki til ⅓ kostnaðar, eða jafnmikillar upphæðar og framlagið. En eftir þeirri reglu myndi hlutaðeigandi hérað eða hafnarsjóður jafnan verða að standa straum af ⅓ án aðstoðar ríkissjóðs.

Þessar till. voru til umr. í n., er hv. þm. vék af fundi og gaf út nál. fyrir minni hl. n., án þess sýnt væri, að n. klofnaði eða nokkuð væri afráðið um meðferð málsins.

Um þessa óvenjulegu aðferð hv. þm. ætla ég þó ekki að ræða hér fleira að sinni eða tefja tíma með að andmæla staðleysum þeim, sem svonefndur minni hl. hefir borið hér á borð. Það yrði aðeins til þess að spilla fyrir, að málið fái fljóta afgreiðslu á þann hátt, sem meiri hl. leggur til.

Að því leyti, sem aðrir hv. þm. hafa tekið í líkan streng og hv. 2. þm. G.-K. og álasað n. fyrir slaka afgreiðslu þessa máls, þá nenni ég ekki að taka þar upp vörn; aðeins vil ég taka það fram, að þessi meiri hl. hefir unnið mjög kappsamlega og afgr. mörg mál, eins og fundabók sýnir, ásamt hv. þm. Vestm., sem hefir komið á hvern fund n.

Að því er snertir fram komin mótmæli gegn till. n., þá hefir hv. þm. V.-Húnv. svarað þeim, og það svo vel, að ég þarf þar engu við að bæta, og vil því ekki tefja tímann mikið. Þó verð ég að víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Skagf. svona í góðlátlegu bróðerni. Hann reyndi að gera gys að þeirri hugmynd n. að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, byggðri á því, að heildarlöggjöf yrði sett um hafnargerðir almennt. Mér finnst það eiga vel við, að heildarlöggjöf sé sett um þessi efni, því að mjög breytilegt framlag frá ári til árs ruglar alla fjárhagsáætlun, og frv. þau, sem nú liggja fyrir, gera ráð fyrir framlögum, sem skipta milljónum. Ég vil hafa hemil á því, hvað lagt er árlega fram til slíks, eins og t. d. til vega, brúa og síma. (MG: Það eru engin ákvæði til um það, hversu mikið fé skuli lagt árlega til vega og brúa). Það veit ég vel, en þau framlög eru ákveðin í hvert sinn í fjárl. eftir getu ríkissjóðs, en ekki látin af hendi í svo stórum slöttum, að fjárhag landsins sé í voða stofnað.

Þá var hv. þm. að gefa mér olnbogaskot fyrir það, að ég hefði farið fram á ríkisábyrgð fyrir mitt kjördæmi. Það er að vísu rétt, að ég hefi á undanförnum þingum fengið ríkisábyrgð á 170 þús. kr. láni fyrir tvo hreppa í mínu kjördæmi vegna rafvirkjunar, og nú fer ég fram á 90 þús. kr. ríkisábyrgð fyrir fjölmennt útgerðarsamvinnufélag þar í einni stærstu verstöðinni. En sá mikli munur er á lánsábyrgðum fyrir útgerðarfélag og hafnarbyggingu, að útgerðaraukinn lýtur beint og óbeint að tekjuöflun og tekjuaukningu fyrir ríkissjóð, en hafnarvirkin miklu miður. Annars verð ég að álíta, að það sé ekki lítill munur á því hagfræðilega skoðað, hvort gengið er í ábyrgð fyrir hérað, sem gefur ríkissjóði 400—500 þús. kr. á ári í tekjur, eða hérað, sem ekki gefur nema 100 þús. kr. í tekjur. Þrátt fyrir þetta og tekjurýrðina úr Skagafjarðarsýslu hefi ég þó mælt með því, að þar verði gerðar stórfelldar og dýrar hafnarbætur, í þeirri von, að tekjurnar muni aukast og atvinnuskilyrðin batna, en hinsvegar gat ég ekki komizt hjá að vekja athygli á þessu, úr því að hv. þm. fór að drekka mér til og gera samanburð um smávægilegan stuðning við mitt hérað við stóreflis styrk og ábyrgðir fyrir hans hérað.

Hv. þm. benti á það, að illa sæti á alþm. að draga úr verklegum framkvæmdum héraða og framfarahug. Ég fæ ekki séð, að n. hafi reynt til þess. Hv. þm. getur ekki ásakað okkur, sem erum í meiri hl. n., fyrir það, að við séum að leggja höft á framfaraviðleitni hlutaðeigandi héraðs, þegar við bæði leggjum til, að veitt verði tiltölulega stór fjárupphæð til verksins og ábyrgð tekin á jafnstóru láni fyrir héraðið. Hinu neitar vitanlega enginn, að lengra hefði mátt ganga í því efni, en þó því aðeins, að ekki hefði verið tekið fullt tillit til ríkissjóðs.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að þær ábyrgðir á ríkissjóði, sem svona eða á svipaðan hátt eru til komnar, nema nú nokkuð á 11. millj. króna, og það er skiljanlegt, að þær geti verið þyrnar í augum útlendra lánsstofnana, sem ríkið verður að leita til.

Mér virðist sú leið, sem meiri hl. hefir valið í máli þessu, vera eðlilegur millivegur milli yztu öfga. Þriðjungsframlag og þriðjungsábyrgð frá ríkissjóði er þó ekki óverulegur stuðningur við hafnargerðir kauptúnanna. Einhver skynsamleg takmörk verður að setja um þessar framkvæmdir, ef ekki á að sökkva ríkissjóði í botnlausar ábyrgðir.

Af því að það kom fram hér í umr. í dag, að ég væri ekki sjálfum mér samkvæmur í þessu máli og hefði vikið frá yfirlýstri skoðun á síðasta þingi, þá vil ég minna á það, að í fyrra flutti ég brtt. með hv. 4. þm. Reykv., er gekk í sömu átt og nefndartill. nú, að ríkið skyldi ekki leggja fram nema ⅓ fjárins til slíkra framkvæmda sem þessara. (PO: Áður var hv. þm. búinn að samþykkja framlag til hafnargerðar á Skagaströnd). Já, með fyrirvara. (PO: Hver var sá fyrirvari?). Ég greindi frá honum í dag og sé enga ástæðu til að taka það upp aftur.

Ég gæti nú í tilefni af ýmsu því, sem fram hefir komið í þessu máli, lengt umr. til muna, ef ég kærði mig um, og ég gæti tekið upp á því sama og hv. 2. þm. G.-K., að kasta hnútum á báða bóga, til þess að fá sem flesta hv. þm. til að standa upp og láta ljós sitt skína, en ég finn enga ástæðu til þess, því að ég óska, að málið komist sem fyrst í höfn og fái afgreiðslu. Ég vil þó aðeins bæta nokkrum orðum við til hv. 2. þm. G.-K. Hann sagði við mig nýlega, er við ræddum þetta mál, — að vísu undir fjögur augu —, að hann væri að mörgu leyti samþykkur meiri hl. n. og teldi till. hans hyggilegar; virðist því hér hafa slegið í baksegl hjá honum. En þótt við stundum rekumst óþægilega á, þá hefi ég það traust á mínum ágæta vini og gamla samverkamanni, að hann vilji nú standa við það, sem hann segir undir fjögur augur, og viðurkenna gönuhlaup sitt. Það kann að vera, að þessi hv. þm. þurfi af nýju að standa upp og leysa frá skjóðunni, annaðhvort til að leggja þessu máli liðsyrði eða að vinna á móti því, en ég mun láta hér staðar numið og umr. niður falla frá minni hendi.

Magnús Guðmundsson: Ég tók það fram hér í deildinni, að ég liti á þessi hafnarlög eins og símalög, sem oft eru samþ. hér á þinginu eins og áætlun fyrir framtíðina. Það hefir ekki við nein rök að styðjast, að ég vilji taka allt fjárframlagið í einu upp í fjárl. Mér er ljóst, að allt verður þetta að fara eftir því, hvernig fjárhagurinn er það og það árið. Mér er það ljóst, að allt þetta verður ekki unnið á einu, tveimur eða þremur árum, heldur á nokkuð löngum tíma.

Ég vil einnig benda hv. þm. V.-Húnv. á það, að hér er ekki verið að setja ákveðna upphæð í fjárl., heldur er verið að samþykkja, að þetta verk skuli unnið þegar fé er veitt í fjárl. Þetta virtist n. ljóst í fyrra, en nú hefir hún gleymt því.

Þá talaði hv. þm. um olnbogaskot, sem ég væri að gefa sér út af ábyrgðum, sem hann hefði komið á ríkissjóð fyrir sitt kjördæmi, og sagði, að það gæfi ríkinu auknar tekjur. Orð mín við hv. þm. voru þau, að hann hefði ekki alltaf verið svona hræddur við að láta ríkissjóðinn ganga í ábyrgð fyrir héruð, a. m. k. ekki þegar Suður-Múlasýsla átti í hlut. Eða dettur hv. þm. í hug, að þetta verk auki ekki tekjurnar til muna, eða hefir hann ekki opin augun fyrir þörfum annara landshluta, af því að góðar hafnir eru á Austfjörðum? (SvÓ: Ég þekki nú ströndina nokkuð). Hv. þm. þekkir hana ekki betur í Skagafirði en ég, því að ég hefi dvalið þar í 6 ár og veit til þess, að oft hefir ekki verið hægt að afgreiða skip vegna

hafnleysis, þannig að menn hafa ekki getað náð í nauðsynjavörur sínar.

Hv. þm. sagðist í fyrra hafa greitt atkv. með hafnargerð á Skagaströnd með fyrirvara, — en hver var sá fyrirvari? Hann var sá, að þar væri um lendingarbót að ræða. Þessa hafnargerð má þá eins kalla lendingarbót, og ef það er nóg til að fá fylgi hv. þm., þá skal það ekki skilja okkur.

Hannes Jónsson:* Hv. 1. þm. Skagf. spurði mig að því, hvort ég vildi ekki bíða með að ræða um þetta mál þar til það væri flutt í fjárl. og þykir mér vænt um þau ummæli hans, því að þá get ég máske vænzt stuðnings frá hv. þm. við kosningar, en það hefir mér þótt frekar ólíklegt til þessa. (**MG:** Kannske hv. þm. hafi haldið að ég mundi bjóða mig fram á móti honum?). Nei, því miður átti ég ekki von á því, en hinsvegar geri ég ráð fyrir, að ég myndi viss á þing, ef hv. þm. legðist á eitt með mér. — Hv. þm. lét það mjög í veðri vaka, að hann vildi ekki draga úr framfarahug héraða, en það vildi ég gera, og væri ég því hinn magnaðasti afturhaldsmaður. Afturhald og íhald hefir oft verið talið eitt og hið sama, og ég hygg, að hv. þm. hafi í það minnsta á þinginu 1924 ekki álitið það skömm fyrir sig að teljast til íhaldsins. Að því leyti er ég íhaldsmaður, að ég vil ekki verja fé ríkissjóðs þannig, að því sé stofnað í hættu, og ég hygg, að það mætti verja því miklu betur en hér er gert.

Mér finnst það einnig dálítið einkennilegt, að samkv. þessu frv. á héraðið að leggja tiltölulega miklu minna fram en þau héruð, sem aðeins hafa ráðizt í bryggjugerð, en ég fæ ekki skilið, í hverju það liggur. Mér virðist það algerlega óréttmætt, að svona mikill munur skuli ger á þessu tvennu, nema það sé meiningin hjá hv. fjvn. að stöðva bryggjugerðir með þessum ákvæðum. Ég er þó ekki að ásaka hv. 1. þm. Skagf. fyrir tvöfeldni í þessum sökum, enda hefi ég aðeins sagt það, að hann vildi ekki, að þau héruð, sem réðust í bryggjugerðir, væru styrkt eins og hin, sem vildu fá hafnir. Það álít ég alveg rangt, því að með því móti er verið að gera þeim hærra undir höfði, sem gera miklar kröfur, heldur en hinum, sem láta sér nægja með lítið. T. d. hefði Hvammstangi getað farið fram á styrk til hafnargerðar og hafið verkið án þess að ljúka því, og hefði þó ekki verið hægt að liggja þeim á hálsi fyrir það, ef þeir hefðu getað sýnt fram á, til hvers féð hefði verið notað. Við þessu hefði ekkert verið að segja og það hefði verið hliðstætt því, þegar sett var inn í hafnarlög Skagastrandar í fyrra, að það mætti byrja á verkinu, þótt það yrði ekki framkvæmt til fullnustu. Við þessar umr. hefir verið minnzt á það, að svipaðar ástæður lægju fyrir hafnargerð á Skagaströnd og Sauðárkróki, en ég verð að álíta, að það sé ekki rétt. Það kom fram í umr. í fyrra, að á Skagaströnd kæmi það oft fyrir, að ekki væri hægt að afgreiða skipin, svo að þau yrðu að sigla burt við svo búið. Yrðu þau þá að skilja vörurnar eftir á næstu höfnum, en það væri mjög bagalegt fyrir hlutaðeigendur. Þetta hygg ég, að hafi ekki komið fyrir á Sauðárkróki. Ég held, að sjaldan komi þau veður á Skagafirði, að skipum verði ókleift að athafna sig öðruhvoru megin við fjörðinn, að austan eða vestan. Það verður því ekki líku máli að gegna um Skagafjörð og Húnaflóa. Ég benti á áðan, að Skagaströnd er bezt fallin allra hafna þar norður frá til þess að taka við síldveiðum. (**Forseti:** Þetta átti aðeins að vera stutt aths.) Já, en ég vona, að hæstv. forseti misvirði það ekki, þótt hún verði í lengra lagi, því að ég mun ekki biðja um að fá að gera aðra aths.

Hv. 2. þm. Skagf. þarf ég ekki að svara frekar. Hann sagði, að það væru þrjú grundvallaratriði, sem mæltu með hafnargerð á Sauðárkróki og enn stæðu óhrakin. Ég hefi þegar bent á um eitt atriðið, að ef till. meiri hl. n. verða samþ., þá er þar með loku fyrir það skotið, að nokkuð verði úr framkvæmdum. — Í öðru lagi sagði hv. þm., að það væri ekki nægilegt, þó að skip geti athafnað sig t. d. á Hofsósi, ef það gæti það ekki um leið á Sauðárkróki. Ef það á að vera viðunandi fyrir Húnvetninga, að skip losi á Skagaströnd fyrir allar hafnir við Húnaflóa, þá ætti það því síður að vera tilfinnanlegt fyrir Skagfirðinga, þótt skip losi á Hofsósi í stað Sauðárkróks, enda kemur slíkt örsjaldan fyrir.

Það hefir verið talað um vegalengdir á landi í sambandi við þessar umr. Ég býst nú við, að hv. þm. myndi þykja það ærið langar leiðir, ef flytja ætti vörur frá t. d. Hólmavík alla leið austur að Skagaströnd. En við þetta er það að athuga, að slíkir landflutningar tíðkast alls ekki, því að undir slíkum tilfellum er beðið næstu skipsferðar og vörurnar fluttar á þann hátt.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ég mætti ekki vera það barn að halda, að allir þeir, sem skrifuðu undir nál. án fyrirvara, væru sammála í öllum atriðum. Ja, ég er nú að vísu ekki eins gamall og hv. þm., en samt sem áður hélt ég, að „Spegillinn" einn hefði rétt til þess að gera mig að barni, en ekki hv. 2. þm. Skagf. Annars ætla ég ekki að taka þetta illa upp fyrir hv. þm. (**Forseti:** Hefir ekki hv. þm. senn lokið máli sínu?). Jú, ég er nú rétt að enda.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði ennfremur, að ég hefði neitað, að höfn á Skagaströnd væri stefnumál stj. Ég hefi ekkert sagt á-kveðið um þetta atriði. Stj. vildi að vísu leggja þetta fram, en þess ber að gæta, að höfnin á Skagaströnd er alveg sér-staklega álitleg, svo að það er vel for-svaranlegt af Alþingi og ríkisstj. að styrkja það mannvirki ríflegar en mörg önnur. Frá því í fyrstu, er farið var að rannsaka hafnarstæði hér á landi, hefir hafnarstæðið á Skagaströnd verið talið eitt hið allra bezta, að dómi verk-fræðinga. (**Forseti:** Er nú ekki aths. lok-ið?). Jú sama sem, en ef hæstv. forseti sviptir mig orðinu, mun ég beygja mig fyrir því, en annars þurfti ég að segja ýmislegt fleira. (**Forseti:** Aths. hv. þm. er hér með lokið, en hann getur væntanlega fengið að gera aths. síðar). Jæja, þá er að taka því.

Jón Sigurðsson: Ég skal vera stuttorð-ur. — Ég get sparað mér að svara þeim hv. þm., sem nú var að setjast niður, því að þau atriði, sem hann gerði einkum að umtalsefni, hafa þegar verið rækilega rædd hér í deildinni, svo að ég get leitt hjá mér að tala um þau að þessu sinni. Hv. þm. hélt því fram, að oft væru þau veður á Húnaflóa, að skip gætu ekki at-hafnað sig, hvorki austan- eða vestan-megin flóans. Ég skal nú að vísu ekkert fullyrða um þetta, en þó vil ég draga það mjög í efa. Hygg ég, að sjaldan komi þau veður, að skip geti hvorki athafnað sig á Hólmavík eða Skagaströnd. (**HJ:** Það getur verið fleira en veður; það getur verið þoka, sem veldur slíku). Já, vitan-lega, en það getur víðar komið þoka en á Húnaflóa, t. d. á Skagafirði. En það skal játað, að ég þekki ekki þá þoku, að ekki sé hægt að ferma eða afferma skip. Ann-ars skal ég benda hv. þdm. á það, að Skagafjörður er alveg opinn fyrir í norð-angarði, svo að hvergi er hlé fyrir skip, enda kemur það þrásinnis fyrir, að skip verða að leita sér skjóls undir Þórðar-höfða og liggja þar, í stað þess að fá sig afgreidd á höfnum. Það er þess vegna alveg víst, að Skagafjörður þolir engan samanburð við flesta aðra firði landsins hvað þetta atriði snertir. En viðvíkjandi því, að Skagaströnd sé betur fallin til hafnargerðar sökum staðhátta þar heldur en Sauðárkrókur, þá má benda á það, að samkv. þeim skjölum og áætlunum, er lágu fyrir í fyrra, snertandi hafnargerð-ina á Skagaströnd, gat ég ekki séð, að slíkt væri á nokkrum skynsamlegum rök-um byggt. Bryggjupláss fæst þar t. d. alls ekki betra en á Sauðárkróki, nema síður sé, og yfirleitt eru öll skilyrði fyrir skip og afgreiðslu þeirra a. m. k. ekki betri en á Sauðárkróki, og þó er hafnargerðin þar álitin og áætluð dýrari en á Sauðárkróki. Mér er því ekki vel ljóst, í hverju sá mun-ur liggur.

Þá var hv. þm. að ræða um afstöðu mína í fjvn. til bryggjugerðar í Keflavík o. v. En þá er því til að svara, að ekki var gengið til atkv. um það mál í n., svo að hjal hv. þm. um þetta er gripið úr lausu lofti. (**HJ:** Það er bezt að spyrja form. n.). Það fara að tíðkast vitnaleiðslur nú á dögum, en annars má skera úr um þetta með því að athuga bókunina.

Yfirleitt er það mín skoðun á þessum hlutum, að sjálfsagt sé, að sýslufélögin leggi fram tiltölulega meira þegar um minni framkvæmdir er að ræða, svo sem bryggjugerðir, en ríkið styrki hinsvegar ríflega hinar stærri framkvæmdir, t. d. hafnargerðir.

Það verður svo ekki öllu fleira, sem ég þarf að svara að svo stöddu. Aðeins

vil ég taka það fram að lokum, og leggja hv. þm. það ríkt á hjarta, að framkvæmd þessa máls mun hafa stórkostlega þýðingu fyrir héraðið, enda er það fram flutt samkv. einlægum vilja og samhuga óskum héraðsbúa.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það hefir verið beint nokkrum orðum til mín, sem ég get ekki látið ósvarað. Get ég þó verið fáorður, því fæst af þessu hefir verið veigamikið, þótt ég vilji gera því nokkur skil.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri undarlegt, að við jafnaðarmenn værum á móti hinum ítrustu kröfum um ríkisframlög til slíkra framkvæmda. Ég verð nú að segja það, að ég sýndi skíran lit í þessum efnum í fyrra á þinginu. (MG: Hv. þm. hefir aðra afstöðu nú en í fyrra). Nei, alls ekki, en þess ber að gæta, að nú liggja þrjú slík mál fyrir þinginu, en í fyrra ekki nema tvö, sem fram komu. Hv. þm. gaf í skyn, að hann myndi láta kjósendur sína vita, hvernig með mál þetta hefði verið farið á Alþingi. Af þessum og öðrum orðum hv. þm. má ráða það, sem reyndar er vitanlegt, að hv. þm. er þetta kosningamál fyrst og fremst, miklu fremur en sannfæringarmál. En hv. 1. þm. Skagf., sem einu sinni hefir verið ráðh., ætti að vita það, að stundum verður þó ekki hjá því komizt að segja fólki afdráttarlausan sannleikann um það, hvað er hægt og hvað ekki. Ég held, að það séu nokkur takmörk fyrir því, hversu miklar byrðar ríkið getur tekið á sínar herðar. Og það verður í tíma að reisa skynsamlegar skorður gegn óhæfilegum fjárútlátum úr ríkissjóði til slíkra framkvæmda, enda þótt þær séu í sjálfu sér þarfar. Ég vil enganveginn leggja að jöfnu þá nauðsyn, sem er á höfn á Sauðárkróki, eða t. d. á Akranesi eða Keflavík. Ég viðurkenni, að höfn sé mjög nauðsynleg á Sauðárkróki, en hinsvegar getur engum dulizt það, að hafnarþörfin er öllu brýnni t. d. á Akranesi, vegna hinnar miklu útgerðar. Af Akranesi ganga nú um eða yfir 20 stór skip, en af Sauðárkróki aðeins fáeinir litlir vélbátar, svo að þetta er alls ekki sambærilegt. Líkt má segja um Keflavík. Þar er ætlunin að reisa bryggju, og samkv. till. n. á hreppurinn að taka á sínar herðar 170 þús. kr. af kostnaðinum, en Skagafjarðarsýsla öll að taka ábyrgð á aðeins 108 þús. kr. Það verður þess vegna ekki sagt, að n. láti Skagfirðinga njóta verri kjara en önnur héruð, sem líkt stendur á fyrir. En aðalreglan, sem n. vill fylgja í þessum efnum, er að láta héruðin leggja eitthvað af mörkum, taka á sig byrðar eftir því, sem er eftir atvikum hæfilegt.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Skagf. Hann lagði mikið upp úr því, að Sauðárkrókur væri sérstaklega illa settur sökum veðurfars, svo að skip gætu þrásinnis ekki fengið afgreiðslu þar sökum veðra. Ég neita því ekki, að þetta geti komið fyrir, en þótt svo sé, þá er nú ekki ýkjavegur yfir til Hofsóss, svo að skipin geta venjulega athafnað sig þar, ef þau geta það ekki á Sauðárkróki. Síðan er næsta skipsferð notuð til þess að flytja þær vörur, sem af þessum sökum komast ekki til réttrar hafnar á tilsettum tíma. Ennfremur má benda á, að fleiri hafnir eru við Skagafjörð, sem til greina geta komið í þessu tilliti, svo sem Kolkuós. (MG: Engin byggð þar nú). En annars er þetta ekki meginatriði málsins. Það, sem aðallega vakir fyrir hv. flm., er hinn upprennandi útvegur við Skagafjörð; flutningarnir eru aukaatriði. (MG: Það er hvorttveggja, sem vakir fyrir okkur). Hv. þm. sagði, að almennur áhugi lægi að baki þessu máli í héraðinu. Ef svo er, sem ég efa alls ekki, þá sannar það aðeins okkar mál í meiri hl., og þá ætti sá áhugi að koma fram í því, að héraðsbúar vilji nokkuð á sig leggja til framkvæmdar þessu máli, með því að taka á sig ábyrgð á sínum hluta kostnaðarins. Ég benti einnig á áðan, að þetta hafnarfrv. er í rauninni ekki ægilegt hvað kostnað snertir, því hann er áætlaður um 625 þús. kr., en hitt er alvarlegra, að fyrir þinginu liggja nú tvö önnur frv. um fjárframlög til hafnargerða, þar sem annað nemur um 1200 þús. kr., en hitt 400—500 þús. kr. Þegar ráðin eru örlög eins af þessum frv., þá verður að hafa hliðsjón af hinum tveimur. Ég satt að segja skil ekki, hvar þetta lendir, ef ríkið tekur slíkar byrðar á sig ár eftir ár. Erum við menn til að standast slíkt?

Hv. þm. talaði um það, að fólk væri hætt að haldast við í héraðinu og leitaði

burt til annara landshluta. Þetta má vel vera rétt, en heldur hv. þm., þótt höfn væri byggð á Sauðárkróki, að slíkir mannflutningar væru þar með úr sögunni? Það lögmál, sem gildir í þessum efnum, er það, að fólk leitar þangað, sem lífvænlegra er og betri afkomuskilyrði. Og hv. þm. veit það ósköp vel, að afli getur brugðizt á Skagafirði eins og annarsstaðar, hvort sem höfn verður byggð á Sauðárkróki eða ekki. Það er því enganveginn byggt fyrir það, að fólkið flytji burt úr héraðinu, þótt þetta frv. verði samþ. Hinsvegar ber á það að líta, að frá sjónarmiði bóndans ætti það ekki að vera neitt hnoss, ef upp risi í héraðinu stórt kauptún, og ég held, að hv. þm. taki því ekki málið frá þeirri hlið, eða þá að hann er orðinn víðsýnni og frjálslyndari en hann hefir hingað til fengið orð fyrir.

Ég held svo, að ég þurfi ekki að svara fleiru. Ég skil mætavel aðstöðu þeirra hv. þm., sem að frv. standa; þeir þurfa að hafa einhverju að hampa framan í kjósendur sína. En Alþingi, sem þarf að ráða fram úr þessum málum í heild, það þarf vissulega að líta á hagsmuni fleiri manna en þeirra, sem senda hv. flm. þessa frv. inn á Alþingi.

Að síðustu vil ég beina nokkrum orðum til hv. 2. þm. G.-K. Ég sé nú, að hann er flúinn úr deildinni, en ég vona, að einhver af hinum elskulegu flokksbræðrum hans muni flytja honum það, sem ég vík að honum nú. Það hefir verið rætt um afgreiðslu þessa máls í n. Hv. þm. fór með hrein ósannindi, og hefir þeim þegar verið hnekkt að nokkru leyti, og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það, en form. n. er reiðubúinn til þess að bera vitni um þá hluti, ef þarf. Um vinnubrögð n. ætti hann sem minnst að tala, því að hann hefir sízt stuðlað að greiðari afgreiðslu mála úr n., nema síður sé. Að vísu hefir hann fært sér til afsökunar á því, hversu illa hann hefir sótt fundi n., að hann hafi verið önnum kafinn sökum Íslandsbankamálsins. Þetta er þó ekki nema hálfur sannleikur, því að á 13 fundum af 23, sem n. hefir haldið, hefir hv. 2. þm. G.-K. ekki mætt, og tveir eða þrír af þessum fundum hafa verið áður en Íslandsbankamálið kom á döfina. Fer ég svo ekki frekar út í það; við höfum venjulega mætt þrír í n. og athugað hin minni mál. Þetta mál hefir verið hjá n. í 30 daga, en sum mál eru nú búin að vera 50 daga hjá n., sem ættu a. m. k. að koma jafnsnemma fram og þetta mál. Þau hafa í öllu falli siðferðislegan rétt til þess. En það er nú komið sem komið er og þýðir ekki um að sakast. En um hv. 2. þm. G.-K. er það að segja, að hann hefir beinlínis tekið sér þá afstöðu í n., að reyna á allan hátt að tefja afgreiðslu mála. Annað er ekki hans hlutverk í n. Úr því að farið er að tala um þetta, þá er bezt að segja sannleikann. Einkum ætti hv. 2. þm. G.-K. ekki að tala digurbarkalega um vinnubrögð n., því hann hefir of synduga samvizku í þeim sökum til þess að vera með nokkurn rembing og áfellisdóma á aðra. Hann ætti að spara sér slíkt. Honum er það sjálfum fyrir beztu. Vona ég svo, að hann melti þetta fram eftir nóttinni. Hefi ég svo ekki fleira að svara og get því látið máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það er ekki ætlun mín að fara að hefja þessar umr. að nýju, enda skoða ég málið útrætt hvað efnishliðina snertir. Aðeins vildi ég gera aths. við ýms þau ummæli, sem að mér var stefnt við fyrri hl. þessarar umr., og mun þó fara fljótt yfir sögu og sleppa mörgu af því, sem ég hafði skrifað niður hjá mér.

Hv. form. sjútvn., hv. 1. þm. S.-M., sagði, að inn í þessar umr. hefði verið dregið ýmislegt óviðkomandi hjal. Ég hefi ástæðu til að halda, að hv. þm. hafi átt við þær aths., sem ég gerði í sambandi við störf sjútvn., og vil því svara hv. þm. því, að það er honum sjálfum að kenna, að þetta hefir dregizt inn í umr. Hv. meiri hl. n. skýrði skakkt frá störfum n., eins og ég sýndi fram á við fyrri hl. umr., með því að lesa upp úr gerðabók n. Hirði ég ekki um að lesa þetta upp að nýju, en læt mér nægja að mótmæla því, að við í minni hl. höfum dregið þetta inn í umr. Á því á hv. meiri hl. n. sök, og enginn annar.

Hv. 4. þm. Reykv. beindi því að mér, að ég hefði lítið starfað í n. og sjaldan sótt fundi hennar. Það er nú að vísu rétt, að ég hefi ekki komið á ýmsa fundi n., en það er með öllu rangt, að ég hafi ekki sótt nema 10 af 23 fundum n. Ég má segja, að ég hafi ekki mætt á 8—9 fundum, sem stafar sumpart af því, að ég hefi verið veikur, og sumpart af því, að ég var allmjög riðinn við Íslandsbankamálið á sínum tíma og mat meira að vinna að lausn þess en að lesa sjólögin með hv. 4. þm. Reykv., enda gat ég eins vel lesið þau heima hjá mér eins og undir handarjaðri hv. 4. þm. Reykv. Og ég þori að segja, að ég sé eins vel lesinn í sjólögunum og hv. þm., og get lýst yfir því, að ég er reiðubúinn til þess að ræða þau við hann hvenær sem hann vill. Ég skal sýna það og sanna við umr. um þau, að málamyndalestur hans hefir ekki nægt honum. Annars hygg ég, að gerðabók sjútvn. beri það með sér, að einmitt þeir fundir n. séu merkilegastir, sem ég hefi sótt. Hv. þm. Vestm. getur ekki einn rekið á eftir störfum n., og er hann þó viðurkenndur dugnaðarmaður.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ég hefði sagt við sig undir fjögur augu, að till. hans væru skynsamlegar og að ég mundi því ljá þeim fylgi mitt. Þetta er ekki rétt haft eftir mér hjá hv. frsm. meiri hl., enda verð ég að játa, þó að ég hafi talsverðar mætur á honum, að hann hefir reynzt mér hinn hálasti í öllum viðskiptum. Að því leyti er þó þessi umsögn hans rétt, að ég sagði, að till. hans gætu verið skynsamlegar frá sjónarmiði ríkissjóðsins, en að ég hinsvegar gæti ekki aðhyllzt þær, vegna þess, að ef þær væru samþ., mundi framkvæmd þess verks, sem hér er um að ræða, niður falla.

Hv. 4. þm. Reykv. beindi því til mín, að ég notaði aðstöðu mína í sjútvn. til þess að tefja fyrir framgangi þeirra mála, sem mér væru ógeðfelld. Það kann að vera nokkuð til í þessu, enda finnst mér það ekki nema í alla staði eðlilegt og sjálfsagt, að ég sem þm. í minnihlutaflokki reyni eftir mætti að tefja framgang þeirra mála, sem ég tel skaðleg þjóðinni. Annað get ég ekki gert sannfæringar minnar vegna. Þegar ég get ekki beinlínis fellt lög, sem að mínu áliti væru skaðleg landi og lýð, er það siðferðisleg skylda mín að reyna að tefja, að þau nái fram að ganga.

Það er rangmæli hjá hv. 4. þm. Reykv., sem ég áður hefi mótmælt, að ég hafi látið líklega í n. um till. hv. form. n., hv. 1. þm. S.-M. Ég gerði tilraun til þess í n. að fá hv. form. n. til þess að standa við þessa till. sína, en þar sem hann virtist á báðum áttum um hana, sagði, að hún gæti átt við eitthvert málið o. s. frv., fannst mér ástæðulaust af mér að vera að herða að honum, ekki sízt þar sem ég sjálfur var andvígur till.

Ég tel ekki rétt að þreyta hv. deild lengur með karpi út af störfum sjútvn., þó að okkur, sem þá n. skipum, beri á milli um ýmislegt viðvíkjandi störfum n. Hitt er annað mál, þó að við gerum það á nefndarfundum.

Sigurjón Á. Ólafsson: Vegna þess hve hv. frsm. minni hl. var hógvær í þessari aths. sinni, get ég fyrir mitt leyti látið þessar deilur falla niður.

ATKVGR.

Brtt. 236,1 felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalla, og sögðu

já: ÁÁ, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ.

nei: BSt, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, SE, JörB.

Þrír þm. (ÞorlJ, BSv, MJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 14:5 atkv.

Brtt. 236,2 felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, LH, MT.

nei: SE, BSt, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO, JörB .

Þrír þm. (ÞorlJ, BSv, MJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14:6 atkv.

3.—19. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 55., 67., 69., 70. og 71. fundi í Nd., 17. og 31. marz, 2., 3. og 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 26).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 26).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 7 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 26, n. 539 og 564).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Steinsson): Ég veit ekki, hvort það hefir nokkra þýðingu að taka nú til máls um þetta mál. Mér sýnist forlög frv. ákveðin, svo að langar umr. verða varla til annars en að tefja tímann. Ég lít svipuðum augum á öll þessi mál, sem hér liggja fyrir, um hafnargerð á Sauðárkróki, hafnargerð í Dalvík og hafnargerð á Akranesi, og get því látið mér nægja eina ræðu um þau öll. Þessi hafnarmál komu fram snemma á þinginu og hafa verið athuguð vendilega í n. í Nd. og síðan samþ. þar með allmiklum meiri hl. Hingað til Ed. bárust þau þegar nokkuð var áliðið þings. Ég hygg, að það hafi verið í kringum 8. þ. m., sem þessum málum var vísað til sjútvn., svo að því verður ekki neitað, að n. hefir haft lítinn tíma til að afgreiða málin. Ég verð að segja það, að ef það hefði verið jafn áhugi allra nm. að afgreiða þau frá n., hefði afgreiðsla þeirra getað orðið liðlegri. Ég hygg, að þegar þau komu fyrir n., hafi a. m. k. einn nm. verið þá þegar ráðinn í því að ljá þeim ekki fylgi sitt úr deildinni. Annar minni hl., hv. þm. Ak., var að vísu tregur í fyrstu að láta þessi mál halda áfram, en þó varð það úr, að hann skrifaði undir sérstakt nál., þar sem hann leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt.

Ég verð að líta svo á, að það standi mjög líkt á með allar þessar þrjár hafnargerðir, sem hér liggja fyrir. Í Nd. voru færð fram mörg rök fyrir öllum þessum þremur málum, svo skýr og sterk, að þeim verður ekki mótmælt, og álít ég óþarft að fara að telja þau öll upp hér. Á öllum þessum stöðum eru hafnir mjög slæmar og því mikil þörf á því, að bætt sé um.

Í hafnalögunum var svo ákveðið, þó að ef til vill hafi eitthvað verið breytt í því efni á síðari þingum, að ríkissjóður skyldi leggja fram ⅓ hluta og ábyrgjast ⅔ hluta. M. ö. o., það hefir alltaf viðgengizt sú regla, að ríkissjóður ábyrgðist það, sem hann hefir ekki beinlínis lagt fram. Þetta er líka skiljanlegt. Fátækir hreppar gætu ekki lagt út í svona mannvirki, sem kostuðu hundruð þúsunda, án ábyrgðar ríkissjóðs. Þeir gætu alls ekki fengið lán nema með svona sterkri ábyrgð, og að neita þeim um hana væri sama og að neita þeim um höfnina.

Af þessum ástæðum legg ég á móti brtt. 2. minni hl. Það er ekki af því, að ég álíti ósanngjarnt, að hrepparnir leggi mikið fram án ábyrgðar ríkissjóðs, en þeim er það algerlega um megn. Ég vona því, að þessi brtt. verði felld, ef hv. flm. hennar vill ekki taka hana aftur, sem væri það eðlilegasta, og ennfremur af þeim ástæðum, að svo lítil líkindi sem eru til þess, að frv. verði samþ. óbreytt, þá eru engin líkindi til, að frv. nái fram að ganga, ef breyt. verða á þeim. Ég vona ennfremur, að þótt brtt. hv. þm. Ak. falli, þá verði það ekki til þess, að hann fari að spyrna fótum við framgangi þessara mála hér í d., heldur veiti þeim sitt fylgi, að þau nái fram að ganga.

Frsm. 2. minni hl. (Erlingur Friðjónsson): Þegar athuguð eru þau þrjú frv., sem hér eru á dagskrá, þá sést, að í einu frv. er hreppsfélagið skyldað til að leggja fram aðeins ⅕ hluta af kostnaði við hafn-

argerðina. Í öðru frv. er þetta ekki beinlínis tekið fram, en þó má skilja það svo, sem gert sé ráð fyrir um hafnargerð á Akranesi, að hlutaðeigandi hreppsfélag leggi fram allt að ⅕ hluta kostnaðar. Aftur er það svo um frv. það, sem hér liggur fyrir, hafnargerð á Sauðárkróki, að þar er ekki gert ráð fyrir, að þetta sé lagt fram undir eins við byggingu hafnarinnar, eins og þó er gert ráð fyrir í frv. um hafnargerð í Dalvík.

Þegar þessi mál voru til umr. í Nd., lýstu samflokksmenn mínir þar því yfir, að þeim þætti rétt að hafa samræmi í lögunum hvað þetta snerti. Þeir höfðu orð á því, að hægt væri að gera þessar breyt. í Ed. og svo gæti Nd. gengið að þeim breyt. Ég hefi ekki getað athugað þessi hafnarfrv. mikið, en ég hefi þó þá skoðun, sem mér finnst í raun og veru sjálfsögð, að það eigi að leitast við að hafa þar svo mikið samræmi sem auðið er. Um framlag ríkissjóðs til hafnargerða hafa gilt aðrar reglur en gert er ráð fyrir í þessum frv., þangað til samþ. var frv. í fyrra um hafnargerð á Skagaströnd. Það var sú regla, að ríkissjóður legði fram ⅓ hluta kostnaðar, en í lögunum um hafnargerð á Skagaströnd var tekin upp sú regla, að ríkið legði fram ⅖ hluta kostnaðar. Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram ⅖ hluta. Það er svo, að þegar einu sinni er búið að taka þá stefnu í hafnarmálunum, þá má segja, að það sé búið að fá festu sem regla, sem rétt sé að fylgja eftirleiðis. En sú regla á þá að gilda um allar hafnir, þar sem líkt stendur á. Þess vegna legg ég mikið upp úr því, að samræmi sé látið vera í öllum frv. Sé þess ekki kostur nú, álít ég betra, að þau verði ekki útrædd.

Þegar ég skrifaði mitt nál. og brtt., gerði ég mér von um, að frv. mundi ná fram að ganga á þessu þingi. Hv. þm. hefðu með sameinuðum vilja vel getað afgr. þessi mál með líkum afbrigðum og svo mörg önnur mál, sem afgr. hafa verið nú síðustu daga. Það sýnist liggja mjög beint við að afgreiða öll þessi frv. nú án breyt., en ég vil heldur, að það dragist einu árinu lengur og verði að lokum gengið svo frá þessum málum, að við megum vel við una í framtíðinni. Það er miklu betra en að láta það fara eins og verkast vill, hvernig þau hafnarlög eru, sem eru afgr. í hvert sinn, og svo er ekki samræmi í neinu.

Þessi litla breyt., sem ég fer fram á að gerð sé, er í 2. gr. í frv. um hafnargerð á Sauðárkróki. Þar er svo ákveðið, að ríkissjóður skuli ábyrgjast allt að 370 þús. kr., en brtt. ákveður, að ríkissjóður ábyrgist ⅔ hluta, allt að 250 þús. kr. Þá er eftir ⅓ hluti kostnaðar við höfnina, og ætlast ég svo til, að hlutaðeigandi kaupstaður leggi það fé fram um leið og byrjað er á verkinu, eins og gert er ráð fyrir í frv. um hafnargerð í Dalvík.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég álít nauðsynlegt að hafa samræmi í þessum lögum, þannig að ríkissjóður leggi fyrst fram ⅖ og í annan stað ábyrgist ⅖, en hlutaðeigandi kaupstaður leggi fram ⅕, þegar verkið er hafið.

Það má náttúrlega segja með gildum rökum, að þar sem á að byggja svona hafnir, séu menn oft mjög fátækir og geti því ekki lagt fram svona mikið fé, en þeim er þó vitanlega ætlað að greiða ⅗ hluta kostnaðarins í framtíðinni. En ég held, að ef þeir geta ekki á einhvern hátt útvegað ⅕ hluta af því, sem þarf til hafnargerðarinnar, án hjálpar ríkissjóðs, annaðhvort tekið það hjá sjálfum sér eða fengið lán hjálparlaust, þá sé ekki rétt fyrir þau héruð að leggja út í eins dýr mannvirki og þessar hafnargerðir eru. Ég er hræddur um, að þau héruð geti ekki risið undir þeim kostnaði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Þessi framsöguræða getur gilt sem framsaga fyrir öll þessi 3 hafnarmál, sem eru hér á dagskrá.

Hv. þm. hefir lýst andstöðu sinni gegn þeim brtt., sem ég hefi flutt við frv. En ég man ekki betur en að þegar ég minntist á þessar brtt. á nefndarfundi, að hv. þm. segði þá, að hann væri ekki ráðinn í því, hvort hann greiddi þeim atkv. sitt eða ekki. (**HSteins:** Nei, þetta er ekki rétt). En hv. þm. er fullráðinn í að vera á móti þeim nú; ég geri ráð fyrir, að það hafi kannske að nokkru leyti hert hans aðstöðu gegn þessum brtt., að líkurnar eru nú mun minni til þess að frv. nái fram að ganga á þessu þingi en þegar n. talaði um þessi mál, og ég hefi mjög svo vel skilið, að hv. þm. telji sér meiri á-

stæðu til að vera á móti þessum brtt., fyrst aðstaðan hefir dálítið breytzt hvað þetta snertir.

En þar sem hv. þm. var að minnast á Vestmannaeyjar sem dæmi þess, hve höfnin þar hefði lyft útveginum mikið, þá geri ég ráð fyrir, að þetta sé mjög rétt hjá hv. þm., en ég hygg, að útvegur Vestmannaeyja hafi þó verið allmjög vaxinn, þegar þeir byrjuðu á sinni hafnargerð. Ég tel það víst, að áður en hún kom að nokkrum verulegum notum, hafi útvegur þeirra verið allstór, og ef þeir eru færir um að leggja fram um 200 þús. kr. í hafnarsjóð sinn, sem ég hygg, að þeir leggi nú fram árlega til endurbóta á hafnargerðum sínum, þá tel ég, að þeir hafi verið færir um að leggja nokkuð til áður en höfnin var gerð þar, og það tel ég um staði, þar sem hafnir eru gerðar, að möguleikar séu til að vera annaðhvort búnir að safna nokkru fé, ellegar að skyndilega sé hægt að safna nokkru fé. En það vill almennt reynast svo, að það er léttast að ná fjársöfnun til eins og annars, áður en hafið er verk, sem almennur áhugi er fyrir; áhuginn vill frekar dofna eftir að verkið er hafið, svo að ég held, að það sé ekki óhyggilegur búskapur hjá ríkinu, sem á að leggja fram mikið fé og miklar ábyrgðir, að ríkissjóður eða Alþingi fyrir hans hönd geri nokkrar kröfur um það, að til sé eitthvað hjá þessum þorpum, áður en lagt er í verkið.

Nú vill svo vel til hjá tveimur af þeim stöðum, sem hér er verið að ræða um, að á öðrum staðnum, Akranesi, mun vera búið að safna nokkru fé, og í frv. um hafnargerð í Dalvík er gert ráð fyrir fimmtungsframlagi frá Svarfaðardalshreppi. Þetta ákvæði ætti því ekki að standa neitt í vegi fyrir því, að hafnargerð á Akranesi yrði framkvæmd strax, þó að sett væri inn í hafnarl. þar slíkt ákvæði og er í hafnarlögunum um Dalvík. Það má kannske segja, að það sé ósanngjarnt að gera þá kröfu til Sauðárkróks, sem gerð er til Dalvíkur, en samræmisins vegna held ég, að Alþingi geti ekki gert einum stað hærri kröfu en öðrum. Ég hygg því, að með engum rökum verði mælt á móti því, að það sé rétt að láta eitt og sama ganga yfir þessa staði alla, sem hér hefir verið rætt um.

Jón Baldvinsson:* Þegar þessi mál voru til umr. í hv. Nd., þá studdu Alþýðuflokksþingm. þau út úr d., en bæði í sjútvn. Nd. og eins undir umr. lýstu þeir því, að þeir myndu vilja gera á frv. nokkrar breyt. En það varð þó ekkert úr, að þessar breyt. kæmu fram sem till., annað heldur en það, sem kom fram í n. sjálfri. Það var þá um það rætt okkar á milli, að þessar till. myndu geta komið fram í Ed., og þó að það væri ekki nákvæmlega eins og um var talað í Nd., eru þær þó að mestu leyti shlj. þeim brtt., sem hv. þm. Ak. flytur nú við frv. Bæði hv. þm. Ak. og ég myndum sjálfsagt hafa verið fúsir til í einfeldni okkar að taka þessar till. aftur eða falla frá þeim, ef við hefðum haldið, að svo mikil alvara lægi á bak við flutning þessara mála hjá þeim mönnum, sem þau hafa flutt í þinginu, ef á því hefði staðið að geta komið þessum málum þannig í gegn. Þetta veit ég er sameiginleg skoðun okkar hv. þm. Ak., og ég hafði sannast að segja í kvöld, þegar þessar brtt. voru bornar fram, verið hálft í hvoru ráðinn í að greiða atkv. gegn þeim, þó ég í raun inni álíti, að þetta sé rétt stefna í hafnarmálunum, að þessar till. komist að, til þess eingöngu að koma ekki í veg fyrir það, að þessi mál komist fram. Ég tel, að þörfin sé mest hjá Akurnesingum og svo hjá Sauðkræklingum; en þegar ég fæ vitneskju um það, að flm. allra þessara frv., hv. þm. Borgf., hv. 1. og 2. þm. Skagf., hv. 2. þm. Eyf. og svo höfuð þess flokks, sem þrír hinir fyrstnefndu þm. teljast til, hv. 3. landsk., hafa gert samkomulag við stj. um það að slíta þingi áður en þessi mál ganga fram, þá álít ég, að ekki sé vert að draga aftur þær till., sem við fyrir löngu síðan höfðum boðað í Nd. og sem nú liggja hér fyrir fullskapaðar í því formi, sem hv. þm. Ak. hefir gefið þeim. En þetta er ekki af því, að ekki sé nægur tími til að afgreiða málin. Hv. þm. Borgf. þarf ekki annað en að sjá um það í sínum flokki, að fjárl. verði ekki afgr. fyrr en þessi mál eru komin í gegn. Ég fullyrði, að það er nægilegt atkvæðamagn til að koma þeim í gegn, ef það er nægilegur áhugi hjá báðum þm. Skagf. til að koma málinu í gegn fyrir Sauðárkrók, þá er nægilegt at-

kvæðamagn til þess, svo framarlega sem þeir ekki binda sig við það samkomulag við stj., sem segir, að eigi að slíta deildarfundum í kvöld. En ef það samkomulag er, sem ég hefi heyrt, þá þýðir ekkert, þótt frv. verði samþ. óbreytt, þegar enginn fundur verður settur á eftir.

Þeir hv. þm., sem hafa flutt þessi mál inn í þingið og ætla svo að skella skuldinni á aðra fyrir það að þau lúkast ekki, þeir verða engir hvítir englar, þegar þeir koma heim til kjósendanna, eftir að hafa komið í veg fyrir, að þessi áhugamál þeirri verði afgr., með því að semja við stj., sem alltaf er fús til að senda þingið heim. Ég segi fyrir mig, og ég tala þar einnig fyrir hönd jafnaðarmanna, að við erum reiðubúnir til að veita þessum málum stuðning með atkv. okkar áfram í þinginu við 3. umr., ef þau verða samþ. hér við 2. umr., hvort sem brtt. verða samþ. eða ekki. Við erum fúsir til að veita afbrigði; við ráðum því að vísu ekki einir, en við erum ásamt aðstandendum þessara hafnarlaga nógu sterkir til þess að geta komið málunum þinglega fram, svo framarlega sem það samkomulag, sem verið er að tala um nú, er ekki svo sterkum böndum bundið, að ekki verði rofið. En þá lýsi ég líka vígum þessara mála á hendur þeim hv. þm. Borgf., hv. 1. og 2. þm. Skagf. og hv. 3. landsk., því að þeir eiga þá sökina á því, að þessi mál verða ekki útrædd á þessu þingi; það er þeirra ágætu samvinnu að þakka við þá stj., sem þeir eru svo afskaplega mikið á móti, eins og kunnugt er.

Þetta var það, sem ég vildi láta koma fram við umr., því að það er rétt að láta það koma fram, rétt, að skömmin skelli á þeim hv. þm., sem hafa búið þessum hafnarmálum banaráð, þótt þeir ætli að dyljast svo vandlega, að ekki verði séð í gegnum. En það skal vera dregið fram í ljósið hér í Ed., að þeir geta ráðið því sjálfir, hvort þau verða samþ. eða ekki, að það er alveg undir þeim sjálfum komið, eftir því hvort þeir hafa áhuga og styrk fyrir þessum málum.

Jónas Kristjánsson:* Ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð í þessum málum, og þá helzt um það, sem mér er næst, en það er hafnargerðin á Sauðárkróki.

Hv. 2. þm. S.-M. gat ekki fallizt á þessi frv. af því, að ef byrjað væri að samþykkja þau, þá væri hvergi numið staðar. En það er um þessi mál að segja, að það eru nauðsynjamál, sem ekki verður stanzað við fyrr en þeim er lokið á þeim stöðum, þar sem þeirra er mest þörf. Það er svipað með þau eins og vegina, ef ekki hefði mátt byrja á þeim af því að fleiri kæmu á eftir og gerðu samskonar kröfur. Nei, það verður að byrja þar, sem þörfin er mest, og halda svo áfram; það á alls ekki að nema staðar í þessu máli, heldur byrja á því og halda svo áfram eins og geta leyfir.

Hv. þm. vildi líka halda því fram, að mótþróinn gegn þessu máli stafaði ekki af neinni óvild. Getur verið, en heldur þykjumst við Skagfirðingar hafa orðið fyrir kulda hjá Framsóknarflokknum, sem hefir drepið hvert áhugamál okkar Skagfirðinga á fætur öðru. Þegar borið var fram frv. um rafveituna við Sauðá, þá var því reyndar borið við, að það væri okkur ofurefli, en það varð ekki sannað, að ekki yrði við það ráðið hvað efnahaginn snertir.

Framsóknarflokkurinn sá sér fært að samþykkja hafnargerð á Skagaströnd; var þó ekki eins eindreginn áhugi um það mál þar í héraðinu eins og hjá okkur í Skagafirði; það var meira að segja mjög misjafn áhugi um málið þar, af því að það var mikil byggð á Blönduósi, sem þá hlaut að leggjast niður. En í Skagafirði er ekki nema einn vilji um það, að nauðsynlegt sé að koma upp höfn á Sauðárkróki, fyrst og fremst vegna þess, að fjörðurinn er allur hafnlaus, en vaxandi útgerð á Sauðárkróki, en höfnin slæm. Ennfremur er komið upp frystihús þar, til að geta flutt út nýtt kjöt, en hvað lítið sem á bjátar, þá geta skipin tafizt þar. Oft er fjörðurinn fullur af síld, svo að skipin geta fyllt sig á fáum klukkustundum, og fara svo með allan feng sinn til Siglufjarðar. En ef höfn væri á Sauðárkróki, myndi það ekki aðeins verða þeim stað einum til hagsbóta, heldur öllum Skagafirði.

Hv. þm. Ak. fann það til, að ekki hefði

þegar verið safnað fé til þessarar hafnargerðar. Það getur satt verið, en það eru fyrst möguleikar til þess, þegar maður veit, að höfnin muni komast upp, þá skapast möguleikar og tekjustofnar til að safna fé. Nei, ef áhuginn hefði verið hinn sami eins og t. d. á að koma upp tóbakseinkasölunni, þá er ég viss um, að þetta hefði gengið í gegn. En þegar sá galli er á, að áhuginn er minni fyrir þessu máli, af því að það stendur nær hugum andstæðinga Framsóknarflokksins heldur en tóbakseinkasalan, þá verður það að stranda; er það þó sýnt, að það frv. muni heldur verða til þess að rýra tekjurnar af þeirri sölu. Annars er ekki vert að lengja ræður um þetta mál úr hófi, þar sem svo er áliðið og ekki sennilegt, að frv. verði komið lengra á þessu þingi. Mun því lítið þýða að ræða það frekar en orðið er.

Ingvar Pálmason: Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni. — Hv. þm. Snæf. vildi ekki kannast við það, að þetta mál væri illa upplýst. Ég man nú svo langt, að þegar við höfðum til meðferðar frv. um hafnargerð á Skagaströnd, sem var hér á tveim þingum, hvoru eftir annað, þá þurfti sjútvn. Nd. að hafa það í tvo mánuði á fyrra þinginu, en í fullan mánuð á hinu, og ég verð að segja það, að þá voru ólík vinnubrögð við það frv. ellegar þau, sem nú hafa verið við þessi mál; veit ég þó ekki betur en að þeir, sem nú standa fastast með þessum málum, væru á móti því.

Hv. þm. sagði, að það væri enginn skaði skeður, þó að þessi frv. væru samþ., því að það yrði ekkert fé veitt í fjárl. til þessara mannvirkja. Ég veit það, en er þá mikill skaði skeður, þótt okkur þm., sem ekki er vel kunnugt um þessi mál, gefist kostur á að safna upplýsingum, því að þótt ýmsir hv. þm. komi hér með stuttar lýsingar og fullyrðingar, þá nægir mér það ekki sem fullgildar upplýsingar.

Hv. þm. sagði líka, að það væri engin þörf á því, að allar þessar hafnir yrðu byggðar í einu; það gæti komið að góðu liði, þótt það yrði ekki fyrr en smátt og smátt. Ég skal ekkert dæma um það; ég sagði einmitt, að það, sem ég segði, væri byggt á litlum upplýsingum. Það getur vel verið, að ég kæmist að annari niðurstöðu, ef mér gæfist kostur á að rannsaka málið.

Þá virtist mér hv. 5. landsk. vilja beina að mér svipuðu og kom fram í báðum ræðum hv. þm. Snæf., að ég sýndi þessum málum óvild. Ég veit ekki, hvað um það skal segja, en af því að hv. 5. landsk. minntist á frv. um hafnargerð á Skagaströnd, sem ég hefi lýst yfir um, að hefði verið betur upplýst, þá vil ég spyrja um, hvort það hafi verið af óvild gagnvart því máli, sem þeir þá greiddu atkv. á móti því. Það er á sama hátt um þetta, að það er talið af óvild gegn málinu, að ég geng ekki hispurslaust með því.

Þá sagði hv. þm., að ef ég hefði haft eins mikinn áhuga fyrir framgangi þessa máls eins og tóbakseinkasölunni, þá hefði málið horft öðruvísi við. Já, það má vel vera, en þar er nú svo mikill munur á; ég hefi fyrir löngu gert mér það fyllilega ljóst, en þegar ég þykist viss um, að hér sé verið að starfa til eins mikilla hagsbóta fyrir ríkissjóð og almenning eins og þar, þá fylgi ég þessu máli. En úr því að við minnumst á tóbakseinkasöluna, þá vildi ég beina því til hv. 5. landsk., hvort hann vildi nú ekki ganga að tóbakseinkasölunni með mér, því að þá gæti vel verið, að hann fengi um 200 þús. kr. í ríkissjóð til þess að verja til hafnargerðar á Sauðárkróki.

Ég verð að segja það um þessi hafnarmál, að ég býst ekki við að geta fylgt þeim á þessu þingi, því að ég hygg, að þingið verði varla teygt það lengi héðan af, að málin verði nægilega upplýst, en hitt er ég fús til að ganga inn á, ef það gæti orðið samkomulagsatriði að koma á tóbakseinkasölunni, að verja þá fyrsta ágóðanum af henni til þessarar hafnargerðar.

Jón Þorláksson: Ég stend aðeins upp til þess að andmæla orðum hv. 4. landsk. um samkomulag á milli flm. þessa hafnarlagafrv. og mín annarsvegar, en hæstv. landsstj. hinsvegar um það, hvenær þingi skuli slitið.

Það vita allir, að nú er komið að páskum, og við höfum ekki sýnt annað en liðlegheit við að veita afbrigði til að

koma fram málum, sem við vissum, að þingmeirihlutinn hefði á sínu valdi að koma fram. Við sáum ekki, að það væri neinn vinningur fyrir okkur að teygja þingið með því að synja um afbrigði, og mér finnst, að hv. 4. landsk. hafi verið með okkur í þessu öllu saman. En ég skil annað. Hv. þm. er nú hættur að hugsa um þingstörfin og er nú farinn að hugsa um þær kosningar, sem fram undan eru; hv. þm. gengur með vonda samvizku, og hans vonda samvizka knýr hann nú til að finna upp á þessu, til að víkja ábyrgðinni frá sér. En sannleikurinn er sá, að í Nd. báru þm. Alþýðuflokksins fram brtt. í eitthvað svipaða átt og hv. þm. Ak. Þessar brtt. voru felldar, og flokksmenn hv. 4. landsk. greiddu allir atkv. á móti frv. En við 3. umr. höfðu eitthvað tveir af þeim tekið sinnaskiptum og greitt atkv. með þessum frv.

Nú er það svo, að ef Alþýðuflokksmenn í Ed. hefðu veitt þessum málum fylgi sitt, þá er það alveg á valdi þeirra hv. 4. landsk. og hv. þm. Ak. að fá þessi lagafrv. afgr. frá þinginu, en það næst varla úr því, sem komið er, ef farið er að gera breytingar á frv. Það er náttúrlega ekki nema rétt, sem hv. 4. landsk. sagði, að bezt er, að skömmin skelli þar, sem hún á heima. Ef skömm er að því, að þetta frv. dagi uppi, þá skellur hún fyrst og fremst á þeim hv. 4. landsk. og flokksbróður hans, hv. þm. Ak, nema þeir hafi sinnaskipti i málinu nú þegar, en það er ég heldur vondaufur um, að þeir geri aftur. En ef þeir snúast á sveif með okkur sjálfstæðismönnum í þessu, geta hafnargerðafrv. vel orðið að l. í kvöld.

Jón Baldvinsson: Það er undarleg tilhneiging hjá hv. 3. landsk. að þurfa nú endilega að vera að andmæla því samkomulagi, sem allir vita, að orðið er milli hæstv. stj. annarsvegar og hans og hans flokksmanna hinsvegar, um að fresta a. m. k. deildafundum í kvöld. Vegna þessa samkomulags má það vel vera, að nú standi yfir seinustu fundirnir í báðum deildum. Þeir voru ekki að hugsa um hafnarmálin þá, hv. íhaldsmenn, þegar þeir féllust á þessa samninga um þingfrestun. Hvað kemur það eiginlega málinu við, sem hv. 3. landsk. talaði um í þessu sambandi, að komið er fram að páskum? Má ekki samþykkja hvaða frv. sem er eins fyrir því? Við skulum hugsa okkur, að Framsóknarflokkurinn neitaði um öll afbrigði frá þingsköpum, sem þurft gæti til að koma hafnargerðafrv. áleiðis. Þau þyrftu þá að bíða þangað til á þriðjudaginn kemur, það væri allt. Sé ég ekki betur en að þeir 3—4 dagar, sem þingið lengdist við þetta, væru stór sparnaður móts við það að þurfa að taka málið allt upp aftur á næsta þingi. — Þessu samkomulagi, sem ég var að tala um, vil ég undanskilja hv. þm. Snæf., sem hefir, það ég veit, sýnt fullan áhuga á að koma fram hafnargerðamálunum. En hv. 3. landsk. hefir tekið þátt í samkomulaginu og engin skilyrði sett um þessi mál. Það er því hann, en ekki ég, sem nú á að hafa vonda samvizku út af því að sálga frv. Ég er alveg sannfærður um, að hv. framsóknarmenn neita algerlega um afbrigði fyrir frv. í kvöld, þótt engar brtt. yrðu samþ. við þessa umr. Frv. verða því ekki að lögum í kvöld, og þá ekki á þessu þingi. Þetta vissu þeir fyrir hv. 3. landsk., hv. þm. Skagf. (MG og JS), hv. 2. þm. Eyf. (BSt) og hv. þm. Borgf. (PO), sem allir látast vera mjög áfram um að fá hafnargerðafrv. afgr. En hefði þeim verið nokkur alvara, þá hefðu þeir aldrei gengið að því, að láta síðustu deildafundina vera í kvöld. — Reynslan mun nú skera úr, hvor okkar hv. 3. landsk. hefir rétt fyrir sér um þetta. Ég vildi feginn óska, að ég hefði rangt fyrir mér og að þingi yrði ekki slitið fyrr en hafnargerðafrv. eru orðin að lögum. En ég hefi ekki mikla von um, að svo fari.

Jónas Kristjánsson: Hv. 2. þm. S.-M. kvartar æ undan því, að upplýsingar vanti í málinu. Þær eru þó allmiklar í grg. frv., og ef áhugi hefði verið fyrir að afla frekari upplýsinga, hefði hv. þm. verið innan handar að fá þær hjá kunnugum mönnum. En ég er hræddur um, að það hafi vantað áhugann.

Hv. þm. var í þessu sambandi að tala um tóbakseinkasölu. Ég vil út af því segja, að ég sé ekki nema einn kost við að taka upp það fyrirkomulag, þann kost, að tóbaksneyzlan verður minni, sökum

stirðari afgreiðslu og fleiri annmarka á verzluninni. Hinsvegar hefir þetta í för með sér nokkra áhættu fyrir ríkissjóð og bindur mikið fé, og eru það hvorttveggja stórir ókostir. Ég er sannfærður um, að þeir verða vonsviknir, sem halda, að tóbakseinkasalan verði til að auka tekjur ríkissjóðs. En það er eitt girnilegt við að koma henni upp frá sjónarmiði vissra manna, að hæstv. stj. fær þarna fjöldamargar nýjar stöður til að úthluta gæðingum sínum.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Steinsson): Það má segja um framkomu hv. 4. landsk. í þessu máli, að svo bregðast krosstré sem önnur tré. Allt fram á þennan fund taldi ég hv. þm. einn öruggasta fylgismann málsins, en nú vill hann allt í einu bregða fæti fyrir það. Því að það veit hv. þm. vel, að verði farið að samþ. brtt., er það sama og að fella frv. alveg. Jafnvel þótt málið kæmist svo langt fyrir þessu, að það yrði tekið fyrir aftur í hv. Nd., er það vitað, að meiri hl. þeirrar deildar er á móti því ákveðna atriði, sem brtt. fjalla um. Ef hv. þm. er málinu hlynntur, eins og hann segist vera, hví vill hann þá ekki gera það, sem unnt er, til að koma því fram? Nú er 2. umr. hér í hv. deild. Efast ég ekki um, að hæstv. forseti muni sýna þá sanngirni að taka málið til 3. umr. á nýjum fundi, að þessum loknum, ef hann fær áskorun um það frá meiri hluta deildarinnar. — Eftir snúning hv. 4. landsk. í málinu verður hann að fyrirgefa mér, þótt ég haldi, að honum hafi aldrei verið full alvara að fylgja því. Þótt eitthvað væri til í samkomulagi því, sem hv. þm. talaði um, get ég ekki séð, hvað það kemur þessu máli við. Frv. gæti alveg eins orðið að lögum í kvöld, þrátt fyrir það samkomulag.

Jón Þorláksson: Mér er það kunnugt, að flm. þessa frv. telja brtt. þá, sem fyrir liggur, svo mikla skemmd á frv., að þeir vildu alls ekki fallast á það svo breytt. Samskonar brtt. var felld í hv. Nd. af stuðningsmönnum frv. þar. Það er algerð vonleysa að ætla að koma málinu fram með þessari breyt. Ef hv. þm. Ak. vill málinu vel, á hann því að taka brtt. sína aftur og freista að fá frv. samþ. óbreytt. Ef málið fæst ekki tekið hér fyrir aftur, er nægur tími til að ónotast um ástæðurnar fyrir því, að það gengur ekki fram.

Jón Baldvinsson: Það þykir mér undarleg kenning hjá hv. þm. Snæf., að samkomulagið um fundafrestun komi ekki þessu máli við. Þegar við í mínum flokki höfum unnið að því að koma málinu inn á þann grundvöll, að hægt sé að koma frv. fram, þá kemur það upp úr kafinu, að sjálfir flm. frv. hafa gengið að samkomulagi, sem gerir afgreiðslu málsins óhugsanlega á þessu þingi. Ég hefi ekki gert mig sekan um nein óheilindi í þessu máli, en þegar ég sé öll óheilindin hjá aðalforvígismönnunum, sem látast vera, þá getur hv. þm. Snæf. ekki búizt við, að ég og flokksmenn mínir teygjum okkur lengra til samkomulags heldur en gert er í brtt. hv. þm. Ak. Því að það verður að hafa í huga, hversu mikið fé líklegt er, að ríkissjóður geti lagt fram til hafnargerða á næstu árum. Í fyrra var samþ. frv. um hafnargerð á Skagaströnd, hér liggja fyrir 3 frv., um hafnargerðir á Sauðárkróki, Akranesi og Dalvík, og vitanlega eru margir aðrir staðir hér á landi, sem hafa sömu þörf og sama rétt til hafna. Og það er ekki nóg að samþykkja lög um hafnargerðir; á sínum tíma þarf að veita fé til þeirra í fjárl. Á næstu árum munu kröfurnar um framlög koma yfir Alþingi eins og skriða. Þegar sú skriða kemur, verða menn að hafa gert sér ljóst, hver á að vera hluti ríkissjóðs. Það, sem nú yrði samþ. í því efni, hlyti að verða til fordæmis. Fyrir þá sök viljum við jafnaðarmann nú gera þessa tilraun til samkomulags, sem hægt verði að byggja á framvegis. — Hv. þm. Snæf. segir, að ég vilji enga tilraun gera til að koma málinu fram, heldur varpar allri sinni áhyggju upp á mig. Hann virðist segja sem svo: Flm. frv. eru búnir að búa því gröf, og nú skora ég á 4. landsk. að bjarga því. — Ef hv. þm. Snæf. og flokksbræður hans kæra sig nokkuð um að koma málinu fram, geta þeir hæglega fengið það samþ. með þeim breyt., sem hv. þm. Ak. leggur til. Ef málið yrði þannig afgr. frá þessari hv. deild í kvöld, mætti vel taka það

fyrir í hv. Nd. á laugardag og afgreiða það þaðan sem lög. Ég marka ekkert, þótt hv. 3. landsk. segi, að flm. frv. vilji ekki ganga að brtt. (**JÞ:** Þeir hafa sýnt það við atkvgr.). Það sannar ekkert, þótt þeir hafi þá viljað komast eins langt og þeir gátu. Þar fyrir kunna þeir að vilja sætta sig við minna nú.

Það er ekki rétt, sem hér hefir verið sagt, að jafnaðarmenn í Nd. hafi verið andvígir þessu máli. Þeir tveir flokksmenn, sem í þd. voru staddir, greiddu frv. atkv. bæði við 2. og 3. umr., og veittu því þannig fullkominn stuðning. Það er óréttmæt ásökun, að þeir hafi viljað bregða fæti fyrir málið, þótt þeir væru ekki sammála þeim grundvelli, sem í frv. var lagður fyrir framlögum úr ríkissjóði. Nú erum við jafnaðarmenn reiðubúnir til að veita öll þau afbrigði frá þingsköpum, sem í okkar valdi stendur, til þess að frv. geti náð fram að ganga fyrir þingfrestun. Og við erum einnig reiðubúnir til að sitja hér enn nokkra daga, til að geta látið frv. verða að lögum, ef ekki fást afbrigði. Þetta er málinu nægur stuðningur, ef hv. þm. Skagf. hafa ekki látið trossa sig saman við hæstv. stj. um að hætta nú þingstörfum.

Ég vil loks bæta því við, að þegar við jafnaðarmenn sáum, að farið var að draga saman með stóru flokkunum um að hroða af þinginu, þá gerði okkar flokksmaður í sjútvn. allt, sem hann gat, til að hraða málinu í n., svo að frv. gæti gengið fram, enda þótt það hefði skamma stund verið fyrir hv. Ed. Lýsi ég því allri sök á hendur flm. og „stuðningsmönnum“ málsins, ef það dagar nú uppi.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Steinsson): Hv. 4. landsk. hefir hvorki getað sannfært mig né aðra, né þvegið sjálfan sig með þessari síðustu ræðu. Hv. þm. sagði áður, að þeir hv. þm. Ak. mundu greiða frv. atkv., þó að brtt. væru felldar. En nú skein það í gegn, að þeir mundu ekki fylgja frv., nema þeir fengju þessar brtt. fram. (**JBald:** Jú, jú!). Hvers vegna vill hv. þm. þá vera að hrekja frv. aftur til hv. Nd.? Hv. þm. hefir lagt á einhvern flótta í þessu máli, hvað sem veldur. Ef þeir jafnaðarmenn vilja málinu vel, er það einfaldasta leiðin fyrir þá að taka brtt. sínar nú aftur þegar í stað og biðja hæstv. forseta að taka málið til 3. umr. síðar í kvöld. Ef hv. framsóknarmenn eru ráðnir í því að láta málið ekki ganga fram, þá synja þeir um afbrigði frá þingsköpum. En ég hefi enga ástæðu til að halda, að þeir muni gera það. Aðeins einn þeirra hefir talað, og að vísu heldur á móti málinu, en það er engin sönnun þess, að þeir muni beita svo harðneskjulegum ráðum sem þeim, að neita að veita afbrigði um mál, sem meiri hl. d. fylgir.

Ég læt nú útrætt um þetta mál,, og mun þetta vera síðasta aths. mín við þessa umr. Þó verð ég að lokum að leiðrétta þá meinloku hjá hv. þm. Ak., að framþróun kauptúnanna standi ekki í sambandi við hafnarmannvirki, sem þar eru gerð. Hv. þm. nefndi Vestmannaeyjar, og eru þær einmitt ágætt dæmi. Áður en höfnin kom, árið 1914, var fluttur út fiskur þaðan fyrir 585 þús. kr., en 1927 var útflutningurinn 4½ millj kr. Af þessum tölum má nokkuð marka mismun þann á aðstöðu, sem hafnirnar skapa.

Frsm. 2. minni hl. (Erlingur Friðjónsson): Það er rétt, að ég svari fyrst síðasta slagorði hv. þm. Snæf., að það sé eingöngu höfninni að þakka, að fiskútflutningur frá Vestmannaeyjum hefir áttfaldast á síðustu 15 árum eða svo. Þó að þetta megi þakka höfninni að nokkru leyti, getur hv. þm. ekki haldið því fram, að þetta sé eingöngu af hennar völdum. Vélbátaútvegurinn var ekki kominn á nærri eins hátt stig 1914 eins og nú, og aflaaukningin í Vestmannaeyjum er mest framförum hans að þakka. Hv. sessunautur minn bendir mér á, að einnig var allt annað verðlag 1914 en nú er, og gerir það mikinn mismun.

Út af fyrirspurn, sem hv. þm. Snæf. beindi til mín um það, hvort ég mundi greiða atkv. með frv. þegar brtt. mínar væru fallnar, þá vil ég taka fram, að ég mun gera það. Eins og ég hefi þegar skýrt frá, er ég hafnargerðum þessum fylgjandi og mun að sjálfsögðu beygja mig undir vilja hv. d., ef hún telur réttara að afgr. frv. án brtt. minna.

Ingvar Pálmason: Eins og sést á nál.

hv. þm. Ak., er afstaða mín nokkuð á annan veg en hv. meðnm. minna í sjútvn.

Eins og þessi hafnarmál lágu fyrir gat ég ekki lagt til, að þau næðu fram að ganga á þessu þingi, vegna þess að fyrir sjútvn. lágu ekki nægar upplýsingar og heldur ekki nein þau rök komið fram enn, sem mæli með því, að svo stór spor verði stigin í hafnarmálunum, eins og gert er ráð fyrir með frv. þeim, sem hér eru á dagskrá.

Þessa skoðun lét ég uppi á 1. fundi n., og má því finna þeim orðum stað í nál., þar sem sagt er, að ég vildi ekki, að málin gengju fram, þ. e. a. s. á þessu þingi.

Þessi mál skipta ekki alllitlu fyrir ríkissjóð, eins og bent hefir verið á. Og þegar um er að ræða að leggja á ríkissjóð kvaðir, sem nema um 900 þús. kr., og á viðkomandi héruð rúma 1 millj. króna, þá óska ég fyrir mitt leyti meiri upplýsinga og sterkari gagna en nú er kostur á að fá. Því að ef haldið er áfram á þessari braut, þá getur þingið ekki stanzað og verður að sinna slíkum beiðnum sem þessum, þegar þær koma fram.

Ég vil taka strax fram, að mér virðist ekki standa eins á í öllum þessum tilfellum, ef athugað er í fljótu bragði. Hv. þm. Snæf. vildi halda fram, að öll þessi mál væru svipuð eða ættu öll jafnmikinn rétt á sér. Má vel vera, að það reynist rétt við nánari athugun, en ég er ekki nægilega kunnugur til þess að fella dóm um það að þessu sinni, og það af þeim ástæðum, sem ég hefi tekið fram, að engin fullnægjandi gögn eru fyrir hendi, sem byggt verði á.

Þó getur mér ekki dulizt, að eftir öllum staðháttum á þessum stöðum, sem um er að ræða, verður að telja, að hafnargerð á Sauðárkróki sé frekast réttlætanlegust, eftir þeim litlu upplýsingum, sem fyrir liggja. Ég veit, að þar er um hafnleysi að ræða, og allt í kringum Skagafjörð hafnlaust svo að segja. En það verður ekki sagt um Dalvík, því þó að komið geti fyrir, að erfitt sé þar um lendingu, þá er þó skammt að leita góðra hafna, bæði innar í firðinum og á Akureyri, auk þess sem um skamman veg er að ræða að ná til Siglufjarðar. — Á Akranesi eru ekki heldur allar bjargir bannaðar, eins og sést á því, að Akurnesingar, sem eru mestu dugnaðarmenn, hafa komið sér upp stórum útvegi og rekið hann frá öðrum höfnum.

Það er rétt hjá hv. þm. Snæf., að málinu var vísað til sjútvn. þessarar hv. d. 8. apríl. En næstu dagana á undan hafði fjórum málum verið vísað til n., sem afgreiða þurfti á undan, svo það varð ekki fyrr en 11. apríl, að hægt var að sinna þessum hafnarmálum.

Nú getur vel verið, þó að ég viti það ekki, að eitthvert þessara sveitarfélaga, sem hér um ræðir, hafi safnað fé eða útvegað til þessara hafnargerða. En það er óupplýst með öllu og því ósaknæmt með öllu, eða engu spillt, þó að málin verði látin bíða til næsta þings, í von um, að aflað verði frekari upplýsinga. En ef þetta er samþ. nú og með því ákveðna framlagi úr ríkissjóði, sem frv. fara fram á, má ganga út frá því sem vissu, að fleiri kröfur koma á eftir, og þær alveg eins réttmætar og þær, sem hér eru gerðar.

Það má nú kannske segja, að hjá mér kenni nokkurs ósamræmis, er ég legg á móti frv. þessu nú, en er þó tilbúinn að greiða atkv. með að leggja stórfé í Vestmannaeyjahöfn. En þar er búið að leggja svo mikið fram úr ríkissjóði, að ekki er hægt að kippa að sér hendinni, svo að ekki hljótist tjón af. Vestmannaeyjahöfn ætti að geta kennt okkur það, að ekki er nóg að setja lög á pappírinn um hafnargerðir. Þegar sett voru lög um hafnargerð í Vestmannaeyjum, var ekki búizt við öllum þeim fjárhæðum, sem ríkissjóður hefir síðan orðið við að bæta, og þó er margt þar óunnið enn af nauðsynlegum mannvirkjum og sem gleypa mun mikið fé enn.

Ég verð því að líta svo á, að það sé ekki á neinum rökum byggt, sem kom fram hjá hv. þm. Snæf., að það væri unnið af óvild á móti þessum málum. Hvað mig snertir neita ég því algerlega. En fyrir mér vakir, að það sé ekki ráðlegt að leggja út á þessa braut, því að lögin verða ekki annað en pappírsplagg. Það er ekki hægt á þessum stöðum að byggja smátt og smátt. Hverja höfn fyrir sig verður að byggja í einu, svo að þær komi að gagni. Þó má vera, að svo hagi til á Akranesi, að komið geti til mála að byggja

höfnina þar smátt og smátt, en annarsstaðar ekki.

Brtt. hv. þm. Ak. eru spor í rétta átt, því að þær eru aðhald fyrir héruðin að krefjast ekki framlags úr ríkissjóði nema þau séu búin að tryggja sér að geta lagt fé á móti. Þess vegna mun ég greiða atkv. með þessum brtt. En þó verð ég að taka fram, að eins og málin liggja fyrir get ég þó ekki greitt þeim atkvæði út úr deildinni.

Ég hefi talað um öll þessi frv. í einu og gert það til verksparnaðar, til þess að þurfa ekki að svara aftur, enda gildir það sama um þau öll. Eins og þau liggja fyrir verður því ekki neitað, að þau eru óupplýst með öllu og ekki forsvaranlegt að láta þau ná fram að ganga að þessu sinni.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Steinsson): Hv. þm. Ak. vildi halda því fram, að óhyggilegt væri að leggja í þau mannvirki, sem hér er um að ræða, af því að viðkomandi héruð hefðu ekki fé í sjóði til að byrja með, og því væri rétt að samþ. brtt. þær, sem hann hefði borið fram.

En allflestar hafnir, sem risið hafa upp á síðari árum, hafa ekkert fé átt í sjóði nema Hafnarfjörður; hann mun vera eina undantekningin. Við skulum t. d. hugsa okkur Vestmannaeyjar og hvernig farið hefði um byggingu hafnarinnar þar, ef átt hefði að bíða þangað til svo og svo mikið fé væri til í sjóði. En einmitt vegna þess, að ráðizt var í að byggja höfnina í Vestmannaeyjum, hefir útvegur þar blómgazt svo hin síðari árin, að hann mun þar einna mestur orðinn á vertíðinni. Löggjafarvaldið verður að ganga á undan og hjálpa héruðunum til þess að koma upp þeim mannvirkjum, sem auka velmegun manna og þjóðarinnar yfir höfuð. Þess vegna er það ekki rétt hjá hv. þm. Ak. að heimta af héruðunum, að þau eigi digra sjóði áður en byrjað er á jafnnauðsynlegum mannvirkjum og hafnargerðir eru. Héruðin eru þess alls ekki megnug. Mér þótti leitt, að hv. þm. Ak. skyldi ekki sjá sér fært að taka aftur brtt., en hitt gladdi mig þó jafnframt, að hann lofaði að fylgja frv. út úr hv. d., þó að brtt. hans yrðu felldar.

Hv. 2. þm. S.-M. get ég svarað með fáum orðum, enda voru rök hans heldur léttvæg, er hann færði gegn frv. Hann hélt því fram, að mismunandi rík þörf væri fyrir hafnargerð á þessum stöðum, og rökin voru þau, að frá Akranesi og Dalvík væri víða hægt að leita lands, þegar ólendandi væri á báðum þessum stöðum. En með hafnargerð er ekki eingöngu verið að hugsa um lendingu skipa, heldur eru þær byggðar með það fyrir augum aðallega að auka framleiðsluna og glæða athafnalíf manna á þeim stöðum. Þó að sjómenn frá Dalvík geti leitað næstu hafna við Eyjafjörð og Akurnesingar náð til hafnarinnar í Reykjavík, þegar í nauðirnar rekur, þá verður það ekki til að hjálpa viðkomandi kauptúnum til þess að efla atvinnu sína, fjölga fólki o. m. fl., sem slíkum mannvirkjum er samfara. Ég vona því, að hv. 2. þm. S.-M. sjái og kannist við, að þetta eru engin rök í málinu. Hann sagði líka, að mál þessi væru illa upplýst og ekki verið hirt um að afla þeirra upplýsinga sem skyldi. Ég kannast alls ekki við, að svo sé. Það hefir verið leitað upplýsinga vitamálastjóra, eins og venja er um þessi mál.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði líka, að það væri ekki langur tími, sem þessari hv. d. væri ætlaður til að afgreiða þessi mál. Þetta er að vísu rétt, en þó er þessi tími svo langur, að ef áhugi hv. þm. væri jafnmikill fyrir þessum málum eins og tóbakseinkasölunni, er við vorum nú að afgreiða til 3. umr., þá væri ekkert auðveldara en að afgreiða málin í dag.

Þá kvartaði hann um, að ekkert fé væri veitt til þessara mannvirkja í fjárl. og engu safnað af viðkomandi héruðum, og þess vegna væri ekki rétt að samþ. frv. nú. En eins og ég hefi sýnt fram á áður, mundi dragast óþarflega lengi að byrja á þessum mannvirkjum, ef bíða ætti eftir því. En ef lög eru sett um þetta, má búast við, að því fyrr verði veitt fjárframlög þangað. Og á meðan ríkið ekki hjálpar, verður ekkert hægt að gera.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að ef þessi frv. yrðu samþ. nú, mundi ekki verða hjá því komizt að sinna samskonar beiðnum annarsstaðar frá. Ég sé ekkert á móti því; það er vaknaður — sem betur fer — almennur áhugi fyrir því á síðari árum að fjölga höfnum, og tel ég ekki líklegt, að

hlaupið verði í gönur um þær framkvæmdir, því að alltaf þarf að áætla um kostnaðinn í hvert sinn í fjárl.

Hann vildi líka fullyrða, að svo hagaði til á öllum þessum stöðum, að byggja þyrfti hverja höfn í einu. En ég held, að þetta sé ekki rétt og að hafnargerðin geti komið að gagni, þó að byggt væri smátt og smátt. A. m. k. hefi ég fyrir satt, að bæði á Sauðárkróki og Akranesi gæti hafnargerð komið að gagni, þó að ekki sé allt byggt í einu. (IP: Ekki á einum degi!). Og ekki á einu ári eða tveim, eða hvað hefir hv. 2. þm. S.-M. fyrir sér í því, að hafnir þessar þurfi að byggja í einu?

Hv. 2. þm. S.-M. hefir engin rök borið fram í máli þessu, og verð ég því að ætla, að það sé af óvild sprottið til þessara staða, og engu öðru, að hann vill koma frv. þessum fyrir kattarnef.

Frsm. 2. minni hl. (Erlingur Friðjónsson): Ég vil undirstrika það, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að þegar þessum hafnarfrv. var vísað til sjútvn., þá lágu 4 mál fyrir n., sem öll þurfti að afgreiða á undan. Og ég man ekki eftir, að neinn sérstakur áhugi kæmi fram hjá hv. þm. Snæf. fyrir því að taka hafnarmálin fyrr en þessum 4 málum væri lokið.

Við þessi hafnarmál var haft svo mikið, að þau voru tekin til meðferðar í sjútvn. þegar ég var bundinn á fundi í annari nefnd. Eftir þann fund skilaði hv. þm. Snæf. áliti sínu, og ég mínu nál. daginn eftir. Finnst mér því óþarft af honum að vera að gefa í skyn, að við meðnm. hans höfum lagt hömlur á, að þessi mál fái skjóta afgreiðslu.

Út af ummælum, sem nokkrir hv. dm. hafa haft um brtt. mínar við þessi frv., sem hér eru á dagskrá, að búið væri að fella í hv. Nd. samskonar brtt. við frv., skal það tekið fram, að engar slíkar brtt. hafa komið fram í Nd., og þá eðlilega ekki verið felldar þar. Þær brtt., sem meiri hl. sjútvn. flutti við þessi atriði í Nd., sem ég nú flyt brtt. um við þetta frv., voru þannig, að framlag ríkissjóðs yrði ⅓ alls kostnaðar, ábyrgð ríkissjóðs fyrir ⅓, og hlutaðeigandi hafnarsjóður eða kaupstaður eða sjávarþorp leggi strax fram ⅓ hluta kostnaðar. Mín brtt. er þannig, að það standi óbreytt aðalatriðið, sem samþ. var í hv. Nd., að ríkið leggi fram ⅖ hluta kostnaðar, en aftur á móti ábyrgist ríkið ⅖ hluta, en hlutaðeigendur leggi fram ⅕. Þetta er nákvæmlega sama og búið er að samþ. í Nd. í hafnarlögum fyrir Dalvík. Þessar brtt. eiga því í raun og veru ekki við annað en hafnargerð á Akranesi og Sauðárkróki. Að hverju leyti er það óeðlilegt, vil ég spyrja, að sömu ákvæði séu í hafnarlögum fyrir Sauðárkrók og Akranes, sem þetta þing er búið að samþykkja fyrir hafnargerð í Dalvík? Ég tel í rauninni sjálfsagðan hlut, að öll þessi hafnarlög séu samræmd.

Menn hafa verið að deila um afgreiðslu þessara mála í sjútvn. Í raun og veru er það hinn allra skemmsti tími, sem sjútvn. hefir getað varið þessum frv. til athugunar, til þess að geta með nokkrum rökum mælt með þeim eða móti. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að hægt sé að rannsaka þessi mál á skemmri tíma en sem svarar tveimur nefndarfundum hvert þeirra, og hefði þá þurft þrjár vikur til að afgreiða öll málin frá n., en n. varð að afgreiða þau öll á einum hálftíma fundi. Og ef á að ávíta n. fyrir það, að hafa ekki lagt eins mikinn áhuga í að koma þeim fram eins og frekast var mögulegt, þá er það algerlega óréttmætt. Væri miklu fremur hægt að áfellast n. fyrir það, að hafa íhugað þessi mál of lítið. Og það er vitanlegt, að sjútvn. hefir í raun og veru treyst því, að hv. Nd. hafi athugað þessi hafnarmál svo vel, að n. í hv. Ed. gæti réttlætt það að láta þau koma fram án þess eiginlega að athuga þau nokkuð. Því að það þarf ekki að stafa af langri athugun á málinu, þótt ég fyndi, að atriði í 2. gr. væri þannig lagað, að sjálfsagt væri að breyta, ekki sízt þegar búið er að afgreiða hafnarlög með nákvæmlega samhljóða ákvæðum og ég fer fram á að setja í þessi lög. Að þessi mál þurfi fremur að daga uppi í þinginu, þó að þessi breyt. sé gerð á þeim, það get ég ekki skilið. Það liggja ekki fyrir þessum málum meiri erfiðleikar en það, eftir að þessi hv. d. hefir afgr. þau, að vera tekin til einnar umr. í Nd.; sennilega er hægt að afgreiða þau þar á 5 til 10 mínútum. Hér í Ed. þarf sama tíma til að afgreiða þau

óbreytt eins og þó þessar breyt. yrðu á þeim gerðar.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Snæf. þóttist hafa skilið á mínum orðum, að ég gerði það að skilyrði til fylgis við þetta frv., að brtt. verði samþ. Ég held ég hafi hvorki látið skína í þetta í minni ræðu né sagt það, því að ég kom ekki að þessu í minni ræðu. En hv. frsm. 2. minni hl., þm. Ak., hefir gert um þetta yfirlýsingu, sem ég er sammála, sem sé að greiða atkv. með frv. óbreyttum, ef till. eru felldar.

Ég veit ekki, hvort ég á að gera hv. þm. Snæf. þann óleik að taka upp ummæli hans um það, að við værum að vísa málinu í opinn dauðann með því að samþ. þessa till. og senda það til Nd. Þetta, að varpa málinu í faðm flm. þess, kallar hv. þm. Snæf. að vísa því í opinn dauðann. Þá velvild hv. flutningsmanna get ég ekki skilið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 564 samþ. með 8:6 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

7.—12 gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

13.—19. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 83. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 585).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af hálfu stj., en deildin synjaði þeirra með 4:10 atkv., og þar sem þessi var síðastur starfsdagur deildarinnar, varð frv. ekki útrætt.

---

14. Heimavistir við menntaskólann.

Á 3. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimavistir við hinn almenna menntaskóla (þmfrv., A. 27).

Á 8. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Raforkuveitur utan kaupstaða.

Á 3. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða (þmfrv., A. 28).

Á 8. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Frv. þetta er að mestu leyti samhljóða frv. því um sama efni, sem lagt var fyrir Ed. á síðasta þingi. Meiri hl. þeirrar d. hefti framgang málsins að því sinni með því að vísa því til stj. Af umr. um málið virðist mega draga þá ályktun, að í hópi þeirra manna, er stóðu að því að vísa frv. til stj., hafi verið menn, er óskuðu, að stj. gerði eitthvað fyrir þetta mál. Nú er þing komið saman að nýju, og hafa þegar verið lögð fram stjfrv., en ennþá bólar ekkert á neinu í þessa átt. Við flm. þessa frv. töldum það því skyldu okkar að flytja það að nýju til þess að gefa Nd. einnig tækifæri til að segja álit sitt um málið.

Á undanförnum árum hafa ekki allfá heimili komið sér upp raforkustöðvum til heimilisnota. Stöðvar þessar eru misstórar, um 4—6 hestöfl, og kosta venjulega 3—10 þús. kr.; þó hefir þessi kostnaður orðið allmiklu hærri á stöku stöðum. Venjulega eru stöðvarnar svo stórar, að heimilin fá nægilegt afl til ljósa, matreiðslu, nauðsynlegrar upphitunar og til smáiðju, ef tæki eru til að notfæra sér aflið á þann hátt.

Ég hefi komið á heimili, bæði áður og eftir að þar hefir verið komin rafstöð, og munurinn var svo mikill, að mér fannst það eins og annað heimili. Þó býst ég við, að heimilisfólkinu hafi fundizt munurinn enn meiri.

Bændur, sem varið hafa 6—8 þús. kr. í þessu skyni, hafa sagt við mig, að það væri sízt ofborgað. Þeir sæju ekki eftir

því, og húsmæðurnar hafa verið á einu máli um það, að þetta væri bezta umbótin, sem hægt væri að veita heimilunum. Þannig hljóðar yfirleitt dómur allra þeirra, er reynt hafa. Enn er engin reynsla fengin fyrir endingu þessara smástöðva. Erlend reynsla mun þó benda í þá átt, að þessar stöðvar séu fremur endingarlitlar, og hafa þær verið lagðar niður, jafnóðum og samtök fengust um stærri virkjun. En þó að Íslendingar tækju ekkert tillit til þessarar erlendu reynslu og byggðu eingöngu úrlausn þessa máls á því að koma upp heimilisstöðvum, eins og harðvítugasti andstæðingur þessa máls í Ed. í fyrra, dómsmrh., hélt fram að væri hin eina rétta stefna í þessu máli, þá hlýtur hver maður að reka sig á það, að fjöldamörg býli víðsv. á landinu eru þannig sett, að þau eiga engan kost á vatnsafli, sem hægt sé að hagnýta til þess að koma upp heimilisstöðvum. Í sléttlendum eða þurrviðrasömum héruðum eru heilar sveitir, þar sem ekki er hægt af þessum ástæðum að koma upp einni einustu heimilisstöð. Í öðrum sveitum eru það kannske aftur einn, tveir, þrír eða fjórir bæir, þar sem slíku verður við komið. Það er einnig augljóst mál, að eftir því sem þeim býlum fjölgar, sem koma sér upp heimilisstöðvum, aukast að sama skapi örðugleikarnir á því að koma upp samvirkjun, er sæi þeim heimilum fyrir rafmagni, er enga aðstöðu hafa til þess að koma sér upp heimilisstöðvum.

En hvað á þá að verða um öll þessi heimili? Eiga þau um aldur og ævi að verða dæmd til að fara á mis við þann hagnað og þau lífsþægindi, sem raforkan getur skapað þeim?

Ég segi nei. Slíkt nær ekki nokkurri átt.

Aðaltilgangur þessa frv. er fyrst og fremst sá, að rétta þeim sveitum eða héruðum hjálparhönd, er lítinn eða engan kost eiga á afli til heimilisvirkjunar, svo að bændur geti fengið raforku með kleifum kostnaði. Í öðru lagi að gefa héruðum kost á að fá rannsókuð skilyrðin til samvirkjunar, svo að ekki sé hrapað að kostnaðarsömum heimilisvirkjunum, þar sem svo hagar til, að góð skilyrði eru til samvirkjunar. Loks er tilgangur frv. sá, að tryggja það, að ekki sé ráðizt í samvirkjun, fyrr en fram hefir farið fullnaðarrannsókn á hverjum stað.

Nú er svo háttað þar, sem ég þekki til, að eldsneyti, sem bændur almennt nota, er víðasthvar mjög dýrt. Mór er t. d. víða dýrt eldsneyti, ef miðað er við hitagildi hans, auk þess hafa margar sveitir ekkert eða mjög lélegt mótak. Kolin eru einnig dýrt eldsneyti, þegar búið er að flytja þau langt upp í sveit.

Mér hefir verið skýrt frá því, að með núverandi kolaverðlagi hafi smálestin komizt upp í 100 kr. eða þar yfir. Sauðataðsbrennsluna þekkja allir. Hún er mjög dýr, ef miðað er við áburðargildi sauðataðsins og sívaxandi þörf bænda á auknum áburði vegna útgræðslunnar. Í stað sauðataðsins verða þeir að kaupa tilbúinn áburð frá útlöndum fyrir stórfé. Bændur borga þannig útlendingum árlega mikið fé fyrir að brjóta kol og búa til tilbúinn áburð, í stað þess að láta fossana okkar framleiða orku, er losaði bændur við sauðataðsbrennsluna og kolakaupin.

Annað er það þó, sem rekur enn meira eftir þessu máli. Það er fólksleysið í sveitunum. Vinnandi fólki í sveitunum fækkar nú með hverju ári sem líður; víða er nú svo komið, að jafnvel á allstórum jörðum er nú ekki annað eftir en bóndinn og húsfreyjan, oft með hóp af ungbörnum. Þeir einir, sem eru þessu nákunnugir, geta gert sér í hugarlund, hvaða starf það er, sem hvílir á þessum konum. Það er látlaust strit frá morgni til kvölds, án þæginda eða hjálparmeðala. Og þrátt fyrir það verður fjölmargt ógert, sem nauðsynlega þyrfti að gera, af því að þær anna ekki störfunum. Sveitakonurnar eru líka farnar að bera þessa merki. Þreyta og áhyggjur slíta kröftum þeirra og starfsþoli löngu fyrir aldur fram.

Á síðustu áratugum hefir verið unnið að því að bæta aðstöðu bændanna með því að slétta túnin, nota vélar og hestafl við ýmsa útivinnu, girða löndin, færa saman hin dreifðu peningshús og byggja við þau hlöður. Þessar umbætur létta mjög starf bóndans og gera honum miklu léttara fyrir að komast yfir að inna af hendi útiverkin en áður var.

Öðru máli er að gegna með innanbæjarstörfin. Á því sviði situr flest í sömu

skorðum og fyrir 20 árum, að öðru leyti en því, að nú er húsmóðirin ein um það verk, sem áður var ætlað 2—3 konum. Um nokkurt skeið hefir hið opinbera beint eða óbeint stutt flestar þær umbætur, er þegar hafa verið taldar, með fjárframlögum eða lánum eða hvorutveggja. Það er þess vegna kominn tími til þess að rétta sveitakonunum hjálparhönd, en það verður á engan hátt betur gert en þannig, að stuðla að því, að sem flestum heimilum á landinu sé gert kleift að njóta þess hagræðis, er raforkan veitir, enda er það samhuga álit allra þeirra húsmæðra, sem ég hefi átt tal við og kynni hafa haft af rafmagnsnotkun, að ekkert mundi betur létta þeim störfin og gera þeim kleift að koma nauðsynjaverkum áfram en notkun rafmagns til heimilisþarfa. Auk þess er það ekkert vafamál, að almenn rafmagnsnotkun mundi umskapa heimilin, gera þau vistlegri og ánægjulegri og eiga drjúgan þátt í því að halda unga fólkinu kyrru í sveitunum.

Auk alls þessa, er hér hefir verið nefnt, getur rafmagn haft stórkostlega þýðingu fyrir bóndann, ef það er sett í samband við ýms vinnusparandi tæki.

Því var haldið fram í umr. í Ed. um þetta mál í fyrra, að það væri ofvaxið fjárhag ríkissjóðs að leggja fram það fé, sem frv. gerir ráð fyrir að verði varið í þessu skyni. — Meiri hl. fjhn. Ed., sem var andvígur frv., taldi, að tillag ríkissjóðs samkv. því mundi nema rúmum 11 millj. kr., ef koma ætti rafmagn heim á hvert heimili á landinu.

Mér ofbýður ekki þessi upphæð, þegar ég lít á þörf sveitanna í þessu efni og þá blessun, sem af þessu mundi leiða fyrir þær, og hinsvegar þegar að því er gætt, hvert óhemju fé þjóðinni hefir reynzt kleift að leggja fram til verklegra framkvæmda á undanförnum árum. Auk þess er óhætt að gera ráð fyrir því, að ýmsum heimilum muni henta betur heimavirkjun, vegna sérstakra staðhátta. Þess gengur enginn dulinn, að það mundi taka langan tíma að koma rafmagni um land allt, en því fyrr, sem byrjað er á því verki, því fyrr ætti því að verða lokið.

Það er vert í þessu sambandi að athuga, hversu nú stendur á um þær verklegu framkvæmdir í landinu, er ríkið leggur fé til. Samkv. skýrslu vegamálastjóra verður nú á næstu árum lokið við að byggja hinar stærstu brýr á fjölförnum vegum, en til brúargerða er nú árlega varið svo hundruðum þúsunda kr. skiptir. — Nú er verið að ljúka við að leggja langlínu um land allt, jafnframt því sem árlega er lagt mikið af héraðslínum. Mætti því fullkomlega gera ráð fyrir, þótt eftirleiðis yrði reynt að uppfylla kröfur héraða um símalagningar og brúargerðir á svipaðan hátt og nú er gert, að þá mundi á þessum liðum verða afgangs nokkurt fé, miðað við það, sem nú er árlega lagt fram, sem mætti verja til raforkuveitna í sveitum. Einnig má geta þess, að bráðlega er útrunnið það tímabil, sem ákveðið er, að ríkissjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári, og mætti því einnig nota þetta fé í áðurgreindum tilgangi.

Loks má geta þess, að árlega eru greiddar stórar upphæðir úr ríkissjóði, bæði samkv. fjárl. og ekki sízt utan fjárl., sem tvímælalaust verður að telja mörgum sinnum betur varið til raforkuveitna í sveitum en að nota þær á þann hátt, sem nú er gert. Það er þess vegna augljóst mál, að þótt frv. þetta yrði að lögum, þá mundi árlega verða hægt að verja allmiklu fé til þessara framkvæmda, ef vel væri haldið á fé ríkissjóðs. Þetta yrði hægt að gera án þess að auka skattabyrði landsmanna eða standa í vegi fyrir öðrum verklegum framkvæmdum eða stuðningi við atvinnuvegina. Hér liggur þess vegna fyrir að taka ákvörðun um það, hvort einhverju af fjármagni ríkissjóðs eigi að beina inn á þessa braut.

Að svo mæltu legg ég það til, að frv. verði vísað til fjhn., sem var sú n., sem fjallaði um málið í hv. Ed. í fyrra.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara um það mörgum orðum eða fara út í einstök atriði. Ég vil aðeins geta þess, að að sjálfsögðu munu allir þeir, sem hafa trú á því, að hægt sé að bæta lífsskilyrði manna hér á landi til sjávar og sveita, vera fylgjandi því að gera eitthvað endanlegt af hálfu landsbúa allra til að styðja að því, að hægt sé að nota

rafmagn til ljósa og hita. Ég vil aðeins segja það í þessu máli, að mér finnst það ekki rétt, sem fram kom hjá hv. aðalflm., að þetta sé aðallega gert fyrir sveitirnar, því eins og þetta frv. er sniðið, er það fyrst og fremst gert fyrir kauptúnin. En það vilja sjálfsagt allir stuðla að því, eftir því sem þeir telja fært, að þessar framkvæmdir verði gerðar, og að þær verði gerðar á skynsamlegan hátt. Vil ég sérstaklega leggja áherzlu á það, sem kom fram hjá hv. flm., að þegar ríkið á að fara af stað með slíkar framkvæmdir, þá má ekki fara af stað með þær fyrr en athugað hefir verið gaumgæfilega, á hvern hátt aðstoð ríkisins á að vera.

Þegar ég sigldi á konungsfund í fyrra, setti ég mig í samband við þann mann, Jakob Gíslason verkfr., sem Alþ. hefir undanfarið verið að styrkja til að athuga svona mál. Ég réði hann þá sérstaklega til þess að athuga þetta og aftalaði við hann, að hann skyldi verja þeim tíma, sem hann ætti eftir af námi sínu, til þess að búa sig undir þetta mál, og kæmi svo í þjónustu hins opinbera á eftir. Þetta varð svo, og fékk hann nokkra aðstoð frá ríkinu til að geta kynnt sér þetta vel; fór hann í þeim erindum til Noregs á eftir. Þegar hann kom heim, var hann ráðinn til að athuga þetta, ásamt vegamálastjóra og rafveitustjóranum í Reykjavík. Þessi n. hefir sérstaklega athugað þetta mál, og mun koma fram með rökstuddar till. — Ég nefni þetta af því, að hv. flm. sagði, að af stj. hálfu myndi ekkert hafa verið gert í þessu máli, en hv. þm. hefir vanrækt að spyrja um það, hvað stj. hafi gert í málinu, því ef hv. þm. hefði gert það, þá hefði hann auðvitað fengið allar upplýsingar um það, hvað stj. hefir aðhafzt. Ég hefi gert það, sem hægt er til að fá góðan undirbúning um þetta mál, og ég get skotið því inn hér, af því viðtali, sem ég hefi haft við sérfræðinga, að ég býst við, að þeirra till. muni ekki ganga í þá átt, sem hér er talin heppilegust í þessu frv.

Ég skal svo gera nokkrar alm. aths. við þetta frv. Eins og flm. vék að, er hér gengið inn á þá braut að styrkja með fjárframlögum úr ríkissjóði, á svipaðan hátt og hið opinbera leggur fram fé til jarðræktar, rjómabúa og frystihúsa. Ég bendi á þetta af því, að flest af þessu er nýtt, og að því leyti hliðstætt við það, sem hér er um að ræða. — Það er eins og hv. flm. benti á, að þarna er beinlínis verið að styrkja menn til þess, að framleiðslan geti orðið hægari og meiri; fjárstyrkur ríkisins miðar að því að auka getu manna til að standa undir þeirri byrði, sem ríkið leggur á þá, og það réttlætir styrkveitingar ríkisins að búa til styrkari stoðir undir ríkisbúskapinn.

Ennfremur hefir ríkið gert mikið til þess, að þjóðin fái betri híbýli. Það miðar ekki að því beinlínis, að framleiðslan verði meiri, heldur að því, að almenningur fái betri líðan. Það er hliðstætt við það að bæta lífsskilyrði manna óbeinlínis, t. d. eins og með rafveitu, til þess að menn geti sparað áburðinn, en aðallega er það til þess að auka vellíðan manna. En eins og máltækið segir, að það er nær skinnið en skyrtan, þá er það líka svo, að við verðum fyrst og fremst að hugsa um það að bæta afkomu manna, að gera framleiðsluna færari til að standa undir því, sem á hana er lagt. Þess vegna segi ég það, að þegar við eigum að taka afstöðu til þess að koma upp rafveitum til almenningsþarfa, þá er það hliðstætt við það, sem gert var með Byggingar- og landnámssjóði og verkamannabústöðum, en það er ekki eins nauðsynlegt og að styrkja menn til að auka afurðaframleiðslu sína.

Svo vil ég aðeins með örfáum orðum koma að fjárhagsatriði þessa máls. — Ég verð að segja það, að í því efni hefir undirbúningurinn verið allt of ófullkominn hjá hv. flm. Það var upplýst af öðrum aðila en flm. í Ed. í fyrra, að þetta myndi kosta 71—75 millj. króna, og frá hálfu flm. var ekkert sagt um það þá, hve langan tíma þessi virkjun myndi taka. En nú gerir hv. aðalflm. ráð fyrir, að þetta muni taka heilan mannsaldur, það er m. ö. o., að þjóðin eigi að leggja á sig tveggja millj. króna útgjöld á ári á meðan. En ég býst við, að þjóð, sem þarf svo mikið á sig að leggja til að bæta sína framleiðslu, til þess að borgararnir geti staðið undir þeim byrðum, sem verður að leggja á þá til þess að halda þjóðarbúskapnum uppi, þar sem ekki búa nema 100 þús. sálir, að það sé ofraun fyrir þjóðina að

leggja á sig tveggja millj. króna bagga á ári, til viðbótar við annað, þó það sé til að auka lífsþægindi hennar.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég tel það mjög ríka skyldu þingsins að kveða á um það, hvernig hið opinbera vill styðja þetta mál, og vil ég leita allrar samvinnu, sem unnt er, um það, en sérstaklega vil ég þó heyra till. sérfróðra manna í því efni. Ég vil benda á, að ég er ósamþykkur hv. flm. um það, að hægt sé að taka þetta fyrirtæki á ríkissjóð án þess að auka tekjur hans, og vil ég þá spyrja hv. aðalflm. og flokk hans, hvort þeim sé svo mikil alvara um þetta mál, að þeir séu reiðubúnir að afla þeirra tekna, sem með þarf til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Vil ég þá lýsa yfir því frá minni hálfu, að ég er reiðubúinn að taka í fjárl. útgjöld til þess, en vil um leið geta þess, að nú eru svo miklar byrðar á ríkissjóði, að ekki er hægt að leggja á hann útgjöld, svo mörgum hundruðum þúsunda króna skipti, án tekjuauka. Ég vil segja það fyrir mitt leyti og ég hygg fleiri, að við viljum leita að nýjum tekjustofnum áður en lengra er farið, og vilji hv. flm. og flokkur hans það, mun samvinna við okkur verða auðsótt.

Magnús Jónsson: Hæstv. atvmrh. sagði gamla sannleikann, sem náttúrlega er alltaf í gildi hér, að það er ekki nóg að setja fram þarfirnar og sýna fram á, að eitthvert mál sé bæði gott og þarft, til þess að einsætt sé að samþ. það þegar. Menn verða náttúrlega að velja þar á milli, hvað nauðsynlegast sé og kalli mest að.

Þegar um þetta mál er að ræða, sem hér er á dagskrá, er þess vegna um það að gera, hvort þær framkvæmdir, sem hér er farið fram á í þessu frv., séu svo nauðsynlegar, þörfin svo brýn, að réttmætt sé að flýta því máli svo mikið, að réttara sé að láta eitthvað annað sitja á hakanum.

Hæstv. atvmrh. vildi skipta í tvo flokka þeim málum, sem ríkissjóður stuðlar að framkvæmdum á með fjárframlögum, annarsvegar þegar fé væri veitt til þess beint að auka framleiðslu í landinu og gera menn að styrkari skattþegnum, þ. e. a. s. þegar verið er að styrkja fyrirtæki, sem skila nokkru aftur í ríkissjóð í náinni framtíð. En hitt er þegar verið er að styrkja menn til betri lífsþæginda. Hæstv. ráðh. taldi, og kannske með réttu, að hyggilegra væri að láta það sitja í fyrirrúmi, sem miðaði til þess að gera menn að styrkari skattþegnum, en láta hitt frekar sitja á hakanum. En þegar hæstv. ráðh. svo vill skipa þessu máli í síðari flokkinn alveg skilyrðislaust, þá hygg ég, að það liggi í augum uppi, að það er ekki rétt. Hv. 1. flm. málsins sýndi ljóslega fram á það, að þetta frv. er ekki aðeins til að auka lífsþægindi manna, til að gera þeim vistina notalegri og gera þá ánægðari með að vera kyrrir þar sem þeir eru í sveit komnir, heldur á þetta einnig að geta stuðlað mjög mikið að aukinni framleiðslu og að því að bæta efnahag manna. En svo held ég, að hæstv. ráðh. hafi litið yfirleitt of grunnt á þetta mál með þessari flokkaskiptingu sinni, því að hvað er fyrsta skilyrðið til þess, að meiri afurðaframleiðsla náist til sveita? Það hlýtur þó að vera fyrsta skilyrðið, að fólkið sé þar fyrir hendi, að þar séu einhverjir menn, sem við landbúnað vilja fást, og það er sannarlega sú al-alvarlegasta hætta, sem vofir yfir, að sveitirnar tæmist að meira eða minna leyti, og að engir byggingarlánasjóðir eða tilbúinn áburður nægi til að ráða bót á því, vegna þess að fólkið flykkist burt úr sveitunum. Ég hygg þess vegna, að þau málin, sem miða til þess að gera lífsþægindin meiri í sveitunum, séu fyrst og fremst til þess að auka framleiðsluna til sveita. Það er kannske erfitt að gera upp á milli þessara tveggja flokka, en ég vil segja það, að það mál, sem sameinar hvoratveggja flokkana eins vel og þetta, það ætti eiginlega að geta gengið fyrir öllu öðru.

Það er annað atriði líka, sem mér finnst, að verði að koma til greina. Við getum skipt þeim málum, sem fyrir liggja, í tvo flokka. Sum góð mál eru þannig, að það er náttúrlega skaði að þurfa að láta þau bíða, vegna þess að menn langar í hagsmunina strax, en svo eru önnur mál, sem beinlínis spillast við það að bíða, og þar er einmitt þetta mál mjög framarlega. Það er ekki rétt að draga kannske þing eftir þing framkvæmdir í slíku máli sem þessu, því að það leiðir ekki aðeins af

þeirri bið, að menn nota ekki þá auknu möguleika til meiri framleiðslu og betri líðunar, sem af þeim framkvæmdum mun leiða, heldur fylgir þar með, að málið spillist með hverju ári. Það er sagt, að ekki þurfi nema einn gikk í hverja veiðistöð, enda er hann þegar kominn hér. Menn eru þegar farnir að koma sér upp sérstökum rafstöðvum, þeir, sem eru áhugasamastir og einhvers megnugir og þess vegna verst að missa úr félagsskapnum. Það getur farið svo, ef þetta mál verður látið dragast lengi, að almennar raforkuveitur komist alls ekki á í mörgum héruðum, vegna þess að svo margir af þeirra beztu mönnum gangi frá, af því að þeir hafa skuldbindingar á sér af einkaraforkuveitum. Ég er viss um, að þetta mál mætti draga svo lengi, að það yrði ónýtt, þegar það kæmi til framkvæmda. Auk þess er það, að einkastöðvar eru oft hálfgerðir gallagripir; mönnum er ávallt sagt, að þær séu fullkomnar, en það getur verið sérstaklega hættulegt að því leyti, að hér er farið inn á það svið, sem mönnum er ekki vel kunnugt um. Það er hægt að láta menn „ganga í vatnið“ til að koma upp stöð, ef maður kemur og segist skuli gera það eitthvað ódýrara en annar, því að þá hættir mönnum við að glæpast á lægsta tilboðinu, og fá þá máske hluti, sem eru mjög lítils virði, kannske miklu minna virði en það fé, sem fyrir þá hefir verið látið. En að koma þannig í veg fyrir, að menn séu ginntir til að kaupa hluti. sem eru lítils virði, mælir mjög með þessu frv., því að stórar rafveitur eru mjög öruggar og langvissastar.

Ég ætla annars ekki að lengja mjög umr. um þetta mál. — Það hefir komið til mála í einu héraði að byrja á slíkri almenningsvirkjun, og það er ákaflega lærdómsríkt að frétta um það, hvernig málinu þar er tekið. Þótt þar séu flokkadrættir miklir, sem í öðrum héruðum, urðu þó allir ásáttir um þetta mál, og varð til um það þessi vísa:

Allir voru sammála um hið mikla hnoss,
ef það væri mögulegt að virkja Reykjafoss.
Við pólitískar orkuveitur enginn vildi
sýsla
og Arnór tók í nefið úr dósunum hjá
Gísla.

En Arnór og Gísli eru mestu andstæðingarnir í héraðinu; við getum litið á þá sem forvígismenn fyrir flokkunum, sem vilja spilla málunum hvor fyrir öðrum. En svo kom mikilsvarðandi mál, sem allir urðu ásáttir um, og þá varð samlyndið svo mikið, að Arnór tók í nefið hjá Gísla.

Þetta er eins og þegar eitt stórskáldið okkar lýsti því ástandi, sem sagt er að koma eigi, að ljónið leiki sér með lambinu, — og mér finnst það illt, af hæstv. stj. ekki vill fara hér að eins og þessir góðu menn. Ég get ekki neitað því, að mér finnst dálítið kenna þess í ræðu hæstv. atvmrh., að honum finnist ekki lítið undir því komið, að hægt væri að leysa þetta mál einhvernveginn öðruvísi heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. En það væri ákaflega illa til fallið, ef spurningin um aðferðina væri látin ráða úrlausn þessa máls.

Flm. (Jón Sigurðsson): Ég þarf ekki að vera langorður, því að ég hefi fáu að svara, og svo hefir hv. síðasti ræðumaður tekið af mér ómakið með að svara ýmsu.

Ég get verið hæstv. ráðh. þakklátur fyrir upplýsingar sínar og fyrir það, sem hann hefir unnið fyrir málið, og hefir nú, að því er mér skilst, skipað nefnd góðra manna til að rannsaka þetta mál. Þetta get ég verið hæstv. ráðh. þakklátur fyrir, en vildi jafnframt spyrja, hvenær mætti vænta álits frá þessum mönnum.

Þá vil ég leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væru kauptúnin, sem hefðu mestan hagnað af, ef þetta frv. yrði að lögum. Ég skil ekki þann barnaskap að slá þessu fram, því að þótt kauptúnin séu ekki útilokuð með þessu frv., þá er það þó öllum vitanlegt, að það eru kauptúnin með sínu þéttbýli, sem hafa möguleika til samvirkjunar, þótt þau njóti einskis beins stuðnings eða fjárframlaga frá því opinbera. Aftur á móti er óvíða svo þéttbýlt í sveitunum, að raforkuveitur beri sig fjárhagslega nema með miklum fjárframlögum frá ríkissjóði. Það er því auðsætt, að það er stór vinningur, að kauptúnin verði í félagi við sveitirnar um þessar framkvæmdir, enda er gert ráð fyrir því, að fjárframlag ríkissjóðs sé mismunandi, eftir því hvort sveitarfélag

er í sambandi við fjölmennt kauptún, sem með sinni miklu rafmagnsnotkun getur styrkt fyrirtækið óbeint. Það sjá allir, að það er mikill munur að hafa kauptún sem endapunkt, sem tekur kannske mörg hundruð hestöfl svo að segja á einum stað, eða ef línan ætti að leggjast með bæjum, þar sem hver tekur svona 4—6 hestöfl. Það er þess vegna styrkur fyrir málefnið, að kauptúnin verði með, því að það verða alls ekki sveitirnar, sem bera uppi kauptúnin í þessu efni.

Þá vildi hæstv. ráðh. gera mikið úr því, hve mikill munur væri á eðli þessa máls og ýmsum þeim, sem styrkur er veittur hér á þingi, t. d. jarðabótastyrkur og styrkur til vélasjóðs o. fl. þess háttar, og taldi, að hér væri aðeins um að ræða aukin þægindi, menn fengju aðeins notalegra líf o. s. frv. Ég hafði raunar áður bent á, að frá þjóðhagsfræðilegu sjónarmiði væri það ekki vansalaust að kaupa það frá útlöndum, sem við gætum framleitt sjálfir, og átti ég þar við áburðarkaupin í sambandi við áburðarbrennsluna. Auk þess er enginn vafi á því, að ræktun landsins biður ekki alllítinn skaða við það. En ef það er mikils virði að fá túnin sléttuð, svo að bændur geti komizt af með einn vinnumann í stað 3—4, þá er það ekki síður mikils virði að létta verki af herðum kvenfólksins, svo að ein kona geti afkastað því verki, er 3 þurfti til áður, ekki sízt þar sem víða er svo komið, að ekki er nema húsfreyjan ein kvenna á bæjunum, og oft nálega ófáanleg hjálp til innanbæjarstarfa, hvað sem á liggur. Enginn neitar því, að rafmagnið getur sparað stórkostlega mannsaflið bæði innanbæjar og utan, ef það er notað þannig.

Hér er því um stórkostlegan vinnusparnað að ræða. Sérstaklega ber að gefa gaum að því, að vinnukraftur er víða því nær enginn, enda þekki ég jafnvel dæmi þess, að á sumum heimilum er enginn kvenmaður, og verða karlmennirnir jafnvel að elda matinn ofan í sig sjálfir. Af þessu má ljóslega ráða, hvílík nauðsyn er á, að hafizt sé handa sem bráðast til þess að hagnýta betur vinnuafl sveitanna. Hver getur sagt, hversu lengi sveitakonurnar okkar endast, ef þær eiga lengi að búa við þau erfiðu kjör og það óhemju strit, sem þær eiga nú við að búa. — Nei, það er áreiðanlega hraparlegur misskilningur eða fáfræði hjá hæstv. ráðh., að hér sé farið fram á einhvern „luksus“ sveitakonunum til handa. Hér er um að ræða blákalda nauðsyn, sem ekki er hægt að loka augum fyrir. Sveitakonurnar hér á landi bæða sannarlega ekki í rósum, þótt eitthvað sé gert til þess að bæta hagi þeirra.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að tala frekar um þetta, þar eð hv. 1. þm. Reykv. tók að mestu af mér ómakið hvað ræðu hæstv. ráðh. snertir. Þó vil ég ekki láta undir höfuð leggjast að segja nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um kostnaðarhlið þessa máls. Hann kvað engar kostnaðaráætlanir liggja fyrir þinginu um þetta mál, hvorki nú eða í fyrra. Þetta er að vísu rétt, en ég vil biðja hv. þdm. vel að athuga það, að um heildaráætlun um svo umfangsmikið mál getur aldrei verið að ræða, svo að nokkuð sé á að byggja. Þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, taka sennilega langan tíma, jafnvel mannsaldra. Enginn getur nú sagt með neinni vissu, hvaða verðlag verður á vinnu og efni eftir t. d. 20—30 ár. Ef ætti að fara að gera áætlun um slíkt, væri það fálm út í loftið og ekkert annað. Slík áætlun væri einungis leikfang, því hún gæti ekki stuðzt við neinn raunveruleika í framtíðinni. Enda hefir það ekki hingað til verið venja þingsins að krefjast ítarlegra rannsókna og áætlana um hinar ýmsu framkvæmdir. Mönnum hefir verið það alltaf vel ljóst, hversu lítið er einatt á slíkum plöggum að byggja. Oft hafa þau reynzt verri en ekki neitt. Stj. hefir heldur ekki gert þær kröfur til sjálfrar sín í þessu efni, sem hún gerir nú til okkar flm. þessa frv. Þess er skemmst að minnast, að á þinginu í fyrra var töluverð togstreita um það, hvort það myndi kosta 30 þús. eða 100 þús. að koma upp ákveðnum girðingarspotta. Stj. hafði flutt frv. um að ríkissjóður kostaði þessa girðingu, en ekki hafði stj. séð málinu fyrir betri undirbúningi eða rannsókn en þetta, og situr því sízt á henni að setja sig á háan hest hvað þetta atriði snertir. A. m. k. ef við eigum ámæli skilið fyrir undirbúning þessa máls,

þá á hæstv. núv. stj. eigi síður skilið ámæli fyrir lélegan undirbúning margra mála, er hún hefir haft með höndum fyrr og síðar.

Þá spurði hæstv. ráðh., hvort ég og minn flokkur væri reiðubúinn til að taka höndum saman við núv. stjórnarflokk að afla aukatekna í því skyni að hrinda þessu máli áleiðis. Þessu vil ég svara á þann veg, að áður en slík tekjuöflun fer fram, vil ég og legg áherzlu á, að því fé, sem núv. tekjustofnar gefa ríkissjóðnum, verði fyrst varið til þarflegra framkvæmda, og þar á meðal til raforkuveitna í sveitum. Ég tel því fé á þann hátt miklu betur varið en til einhvers og einhvers hégóma, eins og við hefir þótt brenna hjá núv. stj. Ekki er þó svo að skilja, að ég vilji, að aðrar verklegar framkvæmdir séu stöðvaðar fyrir þessar sakir. En ég verð að álíta, að ef gætt væri nokkurs sparnaðar um meðferð ríkissjóðs og samt kæmi í ljós, að fé skorti til nauðsynlegra verklegra framkvæmda, hvort sem það héti rafveitur eða annað, þá væri kominn tími til að afla ríkissjóði aukinna tekna, og þá hygg ég, að ekki myndi standa á mér eða mínum flokki um samvinnu í þessu máli, enda þyrfti varla að kvíða því, að ekki yrði talsvert fé ávallt á takteinum til þessara framkvæmda smátt og smátt. Hitt kæmi vitanlega til engra mála, að veita árlega feiknafé í þessu skyni; bæði leyfir fjárhagur slíkt ekki, enda myndu slíkar framkvæmdir draga um of vinnukraftinn frá öðrum atvinnugreinum og valda röskun í atvinnuháttum þjóðarinnar.

Þá hefi ég svarað flestu af því, sem svara þarf, og skal því ekki tefja umr. frekar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég hefi hlustað á umr. um þetta mál hér í d. í þeirri von að verða fróðari um það, hvernig hv. flm. hugsa sér fjárhagshlið þessa máls. En ég hefi orðið fyrir algerðum vonbrigðum. Ég hefi einskis orðið vísari um þetta atriði, sem þó verður að teljast meginatriði í þessu máli. Hinsvegar finnst mér hv. flm. hafa eytt óþarflega mörgum orðum um þá þætti málsins, sem allir eru í rauninni sammála um. Það eru engar upplýsingar, sem máli skipta, þótt talað sér langt mál um nytsemi rafmagnsins og þá auknu menning, lífsþægindi og heilnæmi, sem rafmagninu fylgir; þetta er það, sem allir vita og eru sammála um. Sömuleiðis er ending sveitakvenna og sparnaður sauðataðs engin meginrök í þessu máli. Slíkt er að ganga á snið við veruleikann. Höfuðverkefni þeirra, er leggja vilja máli þessu lið, er að ráða fram úr fjárhagshlið þess. Það mun reynast torveldast viðfangs.

Hv. 1. flm. sagði réttilega, að engin heildaráætlun lægi fyrir í þessu máli, en svo bætti hann við, að það gerði ekkert til, því áætlanir væru venjulega einskonar leikföng. En ég verð að telja helzt til mikla léttúð að vilja leggja út í slíkt stórfyrirtæki án þess að gera sér hina minnstu grein fyrir, hvort nokkrir möguleikar eru á því að standast kostnaðinn eða láta fyrirtækið bera sig fjárhagslega í framtíðinni. Hér vantar enn ítarlega rannsókn, ekki einungis á því, hvað þetta myndi kosta í framkvæmdinni, heldur og á því, hvort þau heimili, sem af eiga góðs að njóta, hafa nokkra aðstöðu til þess að bera þau auknu útgjöld, sem á þau hljóta að leggjast í þessu skyni. Það þarf að athuga þá hlið sérstaklega, er snýr að notendum væntanlegs rafmagns.

Þá talaði hv. 1. flm. um það, að verja mætti í þessu skyni þeim tekjuafgangi, sem nú væri til í ríkissjóði. Hv. þm. virðist halda, að ekkert sé við hann að gera. Sömuleiðis sagði hv. þm. í fyrri ræðu sinni, að þeir tímar kæmu bráðlega, er við gætum minnkað stórum fjárframlög til brúargerða í landinu. Það kann nú að vera, að þingið vilji skipta á þessu tvennu, virkjunum og brúargerðum, og láta hið síðarnefnda sitja á hakanum. En ég álít, að þó hnigið væri að því óheillaráði, þá myndu peningarnir hrökkva skammt. Því það er nú einu sinni svo með okkar afkomu, að ef við fáum kreppuár, þá eru engir peningar aflögu í ríkissjóðnum, og meira að segja erum við þá neyddir til að strika út allar verklegar framkvæmdir í landinu. Ég held því, að málinu verði varla hjálpað á þennan hátt, nema því aðeins, að þingið vilji skera niður töluvert af hinum lögboðnu útgjöldum, en ég hygg flest þeirra þannig vaxin, að ekki verði hjá þeim komizt. Það

verður að benda á einhverja aðra og skynsamlegri leið. Segi ég þetta þó ekki af því, að ég vilji máli þessu illa, heldur til þess að menn geri sér það ljóst, að leita verður einhverra sérstakra ráða um fjáröflun í þessu skyni. Mætti það sízt henda þingið að rasa um ráð fram í slíku stórmáli sem þessu. Vil ég að endingu biðja hv. þdm. að athuga þetta mál sem allra bezt, og ekki sízt fjárhagshlið þess.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru nokkur einstök atriði í ræðum hv. 1. flm. og hv. 1. þm. Reykv., sem ég vil víkja að nokkrum orðum. Hv. flm. spurði, hvenær vænta mætti álits n. þeirrar, er þetta mál hefði til meðferðar. Um það get ég ekki sagt með fullri vissu, en eigi mun þó á löngu líða, áður en bráðabirgðaálit verður lagt fram hér í þinginu. Þó ber þess að gæta, að hér er ekki um heildarálit að ræða, heldur um grundvallaratriði málsins og það, á hvern hátt sé heppilegast að vinna að framkvæmdum og á hvaða grundvelli ríkið á að taka þátt í þeim.

Hv. flm. fór ekki rétt með orð mín, að þetta væri „luksus" sveitunum til handa. Það hefi ég aldrei sagt. Eða heldur þm., að nokkrum dytti í hug að kalla t. d. húsbyggingar, sem lán eru veitt til úr Byggingar- og landnámssjóði, „luksus"? Ég líkti einungis þessu máli við Byggingar- og landnámssjóðinn og við verkamannabústaðina, sem þingið hafði til meðferðar í fyrra. Ég hirði svo ekki um að svara frekar þessari rangfærslu hv. þm.

Þá talaði hv. þm. um áætlanir almennt og taldi þær lítils virði. Það má vel vera, að hv. þm. hafi rétt fyrir sér. En ég vil spyrja hv. þm.: Hver er allsherjarreynsla um áætlanir hinna svokölluðu sérfræðinga? Sú, að áætlanir þeirra eru hér um bil undantekningarlaust of **lágar.** Í langsamlega flestum tilfellum fer kostnaður fyrirtækja langt fram úr áætlun verkfræðinganna. Þetta er allsherjarreynslan um þessa hluti. M. ö. o., áætlanir má skoða sem lágmark, en lítils virði hvað efri takmörkin snertir. (**MG:** Hver bjó til áætlunina í fyrra? Ekki var það verkfræðingur). Það var maður í bæjarins þjónustu, en ekki landsins, eins og hv. þm. getur séð í Þingtíðindunum.

Hv. þm. hafði góð orð um, að hann og hans flokkur væri fús til að vinna með okkur að fjáröflun til þessara framkvæmda. Er það vel farið, og horfir þá ekki óvænlega um framgang þessa máls, ef báðir höfuðflokkarnir leggjast á eitt um framkvæmdir. Á mér eða mínum flokki skal ekki standa til þess að gera allt, sem unnt er, fyrir málið, strax þegar við höfum séð till. þeirra manna, sem bezt hafa vit á þessum málum.

Hv. 1. þm. Reykv. teygði lopann, sem hans er vandi, en var þó mun skemmtilegri en endranær. Hann gaf í skyn, að við myndum vilja fara aðra leið en flm. frv., til þess að láta þá ekki hafa heiðurinn af frumkvæði þessa máls. Þetta er rangfærsla. Ég sló engu föstu um, hvaða leiðir yrðu farnar, en lagði höfuðáherzlu á ítarlegri rannsókn og athugun. En ef hv. þm. heldur, að við viljum fara aðra leið, þá er það af því, að hann hefir grun um, að hans leið er ófær.

Þá kem ég að öðru atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem mér líkaði mjög illa. Hann talaði um rafveitur einstakra manna til sveita, sem reistar hafa verið fyrir tilstilli nokkurra merkra manna í Skaftafellssýslum, og fór niðrandi orðum um. Ég vil segja það, að þessir menn, sem unnið hafa óeigingjarnt og mjög merkilegt starf, eigi annað skilið en að þurfa að sæta niðrandi sleggjudómum af hálfu manna eins og hv. 1. þm. Reykv., sem ekki hefir hið allra minnsta vit á slíkum málum. Situr sízt á þeim hv. þm. að reyna að kasta rýrð á þessa náttúruhögu menn í Skaftafellssýslum; honum væri sæmra að ganga í skóla hjá þessum mönnum og læra af þeim marga nytsama hluti, svo sem óeigingirni og heiðarleik í opinberum störfum.

Hv. þm. sagði skemmtilega sögu af Arnóri og Gísla. Það kann að fara svo í þessari hv. deild, að Arnór taki að lokum í nefið hjá Gísla, en hins vil ég þá geta, líka í spaugi, að ég held, að svo hafi farið í Skagafirðinum, að Arnór hafi ekkert rafmagn átt að fá eftir þeirri áætlun, sem fyrir lá.

Ég vil að lokum beina því til hv. nefnd-

ar, sem ég tel víst að verði fjhn., að hún athugi þetta mál sem bezt, einkum frá fjárhagslegu sjónarmiði; sérstaklega hvernig aflað yrði fjár til þessara framkvæmda. Ég tel þess engar líkur, að málið verði leyst á þeim grundvelli, sem hv. 1. flm. benti á í ræðu sinni, nefnilega að draga fé frá öðrum framkvæmdum í landinu, svo sem brúargerðum, síma- og vegalagningum. Slíkt er fásinna meiri en orðum er eyðandi að. Við megum heldur ekki draga úr fjárveitingum til rjómabúa, fjárræktar, jarðræktar né annara búnaðarframkvæmda. N. verður að koma auga á einhverjar aðrar leiðir til fjáröflunar, ef nokkuð á að verða úr framkvæmdum. Ég er reiðubúinn til samvinnu um fjáröflun til þess, að myndarlega verði hafizt handa, en ella ekki. Hv. flm. vilja gera þetta fyrir afgangsfé. Hvílíkur barnaskapur! Eru mennirnir að gera að gamni sínu? Eða er þetta skollaleikur fyrir þjóðinni? Þeim, sem þetta er alvörumál, er ljóst, að þetta verður að gerast myndarlega; það verður að vera myndarbragur yfir öllum framkvæmdum málsins frá upphafi. Þetta vil ég leggja hv. þdm. ríkt á hjarta.

Haraldur Guðmundsson: Hér er um stórmál að ræða og eitt mesta menningar- og hagsmunamál þessarar þjóðar. Um það eru allir sammála. Mönnum er það almennt ljóst, að ef takast má að veita raforku út um byggðir landsins og selja við ódýru verði í sambandi við aðra orkugjafa, þá er með því stigið eitthvert stærsta sporið til þess að gera landið byggilegra og vistlegra en það er nú, til þess að opna auðlindir þess og gera fólkinu auðveldara að hagnýta sér gæði þess í jörðu og á.

Sjálfsagt vildu alþm. allir og aðrir góðir menn helzt geta séð svo um, að hægt væri að leiða nóg og ódýrt rafmagn heim í hvert einasta hús og bæjarhlað á öllu landinu. — Um það þarf ekki að efast.

Umr. í blöðunum undanfarið og hér í hv. d. í dag hafa mest snúizt um það, hvort smávirkjun eða stórvirkjun sé heppilegri til að koma þessu máli í framkvæmd.

Málið hefir verið rætt eins og um tvær höfuðleiðir væri að ræða til að fullnægja raforkuþörf almennings í landinu: Annaðhvort verði að reisa eingöngu stórar, dýrar og aflmiklar stöðvar og veita orkunni frá þeim yfir stór héruð um langar leiðslur, eða reisa aðallega smástöðvar, sem nægi einum bæ eða fáum hver. Hvorug þessi leið er einhlít, að því er mér virðist. Hér er ekki um að ræða annaðhvort eða, heldur hvorttveggja. Það hlýtur að fara mjög eftir staðháttum einstakra landshluta, hvort af þessu tvennu á við. Þar sem byggð er strjál, er veitukostnaðurinn, leiðslurnar frá stórstöðinni, að sjálfsögðu mestur hluti kostnaðarins. Þar geta smástöðvar því komið til greina. Hinsvegar verður stöðin og virkjunin sjálf meginhluti stofnkostnaðarins í þéttbýlli sveitum og bæjum, en veitukostnaður verður þar tiltölulega langtum minni. Þar eiga stórstöðvar við, ef hentug fallvötn eru þar til.

Hæstv. núv. stj. og hennar flokkur vilja leggja mjög kapp á að styðja einstaka menn til þess að koma sér upp smástöðvum fyrir heimili sín.

Víst er það eðlilegt, að menn fýsi mjög að fá rafmagn, og að stj. vilji styðja þá viðleitni. En mikinn varhug verður að gjalda við því, að eigi sé gert meira ógagn en gagn með byggingu slíkra smástöðva.

Með því að byggja smástöðvar úti um sveitir landsins, þar sem skilyrði eru fyrir stórvirkjun, er dregið úr möguleikunum fyrir því, að stóru stöðvarnar komist upp og geti borið sig fjárhagslega. Það er reginháski, ef slíku er haldið áfram.

Hitt er engu minni fásinna, að ætla sér að bíða eftir því, að bætt verði úr raforkuþörf strjálbýlustu sveitahéraðanna með byggingu stórstöðva. Þar er hyggilegast og sjálfsagt að hjálpa einstaklingum til að koma upp smástöðvum til eigin nota.

Það, sem því fyrst þarf að gera í þessu máli, er að láta fram fara ítarlega rannsókn á því, hvar stórstöðvar eigi við og hvar smástöðvar henti bezt. Þegar þessi heildarrannsókn hefir verið framkvæmd, ætti að banna einstaklingum að byggja smástöðvar á þeim svæðum eða í þeim byggðarlögum, þar sem skilyrði eru svo góð fyrir stórvirkjun: hentugt fallvatn, þéttbýli og nægilegt verkefni fyrir rafmagnið, að sýnt þyki, að stórstöðvar séu hagkvæmari. Stórar stöðvar verða yfir-

leitt margfalt ódýrari að tiltölu og bæta samtímis úr þörf flestra manna, og því ber fyrst og fremst að athuga, hvar þeim verður upp komið.

Ég hlustaði á ræðu hv. 1. flm. og vil í því sambandi segja, að mér virðist þetta mál miklu stærra en útlit er fyrir, að honum og hv. meðflm. hans sé ljóst. Hv. þm. talaði um ljósaþörf sveitanna og rafmagn til suðu (JS: Ég talaði líka um vinnuþörf sveitanna), og skal ég fúslega viðurkenna, að þessar þarfir eru mjög aðkallandi. En hitt er þó aðalatriðið, að þar, sem rafmagnið er tekið til notkunar, fá sveitirnar nýjan vinnukraft, nýja orku, sem beita má til margháttaðrar starfsemi í þarfir framleiðslunnar í landinu.

Hver maður sér, að það getur ekki borgað sig að leggja langar leiðslur, ef til vill fjölmarga kílómetra, heim að bæ, þar sem 4—6 manneskjur eiga heima og reisa þar spennubreytistöð, ef rafmagnið á svo ekki að nota til annars en ljósa og suðu og e. t. v. lítillega til hitunar fyrir þessar fáu manneskjur. Rafmagnið hlýtur að verða allt of dýrt. Eigi slíkt að geta borgað sig, verður bóndinn að hafa eitthvað annað og meira með rafmagnið að gera. Einmitt í sambandi við þetta mál þarf að rannsaka, að hve miklu leyti bændur og kaupstaðabúar geta notað rafmagnið til vinnu. Tel ég fulla ástæðu til þess, að stj. setti á laggirnar nefnd — ég veit að vísu, að orðið nefnd lætur illa í eyrum sumra hv. dm. — til þess að athuga, hverjar breyt. það gæti haft í för með sér í búnaðarháttum Íslendinga, ef rafmagnsmálið yrði leyst þannig, að landsbúar yfirleitt *ættu kost á nægu og ódýru rafmagni.*

Enn er eitt. Það liggur í augum uppi, að þegar á að fara að leggja rafmagnsleiðslur víða um sveitir landsins, veltur mikið á því, að nýbyggingar séu skipulega reistar og öllu svo haganlega fyrir komið, að leiðslurnar verði sem beinastar og styztar. Er þar tilvalið verkefni til athugunar og meðferðar fyrir einskonar skipulagsnefndir í sveitum. Ættu þær þá jafnframt að hafa hliðsjón af vegalagningum og öðru slíku.

Hv. flm. drap réttilega á það, að á ástæðum væri lítið að byggja, einkum í málum eins og þessu, þar sem framkvæmdirnar geta náð yfir heilan mannsaldur, eða jafnvel ennþá lengri tíma, að því, er hann sagði. Ég er hv. flm. sammála um þetta atriði. Ég hefi enga trú á því, að verkfræðingar, hversu lærðir og ágætir sem þeir kunna að vera, semji áætlanir, sem geti staðizt heilan mannsaldur eða lengur. Hinsvegar veit ég þess engin dæmi, að í máli, sem er jafnstórkostlegt fjárhagsmál og þetta, sé engin viðleitni sýnd til þess að gera grein fyrir kostnaðinum, kostnaði, sem hlýtur að verða risavaxinn á okkar mælikvarða.

Um þann hluta kostnaðarins, sem ræðir um í 5. gr. frv. og ríkissjóði er ætlað að greiða, skal ég taka það fram, að ég álít, að ríkissjóði verði ekki um megn að taka á sig allmiklar greiðslur eða skuldbindingar í þessu skyni. En auðvitað þarf þá að sjá honum fyrir tekjuauka mjög verulegum frá því, sem nú er. Og einhverja viðleitni ættu flm. að sýna til þess að gera grein fyrir, hve miklu þær upphæðir muni nema á næstu árum. Ég minnist þess, að í fyrra, þegar frv. um þetta efni var á döfinni í Ed., áleit n., sem um málið fjallaði, að fengnum upplýsingum frá þeim manni, sem mest skynbragð bar á þessa hluti, að kostnaður við rafmagnsvirkjun samkv. frv. myndi ekki verða minni en 70—80 millj. Til samanburðar skal ég geta þess, að samkv. síðasta fasteignamati eru allar fasteignir, hús, mannvirki, lendur og lóðir í sveitum og kauptúnum virtar á tæplega 50 millj. Rafmagnsveiturnar samkv. frv. eru eingöngu ætlaðar sveitum og kauptúnum, því að flestir kaupstaðir landsins hafa þegar byggt rafmagnsstöðvar. Ég verð að *játa það, að mér vex þessi upphæð í augum,* hún er 50%hærri en fasteignamatið.

Hv. flm. sagði, að bið myndi verða, sumstaðar í mannsaldur eða meira, á framkvæmdum í þessu máli. Í 2. gr. frv. er svo ráð fyrir gert, að sérhvert hérað geti, þegar það æskir þess, heimtað kunnáttumann til að framkvæma undirbúningsrannsókn þessa máls. Slíkar beiðnir myndu vafalaust koma úr flestöllum sveitum landsins, því að alstaðar er áhuginn mikill fyrir að bæta úr rafmagnsþörfinni. Myndi nú ekki örðugt að gera upp á milli héraðanna? Ég er hræddur um, að erfitt verði að ákveða, hverjir eigi að bíða mannsaldurinn, hvað þá lengur.

Ég tel sjálfsagt, að máli þessu verði veitt sú þinglegasta meðferð, sem kostur er — verði vísað til fjhn. og nefndin leiti síðan álits þess manns, sem hæstv. forsrh. sagðist vera búinn að setja til ráðuneytis. Ennfremur vildi ég mega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort þessum manni hafi ekki verið falið að rannsaka skilyrði fyrir því, að Suðurlandsundirlendið geti fengið rafmagn úr Soginu, sem Reykjavík nú hefir ákveðið að taka til virkjunar, og þá með hverjum kostnaði. Það virðist sjálfsagt að hefja stórvirkjun þar, sem skilyrðin eru bezt, í hinum blómlegu og þéttbýlu héruðum Suðurlandsundirlendis, og Sogið er talið bezt fallið til virkjunar allra okkar mörgu fossa. (**Forsrh.**: Hann er að rannsaka það). Ennfremur vil ég skjóta því til hæstv. ráðh., hvort ekki væri ástæða til að láta fróða menn, sem eru kunnugir rafmagnsmálum í öðrum löndum, rannsaka, hverjar breyt. það myndi hafa í för með sér á búnaðarháttum Íslendinga, ef bændur fengju nóg og ódýrt rafmagn. (**Forsrh.**: Þetta á hann að hafa rannsakað í sumar). Þá er hann meira en meðalmaður að gáfum og vinnuþreki, ef hann hefir getað komizt að fullnaðarniðurstöðu í slíku stórmáli á einu sumri! — Loks vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé rétt skilið hjá mér, að aðalstarf þessa manns eigi að vera það, að gera heildaryfirlit yfir það, hvaða héruð á landinu séu til þess fallin að bera stórar veitur, og hvaða héruð geti aðeins borið smáveitur. Það væri hinn mesti óleikur, ef ekki væri farið eftir skilyrðum hvers héraðs í þessu efni. Þess vegna er nauðsynlegt að fá slíkt heildaryfirlit fyrir landið allt hið allra bráðasta.

Magnús Guðmundsson: Það er varla hægt að segja annað en að undirtektir undir þetta mál hafi orðið sæmilegar. A. m. k. er mikill munur á því, hvernig máli þessu er tekið nú eða í Ed. í fyrra. Þá barðist einn af ráðh. á móti því með svo miklum ákafa, að hann taldi málið gersamlega óalandi og óferjandi. Hinar tiltölulega góðu undirtektir hæstv. stj. nú munu vera því að þakka, að hún hefir fengið að vita, að alstaðar úti um landið er rafmagnsmálið talið svo mikilvægt, að hæstv. stj. sér, að ekkert þýðir að berjast á móti því.

Það voru aðallega tvö atriði, sem hæstv forsrh. talaði um. Í fyrsta lagi heimtar hann itarlega rannsókn málsins. Ég get sagt hæstv. ráðh., að það hefir aldrei verið meining okkar flm. að hrapa að neinu, en hinsvegar vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hverskonar rannsókn hugsar hæstv. ráðh. að láta gera? Álítur hann, að hægt sé að láta fara fram rannsókn á öllu landinu, áður en hafizt er handa um framkvæmdir? Það yrði áreiðanlega til þess að draga málið um ófyrirsjáanlegan tíma. Slíkri rannsókn má líka allt af bera við til þess að þurfa ekki að gera alvöru úr neinum framkvæmdum.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, að það væri undarlegt að hafa enga áætlun við að styðjast. En mér finnst undarlegt, að hann skuli segja þetta, eftir að hann hefir viðurkennt, að slík áætlun er einskis virði. Hv. þm. Ísaf. talaði yfirleitt um þetta mál á þann hátt, að ómögulegt er að vita, hvort hann er með því eða á móti.

Hæstv. ráðh. sagði, að sú nefnd, sem hann hefir skipað, mundi komast að annari niðurstöðu en frv. gerir ráð fyrir um það, í hvaða hlutfalli skuli veita styrk í þessu skyni. En okkur flm. dettur ekki í hug að leggja neina áherzlu á, að endilega verði styrkt í því formi, sem við höfum lagt til í frv. Það er álitamál, hvernig eigi að haga því atriði, og ef hæstv. stj. getur fundið eitthvert betra fyrirkomulag, erum við reiðubúnir að taka við því.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það mundi vera ætlun frsm. að minnka fé til brúagerða. Ég hefi ekki heyrt eitt orð í þá átt, en hinsvegar hafði ég það eftir vegamálastjóra, að það færi að minnka, sem þyrfti til brúargerða, og það er allt annað mál.

Ég skal játa, að ég er alveg á því, að það er ekki til neins að vera að gera fjárhagslegar áætlanir um þetta mál. Hverjum datt t. d. í hug að fara að búa til áætlanir yfir það, hvað allir vegir á landinu mundu kosta? Eins er með þetta mál. Það veit enginn maður í heiminum, hvað það kemur til með að kosta. Mér er líka alveg sama, hvort það kostar 50 eða 70 millj. Þetta verður að gerast fyrr eða síð-

ar, á lengri eða skemmri tíma, og því fyrr sem byrjað er, því betra.

Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa talað um fjárhagshlið þessa máls og vildu gefa í skyn, að það væri hreinasta glapræði að bera það fram án þess að séð yrði fyrir sérstökum tekjum. En slíkt er svo oft gert í þessu landi. Og hér stendur einmitt svo á, að stj. og þing ræður, hve mikið fé er veitt á ári hverju. Það kemur heldur ekki til nokkurra mála að fara að búa til skattalög um þetta, áður en maður veit, hvort ríkisstj. vill nokkuð sinna því.

Hæstv. ráðh. sagði, að í slæmu ári væri ekkert fé til að leggja vegi eða byggja brýr, hvað þá heldur til að koma upp raforkuveitum. Eftir því að dæma ætti að vera bezt að hætta við þetta allt saman, úr því að það geta komið slæm ár, svo að ekkert fé verði afgangs. Nei, hæstv. ráðh. má vera viss um, að Sjálfstæðisflokkurinn vill óskiptur vinna að því að afla tekna í þessu skyni, en hann vill auðvitað ekki taka hvaða skattstofn sem er, heldur þann réttmætasta. Um þetta kann að verða ágreiningur, en ef viljann vantar ekki hjá öðrumhvorum aðilja, er ég ekki hræddur um, að ekki fáist samkomulag.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Ísaf. skal ég taka það fram, að ég álít það ekki rétta lausn á þessu máli að byggja tómar stórar stöðvar. Hv. þm. hélt því fram, að við flm. hefðum enga hugmynd um, hvað þetta væri mikilvægt mál. Já, það væri náttúrlega gott að fá að ganga í skóla til hv. þm. Ísaf. Ef hann getur veitt okkur nýja og góða fræðslu, tökum við því með þökkum. En hann þarf ekki að segja okkur neitt um mikilvægi málsins. Við vitum, að það er eitthvert hið mikilvægasta mál, sem nokkurntíma hefir verið borið hér fram. Hv. þm. fannst víst, að hann geta slegið rothögg á málið með því að tilfæra kostnaðinn, og nefndi í því sambandi fasteignamatið. En hvað heldur hv. þm., að jarðir landsins hafi verið mikill hluti af vegakostnaðinum, þegar byrjað var að leggja vegi? Með þessu sannar hann ekkert, nema þá það, að hann er hikandi í málinu.

Hv. þm. hélt, að örðugt yrði að gera upp á milli héraðanna. Það er alveg það sama og sagt var, þegar byrjað var að leggja vegi. Það þótti alveg ómögulegt, en hvernig hefir farið? Auðvitað hefir oft orðið um það nokkur togstreita, eins og gengur, en allt hefir það þó gengið sæmilega.

Magnús Jónsson: Ég ætla aðeins að svara hæstv. forsrh. örfáum orðum viðvíkjandi þeirri áætlun, sem hann er alltaf að krefjast. Hv. þm. Skagf. hafa þegar sýnt fram á, hversu mikils virði slík áætlun mundi verða. Allar verklegar framkvæmdir eru sífelldum breyt. undirorpnar fyrir rás viðburðanna og vegna nýrra uppgötvana, svo að jafnvel hárréttar og vísindalega útreiknaðar áætlanir geta verið orðnar að fjarstæðu eftir nokkur ár eða áratugi. Við skulum taka dæmi: Til skamms tíma þekktu menn lítið annað en reiðvegi hér á landi. Síðan komu kerruvegir og þá þurfti að gera áætlanir um þá. Loks komu bílvegir og allar áætlanir breyttust. Og enn geta komið ný farartæki, sem við alls ekki þekkjum, og með þeim ný tegund af vegum. Kröfurnar breytast, og með þeim framkvæmdirnar. Það er því mesta vitleysa að ætla sér þá dul að fara að gera nákvæmar áætlanir í þessu máli.

Það er bara þetta, að þingið verður jafnan að hafa þetta í hendi sér og stilla þannig í hóf, að ekki sé farið of hart í málinu. Eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði: verði málið ódýrara en búizt er við, þá er fyrr hægt að koma því í kring, verði það dýrara, tekur það bara lengri tíma.

Annars stóð ég aðallega upp vegna þess, að hæstv. forsrh. var að setja talsvert þungt ofan í við mig af því að ég hefði verið að hnýta í einhverja Skaftfellinga. En ég var nú bara að tala um það, hve hættulegt það væri, þegar menn væru að koma sér upp einhverju því, sem þeir ekki þekkja, að þá kæmu menn, sem bjóða hlutinn fram fyrir lægra verð, og þá um leið lélegri. Það eru mörg ljós dæmi um þetta. Ég efa ekki, að það hafi verið mjög samvizkusamir og í alla staði heiðvirðir menn, sem byggðu fyrstu steinhúsin til sjávar og sveita. En verk þeirra, steinhúsin, reyndust handónýt og endingarlaus. Svona er þetta alstaðar. Menn kaupa t. d. oft ódýr hljóðfæri, sem eftir stutta stund reynast algerlega ónothæf.

Ég hefi heyrt, að margar þessar stöðvar séu hið mesta hrákasmíði. Sjálfur þekki ég heldur lítið út í þessa hluti, en ég veit, að full nauðsyn er að búa svo um í hverri stöð, að spenna haldist jöfn. En heyrt hefi ég það, að sumstaðar sé ekkert séð fyrir þessu. Þar er stundum spennan svo lág, að aðeins sést glóra í ljósin, en stundum svo há, að allt brennur í sundur. Þó að Skaftfellingar smíði þetta og þó að þeir séu góðir framsóknarmenn — sem út af fyrir sig gerir þá hólsins verða hjá hæstv. forsrh. —, þá tel ég ekki vel farið, að verkið sé þannig unnið, að stór skaði er að. Það er óhætt að segja, að almenningur er mjög fáfróður í þessu efni og varnarlaus fyrir, svo að menn taka yfirleitt því, sem að þeim er rétt.

En það er fjarri mér að vilja sérstaklega hnýta í einstaka menn. Ég er ákaflega ófróður um það, hverjir það eru, sem setja upp þessar stöðvar. Ég hefi heyrt, að sumir þessara Skaftfellinga séu þjóðhaga smiðir, sem setja upp raforkustöðvar ódýrari en aðrir. Og ég hefi horft á það með trúaraugum og býst við, að það sé satt.

Það er búið að leggja nokkrum sinnum út af Arnóri og Gísla í þessu efni. Ekki finnst mér þar líku saman að jafna, þar sem framsóknarmaðurinn hæstv. forsrh. hefir í hálfgerðum hótunum undir eins og út af ber, og kveður sjálfstæðismenn munu vera lina að framfylgja málinu, er á reynir. Með því er hann að setja upp kosningagrýlu í þessu máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ég er sammála honum um það, að áætlanir, sem gerðar eru nú þegar, eru veikur grundvöllur til að byggja á. Á þessu sviði eru breytingar hvað örastar, og nýjar uppgötvanir geta komið fram og haft í för með sér miklar afleiðingar fjárhagslega. En ég vil benda hv. þm. á það, að einmitt með því að taka þetta í reikninginn má það vera til mjög alvarlegrar umhugsunar fyrir hv. flm. þessa frv., ekki síst um þann grundvöll, sem frv. hvílir á, að styrkurinn eigi að liggja í taugunum aðallega. Fyrir fáum árum var það fundið upp að senda skeyti þráðlaust. Og nú tala menn saman þráðlaust. Hvað er sennilegra en við komumst upp á það að senda kraftinn þráðlaust? En hvað verður þá af þessum taugum, sem ríkið er búið að dreifa um? (MG: Vill ráðh. bíða þangað til?). Nei. En út frá þessari ályktun má draga ýmsar ályktanir, svo að við getum komizt út í allskonar bollaleggingar, ef við förum að ræða það mál.

Í sinni ræðu dró hv. þm. ekki úr því, sem hann beindi til Skaftfellinga, þessara þjóðhagasmiða. Hann talaði um hrákasmíði þeirra. Við getum talað um hrákasmíði verkfræðinga allt að einu. En það er bara útkoman sú, að hrákasmíðið, sem hann kvað svo vera, það kostar 4—5 þús. króna, en hrákasmíði verkfræðinganna 20—40 þús. Þetta er sá mikli munur að komast í klærnar á verkfræðingunum eða Skaftfellingum. En reynslan er stundum sú, að þær stöðvar, er Skaftfellingar setja upp og kosta 10 sinnum minna en hjá þeim lærðu mönnum, endast þó miklu betur. Ég býst við, að hv. þm. Rang. gæti sagt okkur átakanleg dæmi um það.

Hv. þm. sagði, að ég setti upp kostnaðargrýlu í þessu máli. Það er ekki rétt. Hið eina, sem ég sagði, er það, að við þurfum að fá peninga til þessa og að ég er reiðubúinn að afla þeirra.

Hv. þm. Ísaf. talaði um það, að ef haldið væri áfram að styrkja smástöðvarnar, gæti hlotizt meira eða minna ógagn af því. Ég vil minna hv. þm. á það, að þessar smástöðvar eru alls ekki styrktar af hinu opinbera. Hinsvegar kom fram í hans ræðu, að honum er ljóst, að á mörgum svæðum á landinu verður ekki að ræða um stórar rafveitur.

Þá er það ræða hv. 1. þm. Skagf. Hann talaði yfirleitt sanngjarnlegar nú en ég átti von á, og þótti mér ýmislegt í hans ræðu skynsamlegra en það, sem fram kom hjá hv. flm. Hv. þm. hélt, að ég vildi bíða eftir heildarrannsókn á öllu landinu og fá eitt allsherjar yfirlit áður en tekið væri til starfa. Þetta hefir mér auðvitað ekki dottið í hug. (MG: Hvaða rannsókn er það þá?). T. d. það, á hvaða grundvelli ríkið eigi að styrkja þetta, hvort styrkurinn miðist við taugarnar, eins og gert er ráð fyrir í frv., eða heildarkostnað á hverjum stað o. s. frv. Eða á að fara hlið-

stæða leið og nú við rjómabúin? Ég hefi ekki enn komizt að niðurstöðu um þetta. En eftir samtali við fagfróða menn um þetta mál hygg ég, að við ættum heldur að gera það.

En út frá því, sem hann sagði um þetta mál, þá vil ég segja það, að mér dettur ekki í hug að beita þessari rannsókn fyrir til þess að tefja þetta mál. Það einasta, sem ég sagði, að við þyrftum að gera áður en hafizt verður handa í þessu máli, er að afla fjárins. Ég geng ekki inn á það að minnka framlag til samgangna og þess, sem miðar að því að styðja framleiðsluna.

Um það, sem ég vék að áðan, hvernig ríkið ætti að styrkja þetta mál, sagði hv. 1. þm. Skagf. eitt, sem gladdi mig: að ef nefnd sérfræðinga kæmist að þeirri niðurstöðu, að styrkja skyldi með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í frv., þá vildi hann ganga inn á það. Og ef sérfræðingar halda því fram, að það eigi að fara þessa leið, sem segir í frv., þá skal sannarlega ekki standa á mér. En ég segi, að það er ekki búið að fá álit þeirra ennþá, og ég vona, að það standi ekki lengi á því.

Þá þótti mér góð yfirlýsing frá hv. þm. um það, að ekki væri hægt að stöðva þetta mál, en það, sem helzt mundi stöðva það, væri það, að fé yrði ekki fyrir hendi. Vil ég leggja þessi orð út þannig, að hv. þm. sé reiðubúinn til samvinnu um að afla fjárins. Það kom fram í ræðu hans seinna, að hann gerir ráð fyrir, að flokkur hans sé tilbúinn til þess. Hann gat þess um leið, að ágreiningur gæti orðið um leiðir til þess. Því má bæta við, að það eru ótal möguleikar til þess að stöðva málið. (**MJ:** Eru ekki sömu möguleikarnir fyrir stjórnarflokkinn?). Stjórnarflokkurinn vill fá peningana til framkvæmdanna.

Að síðustu sagði hv. þm., að oft hefðu mál verið flutt án þess að sjá fyrir nægum tekjum fyrir útgjöld þau, er af framkvæmdum þeirra leiddi. Það er nú svo, að þegar ríkissjóður er fullhlaðinn byrðum fyrir, þá er ekki hægt að leggja út í stórfyrirtæki án þess að afla nýrra tekna. Ég vil segja, að aldrei fyrr hefir slíkt stórmál verið flutt inn á Alþingi með þeim ummælum frá flutningsmönnum, að það skyldi framkvæmast fyrir afgangsfé. Oft hefir nú orðið rekstrarhalli á ríkisbúskap okkar — ekki færri en tíu ár á stuttu tímabili —, og eftir þessum orðum hv. flm. hefði ekkert átt að gera í þessu máli þau árin. Og hvernig á stj. að vita fyrri part ársins um hina endanlegu afkomu, þegar hún á að taka ákvörðun um, hvort styrkja eigi þetta mál eða ekki? Hvernig á hún að vita um þetta í maí eða apríl, hvort afgangur verður eða ekki? Ég verð að segja, að það er ekki til sóma fyrir myndarlegan bónda úr Skagafirði að koma sem flm. að þessu stórmáli og segja, að þetta eigi að gera fyrir afganga. Ég játa, að hjá hv. 1. þm. Skagf. kom þetta ekki fram.

Halldór Stefánsson: Ég ætla ekki að neinu verulegu leyti að taka þátt í almennum umr. um þetta mál. En ég vil leyfa mér að gera fyrirspurn til hv. flm. um eitt atriði.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að rafveitufélögin, eða sýslufélögin og hreppsfélög eigi rétt til að fá rannsókn ókeypis hjá ríkinu á því, hvort skilyrði eru til rafveitu í héraðinu. Að þeirri rannsókn lokinni má gera ráð fyrir tvennu: annaðhvort að álitin séu skilyrði fyrir sameiginlegri rafveitu eða að það séu ekki álitin skilyrði fyrir henni. Segjum t. d., að rannsókn leiddi í ljós allar líkur fyrir slíkum skilyrðum í helmingi héraða landsins, en ekki yrðu álitin skilyrði vegna strjálbýlis eða annars í hinum helmingnum. Þá skilst mér eftir frv., að hinn fyrrnefndi helmingur héraðanna hefði rétt til framlags úr ríkissjóði til raflagninga, en hinn helmingurinn ekki, af því að skilyrði eru ekki fyrir hendi.

Afleiðingin er sú, að þá yrði gert upp á milli héraðanna, þannig að sum fengju rétt, sem önnur gætu ekki öðlazt.

Fyrirspurn mín er því sú, hvort það er meining hv. flm. að gera þegnunum í landinu misrétt í þessu máli.

Pétur Ottesen: Þó að margt hefi verið býsna sundurleitt í þeim umr., sem hafa orðið um þetta mál, þá hafa þó allir, sem talað hafa, lýst yfir, að þeir væru sammála um að verða við óskum og kröfum manna um, að stutt sé að því á allan hátt að greiða götu þess, að almennt

verði hægt að nota það mikla afl, sem liggur óbundið í fossunum á Íslandi.

Það er alkunnugt, að við lifum á þeim stað á hnettinum, þar sem veðráttan oft og tíðum fer ómjúkum höndum um landsbúa. Þó að góðæri og mildir vetur hafi verið nú í nokkur undanfarin ár, þá eru Íslendingar of miklir sögumenn til þess að láta það villa sér sýn. Allir vita, að kuldinn í híbýlum manna hefir jafnan valdið okkur miklum erfiðleikum og á áreiðanlega mikinn þátt í því, hvað við höfum lítið mótstöðuafl gagnvart hinum ýmsu sjúkdómum, sem hafa herjað hér upp á síðkastið.

Það er svo um sveitirnar, að einmitt samfara bættri húsaskipun hefir hitaþörfin aukizt stórkostlega. Þessari hitaþörf í steinhúsunum er ekki hægt að fullnægja með öðru móti en því víðast í sveitum en annaðhvort að brenna þeim áburði, sem fellur mest til af, sauðataðinu, eða kaupa til þess kol frá útlöndum. Það hagar víða svo til, að ekki er um það að ræða að grafa mó úr jörðu. Hitt er alkunnugt líka, að nú er minna um hrísvið en áður, enda standa hugir landsmanna frekar að því að rækta skógana og láta þá blómgast heldur en að höggva þá niður og brenna. Við erum búnir að verða svo áþreifanlega fyrir barðinu á þeirri vangeymslu landsmanna. Sú illa meðferð skóganna hefir valdið okkur miklu tjóni.

Þar sem þetta stendur nú þannig, og þar sem allir, er talað hafa um þetta mál hér í dag, virðast vera mjög sammála um, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, þá þykir mér það harla undarlegt, hvað hefir slæðzt inn í þessar umr. Eftir því, sem fram hefir komið, ber ekkert á milli um stefnuna, — að hér sé takmark framundan, sem við eigum að keppa að.

Mér hefði því þótt eðlilegast, að umr. hefðu að mestu snúizt um þá hliðina á þessu máli, er að framkvæmdum lýtur, og hver ætti að verða þáttaka ríkissjóðs í að hrinda þessu máli í framkvæmd. En á það mál hefir ekki nokkur af þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað, neitt minnzt.

Eftir þessu ætti að mega líta svo á, að enginn hafi neitt sérstakt að athuga við ákvæði frv. hvað þetta snertir. Rétt er það, að samkv. þingsköpum á ekki að ræða sérstakar gr. frv. nú við þessa umr.; en hitt er jafnkunnugt, að ef menn finna eitthvað sérstakt athugavert við ákvæði frv., þá þykir gott og rétt að taka það fram nú þegar, til athugunar fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar. Og þetta hefir aldrei þótt keyra það úr hófi, að hæstv. forseta hafi þótt ástæða til að taka fram í.

Því hefir verið lýst yfir af stuðningsmönnum þessa máls, að um fjárframlög úr ríkissjóði og stuðning að öðru leyti til að hrinda þessu máli í framkvæmd fer vitanlega eftir getu og bolmagni ríkissjóðs á hverjum tíma. Það liggur því vitanlega mjög nærri — eins og gert hefir verið — að líkja þessu við þá ráðstöfun, sem gerð var í öndverðu um það, að verja fé úr ríkissjóði til þess að leggja vegi, byggja brýr, leggja síma og reisa vita og til annara verklegra framkvæmda. En slíkar framkvæmdir hafa verið gerðar frá ári til árs samkvæmt því, sem þingið hefir álitið um getu ríkissjóðs til þeirra hluta í hvert skipti. Þetta hefir verið lagt til grundvallar, auk þess sem lán hafa verið tekin í einstaka tilfellum til slíkra framkvæmda, sem ég nefndi.

Um þetta mál er það svo, eigi síður en vegi og brýr, að ekki getur verið um neina áætlun að ræða nema á mjög takmörkuðu sviði. Þess vegna virðist mér þetta mál horfa eingöngu þannig við, hvort nú eigi að leggja grundvöll að því, að ríkissjóður, þegar þessi skilyrði eru fyrir hendi, láti fé af mörkum í þessu augnamiði, — samkv. þeim lögum, sem gerð eru um þetta, og eftir óskum landsmanna sjálfra um þetta og bolmagni þeirra til að leggja fram fé á móti ríkissjóði. Mér finnst þetta vera svo afareinfalt mál, að ekki þyrfti um það að deila, og að allar deilur, sem hér hafa risið, séu utan við málið.

Hæstv. forsrh., sem talaði mikið og margt í þessu máli, hefir gert eitt orð að slagorði sínu. Ég nefni það eitt, af því að hann hefir lagt alveg sérstaka áherzlu á það. Þegar maður rekur nagla, fer það nokkuð eftir atvikum, hvað hart maður reiðir hamarinn að hausnum á naglan-

um. Þetta orð kom fram hjá hv. aðalflm. þessa máls, nefnilega að komið gæti til mála, að leggja það fé til þessa, sem yrði afgangs á hverju ári. Þetta þótti hæstv. forsrh. ákaflega einkennilega um mælt, (**Forsrh.**: Alveg rétt.) og hann dró af því þá ályktun, að hér fylgdi ákaflega mikil léttúð. Náttúrlega er það alveg rétt, að búskapur ríkissjóðs stendur oft höllum fæti, og hefir rekið að því — síðast að ég hygg 1923 —, að það hefir orðið að skera niður mikið af þeim verklegu framkvæmdum, sem ætlað var að vinna á því ári. Hinsvegar er líka alkunnugt, að hagur ríkissjóðs stendur sum árin það vel, að mikill afgangur verður. Vil ég benda á það, að hvorki *meira né minna en fimm undanfarin ár* hefir afgangurinn orðið 3½ millj. kr., sem varið hefir verið til ýmsra hluta, þ. á. m. til að inna af hendi ýmsar verklegar framkvæmdir. Svo að það þarf sannarlega ekki að vera hæstv. atvmrh. nein hneykslunarhella, þótt það yrði hv. flm. fyrir að tala um þetta afgangsfé. En það sé fjarri mér að álíta, að slíkar framkvæmdir sem frv. fer fram á, ættu að draga úr því framlagi, sem varið hefir verði undanfarið til verklegra framkvæmda. En hitt er víst, að af afgangsfénu hefir ekki verið varið nema nokkrum hluta til slíkra framkvæmda.

Um það þýðir ekki að deila, að allmiklum upphæðum af afgangsfé er nú þessi árin varið til ýmislegs, sem ekki kemst í nokkurn námunda við að vera eins nauðsynlegt og að lýsa hús í sveitum og hita þau. Ég hefi athugað það, að eftir ræðu hæstv. fjmrh. hefir verið greitt utan fjárlaga af þeim afgangi, sem varð á síðastl. ári, 3 millj. 88 þús. kr., eða þar um. Það, sem varið hefir verið til verklegra framkvæmda af þessum afgangi, er ekki nema 854 þús. kr., eða rúmlega það. Er það ekki nema dálítill hluti af þeim mikla afgangi. Ég býst við, að það orki mest tvímælis, hvernig afganginum hefir verið ráðstafað að ýmsu leyti fyrir utan þetta.

Það orkar oft tvímælis hvernig þessu afgangsfé er varið utan fjárlaga, og get ég í því efni bent á ýmislegt. Til óvissra útgjalda var á síðastl. ári varið 176 þús. kr. fram yfir það, sem áætlað var. Ég held, þegar þetta er athugað, að það sé fullkomlega réttmætt að tala um, að tekjuafgangi ríkisins á hverju ári væri vel varið í slíkar framkvæmdir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Við skulum vænta þess, að Alþ. beri giftu til að áætla tekjurnar jafnan svo varlega, að í sæmilegu árferði verði alltaf nokkur tekjuafgangur, og jafnframt vænta þess, að vakað sé yfir því, að tekjuafganginum sé varið til jafnþarflegra fyrirtækja og þeirra, sem hér er um að ræða. Hinsvegar er það engan veginn meining flm. þessa frv. að byggja framkvæmd þessa frv. eingöngu á væntanlegum tekjuafgangi, — síður en svo, því að þegar búið er að samþykkja þetta mál á Alþingi, verður að sjálfsögðu farið eins að um þetta og um aðrar verklegar framkvæmdir, að áætla í fjárlögum ákveðna upphæð til þeirra árlega; enda talaði hv. 1. flm. um það í fyrstu ræðu sinni, að það yrði að ætla fé til þess í fjárlögum. Ég vænti þess, að nú sé þegar kominn sá skriður á þetta mál, að stjórnarvöld og Alþingi hafi það ekki að hornreku og að veitt verði til þessara framkvæmda árlega fé í fjárlögum eins og gert er nú til annara verklegra framkvæmda. Ég vænti þess ennfremur, eftir því sem fram hefir komið við þessa umr., að í svo stóru máli og hér er um að ræða hverfi aukaatriðin og hinir smávægilegu agnúar í skuggann, og að allir taki nú höndum saman um að hrinda því til framkvæmda; það verður til mikillar blessunar fyrir þjóðina.

Flm. (Jón Sigurðsson): Það hefir ýmislegt komið fram í umr. síðan ég talaði síðast, en því hefir verið svarað af öðrum fylgismönnum þessa frv., svo að ég get verið mjög stuttorður.

Hæstv. atvmrh. talaði mikið um rannsókn þessa máls og að það þyrfti sérstaklega að gera sér ljóst, hversu miklar útgjaldabyrðir heimilin gætu borið. Hann virtist ætla verkfræðinganefndinni að athuga það; en ég er á annari skoðun og treysti bændum bezt til þess að dæma um það sjálfir, hvað þeir geta greitt eða lagt á sig til rafveitufram kvæmda.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég vildi láta hætta við að leggja fram fé til brúabygginga; en þetta er hin mesta fjarstæða.

Ég sagði, að samkv. skýrslu vegamálastjóra, sem lægi fyrir fjvn., þá teldi vegamálastjóri, að innan skamms mundi verða lokið byggingu nauðsynlegustu brúa yfir hinar stærri ár landsins, og að þá yrði auðveldara að beina fé ríkissjóðs til annara framkvæmda. Mér dettur ekki í hug, að það verði hætt við að byggja brýr; en nauðsyn þess er ekki jafnmikil og áður, þegar búið er að brúa flestar ár á einum til tveimur stöðum hverja. Hæstv. atvmrh. og fjmrh. gengu báðir framhjá því í ræðum sínum, að skylda ríkissjóðs til þess að leggja Landsbankanum til fjárframlag árlega er nú burtu fallin, svo að þeirri upphæð má verja til framkvæmda þessu máli. En í stað þess hefir hæstv. atvmrh. orðið mjög munntamt í ræðum sínum í dag, og smjattað á því hvað eftir annað, að ég ætlaðist til, að afgangstekjum ríkissjóðs yrði varið til rafveitufyrirtækja samkv. þessu frv., og hann hefir jafnvel slegið því föstu, að ég vildi aðeins verja til þess afgangsfé. Hæstv. ráðh. veit það mjög vel sjálfur, að þetta er alger útúrsnúningur á mínum orðum og strákskapur, sem honum er ekki sæmandi. Ég get endurtekið það, að margar og stórar fjárveitingar, er stj. greiðir án lagaheimildar úr ríkissjóði, eiga margfalt minni rétt á sér en þetta mál. Og á meðan fé er ausið gegndarlaust úr ríkissjóði til þarflítilla eða óþarfra fyrirtækja, bygginga og ýmiskonar óþarfa, sé ég ekki ástæðu til að leggja nýja skatta á þjóðina; slíkar fjárveitingar ættu að hverfa og því fé væri betur varið til raforkuveitna í sveitum. En ég skal líka endurtaka það, að ef þing og stj. eru sammála um að gæta sparnaðar á útgjöldum ríkissjóðs, þá tel ég sjálfsagt að styðja nýja tekjuöflun eftir þörfum.

Það hefir nokkuð verið talað um einkaveitur og samvirkjun. Var svo að skilja á hv. þm. Ísaf., að mönnum væri ekki ljós greinarmunur á því. Ég tók það skýrt fram, að í ýmsum byggðarlögum væru ekki möguleikar til samvirkjunar. En það verður líka að greiða fyrir þeim, og það er sannfæring mín, að full þörf sé á eftirliti með sérveitum einstakra heimila. Það er hörmulegt, þegar einstaklingar eru búnir að leggja mikið fé í slíkar stöðvar, að þá skuli þeir, ef eitthvað bjátar á, þurfa að sitja í myrkri og kulda á miðjum vetri, eldiviðarlausir og óviðbúnir slíkum óhöppum. En ég þekki dæmi þess í Skagafirði. (LH: Þau geta eins komið fyrir, þó að rafmagnsveitur séu stærri). Það hefir verið bent á, hverja þýðingu rafmagnið hefði fyrir heimilin, eigi aðeins til íbúðarþæginda, heldur og utanhúss. Ég drap aðeins lauslega á þetta í framsöguræðu minni; en enginn vafi er á því, að rafmagnið skapar nýja og óþekkta möguleika til margskonar framkvæmda. Það sýnir reynslan erlendis. Þar telja bændur mestan vinning í því að nota rafmagnið til ýmiskonar iðnrekstrar og til að spara mannsaflið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um andmæli þau, sem fram hafa komið gegn þessu frv., enda yrði það að mestu sparðatíningur. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég aðeins skjóta því til hv. þm. Ísaf., út af því, sem hann talaði um, að erfitt yrði að gera upp á milli héraða í þessu máli, að hann hefir átt sæti í fjvn., þar sem árlega er rætt um, hvaða héruð eigi að fá vegi og síma í hvert skipti og hver verði að bíða um sinn. Ætli það yrði ekki svipað um ákvörðun á rafveitufram kvæmdum? Að vísu hafa ekki allir verið ánægðir, en sæmilega hefir þetta gengið hingað til.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins fá orð. Ég get lýst ánægju minni yfir ræðu hv. þm. Borgf. Hann brá ljósi yfir ýms atriði þessa máls, svo að það er nokkru skýrara eftir en áður. Hv þm. sagði, að allir væru sammála um þá nauðsyn, að lýsa og hita heimilin. Og það vil ég láta vera heildarsvipinn yfir þessum umr., þó að við köstumst á nokkrum hnútum. Hv. þm. sagði, að það hefði ekkert verið talað um aðalatriði þessa máls — þátttöku ríkissjóðs í hinum fyrirhuguðu rafveitufram kvæmdum. — En þetta er alls ekki rétt. Það hefir komið fram í ræðum hv. 1. flm. og í mínum ræðum, hvernig þátttöku og fjárframlögum ríkissjóðs yrði háttað. Hv. 1. flm. og þm. Borgf. hafa mest talað um að verja tekjuafgangi í fjárl. til framkvæmda þessum rafveitufyrirtækjum. En ég hefi bent á, að hér væri um svo þýð-

ingarmikið mál að ræða, að það yrði að sjá ríkissjóði fyrir sérstökum tekjum til að tryggja framkvæmd þess sem bezt. Hv. þm. Borgf. sagði, að það væri „slagorð" mitt, að nota ætti tekjuafganga í þessu augnamiði. Nei, þetta er „slagorð" hv. flm. frv. og þeirra flokks, að það eigi að lýsa og hita upp íslenzka sveitabæi fyrir tekjuafganga í fjárl. (**PO:** Ég hefi aldrei sagt það). Hv. 2. þm. Skagf. sagði þetta fyrstur.

Hv. þm. Borgf. sagði, að það væri tekið með léttúð á þessu máli. Það gera engir aðrir en hv. flm. sjálfir. Það lýsir ótrúlegri smámunasemi, og er meira að segja móðgun við þingið, að koma fram með slíkt stórmál eins og þetta og tala um, að það verði framkvæmt fyrir afganga í fjárlögum. Þetta ber ekki vott um mikinn stórhug hjá hv. flm. frv.

Ég gat ekki betur skilið en að hv. þm. Borgf. líkaði þetta vel. Enda fór hann að rökstyðja þessi áform með því að nefna ýms dæmi þess, hvað gert hefði verið fyrir tekjuafganga í fjárlögum. Þó að nú séu að vísu góð tekjuár, þá er engin trygging fyrir, að það haldist framvegis. Þetta ber einmitt ljósastan vott um hug minn og hv. flm. til þessa máls, að ég vil auka tekjurnar því til stuðnings, en þeir ætlast til, að það sé komið undir atvikum og árferði og tekjuafgangi í fjárl., hvernig um það fer.

Einn mikilsmetinn þm. í Íhaldsfl., sem á sæti í þessari hv. deild, lét þau orð falla um þetta mál á landsmálafundi síðastl. sumar, að það mundi skipta öldum að hrinda því í framkvæmd. Svona er þá háttað hugsjónamálum Íhaldsflokksins og framkvæmd þeirra. Þeir segja: það á að gerast á öldum og fyrir afganga í fjárlögum! — En við framsóknarmenn viljum byrja á því að tryggja ríkissjóði fastar tekjur, til þess að hægt sé að framfylgja þessu máli, þegar Alþingi ákveður það. Þetta ber ljósastan vott um vinnubrögð flokkanna.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja það, að ég hefi í seinni tíð séð framan í ýmislegt svart í stjórnmálunum hér á Alþingi, síðan hæstv. atvmrh. settist í þann sess, sem hann skipar nú, og get bent á ýmislegt gruggugt inni fyrir hjá hæstv. ráðh. En nú leyfir hæstv. ráðh. sér að snúa svo út úr ræðu minni upp í opið geðið á þingheimi, með meiri óskammfeilni og blygðunarleysi en ég hefi áður þekkt. (Forseti hringir). Jafnframt því, sem ég benti á það með skýrum rökum, hver hefði orðið tekjuafgangur ríkissjóðs sum árin og að honum væri vel varið til þessara framkvæmda, þá tók ég það skýrt fram og ótvírætt, að fyrir flm. þessa frv. vekti, að tekinn verði upp fastur liður í fjárlögum til þessara framkvæmda. Ég vænti að þetta standi skýrum stöfum hjá þingskrifurunum, og að við ætlumst til, að þetta mál yrði engin hornreka hjá fjárveitingavaldinu. En svo segir hæstv. atvmrh., að ég hafi lagt til, að þetta yrði allt gert einungis fyrir afgangsfé.

Ég hygg því, að það sé ekki ofmælt, sem ég sagði áðan, þegar hæstv. forseti hringdi, að það er hin svartasta óskammfeilni og blygðunarleysi af hæstv. ráðh. að snúa þannig út úr orðum mínum.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (BSv): Hv. 1. þm. Skagf. hafði kvatt sér hljóðs, þegar umr. var frestað, en með því að hann er ekki mættur, og hinsvegar enginn annar biður um orðið, lýsi ég umr. lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt áliti meiri hl. fjhn., á þskj. 558, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju (þmfrv., A. 29).

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. á þskj. 29 stendur í nánu sambandi við frv. á þskj. 30, um Fiskiveiðasjóð, sem næst er á dagskrá. Þó getur þetta frv. um rekstrarlánin staðið sjálfstætt út af fyrir sig, án þess að sú leið sé farin, sem frv. á þskj. 30 gerir ráð fyrir. — Eins og hv. þdm. mun vera kunnugt, var frv. um þetta efni flutt hér áður í þinginu, nefnilega 1928, er sjálfstæðismenn í Ed. báru það fram. Málið náði ekki fram að ganga að því sinni, en hugmyndin, sem í því fólst, var tekin upp af landsstj. í fyrra, er hún bar fram frv. um Búnaðarbanka. Urðu þá töluverðar deilur um það, hvort veita ætti sjávarútvegs- og sveitabændum aðgang að lánum úr bankanum að því er útveg þeirra snertir. Við sjálfstæðismenn héldum því fram, að bændur, sem við sjó búa og bátaútveg hafa jafnframt búskapnum, hefðu eðlilega brýna þörf og sjálfsagðan rétt til lána úr bankanum. En rök okkar voru að engu höfð í þessu máli. Hin stefnan varð ofan á, að útiloka þá frá lánum úr bankanum hvað þann hluta atvinnu þeirra snertir, er að sjónum lýtur. Þó er það margviðurkennt af öllum, er til þekkja, að rekstrarlánaþörf bátaútvegsins er miklu meiri en núverandi lánsstofnanir geta sinnt. Hafa komið fram ýmsar till. til þess að bæta úr lánaþörfinni, en engar þeirra hafa fengið framgang. Á þskj. því, sem hér er um að ræða, er gerð veruleg tilraun til þess að koma á fót rekstrarlánafélögum til þess að sinna lánsþörf bátaútvegsmanna og hinna smærri iðjurekenda, sem standa í nánu sambandi við útgerð. Fyrirkomulag þessara félaga er sniðið að mestu eftir því, sem frv. 1928 gerði ráð fyrir. Með því nú, að menn eru á einu máli um nauðsyn málsins, þá má vænta þess, að Alþingi láti nú ekki hátíðarárið líða svo, að það sýni ekki fullan skilning og samúð með bátaútveginum og þeim iðnrekstri, sem í sambandi við hann stendur, og reyni að hjálpa þessum atvinnugreinum með hagkvæmum lánum. Ég ætla ekki að fara út í neinn meting við hina stærri útgerð í landinu, enda á það ekki við, en ég vil aðeins benda hv. þm. á það, að fjöldi landsmanna lifir á smábátaútvegi, og því getur það tæplega talizt vansalaust af löggjafarvaldinu að hafa till. til meðferðar um að styrkja þennan atvinnuveg, en sinna þeim þó ekki. Vænti ég þess, að svo fari ekki í þetta sinn.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni. Eins og ég gat um í upphafi, stendur þetta mál í nánu sambandi við næsta málið á dagskránni, en getur þó staðið út af fyrir sig, þó að það mál nái ekki fram að ganga. En umr. um þessi tvö mál hljóta þó að ganga að miklu leyti í sömu átt, og get ég því sparað mér lengra mál við þessa umr. Vil ég enda mál mitt með því að biðja hv. þdm. að sýna frv. þá velvild að láta það ganga til sjútvn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég skal aðeins geta þess í sambandi við þetta mál og næsta mál á dagskrá, að stj. hefir látið undirbúa lagafrv. um þetta efni, samkv. loforði í fyrra, og mun það frv. bráðlega verða lagt fram í þinginu. Geymi ég mér að taka til máls um þetta frv. fyrr en frv. stj. er komið fram.

Sveinn Ólafsson: Út af niðurlaginu á ræðu hv. flm. vil ég taka það fram, að þetta frv. er aðeins lítið breytt útgáfa af frv. um sveitabanka. Mér finnst þetta mál fyrst og fremst fjárhagsmál, og eiga því betur heima í fjhn. en í sjútvn., enda legg ég til að því verði vísað til fjhn.

Pétur Ottesen: Út af orðum hv. 1. þm. S.-M., um að þetta mál væri náskylt sveitabankafrv., vil ég upplýsa hv. þm. um það, að í fyrra var það mál fyrir landbn., en ekki fjhn. Ef deildin vill nú vera sjálfri sér samkvæm, á þetta mál að sjálfsögðu að fara til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Fiskiveiðasjóður Íslands.

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um Fiskiveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 30).

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Það hníga nær hin sömu rök að framkomu þessa frv. og þess frv., sem næst var á undan á dagskránni (frv. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju). Á undanförnum þingum hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að efla Fiskiveiðasjóð Íslands. Í upphafi var sjóð þessum ætlað að vera til hjálpar þeim mönnum, er vildu koma á fót bátaútgerð. Eftir því sem útgerðinni óx fiskur um hrygg í landinu, varð sjóðurinn meir og meir ófullnægjandi. Mönnum varð nú ljóst, að efla þurfti sjóðinn, og það til verulegra muna. Tilraunir sjálfstæðismanna á undanförnum þingum hnigu eindregið í þá átt. Þörfinni er ómótmælt. Stofnkostnaður allrar útgerðar er nú miklu meiri en um það leyti, sem sjóðurinn var stofnaður, skipakostur dýrari, sjór sóttur lengra en áður, og margt fleira er þess valdandi, að Fiskiveiðasjóðurinn er fyrir löngu orðinn allsendis ófullnægjandi sem lánsstofnun fyrir þessa atvinnugrein.

Í fyrra var þetta mál komið svo langt áleiðis, að það var afgr. til hv. Ed., en þar var það stöðvað með því að vísa því til stj. Ég hefi nú heyrt hæstv. forsrh. lýsa yfir því, að á leiðinni væru till. eða frv. um lánsstofnun til styrktar bátaútvegi í landinu. Vel er það, að hæstv. stj. hefir nú séð nauðsyn þessa máls og lagt drög fyrir framgangi þess hér í þinginu, og horfir þá ekki óvænlega um, að nú takist að gera Fiskiveiðasjóðinn svo úr garði, að hann samsvari kröfum tímans.

Það var deilt á okkur, sem stóðum að frv. í fyrra, fyrir það, að till. okkar gerðu ráð fyrir svo lítilfjörlegri hjálp í þessum efnum, að málinu væri varla sinnandi fyrir þær sakir. Ég skal að vísu kannast við, að till. sjútvn. í fyrra fóru skemmra en ég hefði kosið, en ef ég hefði talið vísan framgang málsins á öðrum grundvelli, myndi ég sannarlega hafa teflt djarfara. En þrátt fyrir það, þá fór svo að lokum, að jafnvel þessar till. fundu ekki náð fyrir augum hæstv. stj. og voru stöðvaðar í Ed. fyrir hennar tilstilli.

Nú er þetta mál flutt af sjávarútvegsmönnum Sjálfstæðisflokksins hér í Nd. Höfum við gert allmiklar rýmkanir á frv. frá því í fyrra, bæði um höfuðstól, verðbréfasölu, lánskjör o. fl. Höfum við alstaðar gengið feti framar en gert var í till. sjútvn. í fyrra. Vonum við nú, sem að þessu frv. stöndum, að þeir hv. þm., sem í fyrra afsögðu stuðning sinn þessu máli til handa, geti nú lagt frv. þessu lið. Verður því ekki neitað, að ef þetta frv. verður að lögum, þá er þar með komin á fót sæmilega öflug lánsstofnun fyrir bátaútveginn í landinu.

Með því móti, að skipakaupadeildin fær eignir sjóðsins til umráða, ásamt 100 þús. kr. á ári hverju í 10 ár úr ríkissjóði, fær hún allríflegan höfuðstól, en að þessum 10 árum liðnum ætlumst við til, að hún fái 35 þús. kr. árlega úr ríkissjóði. En það, sem mestu máli skiptir, er það, að við ætlumst til, að sjóðurinn gefi út vaxtabréf, sem nema ferfaldri upphæð höfuðstólsins, og fæ ég þá ekki annað séð en að stigið sé allstórt spor til að bæta úr þeirri þörf, sem verið hefir með lán til bátakaupa.

Þá höfum við hallazt að því, að lánin verði veitt til kaupa á skipum, sem eru allt að 60 smálestum, enda er sú breyt. í samræmi við kröfur tímans. Nú er farið að sækja sjó á svokölluðum útilegubátum, og þeir sjómenn, sem til þekkja, fullyrða, að slík skip megi ekki vera undir 60 smálestum, ef vel eigi að vera, og þar sem búast má við, að þessu verði haldið áfram, virðist oss sjálfsagt að styrkja menn til kaupa á slíkum bátum eins og öðrum smærri.

Þingið hefir áður samþ. það, að sjóðurinn lánaði fé til að koma upp frystihúsum til hagræðis fyrir sjávarútveginn, en við höfum gengið feti lengra og bætt við lífrarbræðslu, enda brýn þörf á því. Það er vitanlegt, að víða í sjávarþorpum er þessi iðjugrein svo ófullkomin, að nauðsyn ber til, að henni verði kippt í lag með lánveitingum, því að hún getur orðið drjúgur tekjuliður fyrir sjávarútveg-

inn, og lýsisbræðslustöðvar eru engu síður nauðsynlegar en frystihúsin.

Að því er rekstrarlánadeildina snertir er ætlazt til, að ríkisstj. tryggi henni allt að 2 millj. króna lán frá ári til árs, eða taki allt að þessari upphæð að láni handa sjóðnum í þessu skyni, og má þá ætla, að hún sé nægilega tryggð. Ég sé ekki ástæðu til, á þessu stigi málsins, að fara um það fleirum orðum.

Á síðustu þingum hafa verið færð rök fyrir því, að sjóðinn þurfi að efla og gera hann að fiskiveiðabanka, og þarf ég þar engu við að bæta. Hér sitja líka í hv. d. þeir menn, sem um þetta mál hafa fjallað og vita, hversu smábátaútvegurinn er aðþrengdur og hve mikil nauðsyn er á, að úr því verði bætt. Vona ég því, að þeir taki frv. þessu vel.

Að endingu vil ég leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn.

Sveinn Ólafsson: Á undanförnum tveimur þingum hefir þetta mál legið fyrir í frumvarpsformi, og þar áður í tillöguformi um, að það yrði undirbúið og rannsakað.

Þennan undirbúning fékk það hjá stjórnskipaðri nefnd árið 1927, en þó er það ekki komið í það horf, sem ætla mætti og æskilegt hefði verið; má því segja, að langur sé orðinn á því ómagahálsinn.

Á síðasta þingi, þegar það var fyrirsjáanlegt orðið, að málið myndi ekki komast í gegn, gaf hæstv. forsrh. fyrirheit um, að það skyldi borið fram á þessu þingi. Ég hefi séð frv. það í handriti, sem stj. hyggst að leggja fram, og það er að nokkru leyti samstætt þessu frv., en er þó í nokkrum verulegum atriðum frábrugðið.

Ég verð að segja það, að mér þótti að mörgu leyti lakara, að þetta frv. skyldi vera borið fram áður en stjfrv. birtist, en með því að ég veit um einlægan áhuga margra hv. þm. á því að bjarga þessu máli, vil ég vonast til, að samkomulag náist um aðalefnið, hvort sem stj. ber fram sitt sérstaka frv. eða efni þess kemur fram í brtt.

Ég þykist einnig vita, að hv. flm. þessa frv. muni eigi ófúsir til samvinnu um líka meðferð málsins og meiri hl. sjútvn. fylgdi á síðasta þingi, og þótt ég kysi heldur, að þessu frv. hefði eigi verið hleypt af stokkum jafnhliða stjfrv., þá vonast ég þó eftir, að náð verði góðum árangri.

Sigurjón Á. Ólafsson: Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi þessarar hv. d., og hv. frsm. hefði því getað sparað sér þessa ræðu með því að vísa til Alþt. frá síðasta þingi. Þetta mál hefir verið ágreiningsatriði undanfarin þing, þ. e. a. s. ágreiningur hefir verið um, hvernig það skyldi leyst, en ekki um hitt, að nauðsyn væri á sjóði eða lánsstofnun til eflingar fiskiveiðum landsmanna, og þá sérstaklega smáskipaútveginum. Menn hefir greint á um, hve stór sjóðurinn skyldi vera og hvernig honum skyldi fyrir komið.

Við, sem vorum í minni hl. í þessu máli á síðasta þingi, höfum haldið því fram, að frekar skyldi gengið til verks, stærri og öflugri peningastofnun væri nauðsynlegt að mynda en fram hefði komið í till. meiri hl., og hv. frsm. hefir nú viðurkennt, að hann hafi ekki verið allskostar ánægður með þær till., sem fram hafa komið, sem hann þó var með að undirbúa og samþykkja. Nú er það upplýst, að hæstv. stj. ætlar að leggja fram þær till., sem hún lofaði á síðasta þingi, en ég hefi ekki séð þær, og því er erfitt að tala í málinu, meðan þær liggja ekki fyrir.

Það, sem ég hefi að athuga við þetta frv., er meðal annars, að það ætlast til, að sjóveð verði látið falla niður fyrir þeim lánum, er ganga til skipakaupa, nákvæmlega á sama hátt og fólst í till. meiri hl. á síðasta þingi. Hygg ég, að hv. flm. hafi ekki gert sér það ljóst, hvað af því getur leitt fyrir sjómannastéttina. Það undrar mig þó mest, að hv. frsm. skuli hafa gerzt flm. þessa frv. með þessu ákvæði í, þar sem skorað var á hann á fjölmennum kjósendafundi í Vestmannaeyjum að láta sjóveðin haldast sem trygging fyrir kaupgreiðslum, þrátt fyrir tilraun hv. þm. um, að till. næði fram að ganga. Hv. flm. má vita það, að það er ekki út í loftið talað, er ég hefi bent á þá hættu, sem af þessu leiðir fyrir sjómennina, enda er engin ástæða til að láta þennan væntanlega útvegsbanka, eða

hvaða nafn, sem honum kann að hlotnast, verða rétthærri en aðrar lánsstofnanir, er nú starfa og til skipakaupalána.

Ég býst við, að um þetta mál verði allmiklar umr. síðar og geymi mér því frekari skýringar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Hv. 4. þm. Reykv. gaf mér heilræði, sem náttúrlega er ekki nema rétt að taka vel upp fyrir honum, en það reyndist nú svo hjá honum sjálfum, er hann fór að tala um málið, að hægara er að gefa heilræðin en halda þau, og ég hefði sízt búizt við því af þeim hv. þm., að hann ásakaði mig fyrir að segja það, sem áður kann að hafa verið sagt hér á þingi.

Hv. þm. áfelldist mig fyrir það, að í frv. er ætlazt til, að veðréttur Fiskiveiðasjóðs gangi fyrir öðrum veðréttum, og vitnaði í því sambandi til fundasamþykkta, sem gerðar hafa verið í Vestmannaeyjum. Ég vil því segja hv. þm. það, að í hverju máli álít ég sjálfsagt að fylgja því, sem mér virðist sannast og réttast, og ég get því aðeins tekið tillit til vilja kjósenda minna, að það brjóti ekki í bága við heill alþjóðar. Sannleikurinn er nú raunar sá, að hér er alls ekki um afnám sjóveðs að ræða á þann hátt, sem hann leggur það út. Það er vitanlegt, að hér er enganveginn verið að ganga á rétt sjómanna, heldur er verið að létta undir með smábátaútveginum, og það af brýnni nauðsyn, sem allir hafa rekið sig á.

Fiskiveiðasjóður lánar ekki nokkrum manni út á veð í sjálfum bátnum, heldur er farið eftir þeim fasteignum, sem menn geta boðið að veði fyrir láninu. Þetta ástand er svo alvarlegt, að því verður ekki unað, og því dirfist ég að leggja það til, að veðréttur Fiskiveiðasjóðs verði látinn ganga fyrir öðrum veðréttum, þótt það kunni að afla mér óvildar hjá þeim mönnum, sem hafa ekki gert sér ljóst, hve ástandið er alvarlegt.

Hv. 1. þm. S.-M. vildi ég þakka fyrir þann áhuga, sem ég veit, að er nú eins og áður hjá honum í þessu máli. Hann vildi, að við hefðum dregið að koma fram með þetta frv. þangað til stj. hefði lagt sinn skerf til málanna. Ég vissi um fyrirheit hæstv. stj., en það er eins með mig og hv. 4. þm. Reykv., að mér var ókunnugt um frv. stj. og yfirleitt fyrirætlanir hennar í þessu máli. Því einkennilegra þótti mér þetta, sem stj. hefir lagt fram allmörg frv. um áhugamál sín, en ekkert hefir hún látið frá sér fara um þetta efni. Þess vegna virðist mér, að við flm. þessa frv. séum ekki ámælisverðir fyrir það, að við höldum fast við áhugamál okkar og viljum láta það komast í höfn sem fyrst. Hitt er auðvitað sjálfsagt, að sameina krafta sína í þessu máli, ef viðunanleg leið fyrir stj. og einstaklinga finnst í því.

Hv. 1. þm. S.-M. sagðist hafa átt kost á að kynna sér þetta frv., en ég verð að segja, að það er hart fyrir þm., sem kemur frá sjávarútvegshéraði, að hafa ekki einu sinni fengið bendingar um, hvað hæstv. stj. hyggðist fyrir í þessu þýðingarmikla máli fyrir þessa atvinnugrein. Fari till. hæstv. stj. í svipaða átt og við flm. leggjum til í þessu frv., séu lánskjörin lík og engin ný kvöð lögð á þennan margíþyngda atvinnuveg, get ég lofað samvinnu frá minni hendi, en öðru get ég ekki lýst yfir að svo komnu máli.

Ef frv. stj. fullnægir ekki þessum skilyrðum, er ósennilegt, að samvinna takist, því að hún getur tæplega orðið á öðrum grundvelli en þeim, sem ég hefi nefnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Verðfesting pappírsgjaldeyris.

Á 7. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um verðfesting pappírsgjaldeyris (þmfrv., A. 33).

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Thors): Ég geri ráð fyrir, að flestir hv. þdm. séu mér sammála um

það, að efnishlið gengismálsins sé þegar útrædd hér á Alþingi. Gengismálið hefir verið hér til meðferðar þing eftir þing, en þrátt fyrir ítarlegar umr. og upplýsingar fagmanna, er það enn óútkljáð.

Þetta mál var fyrst borið fram af núv. hæstv. forsrh., sem þá, eins og raunar einnig nú, var þm. Str. Síðan var málið flutt af hv. þm. V.-Ísf. Þó að ég sé gamall samherji þessara tveggja hv. þm. í þessu máli, hefi ég þó helzt úr lestinni, þannig að skilja, að ég er orðinn vonlaus um, að gengismálið nái fram að ganga í því formi, sem þessir hv. þm. hafa viljað búa málinu. Hinsvegar tel ég mjög óheppilegt, að svo miklu máli sem gengismálinu sé ekki ráðið til lykta, heldur lendi allt í þófi og málalengingum um það ár eftir ár.

Það var fyrst og fremst af þessari ástæðu, að við hv. þm. N.-Ísf. leyfðum okkur í fyrra að bera fram till. um nýja lausn á þessu mikilvæga máli. Það vannst ekki tími til að ræða till. okkar í fyrra, og því berum við þær nú fram að nýju.

Sú leið, sem við bendum á til lausnar á gengismálinu, er verðfesting engu síður en leiðin, sem hv. þm. V.-Ísf. vill fara í málinu. Það, sem skilur, er hreint formsatriði. Í stað þess að festa íslenzku krónuna í núverandi gildi, þ. e. 82 gullaurum, viljum við hækka hann upp í 100 gullaura, samtímis því að umreikna allar kröfur og skuldbindingar, sem stofnaðar eru eða stofnaðar verða á tímabilinu frá 7. ágúst 1914 til 1. jan. 1933. Auk þess leggjum við til, til hægðarauka, að í umferð verði seðlar með tvennskonar gildi, og vakir það fyrir okkur, að alþjóð manna muni eiga betra með að venjast breytingunni með slíku fyrirkomulagi.

Báðar þessar leiðir, sem ég nú hefi nefnt, leiða að sama marki, og má færa þeim hvorri um sig ýmislegt til síns ágætis. Ég ætla þó ekki að svo komnu að færa önnur rök fyrir þeirri leið, sem við hv. þm. N.-Ísf. viljum fara, en þau, að eins og Alþingi er nú skipað fæst ekki lausn á gengismálinu eftir till. framsóknarmanna. Hækkunarmenn eru það margir í þinginu, að till. þeirra ná aldrei fram að ganga. Hinsvegar skal ég taka ábyrgð á því, að nægilega margir þm. í hv. Ed. ljái till. okkar hv. þm. N.-Ísf. lið, ef það er yfirlýst, að festingarmenn muni fylgja þeim.

Þessi er aðalröksemd mín fyrir þessu frv.. Og ég vil lýsa yfir því, að ég vil ekki hefja umr. nú um það, hver böggull fylgi, hvor leiðin sem farin kann að verða í þessu máli, heldur óska ég eftir samkomulagi um þetta frv. Þó að farin verði önnur leið til festingar en framsóknarmenn óska, mega þeir því vel una, ef festingin fæst á annað borð.

Ég sé ekki ástæðu til að láta frv. fylgja fleiri orð, en vil leggja það til, að því verði vísað til fjhn., að lokinni þessari umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég er sammála hv. 1. flm. þessa frv. um það, að ekki sé nauðsynlegt að hefja langar umr. um þetta frv. nú, enda hefir verið útbýtt hér í deildinni í dag öðru frv. um sama efni, sem síðar kemur á dagskrá. Ég geri ráð fyrir, að bæði frv. fari til sömu n. og að reynt verði að vinna að lausn þessa máls, svo sem unnt er.

Hv. 1. flm. frv. spáði því, að ekki mundi fást lausn á gengismálinu eftir till. okkar framsóknarmanna, eins og þingið væri nú skipað. Ég skal ekkert um þetta segja. Má vel vera, að það sé rétt. En þá er að meta þær ástæður í meðferð þessa máls, hvort ekki sé rétt að bíða þess tíma, að þingið verði svo skipað, að till. okkar framsóknarmanna nái fram að ganga.

Ég sé ekki ástæðu til að hefja deilur um þetta mál. Menn eru að ýmsu leyti sammála um aðalatriði þess, og má vera, að samkomulag náist um það í n.

Magnús Jónsson: Ekki skal ég frekar en aðrir verða til þess að vekja umr. um þetta mál á þessu stigi. En mér heyrðist hv. flm. segja, að efnishlið gengismálsins væri útrædd hér á þinginu. Þessu vil ég algerlega mótmæla. Þrátt fyrir ítarlegar umr. um gengismálið í fyrra, er ég enn á sömu skoðun og ég var þá. Mér er sama, hvor þessara tveggja lausna á gengismálinu er. Ég er á móti þeim báðum og mun leggja á móti hvorutveggja frv.

Það renna nú að frv. úr öllum áttum um að stýfa íslenzku krónuna. Meiri hl. þingsins virðist ætla að renna af hólmi í þessu sjálfstæðismáli. Því að: hvað er

það annað en sjálfstæðismál að vilja standa við sínar eigin skuldbindingar?

Flm. (Ólafur Thors): Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir undirtektir hans, og vonast fastlega eftir samvinnu við hann um lausn þessa máls.

Sumir menn eru svo bjartsýnir, að þeir bera engan ugg í brjósti, þó að það sé dregið á langinn ár eftir ár að ráða þessu mikilvæga máli til lykta. Ég er ekki svo bjartsýnn. Ég óttast óvissuna. Og reynsla annara þjóða sýnir það, að ótti minn er ekki ástæðulaus. Á Spáni varð t. d. 50% gjaldeyrisverðfall á einum mánuði, sem ekki hefði orðið, ef því hefði ekki verið frestað að festa gjaldeyrinn.

Ég skal ekki taka of fast á móti því, sem flokksbróðir minn, hv. 1. þm. Reykv., sagði. Hann vildi mótmæla því, er ég sagði, að efnishlið gengismálsins væri útrædd hér á Alþingi, og færði það til, að hann sjálfur héldi enn sinni gömlu skoðun.

Hér í fyrra fóru fram miklar og langar umr. um aðallínur gengismálsins og menn mynduðu sér um það fastar skoðanir. Þeir, sem ekki muna þær umr., geta lesið þær í Þingtíðindunum. Ég geri ekki ráð fyrir, að fram komi nýjar upplýsingar í málinu, og því tel ég það útrætt að efninu til, hvort svo sem menn hafa skipt um skoðanir í því eða ekki.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það, að ég vænti eftir stuðningi hæstv. fjmrh. við þetta frv.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil lýsa yfir því fyrir hönd Alþýðuflokksins, að afstaða hans er óbreytt í málinu, og munum við því greiða atkv. gegn því, að frv. fari til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MT, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, BSv.

nei: SÁÓ, HG, HV.

Fimm þm. (MG, SE, ÁÁ, BÁ, HK) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 16:1 atkv.

Á 78. fundi í Nd., 12. apríl, var útbýtt nál. minni hl. fjhn., á þskj. 492, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár.

Á 8. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta leggja járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár (þmfrv., A. 36).

Á 10., 12. og 15. fundi í Nd., 31. jan., 3. og 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 7. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég mun að þessu sinni ekki flytja langt mál um þetta frv., enda vænti ég þess, að hv. þdm. sýni því þá kurteisi að lofa því að fara til n., til þess að athugast þar svo sem rök standa til.

Járnbrautarmálið var á sínum tíma mikið rætt, þó að þögn hafi verið um það upp á síðkastið. Við þær upplýsingar, sem fyrir lágu í málinu, þegar það var flutt hér á Alþingi 1926, hefir lítið sem ekkert bætzt síðan, og er að því leyti ekki ástæða til að fara ítarlega út í málið nú, heldur get ég skírskotað til þess, sem þá lá fyrir. Sú tilraun, sem síðar var gerð til að leysa málið, þannig að fossafélagið Títan legði brautina, mistókst með öllu, og er nú sýnt, að málið verður ekki leyst á annan veg en að ríkið taki það að sér, enda virðist sú leið heilbrigðust og affarasælust fyrir þjóðina. Ekkert er okkur Íslendingum hættulegra og viðsjárverðara en að leyfa erlendu fjármagni að nema hér land. Járnbrautarmálið er eins mikið fjármál og það er stórkostlegt samgöngumál, og því er okkur Íslendingum hollast að ráða framkvæmd þess og rekstri sjálfir, en fela slíkt ekki erlendum mönnum. Auðvitað verðum við að leita til annara um fé til framkvæmdanna í þessu máli, en það er annað að leita sér liðs á þann hátt en að láta er-

lenda menn annast framkvæmdir og eiga hlutdeild í þeim.

Þrjú undanfarin ár hefir verið hljótt um járnbrautarmálið. Stafar það ekki af því, að menn hafi misst áhuga sinn fyrir málinu, heldur mun ástæðan vera sú, hve hér hefir verið einmunagóð tíð undanfarið, svo að hægt hefir verið að halda uppi samgöngum austur yfir fjall með bílum allt árið. Ég held, að menn hafi gleymt því í þeirri öndvegistíð, sem verið hefir hér á landi síðustu ár, að snjóa geti lagt hér á Íslandi. Það sem af er þessum vetri bendir þó ótvírætt í þá átt, að veðurfarið hér geti aftur orðið hið sama og við áttum við að búa fyrr. Þó er ekki hægt að segja, að nú séu snjóþyngsli. En síðan á jólum hefir engum bíl verið fært austur yfir fjall.

Samkv. venju má búast við því, að frá 3—4 upp í 6 mánuði ársins sé bílum útilokað að komast yfir Hellisheiði, svo að ég er hræddur um, að samgöngumál okkar Sunnlendinga verði aldrei leyst með þeim; a. m. k. verður þá að leggja nýjan veg, á öðrum stað og með annari gerð en sá er, sem nú er notaður. Ella verða bílarnir að engum notum meiri eða minni hl. ársins.

Ég get búizt við því, að sumir kunni að halda því fram, að járnbraut muni ekki geta haldið uppi samgöngum austur yfir fjall, þó að lögð yrði. Snjóalög séu þar svo mikil, að hún muni stöðvast. Ég skal ekki staðhæfa neitt í þá átt, að þetta geti ekki átt sér stað. Til þess brestur mig kunnugleika — og ég hygg raunar, að aðra hér skorti það líka.

Því miður skortir mig næga kunnugleika í öðrum löndum, þar sem járnbrautir liggja langt og hátt yfir sjó. En það er öldungis víst, að járnbraut á þessu svæði mun koma okkur að meira gagni en öll önnur samgöngutæki, er við þekkjum enn og eigum völ á.

Annars þykist ég ekki þurfa að fjölyrða um, hver nauðsyn er, að lögð sé járnbraut austur yfir fjall. Hver, sem þekkir og veit, hvernig búskaparhættir breytast og hvernig ræktun landsins eykst hröðum skrefum, hann skilur, hve erfitt það er að geta ekki komið afurðunum á markað hvenær sem er, eða aðkeyptum nauðsynjum heim til sín.

Á Suðurlandsundirlendinu einu eru svo mikil ræktunarskilyrði, að þar gæti öll þjóðin lifað margfalt betra lífi en hún gerir nú, dreifð um land allt. Þó að ég bendi á þetta, ætlast ég ekki til, að menn flytji sig annarsstaðar frá af landinu og yfirgefi kannske blómleg héruð þar, til þess að setjast að í lágsveitunum austanfjalls, heldur minnist ég á þetta til þess að benda á hina mörgu og miklu ræktunarmöguleika. En eftir því sem ræktun þessa lands eykst, því meiri þörf er á að bæta samgöngurnar þangað.

Nú mun láta nærri, að ríkið hafi látið hátt á aðra millj. króna í mannvirki og ræktunarfyrirtæki austanfjalls. Til þess að ávaxta þær millj. verða íbúarnir að geta komið framleiðsluvörum sínum frá sér að einhverri tryggri höfn. En hafnleysið austur þar bannar allar samgöngur á sjó. Jafnvel um hásumarið er ekki hægt að ferma eða afferma skip t. d. á Eyrarbakka eða Stokkseyri, hvað þá á öðrum tíma árs. Allir flutningar til og frá Suðurlandsundirlendinu verða því landleiðina og bundnar við hafnirnar hér vestan Hellisheiðar.

Þegar byrjað er á stórum ræktunarfyrirtækjum erlendis, þá er jafnhliða byrjað á því að bæta samgöngurnar. Samskonar fyrirkomulagi þarf einnig að koma á hér á landi. Það er hægt að skella skolleyrunum við þessu, en verkið, sem hafið er, stendur í stað eða lendir í óreiðu og þeir fjármunir, sem fram hafa verið lagðir, gefa engan arð. Það má því vissulega segja, að það sé að gefa héraðinu steina fyrir brauð að hvetja fyrst til stórra fyrirtækja, en neita svo um bættar samgöngur, sem eru aðalskilyrðið fyrir því, að hin aukna ræktun borgi sig.

Eins og þetta mál horfir við fyrir okkur austanmönnum, eins horfir það við fyrir öllum þorra Reykvíkinga og Hafnfirðinga. Öllum er meinað jafnt að njóta framkvæmdanna af aukinni ræktun austanfjalls á meðan samgöngurnar þangað eru ekki bættar.

Síðastl. haust eða öndverðan vetur tók Mjólkurbú Flóamanna til starfa skammt frá Ölfusárbrú. Ætlaði búið að selja mjólk hingað til Reykjavíkur daglega. Hér er oft mjólkurskortur, auk þess sem hún hefir að jafnaði þótt of dýr fyrir

einstaklingana að kaupa hana. Með stofnun mjólkurbúsins voru góðar horfur á, að Reykvíkingar fengju nóga mjólk, og um leið ódýrari en þeir hafa átt að venjast um langt skeið. En um leið og Mjólkurbú Flóamanna tók til starfa, lokaðist leiðin austur og hefir verið alófær bifreiðum til þessa. Ef búið hefði verið að semja um ákveðna lítratölu mjólkur, sem sendast átti hingað til bæjarins daglega, þá hefði af þessari samgönguteppu getað leitt mjólkurskort, og hann alvarlegan fyrir bæinn. Svona samgönguleysi kemur báðum illa og getur leitt til meiri ófarnaðar en nokkur getur gert sér grein fyrir.

Við flm. höfum gert þá uppástungu, að járnbrautin verði lögð að öllu leyti eins og gert var ráð fyrir í því frv., er ég flutti ásamt hv. 1. þm. Reykv. á þinginu 1926. Þó að mönnum kunni að vaxa í augum fjárhæð sú, sem ætlazt er til, að ríkissjóður láti af höndum til þessara umbóta, þá erum við fulltrúa þess, að það borgi sig fyrir landið með rentum og renturentum þegar stundir líða.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. séu svo skapi farnir, að þeir vilji bæta úr því samgönguleysi, sem allur sá fjöldi á við að búa, sem heima á austanfjalls. Og þó að þeir kunni að líta öðrum augum á en við flm., hvernig þeir vilja bæta samgöngurnar, þá vænti ég, að þeir láti til sín heyra, svo að kryfja megi rök þeirra til mergjar.

Það hafa heyrzt aðrar raddir og aðrar leiðir verið nefndar til þess að bæta samgöngurnar austur yfir Hellisheiði. T. d. hefir á síðari árum verið talað um fullkomnari bifreiðaveg og haldið fram af ýmsum, að breyta mætti svo veginum, að bifreiðarnar yrðu eins örugg samsamgöngutæki og járnbrautin. En sú vegarlagning og viðhald mundi eflaust kosta afarmikið fé, en um það ætla ég ekki að tala frekar að sinni.

Ég ætla þá að víkja nánar að fjárhagshlið málsins, og ætti þá að nægja að vísa til grg. frv., sem er sú sama og fylgdi frv. 1926, en þar er allnákvæm kostnaðaráætlun, gerð af þeim mönnum, sem rannsakað hafa þetta mál og undirbúið.

Þó að hér sé um dýrar samgöngubætur að ræða, þá er sú upphæð hverfandi, þegar litið er á, að nú á fáum árum hafa landsmenn varið til bifreiðakaupa eins mikilli fjárhæð og allur togaraflotinn kostar. Kunnugur maður hefir sagt mér, að á 4 síðustu árum muni láta nærri, að varið hafi verið til bifreiðakaupa um 4—5 millj. króna, og þó er ekki í þessari upphæð reiknað með varahlutum, gúmmí, benzíni o. fl. o. fl., sem of langt yrði upp að telja. (**GunnS**: Og kaup mannanna, sem við bifreiðarnar vinna). Ég drep á þetta atriði, svo að mönnum standi ljósar fyrir sjónum en áður, að það er mikið fé, sem varið er til þessara samgöngutækja. Og þó er þetta hvergi nærri fullnægjandi hér um slóðir, samgöngurnar eftir sem áður ófullnægjandi, þar sem umferðin t. d. austur yfir Hellisheiði getur teppzt hálft árið eða jafnvel lengur. Til þess að framfarirnar aukist og það fjármagn geti notið sín, sem lagt hefir verið í umbæturnar austanfjalls, þá er fyrsta skilyrðið, að samgöngurnar verði gerðar öruggar.

Ég geri ráð fyrir, eftir því sem hv. þdm. taka í þetta mál, að ég geti séð, hvaða hug þeir bera til framfara í landinu og hvaða augum þeir líta á þær. Ef þeir trúa á menningu og þroska þjóðarinnar með aukinni ræktun o. fl., þá er þetta mál líka sem undanfari þess.

Hæstv. ríkisstj. lét á sínum tíma falla þau ummæli á Alþ., að hún vildi taka til rannsóknar, hvað gera mætti til þess að bæta samgöngur héðan frá höfn og austur yfir fjall, og taldi þörf góðra og skjótra úrræða í því efni. Vona ég að sýni sig nú, að hún hafi eitthvað hafizt handa í þessu efni. Henni er kunnugt um, að það er alvörumál bæði neðan heiðar og austanfjalls, að eitthvað verulegt verði gert til þess að bæta úr því samgönguleysi, sem nú er.

Ég ætla svo að láta hér staðar numið að sinni með þeirri ósk, að takast megi að leysa þetta mál á þann hátt, að allir megi vel við una.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér var tjáð rétt fyrir fundinn, að hv. flm. mundu ekki láta þetta mál koma til umr. í dag. Þess vegna er ég ekki eins vel undirbúinn að hefja nú umr. um málið og annars hefði verið. En þó

að mér kæmi þetta dálítið á óvart, mun ég ekki á þessu stigi málsins færast undan því að segja fáein orð.

Ég er sammála hv. flm. í því, að aðalatriði þessa máls sé að bæta og fullkomna samgöngurnar austur yfir fjall. En það er ekkert aðalatriði að slá því föstu nú þegar, að leggja skuli járnbraut austur að Ölfusá. Aðalatriðið er að komast eftir því með nákvæmlegri athugun, hvað bezt sé hægt að gera í þessu efni. Og að því vil ég vinna með hv. flm., að leysa þetta mál á sem beztan og öruggastan hátt fyrir alla hlutaðeigendur.

Aftur á móti er ég ekki hv. flm. sammála um það, að nú sé vitað, að það, sem lagt er til með frv. þessu að gert verði, sé eina rétta leiðin til samgöngubóta austur yfir heiði.

Ég legg áherzlu á það, og veit, að bændurnir eystra eru mér sammála þar um, að á engu ríður meir en að engin misstigin spor eigi sér stað í framkvæmd þessa mesta nauðsynjamáls héraðsins. Bændurnir hafa of oft rekið sig á það, að þó að yfirlýsingar verkfræðinganna liggi fyrir, þá hafa of mörg mistökin orðið í framkvæmdinni.

Í þessu máli á ekki síður við en annarstaðar: „Varðar mest til allra orða, undirstaðan rétt sé fundin". **(GunnS:** Þarna er undirstaðan!).

Þegar járnbrautarmálið var hér síðast á ferðinni, þá var það bundið við annað mál: sérleyfi handa erlendu félagi til stórfelldrar fossavirkjunar í Þjórsá. Sérleyfisfrv. kom fram á þinginu 1927 og var þá samþ. Árið eftir, eða á þinginu 1928, kom málið aftur fyrir og þá borið fram sem fyrirspurn til stj. um það, hvort hún ætlaði að veita hinu erlenda félagi sérleyfið.

Eftir þeim gögnum, sem þá lágu fyrir, varð ekki séð, að félagið gæti neitt gert; m. ö. o., að þó að félaginu yrði veitt sérleyfið, vorum við járnbrautarlausir eftir sem áður. Og með þann þingmeirihl., sem ég hafði að baki, ákvað ég að veita ekki sérleyfið fyrr en trygging væri fyrir því, að félagið gæti lagt járnbrautina.

En þá lofaði ég að láta rannsaka málið og hvað hægt væri að gera til þess að bæta samgöngur austur um heiði. Þetta hefi ég gert. Ég hefi snúið mér til þess manns, sem er ráðunautur stj. í þessum málum, en það er vegamálastjóri landsins, og rætt málið við hann. Og einmitt vegna þessa máls og fleira fór vegamálastjóri utan og á fund Sverre Möllers, sem á sínum tíma mældi fyrir járnbrautinni og hefir gert kostnaðaráætlun yfir byggingu hennar. Hjá Sverre Möller fékk vegamálastjóri mjög ítarlega skýrslu, sem hv. þdm. hafa séð. Í þessari skýrslu leggur Möller til, að nákvæm rannsókn verði gerð um vegalagningu austur yfir heiði, svo að hafa megi til samanburðar við kostnaðaráætlun hans um járnbraut. Var vegamálastjóra falið að láta fara fram mjög ítarlega rannsókn vegar yfir Hellisheiði, sem fær sé bifreiðum sumar og vetur. Þessi rannsókn hefir verið gerð, en því miður er ekki búið að vinna enn úr þeim gögnum, sem fyrir liggja, en verður lokið von bráðar, og mun ég þá sjá um, að sú skýrsla verði lögð fyrir þá hv. n., sem þetta mál fær til meðferðar.

Ég verð því að segja, að þetta mál, sem telja má eitthvert stærsta nauðsynjamál héraðanna austanfjalls, sé á góðum rekspöl og að í náinni framtíð sjáist, hvað gera á til þess að bæta úr samgönguleysinu, sem nú er. Og þegar ég veit, með aðstoð góðra manna, hvað á að gera, þá skal ég vera reiðubúinn að gera það, sem hægt er, til þess að tryggja stærsta landbúnaðarhéraði landsins öruggar samgöngur.

Þá er eitt atriði enn, sem mér finnst rétt að bæta við þessar upplýsingar. Stj. hefir borizt tilboð um kaup á fullkomnari snjóbíl en áður hefir þekkzt, og búizt við, að þessi gerð bíla muni duga til þess að halda uppi samgöngum yfir Hellisheiði vetrarmánuðina. Er bíll þessi þegar pantaður og aðeins ókominn til landsins, svo að hægt verður að gera tilraunir með hann mjög bráðlega.

Vænti ég svo, að hv. samgmn. leggi mikla og góða vinnu í að leysa á sem hagkvæmastan hátt þetta þrifamál allra Sunnlendinga.

Einar Jónsson: Með þeim alvöruþunga, sem þm. eru háðir þessa dagana, má kannske segja, að ekki hafi verið rétt að fara að ræða þetta mál nú, þar sem þm. eru ýmist annars hugar eða láta ekki sjá

sig í deildinni. Þó vildi ég ekki verða til þess að biðja um, að málið yrði tekið af dagskrá, enda álít ég, að nóg hafi verið gert að því áður.

Hvenær sem rætt er um stórar umbætur í framfarabaráttu þjóðarinnar, svo sem meiri háttar samgöngubætur á sjó eða landi, verður ekki hjá því komizt að nefna allstórar fjárupphæðir úr ríkissjóði til þess að bera uppi slíkar framkvæmdir. Hv. þdm. er kunnugt um, að flutningur nauðsynjavara frá öðrum löndum og á innlendar hafnir kostar árlega mikið fé. Og til flutninga með ströndum fram og milli hafna verður og að verja stórum fjárframlögum árlega, ef vel á að fara, og þykir þó mikið á skorta enn, að skipakostur sé nægur og flutningar á sjó komnir í það horf, að við megi una.

En þegar flutningar sjóleiðis þykja svo ófullkomnir, hvað skyldi þá mega segja um þá samgönguörðugleika, sem margir dalakarlarnir eiga við að búa, er verða að flytja heimilisforða sinn frá höfnum yfir vegleysur og auðnir fleiri dagleiðir og að vetrinum til, komast hvorki áfram eða til baka með fjórðungsböggul í reipi, ef nokkur snjóalög gerir. Það er ekki glæsilegt til þess að vita, að aðalpóstleiðin umhverfis landið skuli ekki enn vera fær duglegum hestum og vönum ferðamönnum á löngum köflum, ef nokkuð áskýjar af völdum vatnavaxta og fannkomu um sinn.

Þó skal játað, að á síðari árum hafa bifreiðar bætt allmikið úr flutningaþörf ýmsra héraða á vissum tímum árs. En þessi samgöngutæki eru ekki tryggari en svo, að í vætu- og snjóatíð tekur fyrir allar bílferðir áður en nokkurn varir.

Því er svo háttað með afkomu þessara mála þar eystra, að allt er í kalda koli, ef samgöngurnar verða ekki bættar. Stórfelldar framkvæmdir, sem ríkissjóður hefir styrkt, svo sem Skeiða- og Flóaáveitan og mjólkurbúin, verða beinlínis til stórtjóns, ef ekki er bætt úr samgöngunum. Undanfarna tvo vetur hefir verið snjólétt, en í vetur eru allar leiðir lokaðar.

Bændur þar eystra hafa mikinn áhuga á járnbraut og útgræðslu túna sinna. En þeir, sem eru orðnir rosknir og reyndir og sjá það, sem var og er og verða vill, þeim er ljóst, að jarðræktin er unnin fyrir gýg eins og nú er ástatt. Austanfjalls mundi ekkert þýða að setja upp kúabú með t. d. 20 kúm. Mönnum verður ekkert úr mjólkinni, nema þeir geti komið henni frá sér. Ég verð því að segja, að ríkissjóði þýðir ekki að styrkja jarðræktarframkvæmdir hér eystra, nema hann bæti um leið úr samgöngunum.

Í þeim málum er eigi nema um þrjár leiðir að ræða: bílveg, flugferðir eða járnbraut. Liggur þá fyrir að athuga, hver leiðin sé hyggilegust. Um bílvegina er það að segja, að þeir eru bærilegir í þurrkatíð og þegar snjólaust er, enn í bleytum og snjókyngi verða þeir ónothæfir. Ætti bílvegur austur að vera nokkurn veginn öruggur, yrði fyrst og fremst að leggja veginn annarsstaðar en þar, sem hann nú liggur, byggja hann betur en gert hefir verið og loks að byggja yfir mikinn hluta hans. En það hefi ég heyrt kunnuga og sérfróða menn segja, að vegur byggður á þennan hátt yrði dýrari en járnbraut, bæði að stofnkostnaði og í rekstri. Þá eru það flugferðirnar. Þær eru enn svo dýrar, að á þessu stigi málsins koma þær ekki til greina með þungavöru. Um það munu flestir vera sammála.

Mér virðist því svo, að ef hægt er að vekja áhuga fyrir þessum samgöngubótum á annað borð, þá hljóti járnbraut að vera valin. En í sambandi við þetta vil ég minnast á eitt atriði. Það er ekki langt síðan hæstv. dómsmrh. datt það snjallræði í hug að leysa járnbrautarmálið á þann hátt, að bændur eystra legðu fram nokkrar millj. til brautarlagningar. En á þessu ráði er aðeins sá hængur, að bændurnir austanfjalls geta þetta ekki frekar en aðrir bændur, og eigi að setja slíkt skilyrði, er það sama og að segja, að járnbrautin komi aldrei, og vil ég leggja áherzlu á það, að hv. þm. skulu alls eigi reikna með neinu slíku framlagi í járnbrautarmálinu.

Það er mitt álit, að betur hefði átt að reyna á „Títan" en gert var. En ekki tjáir að sakast um orðinn hlut. Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir hin góðu orð hans um málið að þessu sinni, og þótt ég viti, að hann sé ekki einráður um málið, þykist ég þó vita, að það eigi ekki langt í

land, ef hann fylgir því eftir með áhuga og einurð.

Ég þori ekki um það segja, hvort járnbraut yrði einhlít til vetrarferða, en hitt er ég sannfærður um, að hún verður öruggari en bílvegur, jafnvel þótt hann væri dýrari en járnbrautin. Það er hart að verða að segja það, að undir eins og snjór kemur úr lofti verður aðalpóstleiðin kringum landið ófær, og það er hart aðgöngu, að þeim héruðum, sem einskis góðs njóta af strandferðunum, sem þau styrkja þó eins og önnur héruð landsins, skuli ekki vera hjálpað í þessu efni.

Það er eðlilegt, að mörgum hv. þm. — og þá einkum þeim, er búa utan þess svæðis, sem járnbrautinni er ætlað að liggja um — ofbjóði sú upphæð, sem til hennar er ætluð. Þó hafa verið nefndar hærri tölur en þessar tvær og hálf millj., og fyrir mitt leyti myndi ég ekki hika við að ljá málinu fylgi mitt, þótt upphæðin væri miklu hærri.

Ég skyldi alls eigi vera því andvígur, að járnbrautin væri fyrst lögð um aðra landshluta, t. d. norður í land, ef ég áliti, að þörfin væri meiri þar. En eins og ég hefi þegar sagt, álít ég langbrýnasta þörf á járnbraut austur yfir fjall, og þótt ég sé orðinn svo gamall sem á grönum má sjá, óska ég, að ég eigi eftir að sjá eimlest bruna þessa leið, til hagsbóta jafnt fyrir austursýslurnar og höfuðstaðinn.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að eigi sé hægt að bera hv. þm. Suðurlandsundirlendisins á brýn, að þeir séu bráðlátir í þessu máli. Þeir bera nú fram mál, sem verið hefir á döfinni í tvo áratugi og búið er að verja 100 þús. kr. til að rannsaka, og einu sinni hefir verið samþ. hér í þinginu, og nú fara þeir fram á, að stj. sé veitt heimild til fjárveitingar 1932. Mér gæti dottið í hug, að þessi fjörkippur væri eitthvað miðaður við kosningarnar 1931. Mér kemur það líka undarlega fyrir sjónir, að hv. flm. skuli tjá hæstv. atvmrh. þakkir sínar fyrir undirtektir hans, þar sem hann þóttist ekki enn vita, hvort járnbraut væri rétta lausnin á málinu. (**EJ:** Ég þakkaði honum góð orð). Hinsvegar kvaðst hann mundu fylgja járnbraut þegar væri búið að sannfæra sig um, að hún væri bezta lausnin, og get ég ómögulega þakkað honum þau ummæli. Ég álít, að hann ætti að vera búinn að mynda sér skoðun um málið. Hann nefndi nýtt álit frá Sverre Möller, þeim er áður hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að leggja hér járnbraut. En hefir þetta álit verið birt? (**Forsrh.:** Ekki á prenti. — **JS:** Það hefir verið sent út til einstakra manna). Ég hefi a. m. k. aldrei séð það, og sennilega ekki aðrir en framsóknargæðingar.

Ég er jafnsannfærður og þeir, sem hér hafa mælt með frv., um það, að samgöngurnar hér austur yfir fjall verða aldrei bættar svo, að fullnægjandi sé, nema með járnbraut. Ég veit satt að segja ekki, hve lengi á að vera að rannsaka þetta mál. Er það ef til vill meiningin, að stj. eigi að vera að hugsa sig um til 1932? Mér finnst, að ef svo ólíklega færi, að stj. kæmist að niðurstöðu fyrr, að þá ætti ekki endilega að vera skylt að bíða lengur, og finnst mér því syndlaust, þótt frv. væri a. m. k. breytt í þessu atriði.

Hæstv. forsrh. kvaðst eigi hafa veitt „Títan" sérleyfið, af því að ósannað hefði verið, að fé væri fyrir hendi. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um, hve strangar kröfur hæstv. ráðh. hefir gert í þessu efni. Sá maður, sem er aðalmaðurinn í „Títan", hefir tjáð, að hann hafi ekki getað fengið sérleyfið, nema með því að leggja peningana á borðið eða geta vísað á þá í banka. Ef þetta er rétt, þá er þar með brotinn þingviljinn 1927, því að tekið var fram, að þá fyrst væri hægt að fá fé, er sérleyfið væri fengið. En sannleikurinn er sá um afstöðu hæstv. ráðh. í þessu máli, að hann hefir aldrei járnbrautarmaður verið, og er það ekki ennþá. En honum tjáir ekki að bera því við, að „Títan" hafi engan skilding haft til framkvæmda. Í fyrra kom einn af aðalmönnunum í þessu félagi hingað og bauð Reykjavíkurbæ rafmagn úr Urriðafossi, ef hann gæti fengið sérleyfi. Hann hafði meðferðis plögg frá norskum banka, þar sem sagt var, að nægilegt fé væri fyrir hendi. En hafi verið til fé til að virkja Urriðafoss, þá hefir verið fé fyrir hendi til járnbrautar, því að hún kostar ekki meira en sú virkjun. Ég held því,

að hæstv. forsrh. hafi stöðvað járnbrautarlagningu austur viljandi, enda þótt hann léti ávallt svo, að hann væri hlynntur járnbrautinni, en andvígur virkjuninni. En hann hefir sýnt það í dag, að hann er á móti járnbraut, eins og hann hefir alltaf verið. En bágt á ég með að skilja það, að þjóðarógæfa hefði hlotizt af því, þó að virkjaður hefði verið foss, sem hefði getað veitt Suðurlandsundirlendinu ljós og hita. Ég álít því, að með neitun sinni um sérleyfið hafi hæstv. forsrh. slegið tvær flugur í einu höggi, hindrað tvennskonar mikilsverðar framkvæmdir, járnbraut og raforkuveitu um allt Suðurlandsundirlendið. Ég tók það fram áðan, að ég væri ekki að lá honum hans persónulegu skoðun á járnbrautarmálinu, en heilindi hans hefðu getið verið meiri.

Hæstv. ráðh. var eitthvað að tala um snjóbíl, sem á víst að annast samgöngur austur, líklega með því að ryðja öðrum bílum braut. (**Forsrh.**: Nei, hann á að fara yfir snjóinn). Þá er einn bíll nokkuð lítið. (**Forsrh.**: Vitanlega). Þetta sannar, að hæstv. ráðh. stendur enn á rannsóknarstigi í málinu og veit ekki, á hvern hátt hann telur heppilegast að bæta samgöngurnar. Auk þess er ómögulegt, að þessi snjóbíll verði búinn að sýna ágæti sitt við 2. umr. þessa máls.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Skagf. beindi einkum orðum sínum til mín, sem ekki var að furða, þar sem þau snerust að mestu leyti um mál, sem honum er og hefir verið hjartfólgið, en hann telur, að ég hafi orðið að fótakefli. Ég vil drepa á tvö atriði þessa máls.

Hv. þm. lét í ljós mikla óánægju út af því, að ég væri ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til járnbrautarmálsins, og þótti undarlegt, að ég væri enn á rannsóknarskeiði. En ég spyr: Á hverju treisir hv. þm. þá sannfæringu sína, að við eigum að leggja járnbraut? Hann reisir hana fyrst og fremst á áliti Sverre Möllers verkfræðings, þ. e. a. s. gamla álitinu. En hv. þm. hefir sér til afsökunar, að hann hefir ekki séð hið nýja álit Sverre Möllers, sem ég hélt, að allir þm. væru búnir að sjá. Það var sent út snemma í haust, svo að það er af misgáningi, að hv. þm. hefir ekki enn fengið það. En sem sagt, ég byggi á nýrra og rækilegra áliti en hv. þm. Hinu gamla áliti Sverre Möllers er svo mjög raskað með nýrra áliti sama manns og aðstæður eru yfirleitt svo breyttar, að við eigum að gá að því, hvort ekki má leysa málið með vegalagningu.

Hv. þm. vék að Titanfélaginu og taldi, að ég hefði brotið mjög mikið af mér með því að veita því ekki sérleyfi. Mér skildist á honum, að annars væri kannske búið að byggja járnbraut. Er hv. þm. að tala í alvöru? Hann spurði mig um tvennt: í fyrsta lagi, hvað ég hefði verið strangur í kröfum við Titan. Það hefir aldrei komið til, að ég gerði neinar kröfur til Titans, því að frá því félagi hefir aldrei legið neitt fyrir um fjárframlög, hvorki þegar aðalumboðsmaður þess kom hingað í fyrra, né áður. Hv. þm. segir, að hann hafi verið með í vasanum bréf frá norskum banka um að hann hefði nóg fé. Það bréf hefi ég aldrei séð, og yfirleitt talaði umboðsmaðurinn ekki eitt orð um, að hann hefði einn einasta eyri. Félagið bað um sérleyfi, það var allt og sumt.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði viljandi stöðvað þetta mál og brotið þingviljann. Ég skora á hv. þm. að koma fram með mál á hendur mér á þinglegan hátt. Ég hefi hvorki brotið þingviljann né þjóðarviljann í þessu máli. Hv. þm. stendur einn eins og ýlustrá á eyðimörk og heimtar Titansérleyfi.

Hv. þm. spurði mig, hvort það væri nokkur þjóðarógæfa, þó að járnbrautin væri komin. Ég álít, að af því geti stafað þjóðarógæfa, ef á að leyfa erlendu félagi að hreiðra hér um sig með fyrirtækjum, sem mundu nema 60—80 millj. kr. Ég endurtek það, að ég skora á hv. þm. að koma fram ábyrgð á hendur mér fyrir að hafa brotið þingviljann í Titanmálinu. Hv. þm. fær ekki einn af þúsund landsmönnum á sitt band. Ég býst við, að ef munað verður eftir mér fyrir nokkuð, sem ég hefi gert, þá verði það fyrir að ég hefi ekki lagt hönd á það verk að undirrita Titansérleyfið.

Gunnar Sigurðsson:* Ég harma það, að nú skuli vera umr. um eins merkilegt

mál og þetta, á meðan hugir manna eru bundnir við annað mál, sem nauðsynlegt er að leysa sem fyrst. Ég skal því vera stuttorður, enda þætti mér, eins og hv. flm., réttast, að málið yrði tekið af dagskrá. Það þýðir ekki að vera að endurtaka þau rök, sem alltaf munu verða færð fyrir því, að járnbraut sé réttari lausn þessa samgöngumáls en vegur. Hæstv. ráðh. tók fram, að ekkert væri rannsakað um þetta mál. En ég held því fram, að það sé rannsakað. Það var rannsakað af Sverre Möller, og hann komst að þeirri eindregnu niðurstöðu, að við ættum að byggja járnbraut. Hvað hann kann að hafa látið uppi seinna, skal ég ekki um segja. Það getur verið, að einhver hafi talið honum trú um, að aðstæður væru nú breyttar, en svo er þó ekki, nema að því leyti, að nú hefir verið góðæri meira en áður. Vetur eins og í fyrra kemur ekki nema kannske einu sinni á öld. En í vetur hefir reyndin orðið önnur. Eins og menn vita, hefir verið nær ófært í allan vetur austur í sýslur, og þó hafa verið gerðar miklar tilraunir til að bæta úr því. — Menn hafa haldið því fram, að járnbrautarsamgöngur mundu stöðvast af snjó. Það getur náttúrlega komið fyrir, að á einstöku stað verði að byggja yfir járnbrautina, en það mundi þurfa að byggja miklu meira yfir veg, sem ætti að vera fær hvenær sem er. Og vegurinn þyrfti að vera malbikaður. En vita hv. þm., hvað malbikaður vegur kostar? Það kostar á 2. þús. kr. metrinn hér í götunum. Ef menn vilja byggja óvandaðan veg, er stofnkostnaðurinn lítill, en viðhaldið afskaplega dýrt. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Skagf., að við Sunnlendingar erum kröfulinir í þessu máli. Ef ég sæi mér það fært að koma fram með brtt. þess efnis, að fyrr verði byrjað á verkinu, mundi ég gera það.

Ég hefi haldið því fram, að það, sem búið er að gera til framfara á Suðurlandsundirlendinu, sé allt gert út í bláinn, meðan við fáum ekki trygga höfn eða almennilegar samgöngur við Reykjavík. Margir halda því fram, að vegir borgi sig bezt á stuttum fjarlægðum. En við verðum að líta á aðstæðurnar, snjóana á vetrum. Víða þar, sem Ameríkumenn eru að nema land, byrja þeir á því að leggja járnbraut.

Mér þótti hæstv. ráðh. heldur linur í þessu máli núna. En sú var tíðin, að hann hélt ræður austanfjalls oftar en einu sinni um járnbrautarmálið og var þá eindreginn járnbrautarmaður. Hann heimtar rannsókn. Ég hefi ekkert á móti rannsókn, en það skal ég leyfa mér að fullyrða, að ef ég fengi fylgi minna samþingismanna austanfjalls, skyldi ég segja skilið við hvaða stjórn sem væri, sem ekki vildi sinna járnbrautarmálinu, en styðja hvaða stjórn sem væri, sem vildi vinna að því að hrinda því í framkvæmd.

Það er engin tilviljun, að úr Rangárvallasýslu flyzt meira af landbúnaðarafurðum en úr nokkurri annari sýslu. Þar eru betri ræktunarskilyrði en annarsstaðar á landinu, jafnvel kornrækt getur borgað sig. En menn þurfa að geta komið afurðunum frá sér daglega. Ég hefi oft talað við útlendinga um þetta mál og engan útlending hitt, sem ekki skilur þetta strax. En hér er mönnum talin trú um, að ekki verði hægt að nota járnbrautina vegna snjóa. Ég vil í því sambandi benda á brautina milli Bergen og Oslo, sem alltaf er starfrækt, allan ársins hring. Ég hefi farið með henni í júlímánuði, og þá náði snjórinn niður undir teig.

Magnús Guðmundsson: Það sannaðist á hæstv. forsrh., að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Ég hefi ekki heyrt hæstv. ráðh. verða öllu hvassari en nú, og það gleður mig, að hafa hitt hann í hjartastað. Hann spurði mig, á hverju ég byggði eiginlega mína sannfæringu í þessu máli og taldi, að ég mundi byggja hana eingöngu á áliti Sverre Möllers. Nei, ég byggi sannfæringu mína líka á því, sem ég hefi séð með mínum eigin augum. Jörðin hér og snjórinn hér er ekki öðruvísi en í öðrum löndum. Það er staðreynd, að járnbrautir eru lagðar yfir svæði, sem eru ekki minni snjóapláss og liggja ekki lægra en vegurinn yfir Hellisheiði. Ég hefi farið eftir Bergensbrautinni í veðri, sem við köllum stórhríð. Fannirnar voru metraháar og sá hvergi á dökkan díl. Aðrar þjóðir væru ekki að leggja járnbrautir enn í dag yfir löng og skömm svæði, ef þær álitu, að bílarnir væru það eina

rétta. Annars þykir mér undarlegt, að ég skuli ekki hafa fengið þetta nýja álit Sverre Möllers. Ég vil skora á hæstv. ráðh. að láta mig fá það fyrir 2. umr. þessa máls. — Það er hárrétt hjá hv. 2. þm. Rang., að hæstv. forsrh. hefir lýst yfir því austur í Rangárvallasýslu, að hann væri eindreginn járnbrautarmaður.

Ég þykist ekki þurfa að gera frekari grein fyrir því, af hverju ég er járnbrautarmaður. Hæstv. ráðh. segir, að það muni ekki vera einn af þúsund, sem tryði því, að járnbrautin hefði komið, þó að sérleyfið hefði verið veitt. Af hverju veitti hæstv. ráðh: þá ekki sérleyfið? Ég veit upp á hár, að hann veitti það ekki, bara af því að hann var hræddur við framkvæmdirnar. Ef hann hefði vitað, að ekkert yrði úr framkvæmdum, þá hefði hæstv. ráðh. — jafnmikill spilamaður og hann er — veitt sérleyfið og látið sannast sitt mál.

Þá sagði hæstv. ráðh., að félagið hefði aldrei talað um að leggja fram einn einasta eyri. En eftir því sem fram kom 1927, átti fyrst að veita leyfið, síðan átti félagið að leggja fram fé. Þegar hæstv. ráðh. talaði um þetta mál 1928, lét hann í veðri vaka, að hann biði eftir áliti vegamálastjóra og rafmagnsstjóra. Álitið kom, og báðir mæltu með því, að sérleyfið yrði veitt, en hæstv. ráðh. var á móti því.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann óskaði eftir því, að ég kæmi fram með þinglegar sannanir fyrir því, að hann hefði brotið þingviljann 1927. Ég býst við, að það sé þingleg sönnun að vísa í þingtíðindin, og þau sanna skýrt og greinilega mitt mál.

Það er ekki ætlun mín að ganga fram fyrir skjöldu fyrir hv. þm. Rangæinga og Árnesinga. Vegna þess að ég hefi áður verið riðinn við þetta mál, vildi ég ekki láta hjá líða að segja þessi orð. Annars þurfa þessir hv. þm. sannarlega á brýnslu að halda í þessu máli, og ef orð mín gætu orðið til að brýna þá, eru þau ekki til einskis töluð.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég skal taka til athugunar óskir hv. 1. þm. Skagf. um að hann fái hið nýja álit Sverre Möllers. Ég vil líka geta þess út af því, að ég eigi að hafa lýst yfir því á fundi á Ægissíðu 1927, að ég væri eindreginn járnbrautarmaður, að ég lýsti þá yfir, að ég væri eindreginn fylgismaður þess, að fá hinar fullkomnustu samgöngur handa héraðinu. — Um „Títan" er ekki margt að segja. Sérleyfistíminn er nú liðinn og félagið dottið úr sögunni. Málið þarf að fara aftur gegnum þingið, ef félagið á að fá sérleyfi. Hv. þm. spurði mig, af hverju ég hefði ekki veitt leyfið, fyrst ég hafi verið þess fullviss, að ekkert yrði úr framkvæmdum. Það var af því, að ég álít sóma landsins í hættu, ef hin og önnur félög geta veifað því framan í útlendinga, að íslenzka ríkið hafi veitt þeim slíkt sérleyfi. Þetta hefir verið gert, og ég álít, að varla sé hægt að gera þjóðinni meiri vansa. Í annan stað var það vegna þess, að meiri hl. þings skoraði á mig að veita ekki leyfið, nema því aðeins, að örugg vissa lægi fyrir um peningana.

Það vantaði mikið á, að sú vissa lægi fyrir. Og þá hafði ég þann öruggasta þingvilja á bak við mig, fyrir utan mína eigin skoðun um þetta mál. Um þetta þarf ekki meira að segja.

Hv. þm. sagðist aldrei hafa séð mig reiðari, enda hitti hann mig í hjartastað í þessu máli. Þetta er að vissu leyti rétt. Því að ég álít, að það sé svo alvarlegt mál, hvort það eigi að ofurselja útlendum mönnum svo mikið vald á þessu landi eins og átti að vera með þessum lögum. Mér er það svo mikið hjartans mál að hindra slíkt, að það særði mig í hjartastað, þegar minnzt var á að stofna til slíks voða fyrir þjóðina. Ef hv. 1. þm. Skagf. hefði haldið áfram að vera atvmrh. og ritað undir þetta leyfi, þá hefði hann sært þessa þjóð í hjartastað.

Jón Ólafsson:* Það er aðeins til að láta í ljós ánægju yfir því, hvað vel menn taka í þetta mál. Jafnvel hæstv. forsrh. tók það vel í málið, að ég er miklu vonbetri en ég var um það, að hann framfylgi því með kappi. Ég marka þetta á þeim ummælum hans, að þegar niðurstaða sé fundin um þetta mál, þá sé hann öruggur í því að hefjast handa um málið.

Hv. 1. þm. Skagf. og ég þykjum vera of þolinmóðir, að við viljum bíða, en ekki ákveða að hefjast handa fyrr en 1932. Ég vil minna á það, að þetta mál

er búið að vera á döfinni frá því 1894, að það kemur fyrst á dagskrá. Ég verð að segja, að það skilur mikið á milli um bjartsýni á málið hjá þeim mönnum, sem börðust fyrir því þá, og hjá þeim, sem á síðari árum hafa borið það fram. Það má nú samt segja, að síðan farið var að rannsaka málið og ræða fyrir alvöru, sem mun hafa verið um 1913, þá hafi skoðanir orðið nokkuð skiptar, og það af alvel óskiljanlegum ástæðum, að því er mér virðist. En ég er sannfærður um, að nánari rækileg rannsókn mundi leiða fram meira fylgi við málið, og þegar litið er á það tímabil, sem það hefir verið á dagskrá þjóðarinnar, þá finnst mér ekki ægilegt að bíða þangað til 1932. Það er sannarlega ekki langur tími, ef von er um heilsteypta og góða lausn á þessu mikilsverða máli.

Það má minna á það, að því meira fé sem safnað er á vissa staði, t. d. eins og í Reykjavík annarsvegar og í Árnessýslu og Rangárvallasýslu hinsvegar, sérstaklega Árnessýslu, og ríkið hefir lagt stórfé til umbóta, þá er sjálfsögð afleiðing af því, að ef við eigum að fá fullar nytjar þess fjár, þá verður að bæta samgöngurnar. Tugum og jafnvel hundruðum milljóna er búið að hrúga á þessa staði. Og þegar maður lítur á þessar fjárhæðir í heild og hvað þarf að gera til þess að þær gefi verulega vexti, þá eru þetta smámunir í raun og veru, sem hér er farið fram á, í samanburði við heildarupphæðina. Það er þetta atriði, sem hlýtur að vaka fyrir hverjum manni, sem um þetta mál hugsar, að það er ekki orðið eins ægilegt eins og þegar bjartsýnustu mennirnir voru að ræða það á þingi 1894.

Ég hefi ekki ástæðu til að tala langt mál að þessu sinni, en vil aðeins beina nokkrum orðum til n., sem fær frv. til athugunar. Við flm. álítum þetta hátíðarár ákaflega vel fallið til þess að gera eindregna samþykkt um þetta stórmál. Og eftir þeim orðum, sem fallið hafa hér um þá rannsókn, sem verið er að framkvæma, þá er ekkert líklegra en nefndin geti fengið árangur þeirrar rannsóknar það tímanlega í hendur, að hún afgr. málið til fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Kostnaðarhlið málsins og annað þess háttar tók hv. 1. flm. svo vel fram, að ég þarf ekki neinu við að bæta. Ég held hann hafi ekki gert neitt of mikið úr þeim kostnaði, sem hvílir á hverju einasta tonni, sem flutt er yfir fjallið. Viðhald og slit þeirra samgöngutækja, sem við notum, er gífurlegt. Þar með fylgir, að það mun kosta dagsverk duglegs manns að flytja hvert einasta tonn austur yfir fjall. Oftast getur bílstjórinn ekki farið með neitt til baka. Og flytji hann meira en eitt tonn, mun það oftast taka meira en einn dag. Það sjá allir, að þegar bifreiðum er ekki ætlaður hærri aldur en sex ár og viðhaldskostnaður gerður eitthvað um 1500 krónur árlega, þá er ekki hægt að skapa landsmönnum dýrari flutning og í alla staði fráleitari fyrir afkomu þjóðarinnar.

Mér skildist hæstv. forsrh. vera í raun og veru mjög hræddur um mistök og áhættu, því að áætlanir hafi svo oft orðið fjarri sanni. En því má hæstv. ráðh. slá föstu, að svo lengi sem gera á áætlun um vandaverk, þá eru tölurnar ekki alveg tryggar. Við þessu er ekkert hægt að segja. Hér eru mannlegir kraftar að verki, og þeir eru ekki alveg óskeikulir. Og það koma engir aðrir kraftar til greina, þótt við bíðum lengi enn; það má hæstv. ráðh. reiða sig á.

Ég er ekki fyllilega sammála hv. þm. Rang., að það þurfi að ræða málið mjög ítarlega. Það er kominn fram svo mikill fróðleikur í ræðum fyrri þinga frá upphafi þessa máls, að óþarfi er að þrautræða það nú. En vera má, að gott og nauðsynlegt sé að ná í gögn um það, hvað þessar samgöngur kosta okkur nú, sem ætti að vera hægt bráðlega. Geri ég ráð fyrir, að sá fróðleikur geti orðið fyrir hendi við 2. umr. Af þessum ástæðum sé ég ekki neina þörf að tala meira um málið að svo stöddu.

Magnús Jónsson:* Það var minnzt á það hér, að óheppilegt væri að hafa þetta mál á ferð samhliða því mikla hitamáli, lokun Íslandsbanka. En ég sé enga ástæðu til að taka málið út af dagskrá fyrir það, ef það er vilji hv. þd. að koma því í nefnd. Okkur tjáir ekki að vera svo annars hugar, að við leggjum flest þingmál á hilluna nú um stund.

Það virðist vera mjög einkennileg kynfylgja Íslendinga, að erfitt er að koma þeim í skilning um nauðsyn á góðum samgöngum. Hér hafa menn búið um óratíma og sama sem ekkert verið hirt um að greiða nokkurn hlut fyrir samgöngum. Meðan aðrar þjóðir gera sér góða vegi, er ekkert hirt um að bæta vegina hér. Hvort þetta er af einhverju vonleysi eða hvað veldur, skal ég ekki segja, en þó ætla ég, að fjárhagsástæður muni síður en svo eiga aðalsökina. Samt er það svo, að sú virkilega ástæða manna á móti málinu er ótti við kostnað af lagningu á þessum spotta austur yfir fjallið.

Það er náttúrlega satt, að þetta er töluvert stór upphæð á okkar mælikvarða. En þegar skoðaðar eru allar aðstæður, þá kemur í ljós, að hér er um svo ákaflega hentuga aðstöðu að ræða til járnbrautarlagningar. Hér eru tveir staðir, sem á að tengja saman, og sama og engin viðstaða þarf að verða á milli. Um 60 km. óbyggt svæði er milli þessara staða. Þar að auki er mjög auðvelt að leggja járnbraut á þessari vegalengd. Menn þurfa ekki annað en ferðast ofurlítið með járnbraut í Noregi til þess að sjá, hvað það er að eiga við erfiðleika að stríða í þessu efni, þar sem járnbrautir eru lagðar framan í þverhníptum hömrum, gegnum fjöll og yfir himinháar brúnir. Hér er ekki annað en að leggja járnbraut eftir rennisléttu landi með yfirleitt góðum skilyrðum til undirbyggingar. Það er aðeins einn örðugleiki á þessari leið, hættan af fannkyngi á vetrum. Reynslan getur kannske leitt í ljós, að byggja þurfi yfir meiri kafla en gert var ráð fyrir í þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið hingað til. Mér er sagt, að þessi yfirbygging sé að vísu dýr, en þó ekki svo, að ástæða sé til að setja fyrir sig, þótt eitthvað þurfi um að bæta, eftir því sem tímar líða fram. Það er svo um mörg fyrirtæki, að þau verður stöðugt að endurbæta og fullkomna, en geta þó komið að fullu gagni í byrjun.

Ég ætla ekki að þreyta menn á löngum hugleiðingum um nauðsyn á samgöngum. Það er alkunnugt, að Suðurlandsundirlendið er stærsta landbúnaðarsvæði á landinu og að það hefir mest skilyrði samanlagt af öllum landshlutum. En þessi héruð hafa hálfbognað undir þessu fargi, samgönguleysinu. Samgönguleysi yfirleitt er sá órækasti vottur um menningarleysi. Í Kína svelta nú um þessar mundir milljónir manna, en þó er nógur matur til í Kína. En það vantar samgöngur; það er ekki hægt að flytja matinn til fólksins, sem þjáist og deyr af hungri. Allir lífnaðarhættir menningarþjóðanna byggjast á því, að menn geti náð sem fljótast saman og með sem hægustu móti.

Það er nú svo um hvert mál, sem tefja á fyrir, að það eru fundnar upp einhverjar ástæður — tylliástæður — og þær eru látnar klingja. Mér dettur í hug launamálið. Sannleikurinn er sá, að engin stjórn þorir að taka það mál upp. En hvað er borið fyrir? „Með því, að ekki er búið að ráða til lykta gengismálinu". Alveg er eins um þetta járnbrautarmál. Þær virkilegu ástæður eru togstreita kjördæmanna, að ýmsir hv. þm. vilja ekki veita svona mikið fé til þessa parts af landinu. Ég er viss um, að hjartað í þeim sömu hv. þm. mundi bráðna á augabragði, ef járnbraut ætti að leggja í þeim landshluta, þar sem þeir eiga heima. Einu sinni kom fram maður, sem sagðist hafa fundið aðra aðferð í járnbrautarmálinu. Það ætti að byrja á Akranesi og halda áfram yfir Borgarfjörð og jafnvel vestur í Dali og norður í Húnavatnssýslu, hvað sem lengra yrði. Með þessu væri tengt saman stærra svæði við Reykjavík með betri skilyrðum heldur en sveitirnar austanfjalls. Mér hefði þótt gaman að sjá skiptinguna um þetta mál hér á Alþingi. Ætli núverandi andstæðingar hefðu ekki orðið því fylgjandi, en sumir flm. horfið frá því?

Nú hafa menn fundið það upp, að ómögulegt sé að yfirvega málið, vegna þess að ekki sé hægt að vita, hvort heldur eigi að gera bílvegi eða járnbraut. Þetta er nú látið klingja til þess að dreifa og kljúfa. Jafnvel þótt hægt væri að fá örugggan þingvilja fyrir því, að leggja skuli nokkrar millj. í örugga samgöngubót austur yfir fjall, þá mundi það alltaf mæta sömu mótspyrnu.

Hv. 2. þm. Rang. minntist örlítið á þennan samanburð og talaði um erfiðleikana á að gera veg austur, — það mundi kosta ákaflega mikið. Ég hefi fyr-

ir satt, að vegur kosti 50 þús. kr. hvern km. Eftir því mundi vegur austur að Ölusárbrú kosta 3 millj. kr. Og ef slíkur vegur er byggður, verður að afhenda hann án nokkurrar vonar í aðra hönd. En samkv. umsögn fróðra manna getur járnbraut orðið það fyrirtæki, sem algerlega borgi sig með tíð og tíma.

Hv. 3. þm. Reykv. sýndi fram á það bara frá almennu sjónarmiði, að það sé ómögulegt, að bifreiðar geti keppt við járnbraut um flutning. Og ef það er rétt, sem sagt er, að bifreiðar hafi komizt furðu nærri þeim taxta, sem áætlaður var fyrir járnbrautarflutning, þá er það ekki annað en sönnun þess, að járnbrautarlest geti flutt fyrir lægra verð en uppgötvað var áður. Það þarf ekki annað en líta á það, hve óhugsanlegt er að flytja eina og eina smálest um dýra vegi á dýrum vögnum, sem ganga fljótt úr sér. Það er ómögulegt, að það geti verið eins ódýrt og að láta einn mann aka langri lest af vögnum með mikinn flutning. Mér finnst margir vaða í villu og svima, þar sem þeir bera saman brautir og bíla almennt. Það getur verið, að borgi sig bezt að aka í hjólbörum, ef ekki er ekið nema stuttan veg. Þar næst gæti svo komið hestvagn; svo þegar vegalengdin eykst, má nota bifreið. En þegar flytja skal margar þúsundir smálesta 60 km. veg, þá getur áreiðanlega ekkert flutningatæki keppt við járnbraut. Það er ekki einungis hjá okkur, sem þessi deila stendur, það er ákaflega hörð samkeppni í heiminum milli járnbrauta og bifreiða. Járnbrautin er gömul uppfinning og hefir verið notuð lengi í flestum menningarlöndum, en bifreiðarnar eru þau nýju tæki. Og það er venjan, að hið nýja gerir mikil áhlaup og herjar nokkuð langt inn á það gamla á stundum, áður en það áttar sig. Og nú er svo komið um járnbrautirnar, að búast má við samkeppni af þeirra hálfu af fullri alvöru,— að þær fari að breyta sínum rekstri. Þá mun alveg sama hlutfallið koma í ljós, að járnbrautir bera sig miklu betur undir eins og um mikinn flutning er að ræða og miklar vegalengdir. En bifreiðar halda velli þar, sem flutningur er lítill og um stutta leið.

Annars verð ég að segja, að aðalatriðið fyrir mér er það, að fá fullkomnar samgöngur. Þetta mál mun vera miklu meira hitamál austanfjalls en vestan. Og ég fer hér ekki eftir því, hvort ég hafi meiri eða minni hluta minna kjósenda bak við. Ég álít persónulega, að samgöngumálið sé alveg eins mikið nauðsynjamál fyrir Reykjavík eins og Suðurlandsundirlendið. En ég vil ekki eiga neinn þátt í því, að farið verði að klífa þrítugan hamarinn til þess að gera dýra höfn austanfjalls, til þess að bjarga þessum sveitum úr ógöngunum.

Ég heyri sagt, að nýlega sé komin fram skýrsla frá Sverre Möller um það, hvort muni álítast ódýrara að nota hér járnbraut eða bíla, og hann hallist heldur að bílum. Hann má hallast fram og aftur fyrir mér. Ég hefi það fyrir satt, að þessi skýrsla sé örstutt og lítið rökstudd. En þetta fær n. auðvitað að sjá.

Ég var annar flm. að þessu máli, þegar það kom fram 1926. Minn áhugi hefir ekkert breytzt síðan, þó að ég sé ekki meðflm. nú. 1926 sat að völdum stj., sem vitað var, að var hlynnt málinu og vann að því að undirbúa það með flm. En nú aftur á móti verður ekki annað sagt en að hæstv. stj. beri litla hlýju til þessa samgöngumáls. Ég ætla ekki að deila um Titansérleyfið. Ég er sammála því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um það. Og mér finnst mega segja, eftir allri framkomu hæstv. atvmrh. að dæma, að honum sé ekki annt um að bjarga neinum af þessum málum. Ef honum væri annt um samgöngumálin austur á undirlendið, þá hefði hann getað gert meira en standa kuldalegur og neitandi gegn þeim möguleikum, sem kostur var á, eins og hann gerði, þó að honum væri lítið um virkjun Urriðafoss.

Hæstv. forsrh. byrjaði ræðu sína talsvert líklega og kvaðst vera sammála flm. þessa frv. um aðalatriði málsins. Ég varð glaður við, en gleði mín dvínaði fljótt, er hann taldi járnbraut vafasama úrlausn og vildi aðeins láta rannsaka málið. Þetta er ekki að vera sammála flm. frv.; frekari rannsókn er þarflaus og aðeins til að tefja fyrir framkvæmdum.

Ég get vel tekið brýningu hv. 1. þm. Skagf., þar sem hann taldi flm. þessa frv. sækja málið linlega, með því að ákveða, að ekki skuli byrjað á framkvæmdum

fyrri en 1932. En því er til að svara, að þetta er jafnlangur frestur og settur var í frv. 1926, en þá var ákveðið að hefja framkvæmdir 1928. Nú er þetta frv. flutt 1930, og þá er undirbúningsfrestur hinn sami hlutfallslega. Sé þetta talið bera vott um áhugaskort nú, þá má með sama rétti telja, að sú ástæða hafi þá legið til grundvallar fyrir frestinum.

Þetta mál þarf mikinn undirbúning, m. a. til lántöku, og eins og nú standa sakir, þá blæs sannarlega ekki byrlega í þeim efnum. En ef þing og stj. sér möguleika til þess að hefja fyrr framkvæmdir, þá myndi ég að sjálfsögðu verða því samþykkur, og aðrir flm. þessa frv. að ég hygg.

Gunnar Sigurðsson:* Það bar ekki að skilja orð mín svo í fyrri ræðu minni, að ég vildi amast við umr. á þessu stigi málsins, heldur á þá leið, að ég bjóst við, að hugir manna væru uppteknir af öðru alvarlegra máli í svipinn.

Ég ætla að svara hv. 1. þm. Skagf. viðvíkjandi brýningu hans til okkar sunnlenzku þingmannanna; það voru vissar ástæður til þess, að ég gekk ekki lengra, og eins mun hafa verið um hina að því er snertir frestinn til 1932.

Ég vil ekki segja, að stj. hafi beinlínis gefið vilyrði fyrir því, en það var látið í veðri vaka frá hennar hálfu fyrir síðustu kosningar, að kringum 1930 yrði eitthvað gert til framkvæmda í járnbrautarmálinu. Ég hafði alltaf vaðið fyrir neðan mig og vildi ekki skrifa undir áskorun til forsrh. um að veita ekki sérleyfið til Titanfélagsins, svo framarlega að peningar væru ekki fyrir hendi, því að hæstv. forsrh. gat alltaf sagt, að félagið hefði ekki nægilegt fé fram að leggja. Annars skal ég lofa hv. 1. þm. Skagf. og hæstv. forsrh. að deila um það atriði. Ég gat ekki komið auga á þá hættu af fyrirtækjum félagsins, ef vel væri um hnútana búið.

Ég vil svara hæstv. forsrh. því, þar sem hann var að tala um nauðsyn á rannsókn þessa máls, svo að undirstaða þess yrði sem traustust, og ég skal ekki lá honum það. En þó vil ég sérstaklega taka það fram, að undirstaða allra framkvæmda á Suðurlandi er lausn samgöngumálanna, og þá að sjálfsögðu með járnbraut austur yfir fjall. Og ég er ekki ósanngjarnari en það, að ég tel sjálfsagt, að ríkið hafi tekjur af þeirri hækkun landverðs, er leiðir af járnbrautarlagningunni.

Ég vil undirstrika það, að peningahlið þessa máls er í raun og veru alltaf að smækka í hlutfalli við aukningu verðmæta í landinu. Brunabótavirðing allra húseigna í Reykjavík er 80—90 millj. kr., og sé sú upphæð borin saman við kostnað af þessum samgöngufram kvæmdum, þá virðist hann ekki ægilega hár. — Af því að ég treysti núverandi stjórn miðlungi vel í þessu máli, þá bar ég fram á síðasta þingi fyrirspurn til hennar um, hvað hún hefði í hyggju að gera því til úrlausnar; en allir vita, hvernig henni reiddi af, því að sökum veikinda hæstv. atvmrh. kom hún ekki til umr.

Þá vil ég segja hæstv. forsrh., að ég hygg það rangt með farið hjá honum, að hann hafi aðeins lýst sig fylgjandi samgöngubótum austur á Suðurlandsundirlendi á Ægissíðufundinum fyrir síðustu kosningar; hann talaði þar um járnbraut, og í öllum þingmálafundargerðum úr Rangárvallasýslu á síðari árum hefir verið samþ. ályktun um járnbraut „austur yfir fjall". Mig minnir, að hann talaði líka um járnbrautarmálið á fundi við Þjórsárbrú 1927 og að kjósendur væru honum þakklátir fyrir þá framkomu. (**Forsrh.**: Ég hefi aldrei talað á þingmálafundi við Þjórsárbrú). Þá hefir það verið hæstv. dómsmrh., því að vissulega var þar um málið rætt af hálfu núv. stj. En hvað sem þessu líður, þá vil ég alls ekki leggja þann skilning í orð hæstv. forsrh., að hann sé ófáanlegur til að leysa þetta mál á þeim grundvelli, að járnbraut verði lögð, sem ég fyrir mitt leyti hefi slegið föstu. Mér þykir vænt um þá miðlunarleið, sem hv. 1. þm. Reykv. benti á, að ef ekki þætti fært að leggja járnbraut, þá skuli rannsakað vegarstæði fyrir bílveg austur og þetta samgöngumál leyst á þann hátt, sem heppilegast þætti.

Ég vænti þess, að fleiri þm. verði eins og hv. 1. þm. Skagf. og sýni, að þeir eru lausir við hreppapólitík í þessu máli. Okkur hefir borið ýmislegt á milli á und-

anförnum þingum, en ég verð að láta hann njóta þess sannmælis, að í þessu máli hefir hann verið eindreginn frá upphafi og sjálfum sér samkvæmur.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf engum að svara nema hæstv. forsrh., og get ég lokið því á 5 mínútum.

Hæstv. ráðh. hefir ekki beinlínis neitað því, að hann hafi vitað um bréfið í fyrra, sem sannaði, að Titanfél. hafði yfir nógu fé að ráða. Að vísu kom það bréf ekki beinlínis járnbrautarmálinu við, að öðru leyti en því, að það var sönnun þess, að Titan hafði peningana til, þegar átti að byrja á járnbrautinni.

Það gleður mig að heyra það á hæstv. ráðh., að hann neitaði ekki um sérleyfið vegna þess að félagið hefði skort peninga, heldur vegna virkjunar á Urriðafossi. Hæstv. ráðh. sagði, að með veitingu þessa sérleyfis hefði þjóðin verið stungin í hjartastað. Í þessu er fólgin játning hans á því, að málið hafi ekki strandað á peningaleysi. En þá á hann ekki að bera því við, heldur segja eins og var, að hann hafi alls ekki viljað veita sérleyfið.

Það er geysimikill munur á skoðunum hæstv. atvmrh. og fyrrv. atvmrh. Dana, sem ég talaði við 1926. Hann sagði mér, að Norður-Sjáland hefði þá fyrst komizt úr kútnum, þegar það fékk rafmagn frá Svíþjóð til smáiðnaðar og heimilisnota. Þó að þeir yrðu að sækja rafmagn til annars lands, og það væri auk þess ýmsum annmörkum bundið, þá hefir það lyft landbúnaðinum á Norður-Sjálandi betur en nokkuð annað. Ég álít, að rafmagnið mundi verða hin mesta lyftistöng fyrir íslenzkan landbúnað; en hæstv. atvmrh. álítur, að með þeim framkvæmdum verði þjóðin stungin í hjartastað. En ef svo er, þá er það ekki ég einn, sem með þessu máli hefi stungið hana í hjartastað. Hæstv. ráðh. má bæta við ⅔ allra alþm. 1927, sem þá hafa verið með í því að reka rýtinginn í hina íslenzku þjóð, þar á meðal fjölda af hans eigin flokksbræðrum. Það er talsvert einkennilegt að veita því athygli, hvað Danir eru að gera við járnbrautir sínar í umhverfi Kaupmannahafnar. Þeir eru ekki að leggja þær niður, heldur ætla þeir að verja 17 millj. króna til þess að þeir geti rekið þær með rafmagni. Ætli það væri ekki nær fyrir okkur að nota aflið í Urriðafossi til þess að knýja járnbraut á milli Reykjavíkur og Suðurláglendisins en láta fossinn belja áfram ónotaðan? Það eru ekki réttnefndir framsóknarmenn, sem leyfa sér að standa á móti þessu merkilega máli, og það eru ekki heldur réttnefndir íhaldsmenn, sem gera það — heldur eru þeir hinir svörtustu afturhaldsmenn.

Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Árn. var að gefa bendingu um það, að þetta síðara álit frá Sv. Möller um járnbrautarmálið hefði verið pantað. Þetta mál snertir hans kjördæmi meira en nokkurt annað hérað á landinu. Ég vil því beina til hans þeirri fyrirspurn, hver hafi pantað þetta álit. Ég vil fá þeirri spurningu svarað og býst við, að hv. þm. hljóti að vera eitthvað kunnugt um það, fyrst hann var að gefa þetta í skyn.

Ég er mjög hissa á þeim ótta, sem hæstv. forsrh. elur í brjósti gagnvart útlendingum, sem leggja fé í framkvæmdir hér. Reynslan hefir sýnt, að af þessu er engin hætta, þegar vel er um búið, eins og er í sérleyfislögum okkar. Öll fyrirtæki, sem útlendingar hafa lagt fé í hér á landi, hafa eftir nokkurn tíma orðið alíslenzk, og svo mundi einnig hafa farið um þetta. Ég hefi svo mikið traust á hinni íslenzku þjóð, að hún láti aldrei kúga af sér þjóðerni og tungu. En hæstv. ráðh. vantreystir henni í þessu. Það skilur okkur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess út af till. hv. 1. þm. Reykv. um, að fé skuli veitt til samgöngubóta við suðurláglendið án þess að ákveða fyrirfram, hvort það skuli vera járnbraut eða ekki, að ég get vel fellt mig við hana. (**GunnS:** Þetta er loðið). Það er till. hv. 1. þm. Reykv., og þegar hv. þm. ásakar meðflm. sinn um, að hún sé loðin, þá fara nú að tíðkast hin breiðu spjótin. Og mér þykir hart, þegar ég tek vel undir till. frá einum hv. flm. frv., að þá skuli mér vera brugðið um, að ég sé loðinn. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að framkoma mín gagnvart fossafél. Titan bæri vott um, að ég hefði lítinn hug á sam-

göngubótum austur yfir fjall. Það, sem hv. þm. kallar samgöngumál Reykjavíkur og suðurláglendisins, var að eins 1/10 hluti af því stóra máli, sem Titan átti að fá einkaleyfi fyrir. Virkjun Urriðafoss, stofnun iðjuvera, innflutningur á útlendu fjármagni og verkafólki ásamt fleiru, voru 9/10 hlutar af því, sem sérleyfið fól í sér. Ef ég á að lýsa því yfir, hvað mér var annast um í þessu máli, þannig að ég mat það meira en 1/10 hluta þess — en það var að bjarga sóma þjóðarinnar, vernda þjóðerni vort og fjárhagslegt sjálfstæði. Í stuttu máli: það, sem hv. 1. þm. Skagf. og 1. þm. Reykv. vilja ofurselja erlendum aðilum og fjárgróðafélögum. (MG: Og mikill hluti Framsóknarfl. líka). Ég býst við, að þeir séu fáir hér á landi, sem nú mundu í alvöru fylgja þeim málstað, sem hv. 1. þm. Skagf. berst fyrir.

Út af ræðu hv. 1. þm. Skagf. skal ég vera fáorður, einkum af því, að hann er nú dauður. Ég mun ekki láta í ljós neina gremju, eins og hann gerði í sinni fyrstu ræðu.

Það er náttúrlega gott fyrir hv. þm. að veifa nú þessu bréfi, sem hann þykist hafa og á að sanna, að Titan hafi haft peninga. En það var undarlegt, að mér skyldi ekki vera sýnt þetta merkilega bréf um fjárútvegun Titans, þar sem ég átti að veita sérleyfið og þurfti því að fá sannanir fyrir peningareiðum félagsins. Ég hefi ekki að fyrra bragði blandað fjárhagsástæðum eða peningaleysi Titans inn í þessar umr., og allt, sem ég hefi sagt um það mál, er sprottið af þeirri fyrirspurn, sem hv. 1. þm. Skagf. beindi til mín út af neituninni á sérleyfinu.

Um skoðanamun okkar almennt í þessum efnum þarf ég ekki mikið að segja; hann orðaði það svo, að hvorki framsóknar- eða íhaldsmenn væru því mótfallnir, að útlend auðfélög fengju alræðisvald hér á landi, það væru aðeins svörtustu afturhaldsmenn, sem andæfðu því. Hv. þm. óttast það ekkert, þó að útlendu fjármagni sé veitt hindrunarlaust inn í landið; en um þetta efni er ég íhaldssamur á allt, sem er frumstætt og gott í fari okkar íslenzku þjóðar. Einkunnarorð hv. 1. þm. Skagf. eru þau, að bjóða útlenda menn velkomna inn í landið með það fjármagn, sem þeir vilja með sér hafa, og veita þeim ýmiskonar sérréttindi og fríðindi fram yfir innlenda menn. Um það má viðhafa hið forna latneska spakmæli, sem Magnús Stephensen landshöfðingi vitnaði til í umr. á Alþingi, þegar talað var um að leggja niður Landsbankann: „Timeo Danaos et dona ferentes". — Það svarar að miklu leyti til þessarar málsgr. á íslenzku: „Trautt mun ek trúa þér, troll, kvað Höskollur".

Einar Jónsson: Ég hefði vel getað fallið frá orðinu, ef ekki hefðu fleiri verið búnir að biðja um það. Ég vildi aðeins óska þess, að þetta mál yrði ekki tafið um skör fram með erjum og þrætum. Þó að hæstv. forsrh. hafi verið álasað fyrir gerðir sínar í þessu máli, þá get ég ekki tekið undir það né verið því samþykkur, eins og honum hafa nú farizt orð. Ég ætla ekki að kýta við hv. 1. þm. Skagf., þó að hann byrjaði ræðu sína með því að álasa mér fyrir að þakka hæstv. forsrh. undirtektir hans í þessu máli, því að batnandi manni er bezt að lifa.

Ég get borið um það, að á pólitískum fundi á Ægissíðu 1927, þegar við síra Jakob í Holti buðum okkur fram til þings, þá voru þeir Jón Þorláksson og hæstv. núv. forsrh. þar mættir, og Jón Þorláksson gerði fyrirspurn til hæstv. ráðh. um, hvaða afstöðu hann tæki til járnbrautarmálsins. Þá lýsti hann því yfir, að hann mundi verða stoð og stytta bændanna í því máli sem öðrum. En á næsta þingi á eftir kom það í ljós, að hann sagði **nei** við málinu, þegar fylgismenn þess sögðu **já**. Áleit ég því, að hann hefði ekki uppfyllt gefin loforð. En ef hann heitir því nú að efna sín góðu loforð, þá vil ég taka það í fullri alvöru og vera honum þakklátur fyrir. (MG: Það er fallegt að vera lítillátur). Já, það þarf ég oft að vera. Samgöngurnar þarf að bæta á einhvern hátt; það er lífsspursmál fyrir Suðurland. Og eins og ég hefi áður tekið fram, þá er um þrjár leiðir að ræða í því efni: bætta bílvegi, flugferðir eða járnbraut. Og ég hygg, að járnbrautin sé tryggasta úrlausnin.

Ég er mjög þakklátur hv. 1. þm. Skagf. fyrir áhuga hans á þessu máli, því að

hann hefir alltaf reynzt þar sanngjarn og óbrigðull. Og þó að hann hafi nú varpað svæsnum orðum í garð hæstv. forsrh. og álasað mér fyrir þakklæti mitt til hans, þá vil ég taka vel hlýjum orðum til þessa máls, hvaðan sem þau koma.

Hv. 1. þm. Skagf. minntist á, að við flm. þessa frv. værum heldur lítilþægir, að vilja fresta framkvæmdum þessa máls í tvö ár. Ég skal játa, að ég treysti mér ekki til að ganga lengra en þetta. Og ef þessu máli verður framfylgt á þann hátt, sem við bendum á í frv., þá er ég ánægður. En það þýðir ekkert að halda samgöngunum í því ástandi, sem þær eru nú; það væri sama sem að kveða upp dauðadóm yfir landbúnaðinum í þessum héruðum austanfjalls, og einnig yfir kaupstöðunum Reykjavík og Hafnarfirði.

Ég ætla ekki að fara að ýfa sakir við hæstv. forsrh. vegna afstöðu hans til „Titans". Sumir segja, að maður eigi aldrei að fyrirgefa, en ég aðhyllist ekki þá kenningu. Hæstv. ráðh. steig þá það spor, sem hann hefði ekki átt að gera, og það varð bændum til hins mesta ógagns. — Titanfélagið sendi menn hingað til Rvíkur á síðasta þingi með sannanir þess, að fé væri fyrir hendi, en hæstv. ráðh. trúði því ekki og neitaði því um sérleyfið.

Hvað á þá að gera út af þessum aðförum? Sumir vilja ekki fyrirgefa hæstv. ráðh., en ég álít, að það eigi að gera vegna stefnubreyt. hans í þessu máli nú, að öðru leyti en því, að á þeim tíma, sem sérleyfið átti að veita, og þar sem þingið sat á rökstólum samtímis, áttu ráð þess að gilda, eigi síður en hans, og þetta atriði er ég tregur til að fyrirgefa honum.

Hæstv. forsrh. segir okkur hér, að hann hafi gert þetta af þjóðernisástæðum, af velvildarhug og umönnun fyrir þjóðinni. Það má segja mér þetta tíu sinnum eða einu sinni — það er sama hvort er —, ég trúi því ekki samt. Það var engin þjóðernishætta á ferðinni, þó að þetta væri reynt. En það tjáir ekki að sakast um orðinn hlut. Nú kemur nýtt til mála; nú á að reyna á drengskap þingmanna, hvort þeir vilja fylgja okkur í því, sem við förum fram á af mestu nauðsyn þeirra héraða, sem þar eiga hlut að máli, eða þeir vilja spyrna fæti við því.

Ekki fullnægir mér að heyra það, sem hæstv. forsrh. var að skýra okkur frá, þar sem hann var að lýsa yfir því, að nú væri kominn snjóbíll, sem gæti haldið leiðinni opinni, hvernig sem viðraði. Þau tæki hafa verið reynd svo oft, að ég trúi ekkert á slíkt, enda þótt þetta verkfæri kunni kannske að vera eitthvað fullkomnara en fyrri samskonar tæki.

Þegar ég fór hingað suður til þings, voru komin snjóþyngsli svo mikil, að ekki varð komizt ríðandi lengra en að Hellisheiði, og var þar tekið á móti okkur með hestum og sleðum. Þegar komið var niður úr snjóþyngslunum, vorum við komnir á stað, er heitir Sandskeið. Þar tóku á móti okkur bifreiðar, og hafði veginum verið haldið opnum þangað upp eftir með stöðugum mokstri, en tveim dögum síðar voru allar geilar, sem grafnar höfðu verið í skaflana á veginum, orðnar fullar, og sjá því allir, hvert lið verður að slíkum vinnubrögðum, enda er það sannast að segja, að heldur vildi ég vita til þess, að þeir menn, sem þurfa að fá peninga fyrir slíka vinnu, væru látnir sitja þurrir og hreinir heima á heimilum sínum og greidd venjuleg daglaun heldur en að þeir væru sendir út til slíkra vinnubragða. En það má búast við, að svona haldi áfram, þangað til búið er að yfirbyggja nær allan veginn, en eins og ég sagði fyrr, þá er það álit allra kunnáttumanna, að þessi aðferð verði miklu dýrari heldur en sú, að leggja járnbraut. Það er mikill skaði, ef austurhéruðin fá engar samgöngubætur, og engu minni skaði er það, að Hafnarfirði og Reykjavík er að engu bætt það tap, sem þau líða við vondar samgöngur við austurhéruðin, en það er hv. þm. að skera úr, hvað gert skuli til að bæta úr því böli.

Ég er einn af þeim austanmönnum, sem líta svo á, að þessu samgöngumáli okkar verði aldrei komið í það horf, sem þarf, nema með járnbraut, en ég vildi óska þess, að þetta mál þyrfti ekki að valda þrætum, hversu þeim samgöngubótum skuli háttað, sem hér þarf að koma á. Heldur vildi ég mega vona, að einhverjar bætur yrðu á ráðnar og einhverjar ákvarðanir teknar þegar á þessu þingi. Höfum við flm. þó ekki séð okkur fært að fara fram á það, að nú þegar yrði hafizt handa.

Magnús Torfason: Mér er heldur þungt um mál nú, og þess vegna hafði ég ekki ætlað mér að taka til máls að þessu sinni, en það hefir verið skorað á mig að svara fyrirspurn, og skal ég þá gera það.

Ég greip fram í ræðu eins hv. þm., viðvíkjandi skýrslu Sv. Möllers. Ég hefi haft þá æru að sjá þessa skýrslu, og er þá frá því að segja, að þegar ég hafði lesið hana, lagði ég hana frá mér með þeirri hugsun: Þessi skýrsla er pöntuð. Hv. fyrirspyrjandi hefir ekki séð þessa skýrslu, en honum mun gefast kostur á því innan skamms, og býst ég við, að eftir lestur hennar muni hann komast að sömu niðurstöðu. En vilji hv. 1. þm. Skagf. leita sér frekari upplýsinga um þetta efni nú þegar, þá verð ég að biðja hann að snúa sér til vegamálastjóra ríkisins; en mér skilst af þessari skýrslu hr. Sv. Möllers, að hann hafi verið í náinni samvinnu við vegamálastjóra. Frekara finn ég ekki ástæðu til að segja um þessa fyrirspurn.

Að öðru leyti vil ég lýsa yfir því, að mér þykir gott, að þessi rannsókn á vegarstæðinu hefir farið fram; mér hefir skilizt svo, að ekki myndi von um, að byrjað yrði á neinum samgöngubótum fyrr en slík rannsókn hefir fram farið, m. ö. o., að nákvæma áætlun þurfi um það, hvað slík vegargerð muni kosta og hvort líklegt sé, að slík vegagerð geti orðið okkur eins örugg samgöngubót og járnbraut. Þess vegna hefi ég skoðað þetta sem nauðsynlegan undirbúning.

Ég bjóst við, að þessi skýrsla mundi verða tilbúin í fyrra, á síðasta þingi, en það varð ekki úr því. Síðan hefi ég verið að vonast eftir henni, bjóst við, að hún mundi verða tilbúin með haustinu, en, því miður, hún er ekki tilbúin enn. Þessi dráttur á ekki flóknara máli líkar mér illa, og þess vegna er ég mjög glaður yfir því, að við megum eiga von á þessari skýrslu nú á næstunni. Og einmitt vegna þess, að þessi skýrsla er ekki fram komin, hefi ég litið svo á, að ekki væri ástæða til að fjölyrða um málið að sinni; það yrði ekki að gagni fyrr en þessi eftirþráðu gögn væru komin.

Forseti (JörB): Þá hefir hv. 1. þm. Skagf. orðið, til þess að bera af sér sakir.

Magnús Guðmundsson: Ég bað eiginlega ekkert um það að fá að bera af mér sakir, en ég get gjarnan notað tækifærið til þess að svara hæstv. forsrh. fáum orðum. Hann sagði, að ég vildi láta útlendinga vaða hér uppi og veita þeim sérleyfi í öllu. Þetta eru staðlausir stafir og ástæðulausar getsakir. Ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að hér gilda lög, sem heita sérleyfislög, sem þingið hefir samið, svo að um fossavirkjun án vilja og vitundar þingsins getur ekki verið að ræða, og hvað slíka fossavirkjun snertir, þá er leyfið háð svo miklu eftirliti, að þar er vel fyrir öllu séð af okkar hálfu. Ágreiningurinn milli mín og hæstv. ráðh. er um traustið á íslenzku þjóðinni. Ég treysti henni. Hann vantreystir henni. Ég hefi áhuga fyrir rafhitun og raflýsing sveitanna. Ráðh. er áhugalaus um þessi mál, kjarklaus og hræddur. Hann er afturhaldssamur, en ég ann framförum. Ég sé í anda þéttsett og blómleg bændabýli, raflýst og rafhituð meðfram rafknúinni járnbraut. Hann sér ekkert af hræðslu við útlendingana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Myntlög.

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., var útbýtt:
Frv. til myntlaga (þmfrv., A. 47).

Á 12., 15. og 17. fundi í Nd., 3., 5. og 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það hefir dregizt alllengi, að myntlagafrv. væri tekið á dagskrá. Er það sök okkar flm. Ástæðan er sú, að útlitið var slíkt fyrir

skemmstu, að vafasamt var, hvort rétt væri að setja myntlög á þessu ári. Þegar það ástand breyttist og hið mikla mál, Íslandsbankamálið, sem legið hefir sem farg á þinginu, var afgr., fannst okkur fyrst tími til kominn að halda áfram þessu frv.

Myntlagafrv. var rætt allmikið á síðasta þingi. Það eina, sem nýtt er í málinu að þessu sinni, er álit prof. Gustav Cassels um það, hvort heppilegt sé að breyta til um mynteiningu og taka upp aftur gömlu Norðurlandakrónuna, eða halda áfram þeirri mynteiningu, sem gilt hefir hér á landi frá 1925. Ég mun ekki við þessa umr. hefja deilur um það atriði, og læt mér nægja að vísa til hins skýra og skorinorða álits hins heimsfræga prófessors. Ég óska, að málinu verði vísað til fjhn. og hún athugi svo, hvort mögulegt muni vera að ná því samkomulagi milli flokka, sem nauðsynlegt er til framgangs málinu. Þegar frv. kemur svo aftur frá nefndinni, er tími til að ræða nánar möguleikana. **(Einhver þm.:** En ef n. skilar nú ekki af sér?). Það fer eftir því, hve vel gengur að ná samkomulagi, en án samkomulags einhverra tveggja flokka nást engin úrslit á þingi, þar sem enginn flokkur hefir hreinan meiri hluta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:4 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 506, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Póstlagabreyting.

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921 (þmfrv., A. 48).

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson):* Með þessu litla frv. er farið fram á að auka verksvið póstsins. Eftir núverandi fyrirkomulagi er borgað undir blöð og tímarit eftir sérstakri gjaldskrá, þannig að það, sem senda á, er vegið í heilu lagi og greitt undir það 25 au. fyrir hvert ½ kg. yfir sumartímann en 50 au. yfir vetrartímann, og er þá miðað við 15. okt. og 15. apríl. Auk þess hefir pósturinn útburð bréfa í nokkrum bæjum, en í frv. þessu er ætlazt til, að hann hafi einnig útburð blaða og tímarita með höndum. Eftir núgildandi gjaldskrá er slíkt með öllu ómögulegt, enda nær engri átt að taka sama burðargjald fyrir blöð og tímarit innan bæja, þar sem póstur er borinn út, eins og tekið er fyrir að flytja þessar póstsendingar út um land. Það virðist einsætt, að ef taxtinn yrði settur niður eins og þetta frv. fer fram á, yki það mjög þau þægindi, sem almenningur hefir af póstinum. Hvað starfið sjálft snertir, þá er eðlilegast að láta póstana hafa það með höndum, vegna þess að þeir eru þaulkunnugir innan bæja og þaulvanir, auk þess sem búast má við, að bráðlega verði farið að bera allan þyngri póst út í bifreiðum, eins og þegar er byrjað hér í Reykjavík. Í þessu frv. er taxtinn settur 15 au. allt árið, og er það hlutfallslega álíka og undir bréf. Nær auðvitað engri átt að hafa mismunandi burðargjald innan bæja eftir árstíðum. Vitaskuld er það algerlega á valdi nefndar eða þingsins að ákveða taxtann, hnitmiða hann niður, eftir því sem réttast þykir. Kæmi varla til mála, að póstsjóður missti nokkrar tekjur, þótt taxtinn yrði lækkaður, því starfsemi póstsins myndi að sama skapi vaxa stórkostlega. Gæti vel komið til mála að færa út verksvið póstsins til verulegra muna, t. d. láta hann annast innheimtu innanbæjar meir en nú er gert. Getur líka komið til mála að einstrengja ekki þessa starfsemi við einstaka bæi. Yfirleitt er það enn óleyst verkefni, hvernig má láta þessa stóru stofnun, póstinn, verða meira þjóðnýta — ekki þjóðnýtta — en hún er nú.

Ég hefi ekki farið fram á annað en þetta eina, en þykist þess fullviss, að ef þetta frv. verður samþ., myndi það auka starf og gagn pósta innanbæjar, og ef hæfilegt gjald væri greitt fyrir, myndi þetta geta orðið tekjulind.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Kosning þingmanns fyrir Siglufjörð.

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað (þmfrv., A. 51).

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv. er flutt eftir beiðni Siglfirðinga sjálfra, en ég vildi láta mér nægja við 1. umr. að vísa til grg. við frv. og óska, að því verði vísað til allshn. — Það eru svo miklar annir á þinginu utan funda, að ég kysi helzt að þurfa ekki að halda lengri ræðu um þetta mál.

Magnús Jónsson:* Ég skal ekki leggja mikið umr., en ef á að fara að fjölga þingmönnum, þá er svo sem auðvitað, hvar á að byrja á breyt. Það á vitaskuld hvergi annarsstaðar að byrja en í kjördæmi tveggja hv. flm. þessa frv. — Það er náttúrlega mikið misræði víða um kosningar til Alþingis og allmisjafn réttur kjósenda, en það er auðvitað, að ef nokkursstaðar á að breyta um, á að fjölga þm. fyrir Reykjavík. Ég ætla ekki að fara að boða nýtt frv. um þetta sjálfur, en vildi aðeins benda á það, að ekki væri nema eðlilegt, að það kæmi fram frv. um að fjölga þm. fyrir Reykjavík, ef þingið á annað borð ætlar að fjölga þingmönnum.

Bernharð Stefánsson: Mér finnst það ekki mega minna vera en að ég færi flm. þessa frv. þakkir fyrir það, hvað þeir bera mikla umhyggju fyrir mínu kjördæmi, eins og hefir sýnt sig í því, að þeir flytja þetta frv. Það er auðvitað mál, og kemur engum þdm. á óvart, hver mín aðstaða er til þessa máls; það er sem sagt ekki nein ný tillaga á Alþingi, að Siglufjörður verði gerður að sérstöku kjördæmi. Fyrirrennari minn mun hafa hreyft þessu máli, og ég ætla að ég hafi tvisvar til þrisvar gert tillögu um það, að Siglufjörður yrði sérstakt kjördæmi. En sú tillaga hefir ekki til þessa fengið neitt góðan byr.

Eins og öllum er kunnugt og ég hefi margbent á í sambandi við þetta mál, hefir frá því fyrsta verið fylgt þeirri grundvallarreglu, að hvert lögsagnarumdæmi væri kjördæmi út af fyrir sig. Frá þessu hefir ekki verið vikið að öðru leyti en því, að kaupstaðir, aðrir en Reykjavík, urðu ekki sérstök kjördæmi fyrr en 1904. Hafnarfjörður og Siglufjörður höfðu þá ekki fengið kaupstaðarréttindi, en fengu þau síðar, án þess þó að vera gerðir að sérstökum kjördæmum. Nú er búið að bæta úr þessu að því er snertir Hafnarfjörð, en Siglufjörður hefir verið skilinn eftir. Þegar af þessari ástæðu er rétt að samþykkja frv.

Í greinargerð frv. er alveg réttilega tekið fram, að Siglufjörður á við að búa mjög sérstaka aðstöðu um atvinnurekstur, og það getur ekki verið Alþingi annað en gróði, að maður, sem er sérstaklega kunnugur öllum atvinnuháttum á Siglufirði, eigi sæti á þingi. Aðstaðan er nú sú í Eyjafjarðarkjördæmi, að aðrir hlutar kjördæmisins en Siglufjörður hafa að langmestu leyti ráðið um, hverjir yrðu þingmenn.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um það, að ef ætti að fara að fjölga þingmönnum, þá væri rétt að byrja í Reykjavík. Þetta kann að vera rétt, ef eingöngu er litið á tölu kjósenda. En hér á fleira að koma til greina. Ég er til dæmis viss um, að ekkert kjördæmi landsins er eins vel sett og Reykjavík að því leyti, að þingmenn eru svo vel kunnugir öllum hennar högum. Á Alþingi er miklu minni þekking á þörfum og högum Siglfirðinga en Reykvíkinga. Það sýna bezt ræður ýmissa þingmanna á undanförnum þingum.

Ég endurtek þakklæti mitt til hv. flm. og leyfi mér að mæla hið bezta með því, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HV, JörB, MJ, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: EJ, JAJ, JÓl, JS, PO.

MG greiddi ekki atkv.

Átta þm. (HJ, HG, HK, IngB, JJós, LH, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HStef og MG).

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 65).

Á 30. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Eins og kemur fram í grg. frv., er það flutt eftir óskum fjmrh., og það er flutt óbreytt eins og það var afgr. til ríkisstj. af mþn. í tolla- og skattamálum fyrir miðjan des. síðastl. Það er fram borið aðeins af meiri hl. n., því að einn nm. (HG) gat ekki orðið okkur hinum sammála um ýms einstök atriði. Þó hefir n. öll unnið að meginhlutanum af texta frv. í sameiningu, en klofnaði um einstök atriði, sem telja verður höfuðatriði, aðallega um skattstigana. Hv. minni hl. mun bera fram till. sínar síðar. Þegar þær koma fram hér í þinginu, skýrist sá ágreiningur, sem í n. var.

Í grg. frv. er gerð allítarleg grein fyrir þeim breyt., sem frv. gerir ráð fyrir á gildandi lögum, og vísa ég því fyrst og fremst til hennar. Ég mundi ekki skýra þær betur né ítarlegar við umr. nú en þar er gert að svo stöddu.

Þó vil ég leyfa mér aðeins að benda á þær breyt., sem helztar eru, og hvar þeirra er að leita í frv. Fyrst er að nefna eina breyt., sem er nýmæli, að það megi hækka eða lækka skattinn með fjárlagaákvæðum um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, fyrir eitt ár í senn. Það getur þá komið í hvert sinn til álita þingsins, hvort svo eigi að gera. Lík ákvæði og þetta hafa gilt í skattalöggjöf annara þjóða, svo sem Englendinga. Þetta nýmæli er að finna í 8. gr. og 17. gr.

Annað atriði er, að svo er gert ráð fyrir, að draga ekki frá skattskyldum tekjum útsvar, tekjuskatt og eignarskatt, eins og gert hefir verið seinni árin, sem lögin hafa gilt. Ég ætla ekki nú að rekja verulega ástæður fyrir því, nema tilefni gefist til. Þó skal ég geta þess, að þetta er að nokkru leyti gert til að vega á móti þeirri tekjurýrnun, sem fram kemur við aðrar breyt. n., þá sem sé, að hækka skattfrjálsan frádrátt af tekjum fyrir einstaklinga. Og þetta ákvæði mun fullkomlega vega þá tekjurýrnun upp. Ákvæði þetta felst í 12. gr., eins og getið er um í aths. við greinina.

Í 12. gr. felst líka önnur breyt.; hún er sú, að af þeim hluta af ársarði samvinnufélaga, sem lagður er í varasjóð, megi draga ⅓ hluta, eins og nú hjá hlutafélögum, og sé sá hluti undanþeginn skatti. Um þetta hljóta að verða umr. seinna. Ég vildi aðeins vekja athygli á því.

Þá er gert ráð fyrir, að persónufrádráttur verði hærri, og misjafnlega hár, eftir því hvar er á landinu, af því að misjafnlega dýrt er að lifa á hinum ýmsu stöðum. Þar kemur fram einskonar mishá dýrtíðaruppbót, sem stundum er talað um hér á Alþingi.

Við það að hækka þennan frádrátt, þá rýrna tekjurnar talsvert. En með hinu, að draga ekki frá tekjum útsvör og tekju- og eignarskatt, ætlum við, að vinnist fullkomlega upp tekjumissirinn af hækkun persónufrádráttar. Hinn lögleyfði frádráttur er svo lágur, að hann er á sumum stöðum a. m. k. varla fyrir húsnæði einu saman, hvað þá að sú upphæð nægi til allrar framfærslu. Þó segja megi, að þessi hækkun sé ekki nóg, þorðum við ekki að fara hærra, til þess að rýra ekki tekjurnar um of, enda munu

ýmsir láta sér nægja þessar tekjur, því að segja má, að hugsanlegt sé að lifa á þessu, þó öðrum þyki það ekki og sé það ekki framkvæmanlegt.

Í 28. gr. er það nýmæli, að skipa skuli yfirskattanefnd fyrir land allt, sem nefnd er ríkisskattanefnd. Það hefir verið rætt um nauðsyn þess oft áður og er hugsað í því skyni að tryggja betra samræmi á framkvæmd þessara laga. Skattgreiðendur eiga heimtingu á að vera skattaðir eftir sömu reglum, hvar sem er á landinu, en á því getur orðið misbrestur, nema betra eftirlit sé með því en enn hefir verið.

Þetta eru höfuðbreytingarnar. Þá eru ýmsar fleiri, sem taka til smærri atriða og lúta yfir höfuð að því að gera lögin skýrari en áður, svo að framkvæmd þeirra geti orðið betri. Ég vil benda á, að hér eru dregin saman ákvæði úr fernum lögum og tveimur tilskipunum, sem nú gilda um þessi efni. Það er sýnilega greiðara um skattaákvörðun og framkvæmd alla að eiga að ganga að öllum fyrirmælum um þetta í einum lögum en að fyrirmæli um það séu í mörgu lagi.

Við flm. frv. ætlumst til, að tekjur eftir því megi áætla eins og eftir gildandi lögum. En þó er ekki ómögulegt, að í reyndinni greiðist skatturinn rífar af hendi vegna betri framkvæmdar. En við viljum fullyrða, að tekjurnar verða aldrei minni en nú.

Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að tala um þetta frekar, en skal enda með því að vísa aftur til grg. frv., þar sem gerð er grein fyrir hverju atriði, sem gerðar eru till. til breyt. á. Ég hefi aðeins drepið á helztu atriðin til að vekja athygli á þeim.

Haraldur Guðmundsson: Ég geri ráð fyrir, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. til athugunar, og vil því leyfa mér að skýra hv. n. frá því, að ég flyt frv. um sama efni, sem ég vænti, að hún fái einnig til athugunar. Vona ég, að hv. n. geri það að ósk minni að taka ekki þetta frv. til endanlegrar athugunar fyrr en mitt frv. einnig hefir borizt henni í hendur.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. sérstaklega nú, þar sem það mun að nokkru leyti verða til umr., þegar það frv., sem ég ber fram, verður rætt.

Fjmrh. (Einar Árnason): Eins og hv. 1. flm. tók fram, bað ég mþn. í skattamálum, eða réttara sagt meiri hl. þeirrar n., að flytja þetta frv., og þakka ég hér með hv. flm. fyrir að hafa orðið við þeim tilmælum mínum. Þegar mér barst þetta frv. í hendur frá mþn., var orðið svo áliðið, að ég treysti mér ekki til að hafa það tilbúið, með þeim aths. og breyt., sem ég vildi á því gera, áður en þing kæmi saman. Valdi ég því þá leið að biðja hv. meiri hl. n. að flytja þetta frv., enda vissi ég þá, að hv. þm. Ísaf., sem skipaði minni hl. í mþn., ætlaði að flytja sérstakt frv. í þessu efni.

Hv. 1. flm. hefir gert grein fyrir þeim aðalbreyt., sem þetta frv. gerir á núgildanda löggjöf um tekju- og eignarskatt. Ég geri ráð fyrir, að það verði samkomulag í hv. fjhn. um að afgreiða þetta mál, því að til þeirrar hv. n. verður væntanlega bæði þessu frv. og frv. hv. þm. Ísaf. vísað, og sé því ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frv. að svo komnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 54. og 56. fundi í Nd., 15. og 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 65, n. 263 og 305, 264, 299).

Ólafur Thors: Ég leyfi mér að vekja athygli á því, að hv. frsm. minni hl. (HV) er ekki hér viðstaddur og getur því ekki svarað fyrir sig, og þar sem málið var afgr. í n. án þess að hann væri viðstaddur, þá álít ég ekki rétt að taka það fyrir að svo stöddu.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Áður en ég sný mér að málinu sjálfu ætla ég að víkja að þeim ummælum hv. 2. þm. G.-K., að frsm. minni hl. væri hér ekki viðstaddur og málið hefði verið

afgr. í n. án hans. Ég verð að segja, að það er sök hv. frsm. sjálfs, að hann kom ekki á þann nefndarfund, sem málið var afgr. á, sökum þess að honum hafði verið boðaður fundurinn skriflega, og nú er það einnig hans eigin sök, að hann er ekki viðstaddur. Um málið sjálft ætla ég ekki að vera langorður fyrir hönd n. Meiri hl. hefir viljað fallast á frv., en tekið nokkurt tillit til minni hl., eins og brtt. á þskj. 263 sýna. Það er eitt höfuðatriðið, sem á milli ber, og það er, hvað hægt sé að hafa skattstigann háan. Ef tekju- og eignarskattur hefði verið tekinn hér í einu lagi, þá hefði skattstiginn orðið hærri en ákveðið er í frv. og lögum, en þar sem ¾ hlutar eru teknir með niðurjöfnun eftir efnalegum ástæðum, þ. e. útsvör lögð á, en ef skattstiginn yrði fjórfaldaður, gætu menn séð, að hann er ekki lágur. Í sjálfu sér er það ofurauðvelt að hugsa sér að auka tekjur ríkissjóðs á þann hátt, sem hv. minni hl. leggur til, en það kemur þá fram í því að taka tekjur af sveitarfélögum. En það verður að taka tillit til tekjuþarfar þeirra, og þar sem þau hafa ekki annan tekjustofn, þá er ekki hyggilegt né réttlátt að svipta þau honum eða rýra hann að mun, því að sveitarfélögin geta ekki veitt sér aðrar tekjur, en það getur ríkið, sem hefir vald á öllum tekjustofnum. — Ég hefi þá dvalið við aðalágreiningsatriðið bæði í mþn. og í n. hér á þingi, og mun því ekki fjölyrða um það frekar að sinni, en snúa mér að einstökum brtt., sem meiri hl. n. leggur til, að samþ. verði.

1. brtt. er tekin upp samkv. till. minni hl. skattamálan., og miðar hún að því, að þeir menn, sem starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skuli undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf. Hin eina breyt., sem hér er farið fram á, er sú, að í staðinn fyrir, að þetta sé ákveðið með konunglegri tilskipun, skuli það nú fastákveðið að lögum, og féllst meiri hl. á það. Þá er 2. atriði þessarar 1. gr., sem miðar að því, að ríkisstj. sé heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og öðrum gjöldum, en sú breyt., sem hér er gerð, er sú ein, að samkv. frv. átti það aðeins að vera heimilt að semja við stjórn Dana.

Þá eru tvær brtt. við 10. gr. Brtt. 2. a. gengur ekki út á annað en að í stað þess, að talað er um í frv., að fjmrh. skuli geta sett fyrirmæli um heimild vátryggingarfélaga, þá nái þetta aðeins til innlendra vátryggingarfélaga. Hér er farið eftir till. minni hl.

Þá er 2. b. 5. málsgr. er gerð nokkru róttækari en áður. Fer brtt. fram á, að lögboðið tillag samvinnufélaga í varasjóð sé undanþegið skatti. En félögin eru, sem kunnugt er, lögskyld til að leggja 1% af veltu sinni í varasjóð. Hætti félagið störfum, verður varasjóðurinn eign þess héraðs, sem félagið starfaði í. Um varasjóðsfé hlutafélaga skiptir talsvert öðru máli. Þeim er ekki lögskylt að leggja fé í varasjóð, og ef þau gera það, þá er það aðeins hluti af tekjum þeirra, sem þangað rennur, og ef félagið hættir störfum, verður sjóðurinn eign hluthafanna. Þessi brtt. gengur nærri því, sem lagt er til í frv. minni hl., en þó nokkuð öðruvísi.

3. brtt. a. er afleiðing af 2. b., en brtt. 3. b. er miðlunartill. í nefndinni. Í frv. meiri hl., sem fyrir liggur, er ekki ætlazt til, að tekjuskattur, eignarskattur eða útsvar, sem greitt hefir verið fyrra ár, dragist frá skattskyldum tekjum. Upphaflega var svo ákveðið, að þessi frádráttur var ekki leyfður, en seinna komst sú breyt. á, að leyft var að draga tekjuskatt, eignarskatt og útsvar frá. Við það rýrnuðu auðvitað tekjur ríkissjóðs. Gæti ég gefið nokkurt yfirlit um þá rýrnun, en mun þó ekki koma með það að sinni.

Nú er gert ráð fyrir í frv., að horfið verði að hinu upphaflega fyrirkomulagi. Um þetta hefir orðið ágreiningur í n. Miðlunartill. gengur í þá átt, að leyfður verði hálfur frádráttur. Hér er mætzt á miðri leið, og má því vænta, að samkomulag geti orðið um þessa brtt. Ef hún nær samþykki, rýrna að vísu tekjur ríkissjóðs nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., en þó ekki svo verulega, að ekki sé hægt að ganga að henni. Meiri hl. ætlaðist til, að sú hækkun á skatti, sem leiddi af því, að leyfa ekki þennan frádrátt, vægi á móti þeirri lækkun, er

leiðir af hækkun á persónufrádrætti. Ábyggilegar tölur liggja þó ekki fyrir um þetta, og vonum við, að brtt. þessi valdi ekki verulegri röskun, ef samþ. verður. Mín persónulega afstaða er að leyfa engan frádrátt, eins og ákveðið var í upphafi.

4. brtt. er orðabreyt., en þó heldur til bóta.

Um brtt. og nál. minni hl. fjhn. þykir mér ekki ástæða til að ræða fyrr en frsm. hefir gert grein fyrir sinni afstöðu.

Sigurður Eggerz: Það er óþægilegt, að svona stórt mál skuli vera tekið fyrir án þess að frsm. minni hl. sé viðstaddur. Umr. geta að þessu sinni því ekki hnigið að nál. og brtt. minni hl., þar sem frsm. getur ekki gert grein fyrir afstöðu sinni.

Ég vildi segja hér nokkur orð út af brtt., sem ég ber fram. Ég vil taka það fram um tekju- og eignarskatt almennt, að þeir séu í eðli sínu hinir réttlátustu skattar, en örðugleikar á framkvæmd þeirra eru svo miklir, að þeir koma oft og tíðum ranglátlega niður. Þeir, sem ávallt verða að greiða tekjuskattinn, eru hinir föstu launamenn, en aðrir, sem hafa í rauninni meiri möguleika til að bera skattinn, komast undan honum. Þetta er svo um allan heim, enda er hann kallaður í Þýzkalandi „Lohnsteuer", vegna þess hve þungt hann kemur niður á launamenn.

Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort það sé í rauninni sæmilegt að afgreiða þetta frv., sem á að verða hyrningarsteinninn undir skattalöggjöf okkar, á einni morgunstund, án þess að minni hl. segi eitt einasta orð. (**MT:** Hver hefir sagt, að það ætti að gera það?). Hefði ég ekki kvatt hér hljóðs nú, hefði verið látin fara fram atkvgr. um málið.

Þá sný ég mér að brtt. minni á þskj. 264, sem fer fram á, að svo verði áfram, að menn megi draga tekjuskatt, eignarskatt og útsvör frá skattskyldum tekjum. Það er svo óeðlilegt sem verið getur, að menn eigi að borga nýjan skatt af þeim sköttum, sem þeir þegar hafa greitt. Ég skal sýna þetta með dæmi, sem ég bý til. Er það eðlilegt, að maður, sem hefir 10 þús. kr. tekjur og borgar af þeim 3000 kr. í tekjuskatt og útsvar, að hann eigi næsta ár að telja 10 þús. kr. fram sem skattskyldar tekjur? Þó að hann hafi þessar 10 þús. kr. á pappírnum, þá eru raunverulegar tekjur hans ekki meiri en 7000 kr.

Ég sagði, að tekjuskattur væri sanngjarn í eðli sínu, en yrði oft ranglátur í framkvæmd. Ef slík ákvæði sem þessi, sem skylda menn til að greiða skatt af tekjum, sem þeir ekki hafa, er sett í löggjöfina, þá hlýtur það að verða til að gera skattinn óvinsælan. Ég hefði satt að segja gaman af að heyra röksemdirnar fyrir þessari breytingu.

Þá hefði ég ekki síður gaman af að heyra, á hvaða skatta-„principi" sú miðlunartill. byggist, að leyft skuli að draga helming af tekju- og eignarskatti og útsvari frá skattskyldum tekjum, en ekki hinn helminginn. Hv. frsm. meiri hl. segir, að þessi till. mín dragi úr tekjuskattinum. En hans miðlunartill. gerir það líka. Ég get ekki gert það upp að sinni, hversu mikið mín till. dregur úr skattinum, en ef skatturinn minnkar um of við hana, þá vil ég benda á, að í 16. gr. frv. eru ákvæði, sem leyfa fjárlagavaldinu að hækka skattinn, ef hann er of lágur.

Ég ætla ekki að fara um þessa brtt. fleiri orðum, en verði hún ekki samþ., þá er hér verið að skapa verulega rangláta löggjöf. Þegar um jafnviðkvæm mál og skattamál er að ræða, þá er mjög varhugavert að setja auðsætt ranglæti inn í lögin, og sízt hefði þess verið að vænta nú, þegar mþn. hefir setið á rökstólum um þessi mál, til þess að skapa meira réttlæti en áður og nema burt sem mest af því ranglæti, sem í þessari löggjöf hefir verið og skapazt hefir af því, að nauðsynin hefir þvingað okkur til að ganga framhjá ýmsum sjálfsögðustu frumreglum í skattamálum, af því þörfin hefir verið svo mikil fyrir fé í ríkissjóð, en það hefir oft ekki náð fram, sem réttlátast var, en umfram allt hefir þurft að ná í peningana.

Pétur Ottesen: Ég á hér ásamt hv. 2. þm. Skagf. eina brtt. við 14. gr. Í þessari gr. er gengið inn á nýja braut, sem sé þá, að láta mismunandi ákvæði gilda, eftir því, hvar menn búa á landinu,

þannig, að persónufrádráttur fari eftir því, hvort menn búa í sveitum eða kaupstöðum.

Mér virðist, að hér sé verið að fara inn á varhugaverða braut. Samkv. frv. eiga þeir, sem búa í Reykjavík, að hafa hæstan persónufrádrátt, þeir, sem búa í kaupstöðum, næsthæstan, og þeir minnstan, er búa í sveitum og kauptúnum. Þetta á víst að byggjast á því, að framfærsla sé dýrust í Reykjavík, þá í kaupstöðum og þar næst í sveitum og kauptúnum. En nú held ég, að engir útreikningar yfir dýrtíð séu til nema í Reykjavík. Þessi grundvöllur er því í lausu lofti, og vil ég í því sambandi benda á, hversu óvandlega það er hugað, að önnur ákvæði gildi í kauptúnum en í kaupstöðum. Það er svo langt frá því, að yfirleitt sé ódýrara að lifa í kauptúnum en í kaupstöðum. Grundvöllurinn er óeðlilegur, og auk þess handahóf á, hvernig þessum málum er skipað. Ég vænti því, að þessi ákvæði verði felld úr frv., og sömu ákvæði látin gilda um allt land eins og áður. Mér kemur það spanskt fyrir, að þegar löggjöfin er að reyna að hindra fólksstrauminn úr sveitunum til kaupstaðanna, þá skuli vera sett ákvæði inn í löggjöfina, sem fara í bága við þá stefnu.

Í frv. er svo ákveðið, að persónufrádráttur sé í Reykjavík 900 kr., fyrir kaupstaðina 800 kr., og 700 kr. fyrir sveitir og kauptún. Við leggjum til, að tekið verði meðaltal af þessum tölum, þannig að persónufrádráttur verði um allt land 800 kr. Með því móti er haldið þeirri reglu, sem hingað til hefir gilt, að sömu lög skuli gilda um allt land, og persónufrádrátturinn þó hækkaður frá því, sem er í núgildandi lögum.

Magnús Jónsson:* Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta. — Ég vildi fyrir mitt leyti aðeins mæla mjög eindregið með brtt. hv. þm. Dal., á þskj. 264. Það er náttúrlega ekki þörf á því að bæta neitt um þau rök, sem hv. þm. kom með í þessu máli, a. m. k. ekki á meðan ekki hefir verið reynt að andmæla þeim. En það sýnist liggja nokkuð í augum uppi, að ríkið leggur skatt á þann hluta af tekjum manns, sem það sjálft með lögum tekur af honum í tekjuskatt. Þessi upphæð, sem goldin er í aukaútsvar og tekjuskatt, er að því leyti sérstæð, að það er alveg ákveðin upphæð af tekjum manns og verður sama sem tekjulækkun.

Ég gat um það, þegar tekjuskatturinn var hækkaður mikið, að það kom mjög einkennilega við fyrir starfsmenn ríkisins, þegar þeir höfðu fengið sín laun hækkuð, að taka mikið af þeim launum aftur í ríkissjóð. Ég tel, að þótt þetta muni menn ekki svo miklu, að meinlegt sé, þá sé það svo mikill ljóður, að það megi ekki henda að menn greiði tekjuskatt af öllu, eins og hér er ætlazt til, eða þá af helmingi.. Annaðhvort er rétt, og að því, sem réttara þykir, ætti Alþingi að hverfa.

Þá vil ég sérstaklega víkja að brtt. hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf., þar sem þeir ekki vilja láta ganga út á þá nýju braut að gera persónufrádráttinn mismunandi, eftir því hvar viðkomandi menn eru búsettir. Ég álít einmitt, að þetta sé merkilegasta nýmælið í þessu tekjuskattsfrv., og væri mjög sennilegt, að sú stefna, sem þar er gengið inn á, verði látin ganga töluvert lengra en til þessa tekjuskattsfrv. Reyslan hefir sýnt svo víða, að það verður svo mikill munur á dýrtíð á ýmsum stöðum í löndunum, ekki aðeins hér, heldur líka annarsstaðar, að það er að verða ómögulegt að borga mönnum jafnmikið fyrir störf í ríkisins þarfir, þegar litið er til þess, hvar þeir búa í landinu, og þetta hefir neytt þingin til að samþykkja hina svokölluðu staðaruppbót, sem fer eftir því, hvar menn eru búsettir í landinu.

Nú er mjög erfitt að ákveða þetta nákvæmlega, og víðast mun hafa verið horfið að því að taka fyrst höfuðstaðinn og flokka síðan eftir stærð bæjanna, því að reynslan er sú, að það er löngum því dýrara að lifa í bæ, sem hann er stærri og lífið þar af leiðandi fjölbreyttara. Yfirleitt má segja, að það kosti sama mann miklu meira að lifa í stórbæjum heldur en smábæjum, og í smábæjum meira en í sveitum.

Nú skal ég náttúrlega viðurkenna það, að þessi persónufrádráttur, sem hér er farið fram á, munar svo afarlitlu, að það verður mjög lítið til að jafna mismuninn, en ég álít, að það, sem slegið er

föstu með þessari reglu, sé rétt, og því sé rétt að innleiða hana á þennan hátt, þótt lítið sé í byrjun. Ég get ekki fallizt á þau rök hv. þm. Borgf., að það sé neitt athugavert við það, þótt hér sé gengið inn á nýja braut, og þótt verið sé að gefa mönnum mismunandi aðstöðu, eins og hv. þm. sagði; reynslan hefir kennt okkur viðvíkjandi tekjuskattinum, að menn hafa ekki alltaf hrokkið við, þótt aðstaða hafi verið mismunandi gagnvart þeim lögum; reynslan hefir sýnt, að þau hafa aðallega hvílt þungt á mönnum, sem búa í kaupstöðum og verða að búa þar, við föst, ákveðin laun. Við skulum taka það dæmi, sem athugað hefir verið, að búðarmaður í Reykjavík hefir borið eins háan tekjuskatt og bændur í tveim stórum hreppum, þar sem maður veit, að eru margir efnamenn, sem hafa haft miklu meiri tekjur og betri aðstöðu en þessi búðarmaður í Reykjavík. Aðstaðan hefir verið mjög misjöfn, án þess að um nokkurt skattfals sé að ræða, og þótt nokkuð mismunandi aðstaða skapist við þetta, þá er það svo lítilfjörlegt, samanborið við það misrétti, sem alltaf leiðir af tekjuskattslögunum. Þessi persónufrádráttur er miðaður við það, að maðurinn eigi að hafa eitthvað til framfærslu hvers þess, sem hann á að sjá um, og þá er rétt, að þessi frádráttarupphæð sé miðuð við það, hve mikið kostar framfæri einstaklings á þessum stað, og þótt ekki sé farið fram á að draga frá eins mikið og þarf, þá á það að metast hlutfallslega og þess vegna alveg rökrétt að hafa það mismunandi hátt.

Hv. þm. hafði það á móti þessu, að engin rannsókn hefði farið fram um það, hvað það kostaði að lifa hér á landi. Þetta er alveg satt og það er sjálfsagt sett mjög af handahófi, en það er alveg áreiðanlegt, að þetta handahóf er allt í hina áttina, að það kemur ekki neitt til að vega upp á móti því, hve mikið framfæri einstaklinga kostar á þessum stöðum. Eins eru líka þau mótmæli, að mismunandi dýrt sé að lifa á hinum ýmsu stöðum og mismunandi aðstaða sé til að afla sér tekna. Þetta er hugsunarvilla, því að mismunandi möguleikar koma fram í mismunandi tekjuskatti. Ef ég get aflað mér helmingi hærri tekna í Reykjavík en á Akranesi, verð ég að gjalda tekjuskatt af helmingi hærri upphæð, og ég má alveg eins fá hærri frádrátt á minum framfærslukostnaði.

Ég ætla að vonast til, að hv. d. hiki einmitt ekki við, þótt hér sé um nýmæli að ræða, að samþykkja till. frv. um þessi mál. Annars ætla ég ekki að fara neitt út í fleiri atriði þessa frv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég sé nú ekki annað en að það sé fremur tilgangslítið að vera að ræða þetta nú, eins og ástatt er, þar sem hér um bil ekkert af þm. er við. Þess vegna skal ég ekkert fara út í málið að þessu sinni.

Það er, eins og ég mun hafa tekið fram við 1. umr., að þetta mál er flutt inn í þingið af tveim mönnum úr mþn. eftir minni ósk, og fyrir mér vakti það, að sjálfsagt væri, að þingið fengi þetta mál til meðferðar, til þess að það gæti sagt álit sitt um þær mismunandi till., sem koma frá mþn.-hlutunum. — Nú hefir meiri hl. fjhn. skilað áliti um þetta frv., og hafa flestir meirihl.menn skrifað undir með fyrirvara. En það er ekki hægt að sjá það, í hverju þessi fyrirvari, a. m. k. sumra nm. liggur. Aðeins einn nm. flytur brtt., sem sé hv. þm. Dal. Sú brtt. er náttúrlega ekkert stórvægileg, svo ef hv. þm. hefir ekkert annað við frv. að athuga heldur en það, sem í till. felst, er ágreiningurinn um frv. ekki mikill. Ég er hv. þm. Dal. sammála um þetta atriði, að annaðhvort verði að stiga sporið fullt, eins og liggur fyrir í frv. sjálfu, eða þá að fara eftir till. hv. þm. Dal., en að till. hv. meiri hl. n. á þskj. 263 séu ekki heppilegar.

Hv. þm. Borgf. hefir líka flutt hér smávægilega brtt. á þskj. 299. Ég sé nú ekki, að það skipti eiginlega neinu máli, hvort sú brtt. er samþ. eða ekki; hér er um svo smávægilega upphæð að ræða, að það getur engu munað. Ég geri þá till. því ekki að ágreiningsefni.

Nú er þetta frv. vitanlega í sjálfu sér stórt mál, og þar sem svo er komið, að það er mjög áliðið þings, þá eru, að mér sýnist, mjög lítil líkindi til þess, að það geti gengið í gegnum þingið. Ég hafði búizt við, að þetta mál kæmi fram í þingbyrjun, en það var orðið nokkuð áliðið,

þegar það kom, og auk þess hefir málið tafizt ákaflega mikið af ýmsum ófyrirsjáanlegum ástæðum, og því er nú ekki lengra komið en svo, að það er aðeins tveimur umr. lokið í annari deildinni, þegar lítið er eftir af þingtímanum, og þá mætir ekki einu sinni hv. minni hl. með þær miklu aths., sem hann hefir að gera við málið. Það þýðir ekki, að mínu áliti, á þessari stundu að fara neitt nánar út í frv.; ég geri ráð fyrir, að það sé ekki fært að ganga til atkv. um það, þótt umr. kynni að ljúka; ég hygg, að það séu jafnvel ekki nógu margir á fundi (**Nokkrir þm.**: Jú, jú.), en vitanlega skal ég ekkert hafa á móti því, ef umr. verður lokið nú, að það verði gert, en mér finnst það ekki vera nein sú afgreiðsla á málinu, sem viðunandi sé.

Forseti (BSv): Það er auðséð, að málinu getur ekki orðið lokið nú, fyrst hv. frsm. meiri hl. hefir kvatt sér hljóðs og margir ritað undir með fyrirvara, og svo hefir hv. minni hl. ekki búizt við, að málið gæti komið til atkv. fyrir hádegið. Umr. verður því frestað og fundi einnig frestað til kl. 1. (**SE**: Og kemur þetta mál fyrir þá?). Við tölum um það þá.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Fjhn. tók í sig mikinn dugnað á fundi, þar sem ég gat ekki verið viðstaddur, og afgreiddi þá það frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem lá fyrir n. Ég varð mjög undrandi á þessu, því að það hafði mjög lítið verið rætt um þessi frv. og þau ekki einu sinni verið lesin gaumgæfilega, eins og venja er til, og þótt einn nm. hefði átt sæti í mþn., þá var engin ástæða til að afgreiða frv. svo skyndilega. En það virðist einhver ástæða hafa verið til að hraða afgreiðslu þessa máls á fundi, þar sem ég ekki var nærstaddur.

Ég get ekki fylgt hv. meiri hl. fjhn. Hann tekur upp það frv., sem borið var fram af hv. 1. þm. N.-M. og skattanefndarmanni, og vill láta samþykkja það. Ég er aftur þeirrar skoðunar, að það frv., sem lá fyrir n. frá hv. þm. Ísaf., hefði átt að leggja til grundvallar, og eru til þess margar ástæður. Fyrst og fremst álít ég, að það séu svo litlar breyt. í þessu frv. meiri hl. frá tekjuskattslögunum eins og þau eru nú, að varla taki að gera þær einar að lögum. Sízt hefði átt að þurfa að hafa sérstaka skattamálanefnd starfandi í tvö ár til að koma saman frv. eins og þessu, sem mestmegnis er upprentun gömlu laganna. En þær breyt., sem gerðar verða á núgildandi lögum, ef þetta frv. verður samþ., álít ég til hins verra; t. d. er ætlazt til, að persónufrádráttur eigi sér ekki stað eftir því, sem fyrir einstaklingana er þó kostnaðarliður, og hv. meiri hl. n. gerir það aðeins til samkomulags að leggja til, að þessi upphæð sé helminguð, þannig að helmingur hennar verði dreginn frá.

Nú heldur skattamálanefnd því fram, að með því að skatta nauðþurftartekjurnar, sem áður hafa verið frádráttarhæfar, muni takast að ná upp skatti, sem verði meiri en þegar persónufrádrátturinn gilti. En ég tel rangláta stefnu að lækka tekjuskattinn í ríkissjóð frá því, sem nú er, en síðan að ná sömu tekjum með því að leggja á nauðþurftartekjurnar og hækka aftur tolla, eins og kemur fram hjá skattamálanefnd og meiri hl. fjhn. Þá tekur hv. meiri hl. n. það fram, að með frv. því, sem hv. þm. Ísaf. hefir borið fram, muni minnka mikið tekjustofn fyrir bæjarfélög, en hann megi ekki skerða. — Það er vitanlegt, að tekjuskattsfrv. er aðeins einn hluti af þeim tekjuaukafrv., sem komið hafa fram frá þeim hv. þm., og að fyrir hækkun á tekjuskatti kemur aftur lækkun á tollum, þannig að tekjur ríkissjóðs aukast ekki neitt, svo að gjaldstofninn fyrir bæjarsjóðina og sveitarfélögin breytist ekki neitt. En það má geta þess, að með því móti verður töluvert auðveldara fyrir bæjarsjóðina að ná inn tekjum sínum, sérstaklega um innheimtu teknanna, vegna þess að eftir frv. hv. þm. Ísaf. mega bæjarsjóðir taka nokkurn hluta tekjuskatts og eignarskatts sem útsvar, en ekkert slíkt liggur fyrir í því frv., sem mælt er með af hv. meiri hl. fjhn.

Það eru líka fleiri hlutir í frv. hv. þm. Ísaf., sem eru betur gerðir, t. d. eru þar fram taldir dráttarvextir, ef ekki er greitt í gjalddaga; en það er kunnugt, að síðan dráttarvextirnir komu á útsvör, eru menn farnir að draga eins lengi og mögulegt er að greiða tekjuskattinn, sem er vaxtalaust lán, er miklu nemur fyrir stærri atvinnurekendur. En ef tekin væri upp dráttarvaxtareglan, sem hv. þm. Ísaf. leggur til í sínu frv., myndu peningarnir greiðast fljótar og betur fyrir ríkissjóð.

Loks vil ég minnast á eitt atriði, sem ekki skiptir litlu máli; það er um skatt á hlutafélögum. Eins og hann er nú, eftir gildandi lögum og frv. því, sem hv. meiri hl. fjhn. fylgir, þá eru það stærstu félögin, sem lengst hafa safnað sér varasjóði, sem bezt sleppa undan tekjuskattinum, en aftur á móti þau félög, sem yngri eru og minni varasjóð hafa safnað, lenda undir miklu þyngri sköttum. Hjá þessu væri hægt að komast með því að láta sömu regluna gilda um hlutafélög eins og einstaklinga, þannig að þau greiddu ákveðinn skatt af ákveðnum tekjum, en mismunur kæmi fram í frádrættinum. Þetta hefir hv. meiri hl. ekki tekið með í sínu frv., og álít ég litla ástæðu til að hlífa þeim, sem sterkastir eru og grónir á móts við þá, sem eru ungir og vaxandi.

Af öllum þessum ástæðum verð ég fyrst og fremst að álíta, að mjög litlar breyt. hafi verið gerðar frá fyrri skattalöggjöf, og í öðru lagi, að miklar breyt. ætti að gera, en sem ekki hafa verið gerðar af n. Legg ég því eindregið á móti þessu frv. og legg til, að það verði fellt.

Ég er satt að segja mjög undrandi yfir því, að báðir stærstu flokkar þingsins hafa gengið saman í fjhn. og skattamálanefnd og vilja halda þessum málum óbreyttum, og sömuleiðis í tollamálum, því að fyrr meir hafði maður heyrt því haldið fram, að stefna þeirra í skatta- og tollamálum væri allólík, en ef flokkarnir ganga svo saman sem í þessum tveimur nefndum, þá er engu líku til að dreifa, heldur verður úr þeim einn flokkur. En ég er viss um það, að þetta mun ekki síður vekja undrun um allt land, því að margir kjósendur Framsóknarflokksins hafa vonazt til þess, að hann mundi gera skattalöggjöfina réttlátari, en ekki halda öllu í sama horfi eða gera hana ranglátari. Ég efast líka um, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og þá verður kannske tækifæri til fyrir kjósendur landsins að láta atkv. sitt falla um það. En séu Íhalds- og Framsóknarflokkarnir sammála um fjármálapólitík landsins, ætli fari þá ekki að minnka ástæðan til að nefna þá tveim nöfnum?

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Þegar þetta frv. var hér til umr. fyrr, þá voru það aðallega tvö atriði, sem gerðar voru aths. um. Annað atriðið var um frádrátt tekjuskatts og eignarskatt til útsvars, en hitt um mismunandi persónufrádrátt. Um fyrra atriðið, þ. e. frádrátt á tekju- og eignarskatti til útsvars, var sagt, að það væri ekki rétt skatta-„princip" að draga frá aðeins helminginn, eins og fyrir liggur frá n., en um það má segja, að ekkert er „absolut" rétt, enda sýnir það sig í því, að upphaflega var ekki heimilaður frádráttur áður en skattur var lagður á, en síðar var það leyft, svo að það sýnir sig bezt, að engin skýlaus rök eru fyrir því, hvað sé algerlega rétt í þessu efni, og er þetta þá ekkert annað an miðlunartill., sem fer bil beggja, og væri þá líklegt, að hún væri réttust. Annars er það svo um mig, að ég mæli ekki svo mikið með þessari miðlunartill., því að ég álít réttast að leyfa ekki þennan persónufrádrátt, en ég hefi gengið að þessu sem miðlunartill., sem ég og aðrir geta þá sætt sig við.

Annars vil ég út af þessu atriði víkja nokkru nánar að þessu með samanburðinn, og getur það þá gilt að nokkru leyti til andsvars hv. frsm. minni hl.

Ég tek það sem dæmi, að maður nokkur hafi 50 þús. kr. tekjur ár eftir ár. Ég geri ráð fyrir, að það muni vera álitið, að hann muni eiga að greiða jafnháan tekju- og eignarskatt og útsvar árlega, en ef sú regla er höfð að draga frá tekjuskatt og útsvar, þá er langt frá, að þetta verði; þá verða á þessu stór stökk upp og niður, sem ég nú skal leitast við að sýna.

Ég ætla að taka fyrir dæmi tekjuháan einstakling, vegna þess að dæmið verður þá skýrara en ella. Ég geri þá ráð fyrir, að útsvörin séu að meðaltali þreföld á við tekjuskattinn, og er það þó of lítið,

því að þegar þau eru borin saman við tekjuskattinn einan, má gera ráð fyrir, að þau séu allt að fjórföld. Ég ætla samt ekki að hafa þau nema þreföld, til að vera viss um að fara ekki of hátt.

Ég ætla þá að gera samanburð á, hvað verði tekjuskattur og hvað muni verða útsvar í 5 ár, sé um einstakling að ræða, sem hefir 50 þús. kr. tekjur hvert ár. Það er fljótt frá sagt, að ef ekki er dregið frá, verður þetta eins á hverju ári. Það eru 50 þús. kr. tekjur. Tekjuskatturinn af því er 8337 kr. Útsvarið, sem ég geri nálega þrefalt, en reikna þó ekki nákvæmlega, heldur svo, að það komi út í heilum hundruðum króna, og hefi ég þá venjulega fellt af útsvarinu, til að fá upphæðina þannig, verður þá 24663 kr., eða samtals 33 þús. kr.; þannig miklu meira en 50%. Þá hefir maðurinn eftir til eigin afnota aðeins 17 þús. kr. Þetta verður svo eins á hverju ári, þá hefir hann samtals greitt 41685 kr. í útsvar og 123315 kr. í tekjuskatt, eða samtals 165 þús. kr. Tekjur hefir hann haft samtals í 5 ár 250 þús. kr. Í afgang hefir hann haft á hverju ári 17 þús. kr., og það verður í 5 ár 85 þús. kr.

Hinsvegar, ef höfð er sú regla að draga tekjuskatt, eignarskatt og útsvar frá, þá verð ég að taka þannig upp dæmið, að það hafi verið næsta ár á undan tekjuskattur og útsvar eins og það er af þessum tekjustofni óskertum, eða 33 þús. kr. Þá hefir hann afgang 17 þús. kr., sem kemur til skatts; tekjuskattur af því er 1372 kr. og útsvar 4128 kr., samtals 5500 kr. Afgangurinn er þá 44500 kr. — Annað árið, þegar tekjurnar eru gerðar alveg eins, kemur til frádráttar aðeins 5500 kr. Þá koma til skatts 44500 kr.; tekjuskattur verður 7072 kr. en útsvar 21128 kr., afgangur það ár 21800 kr. — Þriðja árið kemur til frádráttar 28200 kr. Þá er tekjuskattur 2263 kr., en útsvar 6737 kr., samtals 9 þús. kr. — Fjórða árið verður svo aftur hærri skattur, af því að nú er lægri frádráttur, aðeins 9 þús. kr., en til skatts koma 41 þús. kr. Tekjuskattur verður þá 6267 kr., en útsvar 18733 kr., samtals 25 þús. kr.; afgangur 25 þús., svo að það ár greiðir hann nákvæmlega helming af tekjum í tekjuskatt og útsvar. — Fimmta árið kemur til frádráttar þessi tekjuskattur og útsvar frá fyrra ári, svo að skatturinn verður aðeins lagður á 25 þús. kr. Tekjuskattur og útsvar verður til samans 11500 kr., og verða þá eftir 38500 kr.

Með því þannig að draga tekjuskatt og eignarskatt frá, áður en útsvarið er lagt á, þá leiðir af því, að þessi skattur, í þau missiri, sem maðurinn hefir þó haft jafnar tekjur, verður svona stórkostlega misjafn frá ári til árs, og verður sum árin tiltölulega mjög lítill, en sum árin nokkuð hár. Ef þessi frádráttur er ekki leyfður, verður þetta jafnhátt á hverju ári af jöfnum tekjum.

Þegar ég nú ber saman þessar tvær reglur eftir þessu dæmi, sem ég hefi hér fyrir mér, þá hefir tekjuskattur án frádráttar í 5 ár orðið samtals 41685 kr., en með frádrætti alls 19861 kr. Mismunurinn, sem kemur fram í þessu dæmi, er 21824 kr.; skatturinn, verður sem sé meira en helmingi lægri í þessu dæmi, en vitanlega kemur annað út, þegar aðrar tekjur eru. Útsvörin verða án frádráttar í 5 ár samtals 123315 kr., en með frádrætti 59339 kr.; mismunurinn 63976 kr.; það eru náttúrlega sömu hlutföll eins og með tekjurnar. Og eins fer, þegar þessar upphæðir eru teknar saman, í fyrra tilfellinu verður upphæðin 165 þús. kr., en í síðara tilfellinu 79200 kr.; mismunurinn 85800 kr.

Ég vil nú geta þess, að þegar ég gekk að þessari till. um leyfi til frádráttar, gerði ég það með tilliti til þess, að þetta kæmi raunverulega verr niður á hátekjumönnum, en það var mín skoðun í n., að í raun og veru hækkaði skattstiginn ekki hlutfallslega eða jafnt eftir núgildandi lögum, og ég gekk að þessu með þeirri hugsun, að það yrði nokkur rétting á skattstiganum.

Þegar þetta var rætt í upphafi í mþn., og reyndar alltaf, þá var hv. minni hl. (HG) samþykkur þessari till. En þegar hann var búinn að ákveða sinn háa skattstiga, fann hann, að skattkrófurnar urðu offors og að þá yrði að leyfa þennan frádrátt. En þetta ákvæði átti að vera til þess að jafna eða bæta upp þá tekjurýrnun, sem yrði af því, ef leyfður er hærri persónufrádráttur, og það var álit okkar nm., að það mundi vega ríflega á móti.

En samt er erfitt að leggja fram tölulega útreikninga á því, vegna þess að skattgrundvöllurinn breytist bæði af auknum og misháum persónufrádrætti og er skattur og útsvar dregst ekki frá.

Það er rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að það munar talsverðu, ef leyft er að draga frá helming þess, sem greitt hefir verið í útsvar og tekjuskatt á árinu. Þetta er miðlunartill. Ef hún nær samþykki, þá mætti taka til athugunar að hækka skattstigann, ef þörf þætti. Til þess er nógur tími enn á þessu þingi.

Hitt atriðið, misháan persónufrádrátt, hefir áður verið talað um hér á þingi. Virðist vera ágreiningur um þann hækkaða og mismunandi persónufrádrátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Því verður ekki neitað, að mismunandi dýrt er að lifa í ýmsum hverfum landsins. Hv. þm. Borgf. hefir flutt till. um að hafa þann frádrátt jafnan alstaðar á landinu, af því að ekki sé ástæða til að gera neinn mun vegna mismunandi dýrtíðar, og hann sagði, að þessi flokkun, sem í frv. var gerð, væri ónóg til þess, að úr yrði réttlæti. Ég skal viðurkenna, að flokkunin er e. t. v. ónóg og að þetta er ekki nákvæmlega útreiknað. En með slíkum reikningi yrði mismunurinn svo óendanlega margbreytilegur, að reglurnar yrðu óframkvæmanlegar. Þessi mismunur, sem frv. gerir ráð fyrir, er byggður á þeirri almennu vitund, að mismunandi dýrt er að lifa á ýmsum stöðum í landinu, og þó að ekki náist fullt réttlæti, þá nálgast það þó meir réttlætið en að ganga að till. hv. þm. Borgf.

Ég skal þá víkja að einstökum atriðum í ræðu hv. frsm. minni hl. og í nál. hans. Hann byrjaði á að láta í ljós óánægju yfir því, að frv. var afgr. þegar hann var ekki á fundi. Þetta getur litið svo út, að hann hafi ástæðu til að kvarta. En ég skal geta þess, að ég hafði tvisvar sent honum skrifleg fundarboð um fund á hinum tilsetta fundartíma n. og þar getið þess, að þetta mál yrði tekið til afgreiðslu. Fyrst hann sýnist ekki hafa haft svo mikinn áhuga, að hann hirti um að sækja fund í n., þegar málið var rætt og ráða átti því til lykta, taldi n. þetta hans sök, en ekki sína. Enda var það vitað í n., að hann gæti ekki orðið okkur hinum samála. (HV: Var það vitað áður en málið var rætt?). Það hafði verið rætt á tveimur fundum a. m. k., og ég álít, að málin séu alltaf til athugunar fyrir nm., jafnt á fundum sem utan funda, þangað til þeir hafa myndað sér ákveðna skoðun á þeim. Á fundum er of lítill tími til að athuga og ráða fram úr öllu. (HV: Á ekki n. að lesa frv. sameiginlega?). Það hafði verið gert.

Hv. frsm. talaði um, að frv. gerði aðeins lítilsverðar breyt. á gildandi lögum. Má þó geta þess, að hv. minni hl. mþn. vann að því með okkur hinum og var búinn að fallast á það eins og það liggur fyrir frá meiri hl., nema skattstigann. (HV: Greinir þá ekki á nema um skattstigann?). Ekki verulega, og að því leyti sem það er, þá kom það fram eftir á. Það er alkunna, að jafnaðarmenn álíta, að taka megi miklu meiri hluta af tekjum ríkissjóðs með beinum sköttum en nú er gert. En þegar málið er athugað, verður það ekki svo auðvelt. Undir eins og álögurnar fara fram yfir 50% og ef leyfður er frádráttur sá á tekjuskatti og útsvari, sem hv. minni hl. virðist hallast að og líka hv. flm. hins annars skattafrv., sem hér liggur fyrir, þá fer það að gefa „negativa" útkomu fyrir ríkissjóðinn. Og eins og ég las upp áðan, geta menn séð, að í ýmsum tilfellum yrðu tekjurnar fyrir ríkissjóð ekki nema lítið brot af því, sem þær ættu að vera af jafnháum tekjum, ef frádráttur er leyfður á útsvari og tekjuskatti.

Eins og áður hefir verið sagt, hefir meiri hl. tekið upp nokkrar af till. hv. minni hl. mþn., þær sem fjhn. allri finnst vera til bóta. Aftur eru aðrar, sem meiri hl. fjhn. getur ekki fallizt á eða telur lítils virði. Meðal þeirra er till. um að reikna dráttarvexti. Ef leyft er að draga borgun á gjöldum og dráttarvextir ekki reiknaðir fyrr en nokkur frestur er liðinn, þá verður reyndin sú, að enginn borgar, fyrr en sá frestur er liðinn. Nú verða menn að greiða strax, þegar þeir eru krafðir.

Ekki þykir meiri hl. þörf á lengri fresti hér í Reykjavík en annarsstaðar og ekki rétt að hafa hann lengri en tiltekið er í frv. En ef þingið er á öðru máli, þá mætti með brtt. mismuna í þessu atriði.

Þá er það skattstiginn yfir hlutafélög

og hvort þau eigi að borga sama skatt og einstaklingar. Meiri hl. gat ekki út frá grundvallarhugsun sinni fallizt á það. Fyrst mælir það á móti, að með því að krefjast hærra skatts væri gengið á rétt bæjarfélaga og sveita og þau sneydd tekjustofnum. Svo er það ekki rétt, að í öllum tilfellum falli skattur þyngra á minni félögin en þau stærri. Það verður því aðeins, að hlutaféð gefi mikinn arð, og á því hafa þessi ákvæði verið byggð í upphafi.

Ég held, að ég hafi þá vikið að flestum aths., sem við frv. hafa verið gerðar, og sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Hv. frsm. meiri hl. vildi segja, að engin skýlaus rök væru fyrir því, að draga skyldi útsvar og skatt frá tekjum, af því að önnur fyrirmæli væru í lögum. Eftir þessum hugsunargangi ætti í raun og veru aldrei að mega breyta lögum, og þá þyrfti ekkert löggjafarþing. Þetta eru auðvitað engin rök. Með því að leyfa ekki þennan frádrátt sagði hann, að það fengist hærri skattur. Hann játaði þó, að ekki væri hægt að gefa tölulega útreikninga á því. Það þyrfti að vera hægt að reikna, hve mikið tekjurnar gætu aukizt við þetta. Það er miklu réttara og eðlilegra að fara þá leið, sem hv. þm. Ísaf. vildi, að hækka blátt áfram skattstigann.

Á fundi í fjhn. var sýnt, hvernig það gæti komið fyrir, að gjaldandi greiddi svo mikinn skatt í ríkissjóð, að næmi öllum tekjunum, vegna þess óeðlilega ákvæðis um, að ekki megi draga frá opinber gjöld.

Ég skal víkja að því, sem hv. frsm. sagði, að hann hefði tvisvar boðað mig á nefndarfund án þess að ég kæmi. Þetta er að vísu rétt, en ég hafði forföll í bæði skiptin. En ég held, að honum farist ekki að álasa öðrum fyrir vanrækslu á nefndarstörfum. Hann er form. n. og á að sjá um, að hún ræði málin og rannsaki vandlega. Ég held því fast fram, að frv. þetta, sem varðaði mestu um fjárhag þjóðarinnar, hafi aldrei verið lesið í gegn af n. í heild, og ber það nokkurn vott um, hvernig n. leysir starf sitt af hendi. **(ÓTh:** Ég hefi lesið hverja einustu grein í frv. Það er líka hægt að lesa víðar en á nefndarfundum).

Það er nýstárleg kenning, að skattalögin geti gefið „negatíva" útkomu fyrir ríkissjóðinn, minna en ekki neitt í tekjur. Er það meining hans að láta ríkissjóðinn greiða borgurunum öðru hvoru skatt?!

Ég ætla ekki að fara út í reikningsdæmi hv. frsm. Ég hefi ekki hagskýrslur um þau efni alstaðar af landinu. Geta má þess, að því fer fjarri hér í Reykjavík, að útsvörin séu þrefaldaður tekjuskatturinn, heldur eru þau litlu hærri.

Ekki var það trúlegt, að dráttarvextir mundu auka dráttinn á greiðslu skattsins. Því dýrara sem mönnum væri gert að draga greiðslur, því lengur mundu menn draga það! Þetta er á móti heilbrigðri skynsemi, og getur því ekki einu sinni átt við sveitirnar, sem hv. þm. mun hafa hugsað um. Enda kemur næstum allur tekjuskatturinn úr bæjunum.

Hér í Reykjavík eiga menn sjálfir að skila skatti sínum til tollstjórans, og gera það venjulega ekki fyrr en þeir mega til. Dráttarvextir eru því alls ekki þýðingarlausir. Þetta getur verið talsvert hagsmunamál fyrir stór fyrirtæki. Lausn frá dráttarvöxtum þýðir þá sama sem vaxtalaust lán, sem þau geta haldið áfram að nota í sínum rekstri, meðan ríkissjóður þarf að greiða vexti af lánsfé.

Það sést bezt, þegar skattafrv. eru borin saman, hve hv. þm. Ísaf. hefir hugsað vandlegar frv. sitt en hv. 1. þm. N.-M. þetta frv., sem hann virðist heldur hafa kastað höndunum til eða ekki haft nóg vit á.

Ég hefi áður svarað því, að hækkun skattstigans, eins og frv. hv. þm. Ísaf. leggur til, getur ekki á neinn hátt gengið á sveitarfélög og bæi, því að útsvör má leggja á eftir efnum og ástæðum yfirleitt, og það, sem tekjuskatturinn og beinu skattarnir hækka eftir því frv., lækka aftur tollarnir. Hv. frsm. vildi afsaka það, að ekki væri breytt til með hlutafélög og farið með þau eins og einstaklinga. En ef litið er á þau hlutafélög, sem flest er af hér á landi, með tiltölulega fáum mönnum, en miklu hlutafé, t. d. 8—10 manna með allt að 2 millj. kr. höfuðstól, þá sést, að flestir hluthafarnir geta verið framkvæmdarstjórar og haft há laun, sem eru frádráttarhæf fyrir félagið. Í slíku félagi er vel hægt að fá 200—300 þús. kr. frá-

drátt frá árlegum tekjum, og það kemur árlega fyrir hjá einu stærsta félaginu. Hluthafarnir greiða þá að vísu skatt hver fyrir sig, en mikið lægri en félagið hefði átt að greiða. Aftur ef athuguð eru smáfélög með 30—40 og allt að 60 þús. kr. hlutafé, sem margir menn eiga, er auðsætt, að skatturinn getur komið allþungt niður á þeim. Og í landi eins og Íslandi, þar sem einstaklingar geta ekki valdið nema smæstu fyrirtækjum, er brýn nauðsyn á að styrkja sameignarfélög og smáhlutafélög til þess að koma upp varasjóðum, og því er meiri ástæða til að hlífa þeim á vaxtarskeiði sínu heldur en hinum, sem orðin eru fullþroska. Þetta er því réttara í frv. minni hl. mþn. heldur en í frv. meiri hl., því, sem hér liggur fyrir.

En æskilegt væri að fá að vita hjá hæstv. ráðherrum og hv. Framsóknarflokki í heild, hvort hann er í sambandi við hv. 1. þm. Skagf. um þá stefnu hans í skattamálum að hækka tekjuskattinn, en minnka eignarskattinn. Hvar ætti ágreiningur að koma fram um slík grundvallaratriði, ef ekki á Alþingi, þegar þessi mál eru til umræðu?

Haraldur Guðmundsson: Ég held, að nál. meiri hl. hv. fjhn. sé að ýmsu leyti eitthvert merkilegasta þskj., sem fram hefir komið í þessari hv. d. Undir nál. rita 4 þm., og aðeins einn, form. n., fyrirvaralaust. Þó er hann sjálfur óánægður með eina aðalbrtt. n., frádráttinn á helmingi tekju- og eignarskatts og útsvars frá skattskyldum tekjum. Hv. þm. V.-Húnv. skrifar undir nál. með fyrirvara, hv. þm. Dal. skrifar undir með fyrirvara „einnig um rökstuðninginn", og hv. 2. þm. G.-K. skrifar undir með fyrirvara. Það má því segja, að enginn nm. sé með frv. eða brtt. fjhn. við það í heild sinni. Sumir eru ósammála bæði till. og rökstuðningnum, sumir aðeins tillögunum. Sjálfur er hv. frsm. ósammála einni aðalbrtt. Þskj. eins og þetta sýnist óneitanlega ekki eiga mikið erindi inn í hv. þd. Mig furðar það í svo stóru máli sem þessu, að hv. meiri hl. skuli ekki hafa reynt að vinna svo, að annaðhvort næðist innan hans fullt samkomulag eða þá að alger aðskilnaður yrði. Þetta er ekki einu sinni kattarþvottur, sem frá þeim kemur.

Annars er trauðla hægt að ræða þetta frv. eitt sér. Það, sem mestu máli skiptir, er það, hvort rétt sé að fara inn á þá braut að hækka beina skatta, til þess að geta létt tollabyrðina. Framhjá þessu meginatriði hafa meirihlutamennirnir fjórir reynt að ganga, með því að skrifa undir nál. með fyrirvörum kross og þvers. Samkv. frv. mínu um tekjuskatt og eignarskatt er gert ráð fyrir því, að þessir skattar hækki um h. u. b. 850 þús. kr. á ári, eða 66%. Ef menn athuga skattstigann í frv. mínu, munu þeir sjá, að auðvelt er að gera þetta án þess að íþyngja gjaldendunum. Menn munu að vísu segja, að skattstiginn sé orðinn nokkuð hár, þegar kemur upp yfir 50 þús. kr. tekjur, og einkum þó þegar tekjurnar ná 100 þús. kr. En af þeirri upphæð greiðist í tekjuskatt samkv. frv. mínu 29 þús. kr. og 40% af því, sem umfram er 100 þús. kr. — En í þessu sambandi verða menn að muna, hversu sárfáir það eru hér á landi, sem komast upp yfir 50 þús. kr. árstekjur. 1925 voru það á öllu landinu 14 gjaldendur, og aðeins 2 þeirra komust upp fyrir 100 þús. kr. Þó var árið 1924, sem skatturinn miðaðist við tekjurnar af, eitthvert mesta veltiár, sem sögur fara af hér á landi. 1927 eru það ekki nema 2 gjaldendur, sem komast upp úr 50 þús. kr. tekjum, og hvorugur upp í 100 þús. kr., og var þó árið 1926 meðalár. Skatturinn af 50 þús. kr. tekjum er samkv. frv. mínu 10800 kr. Held ég, að ekki verði með nokkurri sanngirni sagt, að skattur eins og þessi geti orðið til þess að lama athafnalífið í landinu. Skatturinn leggst líka aðeins á þær tekjur, sem eftir eru þegar greitt hefir verið útsvar og skattar allir.

Meiri hl. hv. fjhn. er, eins og meiri hl. skattamálanefndar, sammála mér um það, að þörf sé að hækka nokkuð persónufrádráttinn. Ef till. hv. meiri hl. verða samþ., má gera ráð fyrir, að tekjuskattgjaldendum fækki um ca. 6000, en samkv. mínum till. mundi þeim fækka um nálægt 9 þús. manns. Náttúrlega lækkar upphæð skattsins ekki í neinu hlutfalli við þetta, því aðeins lægstu skatttekjur falla undan, og á þeim er skatturinn auðvitað lægstur. Sennilega mundi lækkunin eftir till. hv. meiri hl.

verða milli 100 og 200 þús. kr. Það vill hv. meiri hl. vinna upp með því að afnema frádrátt útsvara og skatts frá hinum skattskyldu tekjum. Í frv. mínu er gert ráð fyrir því, að ákvæðin um, að útsvör og tekju- og eignarskattur komi til frádráttar, haldist. Vil ég í þessu sambandi minna á það, sem segir í grg. við 11. gr. frv. míns, ef hæstv. forseti vill leyfa mér að lesa það upp:

„.... Sé skattstiginn ekkert hækkaður, verður aftur á móti óumflýjanlegt að fella ákvæðið um frádrátt þessara skatta niður. Með því fæst nokkur hækkun á skatti af hátekjum".

Ég get því greitt þessu atkv., eins og sakir standa, meðan skattstiginn er ekki lagfærður. En ég er sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að þessir liðir, einkum þó útsvarið, eru hreinir kostnaðarliðir. Það er stundum lagt á sem viðskiptagjald, jafnvel þótt tap verði á árinu. Því er ekki eðlilegt, að það sé jafnframt skattlagt, og væri það miklu heilbrigðara að hækka skattstigann eins og gert er ráð fyrir í frv. mínu. Nú verður ekki séð fram á, að því fáist framgengt, og aðeins fyrir þær sakir fellst ég á þetta ákvæði frv.

Eitt atriði í nál. hv. meiri hl. fjhn. kemur mér sérstaklega undarlega fyrir sjónir. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hl. nefndarinnar telur ekki fært með skatthækkun á þessum tekjustofni ríkissjóðs að ganga svo á tekjustofn sveitar- og bæjarsjóða sem frv. minni hl. gerir, og hefir því hallazt að frv. meiri hl. Með frv. minni hl. væri að vísu séð betur fyrir tekjuþörfum ríkissjóðs, en sveitar- og bæjarsjóðir stæðu þá tekjusneyddir eftir með jafnstóran hluta af útgjöldum til opinberra þarfa og áður".

Ég veit nú ekki, hvað það er, sem hv. meiri hl. kallar „tekjustofn sveitar- og bæjarfélaga". Ég hefði haldið, að það væri gjaldgeta fólksins, sem á þessum stöðum býr, og hún breytist vissulega ekki til hins verra, þótt beinir skattar séu hækkaðir, en dregið úr tollunum. (**HStef:** Tekjustofnar sveita og bæja eru fluttir yfir á ríkissjóð eftir frv. hv. ræðumanns). Þetta er ekki rétt. Ég ætlast til þess, að sama upphæðin fari í ríkissjóð eftir sem áður. Tollarnir lækka um það, sem beinir skattar hækka samkv. frv. mínu. Gjaldgetan breytist því í engu né gjaldabyrðin. Og nú verða menn að greiða nálægt 25—30% meira fyrir þá sök, að tekjur ríkissjóðs eru teknar sem tollar, sem verzlanir byggja álagninguna á. Það er aðeins fyrirkomulagsatriði, hvernig gjöldin ber að innheimta. — Samkv. yfirliti yfir skattafrv. mín og till. á tollabyrðin að léttast um 16—18 hundruð þús. kr., og raunar 2 millj. kr., ef farið er eftir síðasta landsreikningi. Af þessu greiða landsmenn ennfremur a. m. k. 300—400 þús. kr. í álagningu til einstakra kaupmanna, fyrir að innheimta tollinn. Því er það kórvilla að halda, að gjaldgeta manna mundi minnka við það, að þeir væru látnir gjalda meira í beinum sköttum en minna í óbeinum.

Ég skal ekki ræða mikið um skattstigann. Hv. meiri hl. vill ekki láta sama stiga gilda fyrir einstaklinga og félög. Einhver misskilningur held ég, að verið hafi á ferðinni hjá hv. frsm. meiri hl., þegar hann talaði um, að hann vildi ekki láta lítil hlutafélög verða lakar úti en hin stærri. Til að sannfærast um þetta þarf ekki annað en að líta á skattstigann eins og hann er í frv. hv. meiri hl. Af honum leiðir það, að félag, sem hefir lítið hlutafé, getur þurft að greiða margfaldan skatt af sömu tekjum á við annað, sem hefir mikið hlutafé.

Mig furðar á því, að hv. meiri hl. hefir ekki getað fallizt á að hækka skattstigann af eignum neitt. Því að hvað sem menn segja um tekjuskattinn, hélt ég þó ekki, að neinn ágreiningur væri um það, að eignarskattur væri hér allt of lágur, jafnvel á móts við tekjuskatt. T. d. eru nú skattlagðar tekjur, sem komast rétt upp fyrir 500 kr. á ári, þótt engin leið sé að lifa af þeim, en 5000 kr. eign er skattfrjáls hjá öllum, hve ríkir sem þeir eru.

Þá hefir hv. meiri hl. ekki viljað taka hér í Reykjavík upp lengri fresti en í öðrum héruðum til að ganga frá skattskrám og koma með kærur. Er þó vitanlegt, að þetta er í Reykjavík ómögulegt með öllu á þeim stutta fresti, sem settur er, sakir þess, hve hér eru margir gjaldendur. Það væri þó engum til meins, þótt þessu væri breytt. En sé skattskráin síð-

ar lögð fram hér en annarsstaðar, má til að láta kærufrest verða síðar útrunninn hér. Þetta hafa menn séð áður, eins og marka má af ákvæðum í tilsk. um þetta. Var hún sett vegna þess, að þörf var á henni, og ekkert hefir komið fram, sem dragi úr þeirri þörf.

Það er nauðsynlegt að gera allt, sem hægt er, bæði til þess, að þessi gjöld innheimtist vel, og eins til hins, að gera mönnum sem auðveldast að greiða þau. Með því að hafa dráttarvexti skapast nokkurt aðhald í þessu efni, og engin vanþörf á því, því að það veit hver maður, að *jafnan er töluvert óinnheimt af tekju-* og eignarskatti um áramót. Mér virtist hv. frsm. draga þá ályktun, að ef dráttarvextir væru, mundi enginn greiða neitt fyrr en að því væri komið, að þeir færu að falla á. Ég er nú hræddur um, að þeir, sem svona hugsa, hafi ekki alltaf verið að flýta sér með greiðsluna, þótt engir dráttarvextir væru. Með samþykkt þeirra getur engu verið spillt. Munurinn er aðeins sá, að ríkissjóður fær vexti hjá þeim, sem draga það fram yfir gjalddaga að greiða skatt sinn. (**HStef:** Og líka hjá þeim, sem aldrei borga?). Hvað fær ríkissjóður nú hjá þeim sem ekki borga? Vegna þess, að fram til þessa hafa engir dráttarvextir verið, hefir innheimtan oft dregizt, og gjaldgeta manna stundum verið þrotin, þegar loks hefir átt að ganga að þeim með innheimtuna. Hér hefir áður verið bent á tvo stóra gjaldendur, sem svona fór um.

Þá er eftir till. hv. meiri hl. engin breyt. gerð á skyldunni til að skila framtali. Nú er það svo, að þeim einum er skylt að skila framtali, sem einhverjar skattskyldar eignir eða tekjur hafa. Ég hefi lagt til, að þessu væri breytt svo, að allir, sem hafa annaðhvort eignir eða tekjur, *eigi að skila framtali. Ef menn eiga að* ráða því sjálfir, eins og nú er, hlýtur allt eftirlit hjá skattanefndum að fara út um þúfur. Hvernig eiga skattanefndir að vita, hvort maður hefir skattskyldar tekjur eða á að greiða eignarskatt, ef hann telur ekki fram?

Satt að segja virðist mér, að í frv. hv. meiri hl. séu aðeins tvö atriði, sem nokkru verulegu máli skipta til bóta. Annað er það, að með fjárlagaákvæði megi hækka eða lækka skattstigann um 25%. Hitt er skipun ríkisyfirskattanefndar. Að þessu frátöldu er frv. einskis virði, og meira að segja til hins verra, ef samþ. verður brtt. hv. meiri hl. um frádrátt á útsvari og tekju- og eignarskatti að helmingi, hvað þá heldur ef brtt. hv. þm. Dal. um fullan frádrátt á þessu verður samþ. Þetta yrði til að lækka þennan tekjustofn til muna, og það teldi ég illa farið.

Þá vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, mega segja nokkur orð um 57. gr. í frv. minu. Hún fjallar um tekju- og eignarskatt sem tekjustofn sveitar- og bæjarfélaga. Útsvarsálagningu er víða hagað svo, að mest af útsvörunum er lagt á lágtekjumenn og sem einskonar viðskipta- eða umsetningargjöld, en stóreigna- og hátekjumenn hafa ekki greitt í réttu hlutfalli við efni sín. *Því hefi ég lagt til*, að sveitar- og bæjarstjórnum sé heimilað, — meðan Alþingi hefir ekki sett lög um almannatryggingar eða á annan hátt létt að verulegum mun af héruðunum kostnaði við fátækraframfærslu, — að hækka skattgjald samkv. 6. og 15. gr. frv. um 50% í umdæmum sínum. Þannig fá bæjar- og sveitarsjóðir ⅓ þessa skatts, en skattstiginn hækkar að sama skapi. Þetta mundi verða til þess að skapa betra aðhald um framtölin, þar sem sveitarstjórnir og bæja ættu eigin hagsmuna að gæta um það, að þau væru í lagi. Mætti þá lækka útsvörin um þessa upphæð. En þetta er þó ekki aðalatriðið, heldur stendur þetta ákvæði fyrst og fremst í sambandi við fátækraframfærsluna í landinu. Útsvör munu nú vera alls 4 millj. kr. til 4½ millj., en fátækraframfærið um 17—18 hundruð þús. kr. Því er þetta ákvæði sett inn í 57. gr. frv. sem bráðabirgðaskipun, unz fátækramálum verður komið í betra horf, t. d. að allt landið yrði gert að einu framfærsluhéraði, eða það, sem ég tel vænlegast, að á fót sé komið alþýðutryggingum, er nái til alls almennings um land allt. Yrði þá tekju- og eignarskattsálagið til sem tekjustofn handa alþýðutryggingunni, þegar hún kæmist á fót, auk annara tekna frá því opinbera og einstaklingum, sem henni þá yrði séð fyrir. Ef létt væri af

sveitunum fátækraframfærinu á þann hátt, þá væri auðvelt að sjá þeim fyrir tekjum til annara þarfa.

Um brtt. er það að segja, að þær, sem eru teknar úr frv. mínu, get ég vitanlega fallizt á. Till. um skattskyldu samvinnufélaga líka. En á till. hv. þm. Dal. né frv. í heild sinni get ég ekki fallizt.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Þótt hægt sé að halda uppi umr. um svona stórt mál, þá hafa þær þó ennþá ekki farið dreift, að undanteknum síðasta ræðumanni. Það, sem farið hefir milli n.hlutanna, sé ég enga ástæðu til að ræða nánar. Ég vil leggja það mál undir hv. deild.

Hv. þm. Ísaf. byrjaði á því að telja nál. meiri hl. eitt af þeim einkennilegustu nál., sem hann hefði séð, vegna þess, að nm. hafa flestir skrifað undir það með fyrirvara. Þetta er þó ekki neitt undarlegt, þar sem um svona stórt mál er að ræða og jafnviðkvæmt og skattamál eru. Er þá eðlilegt, að hver og einn verði að brjóta af sinni skoðun til samkomulags við aðra. Fyrirvarinn þýðir það, þótt nm. hafi ekki fundið ástæðu til að gera grein fyrir þeim fyrirvara, að einum undanteknum.

Hv. þm. taldi frv. verra en ekkert, þó fram gengi. Ég vil í sambandi við það geta þess, að hann hefir sjálfur unnið að texta frv. ágreiningslaust með n. Og brtt. sína bar hann ekki fram fyrr en n. öll hafði lokið athugun á frv. og samþ. öll sameiginlegan teksta þess, að skattstiganum undanteknum. Það mátti skilja, að skattstiginn er sá punktur, sem megináherzlan er lögð á. En afstaða meiri hl. byggist á því, sem þegar er lýst, ekki af því, að ekki sé hægt að hugsa sér skattstigann hærri, ef tekju- og eignarskattur væri einu álögurnar, sem hvíldu á þessum skattstofni. En það er nú fjarri því, að svo sé, því á þennan sama skattstofn er lögð þrefalt hærri upphæð í útsvörum. Það væri gaman að sjá skattstiga, sem hægt væri að heimta eftir jafnháa upphæð og tekju- og eignarskattur og útsvör nema til samans.

Um einstök atriði, sem áður hefir verið talað um, og till. hins frv., svo sem um dráttarvexti, hefi ég rætt áður. En ég vil þó geta þess, að ef taka ætti upp þá reglu að reikna dráttarvexti af tekju- og eignarskatti, þá gæti vel svo farið, að það leiddi til þess, að skatturinn greiddist verr og seinna en ella. Gjaldandi getur sagt sem svo, að ekkert geri til, þó greiðsla dragist, því hann borgi dráttarvexti. Svo þegar á að fara að ganga að þessu seint og síðar meir, þá getur hagur hans hafa versnað svo í millitíðinni, að skatturinn tapist að meira eða minna leyti. Í sveitum er það svo, að slík gjöld eru borguð undantekningarlítið, þegar þeirra er krafizt. Vera má, að önnur regla sé höfð á þessu í kaupstöðunum. En ég veit þá ekki, á hverju sú regla byggist, nema þá óleyfilegri hlífð við gjaldendur. Að ég hafi sagt, að greitt væri fyrir gjalddaga, er vitleysa. En ég hefi sagt, að þar, sem ég þekki til, væri þetta greitt á gjalddaga. (HV: Í Reykjavík er ekki hægt að innheimta skattinn á einum degi!). Gerir ekkert til. Hér mætti taka til þess viku, eða jafnvel mánuð, eftir því sem þurfa þætti.

Það er rétt hjá hv. þm., að það er hægt að hugsa sér það, að taka meiri hl. af tekjunum eftir hinum þrem frv. hans, sem eru eiginlega tengd saman. En till. hans um tekjur af fasteignaskatti eru í raun og veru seinvirkt eignarnám. Og þegar búið væri að gera slíkt um tíma, þá rýrnaði tekjustofninn og skatturinn lækkaði.

Að því leyti, sem hv. þm. var að lýsa hugsjónum sínum um ýms mál, t. d. tryggingar í stað fátækraframfæris, kom það ekki þessu máli við, og ræði ég það ekki við hann nú. Það er fullkominn vilji Alþ. að athuga það mál, en það liggur sérstaklega fyrir, þar sem er þáltill. frá hv. þm. Það bíður því síns tíma að gera réttmætar breyt. á því.

Haraldur Guðmundsson: Út af því, sem hv. frsm. sagði síðast, vil ég benda á, að í frv. mínu er sveitar- og bæjarsjóðum séð fyrir tekjum til að standast þennan kostnað, að fyrirkomulagi óbreyttu. Hv. þm. sagði, að gaman væri að sjá þann skattstiga, sem rúmar tekju- og eignarskatt og útsvör að auki. Það er vitanlega hægt að búa hann til, þótt hann sé ekki í mínu frv., því till. mínar ganga

ekki svo langt. Af því ég fellst á það með meiri hl., að tekjuskatturinn sé svo breytilegur frá ári til árs, að hann ekki dugi einn, hefi ég bent á eignarskatt og fasteignaskatt. En til að sýna hv. þm., að það er hægt að búa til þann skattstiga, sem fyrr getur um, þá get ég vísað til skýrslu, sem er aftan við frv. mitt. Þar sést, að árið 1925 hafa skattskyldar tekjur numið 41700 þús. kr. Ef frv. mitt þá hefði verið orðið að lögum, hefði skatturinn orðið um 3,6 millj. kr. Útsvör voru þá um 4 millj. kr. Yrði því þetta samanlagt 7,6 millj. kr. Meðaltal skattstigans yrði þá líðlega 18% af skattskyldum tekjum, því að það játar hv. þm. án efa, að 18% af 41,7 millj., sé næsta nálægt 7,6 millj. kr. Ég veit, að þetta yrði misjafnt í hinum ýmsu héruðum, en enginn erfiðleiki ætti þó að vera að koma því á. Þessar upphæðir eru nú greiddar af landsmönnum. Spurningin er bara sú, hvort heldur beri að taka þessa skatta af tekjum, sem eru umfram þarfir, eða taka þá sömu upphæð með tollum, þ. e. með því að skattleggja lágtekjurnar, þurftartekjurnar. Það orkar vitanlega ekki tvímælis, hvort réttara er, því að með tollagreiðslunni borga landsmenn a. m. k. ¼ meira en tollinum nemur. 1925 var alveg óvenjulega tekjuhátt fyrir ríkissjóðinn, af því að skatturinn var reiknaður af tekjum ársins 1924. 1927 námu skattskyldar tekjur 30 millj. kr. og tekjuskatturinn var þá 652 þús. kr. Með sömu hækkun yrði hann 1082 þús. Segjum, að útsvörin hafi verið 4 millj. kr., þá hefðu útsvör og skatturinn það ár numið 14% af skattskyldum tekjum. Ég hefi bent á þetta af því, að það virtist vera alvara hv. þm. að halda, að ekki sé hægt að búa til skattstiga, er tryggi ríkissjóði sama tekjuskatt og útsvör og tekjuskattur nú nema. Ég vil benda hv. þm. á það, að víða er lægsti tekjuskattur 10%. Árið 1925 hefði tekjuskattur, sem nam 10%, til uppjafnaðar gefið 4,2 millj. kr., en 1927 3 millj. En þar sem tekjuskattur byrjar svona hátt, er persónufrádráttur líka hár og nauðsynjavörutollar nær engir. Ef breytt væri til um persónufrádrátt eins og lagt er til í frv. mínu, þá myndu skattskyldar tekjur lækka um 8 millj. kr., svo skatturinn og útsvör samkv. framanskráðum dæmum hefði orðið nokkru hærri; 1925 hefði meðalskattprósentan sennilega orðið um 20%.

Hv. þm. vildi bera í bætifláka fyrir meðnefndarmenn sína og afsaka afstöðu þeirra til frv. og nál. En það er ekki hægt. Það er meira en hlálegt að leggja fram till. og nál. sameiginlega frá 4 mönnum og undirritað af þeim, þegar 3 þeirra skrifa undir það með fyrirvara og hinn 4. lætur þess getið í framsögu, að hann sé ósammála aðaltill. Slíkt er sem betur fer óvenjulegt að sjá hér á þingi.

Pétur Ottesen: Einn hv. þdm. gerði fyrirspurn út af brtt. okkar hv. 2. þm. Skagf. Var hann að tala um, að hún stafaði af því, að við værum svo hræddir við að fara inn á nýjar brautir. Þetta er ekki rétt. En mismunandi frádrátt teljum við varhugaverðan. Og svo yrði þetta handahóf, svo að þannig gæti farið, að meiri frádráttur yrði í kaupstöðum, sem þó væri ódýrara að lifa í en kauptúnum, þar sem frádráttur væri minni. Þetta er nóg til að sýna, hversu þessi breyt. er óundirbyggð. Er því réttast að láta sömu reglur gilda og að undanförnu.

Hér er ekkert það til í löggjöfinni, sem bindur fólk við vissa staði. Og mér virðist fólk sækja nógu ört til kaupstaðanna, þó ekki sé undir það hlaðið eða ýtt með skattalöggjöfinni, eins og verið er að gera með þessu ákvæði frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 263,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—9. gr. samþ. með 16:2 atkv.

Brtt. 263,2.a.—b. samþ. með 17 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 263,3.a. samþ. með 15 shlj. atkv.

— 264 felld með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JÓl, LH, SE.

nei: IngB, JS, MG, ÓTh,[1] PO, SÁÓ, Sv-

1) Með svofelldri grg.: Ég er í sjálfu sér með þessari till. að efni til, en það varð samkomulag, eins og hv. frsm. meiri hl. n. sagði, um aðra till., liðinn 3. b. á þskj. 263, og ég vil halda það samkomulag og segi nei.

Ó, TrÞ, ÁÁ, GunnS, HStef, HJ, HG,[2]) HV,[3]) JörB.

Átta þm. (MJ, MT, ÞorlJ, BSv, BSt, BÁ, EJ, HK) fjarstaddir.

Brtt. 263,3.b. samþ. með 14:5 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 299, a.—c. samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, LH, MG, PO, SE, SvÓ, TrÞ, GunnS, HJ, IngB, JJós, JörB.

nei: ÓTh, SÁÓ, ÁÁ, HStef, HG, HV, JAJ, JÓl.

Átta þm. (MJ, MT, ÞorlJ, BSv, BSt, BÁ, EJ, HK) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 14:5 atkv.

15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

16.—24. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

25.—33. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

34.—36. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 263,4. samþ. með 17 shlj. atkv.

37. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

38.—48. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

49.—57. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

58.-59. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, JörB.

nei: HG, HV, SÁÓ.

Átta þm. (BÁ, EJ, HK, MJ, MT, ÞorlJ, BSt, BSv) fjarstaddir.

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 398).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 398).

Á 70. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

---

24. Verðtollur (frv. HStef og MG).

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt: **Frv. til l. um verðtoll** (þmfrv., A. 66).

Á 30. fundi í Nd., 18. febr. var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Það er hið sama að segja um undirbúning og flutning þessa frv. sem um undirbúning og flutning frv. um tekju- og eignarskatt, sem nýbúið er að afgreiða til 2. umr.: aðeins afgreiddi mþn. þetta frv. hálfum mánuði síðar til stj.

Um afstöðu nefndarhlutanna til þessa frv. er einnig hið sama að segja sem um afstöðu þeirra til hins frv. Nefndarhlutana greinir á um það, með hvaða móti réttast sé að sjá ríkissjóði fyrir nægilegum tekjum. Eins og ég áður sagði, í framsöguræðu minni fyrir frv. um tekju- og eignarskatt, og minni hl. n. einnig vék að, geri ég ráð fyrir, að þessi ágreiningsatriði komi til umr. við síðari meðferð þessa máls, og skal ég því ekki koma inn á þau nú, heldur láta mér nægja að gera grein fyrir þeim höfuðbreyt., sem þetta frv. gerir frá núgildandi löggjöf um verðtoll og vörutoll. Að öðru leyti vísa ég til grg. frv., sem er allítarleg.

Höfuðbreytingin, sem í raun réttri er þó aðeins formbreyt., er sú, að vörutollurinn og verðtollurinn verði samein-

2) Með svofelldri grg.: Þar sem skattstiginn hefir ekki verið hækkaður neitt, þá segi ég nei.
3) Með svofelldri grg.: Ég segi nei af sömu ástæðum og hv. þm. Ísaf.

aðir í eitt — í verðtoll eingöngu. Um tekjumissi yrði ekki að ræða fyrir ríkissjóð, þó að þetta væri gert, því að verðtollurinn mundi gefa nálega jafnmiklar tekjur einn sem tollarnir gefa nú báðir.

Ég skal ekki fara neitt verulega út í ástæðurnar til þessarar breyt., en vil aðeins benda á það, að með þessu móti yrði það skýrara, hversu hár tollur er á hverri vörutegund fyrir sig, tollaálagningin yrði einfaldari og réttlátari, og tollinnheimtan miklum mun fyrirhafnarminni, þar sem yrði um einn toll að ræða í stað tveggja áður.

Til viðbótar því, sem ég nú hefi sagt, vil ég gera stutta grein fyrir þeim grundvelli, sem byggt hefir verið á um flokkun hinna ýmsu vara í 8. og 9. gr. frv.

Það er gert ráð fyrir, að lagður verði 1½% tollur á allar innfluttar vörur, líka þær, sem sértollaðar eru. Þessi tollur er með öllu sambærilegur útflutningsgjaldinu, sem lagt er á allar útfluttar vörur, hverju nafni sem nefnast, og a. m. k. jafnréttmætt og það. Til grundvallar þessari ákvörðun liggur einnig annað atriði, sem er það, að með þessu fyrirkomulagi væri nokkur trygging fengin fyrir því, að ekki verði hægt að draga vörur undan tolli, þar sem skylt yrði að koma með alla vörureikninga til athugunar á tollheimtustöðvarnar.

Auk þessa tolls er gert ráð fyrir öðrum sérstökum verðtolli, sem greiðist með mismunandi hundraðshluta af verði varanna, eftir þeirri flokkun, sem gerð er í 9. gr. frv. Undanþegnar þessum tolli eru allar brýnustu vörur, sem notaðar eru til framleiðslu, bygginga og neyzlu. Eru þær vörur taldar upp í 8. gr. frv.

Skal ég svo víkja að þeirri vöruflokkun, sem gerð er í frv., að öðru leyti.

Í hæsttollaða flokknum eru allar óhófs- og óþarfavörur. Er gert ráð fyrir, að tollurinn af þeim verði 30% af innkaupsverðinu. Þó skal ég geta þess, að meiri hl. n. gat í sjálfu sér hugsað sér að hafa þennan toll hærri, en að svo var ekki gert, kemur af því, að hætt er við, að reynt verði að draga vörurnar úr sínum rétta flokki yfir í lágtollaflokkana, ef gjaldið er sett mjög hátt. Má í því sambandi benda á það, hversu einkennilega lítið kemur fram af ýmsum hinum hátolluðu verðtollsvörum í innflutningsskýrslunum.

Í 20% flokknum eru þær vörur, sem ekki verða taldar jafnóþarfar, en eru þó miður þarfar, ennfremur vörur, sem framleiða mætti eða framleiddar eru í landinu sjálfu, og því ætti ekki að þurfa að flytja inn. Sem dæmi má nefna kjötvörur ýmsar, egg, grænmeti o. s. frv.

Í 10% flokknum eru ýmsar þarfavörur, sem réttmætt væri í sjálfu sér að væru lægra eða ekki tollaðar, en sem þó verður að tolla til þess að sjá ríkissjóði fyrir ákveðnu tekjumagni. Undir þennan flokk heyra m. a. vefnaðarvörur, sem ekki eru í öðrum tollflokki, og ýmsar vörur, sem framleiða má í landinu sjálfu.

Í síðasta flokknum, sem gerir ráð fyrir 5% tollálagi, eru allar þær vörur, sem annaðhvort ekki eru undanþegnar viðbótartolli, eða eru í hærri tollflokkunum. Þessi flokkur nálgast um nauðsyn og nytsemi þær vörur, sem aðflutningsgjaldið eitt greiðist af.

Ég vil að lokum taka það fram, að ýmsar þær till., sem hér eru gerðar, eru ekki bornar fram af því, að gott þyki að hafa þessa tolla, heldur veldur því eingöngu tekjuþörf ríkissjóðs. Enda eru flestar þessar vörur sízt lægra tollaðar nú. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., en vil endurtaka það, að alla frekari grein fyrir því er að finna í grg.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil aðeins skjóta því til þeirrar n., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, að ég mun bera fram brtt. við það. Vænti ég þess, að n. afgreiði málið ekki til 2. umr. fyrr en hún hefir fengið brtt. mínar, sem verður eftir nokkra daga.

En ég tel rétt að benda á það strax í sambandi við þetta frv., að samkv. því hækkar verðtollurinn um 200—300 þús. kr. frá því, sem nú er áætlað í fjárl., og áreiðanlega miklu meira í reyndinni, því að áætlunin er mjög varleg. Um þetta atriði er einmitt meginágreiningurinn milli mín og meiri hl. mþn. Ég lít svo á, að sjálfsagt sé að lækka tollana á öllum framleiðsluvörum og nauðsynjavörum, en hækka að því skapi tekju- og eignarskattinn, fasteignaskattinn og aðra slíka skatta. Þessi ágreiningur veldur því, að

ég gat ekki orðið samferða samnm. mínum við samning þessa frv.

Ég vil endurtaka það, að ég vænti þess, að hv. n. skili ekki áliti sínu um þetta mál fyrr en hún hefir fengið brtt. mínar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vil þakka hv. flm. þessa frv. fyrir að hafa orðið við þeim tilmælum mínum að flytja það.

Ég tel það óheppilegt, að þetta mál skyldi ekki hafa komið fram fyrr, vegna þess hve nauðsynlegt er, að það verði afgr. á þessu þingi. Tolltekjur ríkissjóðs svífa að sumu leyti í lausu lofti, svo að segja má, að það sé undir hælinn lagt, hvort ekki verði kippt undan þeim fótunum þá og þegar. Það ástand, sem við búum nú við í þessu efni, að það skuli þurfa að fá á hverju þingi framlengingu á einum eða öðrum tekjustofna ríkissjóðs, er með öllu óþolandi.

Ég vil geta þess, að ég er samþykkur stefnu þessa frv. í öllum aðalatriðum. Geri ég ráð fyrir, að ágreiningur nefndarhlutanna sé aðallega um flokkun hinna ýmsu vörutegunda, enda skilst mér, að hv. þm. Ísaf. beri aðeins fram brtt. við frv.

Ég vildi óska, að hv. fjhn. sæi sér fært að taka þetta mál sem fyrst til athugunar og hraðaði afgr. þess, svo sem unnt er. Þetta frv. er meira aðkallandi en frv. um tekju- og eignarskatt, og vildi ég því fara fram á það við hv. n., að hún afgreiddi það fyrst. En auðvitað væri bezt, ef svo gæti orðið, að bæði þessi frv. yrðu afgr. á þessu þingi.

Flm. (Halldór Stefánsson): Ég tel sjálfsagt, að fjhn. verði við þeirri ósk hv. þm. Ísaf., að afgreiða ekki þetta mál fyrr en n. hafa borizt brtt. hans, svo fremi sem ekki þarf lengur að bíða eftir þeim en hann sjálfur sagði. Hæstv. fjmrh. óskar eftir því, að n. hraði afgreiðslu málsins eftir föngum, og vænti ég þess því, að hv. þm. reyni að sjá um, að brtt. hans komi sem allra fyrst.

Það er að vísu rétt hjá hv. þm. Ísaf., að tekjurnar verði meiri eftir þessu frv. en áætlað er í fjárl. yfirstandandi árs, en sé tekið meðaltal undanfarinna ára á vörutollinum og verðtollinum eins og þeir hafa reynzt raunverulega, þá eru áætlaðar tekjur eftir frv. sízt hærri.

Haraldur Guðmundsson: Ég vona, að ekki verði lengi dráttur á frv. mínu og brtt. en ég áðan sagði. Í grg., sem fylgir frv. mínu um tekjuskatt og eignarskatt, eru teknar upp ýmsar skýrslur, sem seinlegt er að prenta, en prentsmiðjan hefir þó lofað, að því skuli lokið fyrir helgi. Ætti þetta því ekki að geta valdið neinum drætti á málinu, úr því sem komið er.

Hv. fyrri flm. viðurkenndi að vísu, að tollarnir yrðu hærri eftir frv. en nú er áætlað í fjárlögum, en sagði hinsvegar, að hækkunin væri sama sem engin, ef miðað væri við tekjumeðaltal undangenginna ára. En það er alls ekki hægt að miða við slíkt meðaltal, vegna þess, að þingið hefir stöðugt verið að breyta tollalöggjöfinni. Þótt innflutningurinn sé talsvert breytilegur frá ári til árs, er hann þó það eina, sem hægt er að miða við, eða meðaltal hans um fleiri ár.

ATKVGR

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. og 70. fundi í Nd., 1. og 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 66, 139, n. 277, 371).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Útvegsbanki.

Á 18. fundi í Nd., 8. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Útvegsbanka (þmfrv., A. 79).

Á 20. og 42. fundi í Nd., 10. febr. og 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

26. Hafnargerð í Dalvík.

Á 23. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð í Dalvík (þmfrv., A. 102).

Á 28. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Þó að mér sé auðvitað mjög annt um, að þetta mál fái góðar undirtektir hér á Alþ., sé ég ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum að svo stöddu. Er það meðfram af þeirri ástæðu, að á þinginu 1929 voru samþ. lög, sem voru höfð til fyrirmyndar við samningu þessa frv. Hv. þm. eru því þegar vel kunn öll meginatriði frv. og hafa áður fjallað um þau, því síðasta þing fjallaði töluvert um hafnarmál, og ýms ákvæði eru sameiginleg þeim öllum.

Eins og hv. þm. hafa séð, fer þetta frv. fram á, að ríkið veiti samskonar stuðning til hafnarmannvirkja á Dalvík eins og Alþ. samþ. í fyrra að veita til hafnarmannvirkja á Skagaströnd. Hámark styrksins, sem farið er fram á að ríkið veiti á sínum tíma, er 150 þús. kr.

Á Dalvík hefir verið rekinn mótorbátaútvegur nú um æðimörg undanfarandi ár, og fer hann stöðugt vaxandi. Eftir áliti Dalvíkinga og annara kunnugra manna er Dalvík álitlegasta höfnin við Eyjafjörð fyrir þann útveg, og jafnvel þó víðar væri leitað, einkum ef höfnin yrði bætt. En meðan ekkert er gert þar að hafnarbótum, á þessi útvegur við mjög mikla örðugleika að stríða. Þarna er brimasamt, og reynslan er sú, að bátabryggjurnar brotna og eyðileggjast, þegar stórbrim kemur. Kunnugir menn skýra svo frá, að reynslan á síðastl. 20 árum hafi verið sú, að endurnýja hafi þurft bryggjurnar til jafnaðar á 4—5 ára fresti. Þetta er nú reynsla síðustu 20 ára, en enginn getur sagt um nema reynsla næstu 20 ára verði enn lakari. Hlutaðeigendur telja, að kostnaðurinn við að byggja hverja bryggju sé 5—8 þús. kr. Geta menn af þessu séð, hve feikna þungur skattur þetta er á útgerðinni. Auk þess er útgerðinni það auðvitað stór bagi á mörgum öðrum sviðum, hvað höfninni er áfátt.

Hinsvegar hafa rannsóknir sýnt, að á Dalvík eru staðhættir þannig, að auðvelt er að gera örugga höfn. Og það er enginn vafi á því, að ef það væri gert, mundi skipta mjög um til hins betra með aðstöðu til útgerðar þar. Útgerðin mundi efalaust margfaldast á skömmum tíma; byggi ég þetta bæði á eigin kunnugleika og ummælum annara kunnugra manna.

En það er ekki eingöngu vegna útgerðarinnar, að örugg höfn er nauðsynleg á Dalvík. Þessar kröfur eru einnig gerðar með tilliti til verzlunaraðstöðu þar. Eins og flestum þdm. mun vera kunnugt, þá liggur að Dalvík fögur og búsældarleg sveit, Svarfaðardalur. Það er ekki mjög stór sveit, en það er enginn efi á því, að hún hefir mjög mikla framtíðarmöguleika sem landbúnaðarsveit. En samgönguleysið stendur henni nú mjög fyrir þrifum. Það má heita svo, að Svarfdælingar hafi enn ekki aðrar samgöngur við umheiminn en að fara á sínum eigin mótorbátum inn á Akureyri. Að vísu kemur póstbáturinn, sem gengur um Eyjafjörð, þar við, en stærri skip örsjaldan. Það má því fullyrða, að það er ekki einungis útgerðin, sem hér er um að ræða, heldur líka framtíð sveitarinnar sem landbúnaðarhéraðs. Hina miklu möguleika hennar til aukinnar landbúnaðarframleiðslu er ekki hægt að nota nema að litlu leyti, fyrr en samgöngurnar verða bættar. Það er t. d. enginn efi á því, að Svarfaðardalur er mjög vel fallinn til nautgriparæktar og starfrækslu mjólkursamlags; en skilyrði til þess er, að á Dalvík komi góð höfn.

Í frv. er farið fram á, að ríkissjóður leggi á sínum tíma talsvert fé til þessara hafnarbóta. En það er fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður myndi í framtíðinni fá góða vexti af þeirri upphæð í auknum sköttum og tollum, vegna aukinnar framleiðslu. Þá má benda á það, að ríkið á sjálft mikið af því landi, sem liggur að væntanlegri höfn, og mundi það hækka mikið í verði og ríkið þannig fá talsvert upp í þann kostnað, sem það leggur á sig.

Ég vil láta þess getið, að vitamálaskrifstofan hefir rannsakað möguleika fyrir þessari hafnargerð og gert af henni

teikningu og kostnaðaráætlun um hana. Því miður gat ég þó ekki látið álitsskjal frá skrifstofunni fylgja grg. frv., en mun síðar leggja fram nægileg gögn í málinu. Skrifstofan hefir áætlað verkið, eins og gert er ráð fyrir því í frv., á ca. 300 þús. kr. Að vísu ber frv. með sér, að gert er ráð fyrir, að kostnaðurinn geti orðið meiri en þetta, en bæði er það, að tölurnar í frv. um ríkisframlagið ber að skoða sem hámarkstölur, og þess vegna, ef kostnaðurinn yrði minni, yrði framlag ríkisins það líka, og í öðru lagi var ekki tekinn með í áætlun vitamálaskrifstofunnar kostnaður við ýmsar framkvæmdir í landi, sem gera þarf í sambandi við hafnargerðina. Af þessum ástæðum þótti ekki annað fært en tiltaka hærri tölu í frv.

Ég vona, að það komi ekki að sök, að á þessu stigi málsins eru ekki lögð fram nánari gögn en þetta. Málinu verður eflaust vísað til n., og skal ég sjá um, að hún fái öll gögn frá vitamálaskrifstofunni; vænti ég að hv. þdm. beri það traust til hv. n., að þeir telji ekki athugavert, þó þau séu ekki lögð fram nú.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vænti þess, að sú hv. n., sem um þetta mál fjallar, athugi það vel, en reyni þó að skila því til hv. d. svo snemma, að líkindi séu til þess, að það komist í gegnum þingið að þessu sinni.

Svarfdælingum er þetta mjög mikið áhugamál; það er ekki af neinni fordild, að þetta frv. er fram komið, heldur er mönnum fyllsta alvara að reyna að koma verkinu í framkvæmd.

Í 1. gr. frv. er ákveði um, að Svarfdælahreppur leggi fram ⅕ kostnaðar. Það mun vera óvanalegt, þó um nytsamt fyrirtæki sé að ræða, að einn einasti hreppur, og hann ekki fjölmennur, bjóðist til að leggja fram 75 þús. kr. Ég vil taka fram, að þetta er fyllsta alvara. Þeir ætla sér að leggja fram þessa upphæð og þeir hafa tryggingu fyrir að geta það.

Að lokum vil ég geta þess, að Fiskiþingið hafði þetta mál til meðferðar nú fyrir fáum dögum. Ég hefi að vísu ekki skjalfest álit þess, en mér er tjáð, að það mæli hið bezta með þessu frv. Vil ég svo leggja til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 49. og 50. fundi í Nd., 10. og 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 102, n. 217 og 237).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál, sízt af öllu eftir að atkv. hafa gengið um 3. mál á dagskrá.

Eins og sést á nál. á þskj. 237, þá hefir meiri hl. n. lagt til, að meðferð þessa máls verði hliðstæð því næsta á undan, þ. e. a. s. að framlag ríkissjóðs verði ⅓ af kostnaði og ábyrgð hans ⅓, gegn því, að hlutaðeigandi hérað leggi ⅓ fram þegar í byrjun eða sanni, að það geti lagt fram það fé án aðstoðar ríkissjóðs.

Þetta er þá sú niðurstaða, sem meiri hl. sjútvn. hefir komizt að, en hann hefir ekki komið fram með neinar till. um ábyrgð ríkissjóðs, þegar um lendingarbætur er að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengri formála um þetta mál, enda geri ég ráð fyrir, að það verði látið sæta sömu örlögum og hið næsta á undan.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að það er ekki ástæða til að rifja upp aftur þær umr., sem fram hafa farið um hafnargerð á Sauðárkróki. Deiluefnið er hliðstætt, sem sé hvað mikið fé ríkissjóður eigi að leggja fram til slíkra mannvirkja. Við, sem erum í minni hl. n., höllumst að því, að ríkissjóður styrki hafnargerðir sem þessar og framlag hans skuli vera hlutfallslega hið sama til þeirra allra.

Það er eins og sumum standi stuggur af, hvað mörg slík frv. liggja hér fyrir hv. deild, enda verður kostnaðurinn að vísu mikill, en með því að athvarf handa bátaflotanum vex, vex einnig framleiðslan og tekjur ríkissjóðs að sama skapi.

Það er skiljanlegt, að þar, sem útgerð er að festa rætur, rísi upp kröfur um það, að ríkið hlaupi undir bagga og styðji

hana, einkanlega eftir þá miklu rausn, er það sýndi í fyrra með framlagi sínu til hafnargerðar á Skagaströnd. Það er ekki nema eðlilegt, að sú von hafi vaknað hjá mönnum, að þeir fengju sömu kjör, og snúi sér því til þingsins og fari þess á leit. Það fór nú að vísu svo á þinginu í fyrra, að dregið var úr því framlagi, sem hæstv. stj. vildi vera láta. en þó var það allríflega af hendi látið, þar sem framlag ríkissjóðs var ákveðið ⅖ kostnaðar og heimild gefin til að hann tæki á sig ábyrgð allt að 350 þús. kr.

Ég ætla ekki að fara að lýsa því frekar en gert hefir verið, hvernig með þessi mál hefir verið farið í hv. sjútvn., en vil aðeins lýsa yfir því, að það ráð, sem minni hl. tók, var hið eina rétta, því að hvað þýddi að vera að togast á um málin með sífelldum bollaleggingum, þegar vitanlegt var, að hv. meiri hl. vildi ekki láta þau ganga fram? Þótt einhverjir kunni að narta í okkur í minni hl. fyrir þá aðferð, sem við tókum, þá tek ég það ekki nærri mér.

Ég er því fylgjandi, að ríkið styrki héruð til hafnargerða, eftir því sem geta er til, og ég felli mig ekki við það, að gert sé upp á milli manna í því efni. Að því er snertir það frv., sem hér liggur fyrir, þá get ég látið nægja með að vísa til orða hv. flm. við 1. umr. þessa máls. Ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, að samfara aukinni bátaútgerð er nauðsynlegt, að hafnir séu fyrir hendi, sem þeir geta leitað til og hafzt við á.

Nú eru í Dalvík heimilisfastir 19 bátar, og má það teljast allgóð undarstaða, en ef höfnin yrði bætt, gætu miklu fleiri bátar hafzt þar við.

Í einu atriði er þetta frv. frábrugðið hinum, sem nú liggja fyrir hv. deild, en það er í því, að frv. fer fram á, að ⅖ kostnaðar séu veittir skilyrðislaust. Minni hl. sjútvn. fannst rétt að samræma það við hin frv. og hefir því leyft sér að gera það að skilyrði, að fé verði veitt í fjárl. Þá eina breyt. vill minni hl. gera, en samþykkja frv. að öðru leyti óbreytt, og eftir þeirri samþykkt, sem gerð var hér næst á undan, má gera ráð fyrir, að þetta frv. verði látið sæta sömu kjörum.

Bernharð Stefánsson: Ég er hv. frsm. meiri hl. sammála um það, að ekki sé ástæða til að fjölyrða mikið um þetta mál, því að ég lít svo á, að umr. þær, sem fram fóru um hafnargerð á Sauðárkróki, eigi einnig við um önnur samkynja frv., og lít ég svo á, að hv. deild hafi sýnt vilja sinn um öll þessi 3 hafnarfrv. með því að samþ. frv. um hafnargerð á Sauðárkróki. Ég fæ ekki hugsað mér, að atkv. falli öðruvísi um þetta mál en hitt, sem var næst á undan.

Mér er það bæði ljúft og skylt að þakka hv. minni hl. sjútvn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls, og ég get raunar þakkað allri n. fyrir góðar undirtektir, þótt hv. minni hl. vilji að vísu afgreiða frv. á annan og óhagkvæmari hátt fyrir Svarfdælinga. Við brtt. hv. minni hl. hefi ég ekkert að athuga, því að ég gerði ekki ráð fyrir, að þetta framlag yrði skilyrðislaust bindandi fyrir ríkissjóðinn, hvenær sem heimtað yrði, heldur yrði að veita upphæðina í fjárl., en mér hafði hinsvegar láðzt að setja þetta ákvæði inn í frv.

Í frv. eru smáatriði, sem þyrfti máske að laga, en ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í það nú, en mun ef til vill flytja brtt. við 3. umr. Ég þykist sjá, að þetta mál muni fá góðar undirtektir, og ég er þess fullviss, að í framtíðinni verður það til mikillar blessunar og heilla fyrir héraðið.

Hannes Jónsson:* Það er nú nýbúið að samþykkja við 2. umr. mjög svipað mál og þetta, nefnilega hafnargerð á Sauðárkróki, og ég geri ráð fyrir, að með því séu örlög þessa frv. ráðin, en ég verð að segja, að mér lízt ekki á stefnu þingsins í þessu máli.

Ef gengið væri að till. meiri hl. n. í þessu máli, myndi Dalvík ekki þurfa að leggja eins mikið fram hlutfallslega og önnur héruð, sem eru að koma upp hjá sér bryggjum, en ég fæ ekki séð. af hvaða ástæðum slíkt ætti að eiga sér stað. Ég fæ ekki skilið, hvers vegna eigi að hvetja héruð til þess að tildra upp hjá sér höfnum, þegar það er vitanlegt, að allar eru þær gerðar að mestu upp á ríkisins kostnað.

Þess er skemmst að minnast, að hafnarmannvirkin í Vestmannaeyjum eru nú

búin að gleypa eina milljón, því að við árslok 1928 er ríkið búið að greiða ½ millj. af ábyrgð, sem það tók á sig, og 350 þús. kr. í beint framlag og auk þess rúmar 300 þús. kr. samkv. samþykktum 1927 og '28. Í þetta verk er sem sagt komin rúm ein millj. úr ríkissjóði og mikill minni hluti þess fjár er framlag, en allt hitt stafar af ábyrgðum. Ég fæ ekki séð, hvað þetta ráðslag getur haldið lengi áfram, og veit ekki, af hvaða ástæðum er verið að hlaða ábyrgðum á ríkissjóð, þar sem fyrirfram er vitanlegt, að hlutaðeigandi héruð geta ekki staðið í skilum. Tilætlunin er bersýnilega sú, að ríkissjóður skuli borga brúsann.

Hér er það sama sagan og um ýms mannvirki á Suðurlandi, að þó það sé látið heita, að svo og svo mikið fé verði lagt fram, þá er þó endirinn sá, að ríkið verður að taka allt á sínar herðar. Mér virðist því full ástæða til að fara varlega í slík mál sem þessi, og þótt hér sé aðeins um heimild að ræða, og þetta verði að samþykkjast í fjárl., þá verð ég nú að segja það, að mér finnst hv. þm. ekki vera svo varkárir þegar verið er að afgreiða þau, að hægt sé að treysta því, að þetta komi ekki til framkvæmda á næstu árum. Það er enginn efi á því, að það rekur brátt að því, að þetta verður tekið upp í fjárl., og þeir, sem að þessu standa, munu finna hvöt hjá sér til að koma sínum málum á framfæri og hefja kapphlaup og hafa öll brögð í frammi til að koma þeim inn í fjárl.

Ég er ekki trúaður á það, að ríkið geti mikið í þessu efni, ekki sízt fyrir þá sök, að við höfum nú orðið að binda nokkrar millj. í þessum nýja banka, og það má ekki búast við, að það fé losni brátt né gefi mikinn arð í aðra hönd.

Hákon Kristófersson: Ég ætla ekki að lengja þessar umr., en af því að hv. þm. Vestm. var ekki viðstaddur til þess að heyra ræðu hv. þm. V.-Húnv., þá þykir mér eftir atvikum rétt að segja nokkur orð. — Mér þykir það gegna furðu mikilli, að jafnmætur maður og hv. þm. V.-Húnv. skuli geta fengið af sér að standa upp hér í d. til þess eins að telja eftir þær fjárhæðir, sem ríkið hefir veitt til hafnarbóta í Vestmannaeyjum. Það lítur helzt út fyrir, að hann gleymi því, hver er aðallandsdrottinn Vestmannaeyja. Það er ríkið, sem á eyjarnar. Það er oft talað um það, hvílík blessun það væri, ef ríkið ætti allar jarðir á landinu. En af þessum eftirtölum hv. þm. mætti ætla, að reynsla sú, sem fengizt hefir í þessum efnum í Vestmannaeyjum, gæfi ekki sem beztar vonir um nytsemi þjóðnýtingar á jarðeignum. En hvað sem því líður, þá ber og á það að líta, að höfnin í Vestmannaeyjum hefir þegar komið að stórmiklu gagni, bæði verndað líf og eignir fjölda manna og ennfremur orðið hinum upprennandi útvegi í Vestmannaeyjum hin mesta lyftistöng. Hafa hafnarbæturnar í Vestmannaeyjum óbeinlínis aukið tekjur ríkisins stórlega í tollum og sköttum, og ekki nóg með það, heldur og aukið eignir ríkisins um það, sem fjárframlögunum hefir numið, og sennilega miklu meira, ef tekið er tillit til þeirrar verðhækkunar, sem hafnarmannvirkin hafa skapað á löndum og lóðum ríkissjóðs í Vestmannaeyjum. Hitt er vitanlegt, að alltaf kennir einhverra mistaka í framkvæmd svo risavaxinna mannvirkja, og ætti hv. þm. V.-Húnv. ekki að gera sér meiri mat úr því en skynsamlegar ástæður liggja til. Að jafnan sé leitað undankomu frá því að standa við skuldbindingar af hálfu hérðanna við ríkið, þá trúi ég ekki, að slík fullyrðing sé á rökum byggð. Eða heldur hv. þm., að Skagastrandarmenn muni refjast við að greiða það, sem þeim ber út af fyrirhuguðum mannvirkjum? Ég held ekki. En hvað sem því líður, þá ætti hv. þm. ekki að mæla á þessa leið. Honum ætti að vera það ljóst, hversu mikill grundvöllur hafnirnar eru undir afkomu ríkis og einstaklinga. Og hann ætti ennfremur að gera sér ljóst, hve mikil skylda hvílir á ríkinu um það að tryggja bátaflotann, sem flýtur við landsins strendur og færir landsins börnum heim björg og blessun úr djúpi sjávarins. Á þetta ættum við hv. þm. V.-Húnv. að geta fest sameiginlegt auga. Mig furðar þess vegna stórlega á því, að hv. þm. skuli láta orð falla á þennan veg hér í deildinni. Um hitt, þó að einn fái meiri tilstyrk en annar úr ríkissjóði, þá ætti ekki að þurfa að gera rekistefnu út af því einu saman, en

ef það er það, sem vakir fyrir hv. þm. V.-Húnv., þá mætti ætla, að honum gangi einungis lítilfjörleg öfund til. Hvað Dalvík snertir í þessu sambandi, þá lítur helzt út fyrir, eftir framlögðum upplýsingum hér í d., að frv. um hafnarbætur þar sé ekki að ófyrirsynju flutt, heldur af brýnni þörf.

Ég mun svo ekki segja meira að sinni, en hefi sagt þessi fáu orð af því, að mér leiðist þetta síendurtekna nudd sumra hv. þm. yfir því, að nokkru fé skuli vera varið til eflingar sjávarútvegi landsmanna. Ég vil vona, að hv. þdm. séu að viti og víðsýni vaxnir upp úr því að ljá slíku eyra til langframa.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Það var þessi stóri, litli fjármálamaður þessarar hv. deildar, sem var enn að stangast við hafnarlagafrv., sem fyrir þinginu liggja. Er það skemmst af að segja, að á þinginu í fyrra áttu menn fullt í fangi með að verja þær sveitir, sem væntanlega eru hv. þm. næst hjarta, fyrir vantrausti hans og tortryggni um það, að þær mundu ekki geta staðið í skilum. Það er því sízt að undra, þótt þau héruð, sem fjær liggja hv. þm., eigi ekki upp á pallborðið hjá honum í þessum efnum. Mér gefst væntanlega tækifæri síðar til þess að ræða við hv. þm. um mitt kjördæmi og framlögin til þess, svo að engin bráð nauðsyn hefir verið á því fyrir hv. þm. að draga mitt kjördæmi inn í umr. að svo stöddu. Ég vil aðeins segja það, að ég er ávallt reiðubúinn til þess að mæta honum og svara til sakar fyrir mitt kjördæmi út af ásökunum hv. þm. Hygg ég, að við Eyjamenn þurfum ekki að bera kinnroða fyrir þann styrk, sem ríkið hefir lagt til hafnarbóta í Vestmannaeyjum. Og sízt ætti hv. þm. V.-Húnv. að gera sig digran út af því máli, meðan honum gengur ekki annað til en auðvirðileg hreppapólitík. Hv. þm. Barð. benti á það réttilega, að ríkinu bæri frekari skylda til að leggja ríflegar fram til opinberra mannvirkja, þar sem ríkið sjálft á lendur allar og lóðir. Það er að vísu rétt, að síðan 1913 hefir ríkið lagt kringum 1 millj. kr. af mörkum til þessara mannvirkja. En áður hefir verið bent á, að síðustu 10 árin hefir ríkið upp-skorið nærri 4 millj. kr. í Vestmannaeyjum í beinum tekjum. Ég get því sagt hv. þm. það, að ef hann og hans flokkur vill gefa okkur Eyjamönnum fullt og óskorað sjálfsforræði í fjármálum, þá myndum við ekki þurfa að vera neitt upp á ríkið komnir í þeim efnum, og gætum á eigin spýtur staðið straum af þessum mannvirkjum öllum. Hv. þm. ætti ekki að brýna okkur með því, að við séum ómagar á ríkissjóðnum, því ef svo er, þá held ég, að fleiri gætu talizt það með ekki minna rétti. Ég skal ekki að þessu sinni fara út í frekari héraðasamjöfnuð í þessum efnum, en mitt kjördæmi mun þó standast allan slíkan samanburð.

Þá óttaðist hv. þm., að samþykkt þessara heimildarlaga muni hafa það í för með sér, að hlutaðeigendur muni ekki linna látum fyrr en þeir fengju fjárframlögin tekin upp í fjárl. og mannvirkjunum hrundið í framkvæmd. Já, það væri óttalegt! Ég get trúað, að hv. þm. finnist það ekki glæsileg tilhugsun, að bráðlega yrðu byggðar hafnir á Sauðárkróki, Dalvík og jafnvel víðar! Og það er von, að honum ói við því, að Akranes fengi ef til vill hafnarbætur, og svo kannske hvert kauptúnið á fætur öðru! Hvílík óbærileg tilhugsun! Ég get kennt í brjósti um þennan hv. þm., að hann skuli þurfa að horfa fram á þá tíma, að hafnarmálefnum vorum væri komið í dálítið betra horf en nú er. — Nei, það eru ekki þessar raddir smásmuglegra og þröngsýnna manna, sem eiga tilverurétt með sjálfstæðri og frjálsborinni þjóð. Það þarf að kveða niður þennan kotungsanda, sem ávallt rís til mótstöðu sérhverjum framkvæmdum og reynir að bregða fæti fyrir framgang nytsamra mála. Það hefir verið bent svo sterklega á nauðsyn þessara hafnarbóta á landi hér, að engin skynsamleg rök verða færð gegn. Því er gripið til þess óyndisúrræðis að reyna að vekja tortryggni og vantraust á hlutaðeigandi héruðum um það, að þau muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Ég ætla nú ekki orðum að eyða um þá firru, því að engin héruð munu vilja taka á sig stórar byrðar til þess eins að fá ríkisframlög til framkvæmda. Það hlýtur ávallt að vera þörfin, sem liggur til grundvallar. Það er þess vegna ástæðu-

laust að óttast óforsjálni héraðanna í þessum efnum, enda munu þau ekki leggja út í slík stórfyrirtæki að rasanda ráði, heldur vel yfirveguðu. Og ef forsjálni og gætni er viðhöfð í þessum efnum, þá þarf ekki að óttast nein vandræði né skakkaföll á hendur ríkinu, heldur mun það hafa í för með sér stórmikinn tekjuauka fyrir ríkið, þá er tímar líða fram. Ætti hv. þm. V.-Húnv. að geta litið óskelfdur fram á ókomna tímann, þó að eitthvað verði aðhafzt í þessum sökum.

Bernharð Stefánsson: Ég ætla ekki að deila við hv. þm. V.-Húnv. um það, hversu mikið ríkið ætti að styrkja hafnargerðir almennt og á hvaða grundvelli; það getur og verið mikið álitamál, hvaða hlutföll skuli vera á milli ríkisframlaga til hafnar- eða bryggjugerða, en það, sem hv. þm. talaði um í því sambandi, er alls ekki tímabært nú. Hann átti að segja þetta í fyrra, þegar tekin var framtíðarákvörðun um slík framlög, en það tel ég að hafi verið gert með lögunum um hafnargerð á Skagaströnd. Þá var hv. þm. meðmæltur þessari stefnu, sem hann mótmælir nú. En það var kannske af því, að Skagaströnd er dálítið nær honum en sú höfn, sem hér er um að ræða. Nú eru aðeins örfáar mínútur síðan samþ. var hér í d. frv. um hafnargerð á Sauðárkróki, sem byggt er á sömu meginreglu og í fyrra var ákveðin. Í þessu máli er því um það eitt að ræða, hvort Dalvík skuli njóta jafnréttis við aðrar hafnir eða ekki. Get ég tæplega ímyndað mér þá ósanngirni af hálfu hv. þm. V.-Húnv., að hann vilji leggja aðra reglu til grundvallar í þessu máli en öðrum hafnarmálum, og að hann áliti einn hrepp færari um að taka á sig stórar byrðir en heila sýslu. Ég get hinsvegar eftir atvikum sætt mig við þá lausn málsins, að sett verði heildarlög um hafnargerðir og stuðning ríkisins til þeirra, í stað þess að setja sérstök lög fyrir hverja höfn, enda virðist það mjög eðlileg leið, en hitt get ég með engu móti þolað, að mitt kjördæmi eða nokkur hluti þess verði órétti beittur í þessu máli. Það nær engri átt að hafa önnur hlutföll, er Húnvetningar eiga í hlut, þannig að þeim sé ætlaður meiri stuðningur af hálfu ríkisins.

Hv. þm. talaði um, að hér væri verið að tildra upp höfn. Ég held, að hv. þm. myndi ekki fara með svo staðlausa stafi, ef hann hefði kynnt sér þetta mál til hlítar. Mér skal vera sönn ánægja að sýna honum allar teikningar og áætlanir, sem fyrir liggja í þessu máli, og ætti hann af því að geta séð, að hér er ekki um tildur að ræða, heldur öruggt mannvirki.

Hv. þm. talaði um það, að héruðin borguðu sjaldnast þær ábyrgðir, sem ríkið tæki á sig þeirra vegna. Ég skal samt leyfa mér að fullyrða, að Svarfdælingar munu áreiðanlega ekki reifjast við því að standa í fullum skilum; þeir hafa aldrei lagt það í vana sinn að taka lán og borga ekki. Þeir hafa sjálfir gert hjá sér samgöngubót fyrr en aðrir landsmenn án þess að heimta, að ríkið legði allt upp í hendurnar á þeim, eins og sum héruð gera, og í öllu sýnt þann manndóm, að þeim má fyllilega treysta til að standa við samninga. Hv. þm. var að tala um framkvæmdir á Suðurlandi til samanburðar, en slíkt er vitanlega alls ekki sambærilegt.

Sigurjón Á. Ólafsson:* Ég verð að segja það, að atkvgr. áðan um hafnargerð á Sauðárkróki skar algerlega úr deilunni milli meiri og minni hl. n. Frá mínu sjónarmiði er þetta svo. Þrettán hv. þdm. réðu því, að stefna meiri hl. var algerlega yfirunnin. Ég ætla mér ekki að deila við dómarann, en þó býst ég við, að einhver millileið sé fær í þessum efnum. Mín skoðun á þessum hlutum er algerlega óbreytt, og hefi ég greinilega lýst henni áður undir umr., og sé því ekki ástæðu til þess að lýsa henni nú. Hitt vil ég undirstrika, að það verður að gilda fullkomið samræmi milli allra hafnarlaga. Ég hefði því í rauninni óskað, að hv. frsm. vildi taka aftur þær till., er lúta að stefnu málsins, því að ef þær kynnu að verða samþ., þá er komið ósamræmi milli einstakra hafnarlaga, en slíkt má alls ekki eiga sér stað. Hér er um að ræða fremur ódýrt mannvirki, og sveitin, sem í hlut á, er með þeim fátækustu og minnst megnugu í þessum efnum, og myndi eiga afarörðugt með að standa straum af slíkum framkvæmdum. Vil ég að lokum undirstrika það, að við afgreiðslu þessa máls verður að leggja sömu meginreglu til grund-

vallar og lögð var í gær, þá er hafnarlagafrv. fyrir Sauðárkrók var afgr. úr deildinni.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það er tæplega eyðandi orðum að þessu máli, eins og nú er komið. En út af orðum hv. frsm. minni hl. og hv. flm. og fleiri hv. þm. þykir mér rétt að segja nokkur orð. Að vísu hefir hv. þm. V.-Húnv. svarað hv. frsm., og hefi ég litlu við það að bæta. En þó er eitt atriði í ræðu hv. frsm., sem ég vil ekki láta ósvarað. Hann viðhafði þau orð, að ég og við meirihlutamennirnir í n. hefðum borið fram yfirvarpstill. í þessu máli. Hvað getur hann fært til sönnunar því, að hér sé um yfirvarpstill. að ræða? Eru ekki till. meiri hl. með eðlilegri varhyggð gerðar? Eða hefir n. ekki rétt til að gera till. um þau mál, sem hún hefir til meðferðar? Mér er satt að segja ekki ljóst, hvað eiginlega vakir fyrir hv. þm. með þvílíkum sleggjudómi. Hann hallar hér réttu máli, eða a. m. k. viðhefir hann um þetta óviðeigandi orð. Meiri hl. n. hefir gert sérstakar till. um afgreiðslu heildarlaga um öll þessi hafnarmálefni, og það er ástæðulaust með öllu að kalla slíkt yfirvarpstill. fremur en aðrar till. yfirleitt. En um þessi öfugmæli hv. frsm. er óþarft að ræða fleira. Meiru máli skiptir hinsvegar sú fullyrðing, sem oft er haldið fram, bæði af hv. flm. og fleirum, að ekki megi víkja út frá þeirri reglu, sem þingið í fyrra fylgdi um þessi efni, þegar hafnarlög fyrir Skagaströnd voru afgr. Þetta er býsna einkennileg staðhæfing. Eins og það sé sjálfsagt, að sá, sem hefir misstigið sig einu sinni, eigi að gera það æfinlega. Eins og það sé sjálfsagt, að ef eitthvert verk hefir mistekizt, að þá eigi að endurtaka mistökin koll af kolli. Auk alls þessa ber á það að líta, að síðan þessum málum var ráðið til lykta í fyrra hafa komið fram nýjar upplýsingar, sem máli skipta, nefnilega aðvaranir frá erlendum lánardrottnum um erfileika við að kynnast og taka réttilegt tillit til þessara sífelldu ábyrgða ríkissjóðs í ýmsum áttum vegna mannvirkja bæja og héraða eða jafnvel einstaklinga. **(PO:** Hvaðan koma þessar aðvaranir?). Það er hægt að upplýsa hv. þm. um það við tækifæri, en ekki verða þær aðvaranir taldar óverulegt atriði. Þess vegna hefir líka meiri hl. n. lagt til, að frekari varúðar verði gætt um þessar ábyrgðir. Till. þær, er að þessu lúta, eru á þskj. 237. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en út af tilmælum hv. 4. þm. Reykv. um það, að við tækjum aftur brtt. meiri hl., skal ég taka það fram, að ég sé mér það ekki fært, enda sé ég enga ástæðu til þess. Tel ég ekki eftir d. að greiða atkv. um brtt. okkar. Hún getur fellt hana, ef henni sýnist, og skiptir það litlu máli, hvort d. afgreiðir þetta mál einni mínútunni fyrr eða síðar.

Hannes Jónsson:* Hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm. létu allófriðlega í ræðum sínum og bitu í skjaldarrendurnar eins og víkingar. Tóku þeir sig allvel út, svo sem vænta mátti; sérstaklega þótti sópa að hv. þm. Barð., enda er hann gervilegur og hinn vígamannlegasti. **(JJós:** Við erum það báðir). Þó mun hv. þm. Vestm. hafa þótt hann helzt til linhöggur, því að hann tók upp vopnin aftur til þess að vega að mér. Hann kallaði mig spámann, og læt ég mig það litlu skipta. Ég talaði einungis um raunveruleikann, nema ef hann kallar það spádóma, að ég kvaðst ekki hafa trú á því, að Vestmannaeyjar gætu endurgreitt ríkinu það, sem ríkissjóður hefir greitt umfram til hafnarbóta þar. Hann lét alldólgslega yfir þessu og fannst, að eiginlega stæði ekkert upp á Vestmannaeyinga. Nei, það stendur víst ekkert upp á þá, þó að ríkið borgi allt, bara af þeirri einföldu ástæðu, að ríkið á Vestmannaeyjar! Ég skal gera hv. þm. tilboð. Ef hann vill fylgja því, að ríkið styrki bryggjugerð á Hvammstanga eins og í Vestmannaeyjum **(Rödd í salnum:** Hrossakaup?), þá skal ég sjá um, að ríkið fái allar lóðirnar. **(ÓTh:** Vill hv. þm. tryggja ríkissjóði 600 þús. kr. útflutningsgjald á ári?). Það er allt annað mál. Ég hygg, að ekki séu í neinu hlutfalli þau fjárframlög, sem lögð hafa verið til Hvammstanga og Vestmannaeyja. Þó að tekjurnar séu svona miklar af Vestmannaeyjum, þá hefir ríkið líka útgjöld af þeim.

Það var alveg eins fyrir hv. 2. þm. Eyf. Hann bjóst við því, að Svarfdælingar mundu borga allt, sem ríkið ábyrgðist

fyrir þá. Þegar menn eru að taka lán, dettur þeim auðvitað ekki í hug að segja, að þeir ætli aldrei að borga þetta. Ég býst við, að í flestum tilfellum sé það þeirra hjartans sannfæring, að þeir geti borgað. En svo verður sú raunin á, að þeir geta ekki greitt lánin. Og þetta hefir einmitt hent Vestmannaeyinga, að þeir hafa ekki getað staðið straum af skuldbindingum sínum, og ríkið orðið að taka við, af því að það hafði gengið í ábyrgð. Hér þýðir ekkert að afsaka með því, að ríkið eigi Vestmannaeyjar, því að úr því þeir hafa gengið inn á þetta, verða þeir að standa við það. Og svo er um hvern og einn, sem tekur lán á ábyrgð ríkisins, að hann verður að hugsa sér að geta staðið fullkomlega skil á því á sínum tíma, en ekki að slengja því á þjóðina í heild sinni.

Ég vil taka það fram, sem ég hefi reyndar gert áður, að það stóð talsvert öðruvísi á um hafnargerð á Skagaströnd heldur en um þessar hafnargerðir nú. Ein aðalástæðan fyrir hafnargerð á Skagaströnd var sú, að á Húnaflóa er afarlítið um hafnir, og afskaplega vont fyrir skip að liggja þar, ef gerir norðanveður. Einhver var að gera lítið úr þeirri ástæðu fyrir því, hve erfitt væri að ná höfn á Húnaflóa, að þokur væru mjög tíðar inn með Ströndum. Sami hv. þm. sagði, að líklega gætu víðar komið þokur en á Húnaflóa. Mig minnir, að það væri hv. 2. þm. Skagf. En ég skil ekki í öðru en að hann hljóti að viðurkenna, að það er mjög mismunandi, hve þokusælt er hér á landi, og sérstaklega er þokusælt inn með Ströndum. Ef hv. þm. hefir átt leið fram með Ströndum, mun honum þetta kunnugt. En honum mun ekki vera ljúft að stíga á skipsfjöl. — Oft er það svo, að þótt bjart sé á öllum austurhluta Húnaflóa, þá getur verið ómögulegt að ná höfn, hvorki á Hólmavík né Hvammstanga, og þaðan af síður á Borðeyri. Og þegar skipin geta hvergi athafnað sig þar, eru þau neydd til þess að sigla út úr flóanum. Einmitt fyrir þetta var frekari ástæða til að byggja höfn á Skagaströnd. (**MG:** Vegna þokunnar?). Nei, það eru fleiri ástæður til þessa; en því meiri sem rökin verða, því frekari ástæða er til þess að hefjast handa. Það var líka bent á, að Skagaströnd lægi sérstaklega vel fyrir síldveiði. Ég hygg, að hv. þm. Skagf. geti ekki fært nein rök að því, að Sauðárkrókur liggi eins vel, hvað þá betur en Skagaströnd til síldveiði. (**MG:** Jú, það getum við!). Þeir geta sagt eitthvað, en ekkert, sem tekið verði til greina af þeim, sem vit hafa á. Ég vil benda á það, að þrjú undanfarin ár hefir síldveiði verið inni á Húnaflóa löngu eftir að síld var horfin alstaðar annarsstaðar við land. Er þess skemmst að minnast nú síðasta sumar, og hygg ég, að hv. 2. þm. G.-K. hafi haft einhver not af því. (**ÓTh:** O, ekki eyri). Ætli það hafi ekki verið síld þaðan, sem hann var að lofa mönnum á fundi á Hvammstanga, þegar hann var að biðja þá um að þegja, sem voru að grípa fram í fyrir honum. (**ÓTh:** Heyr á endemi!).

Ég þarf ekki að verja aðstöðu mína gagnvart hafnargerð á Skagaströnd; það hafa verið færð þau rök fyrir því, að Skagaströnd ætti að koma á undan öðrum höfnum. En þótt sjálfsagt sé að byggja höfn á einum stað, þá er það engin sönnun fyrir því, að eigi að halda áfram og byggja höfn á öllum stöðum kringum land. Hv. þm. vilja kannske láta allt það fé, sem gengur til nauðsynlegustu útgjalda, fara til hafnarbygginga. Það má sjálfsagt verja öllu fé, sem ríkið hefir, til verklegra framkvæmda í nokkuð mörg ár, þangað til búið væri að byggja upp hafnir á öllum þeim stöðum, sem hugsanlegir væru. Og að halda langar hrókaræður um það, hvílíkar framfarir þetta séu fyrir hlutaðeigandi sveitir, það er að skjóta yfir markið. Því að það vita allir, að það er framför fyrir héruðin að fá höfn. En annað þarf að athuga, hvort ekki sé hægt að verja fénu til annara framkvæmda, sem séu ennþá happadrýgri en þetta. Við verðum að sneiða hjá því að leggja í stórkostlega dýr fyrirtæki, sem hægt væri að komast af án. Af þessu álít ég, að bryggjugerðir séu einmitt sú leið, sem við eigum að velja. Við getum víða komizt af með þær, og þær verða margfalt ódýrari en þessi hafnarmannvirki.

Ég vil að endingu segja það út af orðum hv. 4. þm. Reykv., að ég sé enga ástæðu til þess að taka til baka brtt. við þetta frv., þó að þær hafi fallið við at-

kvgr. um hitt frv., því að ég get ekki annað séð en að megi laga það frv. og setja það í samræmi við þetta frv. eins og það verður afgr. núna. En að taka þessar brtt. til baka, þótt þær hafi fallið með sáralitlum atkvæðamun við hina atkvgr., er ástæðulaust, því að ekki voru nema 13 atkv. á móti þeim, svo að þær geta orðið samþ. með 15:13 atkv. við 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Ég tek það ekki til mín, sem hv. þm. V.-Húnv. talaði um, að sumir vildu láta byggja hafnir alstaðar þar, sem einhverjum dytti það í hug. Hér hefir heldur ekkert verið um það rætt af öðrum en honum.

Ég færði nokkur rök fyrir því við 1. umr., að þörf væri fyrir höfn á Dalvík. Enginn hefir fært nein rök gegn því. Báðir hl. n. viðurkenna þörfina, svo að það er ekkert deilumál. Hér er aðeins um það að ræða, hvern stuðning ríkissjóður geti veitt til þess, beint og óbeint. Og því einu hefi ég haldið fram, að afgreiðsla þessara mála eigi að vera í samræmi, þannig, að ríkið veiti hlutfallslega sama stuðning til nauðsynlegra hafna, hvort sem þær eru við Húnaflóa eða Eyjafjörð, ef það telur þörf á höfninni og vill nokkuð stuðla að því, að hún sé gerð.

Hv. þm. V.-Húnv. vék að því sama og í fyrri ræðu sinni, að það væri bryggjugerðir, sem ætti að stefna að, en ekki þetta „tildur", sem hann kallaði hafnargerðir. Ég er nú loksins farinn að skilja aðstöðu hv. þm. í þessu máli. Í fyrra voru sett hafnarlög í hans héraði, þótt ekki væri það í hans kjördæmi. Þá sýndi hann með atkv. sínu, að hann taldi afskaplega nauðsynlegt, að **hafnarlög yrðu sett og hafnir byggðar.** En þá var dálítið annað uppi á teningnum hjá honum um bryggjugerðir. T. d. var hann **þá á móti tiltölulega litlum styrk til bryggjugerðar í mínu kjördæmi.** (SE: Allt hreppapólitík!). Nú er þetta orðið öfugt, þegar búið er að setja lög um höfn á Skagaströnd. Nú eru hafnargerðir alstaðar mesta vitleysa, annarsstaðar en í Húnavatnssýslu, en **bryggjugerð á Hvammstanga sjálfsögð.** Það þarf ekki meira með. Ég er farinn að skilja hv. þm.

Ég veit, að það hafa oft komið frá þingmálafundum áskoranir um að spara öll möguleg útgjöld. En jafnframt margar kröfur um fjárframlög til **þess** kjördæmis, sem sparnaðaráskoranirnar hefir sent. Þetta er alveg sama samræmi og kemur fram hjá hv. þm. V.-Húnv.

Út af þeim orðum hv. frsm. meiri hl., að ef stigið væri öfugt spor, hvort þá ætti að stíga þau fleiri, þá vil ég segja það, að ef hv. meiri hl. n. hefir litið svo á, sem virðist eftir þessum ummælum hv. frsm. meiri hl., að það hafi verið rangt að samþ. hafnarlögin um Skagaströnd í fyrra, þá finnst mér, að hann hefði átt að taka annað til bragðs heldur en að ætlast nú til, að hafnarlög verði sett á öðrum grundvelli. Hann hefði þá átt að leggja til, að hin eldri hafnarlög væru numin úr gildi og í þess stað sett heildarlög um hafnargerðir, þannig að samræmi yrði á. Hitt er ekki rétt, að hafnarlögin um Skagaströnd standi, en till. meiri hl. verði samþ. nú. Og því síður er rétt að samþ. till. meiri hl. að því er snertir Dalvík, eftir að búið er að samþ. frv. óbreytt um höfn á Sauðárkróki.

Ég hefði getað hugsað mér aðra lausn þessara mála en að samþ. frv. nú, og verið þó nokkurnveginn ánægður, aðeins ef samræmis og jafnréttis hefði verið gætt.

ATKVGR.
Brtt. 237,1 felld með 13:6 atkv.
— 217 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.
Brtt. 237,2 felld með 13:7 atkv.
2. gr. samþ. með 13:2 atkv.
3.—19. gr. samþ. með 13:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:2 atkv.

Á 55., 67., 69., 70. og 71. fundi í Nd., 17. og 31. marz, 2., 3. og 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 286).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 286).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 286, n. 540 og 565).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Erlingur Friðjónsson): Ég ætla ekki að tefja tímann, en læt nægja að vísa til þeirra umr., sem hafa orðið frá minni hendi um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki og brtt. við það. Breytingin er sú sama við þetta frv. og gilda sömu rök fyrir henni eins og ég hefi fært í hinu málinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 565 samþ. með 8:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

7.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

13.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 83. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 586).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af hálfu stj., en deildin synjaði þeirra með 4:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JBald, JP, JKr, BK, EÁ, EF, HSteins, IHB.

nei: JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

ÍP greiddi ekki atkv.

Með því að þessi var síðastur starfsdagur deildarinnar, varð frv. ekki útrætt.

---

27. Hafnargerð á Akranesi.

Á 24. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um hafnargerð á Akranesi (þmfrv., A. 104).

Á 29. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Í aths. við þetta frv. er gerð grein fyrir því, hvernig stendur á, að þetta mál er fram komið.

Þótt margt mætti segja um þetta merkilega mál, sé ég ekki ástæðu til að gera það að þessu sinni. Ég vil aðeins óska, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn., og vil bera fram þau vinsamlegu tilmæli til hennar, að hún afgr. það fljótt og vel. — Ég skal að endingu geta þess, að ég mun síðar leggja fram teikningu og kostnaðaráætlun við þetta verk, sem vitamálastjóri hefir látið gera, og ennfremur mun ég leggja fram umsögn hans um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 49. og 50. fundi í Nd., 10. og 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 104, n. 218 og 241).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég ætla ekki að tefja tímann við þetta mál, þar sem tvö næstu málin á undan á dagskránni, sem hliðstæð eru, hafa verið rædd, og hér eru ekki um neina efnis-

breyt. að ræða, en framkvæmdir aðeins miðaðar við annan stað. Ég skal þó geta þess, að í brtt. meiri hl. er fleiri atriðum breytt í þessu frv. en þeim, sem afgr. hafa verið, því að hér liggja ekki aðeins fyrir brtt. við 1. og 2. gr. um framlag og ábyrgð ríkissjóðs, heldur einnig við 6. og 11. gr. En ef það fer svo um brtt. meiri hl., eins og farið hefir við hin hafnarlagafrv., þá geri ég ráð fyrir, að þessar brtt. við 6. og 11. gr. falli líka, og ætti það ekki að saka mikið, því að ég býst við, að fara þurfi höndum um þetta mál síðar, og að það verði gert áður til úrslita kemur. En að öðru leyti vísa ég til nál. meiri hl. um málið.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég get tekið undir með hv. frsm. meiri hl., að ekki sé ástæða til að hefja langar umr. um þetta mál, því að það horfir að flestu leyti eins við og þau önnur hafnarmál, sem hafa verið rædd hér í dag og samþ.

Það er enginn ágreiningur um það innan n., að full þörf sé fyrir hafnargerð á Akranesi, og þarf ég því ekki að rökstyðja hér þá þörf. Ágreiningurinn er aðeins um framlag og ábyrgð ríkissjóðs; en ég geri ráð fyrir, að flestir hv. dm. muni geta samþ. það með mér, að úr því að búið er að taka ákvarðanir um hafnargerðir á Sauðárkróki og Dalvík, sé þar með slegið föstu, að sama regla eigi að gilda um hafnargerð á Akranesi. Ég vil þó leiða athygli manna að því, að það, sem farið er fram á um Akranes, er minna en það, sem samþ. var um hafnargerðir á Sauðárkróki og Dalvík; því að þótt farið sé fram á sama tillag úr ríkissjóði, er ábyrgð ríkissjóðs minni, nefnilega aðeins fyrir $^{5}/_{12}$ hlutum af þeirri upphæð, sem áætlað er, að mannvirkið kosti, í stað $^{3}/_{5}$, sem samþ. hefir verið hér í deildinni um Sauðárkrók og Dalvík. Þetta munar því, að ábyrgð ríkissjóðs fyrir Akranesshöfn verður aðeins 500 þús. kr., í stað þess að hún yrði annars 720 þús. kr. Ég legg nú ekki mikið upp úr þessu, því að ég býst ekki við, að það baki ríkissjóði neina áhættu. En þeir, sem bera kvíðboga fyrir, að ríkissjóður bíði halla af þessu, ættu því fremur að geta fellt sig við þetta frv., þar sem ábyrgðin er minni.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta frekar. Þess vil ég þó geta, að mér þætti vænst um, ef hv. þm. V.-Húnv. tæki nú ekki til máls. Hann hefir nú haldið sömu ræðuna í báðum hafnarmálunum, sem búið er að ræða hér, og fengið sömu andsvör. Hann barðist einn gegn 8 og féll fyrir hverjum einum.

Hannes Jónsson:* Fyrst hv. 2. þm. G.-K. var að rétta mér prjón, verð ég að segja hér nokkur orð. — Hv. þm. var að bera það á mig, að ég hefði haldið hér sömu ræðuna hvað eftir annað. Þetta gerir hann sjálfur, þegar hann stendur hér upp. Og hv. þm. hefir gert meira en ég, því hann þræðir aftur og aftur það allra þynnsta úr allri þeirri þynnku, sem hann hefir áður sagt hér í þessari hv. deild. Hv. þm. hefði þó átt að geta setið á strák sínum, þótt hann sé að tala hér sem frsm. minni hl. (**HK:** Þetta hefðu ekki þótt þingmannleg orð, ef ég hefði sagt þau).

Ég skal gjarnan segja það sama um þetta sem hin bryggjumannvirkin, að það er alveg óþarft. Og hvers vegna á endilega að samþ. þetta nú, ef ekkert verður gert í þessu á næstu árum, eins og hv. flm. leggja svo mikið upp úr? Þeir hafa hver eftir annan tekið það fram, að hér væri engin hætta á ferðum, því ekkert yrði aðhafzt fyrr en þessi fjárveiting væri tekið upp í fjárlög, og það verði ekki á næstu árum. En þó er nauðsynlegt að koma þessari löggjöf á nú. Eða í hvaða tilgangi eru þessir hv. þm. að burðast með þessa löggjöf? Það er eitthvað annað, sem þessir hv. þm. eru að berjast fyrir. Það eru ekki framkvæmdir, heldur það eitt að geta séð þessi „produkt" sín á pappírnum. En það finnst mér heldur lélegt starf af þingmönnum.

Pétur Ottesen: Af því að svo stendur á tíma, að bráðum verður fundarhlé, hefði ég líklega getað látið niður falla að tala við þessa umr., með því að ég geng út frá því, að svo fari með afgreiðslu þessa máls, sem frv. þeirra um þetta efni, sem samþ. hafa verið hér á undan. En

af síðustu orðum hv. frsm. meiri hl., þar sem hann sagði í miklum hótunartón, eins og sá, sem valdið hefir, að farið yrði höndum um þetta mál síðar, þá vil ég ekki slá því á frest að fara nokkrum orðum um málið nú þegar og taka til athugunar þessar hótanir hans og önnur ummæli, sem frá honum hafa fallið í sambandi við hliðstæð mál hér á undan.

Ég býst við, að hv. þm. hafi átt við það, að hann og flokkur hans ætlaði að fara höndum um þetta mál. En ég veit ekki, hversu náið samband hans við hv. Ed. er um meðferð þessa máls. En vera má, að bak við tjöldin séu stjórnarflokkarnir búnir að ráða með sér, hver verði forlög þessara hafnarmála á þessu þingi. Framkoma frsm. meiri hl. er slík í þessu máli, að hann hafi hér þann bakhjall, er nægi til að hamla á móti framgangi þessa mikla nauðsynjamáls á þessu þingi, að það er engu líkara en að hann hlakki yfir því að hafa forlög þess í hendi sér.

Áður en ég sný mér að ummælum einstakra þm. um þetta mál, ætla ég að fara nokkrum almennum orðum um hafnargerð á Akranesi og nauðsyn fyrir henni. En áður en ég fer út í það að tala um hafnargerð á Akranesi, finnst mér rétt að benda á það, hvernig ástatt er nú með útgerðina við Faxaflóa.

Í öllum verstöðvum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eru mjög slæmar hafnir, eða réttara sagt hafnleysi, og það hefir ekki verið gerður nokkur skapaður hlutur til þess að bæta úr því. Hið eina, sem hægt er að segja að gert hafi verið, er að byggja bryggju við bátaleguna Lambhússund á Akranesi, sem gerð var með styrk úr ríkissjóði í hlutfalli við það, sem áður tíðkaðist um slík mannvirki. Þessi lendingarbót gerði útgerðarmönnum kleift að leggja aflann á land þar heima fyrir, en það veitir vitanlega ekkert öryggi fyrir þann bátaflota, sem verður að haldast þar við. Það er því svo ástatt í verstöðvum hér við Faxaflóa, að það er alveg hafnlaust og bátaflotinn, sem þar hefst við, í sífelldri hættu, þegar brim og stórviðri eru, sem náttúrlega er mjög algengt, þar sem aðalvertíðin ber upp á vetrarmánuðina, þegar mestra illviðra er von. Ég skal ennfremur bæta því við, að þó að góðar hafnir séu í Reykjavík og Hafnarfirði, þá er ómögulegt að stunda þaðan sjó á vélbátum, sem verða að koma að á hverjum degi, vegna þess, hversu langt er á þau mið, sem þeir verða að sækja. Þær hafnarbætur, sem gerðar hafa verið á þessum stöðum, koma því ekki að neinu liði fyrir vélbátaútveginn við Faxaflóa. Skal ég nú lýsa ástæðum nánar og skýra það, hver nauðsyn sé til, að eitthvað sé gert til þess að vernda vélbátaútgerðina við Faxaflóa.

Samkv. upplýsingum, sem ég hefi fengið hjá Fiskifélagi Íslands, var aflinn í veiðistöðvunum við Faxaflóa, öðrum en Reykjavík og Hafnarfirði, síðastl. ár 28883 skpd. Þetta er fiskur, sem verkaður hefir verið þar til útflutnings. Í þessari skýrslu er þó ekki talinn sá afli, sem bátar úr þessum veiðistöðvum og bátar annarsstaðar að, sem héldu þar til á vetrarvertíðinni, lögðu upp í Hafnarfirði og Reykjavík. En það er vitanlegt, að það var mikill fiskur, því það er algengt að salta fiskinn í stóru bátana þangað til þeir eru fullfermdir og sigla síðan með hann til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar og selja hann þar. En ekkert af þessum fiski er talið með í þeirri upphæð, sem ég nefndi áðan. Ég get t. d. bent á það, að 4 bátar, sem gerðir voru út á Akranesi, lögðu afla upp í Reykjavík og Hafnarfirði, er nam 1569 skpd. Nú var það svo, að á síðustu vetrarvertíð stunduðu 20 stórir aðkomubátar fiskveiðar við Faxaflóa. Voru þeir einkum frá Vestmannaeyjum og Norðurlandi og héldu til í Sandgerði og Njarðvík. Þeir lögðu aflann upp í Reykjavík og Hafnarfirði. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið frá Fiskifélagi Íslands, hefir sá afli numið 8605 skpd. Samanlagt hefir því aflazt á báta, sem gerðir voru út frá þessum veiðistöðvum 39057 skpd., eða nálega 40 þús. skpd. Er það 10% af öllum þeim fiski, sem fluttur var saltaður og verkaður á erlendan markað síðastl. ár.

Þetta, sem hér hefir verið talið, er vitanlega ekki nema nokkur hluti alls þess fiskjar, sem hefir komið á land í þessum verstöðvum. En eftir upplýsingum, sem forstjóri Fiskifélags Íslands hefir gefið mér, mun hæfilegt að meta þann afla, sem verkaður var til útflutnings í þessum veiðistöðvum, á 3905700 kr., eða 3,9 millj.

kr. Hér er þó ótalið verðmæti lýsis, fiskiúrgangs (hausa, hryggja o. s. frv.), hrogna o. þ. h., Sömuleiðis allur nýr fiskur, sem fluttur hefir verið á markaðinn hingað til Reykjavíkur. Hefi ég aflað mér upplýsinga um verðmæti þess hluta af aflanum, og telst mér svo til, að verðmæti fiskiúrgangs o. þ. h. nemi um 640 þús. kr. og verðmæti nýs fiskjar um 360 þús. kr. Eftir þessu er þá verðmæti þess fiskjar, sem aflazt hefir í þessum veiðistöðvum árið sem leið samtals 4905700 kr., eða nálega 5 millj. kr.

Þá vil ég ennfremur sýna fram á, hve mikið fé stendur í þeim skipastól, sem gerður er út frá þessum veiðistöðvum, og þá í sambandi við það sýna fram á þá hættu, sem þessi floti er í vegna hafnleysis.

Eftir þeim upplýsingum, sem forseti Fiskifélags Íslands hefir gefið mér, eru nú gerð út frá þessum veiðistöðvum 2 línuveiðagufuskip, 66 vélbátar stórir og 52 opnir vélbátar. Auk þess eru 20 aðkomubátar stórir í Sandgerði og Njarðvík á þessari vertíð. Eftir upplýsingum frá sama manni, nemur áætlað verðmæti þessa skipastóls 3180500 kr. (Hér með er þó ekki talið verð veiðarfæra á þessum bátum).

Þegar ég nú hefi sýnt fram á, hversu mikill hluti af öllum þeim afla, sem lagður er hér á land árlega, veiðist frá þessum verstöðvum og hversu mikið fé stendur í þeim skipastól, sem gerður er út frá þessum veiðistöðvum, þá finnst mér, að öllum hljóti að vera það ljóst, að ekki er ástæðulaust, þótt farið sé fram á það, að ríkissjóður láti eitthvert fé af mörkum til hafnargerðar, til þess að tryggja þennan atvinnurekstur, og ennfremur að taka ábyrgð á þeim hluta, sem nauðsynlegur er til þess að málið geti komizt í framkvæmd.

Ég skal ennfremur geta þess, að auk þess, sem bátalegurnar á ýmsum þessum stöðum eru svo ótryggar, sökum þess að þær liggja fyrir opnu hafi og úfnum sjó, eru sumar þeirra svo þröngar nú orðið, að hættan eykst af þeim sökum jafnhliða því, sem bátum fjölgar. Þar má ekkert út af bera, svo að bátarnir rekist ekki hver á annan. Þetta bætist þá við þá erfiðu aðstöðu, sem áður var fyrir hendi.

Þessu næst vil ég fara nokkrum orðum um skilyrðin og möguleikana fyrir því, að ráða bót á hafnleysinu í verstöðvunum við Faxaflóa, og í því sambandi vil ég benda á það, að þetta mál var athugað nokkuð árið 1917, þegar Kirk verkfræðing var falið að fara með ströndum landsins til þess að athuga möguleika fyrir hafnargerðum. Hann athugaði þá einnig möguleika fyrir hafnargerð hér við Faxaflóa. Hann áleit, að hafnargerð í Njarðvík mundi kosta um 2¾ millj. kr. (2735 þús. kr.), höfn í Keflavík fyrir fáeina báta 2 millj. kr., en í Sandgerði mundi það kosta tugi millj. kr. að gera höfn, sem að nokkru liði kæmi.

Hinsvegar hefir nú nýverið farið fram nákvæm rannsókn á hafnargerð á Akranesi, og hefir þá komið í ljós, að það er tiltölulega miklu ódýrara að gera þar höfn en nokkursstaðar annarsstaðar við Faxaflóa. Það er niðurstaðan af þeirri rannsókn, sem þetta frv. um hafnargerð á Akranesi, sem hér er til umr., er byggt á. —

Það er nú orðið svo ástatt á Akranesi, síðan Akurnesingar fóru að stunda fiskveiðar á vélbátum heiman að á vertíðinni, að hættan af hafnleysinu hefir aukizt mikið fyrir útgerðina. Nú eru á Akranesi 2 línuveiðagufuskip, 22 stórir vélbátar og 8—10 opnir vélbátar. Bátalegan á Lambhússundi er nú alveg fullskipuð, svo ekki er hægt undir neinum kringumstæðum að bæta við fleiri bátum, fyrir það hvað legan er þröng. Hafa þó verið gerðar allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að sem bezt notist að plássinu á bátalegunni, og er það nú notað út í yztu æsar.

Það er því ómögulegt að bæta við fleiri bátum og þar með útilokuð öll aukning á þessum útvegi heima fyrir. Línuveiðagufuskipin tvö geta ekki lagt afla sinn upp á Akranesi, og verða því að leggja hann á land í Reykjavík eða Hafnarfirði. Það er þó mikið hagsmunaatriði að geta lagt aflann á land og verkað heima fyrir, því að það eykur stórum atvinnuna í kauptúninu.

Ég vil ennfremur benda á það, að svo hagar til á þessum veiðistöðvum við Faxaflóa, að á síðustu vertíð var lagður meiri afli á land á Akranesi en nokkurri annari veiðistöð við Faxaflóa. Síðastl. ár

var þar lagt í land og verkað til útflutnings 10586 skpd., en í Sandgerði t. d., sem er næst í röðinni, 7221 skpd. Þannig horfir málið við, og ég ætla, að öllum hljóti að vera það ljóst, að ástandið er nú orðið svo í þessu efni á Akranesi, að það er óhjákvæmilegt að hefjast handa og gera þær umbætur þar, sem tryggi það, að það athafnalíf, dugnaður og framtakssemi, sem þar er, fái notið sín og blómgazt til heilla og blessunar fyrir þjóðarheildina.

Ég skal ennfremur benda á það, að auk þess, sem aðstaða er bezt og kostnaðarminna, þó dýrt sé, að gera höfn á Akranesi en í öðrum veiðistöðvum við Faxaflóa, þá hefir höfn á þeim stað miklu meiri og víðtækari þýðingu þar en nokkursstaðar annarsstaðar við flóann, og veldur því hið stóra og blómlega hérað, sem liggur upp af Akranesi, Borgarfjarðarhéraðið allt, því á Akranesi er eina útflutningshöfnin, sem þetta hérað á, þar sem Borgarfjörður er ekki gengur millilandaskipum. Er það ómetanlegt gagn hverju héraði að eiga góða útflutningshöfn, og því meiri sem tímar líða. Einnig liggur Akranes þannig við samgöngum milli Norður- og Vesturlands og Reykjavíkur, að höfn þar myndi hafa stórmikla þýðingu fyrir þær.

Þá hefi ég dregið hér saman, hversu mikla þýðingu það hafi fyrir þjóðarbúskapinn í heild sinni, að eitthvað sé gert til tryggingar fiskveiðum við Faxaflóa. Ennfremur hefi ég lýst skilyrðum þeim, sem fyrir hendi eru til að færa út kvíarnar, ef aðstaðan er bætt. Og ég get ekki betur séð en hér séu öll skilyrði fyrir hendi, sem réttlæti það, að leitað er styrks hins opinbera til þess að koma þessu í framkvæmd. Og það sjá allir, að því brýnni er þörfin á þessum slóðum, þar sem aðalvertíðin stendur yfir um háveturinn, þegar veður eru hörðust.

Ég hefi fengið þau orð frá hæstv. forseta (JörB), að þegar vel stæði á að skipta ræðu minni, þá vildi hann fresta fundi. Nú er að því komið. Ég mun næst koma að því, í hvaða hlutfalli hafi áður verið veitt úr ríkissjóði til slíkra fyrirtækja, og minnast á þá stefnubreyt., sem gerð var á síðasta þingi í þessu efni. Auk þess mun ég taka til athugunar ýms þau ummæli, sem komið hafa fram í sambandi við þetta mál. Loks vil ég skjóta því til hæstv. forseta, hvort mál þetta geti ekki orðið 1. mál á dagskrá á morgun, ef ekki verður fundi haldið áfram nú í dag kl. 5. Vænti ég, að hæstv. forseti verði við þessum sanngjörnu tilmælum mínum.

Forseti (JörB): Það verður ekki hægt að halda fundi áfram í dag, en mér finnst sanngjarnt að verða við tilmælum hv. þm. Borgf. um, að þetta mál verði 1. mál á dagskrá á morgun.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Ottesen [frh.]: Umr. í gær var frestað, þegar ég var að því kominn að fara að minnast á það hlutfall, sem styrkur ríkissjóðs til hafnargerða hefir verið greiddur eftir, og þær breyt., sem urðu á því hlutfalli á síðasta þingi. Það hefir raunar verið minnzt lítilsháttar á þetta í sambandi við hin hafnargerðafrv., sem fyrir liggja, en þar sem sumir hv. dm. eru sífellt að klifa á því, að þær breyt. í þessu efni, sem samþ. voru í fyrra viðvíkjandi hafnargerð á Skagaströnd, hafi verið byggðar á sérstakri aðstöðu, get ég ekki látið hjá líða að minnast enn á þetta. Fyrstu hafnargerðirnar styrkti ríkissjóður að ¼, og það reyndist vera nægilegt til þess að hægt væri að koma upp höfn, t. d. í Reykjavík og Hafnarfirði. En í Vestmannaeyjum hefir sá styrkur ekki reynzt nægilegur. Ég mun síðar víkja að hafnargerðinni í Vestmannaeyjum í sambandi við það, að hún hefir verið dregin hér fram sem grýla, til þess að hræða hv. dm. frá að samþykkja ábyrgðir á hendur ríkissjóði í sambandi við hafnargerðir almennt. — Ég verð að segja, að ég get ekki litið öðruvísi á en að sú breyt., sem gerð var á síðasta þingi, sé hrein stefnubreyt. í þessu máli. Stj. flutti þá frv. um hafnargerð á Skagaströnd á þeim grundvelli, að ríkissjóður borgaði ½, en hinn helmingurinn átti að vera lán úr viðlagasjóði. Þessu var breytt í Ed. og samþ. þar við 2. umr., að ríkissjóður legði ekki fram nema ⅓.

Við 3. umr. var þessu enn breytt svo, að ríkissjóður legði fram $^2/_5$, eins og við höfum nú farið fram á. Þær tilraunir, sem gerðar voru í Nd. til þess að breyta hlutfallinu í $^1/_3$, voru felldar. Það liggja þannig fyrir samþykktir beggja deilda, sem sýna ótvírætt vilja þingsins í þessu efni. Ég held því, að það sé fullkomlega skýrt, að síðasta Alþingi hefir tekið þá stefnu að veita styrk til hafnarbóta í framtíðinni, sem nemi $^2/_5$ kostnaðar. Það nær engri átt, að staðið hafi svo sérstaklega á á Skagaströnd, að nauðsyn bæri til að styrkja hafnargerð þar betur en annarsstaðar. Því hefir verið haldið fram í Ed. af kunnugum mönnum, að þar væri aðallega um viðskiptahöfn að ræða. En útgerðin getur líklega vaxið nokkuð. Hinsvegar er staðurinn ákaflega afskekktur og langt frá miðju héraðsins og því alls ekki ákjósanlegur til hafnargerðar til hagsbóta fyrir héraðið í heild. Ég hefi séð upplýsingar um, að að- og útflutningur frá Skagaströnd hafi numið síðustu árin um 800 tn. á ári. Það staðfestir bezt, hversu illa höfnin er sett sem viðskiptahöfn. Og útgerðin er ekki meiri en svo, að síðastl. ár voru gerðir þaðan út 10 litlir vélbátar og aflinn nam 1700 skpd. Ég held því ekki, að hægt sé að halda því fram, að þau skilyrði séu þar fyrir hendi, sem réttlæti það, að veita hærri styrk til hafnar á Skagaströnd en annarsstaðar á landinu. Það varð líka ofan á við atkvgr. í gær um þau hafnarfrv., sem þá voru á dagskrá, að meiri hl. hv. d. lítur á þetta mál þannig, að í fyrra hafi verið lagður grundvöllur að frambúðarhlutfalli í þessu efni. Það er líka eðlilegast, úr því að það er vilji Alþingis að stuðla að nauðsynlegum hafnarbótum, að það sé gert á þann hátt, að nægjanlegt sé til að hrinda mannvirkjunum í framkvæmd. Það hefði því mátt heita undarlegt, ef strax á næsta þingi eftir að búið er að setja reglur um þetta séu þær reglur brotnar, og þar með brotnir á bak aftur möguleikar manna til að koma á þessum nauðsynlegu mannvirkjum.

Ég ætla þá að snúa mér að hafnargerðinni á Akranesi. Þar er svo ástatt, að kauptúnið á engan hafnarsjóð, en samkv. frv. er gert ráð fyrir, að héraðsbúar leggi fram, um leið og verkið er hafið, 220 þús. kr. Það er búið að ræða það mikið innan héraðsins, hvernig þetta mætti takast. Útgerðarmenn hafa lofað að leggja fram allmikið fé, og verkamenn ætla að leggja fram svo og svo mikla vinnu, og enn aðrar leiðir er reynt að finna. Þessi áhugi manna sýnir ljóslega, hversu mikil nauðsyn er á að hrinda þessu í framkvæmd. Ég verð að segja, að mér finnst undarlegt, að nokkur þm. skuli láta sér sæma að reyna að hnekkja framgangi þessa máls hér á þingi. Það hefir verið slegið fram tilbúnum ástæðum og m. a. talað um það, hvílíkur voði geti af því stafað, að ríkissjóður taki á sig allar þessar ábyrgðir. Og þó undarlegt megi virðast, láta þeir hæst, sem frekastir hafa verið að fá ábyrgðir fyrir sín eigin héruð. Það eru einkum 3 hv. þm., sem snúizt hafa öndverðir gegn afgreiðslu þessara mála; fyrst og fremst hv. frsm. meiri hl. n., og ennfremur hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Húnv. Að vissu leyti hefir hv. þm. V.-Húnv. gengið lengst, þar sem hann hefir jafnvel talað á þá leið, að landinu mundi stafa hætta af hafnarbótum og öðrum slíkum framkvæmdum. Ég verð að segja það, að mér finnst framkoma þessa hv. þm. nokkuð undarleg. Þegar hann sá, að hann var búinn að fá samþ. í þessari hv. þd. till. til uppfyllingar þeim óskum, sem hann hefir borið fram um bryggjugerð í sínu héraði, á Hvammstanga, þá snýst hann öfugur gegn þessum hafnarmannvirkjum, sem hér hafa verið til umr.

Hv. þm. V.-Húnv. tók hafnargerðina í Vestmannaeyjum sem dæmi þess, hversu hættulegt það væri fyrir ríkissjóð að binda hann ábyrgðum fyrir lántökum til hafnarmannvirkja. En til skýringar því máli má geta þess, að fyrst og fremst fengu Vestmannaeyingar aðeins $^1/_4$ af framlögðum kostnaði við höfnina sem beinan styrk úr ríkissjóði, og í öðru lagi varð að taka á ríkissjóð fulla ábyrgð á lánum til hafnargerðarinnar. Þetta var fyrsta hafnarmannvirkið hér við land, sem gert hefir verið á sjávarströnd fyrir opnu hafi. Við Reykjavíkurhöfn og í Hafnarfirði var allt öðru máli að gegna; þær hafnir eru báðar innfjarða og því ekkert sambærilegt við það, þar sem öldur Atlantshafsins falla óhindraðar og með

fullum krafti að ströndinni. Hér vantaði því alla reynslu í því efni, hvað hafnarmannvirki þyrftu að vera traust þar, sem svo stendur á. Danskur verkfræðingur var fenginn til þess að veita forstöðu hafnargerðinni í Vestmannaeyjum, og honum skeikaði hrapallega á því, að hann gerði ekki ráð fyrir, að öldufallið væri eins hamrammt og það reyndist að vera. Hafnarvirkin hafa því alltaf verið að ganga úr sér og bila, og hefir það valdið miklum aukakostnaði. Óhöppin í Vestmannaeyjum og sá geypilegi kostnaður, sem þar er á orðinn, stafar af þessu.

Hinsvegar er alls ekki rétt að halda því fram, að Vestmannaeyingar geti ekki greitt þessi hafnarlán með tíð og tíma, svo ríkissjóður biði engan halla af ábyrgðum sínum fyrir þetta mannvirki þar. Og ég vil einmitt í því sambandi benda hv. þm. V.-Húnv. á, hverja þýðingu hafnargerðin í Vestmannaeyjum hefir haft fyrir ríkissjóð, að tekjur hans af Vestmannaeyjakaupstað hafa aukizt úr 71 þús. kr. á ári upp í 570 þús. kr. á þessum árum síðan hafnargerðin var gerð. Án þess að hafa höfn í Vestmannaeyjum væri alveg ógerningur að reka þar slíka útgerð sem þar hefir verið á síðari árum, svo þessi aukning á tekjum ríkissjóðs af Vestmannaeyjum stafar eingöngu af þeim möguleika, sem höfnin hefir skapað. Og þetta á við um fleiri veiðistöðvar en Vestmannaeyjar. Væru fullkomin hafnarmannvirki í veiðistöðvum hér við Faxaflóa, mundu þær vegna bættrar aðstöðu, hliðstætt við Vestmannaeyjar, gefa auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Þannig myndi útkoman verða yfirleitt af hafnabótunum. Þess vegna er engin ástæða til þess að veifa því sem grýlu í þessu máli um áhættu ríkissjóðs, hvern skaða hann hafi beðið vegna ábyrgðarinnar á hafnarlánum Vestmannaeyinga. Þó að hún hafi verið ríkissjóði óvenjulega þungur baggi, þá hefir óbeini hagnaðurinn aukizt stórkostlega, og það bendir skýrast á, hvað hafnarmannvirki eru geysilega þýðingarmikil undirstaða fyrir útveginn og aukna framþróun og velmegun í landinu.

Nokkrir þdm., og þar á meðal hv. frsm. meiri hl., 1. þm. S.-M., hafa haldið því fram í þessum umr., að heppilegast væri að koma skipulagi á þessi mál með því að gefa út heildarlög um hafnargerðir hér við land. Ég get nú ekki skilið, í hverju það liggur, að heildarlög verði heppilegri, ef þau eru byggð á sama grundvelli og sérlög fyrir hverja einstaka höfn, þegar það er fram tekið, að í hvert sinn skuli veita fé til slíkra framkvæmda í fjárl. Þó að samþ. séu sérstök lög um hafnargerð á hverjum stað, þá þýðir það alls ekki það sama og að ákveða útgjöld til slíkra mannvirkja á því ári, sem lögin eru sett. En hin sérstöku hafnarlög innifela það í sér samt sem áður, að lagt skuli fram fé til viðkomandi hafnar úr ríkissjóði samkv. tilteknum hlutföllum og eftir því, sem geta ríkissjóðs á hverjum tíma leyfir. Þess er að vænta, að ríkissjóður geti stutt þessi nauðsynjamál og að það fáist viðurkenning Alþingis fyrir því, að úr ríkissjóði megi í hverjum fjárlögum veita nokkurt fé til hafnarbóta, eins og annara nauðsynlegra framkvæmda í landinu. Þó að sett verði heildarlög um hafnargerðir, þá hefðu þau ekkert meira gildi en símalögin og vegalögin, sem alltaf er verið að breyta, nálega á hverju þingi.

Hv. þm. V.-Húnv. hélt því fram, að það væri ekki rétt að gera þann mismun á hafnarmannvirkjum og bryggjum, að veita ríkisábyrgð aðeins fyrir hafnarlánum, en ekki fyrir lánum til bryggjubygginga. Fjvn. lagði þetta til, og hefir hv. þm. orðið það að hneykslunarhellu. En ég vil benda honum á, að hafnargerð er miklu kostnaðarsamari heldur en bryggjubyggingar, enda miklu þýðingarmeiri og fullkomnari til afnota. Með hafnarmannvirkjum er það tryggt, að hægt sé að leggja afla á land, og þau eru ennfremur til verndar bátum og skipastól, sem þar hefst við eða leitar skjóls. Þar er og hægt að koma upp nýjum fiskverkunarstöðvum og auka við þær, sem til eru, þannig að atvinnuskilyrðin aukist stórkostlega.

Við suður- og vesturströnd landsins háttar víðast svo til, eins og á Akranesi, að stutt er á góð fiskimið, en illmögulegt til sóknar á vetrarvertíðinni, nema skip og bátar hafi aðstöðu til hafnarafnota þar, sem léttast er að sækja á miðin.

Hafnarmannvirki kosta vitanlega miklu meira fé en bryggjur, en afnotin eru líka

margfalt meiri en af bryggjum. Þess vegna er fullkomið samræmi í því að veita eigi aðeins styrk til hafnargerða, heldur og ábyrgð á lánum. Án slíkrar ríkisábyrgðar er heldur alls ekki hægt að koma upp dýrum hafnarmannvirkjum, og er hún því óhjákvæmileg. Það er og vitanlegt, að hafnarmannvirki eru nauðsynlegust í þeim veiðistöðvum, þar sem svo hagar til, að aðalvertíðin er um hávetur, þegar náttúruöflin eru grimmust.

Hv. frsm. meiri hl. hefir gert sér mikið far um að benda á þann voða, sem stefnt sé út í með endurteknum heimildum til stj. til þess að binda ríkissjóð ábyrgðum fyrir lántökum til hafnargerða o. fl., og í ræðu sinni í gær komst hann svo langt, að skýra frá því, að hingað hefðu borizt aðvaranir frá erlendum fjármálamönnum, sem Landsbankinn og ríkisstj. hafa viðskipti við, um að ástæða væri til að fara varlega í því efni að binda ríkissjóð ábyrgðum. Ég hefi ekki heyrt um þetta getið áður. En í öðru sambandi hefi ég heyrt talað um verndun á lánstrausti landsins erlendis, og aðvaranir í þá átt, sem hv. 1. þm. S.-M. var þá ekki uppnæmur fyrir, í stærra og alvarlegra máli en því, sem nú liggur fyrir. Það kemur því úr hörðustu átt, að þessi hv. þm. skuli bera fram aðvaranir gegn ábyrgðum ríkissjóðs fyrir lánum til mannvirkja, sem eru undirstaða undir þróun og framtíð landsmanna. — Það er ennfremur kunnugt, að þessi hv. þm. hefir á þremur undanförnum þingum farið fram á að fá ábyrgð ríkissjóðs fyrir lántöku til margskonar fyrirtækja í sínu kjördæmi. Á Alþingi 1927 fyrir tóvélaverksmiðju á Reyðarfirði, ábyrgðarheimild, sem ég veit ekki, hvort notuð hefir verið; nam hún 25 þús. kr.; á þinginu 1928 flutti 1. þm. S.-M. beiðni um ábyrgð á 125 þús. kr. láni til skólahússbyggingar á Norðfirði. Á þinginu 1929 fékk hv. 1. þm. S.-M. ríkisábyrgð fyrir 80 þús. kr. rafveituláni fyrir Búðahrepp, og á þessu þingi fer hann fram á að fá ríkissjóðsábyrgð fyrir 100 þús. kr. láni til samvinnufélags Eskfirðinga til skipakaupa. Þar bindur hann sig ekki við ⅓ hluta af verði bátanna, heldur ¾ af kostnaðarverði þeirra.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að á síðustu tveimur þingum hafa verið samþ. ábyrgðarheimildir fyrir fullri 1 millj. kr. á hvoru þinginu fyrir sig, og hv. 1. þm. S.-M. hefir lagt blessun sína yfir þær, en engu andmælt.

Hv. þm. sagði hér áður í ræðu sinni, að ríkissjóður væri nú bundinn ábyrgðum fyrir 11 millj. kr., sem að mestu væri fyrir lánum til hafnarmannvirkja. Ég hefi nú leitað mér upplýsinga um þetta efni í stjórnarráðinu, og þegar þetta var athugað síðastl. haust, þá hafði ríkissjóður gengið í ábyrgð fyrir 5548 þús. kr. lántökum. Gamalt máltæki segir, að fáir ljúgi meiru en helming, og það er nú svo, að hv. 1. þm. S.-M. hefir tekizt svona hér um bil að tvöfalda þessar ábyrgðir. Ég veit til þess, að ýmsar ábyrgðarheimildir eru til, sem ekki hafa verið notaðar, og þessar upplýsingar hefi ég fengið hjá skrifstofustjóranum í fjármálaráðuneytinu. Við þetta má að vísu bæta ábyrgðarheimild fyrir 1200 þús. kr. vegna Landsbankans; um þá heimild greiddi hv. þm. atkv. og var henni fylgjandi. Hv. þm. gaf í skyn, að þessar ábyrgðir ríkissjóðs væru að mestu leyti fyrir lántökum til hafnarmannvirkja, sem að ýmsu leyti hefðu orðið vanskil á. En síðastliðið haust voru ábyrgðir ríkissjóðs fyrir lánum til hafnarvirkja 1270 þús. kr. Það var nú allt og sumt.

Með þessum skýringum, sem ég nú hefi gefið, ætlast ég til, að kveðinn sé niður sá draugur, sem hv. 1. þm. S.-M. hefir vakið upp og beitt með ýmiskonar ógnunum, til þess að sporna við því, að ríkissjóður yrði bundinn ábyrgðum samkv. ákvæðum í frv. þeim, sem fyrir þinginu liggja um hafnargerðir. Þar sem hann hefir látið mjög ákveðin ummæli falla í þessa átt í umr. um hin hafnarlagafrumvörpin, þá fannst mér skylt að láta þessar upplýsingar koma fram nú.

Þriðji maðurinn, sem hreyft hefir andmælum gegn þessum hafnarlagafrv., á þeim grundvelli, sem þau eru flutt, er hv. 4. þm. Reykv. Hann komst þannig að orði um okkur flm. þessara frv., hv. þm. Skagf., hv. 2. þm. Eyf. og mig, að við flyttum þessi frv. með tilliti til þess, að ef við fengjum þau samþ. í þinginu, þá þættumst við standa með pálmann í höndunum gagnvart kjósendum okkar og værum að viðra okkur upp við þá. Þetta voru nú

þær hvatir, sem hann ætlaði okkur. Hv. þm. gat ekki ímyndað sér, að meiri alvara væri á bak við þennan málaflutning okkar né aðrar hvatir en þessar. Engum var betur trúandi til þess en honum að túlka þannig sinn eiginn hugsunarhátt; hann má bezt vita, af hvaða hvötum hann berzt fyrir málum. En hv. þm. skjátlast algerlega um tilgang okkar. Okkur er vel ljóst, hvað mikið veltur á þessum mannvirkjum fyrir framfarir atvinnuveganna í landinu, og þar kemst engin fordild að.

Þegar hv. þm. tók fyrst til máls um þessi hafnarlagafrv., áður en nokkur atkvgr. fór fram um þau, þá var tónninn í ræðum hans á þá leið, að hann spurði, hvort einstökum þm. ætti að líðast það að fara svo djúpt niður í vasa þjóðarinnar til fjárframlaga eins og gert væri með þessum frv. okkar. Ég skal ekkert útlista, hvað í þessu muni felast. En ég vil aðeins vekja athygli hv. þdm. á þeim hugsunarhætti, sem á bak við þetta er, ef þeir hafa ekki tekið eftir honum áður. Eins og nú standa sakir í þessum efnum, þá eru hafnarmálin, eins og ég hefi áður lýst, einhver hin mestu nauðsynjamál þjóðarinnar. Og á þeim stað, sem hér er átt við, á Akranesi, kallar þörfin svo á eftir þessum framkvæmdum, að ég vænti þess fastlega, að hv. þm. verði sammála um að veita þann stuðning, sem þarf, til þess að gera það kleift fyrir Akranesbúa að hrinda þessu máli í framkvæmd. En ef ekkert er gert og engar umbætur fást á þessu sviði, þá verður dregið svo úr framkvæmdahug og framfaramöguleikum á þessum stað, ekki einungis á sviði sjávarútvegsins, heldur og á sviði landbúnaðarins, að framtíð héraðsins, sem liggur að Akranesi, er mjög óviss. Verði höfnin ekkert bætt frá því, sem hún er nú, þá verður ómögulegt að auka útgerðina heima fyrir, auk þess sem hún er nú mjög óviss, vegna þess hvað bátalegan er slæm á staðnum og innsigling fyrir báta hættuleg í brimi. Og það kemur líka ósjaldan fyrir, að bátar verða að hverfa frá og leita nauðlendingar annarsstaðar. Þá er ekki í annað hús að venda en að reyna að komast til Reykjavíkur. Ég geri nú ráð fyrir, að hv. þdm. geti gert sér ljósa grein fyrir því, hversu notalegt það er fyrir sjómennina, sem komnir eru að landi eftir nær sólarhrings svalk við að leggja og draga línuna, og oft í vondum veðrum og úfnum sjó, að verða að hverfa frá og freista þess upp á líf og dauða að ná höfn langt fjarri heimilum sínum og sifjaliði. Ég vænti þess, að hv. þm. geti sett sig í spor þessara manna og aðstandenda þeirra, sem alvara lífsins leikur tíðum svo grátt. Það er næsta napurt fyrir heimilisföðurinn, sem leggur að landi með björgina til heimilisins, að eiga þess að síðustu engan kost að ná heim til konu sinnar og barna, heldur hleypa undan sjó og veðrum þangað, sem einhver von er um að ná lendingu. Það er sannarlega enginn barnaleikur, sem er hlutskipti sjómanna við Faxaflóa; það er hinn grimmi leikur lífs og dauða, geigvænlegt stríð við hatrammar höfuðskepnur.

Ég vil svo að lokum mega vænta þess, að hv. d. taki þessu máli vel og geri því sömu skil og hinum hafnarfrv., og láti það ganga greiðlega í gegn. Ef frv. verður samþ. á þeim grundvelli, sem það er flutt á, þá er ég þess fullviss, að með því er lagður grundvöllur að skynsamlegri framkvæmd og bygging þeirra mannvirkja, sem í framtíðinni munu verða ríkinu til tekna og atvinnulífinu til farnaðar og heilla.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Hv. þm. Borgf. var óvenjugunnreifur í síðustu ræðu sinni, og var það einnig í gær, enda má telja þessa ræðu hans síðustu eins og framhald af ræðum hans í gær.

Ég mun nú ekki svara þessari löngu ræðu orði til orðs, né heldur átelja það, þótt hv. þm. fylgi kappsamlega þessu máli. Ég vil aðeins leiðrétta það, sem hann fór skakkt með og lýtur að mínum afskiptum af þessu máli.

Hv. þm. sagði, að ég væri á móti hafnargerð á Akranesi, og þetta leyfði hann sér að staðhæfa fullum fetum.

Þetta er auðvitað á engum rökum byggt og fullkomin fjarstæða. Ég hefi þvert á móti lagt til, að þessu máli verði sinnt með miklu framlagi og ábyrgð frá ríkissjóði, en auðvitað ekki jafnmiklu og hv. flm. vill vera láta. Get ég í því sambandi skírskotað til þeirra ummæla, sem ég hefi haft um nauðsyn hafnarbóta á Akranesi, þar sem ég hefi afdráttarlaust

haldið því fram, að hún væri þar meira aðkallandi en víðast annarsstaðar. Ég held því, að hv. flm. hafi tekið árinni helzt til djúpt í, er hann lýsti andstöðu minni við þetta mál.

Hann átaldi till. meiri hl. í mörgum efnum, t. d. um það, að setja beri heildarlög um hafnargerðir. Ég skal nú ekki deila við hann um þá till., en svo virðist mér þó, að slíkt fyrirkomulag hafi margfalda yfirburði yfir núverandi skipulag — eða skipulagsleysi. T. d. má benda á þann auðsæja kost, að með slíkum heildarlögum myndi falla niður þessi eilífa togstreita um einstakar hafnir, líkt og var um brýr, þangað til brúarlögin komu, 1919. Áður en þau lög komu, var deilt um einstakar brýr frá ári til árs, en síðan eru þær deilur úr sögunni að kalla.

Nú fannst hv. þm. það sitja miður á mér en mörgum öðrum þm. að vilja láta takmarka ábyrgð ríkisins á lánum til hafnargerða, þar sem ég horfði ekki í ábyrgðir, þegar mitt kjördæmi ætti í hlut.

Ég skal fúslega gera samanburð um þetta við hans kjördæmi: Ríkið ábyrgist fyrir mitt kjördæmi 2 lítil rafveitulán, sem alls nema 170 þús. kr. En með till. minum og meiri hl. n. er mælt með þrefalt hærri ábyrgð til eins hrepps í hans héraði, Akraneshrepps, auk þess sem áður hefir verið tekin ábyrgð á Mjallarláni og fleiru fyrir hans hérað. — Og auk þess er nú svo ástatt, að tekjur ríkissjóðs af minu kjördæmi munu vera allt að því tífaldar við hans kjördæmi. Ég sé því ekki, að ég halli í nokkru á hv. þm. eða kjördæmi hans í till. minum. Hitt skal ég viðurkenna, að ég tel, að fengnum upplýsingum um þá hættu, sem getur stafað og hlýtur að stafa af sífelldum ábyrgðum á hendur ríkinu, að gæta þurfi fyllstu varúðar um þá hluti.

Að vísu dettur mér ekki í hug, að hægt sé að fella slíkar ábyrgðir með öllu niður, heldur hitt, að gjalda verði frekar varhuga við þeim en hingað til hefir verið gert.

Þá lýsti hv. þm. því yfir, að ég hefði gefið ranga skýrslu um ábyrgðir ríkissjóðs. Og hann tók jafnvel svo djúpt í árinni, að staðhæfa, að ég hefði beinlínis falsað skýrsluna um meira en helming. Þetta eru ærið stór orð, og efa ég stórlega, að hv. þm. geti staðið við þau. Ég vil því láta hann vita það, að ég hefi í höndum skýrslu um þessi mál frá fjármálaráðuneytinu, og samkv. henni nema ábyrgðirnar yfir 11 millj. króna. Ég hefi því ekki sagt meira en ég get staðið við, og gæti hv. þm. því sparað sér slík gífuryrði. Reyndar eru ekki allar þessar ábyrgðir vegna hafnarmannvirkja, en þó verulegur hluti þeirra. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þessa skýrslu upp hér í deildinni, en ég hefi á reiðum höndum sannanir fyrir því, að ég hefi farið rétt með þá skýrslu, sem ég hefi gefið hér um þessar ábyrgðir.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hlaupa fram fyrir skjöldu vegna annara þm., sem hér eiga hlut að máli, enda munu þeir sjálfir færastir og fúsastir til þess að verja gerðir sínar og skoðanir. En að því er kemur til þeirra orða minna í gær, sem hneyksluðu hv. þm. svo mjög, að farið yrði höndum um þetta frv. síðar meir, þá átti ég við það, að frv. ætti eftir að ganga í gegnum 3. umr. hér og allar umr. í Ed., og ég get búizt við því, að einhver lagfæring geti á frv. orðið á þessari leið. En bezt þætti mér, vegna hv. þm. Borgf., að frv. gengi fram eftir till. meiri hl. sjútvn., enda væri þá vel við málið skilið. Frekar hirði ég ekki að svara hv. þm. Borgf. að þessu sinni.

Hannes Jónsson:* Af því langa máli, sem hv. þm. Borgf. flutti hér í deildinni, býst ég ekki við að svara nema fáu. Vil ég þó taka fram, út af því, sem hann vék að ræðu minni um framlagið til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, að hann taldi það hafa verið svo hátt vegna þess, að ekki hefði verið ætlazt til að nema ¼ hluti kostnaðarins væri beinn styrkur. Ég get viðurkennt, að þetta er rétt, svo langt sem það nær. Við skulum láta tölurnar tala. Ríkissjóðsframlagið til þessarar hafnar er orðið um 1100 þús. kr. Þar af eru greiðslur samkv. lögum frá 1919 um 975 þús. kr., að meðtöldu því fé, sem búið var að veita fyrir þann tíma. Ef nú lögð væri til grundvallar sú meginregla, sem nú er fylgt, þá ætti ríkissjóðsframlagið að vera um 466 þús. kr. Það er þess vegna búið að leggja meira en hálfa millj. kr. umfram það, sem talið er sanngjarnt,

að ríkið leggi til slíkra fyrirtækja. Hér er því ekki um neina smámuni að ræða. Með lögunum frá 1919 var áætlað, að hafnarmannvirkin myndu kosta um 1400 þús. kr., og ef ríkið hefði tekið á sig að greiða ⅓ kostnaðar, þá er umframgreiðslan nú orðin ekki minni en yfir 600 þús. kr. Nú er þegar búið að leggja alls um 2 millj. kr. í þessi mannvirki í Vestmannaeyjum, og enn er gert ráð fyrir að leggja allverulega upphæð til þeirra, svo að senn er komið á 3. milljónina. Enda líður ekkert þing svo, að ekki komi fjárbeiðni til þessarar hafnar. Verður sennilega ekki staðar numið fyrr en fylltar eru 3 millj., eða jafnvel tvisvar sinnum 3 millj. kr. Ef þessari stefnu verður fylgt framvegis, þá er þar með ráðstafað tekjuafgangi næstu ára, ef nokkur verður. Þó má engan veginn skilja orð mín svo, að ég sé á móti hafnargerðum í sjálfu sér, því að ég tel þær mjög nauðsynlegar, en hitt vil ég, að gætt sé fullrar varúðar um óhæfilegan fjáraustur til einstakra hafna og að fé því, sem ríkið hefir afgangs í þessu skyni, sé dreift út um landið til hafnarbóta, sem komið geti sem flestum landshlutum að haldi.

Þá sagði hv. þm., að tekjur ríkissjóðs af Vestmannaeyjum hefðu áttfaldazt síðan farið var að vinna að hafnarbótum þar. Þetta má vel vera rétt, en þess ber þá að geta um leið, að tekjur ríkissjóðs í heild hafa fimmfaldazt á sama tímabili, og skattar á almenningi hafa víða hækkað sem þessu nemur. Í þessum efnum nægir að vísa til landsreikninganna. En það, sem hér er einkum um að ræða, er það, hversu mikið af því fé, sem ríkissjóður hefir lagt til hafnargerðar í Vestmannaeyjum umfram rétt tillag, verði endurgreitt. Mín skoðun er sú, að þungt muni verða um innheimtu á þessu fé, en það er að vísu spádómur; en hitt er líka spádómur, að þetta fé muni fást endurgreitt á sínum tíma.

Hv. þm. Borgf. vildi staðhæfa, að með lögunum um hafnargerð á Skagaströnd í fyrra hefði Alþingi eitt skipti fyrir öll slegið föstu um fjárframlagshlutföll til hafnargerða. Þetta hefir við engin rök að styðjast, enda stendur alveg sérstaklega á um Skagaströnd, því að hún er, að áliti sérfræðinga og allra skynbærra manna, einhver sjálfsagðasti hafnarstaðurinn nyrðra, vegna legu sinnar og aðstöðu gagnvart aðliggjandi héraði og síldveiðunum. Það hefir t. d. verið talað um það, að ef reisa ætti aðra síldarverksmiðju ríkisins, þá myndi hún verða reist á Skagaströnd. Ég vil þess vegna enn undirstrika það, að um Skagaströnd stóð alveg sérstaklega á, og að engri átt nær að fylgja endilega þeim hlutföllum framvegis, sem voru látin gilda um þá höfn. Þörfin fyrir slíkar framkvæmdir er svo víða, að ríkið má ekki ætla sér að styrkja allar svo mikið. Það gæti alls ekki risið undir því, enda væri þá lítið afgangs til þess að létta undir og efla atvinnuvegi landsins, þá er ekki síður þurfa þess.

En eitt er athyglisvert í þessu máli. Það kemur nefnilega fram höfuðstefnumunur flokkanna mjög greinilega. Þeir, sem nú berjast ötullegast fyrir þessu máli, það eru þeir menn, sem trúa fyrst og fremst á framtíð landsins á grundvelli aukins sjávarútvegs, en eru vantrúaðri á framtíðarmöguleika landbúnaðarins. Ég vil ekki beint lá þeim þetta, því að þetta er þeirra lífsskoðun. (**PO:** Þessu skal svarað). En við, sem trúum á framtíð hins íslenzka landbúnaðar, við viljum ekki binda allt fé ríkisins við sjóinn; við viljum veita því í aðra farvegi. Við viljum ekki hjálpa sjávarútveginum til þess að koma landbúnaðinum á kné, og ekki styðja þá menn, er að því stefna. (**JJós:** Nú — það er þessi andinn hjá ræðumanni).

Sigurjón Á. Ólafsson:* Það er út af nokkrum orðum hv. þm. Borgf., að ég vil segja nokkur orð. Hefi ég þó enga löngun til þess að deila við hann á þeim grundvelli, sem hann byrjaði. Það er engin ástæða til þess að kasta illyrðum í þessum umr., og sízt ávinningur fyrir hv. þm. Borgf. En þess skal ég þó geta, að þau orð, sem hann hafði eftir mér, voru sumpart rangfærð og sumpart slitin úr réttu samhengi. Í rauninni er ekki svo mikill meginmunur á skoðunum okkar, svo að hann hefði þess vegna getað sparað sér svona langa ræðu að þessu sinni. Ég skal ávallt vera fyrstur til þess að viðurkenna þörf bættra hafna og lendinga, hvar á landinu sem er. Sama get ég því sagt hvað

Akranes snertir. Um þessa hlið málsins er enginn ágreiningur. Um hitt er hinsvegar deilt, hver þátttaka ríkisins eigi að vera í framkvæmd slíkra mannvirkja, og hversu mikið það eigi að leggja af mörkum í hlutfalli við aðra hlutaðeigendur. Ég hefi áður lýst minni skoðun á því atriði, og sé því enga ástæðu til þess að fara frekar út í þá sálma að sinni.

Á undanförnum þingum hafa komið svona kröfur, en það hæsta, sem farið hefir verið fram á þar, er ⅓ hluti kostnaðar. Nú er heimtað hér ⅖ hlutar, og er það fulllangt gengið, ekki svo mjög vegna hverrar einstakrar hafnar, heldur þegar margar hafnir fara fram á það sama. Svona lagaðar fjárbeiðnir eru beinlínis til að tefja fyrir því, að ríkið geti lagt fram fé til hafnargerða, sem er þó bráðnauðsynlegt.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir nokkuð athugað, hvaða munur er á fjárframlaginu og ábyrgðinni í frv. og í nál. meiri hl. Fjárframlagið munar 80 þús. kr., en ábyrgðarheimildin 100 þús. kr. af 1200 þús. kr., sem fyrirtækið á að kosta. Ég veit, að hv. þm. segir, að þetta muni nokkru, en mér er kunnugt um það, að nú er svo högum háttað á Akranesi, að menn þar mundu vilja leggja talsverðar byrðar á sig til að fá þessa höfn, og jafnvel þó að bætt yrði við þeirri upphæð, sem hv. þm. og meiri hl. skilur á um, þannig, að þeir yrðu að taka hana á sig líka. En ég býst nú við, að þó að þetta frv. yrði að lögum, eins og hv. þm. vill og aðrir fleiri, sem slík frv. eiga, mundi verða dagur og vika þangað til ávöxtur sæist af slíkri lagasmíð. Hér er um svo stóra fjárupphæð að ræða af hálfu ríkissjóðs, að það getur orðið örðugt að koma henni inn í fjárl., og þó að það takist, þá sé ég ekki, hvað menn eru bættari að eiga þarna lög, ef til vill árum saman áður en nokkur árangur sést af þeim. Ég er sannfærður um það, að því minna sem farið er fram á, að ríkissjóður leggi fram, því hægara verður að gera það að lögum, og þar sem búið er að samþ. till. minni hl., en það var gert í gær, þá tel ég sjálfsagt að sama gildi um það frv., sem hér liggur fyrir nú.

Ég hefi enga tilhneigingu til að gera upp á milli manna eða héraða í slíkum málum sem þessu, en ég mun auðvitað fylgja þeim till., sem ég hefi verið með og borið fram, þó að þær verði í minni hluta. Annars held ég, að n. hafi tekið málið hálfgerðum vettlingatökum. Mér var það ljóst, að minni hl. í n. var um og ó að bera fram þær till., en réð það þó af. Hinn minni hl. vildi ekkert gera við frv. nema vísa því til stj. Ég var þarna mitt á milli. Ég vildi ekki, að svona merkilegt mál yrði að sæta þeirri afgreiðslu, að það yrði saltað hjá stj. Ég vildi fá málið hér fram, en ekki skrifa undir nál. minni hl. Á síðasta þingi var farin sú leið, sem ég er sannfærður um, að sé rétt, og þá sömu leið hefði ég viljað láta fara nú, en það var það, að hafa ábyrgðarheimildina fulla, en ég sá enga von til, að því fengist framgengt, vegna reipdráttarins milli hinna stærri flokka. Málið er þó komið í þingið fyrir minn atbeina, en annars hefði því verið vísað til stj. (PO: Það hefði nú komið fyrir þingið fyrir því). En þá hefði það fengið aðra afgreiðslu. (PO: Það hefði fengið alveg sömu afgreiðslu). Það er mikil spurning, hvort það hefði orðið.

Ég ætla ekki að ræða frekar við hv. þm. um þau orð mín, sem hann tók út úr samhengi, en aðeins taka það fram, að svona mál, sem lengi bíða eftir framkvæmdum, séu í raun og veru fyrir þann þm., sem ber þau fram, ekkert nema silkihúfa, sem hann getur skreytt sig með framan í kjósendur sína. En hvað sem hv. þm. segir um hvatir mínar viðvíkjandi þeim málum, sem ég hefi borið hér fram, þá hefir raunin orðið sú, að mörg þeirra hafa orðið að lögum.

Sum mál virðast mér vera þess eðlis, að þau eru til einskis nema fyrir fólk að horfa á þau; því miður er það svo um mörg þau frv., sem fyrir þingið hafa komið.

Ég skal ekki fara langt út í aðrar hliðar málsins, aðeins minnast á það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði. Hann var að tala um, að þetta væri barátta. Því er ég algerlega ósamþykkur. Ég vona, að við getum smátt og smátt byggt fleiri og fleiri hafnir meðfram ströndum landsins. Þær eru vitanlega fyrst og fremst þeim til hagsbóta, sem þar búa, en einnig til góðs fyrir allt landið.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. meiri hl. sagðist þurfa að leiðrétta það, sem ég hefði farið rangt með í þessu máli. Hann sagði, að ég hefði sagt, að hann hefði snúizt gegn málinu og því, að ríkissjóður gengi í ábyrgð fyrir hafnargerð á Akranesi. Ég verð að virða hv. þm. þessi orð hans til vorkunnar, vegna þess hvað hann heyrir illa. Ég sagði, að hann hefði snúizt gegn málinu í þeirri mynd, sem ég flutti það, en það getur vel til sanns vegar færzt, að það sé sama og að snúast algerlega gegn málinu, því að það er ekki hægt að hrinda þessu mannvirki í framkvæmd, nema þeir, sem að því standa, fái þann atbeina frá því opinbera, sem farið er fram á í frv. Þess vegna er það það sama og að snúast á móti málinu, að snúast við því eins og hv. þm. gerði.

Hv. frsm. talaði um heildarlöggjöf í þessu efni. Ég hefi áður vikið að þessum fleyg hv. þm. í málinu og bent á, að það er nú til heildarlöggjöf um vegi, síma og brýr, og ég veit ekki betur en verið hafi reipdráttur um þau öðru hverju. Þrátt fyrir það hafa nú 3—4 síðustu árin verið bornar fram breyt. við þau í þinginu, einkum þó vegalögin. Með slíku fyrirkomulagi yrði ekki komið neitt meiri festu í hafnarmálin en ella; reynslan hefir sýnt það, að heildarlöggjöf um hliðstæð efni er sífelldum breytingum háð.

Hv. þm. minntist enn á ábyrgðir. Hann sagðist raunar hafa flutt till. um tvær ábyrgðir, sem teknar hefðu verið fyrir hans kjördæmi, en ég benti hv. þm. á, að hann hefði verið á ferðinni með aðrar tvær, og þar á meðal eina stóra ábyrgð, á sama tíma og ég fer fram á þessa ábyrgð fyrir Akranes. (SvÓ: Hún var minni). Já, hún var minni, en þegar bætt er við hana hinum ábyrgðarheimildum hans, þá held ég, að bilið verði ekki svo langt. (SvÓ: Jú, það er geysilangt). Og sei-sei nei.

Hv. þm. talaði um skýrslur, sem við hefðum fengið úr stjórnarráðinu um þessar ábyrgðir. Mín hljóðar upp á 5 millj. 71 þús. kr. Þar má bæta við þeirri 1 millj., sem tekin var ábyrgð á nú nýlega. Þá eru það 6 millj. 71 þús. Auk þess hefi ég dregið saman þær ábyrgðarheimildir, sem ríkið hefir veitt á síðustu árum, en ekki verið notaðar, og eftir þeirri skýrslu, sem ég hefi fengið frá stjórnarráðinu, eru þær til samans 1 millj. 55 þús. Til samans er allt þetta yfir 7 millj. Munurinn er því nokkuð mikill hjá okkur. Ég veit ekki, hvort hann hefir tekið með þessa 1 millj., en hafi hann ekki gert það, þá er það aðeins til þess, að bilið á milli okkar er ennþá stærra. Mín skýrsla er undirskrifuð af skrifstofustjóra fjármáladeildar stjórnarráðsins.

Það var auðheyrt á hv. þm., að hann var búinn að gefa upp alla von, að hann fengi vilja sínum framgengt í þessu máli hvað afgreiðslu þess snerti. En í innstu sálarfylgsnum hv. þm. fólst ofurlítill vonarneisti, að vera kynni, að einhverjir þm. andlega skyldir honum kynnu að vera í Ed. Á það setur hann nú sitt traust, að vera muni eitthvert tryggingarfélag eða ábyrgðarfélag í Ed., þar sem hann geti tryggt skoðanir sínar. Þannig heldur hann, að sú skoðun muni verða ofan á, enda lét hann nú fyrir skömmu þau orð falla hér í deildinni, að það skyldi verða farið höndum um þetta frv. En það er vitanlegt, að ef á að fara þeim höndum, sem hv. 1. þm. S.-M. vill, bæði um þetta frv. og önnur hliðstæð, þá er það sama og að sigla þeim í strand, svo að ekkert verður bætt úr þeirri brýnu nauðsyn, sem er fyrir hafnarbætur víðsvegar með ströndum fram.

Afstaða hv. þm. V.-Húnv. kom mér ekkert undarlega fyrir sjónir. Hann hefir talað tvisvar eða þrisvar áður í öðrum hafnarmálum, og það væri ekkert undarlegt, þó að hann talaði 3—4 sinnum í þessu máli, af því hér er um stærsta fjárupphæð að ræða. Hv. þm. var að tala um Vestmannaeyjahöfn og hvað illa ríkissjóður hefði orðið úti fyrir það, að hann gekk í ábyrgð fyrir Vestmannaeyinga, þegar höfnin var byggð þar. Ég hefi áður svarað þessu, en ég vil aðeins segja hv. þm. það, að þótt ríkissjóður yrði að greiða það fé, sem hann er í ábyrgðum fyrir út af Vestmannaeyjahöfn, — sem þó ekki kemur til —, þá hefir ríkissjóður samt stórgrætt á því fyrirtæki, því að tekjur ríkissjóðs af Vestmannaeyjum hafa 8-faldazt á þessu tímabili, og það er höfninni að þakka. Ég vil og benda hv. þm. á það, að tekjumismunur ríkissjóðs

úr Vestmannaeyjum áður og nú greiðir á 4 árum allt það fé, sem ríkissjóður hefir lagt í höfnina. Af þessu getur hv. þm. séð, hversu mikla þýðingu þetta mannvirki hefir haft almennt skoðað. Enda er það svo um hafnargerðir yfirleitt, að þær eru grundvöllurinn undir því, að hægt sé að nota hin fullkomnari útgerðartæki. Hvernig mundi vera ástatt með togarautgerðina t. d. að taka, ef ekki væru til hafnarmannvirki að afgreiða þá við?

Ég skal ekki fara langt út í það, sem hv. þm. talaði um Skagaströnd. Hann hélt margar ræður um það í fyrra, sem allar gengu út á að sýna fram á það, hvað Skagaströnd væri óheppilegur verzlunarstaður fyrir Húnavatnssýslu. Raunar greiddi hann atkv. með því frv. eftir allt saman, og tók þannig þátt í því með öðrum að leggja þann grundvöll, sem þá var lagður með framtíðarþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum yfirleitt.

Hv. þm. sagði, að þeir, sem stæðu að hafnargerð á mismunandi stöðum, tryðu meira á sjóinn en hann og þeir, sem fylgdu honum að málum, tryðu á landbúnaðinn. Þetta er háskalegur misskilningur hjá þm. Þarna er ekki um neinn skoðanamun að ræða í þessu efni. Hvaðan hefir það fé komið, sem beint og óbeint hefir verið varið til eflingar og styrktar landbúnaðinum nú síðustu árin? Það hefir langsamlega að mestu leyti komið frá sjávarútveginum. Þetta er í sjálfu sér mjög eðlilegt, því atvinnurekendur við sjávarsíðuna hafa orðið á undan hinum með að koma sér upp breyttum og bættum atvinnutækjum, og þar af leiðandi staðið betur að vígi en landbúnaðurinn, sem dregizt hefir aftur úr í þessu efni. Það er þess vegna engu síður nauðsynlegt fyrir landbúnaðinn en sjávarútveginn, að það opinbera stuðli að því, að slíkum mannvirkjum og þeim, er hér um ræðir, verði hrundið í framkvæmd. Enda er það svo um ræktun kauptúnabúa og kaupstaða, að hún byggist beinlínis á því, að sjávarútvegurinn geti lagt fram það fé, sem í upphafi þarf til ræktunarinnar. Hér er því ekki um neinn skoðanamun að ræða í þessu efni, en það er fráleit kenning og háskaleg, sem fram kom í þessum ummælum hv. þm. V.-Húnv. Slíkur hugsunarháttur er til að ala á tortryggni og sundrung í þeim málum, sem lífsnauðsyn er á, að allir séu samtaka um.

Ég skal að lokum benda hv. þm. V.-Húnv. á, að Akraneskaupstún hefir keypt stóra jörð þar í nágrenninu með miklum ræktunarskilyrðum, og langsamalega stærsti þátturinn í því, að kauptúnsbúar verði þess megnugir að koma fram vilja sínum og áformum um stórfellda ræktun þar, er það, að skilyrðin til útgerðar á Akranesi verði bætt með því að byggja þar höfn. Þetta mál er því jöfnum höndum landbúnaðarmál fyrir þetta kauptún. Þar að auki mundi höfnin vera ómetanleg fyrir allt Borgarfjarðarhéraðið að því er snertir alla verzlun og viðskipti. Þessi höfn mundi því — og svo er það um slík fyrirtæki yfirleitt — veita stuðning bæði beint og óbeint til lands og sjávar.

Þegar hv. þm. er að stangast við hafnargerðina, þá er hann að spyrna á móti alhliða viðreisn atvinnuveganna. Þar ber okkur á milli, því að hér er hann að berjast móti framförum bæði til lands og sjávar. Hann má því vita það, sá hv. þm., að það er aðeins að berja höfðinu við steininn, að vinna svona af alefli á móti þessum nauðsynlegu framkvæmdum.

Framfarahugur þjóðarinnar er mikill, og svo að segja allar framkvæmdir í landinu hafa komið á síðasta mannsaldri. Það er því ekki á færi þessara þm., sem hér eru nú með sveittan skallann að stritast við að hindra framkvæmd framfaramála, að drepa framkvæmdahug landsmanna. Þeirra lítilmannlega aðstaða til þessara mála getur ef til vill í bili orðið þess valdandi að tefja fyrir framgangi þeirra, en að ætla sér slíkt til frambúðar er bara að berja höfðinu við steininn.

Hv. 4. þm. Reykv. þarf ég engu að svara. Það eina, sem hann telur sér til ágætis í þessu máli, var það, að hann hefði komið málinu úr nefndinni og inn í deildina. En ég vil segja honum það, að það er skammt skref á leið málsins, en verð þó að telja það eftir vonum hjá hv. þm., því að hann hefir verið kominn út í öngþveiti með afstöðu sína til þessa máls. En það bætir nú lítið úr skák, og því síður, sem hans till. hér í deildinni eru þannig, að ef þær gengju fram, þá er engin von til, að málið fengi þá úr-

lausn, sem ætlazt var til og það þarf að fá. Ég verð að segja, að þar sem hv. þm. var að tala um það, að menn væru að skreyta sig með silkihúfum, þá hafi öll afstaða hv. þm. til þessa máls verið sú, að um hana mætti segja, að þar hafi hver silkihúfan verið upp af annari.

Þá er einn liður í brtt. hv. n., sem ég vildi minnast nokkuð á. Hann er um það, að setja inn í frv. ákvæði um það, að sveitarstjórnin fái með samþ. atvmrh. heimild til að taka eignarnámi lönd og lóðir og mannvirki, sem að höfninni liggja. En í því sambandi vil ég bara benda á 3. gr. frv., sem hljóðar svo — með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér", o. s. frv.

Með þessu er það tryggt, að allt, sem þarf til hafnargerðarinnar, má taka án þess sérstök heimild komi til. Brtt. er það víðtækari, að eftir henni má taka allar lóðir og lendur án sérstakrar heimildar, sem að höfninni liggja, en það er stór hluti kauptúnsins. Ég held, að þetta ákvæði sé alls ekki nauðsynlegt, og enda varhugavert að setja það inn í lögin. Ef heill kauptúnsins krefst frekari heimildar en nú felst í frv., þá er það ekki vani Alþ., að slíkri heimild sé neitað. En fyrr en nauðsyn krefst þess er ekki vert að veita slíka heimild. Með brtt. er líka brotin sú meginregla, að Alþingi veiti þessa heimild, því samkv. brtt. á það að vera sveitarstjórnin með leyfi atvmrh., sem ákveður, hvað taka skuli eignarnámi. Það er líka í samræmi við afgreiðslu á frv. um forkaupsrétt kaupstaða, sem fellt var hér nýlega, að þessi brtt. verði einnig felld. Ég geng líka að því vísu, að Alþ. muni veita leyfi sitt til eignarnáms, þegar nauðsyn er fyrir hendi.

ATKVGR.

Brtt. 241,1 felld með 13:10 atkv.

1. gr. samþ. með 13:2 atkv.

Brtt. 241,2 felld með 13:9 atkv.

2. gr. samþ. með 13:2 atkv.

3.—5. gr. samþ. með 13:2 atkv.

Brtt. 241,3 felld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, GunnS, HStef, HJ, IngB, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, JörB.

nei: BSt, EJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

Fimm þm. (BSv, ÁÁ, HG, HV, TrÞ) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 13:2 atkv.

Brtt. 218 (ný 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

8.—10. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 241,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

12.—19. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:3 atkv.

Á 55., 67., 69., 70. og 71. fundi í Nd., 17. og 31. marz, 2., 3. og 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 293).

Héðinn Valdimarsson: Við jafnaðarmenn höfum hugsað okkur hafnarlögin öðruvísi afgr. en komið hefir fram hér. Við álítum eðlilegt, að þeir, sem fá ríkissjóðsstyrk og ábyrgð ríkissjóðs, leggi líka eitthvað fram sjálfir. En eins og frv. eru nú, er ekki um það að ræða. Við viljum samt ekki meina frv. að ná fram að ganga, a. m. k. til Ed., og greiðum þeim því atkv., eins og þau liggja fyrir núna.

Pétur Ottesen: Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að þau eiga ekki við um þetta frv., um hafnargerð á Akranesi. Það er gert ráð fyrir, að Akurnesingar leggi þegar sjálfir fram 220 þús. kr.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég vildi taka það fram um þessi hafnarfrv., að þar sem búið er að fella till. meiri hl. sjútvn., sé ég mér ekki fært að fylgja frv. og mun því greiða atkv. á móti þeim. Ég fylgi ekki frv. jafnvel þó að ég viður-

kenni, að hafnir t. d. á Akranesi og Sauðárkróki ættu sem fyrst að fá afgreiðslu.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Hv. 4. þm. Reykv. hafði orð á því hér í hv. d., hversu illa ég hefði sótt fundi sjútvn., þar sem ég hefði aðeins mætt á 13 fundum af 23. Ég sýndi nú fram á, að ég hefði unnið meira á 13 fundum en hann á 23. Alþýðubl. hefir gert þessa fundarsókn mína að umtalsefni, og af því að ég kem nú auga á mann, sem oft rekur hausinn hér inn í deildina, sem sé fréttaritara Alþýðublaðsins, skal ég geta þess, að húsbóndi hans, hv. þm. Ísaf., hefir mætt á 4 fundum af 23 í fjvn. Getur Alþbl. næst lagt út af þeirri fundarsókn, og verður þá varla dugnaður þm. Ísaf. mikill að dómi þessa blaðs.

Magnús Guðmundsson: Mér kom það undarlega fyrir að heyra hv. 1. þm. S.-M. lýsa yfir því, að hann teldi nauðsynlegt, að hafnirnar kæmust sem fyrst í framkvæmd, en samt ætlaði hann að vera á móti frv. Hann veit þó, að með því að drepa frv. drepur hann hafnirnar, því að það þýðir ekkert að heimta af sveitarfélögum, að þau leggi fram stórfé fyrirfram. Fyrst þurfa þau að fá einhverjar tekjur.

Sigurjón Á. Ólafsson:* Ég verð að segja, að það eru nýir siðir á Alþingi, að þm. leyfi sér að tala við áheyrendur, sem alls ekki geta svarað fyrir sig, og beini til þeirra ákúrum. Þetta er alveg óþekkt í þingsögunni. Hv. 2. þm. G.-K. á ekki að leyfa sér að rísa hér upp og skamma fréttaritara Alþýðublaðsins eins og hann væri þm. Það er hart, að þurfa að kenna hv. 2. þm. G.-K. þetta.

Hv. þm. ætti ekki að vera að belgja sig út af því, sem sagt hefir verið um starf hans í sjútvn. Það, sem sagt hefir verið, er dagsatt. Hitt skal ég gjarnan viðurkenna, að hv. þm. hefir bætt ráð sitt við þá hirting, sem hann fékk.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég talaði alls ekki við fréttaritara Alþýðublaðsins, heldur um hann, og það var mér fyllilega heimilt. Ekki hneykslaðist hv. 4. þm. Reykv., þegar Pálmi Hannesson og Jónas Þorbergsson stóðu í ráðherrahernum á eldhúsdaginn og hlustaði á allt það misjafna, sem um þá var sagt. Og hann hafði ekkert frekar ástæðu til að hneykslast núna.

Annars skal ég skjóta því til þessa siðavandara, að honum væri nær að taka í flokksbróður sinn úr Ed., hv. þm. Ak., sem óð hér uppi eins og dóni í gær og tók jafnvel til máls hér í d.

Haraldur Guðmundsson: Ég heyrði ekki þau lofsyrði, sem féllu í minn garð frá hv. 2. þm. G.-K. um störf mín í fjvn. Ég hugsa kannske, að hv. þm. hafi lagt mig til jafns við sjálfan sig, og ég get verið ánægður með þann vitnisburð frá honum. — Það varð að samkomulagi milli mín og hv. 3. þm. Reykv. og formanns fjvn., að fyrstu daga þingsins fengum við vegna kosningaanna undanþágu frá fundarsókn. Annars ætla ég ekki að metast við hv. þm. um, hvor okkar sé duglegri. Ég býst við, að hv. þm. þyki sinn fugl fagur, en ég ætla ekki að tala um, hvernig mér þykir minn.

Hv. þm. var að kenna dm. mannasiði og felldi þungan dóm yfir framkomu hv. þm. Ak., þegar hann gat ekki stillt sig um að grípa fram í fyrir hv. 2. þm. G.-K. En það mál er þannig vaxið, að hv. 2. þm. G.-K. notaði málfrelsi sitt hér í hv. d. til að gefa í skyn, að ekki væri hægt að byggja á ummælum hv. þm. Ak. í neinu tilliti. Ef hæstv. forseti (JörB) vissi, hvernig hann á að rækja sitt starf, mundi hann hafa sett ofan í við hv. 2. þm. G.-K.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Það er rangt hjá hv. þm. Ísaf., að ég hafi misnotað málfrelsi mitt í sambandi við hv. þm. Ak. Hv. þm. Ak. var flm. þess frv., sem um var að ræða, og ég sagði mína meining um það hreinskilnislega. Hinsvegar veit ég, að bæði hv. þm. Ísaf. og aðrir flokksbræður hv. þm. Ak. sárskömmuðust sín fyrir framkomu hans. Ég hefi oft orðið fyrir því, að efrideildarmenn, t. d. hæstv. dómsmrh., hefir talað um mig í Ed., og hafa það náttúrlega ekki allt verið blíðmæli, eins og nærri má geta.

Ég gat þess, að hv. þm. Ísaf. hefði mætt á 4 nefndarfundum af 23, þó að hann og fréttaritari hans þættust hneykslaðir og skömmuðu mig fyrir að mæta ekki nema

á 13 fundum af 23. Hv. þm. afsakaði sig með kosningaönnum. Ég gæti engu síður afsakað mig með önnum, bæði vegna kosninganna og Íslandsbankamálsins. En úr því að hv. þm. skilur svona vel, að ýmsar ástæður geta legið til þess, að menn mæti ekki á nefndarfundum, á hann ekki að láta fréttaritara blaðs síns haldast uppi að vera með slettur til þingmanna, sem eru ekki sekari en hv. þm. Ísaf. er sjálfur, nema síður sé.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 293).

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 293, n. 541 og 566).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Erlingur Friðjónsson): Ég verð að vísa til þeirra umr., sem hafa farið fram um 1. hafnarfrv., sem er á dagskrá, frv. um hafnargerð á Sauðárkróki. Það er ein brtt. við þetta frv. sama efnis og brtt. við hafnargerð á Sauðárkróki. Legg ég til, að frv. verði samþ. ásamt brtt. með sama skilningi og umr. hafa leitt í ljós viðvíkjandi brtt. á því frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
Brtt. 566 samþ. með 8:6 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
13.—19. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 83. fundi í Ed., kl. 12,30 miðnættis 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 587).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, BK, EÁ, EF, HSteins, IHB.

nei: JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

ÍP greiddi ekki atkv.

Með því að þessi var síðastur starfsdagur deildarinnar, varð frv. ekki útrætt.

28. Ágangur búfjár.

Á 28. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um ágang búfjár (þmfrv., A. 109).

Á 29. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég mun ekki að svo stöddu fjölyrða um þetta mál frekar en hv. meðflm. minn gerði um næsta mál á undan (frv. til ábúðarlaga).

Þótt skoðanir manna kunni að vera skiptar um einstök atriði þessa máls, munu þó allir geta viðurkennt, að nauðsynlegt sé að setja ný lög um ágang búfjár. Það er nú svo, eins og allir hv. þdm. kannast við, að þau lagafyrirmæli, sem gilda í þessu efni, eru frá 13. öld, nefnilega í Jónsbók, og eru því orðin úrelt og að sumu leyti dauður bókstafur fyrir löngu síðan. Það eru að vísu til yngri ákvæði í fjallskilareglugerðum, ákvæði um ágang afréttapenings, en ágreiningur er meðal lögfræðinga um það, hvort frekar gildi ákvæði Jónsbókar eða reglugerðirnar, þegar þessu tvennu ber ekki saman.

Mér er það hinsvegar ljóst, að þótt lög verði sett um þetta efni, þá ná þau engan veginn yfir öll ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma í sveitum út af ágangi búfjár. Það er til gamalt máltæki, sem segir: „Garður er granna sætt", og ég býst við, að ágreiningur út af búfé falli ekki niður milli granna fyrr en girðingar eru orðnar svo almennar, að ágangur geti ekki lengur átt sér stað. Menn kunna nú að segja, að eftir því sem girðingum fjölgi verði þörfin á lagaákvæðum í þessu efni minni, og er það vafalaust rétt, en enn munu þó líða langir tímar áður en girðingarnar geri slík lagaákvæði óþörf. Menn vita, að það er einmitt ágangur búfjár, sem langoftast orsakar nágrannakrit, og hefir oft af þeim sökum sprottið úlfúð og jafnvel fjandskapur milli manna. Hefir lausn slíkra mála oft orðið erfiðari en þurft hefði að vera, vegna þess að skýr lagafyrirmæli vantaði. Nauðsyn nýrrar lagasetningar um þetta efni hefir líka verið viðurkennd á liðnum árum, eins og sést á því, að þær milliþinganefndir í landbúnaðarmálum, sem skipaðar voru 1870 og 1904, hafa báðar tekið þetta mál til meðferðar og afgr. frumvörp um það, þó tillögur þeirra hafi ekki náð fram að ganga. Mþn. sú, er nú starfar, viðurkenndi einnig þessa nauðsyn og taldi því sjálfsagt að gera till. um þetta mál, og er því frv. þetta fram borið.

Eins og allir sjá, sem hafa lesið þetta frv., er aðalstefna þess sú, að allt land sé friðheilagt fyrir ágangi búfjár og hver eigandi búfjár verði að bera ábyrgð á því tjóni, sem ágangur af hans skepnum veldur. Það er enginn efi á því, að svo er víða háttað í sveitum, að sá hluti bænda, sem fátækari er og fjárfærri, líður mikið af ágangi af þeirra hálfu, sem meira eiga af búpeningi. Það er stefna þessa frv. að tryggja rétt þessara manna og að tryggja betur en áður hefir verið gert friðhelgi lands.

Í skýrslum, sem flestir hreppstjórar landsins sendu mþn. þeirri í landbúnaðarmálum, sem starfaði frá 1904—1907, eru nefnd ýmis dæmi því til sönnunar, hversu óþolandi ágangur af búfé sé víða á landinu, og að þeir, sem fáan fénað eiga, verði helzt fyrir honum.

Það getur verið, að einhverjir vilji segja sem svo, að þetta hafi slarkað af vandræðalítið hingað til og muni geta slarkað ennþá, þó að ekki sé farið að setja lög um það.

Þær raddir hafa heyrzt, þó að ekki muni hafa verið rætt mikið um frv. frá því í fyrra, að það mundi verða til þess að auka á deilur í sveitum landsins, en ekki til þess að sefa þær. Ég held, að þetta nái engri átt. Að fá skýr lagaákvæði um skyldur og réttindi manna í þessu efni, álít ég, að verði til þess, að síður verði deilur og óvinátta út af þessu en verið hefir. Ég tel enga hættu á, að þetta frv., ef að lögum verður, verði til að fjölga málssóknum. Ég held, að þegar menn vita skýrt um, hvaða skyldur og rétt þeir hafa í þessu efni, þá muni það leiða til samkomulags í stað þess, að hingað til hefir mönnum oft haldizt það uppi að sýna nágrönnum sínum ágang. T. d. þegar tvær jarðir liggja saman, þannig að varla er hægt að komast hjá því, að búpeningur af annari jörðinni gangi á hinni, mundi fara svo í flestum tilfellum, að gerðir yrðu samningar um það og ákveðnar bætur fyrir áganginn, en hingað til hefir oft verið svo, að menn hafa verið sama og varnarlausir fyrir ágangi.

Ég ætla alls ekki að eyða tíma í það að fara út í einstök atriði þessa frv. Bæði álít ég það ekki rétt samkv. þingsköpum við þessa umr. málsins, og ef byrjað er á því, er ómögulegt að komast hjá að eyða til þess talsverðum tíma. Ég hygg, að málið verði athugað nægilega, bæði í þeirri hv. n., sem fær það til athugunar, og síðan við þær umr., sem um það verða. Ég skal því ekki fjölyrða meira um málið að sinni, heldur legg til, að því verði vísað til landbn. að þessari umr. lokinni.

Hákon Kristófersson: Ég skal verða fáorður um þetta frv. Ég lít svo á, að í því felist ýmsar umbætur, sem eru nauðsynlegar. En ég vil skjóta því til hv. flm. og beina því til n. þeirrar, sem fær þetta mál til meðferðar, hvort þau ummæli séu í frv., sem megi heimfæra upp á það, þegar fénaður gengur í landi annara manna að sumrinu og gerir einatt mikinn usla. Ég vil beina því til hv. þm., hvort ákvæði 13. gr. taki yfir það. Í mínu byggðarlagi eru jarðir víða litlar og heimaland komið

í örtröð vegna þess, að fénaður frá fjármörgum heimilum gengur þar í túni og bithögum.

Ég býst við, að megi segja það um þetta frv., að það þurfi nákvæma athugun, en það er hlutverk n., sem fær það til meðferðar, að taka af því mestu vankantana. Ég er sammála hv. flm., að ég get ekki komið auga á það, að með samþykkt þessa frv. sé stofnað til málaferla í sveitum. Ég býst við að þegar menn hafa ákvæði að fara eftir, verði það til þess, að mönnum verður greiðara að gera samninga sín á milli um ágang búfjár.

Það er vitanlega smáatriði, hvað má reka nálægt landamerkjum annara, en ég tel, að það geti verið óhagkvæmt t. d. á vetrum að mega ekki reka nær landamerkjum granna sinn en til er tekið í frv.

Þegar hv. n. tekur málið til athugunar, vildi ég koma þeirri hugsun inn hjá henni, hvernig eigi að að fara, þegar menn verða fyrir mjög miklum ágangi búfjár að sumrinu.

Hannes Jónsson:* Ég hefi litla tilhneigingu til að mæla með þessu frv., þótt ég geti fallizt á, að það orki tvímælis, hvað langt á að ganga í einstökum tilfellum. Það, sem mér virðist vanta, er ákvæði um, hvernig á að fara að í ýmsum útsveitum, þar sem ekki er afréttarland, en fé gengur í heimahögum. Nú er það víðast þar, sem landþröng er, að menn eru farnir að girða, og það, sem er utan girðingar, er of lítið handa fénaðinum. Og þeir, sem hafa ekki ástæður til að girða, geta ekki notað land sitt, af því fénaður nágrannanna gengur á þá. Fyrirmæli, sem tryggðu þennan rétt einstaklinga, virðist mér, að mættu koma í 6. kafla þessa frv.

Það er eðlilegt, að mþn. hafi ekki getað farið að telja upp sveitir, þar sem svona er ástatt. Það er ekkert undarlegt, þó að hún hafi ekki getað kynnt sér staðhætti alstaðar á landinu. Landbn., sem væntanlega fær þetta mál, athugar þetta og gerir eitthvað til þess að tryggja það, að þessir menn, sem hafa lítið land utan sinnar girðingar, get ekki ofsett á land nágranna sinna bæði sauðfé og sérstaklega hross. Það er áberandi í Húnavatnssýslu, þar sem svona er með ágang hrossa. Á sumum jörðum, sem eru landlitlar og mest land innan girðinga, er fjöldi hrossa, sem á að ganga á þessu landi, en gerir það auðvitað ekki nema að litlu leyti. Svona hagar til t. d. á Vatnsnesinu. Þar getur ekki komið til mála að girða heimalandið, því að þar er svo mikið fjalllendi, að það mundi alls ekki borga sig. Þó er graslendi þar takmarkað. Því er nauðsynlegt, að hver bóndi ofsetji ekki í sitt land. Ég vona, að hv. landbn. athugi þetta atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Ábúðarlög.

Á 28. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til ábúðarlaga (þmfrv., A. 110).

Á 29. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég vildi aðeins óska, að málinu verði vísað til landbn.

Hákon Kristófersson: Ég ætla ekki að hefja langar umr. um þetta mál, en ég hefði þó búizt við, að þessu að sumu leyti merkilega máli yrði fylgt með meiri röggsemi úr hlaði en hv. flm. gerði. Það má nú að vísu segja, að þetta sé gamall kunningi, en mér finnst það hálfskrítið, að þeir menn, sem álíta málið svo þýðingarmikið, skuli ekki hafa komið með það fyrr fram á þingi, því að senn hvað líður mun það nú hálfnað. Þetta sýnir, að hugir manna eru ekki óskiptir í þessu máli og framkvæmd þess.

Ég hefði kunnað betur við — og bjóst satt að segja við því —, að hæstv. stj. hefði borið þetta frv fram, þótt flm. séu að vísu góðir. (**MG:** Þeir eru alveg eins góðir). Flm. eru alveg eins góðir og hæstv. stjórn, segir hv. 1. þm. Skagf., og ég

verð að segja, að það er ekki lítið hrós frá þeim manni, því að allir vita, hvaða álit hann hefir á núv. stjórn!

Það er látið svo, sem þetta frv. sé flutt að tilhlutun hæstv. stj., og það má svo vera, af því að það eru mætir menn, er segja slíkt, en grunur minn er sá, að vilji hæstv. stj. standi ekki óskiptur þar á bak við. Það mun koma fram við umr. þessa máls annaðhvort fyrr eða síðar, hvort þetta hugboð mitt er á rökum byggt eða ekki.

En væri nú svo, að hæstv. atvmrh. væri frekar mótfallinn frv. í þessari mynd, þá furðar mig á því, að hann skuli ekki standa hér upp og mótmæla því, að frv. sé flutt að ósk hans. Ég vil benda á það nú, að sú hv. nefnd ætti að fá sér lögfróða menn til aðstoðar, sem úrskurðuðu um það, hvort engin ákvæði fælust í þessu frv., sem í það minnsta stöppuðu nærri því að vera stjórnarskrárbrot.

Mér er kunnugt um það, að frv. með þessu efni og formi á marga andúðarmenn á landi hér, og almennt hygg ég, að við því hafi verið búizt, að þetta frv. myndi ekki koma hér fram aftur án breytinga frá því, sem það var á síðasta þingi. En ég fæ ekki séð, að því hafi verið breytt að nokkru verulegu leyti, og ég þykist viss um, að þau umbótaákvæði, sem í frv. þessu kunna að felast, muni missa þess marks, sem þeim er ætlað að hæfa.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en vil aðeins geta þess, að ég fæ ekki betur séð en að þetta frv. sé sami gallagripurinn og hér var á ferðinni í fyrra. Ég treysti því, að hv. deild og nefnd geri sitt til að lagfæra frv. þetta, enda hygg ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að meiri hluti landsmanna sé mér sammála um gallana.

Ég læt svo úttalað um málið, en get ekki annað en lýst yfir undrun minni á því, að hæstv. ráðh. skuli ekki láta eitt orð frá sér heyra, og grunur minn er sá, að viðkomandi ráðh. áliti ýms ákvæði frv. miður holl. Hinsvegar er nú orðið svo áliðið þings, að við því má búast, að frv. muni daga uppi, og þá verð ég að segja, að mér finnst illa varið fé og tíma þingsins með því að vekja upp slíka drauga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Jarðræktarlög (stjórn Búnaðarfélags Íslands).

Á 32. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (þmfrv., A. 136).

Á 34. og 36. fundi í Nd., 22. og 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson). Eins og tekið er fram í grg. frv., þá er það borið fram fyrir tilstilli mþn., sem skipuð var á síðasta Búnaðarþingi til að endurskoða stjórnarfyrirkomulag Búnaðarfélags Íslands og koma með tillögur um breyt. á því. Og þar sem ég er sá eini í stj. Búnaðarfélags Íslands, sem kosinn er af Búnaðarþingi, taldi ég mér skylt að koma frv. á framfæri, auk þess sem ég er algerlega samþykkur þessari breyt., sem frv. ráðgerir á stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Þeir, sem kunnugir eru búnaðarmálum, vita, að þau eru enn á gelgjuskeiði hjá okkur og ekki ákveðnar skoðanir manna á milli um, hvaða stefnu ætti upp að taka. Þó má segja, að aðallega hafi komið fram tvær stefnur og þær ræddar dálítið. Önnur er sú, að láta Búnaðarfélag Íslands hverfa úr sögunni og leggja þau mál, sem það hefir áður haft með höndum, undir stjórnarráðið, þannig að sérstök búnaðarmáladeild yrði þá í stjórnarráðinu með líku sniði eins og t. d. á sér stað um vegamál landsins. — Þetta er önnur leiðin. Hin er sú, að efla og styrkja

Búnaðarfélag Íslands sem sjálfstæða stofnun. Út frá þessum forsendum var gengið á síðasta Búnaðarþingi, er sú n. var kosin, er ég minntist á í upphafi ræðu minnar. Og hún leggur til að byggja þennan félagsskap upp frá grunni, þannig að Búnaðarfélag Íslands hafi eitt vald yfir þeim málum, sem undir það heyra.

Það er gert ráð fyrir, að stofnað sé búnaðarfélag í hverri einustu sveit á landinu, og að þau kjósi fulltrúa á sambandsþing. Sambandsþingið velur svo fulltrúa á Búnaðarþing, en Búnaðarþingið kýs stjórn félagsins. Með þessu móti er félagsskapurinn orðinn ein lifandi heild neðan frá og upp úr, og má vænta, að hann geti kveikt það líf, sem til þess þarf að taka á sínar herðar öll þau mál, sem reisa mega íslenzkan búnað úr rústum.

Að vísu hafa til skamms tíma ekki verið búnaðarfélög nema í fáum sveitum, og enn mun allmjög á skorta, að þau séu almenn. En með síðustu breyt., sem varð á jarðræktarlögunum, var það gert að skilyrði, að þeir einir fái styrk, sem starfi í einhverju búnaðarfélagi. Má því vænta, að þessum félögum fjölgi drjúgum, og er þá, eins og ég sagði áðan, komin lifandi heild neðan frá og upp úr.

Ég skal taka það fram strax, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að þessi till. er ekki borin fram af því, að Búnaðarþingið sé óánægt með þá tvo menn, sem Alþingi skipar í stjórn Búnaðarfélags Íslands. Búnaðarþingið er þvert á móti mjög ánægt með þá, enda þori ég að fullyrða, þó að breyt. þessi fái fram að ganga, að þessir tveir menn mundu kosnir í stj. Búnaðarfélagsins eftir sem áður, svo að hér er alls ekki um neitt persónulegt að ræða.

En það hefir Búnaðarþingið þótzt geta séð, að til vandræða gæti horft í framtíðinni, að það skuli ekki hafa yfir stjórn Búnaðarfélagsins að ráða. Það getur hugsazt, að komi upp ágreiningur milli Búnaðarþings og stj. félagsins, og þá getur stj., eins og hún er nú skipuð, neitað að framkvæma vilja Búnaðarþingsins og samþykktir án þess að þingið, fulltrúar bændanna, gætu þar nokkru ráðið. Og geta allir séð, hve óholt það er búnaðarmálum okkar, að þessir tveir aðilar, sem eiga að vinna saman, geti verið hvor upp á móti öðrum.

Hér er því, eins og ég tók fram áðan, aðeins um tvær stefnur að ræða; annaðhvort að leggja búnaðarmálin undir stjórnarráðið, sem yrði þá nokkurskonar skrifstofa þessara mála, eða að láta búnaðarfélögin í landinu ráða. Og ég er ekki í nokkrum minnsta vafa, hvora leiðina eigi að fara. Um sjálf skrifstofustörfin skiptir litlu. Þau gætu út af fyrir sig fallið undir stjórnarráðið. En hér er um meira að ræða. Það er starf allra bænda í landinu og félagsskapur þeirra, sem orðið hefir mesta lyftistöng til þess að glæða áhuga þeirra fyrir aukinni ræktun og bættum búnaði. Og það væri rothögg á allar búnaðarframfarir í landinu, ef ætti að sveifa áhuga manna með því að slíta þessi mál úr lifandi tengslum við bændurna sjálfa og leggja þau undir hálfdautt skrifstofuvald.

Eins og stendur er Búnaðarþingi gefin aðstaða til þess að gera till. um, hvernig verja skuli fé því, er Búnaðarfélagið hefir með höndum, og vald til þess að kjósa einn mann í stjórnina. En það var gert að skilyrði fyrir jarðræktarlögunum og jarðræktarstyrknum, að Alþingi tilnefndi tvo menn í stj. félagsins. Var þetta borið fram með þeim rökstuðningi, að þar sem Alþingi veitti svo mikið fé, þá væri ekki nema eðlilegt, að það skipaði meiri hluta stj. Búnaðarfélagsins, til þess að hafa eftirlit með framkvæmdum þess. En þetta var og er byggt á röngum forsendum. Jarðræktarstyrkjum er fyrirfram ráðstafað af lögunum sjálfum og ekki hægt að koma með kröfur um það, að Alþingi fái fyllra vald en áður hafði verið. Enda er alls ekki um neitt nýtt vald að ræða, sem Búnaðarfélagið fái með jarðræktarlögunum, heldur eins og hver önnur skrifstofukvöð, sem Búnaðarfélag Íslands hefir orðið að inna af höndum.

Ég veit heldur ekki, að þeirri reglu hafi verið fylgt, að þeir menn, sem Alþingi hefir skipað í stj. Búnaðarfélagsins, hafi staðið þinginu nokkurn reikningsskap gerða sinna. Þeir hafa farið sínu fram og gert það, sem þeir álitu sannast og réttast, og löggjafarvaldið gat ekki blandað sér í störf þeirra. Með því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum, er ekkert

samband milli stj. Búnaðarfélagsins og Alþingis.

Milliþinganefndin hefir gert að till. sinni, að atvmrh. fái að skipa annan endurskoðanda félagsreikninganna, og getur atvmrh. í gegnum hann fylgzt betur með störfum félagsins og komið fram sínum vilja og sínum till. á hvaða tíma sem er, og það af þeirri einföldu ástæðu, að hann getur alltaf vitað, hvað er að gerast. Þess vegna fæ ég ekki betur séð en að með þessu móti sé allt eins vel tryggt og áður, og það skipulag miklu eðlilegra, að Búnaðarþingið ráði stj. síns eigin félagsskapar, eins og Alþingi velur stj. ríkisins. A. m. k. óska ég ekki eftir, að stj. búnaðarmála okkar verði lögð undir stjórnarráðið, en vona, að hv. d. fallist á frv. og að þessi breyt. geti komizt sem fyrst til framkvæmda.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. flm. hefir nú gert grein fyrir því, hvers vegna hann hafi flutt frv. þetta.

Þegar jarðræktarlögin voru sett 1923, var það álit manna, að svo mikið starf væri falið Búnaðarfélagi Íslands, er allmikinn kostnað hefði í för með sér úr ríkissjóði, að ekki væri rétt fyrir löggjafarvaldið að láta sama skipulag um stjórn félagsins haldast framvegis.

Umr. frá þeim tíma sýna ljóslega, af hverju Alþingi vildi eiga þennan íhlutunarrétt. Ég ætla þó ekki að fara að lesa hér Alþt. frá þeim tíma, en læt mér nægja að benda á 2. gr. jarðræktarlaganna. Það eru lög nr. 43, 20. júní 1923. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi framkvæmd eða umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði, eða öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins, nema lög mæli öðruvísi fyrir sérstaklega. Meðan Búnaðarfélag Íslands fer með þau mál, sem því eru falin í lögum þessum, útnefnir atvinnumálaráðherra meiri hluta í stjórn þess, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis".

Þingið 1923 taldi sér nauðsynlegt að hafa íhlutun um störf Búnaðarfélagsins, og eins og lög mæla fyrir, er íhlutun þess svo háttað, að atvmrh. skipar tvo menn í stj. félagsins eftir till. landbn. Það er heldur ekki að undra, þó þingið vildi einhverju ráða um stjórn Búnaðarfélags Íslands. Það á ekki einungis að hafa á hendi undirbúning og umsjón með ýmiskonar jarðræktarframkvæmdum, heldur á það og að segja til um það, hvort í þær skuli ráðizt. Búnaðarfélagið hefir því í reyndinni úrslitavald um sum mikilsverð framkvæmdaratriði í jarðrækt og búnaði yfirleitt.

Ennfremur vil ég til frekari glöggvunar benda á, hve miklu fé félagið ræður yfir samkv. núgildandi fjárlögum.

Til Búnaðarfél. sjálfs	kr.	240 þús.
— tilrauna með grasfræ —		10 —
— sandgræðslu ..... —		50 —
— áveitu ..... —		5 —
Gjöld samkv. jarðræktarl. —		375 —
Samtals	kr.	680 þús.

Til skýringar má geta þess, að búizt er við, að einn liðurinn, gjöld samkv. jarðræktarlögunum, fari töluvert fram úr áætlun. Auk þess eru ýmsir aðrir liðir í 16. gr. fjárl., sem ég hefi ekki talið með.

Allir vita, að félagsmenn leggja nær ekkert af mörkum til félagsins sjálfir. Félagsskapurinn getur auðvitað verið góður fyrir því, en það rýrir ekki gildi ákvæðanna frá 1923 um íhlutun ríkisvaldsins. Ég skil satt að segja ekki í því, hvað vakir fyrir þeim, sem búast við, að Alþingi sleppi allri íhlutun um stj. Búnaðarfélags Íslands, en láti það þó hafa þessi mörgu þús. til umráða eftir sem áður. Mér þykir þetta enn furðulegra eftir að hv. flm. hefir lýst því yfir, að samvinnan sé ágæt í stj. Búnaðarfélagsins, og þessir tveir stjórnarmenn, sem skipaðir eru af ríkisvaldinu, hafi staðið svo vel í stöðu sinni, að þeir muni vera áfram í stj. félagsins, þótt þessi breyt. verði. Þegar þetta er athugað, verður enn furðulegra, að hv. flm. skuli fara fram á svo mikla breytingu.

Ég geri lítið úr þeirri íhlutun, sem frv. heimilar ríkisstj., sem sé að velja annan endurskoðandann. Það er vitanlega haldlaust með öllu, þó að sá maður fari gegnum reikninga félagsins, úr því að hann ræður engu um, hvernig fénu er varið. Nefndin, sem kosin var í fyrra á Búnaðarþingi, hefir ekki gert sér ljóst, hve mikla breyt. hún fer fram á. Þessir nm.

áttu tal við mþn. í landbúnaðarmálum um þetta atriði síðastl. haust. Bjuggust þeir við, að mþn. kæmi ef til vildi fram með till. um stjórnarfyrirkomulag Búnaðarfélagsins. Ég skal upplýsa það, að við skýrðum nm. frá því, að till. okkar gengju í gagnstæða átt við þetta frv. Með núverandi fyrirkomulagi á stj. Búnaðarfélagsins er alls ekki gripið inn í starfsemi Búnaðarþingsins, enda á ekki svo að vera. Ég álít, að svo góðir kraftar séu úti um land, að sjálfsagt sé að hafa skipulagið þannig, að fulltrúar úr hinum ýmsu héruðum geti komið saman og ráðið ráðum sínum um búnaðarmál. Ég tel, að ekki sé kominn tími til að leggja félagið undir stjórnarráðið. Þótt þessi félagsskapur sé orðinn nokkuð gamall, er störfum hans samt svo skammt komið, að ekki má gera róttækar breyt. á fyrirkomulagi hans að svo stöddu. Mér finnst leiðinlegt, að sú ósk skuli vera fram komin, að útiloka þingið frá íhlutun um stj. félagsins, ekki sízt vegna þess, að síðustu þing hafa yfirleitt verið greið í svörum við Búnaðarfél. um erindi þess. Verður að vísu að játa, að Alþingi hefir eigi ávallt séð sér fært að sinna þeim öllum, en það hefir þó orðið við þeim eftir beztu getu.

Við, sem greiðum atkv. gegn frv., óskum ekki, að Búnaðarfélagið verði lagt undir skrifstofu í stjórnarráðinu, heldur starfi áfram með sama hætti og nú fyrst um sinn.

Ég vil að lokum bera fram þá ósk, að hv. flm. afturkalli frv. sitt, en geri hann það ekki, vona ég, að hv. þdm. láti það ekki ganga í gegnum þessa hv. d.

Pétur Ottesen: Ég sakna þess, að sjá ekki hæstv. atvmrh. viðstaddan umr. um þetta mál. Mér hefði fundizt vel við eiga, að hann léti hér álit sitt í ljós. Hann hefir yfirstjórn þessara mála, og auk þess kosinn af Alþingi í stj. Búnaðarfélags Íslands.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil drepa nokkuð á andmæli hv. 1. þm. Árn. Hann taldi það aðalástæðuna fyrir íhlutun Alþingis um stj. Búnaðarfélagsins, að Búnaðarfélagið fengi svo mikið fé úr ríkissjóði til umráða. En Búnaðarfélagið hefir um margra ára skeið haft mikið af fé frá hinu opinbera með höndum, og vafasamt, hvort það fær meira fé til umráða nú en áður, þegar þess er gætt, hve mjög útgjöld ríkissjóðs hafa aukizt. Þó heyrðist aldrei nein slík krafa um íhlutun ríkisvaldsins, fyrr en jarðræktarlögin voru samþ.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð Þórarins Jónssonar frá Hjaltabakka, er hann sagði á fundi með Búnaðarfélaginu, þegar rætt var um samþykkt jarðræktarlaganna:

„Þegar fjárveiting til félagsins er aukin að svo miklum mun, sem hér er um að ræða, þá þykir það ekki nema rétt, að atvinnumálaráðuneytið geti fylgzt með því, hvernig fénu er varið".

Þarna sést, að ástæðan til að taka völdin af Búnaðarfélaginu er samþykkt jarðræktarlaganna, en jafnframt skin í gegnum orðin, að fé, sem veitt er samkv. þeim lögum, eigi að fara í hendur Búnaðarfél. Íslands til ráðstöfunar. En þetta breyttist svo, að Búnaðarfélagið hefir nú ekkert yfir þessu fé að segja, þar sem það er ákveðið með lögum og reglugerðum, til hvers því sé varið. Með jarðræktarlögunum er því aðeins lögð kvöð á Búnaðarfélagið að annast þau skrifstofustörf, sem af þeim leiðir, og þeirra vegna er því engin ástæða til að taka valdið af Búnaðarfélaginu. Ummæli hv. 1. þm. Árn. um þetta eru því alveg út í loftið.

Ég álít, að þetta mál hafi verið flutt með röngum forsendum og fölskum röksemdum, og sú ástæða, sem einu sinni var fram borin fyrir því að svipta félagið valdi, sé ekki og hafi aldrei verið til. Hitt er annað mál, að ef hv. þm. telja bændum eigi treystandi til að velja sér menn til að stjórna búnaðarmálunum og annast framkvæmd þeirra, þá er fylgi þeirra við núverandi fyrirkomulag eðlilegt. Annars er fjarstæða að halda, að Alþingi hafi íhlutun um stj. félagsins eins og hún er nú. Þeim tveim mönnum, er það velur í stj. Búnaðarfélagsins, eru ekki lagðar neinar lífsreglur; þeir hafa ekkert skipunarbréf fengið, heldur treystir Alþingi þeim til að fara með þessi mál eins og þeim lízt.

Hv. 1. þm. Árn. mæltist til, að ég tæki till. mína aftur. Ég get ekki orðið við þeim tilmælum, því að ég vil sjá, hvort

hv. d. sýnir því máli, sem flutt er af fulltrúum allra bænda, ekki meiri virðingu en svo, að hún felli það frá nefnd.

Pétur Ottesen: Ég hjó eftir því í síðustu setningunni í ræðu hv. flm., að hann kallaði sig fulltrúa allra bænda. (**BÁ:** Ég átti við Búnaðarþingsfulltrúana). Ég vil nú ekki kannast við, að hann sé nema lítill minni hluti í stjórn Búnaðarfélagsins. Hér eiga sæti tveir menn úr stj. Búnaðarfélags Íslands, og hefi ég áður lýst eftir hæstv. atvmrh., þar sem ég taldi vel við eiga, að deildin fengi að heyra álit hans, einkum þar sem ég ætla, að skiptar skoðanir séu um þetta mál í stj. Búnaðarfélagsins. Ég hefi jafnvel grun um, að hæstv. atvmrh. sé á öndverðum meið við hv. þm. Mýr. í máli þessu, og væri gott, að það kæmi fram, hvort svo væri eða ekki, þar sem hv. flm. segist bera hér fram kröfur fulltrúa allra bænda.

Ef hæstv. atvmrh. er bundinn annarsstaðar, vil ég mælast til þess, að hæstv. forseti fresti umr. unz hæstv. atvmrh. getur látið álit sitt í ljós.

Það er í rauninni óþarfi að fara að andmæla þessu frv., því að hv. 1. þm. Árn. hefir þegar sýnt, hver fjarstæða er hér á ferð. Á Alþingi 1923 voru sett þau ákvæði um stj. Búnaðarfélagsins, er nú gilda, og skyldu þau haldast meðan Búnaðarfélagið hefir þau mál með höndum, er það nú hefir. Hv. flm. segir, að þetta mál hafi verið knúð fram með fölskum rökum og röngum forsendum. Ég átti sæti í landbn., sem flutti málið, og sú n. átti tal um það við Búnaðarþingið. (**BÁ:** Umræðurnar eru hér). Mér er kunnugt um, að þar var ekkert fals á ferðum, heldur var hið bezta samkomulag milli Búnaðarþingsins og landbn. um breytinguna. Ein eða tvær raddir heyrðust andvígar þessu á þinginu, svo eindreginn var sá meiri hluti, sem taldi breyt. sanngjarnt og sjálfsagt skilyrði.

Hv. flm. segir, að grundvöllurinn fyrir breyt. hafi frá upphafi verið rangur, en þó hafi sú breyt. orðið á, að íhlutun þingsins sé enn meiri fjarstæða nú en hún virtist vera í fyrstu. Hann segir, að afskipti Búnaðarfélagsins af fé því, sem veitt er samkv. jarðræktarlögunum, séu aðeins fólgin í einföldu skrifstofustarfi. Hv. 1. þm. Árn. hefir þegar kveðið þessa staðhæfingu niður. Alþingi felur Búnaðarfél. alla umsjá með jarðræktarlögunum, eins og búnaðarmálum yfirleitt. Það á að sjá um, að skynsamlega sé til framkvæmdanna stofnað og að þær séu vel af hendi leystar. Auk þess leggur Alþingi á vald Búnaðarfél., hve hár jarðræktarstyrkur er greiddur á hverjum tíma. Búnaðarfélagið má semja reglugerð, þar sem ákveða má, hvernig skuli úthluta styrknum. Að Búnaðarfélagið sjálft líti svo á, sýna aðgerðir þess síðastl. sumar, þegar það ákvað, að miklu meira skyldi vera lagt í dagsverkið en áður hefir tíðkazt, og jarðræktarstyrkurinn auðvitað lækka að sama skapi.

Af óbyltu landi voru áður í dagsverki 100 □ m., nú 300 □ m.

Af nýrækt voru áður í dagsverki 40 □ m., nú 50 □ m.

Af túnasléttum voru áður í dagsverki 50 □ m., nú 60 □ m.

Þessar breyt. bera vott um meira vald en svo, að hægt sé að kalla þessi afskipti almenn skrifstofustörf, og ég verð að segja, að ég er óánægður með þessar aðgerðir félagsins og tel þær bendingar um, að ekki eigi að leggja umsjón þessara mála skilyrðislaust í hendur þess.

Framkoma þessa frv. virðist aðeins byggjast á því hugboði, að einhverntíma geti komið upp ósamlyndi í stj. Búnaðarfélagsins. Á sliku hefir ekki borið síðustu sjö árin, og finnst mér því ótímabært að gera breyt. af þeim ástæðum, þótt einhverjir þykist geta séð í hillingum, að þetta geti komið fyrir.

Hv. flm. segir, að atvmrh. hafi sömu tök á félagsskapnum og áður, þótt þessi breyt. verði gerð, með því að hann megi velja annan endurskoðandann. Við skulum nú líta á muninn á hlutverki endurskoðanda og stjórnar. Verk endurskoðanda er fólgið í töluendurskoðun á reikningum félagsins, þegar búið er að gera þá upp, og þessi endurskoðun fer ekki fram fyrr en eftir meira en ár. Menn geta þess vegna ímyndað sér, hver munur er á því að hafa íhlutun um stj. á félaginu, eða að hafa þar aðeins einn endurskoðanda, sem athugar reikningana, kannske ári eða þrem missirum eftir að þeir hafa verið greiddir. Það er allt annað en að hafa

mann í stj. félagsins, því að það leiðir af sjálfu sér, að þeir menn, sem stj. félagsins skipa, eru háðir stöðugu eftirliti atvmrh., og hann getur á hverjum tíma gripið inn, ef honum finnst að þeir ætli að ganga í berhögg við það, sem Alþingi hefir falið Búnaðarfélagi Íslands; það er sá stóri munur, sem á því er.

Hv. þm. Mýr. virtist vera töluvert hneykslaður á því, að hv. 1. þm. Árn. minntist á það hér, hve mikið fé Búnaðarfélag Íslands fengi til umráða frá Alþingi. En sú tala, sem hv. 1. þm. Árn. nefndi, var ekki alveg rétt, vegna þess að upphæðin er miklu hærri nú heldur en hv. þm. nefndi, vegna þess að í stjfrv. er farið fram á, að Búnaðarfélagið fái til meðferðar að minnsta kosti 700 þús. kr. Nú er hv. þm. Mýr. ennfremur kunnugt um það, að fjvn. mun leggja til, að þetta verði hækkað nokkuð, og mun því sú upphæð, sem hér er um að ræða, ekki nema minnu en ¾ millj. alls.

Hv. þm. Mýr. taldi það með öllu ástæðulaust, að Alþingi væri nokkuð að skipta sér af fjárreiðum þessa félags, fram yfir það fé, sem ætlað er til styrkja samkv. jarðræktarlögunum eingöngu. En mér finnst, að hv. þm. hafi sjálfur, með flutningi þessa máls, gengið inn á það, að rétt væri, að Alþingi hafi íhlutunarvald um það fé, sem er fyrir utan þetta. Sá hluti grg. frv., sem um þetta fjallar, er að vísu ekki fluttur af hv. þm. sjálfum, heldur af nefnd, sem vann fyrir Búnaðarfélagið, en þar sem hv. þm. hefir tekið þessi orð upp í grg. frv., hefir hann gert þau orð að sínum orðum. Það er verið að tala um mismunandi tryggingu, sem ríkissjóði og Alþingi er í því að hafa íhlutunarrétt í stjórninni eða endurskoðanda. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því fyrirkomulagi getur atvinnumálaráðuneytið á hvaða tíma sem er fylgzt með í meðferð þess fjár, sem í hverjum fjárlögum er veitt Búnaðarfélagi Íslands, og þá gert áhrif sín gildandi, ef því sýnist stefnt til óhófs eða fánýtrar eyðslu".

Þarna gengur hv. þm. inn á það sjálfur, að afskipti ríkisstj. og Alþingis séu ekki einasta bundin við það fé, sem veitt er samkv. jarðræktarlögunum, heldur allt það fé, sem því er veitt í fjárl.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, af því að hv. þm. Mýr. fór að andmæla því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um það, að mikið fé væri veitt til Búnaðarfélags Íslands, og þess vegna væri fullkomin ástæða til fyrir Alþingi, að það hefði nokkra íhlutun um það, hvernig ráðstöfun þess fjár væri hagað. Þar sem svo er um þetta mál, að hér er gerð tilraun til þess að dylja eða draga úr því góða samkomulagi, sem á sínum tíma var á milli Alþingis og Búnaðarþingsins um jarðræktarlögin, og í öðru lagi, þar sem þetta frv. er einungis breyt. á till. Búnaðarfélagsins, og af ótta við að þetta geti rekizt á í framtíðinni, þrátt fyrir það, þótt enginn slíkur árekstur hafi orðið hingað til —, þá finnst mér, eins og hv. 1. þm. Árn. tók fram, að þetta frv. eigi ekki að fara lengra að sinni en það er nú komið. Og það er einmitt með tilliti til þess, sem ég ber þá ósk fram við hæstv. forseta, að hann geri svo vel að fresta umr. þar til atvmrh. gefst tækifæri til að segja álit sitt um það.

Einar Jónsson: Vegna þeirrar glöggu og skýru ræðu, sem síðast var haldin, get ég þegar tekið það fram, að það verður mjög stutt, sem ég þarf að segja.

Það vita nú allir, að það fer ekki verr, þótt hv. þm. Borgf. segi frá atriðunum heldur en ég, og ef ég er þar sammála, læt ég ætíð hjá líða að endurtaka hans orð. Ég er yfirleitt þakklátur þeim tveim hv. þm., sem hafa tekið þetta frv. til athugunar, þeim hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Borgf.; hygg ég það nægilega yfirskoðun á breyting jarðræktarlaganna, sem nú er á dagskrá. En annars datt mér í hug, að rétt væri að minna á gamla málsháttinn: Maður, líttu þér nær, liggur í götunni steinn. Það er annar Þrándur í Götu, sem er stærri en þetta atriði í bændanna garð, sú breyt., sem Búnaðarfélag Íslands hefir leyft sér að taka upp um úthlutun jarðræktarstyrksins á þessu ári, einmitt um það leyti, þegar Alþingi var nýstaðið upp frá störfum og sömuleiðis Búnaðarþingið. Var hvorug þessi stofnun spurð til ráða um það, sem stjórn Búnaðarfélagsins ætlaði sér þá að gera og kom í framkvæmd,

sem var það, að lækka jarðabótastyrkinn að miklum mun, en sú tilbreytni kemur bændum svo illa, að það verður til að hindra framkvæmdir þeirra að stórum mun. Það er þetta atriði, sem mér finnst liggja nær fyrir stj. Búnaðarfélagsins að athuga heldur en að koma fram fyrir þingið með svona frv.

Það er rétt hjá hv. þm., að lækkun styrks með aukinni vinnu í hverju dagsverki mun nema ⅙ hluta kostnaðar. Þetta verður fátækum mönnum svo óhentugt, að það getur algerlega staðið í vegi fyrir því, að þeir geti haldið áfram þeim framkvæmdum, sem þeir annars höfðu hugsað sér og getað komið fram, ef þeir hefðu haft sama styrk. En þar sem búið er að upplýsa, að í öðrum póstum er fjármagn það, sem Búnaðarfélagið hefir yfir að ráða, orðið svo mikið, að nærri lætur 1 millj. kr. — það er nú þegar orðið 700 þús. kr. —, þá fyndist mér ekki úr vegi, að sömu reglu yrði fylgt með val og ákvæði stj., að Alþingi hafi nokkra íhlutun um framkvæmdir stj. þeirrar, sem hefir svo miklu fé yfir að ráða frá alþjóð. Tel ég, að hv. 1. þm. Árn. hafi farið þar mjög sanngjörnum orðum um. En um aðalefni þessa máls vildi ég í fáum orðum segja það, að það er ósk mín, að stj. Búnaðarfélagsins sæi sér fært að hafa sömu reglu um úthlutun jarðabótastyrks eins og áður, en minnka ekki styrkinn að Alþingi og Búnaðarþinginu forspurðu, öllum til ónota og óhagræðis. Óska ég, að réttur Alþingis verði ekki rýrður frá því, sem verið hefir, í vali stj. Búnaðarfélags Íslands, en þar sem hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. hafa tekið flest fram, sem ég vildi sagt hafa, þarf ég ekki að hafa orð mín fleiri að sinni, en vænti þess, að á þá hafi verið hlýtt og orð þeirra tekin til greina.

Forseti (JörB): Þar sem hér er um allþýðingarmikið mál að ræða, en hæstv. atvmrh. gat ekki haft tækifæri til að vera viðstaddur þessa umr., mun ég verða við ósk hv. þm. Borgf., að fresta umr. og taka málið út af dagskrá, — og geri ég það hér með.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég átti ekki eftir nema eina af þeim ræðum, sem ég hefi rétt til að flytja um þetta mál eftir þingsköpum. Af því ég býst við, að fleiri taki til máls um málið nú, vil ég helzt geyma þennan rétt til andsvara. Umr. var frestað síðast vegna hæstv. atvmrh., og væri því æskilegt, ef hann vildi lýsa afstöðu sinni til málsins.

Pétur Ottesen: Það var eftir minni till., að umr. þessa máls var frestað. Sú till. var byggð á því, að ég taldi æskilegt, ef hæstv. atvmrh. vildi lýsa áliti sínu á málinu, þar sem hann bæði hefir á hendi stj. búnaðarmálanna og er einn í stj. Búnaðarfélags Íslands.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er ekki eftir minni ósk, að frv. það, sem nú liggur fyrir, er lagt fyrir Alþ. Ég tel einmitt „praktiskt" að hafa það samband milli Búnaðarfél. og Alþ., sem leiðir af því, að Alþ. skipar tvo menn í stj. Búnaðarfélagsins, eins og nú er. Ég lít á þá menn eins og nokkurskonar fulltrúa Búnaðarfél. Íslands á Alþingi, jafnframt því sem þeir eru trúnaðarmenn Alþingis í Búnaðarfélaginu. En þrátt fyrir þetta tel ég sjálfsagt, að þetta frv., sem borið er fram fyrir tilhlutun mþn., sem búnaðarþingið kaus, fái að ganga til landbn. og athugast af henni.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þegar umr. þessa máls var frestað, átti ég eftir að svara tveimur þm., þeim hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Rang. Sá fyrrnefndi endaði ræðu sína með því að skora á hv. þd. að láta þetta mál ekki komast lengra. En ég tel alveg óviðeigandi að fella frá 2. umr. mál, sem borið er fram af fulltrúum alls þorra bændastéttarinnar íslenzku. Það er alveg óþarfi að snúa þannig út úr þessum ummælum mínum, eins og gert hefir verið, að ég sé með þeim að telja mig sérstaklega fulltrúa allra bænda, því eins og

menn vita, var það mþn„ sem búnaðarþingið kaus, sem gerði þetta frv.

Hv. þm. byrjaði á að tala um, að ákvæðið um, að Alþ. skuli velja tvo menn í stj. Búnaðarfél. Íslands., hafi verið sett með góðu samþykki búnaðarþingsins. Já, það hefir víst verið með álíka góðu samþykki eins og er maður lætur af hendi peninga, þegar sagt er við hann: peningana eða lífið. — Eftir því sem ég veit bezt, verður varla sagt, að meiri hl. búnaðarfulltrúanna hafi látið þennan rétt af hendi með góðu geði. Þeir áttu ekki nema um tvennt að velja, og meiri hl. áleit betra fyrir bændastéttina, að Alþ. fengi að velja 2 menn í Búnaðarfélagsstj. heldur en að jarðræktarlögin væru ekki samþykkt. Krafa Alþingis um meirihl.vald í stj. Búnaðarfélagsins var byggð á því, að Búnaðarfél. fengi svo mikið fé til ráðstöfunar úr ríkissjóði, að íhlutun væri nauðsynleg um meðferð þess. Ég hefi áður sýnt fram á, að þetta er rangur grundvöllur, því lögin ákveða sjálf, hvernig fénu skuli varið. Starf Búnaðarfél. samkv. jarðræktarlögunum er því ekki annað en það venjulega skrifstofustarf að úthluta fé eftir ákvæðum laganna. Hitt er ekki annað en útúrsnúningur og fjarstæða, að ég hafi sagt um störf Búnaðarfél. yfirleitt, að þau væru ekki annað en skrifstofustörf. Hv. þm. taldi, máli sínu til stuðnings, að það væri lagt í vald Búnaðarfél., hve hár jarðræktarstyrkurinn er, þar sem það ákvæði, hvað mikið væri lagt í dagsverk. — Þetta er alveg rangt, því það er atvmrh., sem á að setja reglugerð um stæð dagsverkanna, þó Búnaðarfél. hafi tillögurétt um það; það er alls ekki víst, að allir atvmrh. taki till. Búnaðarfél. til greina, þó núv. ráðh. hafi gert það.

Þá komu þeir hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Rang. dálítið inn á breyt. þá, sem gerð var á jarðræktardagsverkunum síðastl. vor, og lýstu óánægju sinni yfir henni. Hv. 1. þm. Rang. sagði, að stj. hefði tekið sér bessaleyfi til þessarar ráðstöfunar, en það er auðvitað alrangt. Það kom ljóst fram í framsögu jarðræktarlaganna á þingi 1928 og nál. um þau, að það var ætlazt til, að stærð dagsverkanna yxi og minnkaði eftir því sem verðhlutföll breytast eftir sérstöku mati.

Það má vitanlega alltaf deila um, hvort slíkt mat er rétt, en ég fullyrði, að það hafi í þessu tilfelli verið gert eftir beztu samvizku. Að álasa fyrir þessa breyt. á þeim grundvelli, að hún hafi verið gerð til þess að lækka styrkinn til bændanna, er mjög óviðurkvæmilegt. Það á vitanlega að meta dagsverkið eins og það er álitið vera í raun og veru, en ekki með tilliti til þess, hvort þeir, sem matið gera, vilja láta styrkinn hækka eða lækka, alveg eins og hv. þm. Borgf. sem hreppstjóri metur verðlagsskrána árlega eftir beztu samvizku, en ekki eftir því, sem hann persónulega vill að hún sé. Og í þessu tilfelli var dagsverkið stækkað, vegna þess að verðlagsbreytingar hafa hnigið í þá átt.

Þá sagði hv. þm., að það eina, sem fært hefði verið þessu frv. til stuðnings, væri óljós ótti um það, að einhverntíma í framtíðinni gæti svo farið, að vilji Búnaðarþings og Búnaðarfélagsstj. rækist á. — En hvers vegna má ekki fyrirbyggja, að sá ótti geti rætzt? Ef ágreiningur ris milli þessara aðilja, svo sem nú er skipað málum, þá er Búnaðarþingið algerlega máttlaust gagnvart Búnaðarfélagsstj. Og þótt nú sé gott samkomulag milli þessara aðilja, vegna þess hve núv. stj. er samvaxin bændum landsins og glögg á þarfir þeirra og áhugamál, þá er eigi víst, að svo verði alltaf. Það gæti farið svo, að þegar Búnaðarþingið vildi halda í suður, þá vildi stj. Búnaðarfélagsins halda í norður. Slíkt samband yrði líkt og milli manns og hests, þar sem maðurinn ætlaði sér að ferðast til suðurs, en hesturinn tæki af honum taumana og héldi til norðurs. Þetta getur komið fyrir, og því þarf að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í, enda þótt þessu sé eigi til að dreifa nú, eins og ég hefi áður sagt.

Þá vildi hv. þm. gera mikinn mun á því valdi, sem atvmrh. hefði gagnvart stj. nú, og því, sem yrði, ef frv. verður samþ. og annar endurskoðandinn yrði stjórnskipaður. Ég held, að mismunurinn yrði ekki mikill. Ég veit ekki til, að með núverandi fyrirkomulagi hafi atvmrh. nein sérstök tök á þeim hluta stj., er hann skipar, þegar litið er frá því sérstaka tilfelli, að atvmrh. er nú sjálfur í stj. Búnaðarfélagsins. Ég veit ekki til, að þeim séu sett nein erindisbréf, og ráðh. hefir engan frekari að-

gang að ályktunum þeirra en þó þeir væru kosnir af Búnaðarþingi. Hann getur spurt þá eftir sem áður, en hann hefir ekki svo mikið vald á þeim, að hann geti vikið þeim frá. En atvmrh. hefir annað vald, sem hann getur beitt, ef hann telur, að Búnaðarþing og stj. fari illa með það fé, sem Búnaðarþinginu er fengið í hendur. Hann getur lagt til við þingið, að þær fjárveitingar séu lækkaðar eða skornar burtu. Og þetta vald hefir hann, hvernig sem stj. Búnaðarfélagsins er kosin. Hv. þm. (PO) var að gera lítið úr þeirri athugun, sem atvmrh. gæti haft í gegnum þann endurskoðanda, er hann skipaði. Hv. þm. sagði, að sú endurskoðun kæmi ekki til framkvæmda fyrr en ári síðar en verkin væru framkvæmd, og væri því ekkert annað en töluendurskoðun. Þetta er algerlega vanhugsað. Ég hefi sagt, að bezta leiðin til þess, að stj. geti fylgzt með starfi Búnaðarfélagsins, væri sú, að hafa ábyggilegan endurskoðanda, sem vekti yfir hag og starfsemi Búnaðarfél. Þetta er einnig álit Búnaðarþingsnefndarinnar, og skal ég því til sönnunar, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr grg. þeirrar n., sem prentuð er í Frey, á bls. 17—18:

„10. gr. Aðalbreytingar greinarinnar leiðir af 5. gr. Ákvæði um endurskoðanda af hálfu ríkisstjórnar teljum vér hið rétta form fyrir eftirlit af hennar hálfu með fjárreiðum félagsins. Með því fyrirkomulagi (sjá og 16. gr.) getur atvinnumálaráðuneytið á hvaða tíma sem er fylgzt með í meðferð þess fjár, sem í hverjum fjárlögum er veitt Búnaðarfélagi Íslands, og þá gert áhrif sín gildandi, ef því sýnist stefnt til óhófs eða fánýtrar eyðslu. Engin slík trygging er sjálfsögð afleiðing núverandi skipulags. Landbúnaðarnefndir Alþingis eiga engu síður en Búnaðarþing á hættu, hvernig mannval tekst í stjórn félagsins, en umfram útnefningarréttinn sjálfan er ekki lögfestur ihlutunarréttur fjárveitingarvaldsins, nema ef vera kynni að því leyti, sem svo beri að skilja, að hinir stjórnskipuðu stjórnarnefndarmenn beri ábyrgð fyrir landbúnaðarnefndum Alþingis".

Samkv. þessu er það augljóst, að Búnaðarþingsnefndin hefir ætlazt til, að endurskoðandinn hefði sívakandi auga um allt, sem lýtur að rekstri Búnaðarfélagsins. Og betur mun naumast hægt fyrir atvmrh. að fylgjast með störfum þess en að eiga aðgang að slíkum manni. Þetta dregur því eigi úr kynningu og eftirliti atvmrh. um þennan félagsskap, og á heldur ekki að gera það.

Þá talaði hv. þm. um, að Búnaðarfélagið tæki við miklu fé frá ríkissjóði. Þetta er rétt. En ég vil bara minna hv. þm. á það, að mjög miklu af því fé er fyrirfram ráðstafað. Svo er t. d. með það fé, sem greitt er vegna jarðræktarlaganna. En í sambandi við þetta vil ég enn minna hv. þm. á, að ekki er um það deilt, að atvmrh. eigi að hafa sem bezt eftirlit með störfum Búnaðarfélags Íslands, heldur aðeins um það atriði, hvernig stj. þess skuli vera skipuð.

Þá sagði hv. þm., að það ætti að vera markmiðið, að sem allra bezt samstarf geti orðið milli Alþingis og Búnaðarfélags Íslands. Þetta er vitanlega alveg sjálfsagt og það, sem allir óska að verði. En þar sem valdið um það, sem er efni þessa frv., er í höndum Alþingis, þá væntir einmitt Búnaðarþingið þess, að Alþingi skili aftur með góðu þeim umráðarétti, sem það á sínum tíma tók frá Búnaðarfélaginu, að því hálfnauðugu.

Út af ákúrum þeirra hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Rang. um stækkun dagsverksins vil ég segja það, að ekki er allt fengið, þótt meiri hl. stj. Búnaðarfélagsins sé ráðinn af Alþingi, þar sem þetta gat komið fyrir. Ekki er víst, að verr hefði farið, að þeirra dómi, þótt þessir menn hefðu líka verið kosnir af Búnaðarþingi. Nema meining þeirra manna, sem hér telja vera um sök að ræða, sé þá sú, að kasta þessum mönnum í vetur.

Ég held, að um leið og ég hefi svarað hv. þm. Borgf., þá hafi ég líka í raun og veru svarað öllu því, er hv. 1. þm. Rang. sagði, og get því látið þar við sitja. En viðvíkjandi því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að hann áliti núverandi fyrirkomulag heppilega brú milli Búnaðarfélagsins og Alþingis, skal ég aðeins segja það, að ég vil ekki fullyrða, að þetta sé sérlega heppileg brú. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að atvmrh. hafi þá meðalgöngu. Og það hygg ég að sé brú, sem muni duga.

Jörundur Brynjólfsson: Ég sé enga ástæðu til að halda langa ræðu að þessu sinni. Ég verð að segja það, að rök þau, er hv. þm. Mýr. færir fram með frv. sínu, eru mér með öllu óskiljanleg. Svo var það í hans fyrri ræðu, og í síðari ræðunni kom hann eigi fram með neitt það, er hann hafði eigi haft á orði áður.

Ég verð að endurtaka það, að ég skil ekki þær ástæður, sem hann færir fram með þessu frv., sem er ekki um annað en það, hvernig stj. Búnaðarfélags Íslands skuli vera skipuð. Ummæli hv. þm. um, að við værum á móti þessu frv. af því, að við bærum ekki fullt traust til bænda, hafa við engan staf að styðjast. Við erum einmitt margir hverjir hér kosnir á þing af bændum, eða með atkv. þeirra. Við höfum því sannarlega enga ástæðu til að lýsa neinu vantrausti á bændum. Og heldur ekki á þeim, sem kjósa Búnaðarþingsfulltrúana, því að það eru einmitt margir hverjir sömu bændurnir, sem kosið hafa okkur á þing. En ástæðan til þess, að við erum á öndverðum meiði við þetta frv., er sú, að við viljum tryggja Alþingi og stj. sjálfsagðan íhlutunarrétt um meðferð þess fjár, sem veitt er Búnaðarfélaginu.

Hv. þm. Mýr. vildi ekki fallast á það, að þing og stj. hefði meiri áhrif á starfsemi Búnaðarfélagsins með núv. skipulagi heldur en verða myndi, þó frv. hans yrði samþ. — Þetta er vitanlega hin mesta fjarstæða. Um áhrif stj. nægir að minna á til samanburðar ýmsa starfsemi og félagsskap, þar sem framkvæmdarstjórinn er beint undir ráðh. gefinn. Svo er t. d. um vegamálastjórnina, bankastjórnir o.fl. Bankastjórarnir eru t. d. skipaðir af ráðh., og það hefir þau áhrif, að bankastjórnin telur sér skylt að fara að vilja stj. um aðalstefnumálin, þótt þessa gæti ekki við daglegu störfin. Sama er með Búnaðarfélagið. Áhrifa þessa stjórnskipulags gætir ekki við daglegu störfin. En er mikilsverð málefni skulu ákvarðast, þá fara fram ráðagerðir milli stjórnarráðsins og Búnaðarfélagsstj. Á þann hátt er og fengin trygging fyrir því, að úrslitin verði í samræmi við vilja þingsins, því gera má ráð fyrir, að ráðh. verði jafnaðarlegast í samræmi við vilja þingmeirihlutans, og verður að standa honum reikningsskap af gerðum sínum. Er því mikill munur á, hvort Búnaðarfél.stj. er háð þessari íhlutun þings og stj. eða stendur algerlega óháð gagnvart þessum aðiljum. Það er að vísu hægt að segja það, sem hv. þm. bar fram, að klípa mætti af því fé, sem veitt er til búnaðarstarfseminnar, en naumast hægt að framkvæma það. Ef til slíks örþrifaráðs ætti að taka, væri í það óefni komið um stj. Búnaðarfélagsins, að vonandi þarf aldrei til slíks að koma. Og það á að fyrirbyggja slíkt, einmitt með því að halda því fyrirkomulagi, sem á þessum málum hefir verið hin síðari árin. Ótti hv. þm. um, að samkomulagið milli stj. og þings Búnaðarfélagsins verði verra með núverandi fyrirkomulagi á skipun stjórnarinnar, er að mínu viti alveg ástæðulaus. Og ég skil ekki, af hverju hann ímyndar sér, að svo verði. Enda játaði líka hv. þm., að samkomulagið nú væri hið ákjósanlegasta, og að þó frv. þetta yrði samþ., þá mundi Búnaðarþingið kjósa þessa sömu menn og nú eru stjórnskipaðir áfram.

Þá talaði hv. þm. um, hversu nú væri metið í dagsverk, og taldi það mat eigi vítavert. Hann sagði, að þeir, sem ættu að meta til verðlagsskrár, væru ekki bundnir af þessu. (BÁ: Þetta er mesti misskilningur!). Ef svo er, þá fell ég frá því. En það, sem máli skiptir, er það, hvern styrk bændurnir fá. En á því ræður mat úrslitum.

Þá talaði hv. þm. um þann endurskoðara, sem stj. ætti að skipa samkv. frv., og lagði mikið upp úr því aðhaldi, sem Búnaðarfélagið hlyti af starfi hans. Ég satt að segja skildi ekki hv. þm., sem annars er vanur að tala ljóst, og vissi ekki, hvað hann átti við með þessu. Ég held, að hv. þm. geti ómögulega álitið, að eftirlit og íhlutun Alþingis og atvmrh. verði tryggara með einum endurskoðanda heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Atvmrh. getur vitanlega spurt endurskoðendur þá, sem nú eru, og heimtað af þeim skýrslur. En auk þess er vitanlega mikil trygging í því, að stj. Búnaðarfél. er skipuð svo, sem hún er nú og oft hefir verið lýst.

Þá skal ég að lokum minnast á það, sem hv. þm. sagði um starfsemi Búnaðarfél. Íslands nú. Hann taldi, að samkv.

jarðræktarlögunum væri starf Búnaðarfél. lítið annað en skrifstofuvinna, úthlutun styrks og eftirlit með jarðabótum. En þetta er ekki rétt. Í mörgum gr. jarðræktarl. er gert ráð fyrir meira starfi vegna þeirra. Búnaðarfél. á samkv. þeim að hafa eftirlit og umsjá með, að þau verk, sem styrkt eru, séu vel unnin. En auk þess er fleira. Í 23. gr. er t. d. gert ráð fyrir lánum af opinberu fé. En sú bankastjórn, sem hefir þá lánastarfsemi með höndum, má ekki veita lán nema eftir áætlun frá og með samþykki Búnaðarfélags Íslands. Þá eru einnig niðurlagsákvæði 29. gr., þar sem ákvæði eru um, að jarðabætur til greiðslu landskulda megi ekki taka gildar, nema samþykki stj. Búnaðarfél. Íslands komi til. Þá eru og ákvæði ýmsra annara gr., en þar sem ég drap á þau um daginn, skal ég eigi endurtaka þau nú. Að öllu þessu athuguðu hygg ég bezt muni fara að láta það fyrirkomulag ríkja enn um stund, sem nú er, og sem vel hefir reynzt. Rök hv. flm. hafa líka í raun og veru mælt bezt með því, að eigi sé rétt að breyta. — Að ég óskaði þess, að hv. flm. tæki frv. aftur, var af því, að ég taldi óþarfa, að hann hefði mikið fyrir máli, sem eigi á fram að ganga. Ég vildi ekki, að hann mæddi sig á að berjast slíkri vonleysisbaráttu. Að ég vil ekki heldur, að það fari í n., er af sömu ástæðu, enda tel ég, að frv. eigi þangað ekkert erindi. Ég segi þetta ekki af því, að ég vilji meiða hv. þm. með þessu. En þar sem óvíst er um, hvort tími vinnst til að afgreiða ýms mál, sem eru meira virði en þetta, þá er mér sárt um þann tíma, sem gengur í deilur um það. Og þótt því verði nú, eða öllu heldur flm. þess, sú linkind sýnd að láta það ganga til n., þá vona ég samt, að þessi hv. deild afgreiði það aldrei frá sér til hv. Ed.

Pétur Ottesen: Hv. 1. þm. Árn. hefir gert hreint fyrir sínum og okkar dyrum um að sýna fram á, hver reginfjarstæða og rökvilla er í því falin, þegar hv. þm. Mýr. er að gera tilraun til að telja mönnum trú um, að enginn sé munur á stj. fyrirtækis, að það nefndi meiri hl. í stjórn þess, eða nefni bara einn endurskoðanda. Í slíkri samkomu sem Alþingi er ætti ekki að þurfa að eyða löngu máli til að hnekkja jafnmikilli fjarstæðu. Og ég hygg, að hv. 1. þm. Árn. hafi aðallega haldið sína ræðu til að sýna fram á og láta standa sem skýrast, hversu mjög er verið að vaða reyk í þessu máli. Ég ætla því ekki að fara inn á þetta frekar, heldur svara örfáum atriðum úr ræðu hv. þm. Mýr.

Þá er það fyrst, að hann sagði, að fulltrúar allrar bændastéttarinnar stæðu á bak við þessar kröfur. Ég veit nú ekki til, að þessar till., sem hér eru bornar fram, hafi komið fyrir Búnaðarþingið enn sem komið er. Mér er ekki kunnugt um annað en að 3 manna nefnd hafi verið kosin á Búnaðarþingi til þess að leggja till. fyrir næsta Búnaðarþing. Þess vegna er ekki hægt að benda á vilja bænda í þessu efni, nema bara þessara þriggja manna, sem að þessum till. standa, og hv. þm. Mýr. Þeir eru þá fjórir í allt. Það er ómögulegt að segja, hvort Búnaðarþingið muni fallast á þessar till. eða ekki. Hitt getur náttúrlega verið, að þetta sé í samræmi við álit einhverra af þeim, sem áttu sæti á síðasta búnaðarþingi. En búnaðarþingið hefir ekki formlega lagt nokkurt samþykki á þessar till.

Þá vildi hv. þm. ekki einasta draga í efa, heldur mótmæla því, að verið hafi gott samkomulag milli landbn. 1923 og búnaðarþingsins um að þetta skipulag yrði gert, — nefnilega að stj. eftir till. landbn. þingsins skipaði meiri hl. í stjórn Búnaðarfélags Íslands. Ég held ég hafi lýst yfir því við umr. hér í hv. deild, hvernig þetta gekk til. Það voru ekki nema tvær raddir, sem komu fram á þeim fundi, sem landbn. Nd. sat með búnaðarþinginu, til andmæla gegn þessu. Önnur frá Sigurði Hlíðar, en hin frá Halldóri Vilhjálmssyni á Hvanneyri. En svo bætir Halldór við þarna á fundinum, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrst þegar ég sá þetta lagafrv., þá fannst mér það alveg ógerningur, að landsstjórnin skipaði tvo menn í stjórn búnaðarmálanna. En nú finnst mér það rétt og eðlilegt, hættan, sem af því gæti stafað, minnkar sífellt í mínum augum".

Að þessu athuguðu er það auðsætt, að það var í raun og veru ekki nema ein rödd, sem fram kom til andmæla gegn

þessu fyrirkomulagi. Ef menn geta ekki talið þetta gott samkomulag um eitthvert atriði, þar sem margir menn eiga hlut að máli, þó að ein einasta óánægjurödd komi fram, þá veit ég ekki, hvernig á að fá grundvöll undir gott samkomulag. Og ég skal lýsa yfir því, að núv. hæstv. atvmrh., sem var fulltrúi á búnaðarþingi þá, hann studdi mjög að góðu samkomulagi um þetta. Og nú hefir komið yfirlýsing frá honum í dag, sem hnígur í þessa átt, sem ég sagði. Auk þess gaf hann fullkomna yfirlýsingu um það, að það væri mjög óviðeigandi að breyta þessu fyrirkomulagi og brigða þannig þann samning og samkomulag, sem frá öndverðu liggur til grundvallar.

Hv. þm. Mýr. var að tala um, að afskipti Búnaðarfélagsins af þessum jarðræktarlögum væru aðallega skrifstofulegs eðlis. Hv. 1. þm. Árn. hefir nú sýnt rækilega fram á, að þetta er hinn mesti misskilningur, með því að lesa upp ákvæði í lögum og reglugerðum. Auðvitað eru það margvíslegar ályktanir og ráð, sem stj. Búnaðarfélagsins hefir í hendi sér í sambandi við þetta. Yfirleitt hefir stj. félagsins og ráðunautar þess á hendi víðtækt og ábyrgðarmikið starf í landbúnaðarmálum.

Hv. þm. Mýr. tók allstinnt upp fyrir mér, að ég taldi mjög misráðið að breyta reglugerðinni viðvíkjandi mati á dagsverkum. Hv. þm. vildi algerlega vísa því frá, að Búnaðarfélagið hefði nokkurt úrskurðarvald í því máli. En það stendur svo sérstaklega á í þessu tilfelli, að atvmrh. er í stj. Búnaðarfélagsins. Og ég býst við, að þar sem meiri hl. stj. Búnaðarfélagsins er skipaður samkv. till. frá þinginu, þá muni hæstv. atvmrh. í flestum eða öllum tilfellum samþ. till., sem stj. Búnaðarfél. mælir með í þessu máli. Svo að raunverulegt úrslitavald mun því vera í höndum stj. Búnaðarfél.

Þá var hv. þm. að bera fyrir sig eitthvað, sem fram hefði komið hjá frsm. landbn. í Nd. 1928, þegar rætt var um að breyta jarðræktarlögunum. Virðist mér hann helzt vilja þar leita skjóls og hælis fyrir sig og aðra í stj. Búnaðarfél., sem stóðu að þeirri breyt. á síðasta sumri að leggja meira í dagsverkið en verið hafði áður, og draga með því mjög úr þeim styrk, sem bændur njóta samkv. jarðræktarlögunum. Ég hefi nú verið að leita í umr. um þetta mál og ummælum, sem fram komu í sambandi við það, og hefi ekki fundið neitt, sem gefi bendingu um, að breyta ætti þessari reglugerð í þá átt að draga úr styrknum. Ég held þvert á móti, að það skíni alstaðar út úr, að með breyt. á jarðræktarlögunum 1928 sé verið að slá föstu, að bændur ættu að vísu að ganga um þann styrk, sem jarðræktarlögin eftir breyt. ákveða. Ég skal benda á ummæli frsm. landbn. Nd., sem styrkja þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessar breyt. ganga flestar í þá átt að greiða betur en áður fyrir hverskonar jarðræktarframkvæmdum og koma skipulagi á þessa löggjöf, þannig að þeir, sem slíkt hafa með höndum, geti átt nokkurn veginn víst, hvers styrks þeir mega vænta af opinberu fé til framkvæmda þeim umbótum, er þeir vilja ráðast í og til þessarar löggjafar taka".

Hér er einungis miðað að því, að bændur eigi það nokkurn veginn víst, að hverju þeir hafa að ganga, en ekki ætlazt til breyt. á reglugerðinni í þessu efni.

Næsta sporið í þessu máli er það, eins og kunnugt er, að stj. Búnaðarfél. breytir þannig reglugerðinni, að jarðræktarstyrkurinn lækki um hvorki meira né minna en $\frac{1}{5}$. Ég get ekki fundið neitt í meðferð þessa máls hér á þingi, sem stj. gat yfirleitt stuðzt við í þessu tiltæki. Og ég hygg, að meðferð þessa máls á þingi 1928 gangi í þveröfuga átt við þær afleiðingar fyrir bændur, sem urðu af reglugerðarbreytingunni. Og enn til stuðnings þessu vil ég benda á það, að í einu atriði þótti landbn. og Alþingi rétt að breyta lögunum, nefnil., á hvern hátt ábúendur á landssjóðsjörðum mættu greiða afgjöld sín í jarðabótum. Þetta bendir enn frekar á það, að þingið 1928 ætlaðist ekki til neinnar reglugerðarbreyt. í þessu efni.

Hv. þm. Mýr. var mjög hneykslaður yfir því, að ég hefði sagt, að breytingin, sem hann fer fram á, byggist einungis á óljósu hugboði um það, að þetta skipulag kunni einhverntíma að valda ósamkomulagi í stj. Búnaðarfélagsins. Ég er bara alveg hissa, að hv. þm. skuli hneykslast á þessu, þar sem hann er búinn að lýsa yfir, að allan þann tíma, sem jarðræktar-

lögin hafa verið í gildi og starfrækt svona, — eða frá 1923 — hafi verið það ákjósanlegasta samkomulag í stj. Búnaðarfél. um þetta. Og ennfremur lýsti hann yfir, að þótt þessi skipulagsbreyt. yrði gerð, myndi verða kostað kapps um að hafa sömu menn í stj. Búnaðarfél. (BÁ: Ekki að eilífu). Náttúrlega er ekki hægt að miða þessa jarðnesku hluti við eilífðina, það er alveg rétt, en mér finnst þetta fullkomlega nóg til þess að sýna, að það hefir ekkert ennþá komið fram í þessu fyrirkomulagi, sem gefi til kynna, að annað muni verða hagkvæmara fyrir Búnaðarfél. Og það er áreiðanlega mjög varhugavert að byggja slíka skipulagsbreyt. á einhverjum óljósum hugboðum, sem virðast ekki eiga neinar rætur í reynslu liðinna ára.

Ég get nú vel látið staðar numið, því að hv. 1. þm. Árn. hefir að öðru leyti svarað ræðu hv. þm. Mýr. Hæstv. atvmrh. hefir nú gefið yfirlýsingu um það, að hann væri algerlega á móti þessari breyt. Ég lagði áherzlu á, að honum gæfist tilefni til að segja álit sitt um málið þegar við 1. umr., því að mér sýnist þetta mál svo einfalt, að hv. deild geti tekið ákvörðun um það nú, hvort málið skuli ná fram að ganga eða ekki. Það er þá ekki nema formsatriði að láta það fara í nefnd, ef deildin er því andvíg á annað borð.

Hannes Jónsson: Mér virðast hv. þdm. sumir hverjir taka þessu frv. óþarflega ómjúklega. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það skipulag, sem frumvarpið fer fram á, er það eina rétta, og hlýtur að komast á, þó að ef til vill verði nokkuð langt að bíða þess. Hitt er annað mál, hvort þær ástæður séu nú fyrir hendi, sem til þessara breyt. þurfa. Ég get ekki séð, hversu mjög greinir þarna á milli um það, hvort meiri hl. stj. sé tilnefndur af landbn. eða kosinn af félaginu sjálfu. Það er vitanlegt, að með því fyrirkomulagi, sem er, getur stjórnarflokkur aldrei tryggt sér meiri hl. í stj. Búnaðarfél. Og mér virðist jafnvel þær nefndir, sem kosnar eru til starfa milli þinga, verða oft og tíðum í litlu samræmi við vilja þingsins, og mætti hv. 1. þm. Árn. muna slíkt, því ég hygg hann hafi allmjög komizt í mótsögn við meiri hl. þingsins í till. sínum. Og ef till. þingmanna eru gersamlega í mótsögn við vilja þingsins, hvers má þá vænta um nefndir eða stjórnir félaga, sem þingið útnefnir? Það er ómögulegt að tryggja, að framkvæmdir slíkra nefnda verði nákvæmlega í samræmi við þingviljann. Og hæstv. ráðh. hefir ekkert vald um skipun í stj. félagsins; hann er bundinn við till. landbn.

Ég álít, að þá fyrst geti svo stórfelldur félagsskapur sem Búnaðarfél. orðið heilbrigður, þegar undirfélögin, sem það er samsett af, eru orðin það þroskuð, að þau hafa nokkurn veginn ljósa meðvitund um, hvað þau vilja í þessu efni. Og ennfremur, að þegar þau stofna með sér samband, sé náið samstarf milli félaganna úti um landið og aðalfélagsins. Á þennan hátt hefir S. Í. S. náð ákaflega miklum þroska á tiltölulega stuttum tíma, — einmitt fyrir þetta nána samband deildanna viðsvegar og aðalfélagsins sjálfs. Og ég hygg, að Búnaðarfélagsstarfsemin mundi aukast og margfaldast fyrir þetta nána samband, sem hugsað er með þessu nýja fyrirkomulagi. Ég tel það mjög mikils virði fyrir bændur landsins, að ríkisvaldið gefi félagsskap þeirra skilyrði fyrir því samstarfi manna alstaðar á landinu, sem honum er nauðsynlegur til þess að hann megi ná tilgangi sínum. Ég tel þetta fyrirkomulag, sem er, neyðarúrræði, sem sé tekið af því, að skilyrði fyrir hinum rétta félagsskap er ekki fyrir hendi. Því eins og er, þá er allt í molum og áhugi búnaðarfélaganna úti um landið fremur lítill. En eins og öflug félög hljóta að verða þess megnug að mynda öflugt samband, þá er ég viss um, að það er rétt að láta félögin sjálf velja sér stjórnina alla.

Mér heyrðist sumir hv. þm., sem talað hafa, telja réttast að láta frv. ekki ganga til n. og 2. umr. Ég vildi segja þessi fáu orð aðeins til þess að óska eftir því, að hv. þd. sýndi málinu þá réttmætu viðurkenningu með því að vísa því í n. og til 2. umr. Og þó að málið verði ekki afgr. á þessu þingi, þá gætu till. landbn. og umr. um málið bæði nú og við 2. umr. orðið leið til upplýsinga fyrir Búnaðarþingið, þegar það gerir sínar till. um þetta mál. Það getur vel verið, að ýmislegt af þessu kunni að valda ágreiningi hjá hv. þdm.; en þótt svo sé, þá er rétt gagnvart

svo merkilegu máli að sýna því fulla virðingu með þinglegri meðferð.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Þótt ég eigi ekki eftir nema stutta aths., vona ég, að hæstv. forseti sjái ástæðu til að sýna mér langlundargeð.

Hv. 1. þm. Árn. byrjaði mál sitt með því að segja, að mjög fátt nýtt hefði komið fram í minni ræðu. Ég get ekki sagt það sama um hans ræðu, því að þar var svo mikið nýtt af misskilningi og fjarstæðum, að tæplega var heil brú í sumu, sem hann sagði. M. a. var hann að bera saman það vald, sem hæstv. atvmrh. hefir á stj. Búnaðarfél. gegnum þessa alþingiskjörnu stjórnendur, við það vald, sem hann hefir á vegamálastjóra og bankastjórum. Ég vil benda hv. þm. á, að hér er sá meginmunur á, að vegamálastjóri stendur beint undir atvmrh., sem Búnaðarfél. gerir ekki. **(PO:** En bankastjórar?). Sá ráðh., sem skipar bankastjóra, getur undir vissum kringumstæðum vikið þeim frá. En getur atvmrh. vikið þessum mönnum frá? Ég veit ekki betur en að landbn. ákveði þessa menn raunverulega, og ráðh. verði að sitja með þá. Það er hrein og bein reginvitleysa og ímyndun, að atvmrh. hafi vald yfir þessum mönnum. Hv. þm. var að tala um, að það gæti farið fram ráðagerð milli atvmrh. og þessara stjórnenda. Vitanlegt er það, og slíkt gæti alveg eins verið, þótt þeir væru skipaðir af búnaðarþingi. En hvaða vald er það, þótt atvmrh. geti ráðgazt við þá?

Ég er sammála hv. 1. þm. Árn. um, að það er neyðarúrræði, sem ég vona, að komi aldrei til, ef atvmrh. þarf að beita því valdi gagnvart stj. Búnaðarfél., að hóta af svipta það fé, ef honum líkar ekki framkoma þess. En það er það eina vald, sem embættið veitir honum til að ráða gerðum félagsins. Það er ekkert annað vald lagt upp í hendurnar á landsstj., þó að þessir menn séu kosnir af Alþ.

Ég vil óska hv. 1. þm. Árn. til hamingju með hreinleikavottorðið frá skoðanabróður hans í þessu máli, hv. þm. Borgf., sem taldi hann hafa gert hreint fyrir sínum dyrum. Þessir hv. þm. geta báðir verið ánægðir með hreingerninguna fyrir sig, en ég er ekki hrifinn af henni. — Ég hefi þá líka með þessu svarað hv. þm. Borgf. um það mikla vald, sem atvmrh. á að vera tryggt yfir Búnaðarfél. Íslands með því að Alþingi kjósi tvo menn í stjórn þess; ég hefi sýnt, að það tryggir honum ekkert meira vald en það, sem hann getur haft með aðstoð þess trúnaðarmanns, er þetta frv. ætlar honum að skipa, sem annan endurskoðanda Bf. Ísl. Í gegnum hann getur ráðh. fengið vitneskju um það, sem gerist í Bf. Ísl., og falið honum sérrannsóknir á framkvæmdum þess og málum.

Hv. þm. Borgf. vildi neita því, að í mþn. Búnaðarþingsins, sem hefir samið þetta frv., væru fulltrúar íslenzkra bænda. Hann má kalla þá hverju nafni sem hann vill. En þessi 3 manna nefnd var kosin á Búnaðarþingi og kemur því fram fyrir hönd íslenzkra bænda. Þó að þessar till. n. hafi ekki formlega verið lagðar fyrir Búnaðarþing, þá skiptir það ekki miklu máli; þær eru gerðar í anda þess.

Viðvíkjandi því, er hv. þm. Borgf. sagði um ánægju Búnaðarþings þegar ræktunarlögin voru samþ., er það að segja, að opinberlega komu ekki fram nema tvær raddir á Búnaðarþingi, sem lýstu óánægju yfir stjórnskipulagsbreytingum laganna. En Búnaðarþingið gerði það ekki með góðum hug eða ánægju að beygja sig undir þau. Það var hin knýjandi nauðsyn, sem beygði Búnaðarþingsfulltrúana þegjandi undir þau skilyrði, sem sett voru í ræktunarlögunum fyrir hinum auknu fjárframlögum úr ríkissjóði til jarðræktarinnar og landbúnaðarins. Búnaðarþingið gerði það nauðugt, og get ég fært sannanir fyrir því síðar, þó að ég hafi þær ekki við hendina nú.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. talaði um, að stj. Bf. Ísl. hefði tekið sér vald til þess að breyta reglugerð jarðræktarlaganna, þá er það alveg rangt með farið. Atvmrh. gefur út reglugerðina og gerir breytingar á henni á sína ábyrgð, en Búnaðarfélag Íslands hefir þar aðeins tillögurétt. Og núv. atvmrh. fór í þetta sinn algerlega eftir till. Bf. Ísl. — Hinsvegar er það alls ekki víst, að allir ráðh. geri það, og áður hefir það komið fyrir, fyrst eftir að reglugerðin var gefin út, að þáv. atvmrh. tók ekki til greina till. Bf. Ísl. í einstökum atriðum. **(MG:** Hvaða atriði var

það?). Um það, hvenær mætti taka jarðabætur upp á skýrslur. (**MG**: Þetta mun ekki vera rétt). Það er víst rétt, og það er hægt að sanna við tækifæri, utanþings eða innan. (**MG**: Þá skora ég á hv. þm. að gera það). — Ég er nú um það bil að vera dauður, en þetta skal ég sanna, þó að ekki verði fyrri en í öðru lífi.

Því er alveg slegið föstu í lögunum, hvað háan styrk á að greiða út á hvert dagsverk. En að hið upphaflega mat á dagsverkinu eigi að hafa ævarandi gildi og vera nálega óbreytanlegt, nær engri átt. Því til sönnunar skal ég lesa upp úr grg. mþn. í landbúnaðarmálum við frv. um breyt. á jarðræktarlögum, sem flutt var á þinginu 1928, þessi orð um 2. gr. frv.:

„Má ætlð, eftir því sem vinna og efni hækkar eða lækkar í verði, færa til ílagningu í dagsverkið, án þess að lagabreytingu þurfi að gera".

Með þessu er ótvírætt gefið í skyn, að n. ætlast til, að dagsverkið hækki eða lækki eftir hinu raunverulega gildi þess og verðlaginu í landinu, alveg eins og verðlagsskráin er gerð eftir raunverulegu verðlagi vara hvert ár. Þetta hvorttveggja er jafneðlilegt og réttmætt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta, einkum af því að hv. þm. V.-Húnv. hefir tekið fram nokkuð af því, sem ég ætlaði að benda á.

Magnús Guðmundsson: Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. þm. Mýr. sagði nú í síðustu ræðu sinni í minn garð, um það, hvenær jarðabætur hefðu verið teknar á skýrslu. Ég man ekki eftir neinum ágreiningi milli mín og Búnaðarfél. Íslands um það, hvenær ætti að taka jarðabætur á skýrslu, og vil gjarnan, að hv. þm. sýni mér og sanni, hvenær sá ágreiningur hafi átt sér stað.

Þá vil ég spyrja hann, hvort það hafi verið á þessu ári ákveðið, að það liði lengri tími frá því jarðabætur væru gerðar og þangað til þær væru teknar á skrá. (**BÁ**: Nei, það er ekki rétt). Þetta er mér þó sagt af kunnugum mönnum. — Annars skal ég athuga þetta nánar, eftir plöggum, sem ég hefi. Mun ég því greiða þessu frv. atkv. til 2. umr., svo að ég fái aðstöðu til að skýra þetta mál, þannig að sannleikurinn komi í ljós. (**BÁ**: Ágætt). — Sú breyting, sem gerð var á stjórnarskipun Bf. Ísl. 1923, miðaði m. a. að því að útiloka, að stj. Bf. Ísl. yrði einlit í stjórnmálum eða kosin samkv. pólitísku flokksfylgi eins flokks; með því að láta landbúnaðarnefndir þingsins velja tvo menn í stjórn Bf. Ísl. þótti tryggt, að stj. yrði ekki pólitískt einlit. Ég er ennfremur samþykkur því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að bezt sé, að samvinnan geti verið svo náin, sem unnt er, á milli Bf. Ísl. og ríkisstj., eins og gert var ráð fyrir samkv. lögunum 1923.

Máske það sé líka rangt, að jarðræktarstyrkurinn hafi verið lækkaður á síðastl. ári. Hvað segir hv. þm. Mýr. um það? (**BÁ**: Já, það er alveg rangt). Nú, einmitt það. En ég gæti trúað, að það yrðu ekki margir sammála hv. þm. um það atriði. Annars finnst mér það hart, að hann skuli neita því, að þetta hafi átt sér stað. Þetta vita þó allir. Allir finna og, að það er hart, að jarðræktarstyrkurinn skuli hafa verið lækkaður á sama árinu og kaupgjald hefir almennt hækkað. En ég þykist vita, að hv. þm. Mýr. neiti því eins og öðrum staðreyndum, að kaupgjald verkafólks hafi hækkað á síðastl. ári.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ég mundi ætla að koma þessu máli til 2. umr. og n. með því að slá fram órökstuddum staðhæfingum, er svara þyrfti síðar; en þetta er alls ekki rétt.

Annars ætlaði ég bara að svara tveimur fyrirspurnum, sem hv. þm. beindi til mín. Hann spurði, hvort það væri nú ákveðinn lengri tími frá því, að jarðabætur eru fullgerðar og þangað til þær væru teknar á skýrslu, heldur en áður hefði verið. (**MG**: Er hann styttri nú?). Já, sú reglugerð, sem hv. 1. þm. Skagf. staðfesti á sínum tíma sem atvmrh., bannaði, að teknar væru á skýrslu þær jarðabætur, sem voru yngri en eins árs. En síðastl. vor var gerð breyt. á þessu og leyft að taka á skýrslu allar fullgerðar jarðabætur, þó að þær væru gerðar á sama ári og skýrslan er tekin — nema sáðsléttur, þær voru einar undanskildar. En svo var því líka breytt síðar, þannig að leyft var að taka sáðsléttur á skýrslu um leið og þær væru fullgerðar, ef vel væri frá þeim

gengið. (JS: Hvenær var það gert?). Síðastl. haust. Svo að samkv. núgildandi fyrirmælum má taka allar jarðabætur á skýrslu ári fyrr en heimilað var samkv. þeirri reglugerð, er hv. 1. þm. Skagf. setti. Fresturinn hefir því verið styttur um 1 ár. — Ég get meira að segja sannað það skjallega, að hv. 1. þm. Skagf. neitaði því á sínum tíma að taka á skýrslu aðrar jarðabætur en þær, sem væru orðnar ársgamlar. Í Bf. Ísl. eru bréf frá hv. 1. þm. Skagf. þegar hann var atvmrh., þar sem hann svaraði neitandi málaleitun Bf. Ísl. um, að jarðabætur yrðu teknar á skýrslu jafnóðum og þær væru fullgerðar.

Önnur spurning hv. 1. þm. Skagf. var um það, hvort jarðræktarstyrkurinn hefði ekki verið lækkaður á síðastl. ári. Nei, það hefir ekki verið gert; en hitt er rétt, að dagsverkið hefir verið stækkað, og þegar meira er lagt í dagsverk, þá verða þau færri, og þar af leiðandi lægri styrkupphæð greidd í heildinni. Stjórn Bf. Ísl. hefir ekkert vald til þess að lækka þann styrk, sem greiddur er fyrir hvert dagsverk; hann er ákveðinn í lögunum. En hún getur aðeins stækkað eða lækkað dagsverkið í vissum flokkum jarðabóta, til framtals á skýrslu, í samræmi við það, sem dagsverk raunverulega kostar.

Annars lít ég svo á, að þrátt fyrir þær breyt., sem gerðar voru síðastl. sumar á mati dagsverka, þá sé betra að vinna að jarðabótum samkv. því verðlagi, sem nú er ríkjandi í landinu, heldur en eftir þeirri reglugerð, sem áður var í gildi í ráðh.tíð hv. 1. þm. Skagf., og verðlagi því, sem gilti, þegar hún var sett.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég var ekki viðstaddur fyrri hluta þessarar umr., þegar minnzt var á þær breyt., sem gerðar voru á síðastl. ári um mat á jarðabótadagsverkum. En af því að þetta er nú aftur dregið inn í umr., þá verð ég að gefa á því nokkrar skýringar. — Ég lít svo á, að stjórn Bf. Ísl. og atvmrn. verði að taka fullkomið tillit til þess, sem búnaðarmálastjóri Sigurður Sigurðsson og jarðræktarráðunautur Bf. Ísl. segja fyrir um, að eigi að vera í dagsverki. Þegar þessir fagmenn í jarðræktarmálunum koma til stj. Bf. Ísl. með ákveðnar till. um, hvað skuli lagt í dagsverk, þá er óforsvaranlegt annað en að taka til greina umsögn þeirra. Annars var nokkur ágreiningur um þetta í stjórn Bf. Ísl. Við tveir, sem eigum sæti hér í þessari hv. þd., gátum fallizt á þessar till. búnaðarmálastjóra og jarðræktarráðunautsins; en þriðji maðurinn í stj., Magnús Þorlaksson, vildi stækka dagsverkið meira í vissum flokkum, eða minnka jarðræktarstyrkinn, eins og hv. 1. þm. Skagf. orðaði það. Úrslit urðu þau, að nokkurt tillit var tekið til beggja, en þó aðallega haldið sér við till. Sig. Sigurðssonar og Pálma Einarssonar.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. Mýr. viðurkenndi, að samkv. reglum þeim, sem jarðabætur voru mældar eftir síðastl. sumar, hefðu sáðsléttur átt að bíða lengur en nú er ákveðið. (BÁ: Nei, það stóð óbreytt frá því, sem áður var). Ég hætti þá alveg að skilja hv. þm.; þetta er þvert á móti því, sem mér virtist hann segja áður. Hann sagði, að þessu atriði hefði svo verið breytt, þegar komið var fram á jólaföstu. Er það líka rangt? (BÁ: Það er rétt). En þá hefir verið búið að mæla þær sáðsléttur, sem átti að taka á skýrslu á síðastl. ári. — Hv. þm. Mýr. neitaði því, að jarðabótastyrkurinn hefði verið lækkaður, en sagði, að dagsverkið hefði aðeins verið stækkað. En finnst honum það ekki koma í sama stað niður? Hæstv. atvmrh. vildi þó ekki neita því; hann skildi það betur en hv. þm. Mýr., að þegar meira er lagt í dagsverkið, og styrkurinn er miðaður við hvert dagsverk, þá hlýtur að leiða af því lækkun á styrknum. Ég verð því að endurtaka það, sem ég sagði áður, að það er undarleg aðferð, að lækka jarðræktarstyrkinn einmitt á því ári, sem kaupgjaldið hefir hækkað, og því er ekki hægt að neita, að allur kostnaður við jarðabætur hefir mikið aukizt á árinu.

Hæstv. atvmrh. vildi afsaka sig með því, að trúnaðarmenn Bf. Ísl., Sigurður búnaðarmálastjóri og jarðræktarráðunauturinn, hefðu borið fram þessar till. um stækkun á dagsverkinu. En ég hefi heyrt Sigurð búnaðarmálastjóra segja það, að stjórn Bf. Ísl. væri að heykjast á þessum ályktunum sínum. — Hvaða ágreiningur hafi verið í stj. Bf. Ísl. um þetta atriði, veit ég ekki um, enda kemur það

málinu lítið við, og óvíst, hversu rétt er frá því skýrt; en þegar litið er á það, hvað ofan á varð, þá er það þetta: að jarðræktarstyrkurinn hefir verið lækkaður.

Pétur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. þm. V.-Húnv. Hann talaði um, að það væri heppilegast, að búnaðarfélögin væru byggð upp að neðan og grundvölluð á frjálsum samtökum bænda. Það er ekkert, sem þetta snertir, í frv. og þess vegna er alveg ótímabært að tala um það. Aðstaða hinna smærri búnaðarfélaga í hreppunum til Bf. Ísl. breytist ekkert; þau komast ekki í meira samband við Bf. Ísl., þó að breytt verði um aðferð til stjórnarkosningar. Það mun því vera bezt að lofa þessu frv. að deyja, en það kemur út á eitt, hvort hv. þdm. láta það verða deginum fyrr eða seinna.

Það sannar ekkert um allsherjarálit Búnaðarþings, hvernig milliþinganefndin ein lítur á þetta mál; ég skal benda hv. þm. á það, að þegar Alþingi hefir kosið mþn., þá hefir ekki komið fram sameiginlegt álit Alþingis í till. milliþinganefnda, heldur jafnvel hið gagnstæða stundum. Þetta frv. sannar því ekkert um vilja Búnaðarþings í málinu.

Ég var áður búinn að hrekja hv. þm. Mýr. úr því vígi, að Búnaðarþingið hefði verið mjög óánægt þegar þessi stjórnskipunarfyrirmæli voru samþ. 1923. Ég veit að vísu ekki, hversu mikil óánægja kann að hafa búið í þögninni, en ekkert kom fram opinberlega annað en það, að samkomulagið væri hið bezta á milli Búnaðarþings og Alþingis um þetta mál. — Í umr. á Alþingi 1928 um breyt. á jarðræktarlögunum eða í skjölum mþn. verður ekkert fundið, sem bendir til þess, að það hafi átt að breyta mati á jarðabótadagsverkinu í þá átt, að styrkurinn yrði lækkaður. Þá var því slegið föstu, á hvaða styrk bændur mættu eiga von út á hvert dagsverk, og var styrkurinn yfirleitt aukinn, á þann hátt, að hann var líka veittur til kaupa á jarðræktarverkfærum. — Verðlagsskrá er reiknuð eftir allt öðrum grundvelli en jarðabótadagsverkið. Hafi hv. þm. nokkurntíma samið verðlagsskrá, þá hlýtur hann að vita, að kaupgjaldið er mjög lítill liður í verðlagsskrárgrundvellinum.

Ég vil mótmæla því, að bændur standi eins vel að vígi eftir þessar breyt. á dagsverkinu og áður, þegar miðað er við jarðabótastyrkinn, því að það er alkunnugt, að síðastl. ár hækkaði kaupgjald í landinu. En þó að aðstaða bænda til jarðabóta hefði batnað, sem ekki er, hvers vegna þurfti þá að sporna við því? Að vera með slíkan orðhengilsháttt út af jarðabótastyrknum og halda því fram, að hann hafi ekki verið lækkaður, er með öllu óframbærilegt. Það er engrar undankomu auðið fyrir hv. þm. Mýr. á þann hátt.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Það eru aðeins örfá orð til hv. 1. þm. Skagf. — Þegar breytt var mati á jarðabótadagsverkum síðastl. vor, þá var ekki hreyft við sáðsléttum, heldur látin standa óbreytt þau fyrirmæli reglugerðarinnar, að sáðsléttur þyrftu að vera ársgamlar, þegar þær væru teknar á skýrslu. En þá var ákveðið, að allar aðrar jarðabætur skyldu teknar strax á skýrslu, eða ári fyrr en venja var til áður samkv. reglugerðinni.

Ef nú á að álasa stjórn Bf. Ísl. fyrir það, að sáðsléttunar skyldu ekki vera teknar með strax ásamt öðrum jarðabótum, þá er um leið verið að álasa hv. 1. þm. Skagf., því að þetta hefir staðið óbreytt samkv. þeirri reglugerð, er hann staðfesti um þetta efni.

Hv. þm. hafði það eftir Sigurði búnaðarmálastjóra, að stjórn Bf. Ísl. væri að heykjast á dagsverkamatinu. Því til skýringar skal ég geta þess, að ágreiningur var um það í stjórn Bf. Ísl., hvort það ætti að leyfa það strax, að sáðsléttur yrðu teknar á skýrslu um leið og þær væru fullgerðar; en nú var þetta einnig leyft síðastl. haust, þannig að allar jarðabætur eru nú teknar á skýrslu um leið og þær eru fullgerðar. Að þessu leyti má segja, að stj. hafi slakað til frá þeirri ákvörðun, sem gerð var síðastl. vor.

Magnús Guðmundsson: Ég skipti mér ósköp lítið af því, sem fram hefir farið innan stj. Búnaðarfél., enda hefi ég ekki tækifæri til að rannsaka, hvort rétt er skýrt frá því, sem þar gerist. En mér finnst rauði þráðurinn í skrafi hv. flm. vera sá, að bændur hafi fengið of mikinn styrk á undanförnum árum. Annars

er engin heil brú í þessu, sem hann er að segja. Því á sama árinu, sem bændur verða að kaupa alla vinnu hærra verði, þá er styrkurinn lækkaður.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil aðeins spyrja hv. 1. þm. Skagf.: Til hvers eru lög, ef ekki á að fara eftir þeim? Stj. Búnaðarfél. Ísl. fór alveg eftir lögunum, er hún breytti þessu síðastl. vor. Að ég vilji með þessu segja, að bændur hafi að undanförnu fengið of háan styrk, er fjarstæða ein og útúrsnúningur hv. 1. þm. Skagf. Hann er lögfræðingur, og hefir verið æðsti vörður laga og réttar í landinu, svo að hann ætti þó að vita, að til þess eru lög, að eftir þeim sé farið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég get ekki annað en látið undrun mína í ljós yfir því, hvernig hv. 1. þm. Skagf. blandar saman, hvað dagsverk sé metið til peninga samkv. verðlagsskrá og hvað mikil vinna skuli í það lögð. Það liggja jafnmargir faðmar eftir manninn t. d. í túnasléttu eftir daginn, hvort sem kaupið er þetta eða hitt. En í þessu efni sem öðru verður stj. Bf. Ísl. að fara eftir því, sem jarðræktarráðunauturinn og aðrir trúnaðarmenn hennar telja rétt vera.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. Mýr. spurði mig, til hvers lög væru, ef ekki til þess að fara eftir þeim. Jú, vissulega á að fara eftir lögunum. En voru þessi lög ekki til í fyrra? Nú hefir kaupið hækkað. Hvers vegna var þá ekki styrkurinn lækkaður í fyrra, úr því hann þykir of hár nú með hækkandi kaupi? Það er þetta ósamræmi, sem ég fæ ekki skilið, og enginn réttsýnn maður getur skilið á annan veg en að styrkurinn hafi verið of hár að undanförnu. Hæstv. atvmrh. talaði um, að ég ruglaði saman því, sem dagsverkið væri metið, og afkasti mannsins. Það gerði ég nú raunar ekki. En verður ekki verkið í túnasléttun dýrara vegna þess að kaupið hækkaði 1929 frá því, sem það áður var?

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hér er enn um sama misskilninginn að ræða hjá hv. 1. þm. Skagf. Trúnaðarmenn Búnaðarfél. áttu aðeins að meta, hvað miklu væri hægt að afkasta á dag og ákveða dagsverkið eftir því. Og eftir till. trúnaðarmannanna fer svo stj. Búnaðarfélagsins.

Magnús Guðmundsson: Þetta er ekki rétt. Alþingi hefir ákveðið með jarðræktarlögunum, hvernig meta skuli dagsverkið, og út fyrir það getur Búnaðarfélagið ekki farið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Alþingi hefir ekki ákveðið, hvernig meta skuli dagsverkið, heldur aðeins, að það skuli metið. Og liggur í augum uppi, að um það verða stjórnarvöldin að leita tillagna hinna sérfróðu manna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:6 atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt nál. landbn., á þskj. 257, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HG).

Á 34. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 137).

Á 35. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég hefi látið allítarlega grg. fylgja frv. þessu og þarf því færri orð að segja, er ég nú fylgi því hér úr hlaði í hv. d.

Ég vil taka það fram þegar í upphafi, hv. þdm. til glöggvunar, að ég hefi látið skáletra það í frv. þessu, sem frábrugðið er frv. hv. meiri hl. mþn. í tolla- og skattamálum. Að öðru leyti en því, sem segir í grg. minni um einstakar till. mín-

ar, vísast til aths. þeirra, er frv. meiri hl. fylgja og eru að finna á þskj. 65.

Eftir því, sem næst verður komizt, hafa skattar til ríkissjóðs, sveitar- og bæjarfélaga numið um 14—15 millj. króna á ári undanfarin ár, og af þeirri upphæð hafa um 10 millj. gengið til ríkissjóðs, en útsvör og fasteignagjöld til héraða og sýsluvegasjóðsgjöld numið um 4,7 millj. kr. Þessar 14—15 millj. kr. er sú skattabyrði, sem þjóðin hefir að bera, og nemur hún um 150 kr. á hvert nef í landinu, eða 750 kr. á meðalheimili á ári.

Samanborið við flestar okkar nágrannaþjóðir eru þetta mjög lágir skattar. Þeir eru geysimikið hærri t. d. á Þýzkalandi og á Englandi, og nærri helmingi hærri eru þeir í Danmörku; í Noregi eru þeir og miklum mun hærri, en um Svíþjóð er mér ekki nákvæmlega kunnugt. Kemur þetta nokkuð til af því, að ríkisskuldir okkar eru tiltölulega miklu minni en flestra annara þjóða, Og að auki erum við, sem betur fer, lausir við einn stærsta útgjaldaliðinn, sem þessar þjóðir stynja undir. Við höfum losnað við allan beinan herkostnað og þau margvíslegu óbeinu útgjöld, sem honum fylgja, stríðsskuldirnar og allt, sem af þeim leiðir.

Að þessu öllu athuguðu mætti ætla, að það hefði reynzt auðvelt að koma skattabyrði okkar réttlátlega fyrir. Í öllu falli réttlátlegar en svo, að jafna 150 krónum á nef hvert. Í Danmörku nema fasteignaskattur og tekju- og eignarskattur jafnhárri upphæð, 150 kr., á íbúa hvern, eins og allir tollar og skattar til ríkis og héraðssjóða hér nema samtals, samkv. árbók Danmerkur fyrir árið 1927. Reynslan sýnir þó, að Alþingi virðist hafa veitzt æðierfitt að koma þessum sköttum réttlátlega fyrir, eða það hefir ekki hirt um að gera það. Lítur jafnvel út fyrir, að Alþingi hafi stundum hallazt að ennþá vitlausari og ranglátari skattastefnu en þeirri, sem enginn mælir þó lengur bót: að taka skattana alla sem nefskatt. Því sumir tollanna eru hæstir á nauðsynjum fátæklinganna. Yfirleitt verður ekki annað sagt en að skattalöggjöf okkar, eins og hún nú er, sé hið átakanlegasta handahófssmíði, sem hugsazt getur.

Þegar samin hafa verið skattalög hér, virðist aðeins hafa verið litið á aðra hliðina: á þörf ríkissjóðs til aukinna tekna. En skattar hafa aðra hlið, sem kalla mætti hina þjóðfélagslegu hlið og lýtur að því, hvernig þeir verka á hag þjóðarheildarinnar og alþýðu og atvinnulífið í landinu. En um þessa hlið virðist alls ekkert hafa verið hugsað, heldur einblínt á hitt, að útvega ríkissjóði tekjur, oftast alveg án þess að taka nokkurt tillit til þess, hvernig skattarnir og tollarnir verka. Sést þetta bezt á því að bera saman tekju- og eignarskatt annarsvegar og þrjá aðaltollana af nauðsynjavörum hinsvegar. Tekju- og eignarskattur nemur að meðaltali á árunum 1924—27 um 12% af öllum skatttekjum ríkissjóðs, eða um 1200 þús. kr. á ári, en á sama tíma nema vörutollur, verðtollur og kaffi- og sykurtollur til ríkissjóðs um 40—45% af öllum skatttekjunum, eða þrefalt til fjórfalt meiru en tekju- og eignarskatturinn gefa. Nú orkar það ekki tvímælis, að tollar þessir hljóta að hækka vöruverð í landinu, en með því er aukin dýrtíðin, spillt efnahag almennings og íþyngt atvinnulífi landsmanna.

Tekju- og eignarskatturinn hefir numið um 1200 þús. kr. að meðaltali á árí þetta tímabil, sem ég nefndi. Svarar það til um 3,5% af skattskyldum tekjum landsmanna til uppjafnaðar. Tekju- og eignarskattur hafa þannig samtals numið að meðaltali um kr. 3,50 af hverjum 100 krónum skattskyldra tekna.

Ef aftur á móti er litið á, hvað mikið menn verða að greiða í tolla, þá verður annað uppi á teningnum. Hagstofan hefir samið yfirlit yfir matvörukaup og annað, sem 5 manna fjölskylda með 3000—4000 kr. árstekjur þarf sér til viðurværis hér í Reykjavík. Ég hefi farið yfir þessa reikninga, sem eru mjög nákvæmlega sundurliðaðir, yfir innkaup ýmsra nauðsynjavara, og samkv. þeim hefir þessi fjölskylda orðið að greiða í tolla og vegna tollanna, þ. e. álagningar á þá, hér um bil 10% af öllum tekjum sínum, og er það engin smáræðis upphæð. Það er þrefalt hærra hundraðsgjald af öllum tekjunum heldur en tekju- og eignarskatturinn samtals er af hinum skattskylda hluta tekna efnamanna.

Nú er þess að gæta, að þegar um skattskyldar tekjur er að ræða, þá er fyrst dreginn frá kostnaður við öflun teknanna, persónufrádrátturinn og öll opinber gjöld, svo sem útsvar og tekju- og eignarskattur, og skatturinn aðeins reiknaður af því, sem þá er eftir. Liggur því í augum uppi, að þennan hluta teknanna, þ. e. það, sem er umfram þurftartekjur, ber að leggja skattana á. Hinn hlutann, brýnustu þurftartekjur, á alls ekki að leggja skatt á. En einmitt þurftartekjurnar eru skattlagðar með nauðsynjavörutollunum, og það svo freklega, að skatturinn af þeim er þrefalt hærri en af skattskyldum tekjum.

Aðalbreyt. í frv. mínu frá því, sem er í frv. hv. meiri hl. mþn., er í 6. gr., þar sem skattstiginn er ákveðinn. Þar er skattstiginn hækkaður svo, að skatturinn í heild hækkar um röskl. 50%. Auk þess er önnur breyt. gerð, sem skiptir miklu máli, en hún er í því fólgin, að sami skattstigi er ákveðinn fyrir einstaklinga og félög. Í núgildandi lögum er skattur hlutafélaga ákveðinn eftir hlutfallinu milli arðs og hlutafjár félaganna, og kemur því skatturinn býsna ósanngjarnlega niður. Félög með lítið hlutafé greiða margfaldan skatt af sömu tekjum á við hin, sem mikið hlutafé hafa. Þetta er alveg ósanngjarnt. Af sömu skattskyldum tekjum á jafnan að greiða sama skatt, hver sem í hlut á, hvort sem það er félag, stórt eða lítið, eða einstaklingur. Þann mun, sem rétt er að gera á gjaldendum, ber að gera með því að hafa reglurnar um frádrátt og ákvörðun skattskyldra tekna mismunandi.

Önnur breyt., sem verulegu máli skiptir, er, að samvinnufélög fái rétt til að draga varsjóðstillag frá ágóða sínum. Það virðist dálítið einkennilegt, að hlutafélög skuli hafa skattfrjálst ⅓ af varasjóðstillagi sínu, en samvinnufélög ekkert. Hv. meiri hl. leggur til í sínu frv., að samvinnufélögum sé veittur sami réttur og hlutafélögum: þ. e. ⅓ varasjóðstillagsins skuli ekki teljast til skattskyldra tekna. Ég tel þetta of skammt gengið. Samvinnufélögin eru allt öðruvísi sett í þessu efni en hlutafélög. Samvinnufélögum er með lögum gert að skyldu að greiða 1% af viðskiptaveltu sinni í varasjóð, og þennan varsjóð má aldrei nota til að úthluta félagsmönnum, heldur eru í lögum um samvinnufélög settar sérstakar reglur um meðferð hans við félagsslit. Er því alveg rangt að skattleggja lögboðið framlag til hans.

Ég er sammála hv. meiri hl. mþn. um að hækka persónufrádráttinn og hafa hann mismunandi eftir dýrtíðinni í landinu. En hinsvegar hefir mér ekki þótt hv. meiri hl. ganga nógu langt í þessu efni. Eftir mínum till. nemur frádrátturinn hér í Reykjavík fyrir 5 manna fjölskyldu 4000 kr., í öðrum kaupstöðum 3300 kr. og í sveitum 2600 kr.

Þá er og aldurshámark barna, er framfærslueyrir dregst frá fyrir, hækkað úr 14 árum upp í 16 ár. Ég ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð um þessa breyt. Langflestir unglingar nota, sem betur fer, a. m. k. tvö ár eftir að skólaskyldualdri lýkur til þess að mennta sig bóklega eða verklega, og því er ekki nema sjálfsagt og rétt að taka tillit til þess, og ekki síst fyrir þá sök, að með aukinni menntun gera unglingarnir sig nýtari og starfshæfari fyrir þjóðfélagið. Einnig mætti benda á, að í fátækralögunum er í sumum tilfellum gert ráð fyrir framfærslustyrk til 15 ára aldurs. Í lögunum um styrk til verkamannabústaða frá síðasta Alþ. var miðað við 4000 kr. tekjuhámark félagsmanna, og er þar áreiðanlega um þær lágmarkstekjur að ræða, sem gera má ráð fyrir, að meðalfjölskylda geti framfleytt sér á hér í Reykjavík. Persónufrádrátturinn í frv. mínu er einmitt miðaður við þessa ákvörðun Alþingis. Menn, sem þarf að veita opinberan styrk til þess að eignast húsnæði vegna of lágra tekna, geta ekki og eiga ekki að greiða tekjuskatt.

Loks er hér eitt nýmæli í frv. á þá lund, að sveitar- og bæjarfélögum skuli veitt heimild til þess að leggja 50% á tekjuskattinn til sinna sjóða og að innheimtumenn ríkissjóðs skuli heimta það inn með hinum lögboðna tekjuskatti, og auk þess, að ⅓ af tekjuskattinum skuli þá og renna til þessara sömu sjóða.

Ég get skýrt frá því, að það kom til tals í mþn., hvort ekki væri rétt að hækka skattstigann mjög verulega og láta hækkunina renna til bæjar- og sveitarsjóð-

anna. Ég tel eðlilegra að veita sveitar- og bæjarstjórnum heimild til þess en að setja um það lög að þeim forspurðum. Fátækraframfærslan er nú langþyngsti kostnaðarliður héraðanna. Svo hlýtur að verða á meðan alþýðutryggingum verður eigi komið á, eða landið allt gert að einu framfærsluhéraði. En óhugsandi er, að Alþingi láti mörg ár enn líða svo, að eigi setji það lög um alþýðutryggingar eða breyti fátækralögunum. Þess vegna er gert ráð fyrir, að þetta sé heimildarákvæði, er gildi aðeins um stundarsakir. Loks vil ég geta þess í sambandi við innheimtuna, að í frv. er ráðh. heimilað að ákveða gjalddagana fleiri en einn og skipa fyrir um gerð og sölu skattmerkja til þess að létta fyrir gjaldendum.

Ég mun þá láta mér nægja í bili það, sem ég hefi hér sagt, og legg til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að þessari umr. lokinni.

Halldór Stefánsson: Mér þykir ekki ástæða til nú að hefja víðtækar umr. út af orðum hv. flm. Það kom ljóst fram í ræðu hans, að höfuðágreiningurinn á milli nefndarhluta í mþn. í tolla- og skattamálum liggur aðallega í einu atriði: þ. e. hvernig skattstiginn verður ákveðinn. Hin önnur atriði, sem á milli ber, eru aðallega stigmunur, þar sem minni hl. vill ganga lengra en meiri hl. í breyt. sínum.

Eins og getið hefir verið um áður, var góð samvinna í mþn. um alla rannsókn viðvíkjandi undirbúningi þessara laga. En leiðir skiptust, þegar kom að því að ákveða skattstigann. Það kom til tals í n. að setja að miklum mun hærri skattstiga og skipta skattinum milli ríkis og sveita. En samkomulagið strandaði á því, hvernig ætti að skipta skattinum. Sveitar- og bæjarfélög hafa engar aðrar verulegar tekjur en tekju- og eignarskatt, sem nefnt er útsvar. Að rýra þennan nær eina tekjustofn marga sveitarfélaga teljum við hvorki réttmætt né hyggilegt. Ríkissjóður er sízt verr settur í þessu efni en sveitarfélögin, þar sem hann (ríkissj.) hefir vald á öllum tekjustofnum, en sveitarfélögin nær að kalla ekki nema á þessum eina. Hinsvegar virtist okkur í meiri hl. full ástæða til að setja fastar reglur um niðurjöfnun útsvaranna. Þau eru nú byggð á niðurjöfnun sveitarstjórna eða niðurjöfnunarnefnda eftir meira og minna handahófsmati. Þetta gat farizt sæmilega eða viðunanlega, á meðan útsvörin voru hóflega há. En síðan þau hækkuðu svo mjög, sem raun er á orðin, er þessi handahófsniðurjöfnun allsendis óviðunandi.

Ég hefi með þessu, sem nú hefir verið sagt, reynt að gera skiljanlegt, hvað það var, sem aðallega skildi á milli nefndarhlutanna.

Það var nokkuð um það rætt í n. að setja sama skattstiga fyrir félög og einstaklinga. Og skal ég þá í því sambandi geta þess fyrir sjálfan mig, að mér þykir ekki fráleitt að hugsa sér það. En að um þetta gat ekki orðið samkomulag, stafaði fyrst og fremst af því, að það myndi verða til þess að rýra tekjustofn sveitarfélaganna, en að því gátum við meirihlutamennirnir ekki gengið, eins og fyrr hefir verið sagt, og má mín afstaða um þetta skoðast sem einskonar miðlunarafstaða. Annars er ekki að þessu sinni ástæða til að fara frekar út í þetta atriði.

Um hækkun persónufrádráttarins þarf ég ekki margt að segja. Þar er aðeins um stigmun að ræða á milli nefndarhlutanna. Þegar ég mælti fyrir frv. okkar meiri hl., gat ég þess, að persónufrádrátturinn væri að vísu ef til vill of lágur, en okkur þótti ekki fært að hafa hann hærri, til þess að rýra ekki um of tekjuvon ríkissjóðs, og fórum því meðalveg í þessu efni.

Önnur þau atriði, sem eru frábrugðin í frv. minni hl., eru prentuð með breyttu letri, og sé ég ekki ástæðu til að minnast á þau nú. Þau eru öll smávægilegri og ber ekki að skilja þau svo, sem þau séu ágreiningsatriði milli nefndarhlutanna. Þau eru þannig til komin, að flm. bar þau ekki fram í n. fyrr en um það bil, sem n. var að skila af sér frv., og þá var hv. þm. að fara í ferð til kjördæmis síns og hafði því ekki tækifæri til að ræða þær við okkur hina nefndarmennina og lagði það ekki fram öðruvísi en munnlega við formann nefndarinnar. En mér þykir ekki ólíklegt, að meiri hl. n. geti

fallizt á ýmsar af þeim till. — Annars vil ég hér geta þess, að hv. flm. hafði áður fallizt á sömu orðun á þessum atriðum flestum, sem er í frv. meiri hl.

Ég hefi gleymt að minnast á eina till., sem ágreiningur varð um milli nefndarhlutanna, en það er frádráttur á varasjóðstillagi samvinnufélaga. Till. meiri hl. má þar skoða sem miðlunartill. milli þeirra manna, sem að frv. standa. En um mína persónulegu skoðun á þessu atriði get ég sagt það, að hún er ekki fjarri því, sem hv. flm. lýsti yfir, að væri sín skoðun. Um þessa till. er auk þess það að segja, sem ég hefi getið um áður, að hún var svo seint fram borin, að ekki var tími til að ræða hana við hv. minni hl. til fullnustu. Þess vegna hefir ekki fullkomlega verið tekin afstaða til hennar í n.

En hvað sem um þetta er, þá er það víst, að till. meiri hl. eru allmikil réttarbót fyrir samvinnufélögin frá því, sem er, þar sem þau eru nú beitt misrétti gagnvart hlutafélögum í þessu efni. Mega þau því betur við una till. meiri hl. en ef þetta verður óbreytt. En ennþá væri þó betra fyrir samvinnufélögin, ef þingið vildi fallast á till. minni hl.

Magnús Jónsson:* Það er mikill skaði, að þetta frv. kemur svo sið, að það hefir í raun og veru enginn tími unnizt til að athuga það nema fyrir þá menn, sem starfað hafa að því í mþn. Það hefir því ekki verið hægt að athuga það eins og þurft hefði einmitt nú við 1. umr. Ég stend því ekki upp hér af því, að ég treysti mér til að ræða málið óundirbúinn eins rækilega og ég vildi gera, heldur af því, að ég vil ekki, að frv. gangi svo í gegnum 1. umr. hér, að ekki verði vart við, að neinn taki eftir, hvað hér er á ferðinni með þessu frv. Ég get þó sagt það, eftir að hafa litið lauslega á frv. og hlustað á framsöguræðu hv. flm., að í þessu frv. eru einstök atriði, sem ég get vel fellt mig við og tel vera sanngjarnar till. En aðalatriðið í þessu frv. virðist mér vera það, að þar er farið fram á stórfelldari stefnubreytingar í skattamálum en nokkurn tíma hefir áður komið hér fram, a.m.k. á síðari árum. Það er sem sé sú stefna, að ríkissjóði sé sem mest aflað tekna með beinum sköttum, þar sem farið er fram á, að skattstiginn hækki svo gífurlega.

Hv. flm. sagði, að hækkunin væri um 50%, en af háum tekjum er hækkunin miklu meiri. Þar hækka skattarnir úr 26% upp í 40%. Samt get ég nú fallizt á það, að ýmislegt mæli með þeim breyt., sem frv. fer fram á. Hér er ekki um neina nýja uppgötvun að ræða, enda hélt hv. flm. því ekki fram, heldur er hér um stefnubreyt. að ræða í því, hvernig afla skuli ríkissjóði tekna.

Hv. flm. kom með nokkrar tölur, sem áttu að sýna, hve mikið af allri skattabyrðinni er tekju- og eignarskattur og hvað mikið tollar. En þar við er það að athuga, að mikið af þeim tekjum, sem koma sem tollar, er í raun og veru nokkurskonar tekjuskattur. Og þeir, sem efnaðir eru, borga oft meira af þessum skatti, þó að svo sýnist, sem hann gangi jafnt yfir alla. T. d. má nefna alla tolla af óþarfavöru, svo sem víni, tóbaki og enda kaffi. Efnað fólk kaupir helzt dýrustu tegundirnar og borgar því mesta upphæð, og verðtollurinn verkar beinlínis sem tekjuskattur. Dýrari tegundirnar, sem efnafólkið kaupir, eru venjulega hæst tollaðar. Því lendir sá tollur tiltölulega mest á því fólki. Það er því villandi, þegar kaffi- og sykurtollur er sagður nema 40%, en tekju- og eignarskattur 11%.

Eftir því, sem mér heyrðist hv. flm. segja, þá áleit hann þessi atriði ekki skipta mestu máli, heldur hitt, að fram að þessu hefði löggjöf okkar um skatta og tolla verið mesta handahófsverk, aðeins verið hugsað um að fá tekjur í ríkissjóð, en ekki verið hugsað um að miða þau rétt við þessa gjaldstofna. Þetta held ég, að sé alls ekki rétt. Auðvitað eru til einstöku tekjustofnar, sem eru til komnir eingöngu af því, að þurfti að ná í peninga, t. d. útflutningsgjald, sem er ekki heppilegur tekjustofn.

Tollarnir verða því heppilegastir fyrir þjóðfélagið, eins og nú standa sakir. Það á að leggja háa tolla á þær vörur, sem óþarfar eru og hættulegt að neyta að miklum mun. Þessari stefnu hefir verið fylgt hér nú hingað til, að takmarka innflutning á óþarfa vörum og láta verðtoll-

inn hækka eða lækka eftir því, hvort vörurnar voru þarfar eða óþarfar. En nú kemur hv. flm. þessa frv. og segir: „Þetta er ekki sú heppilega stefna. Það, sem nú á að gera, er að leggja þarfir ríkissjóðs á tekjur manna og eignir". — Ég treysti mér ekki að setja þetta svo skýrt og vel fram, sem æskilegt væri, svona óundirbúinn, en þetta verður að athuga vel, hvaða áhrif þessar tvær stefnur geta haft á hag þjóðfélagsins.

Það er vitanlegt, að allar framfarir og aukin skilyrði til atvinnurekstrar verða að koma af tekjum. Eins er með viðhald, sem er nauðsynlegt á öllu, sem úr sér gengur. Þessi tekjuafgangur getur gengið til nauðsynlegra framkvæmda og til að leggja í ýmis fyrirtæki, ef ekki á að vera algerð kyrrstaða eða afturför. Nú álítur hv. flm., að heppilegast sé, að sem mest af þessum tekjuafgangi renni í ríkissjóð og síðan til ýmissa þarflegra fyrirtækja. En það verður nú oft svo, að þegar þetta fé er komið í ríkissjóð, þá fer sumt af því til að bæta persónulega afkomu einstaklinganna, sumt í þarflegar framkvæmdir, en sumt beinlínis til óþarfa. Það er þess vegna óhætt að segja það, að féð mundi ekki fara allt til að auka ræktun, kaupa ný skip eða koma upp verksmiðjum. Sumt mundi fara í óþarfa, en mundi ekki gera það, ef það væri ekki dregið í ríkissjóð með þessum fyrirhugaða skatti. En sé skatturinn tekinn af óþarfavörum, þá er bersýnilegt, að það mundi draga úr neyzlu á þessum vörum og þar að auki gæfi það peninga í ríkissjóð, sem yrðu þar að miklum notum.

Hér er því um það að ræða, hvort fremur beri að skattleggja þá menn, sem starfa að nauðsynlegum fyrirtækjum, eða þá, sem nota mikið óþarfavörur. Og ég hygg, að það sé réttara að tolla óþarfar vörur en leggja háa skatta á framtaksmennina.

Ég skal ekki tefja þessar umr. lengur að sinni, en aðeins benda á það, sem hv. þdm. er kunnugt, að hér er um mikið „princip"-atriði að ræða. Fá mál hafa verið eins mikið „princip"mál og þessi tekjuskattsfrv. frá hv. þm. Ísaf. og mþn., sem liggja hér fyrir.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Mér láðist að geta þess í fyrri ræðu minni, að í frv. er gert ráð fyrir mjög verulegri breyt. á eignarskattinum. Samkv. frv. hækkar eignarskatturinn um h. u. b. 100% til uppjafnaðar, og auk þess greiðist skatturinn af eignunum öllum, ef þær nema meiru en hinu skattfrjálsa lágmarki, 5000 kr. En nú eru 5000 krónur skattfrjálsar hjá hverjum gjaldanda og dragast frá, þótt hann eigi mörg hundruð þúsunda. Mér fannst rétt að benda á þetta, því að annars mætti ætla, að hækkunin væri ekki meira en 50%, eins og á tekjuskattinum.

Ég þarf aðeins að svara hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. N.-M. — Hv. 1. þm. N.-M. drap á það í síðari hluta ræðu sinnar, að eftir mínum breyt. verði skattlækkunin á manni hér í Reykjavík, sem hefir 5 menn í heimili og 7000 kr. tekjur, 2 krónur. Samkvæmt mínum till. á þessi maður að greiða 90 kr., í stað 92 kr. samkv. gildandi lögum. Því hærri sem tekjurnar verða, því meiri verður munurinn. Af 5000 kr. tekjum verður skatturinn samkv. till. mínum tæpl. helmingur þess, sem hann nú er, 15 kr. í stað 32. Hér er átt við nettótekjur, en ekki skattskyldar tekjur. Ég vil ennfremur benda hv. þdm. á að bera saman skatt af 50000 kr. skattskyldum tekjum hér og í öðrum löndum. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp samanburð á skatti af þeirri upphæð í nokkrum löndum.

	Tekjur	skattein.	skattur
England	50000	shillings	9925
Þýzkaland	50000	ríksm.	11500
Danmörk	50000	d. kr.	4912
Noregur	50000	n: kr.	5560
Svíþjóð	50000	s. kr.	3910
Ísland	50000	ísl. kr.	8337

Samkv. minni till. yrði skatturinn hér á landi 10.800 kr. af 50000 kr. skattskyldum. Hækkunin er því ekki eins ægileg og mér skildist, að hv. 1. þm. Reykv. fyndist hún vera. Hinsvegar skal ég fúslega játa, að hér er um mikla breyt. að ræða. Skattur af tekjum undir 7000 kr. fyrir fjölskyldu hér í Reykjavík lækkar mjög, og er enginn af 4000 kr. eða minni. Hinsvegar hækkar hann mjög af 12000—100

þús. kr. tekjum. Slíkar tekjur þola líka verulegan skatt, en lágtekjurnar engan eða lítinn.

Tekjur ríkissjóðs aukast þó við þetta um h. u. b. 50% frá því, sem nú er. Það er því rétt hjá hv. þm., að hér sé um stefnubreyt. að ræða, þá, að auka skatta á hátekjum, en lækka þá á lágtekjum og tolla af nauðsynjum.

Hv. þm. kvaðst vilja láta leggja háa tolla á munaðarvöru og sagði, að þeir, sem keyptu hana, borguðu þá í raun og veru tekjuskatt í ríkissjóð. Ég kannast vel við þessa skoðun íhaldsmanna um að tolla óhófs- og munaðarvörur. Reynslan hefir bara alltaf orðið sú, að aðaltollarnir eru teknir af nauðsynjavörum, en ekki af munaðarvörum.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi einhverntíma tækifæri til að kynna sér þskj. 139, en ég ætla þó að minnast á nokkrar tollvörur til að sýna, hverjar þessar „munaðarvörur" eru, sem tollar nú eru lagðir á.

Árið 1927 var kolatollur 265 þús. kr. og salttollurinn var þá milli 65 og 66 þús. kr. Eftir till. frá meiri hl. mþn., sem vildi breyta þessu, á salttollurinn að hækka úr 65400 upp í 136 þús. og kolatollurinn úr 265 þús. upp í 296 þús., allt miðað við innflutning ársins 1926, sem var lítið innflutningsár.

Þá er tollur á eggjum, kartöflum, smjörlíki, erfiðisfatnaði, borðbúnaði og búsáhöldum, öllum dúkum og flíkum, sem til landsins flytjast. Af þessu flestu nemur tollurinn um 20%, nærri $\frac{1}{5}$ hluta innkaupsverðs. Eru þetta munaðarvörur?

Tollur af kaffi og sykri og kaffibæti nemur frá 60%—85% af innkaupsverði. Svona mætti lengi telja.

Ágreiningurinn milli mín og hv. 1. þm. Reykv. liggur ekki í því, hvort eigi að tolla óþarfa eða ekki, heldur í því, hvort beri að afla ríkissjóði tekna með því að leggja skatt á eignir manna og tekjur umfram þarfir eða með því að tolla nauðsynjavörur og skatta þurftartekjur. Ég held, að enginn, sem les landsreikningana og skýringarnar í grg., treystist að neita því, að meiri hl. af tekjum ríkissjóðs er fenginn með því að hátolla nauðsynjavörur almennings. Það er sannarlega kominn tími til að breyta um stefnu í þessu efni, gæta meira réttlætis og hagsýni en gert hefir verið. Hv. þm. segir, að það sé ekki rétt að segja, að skattalöggjöfin sé handahófsverk. Það er þó ekki ofmælt. Þegar samþ. var aðflutningsbann á áfengi, voru vörutollslögin samin í mesta flýti og talið sjálfsagt að endurskoða þau bráðlega. Þau áttu aðeins að vera bráðabirgðalög, til að afla ríkissjóði tekna í staðinn fyrir vínfangatollinn, sem þá átti að hverfa alveg. En þau hafa haldizt óbreytt í flestum aðalatriðum, nema hvað sífellt hefir verið bætt ofan á tollana og þeir hækkaðir. Loks var svo verðtollinum, sem líka átti aðeins að vera til bráðabirgða, dembt ofan á vörutollinn, svo að af fjölmörgum nauðsynjavörum nema þeir nú samanlagt um og allt að 20% af innkaupsverði.

Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann telur t. d. vinnufatnað óþarfa vöru, sem ástæða sé til að heimta af 20% toll. Ég veit, að hann játar það með mér, að slíkt sé rangt.

Þá tók hv. þm. svo til orða, að með því að hækka tekjuskattinn væri verið að veitast að þeim, sem með dugnaði öfluðu sér hárra tekna, er þeir svo verðu til framkvæmda. Að veitast að einhverjum er nú hið sama og að sótt sé óþyrmilega að honum. En þetta er fjarri lagi. Það eru einmitt fátæklingar og barnamenn, sem nú er sótt óþyrmilega að. Hvor verður harðara úti, fjölskyldumaður með 5 í heimili, sem greiðir 10% af sínum 3000 króna tekjum, eða efnamaður með 12500 kr. tekjur, sem ekki þarf að greiða nema 490 krónur í viðbót við sömu tolla, 300 kr., og hinn, eða alls 6—7% af tekjunum? Hag þjóðarinnar er því betur komið, sem fleiri af landsbúum búa við sæmileg kjör. Þróttmikið athafnalíf skapast miklu frekar af sæmilegum tekjum margra og góðri afkomu almennings heldur en háum tekjum fárra. Þess ber líka að gæta, að þjóðfélagið sem slíkt veitir möguleika og skilyrði fyrir því, að háar tekjur myndast. Er því ekki nema sanngjarnt, að nokkru af þeim sé skilað aftur til hins opinbera, sem lagt hefir fram til tekjuöflunarinnar. Ég hygg líka, að ekki sé með réttu hægt að segja, að veitzt sé að hátekjumönnunum með frv. mínu. T. d. á að greiða af 100 þús. kr. skattskyldum

tekjum aðeins 29 þús. kr.; eftir eru 71 þús. En þess ber vel að gæta. að hér er átt við þær tekjur einar, sem eftir verða, þegar búið er að draga frá allan kostnað, þar með talinn tekju- og eignarskattur og aukaútsvar. Þessir skattar geta numið allhárri upphæð, og munar því mikið um þá til frádráttar. Segjum t. d., að þeir nemi 60 þús. kr. Þá á maður, sem hefir 160 þús. kr. árstekjur, að frádregnum rekstrarkostnaði og þvílíku, að greiða af 100 þús. kr. 29 þús. kr. í tekjuskatt. Það er um 18% af nettótekjum. Er það ekki hátt. Og ef athugaðar eru skattskýrslurnar aftast á þskj. 137, þá sést, að ekki er um marga slíka menn að ræða.

Loks vildi ég þá benda hv. þm. á eitt, sem ég hygg, að við séum sammála um, að í raun og veru er það svo, að allir skattar og skyldur landsmanna verða að greiðast af þeim tekjum, sem afgangs verða þurftartekjum landsmanna í hvert sinn. Ef þessu er ekki fylgt, þá er ekki nema um tvo aðra möguleika að ræða, annaðhvort að taka lán eða þá að skerða höfuðstól. Þriðja leiðin er að vísu til, sú, að klípa af þörfunum. En reynslan hefir nú sýnt það, að enga þessa leið þarf að fara, því þrátt fyrir alla okkar skatta hafa þó eignir landsmanna aukizt stórkostlega og aukast með ári hverju. Er það sönnun þess, að nógar tekjur eru umfram þurftartekjur til að bera alla okkar skatta. Og einmitt á þær tekjur á að leggja skattana. Menn hljóta að játa það, að brýnustu þurftartekjur beri ekki að skattleggja. Og það getur enganveginn talizt nokkurt vit í því fyrir hið opinbera að skattleggja þurftartekjurnar og verða svo að leggja gjaldendum það á annan hátt, t. d. með fátækrastyrk. Einmitt á þessu sviði er aðalágreiningurinn milli mín og hv. 1. þm. Reykv. Hann vill leggja skattana á þurftartekjur og nauðsynjar fólksins, en hlífa efnafólki og hátekjumönnum við sköttum, leggja 10% á 3000 kr. tekjur, en aðeins 6% á 12000 kr. tekjur.

Magnús Jónsson:* Hv. flm. hefir nú bent mér á það, sem stendur í áliti hans á bls. svo og svo. Þetta er nú bara eitt af því, sem sýnir, hve háskalega vel hv. þm. stendur að vígi gagnvart mér í þessari orðasennu okkar, sem hann mætir í svona afarvel undirbúinn, þar sem aðalstarf hans hefir sennilega verið nú um tíma að kynna sér þetta mál. En ég mæti með öllu óundirbúinn.

Ég sagði í minni fyrri ræðu, að mér gætist vel að ýmsum atriðum frv., og þau atriði geta verið fleiri en þau, sem ég hefi enn komið auga á. En í raun og veru er það þó svo, að ekki þarf nema að líta á skattstigann til þess að finna það, sem er aðalágreiningsefnið okkar á milli. Deilan stendur sem sé um það, hvort aðaltekjur landsins eigi að taka með tekjuskatti eða sem tolla, er einkum hvíla á óþarfavarningi.

Hv. flm. virtist gefa í skyn, að mikið af tollunum hvíldi á nauðsynjavöru. En ég vil benda honum á, að samkv. landsreikningi fyrir árið 1928, sem einmitt nú er útbýtt til þm., eru þeir liðir býsna háir, sem hvíla á óþarfavöru. Svo er um tóbakstollinn, kaffi- og sykurtollinn, sem ég kalla munaðarvöru, þar sem öllum er betra, að lítils sé af henni neytt. Þá er vintollurinn og ágóði af víneinkasölunni o. fl. Þá er og verðtollurinn, sem ég hefi sýnt fram á, að kæmi að nokkru leyti niður sem tekju- og eignarskattur, og hv. þm. kannaðist við, að verkaði þannig. Svo er vitanlega eftir vörutollur, sem lendir á öllum jafnt, og útflutningsgjöld, sem ekki geta talizt heppileg. Í sambandi við þetta vitnaði hv. flm. í ákvæði frv. meiri hl. n. og sagði, að sumir tollar, er hvíla á nauðsynjavöru, væru hækkaðir með því, nefndi t. d. kol, salt og slitfatnað. Ég hefi nú verið að ræða um okkar skattastefnu fram að þessum tíma, en ekki um álit meiri hl. Ég get vel verið ósammála sumu, sem þar kann að standa, og þar á meðal þessu. Ég tel ekki heppilegt að hækka toll á þessum vörum.

Hv. flm. lagði mikla áherzlu á samanburð frv. síns við það, sem tíðkaðist í öðrum löndum. En við þann samanburð kom það samt sem áður í ljós, að einungis eitt land af þeim, er hann taldi, hefir hærri tekjuskatt á 50 þús. kr. tekjum en lagt er til í frv. hans, í Englandi. Í nágrannalöndunum er hann lægri, bæði eftir þeim lögum, er nú gilda, og eftir frv. hans. Þetta sýnir, að því fer fjarri, að við séum á eftir nágrannaþjóðum okkar í

þessari stefnu. Við erum þvert á móti á undan þeim flestum.

En svo ber einnig á það að líta, að við erum á þessu sviði alls ekki samanburðarhæfir við aðrar þjóðir. Við höfum vegna fátæktar okkar fullkomna sérstöðu, er hlýtur að koma fram í skattalöggjöfinni. Sá maður, sem kemur til útlanda í fyrsta sinni — eða svo var a. m. k. um mig —, hlýtur að undrast þann feiknaauð, sem hvarvetna blasir við augum í stórborgunum. Allskonar stórbyggingar og hallir, hafnarmannvirki, vitar, ræktað land í stórum stíl o. fl. o. fl. Allt virðist vera búið að gera, sem gera þarf. Þetta er ekkert annað en þjóðarauður. Þetta er sá stóri munur, sem er á því, sem þar er, og því, sem við þekkjum hér heima. Hér er allt ógert. Fátæktin blasir hvarvetna við, hvert sem litið er, og mætir manni við hvert fótmál. Þess vegna er hér þörf að styðja að efnaaukningu, sem er undirstaða framkvæmdanna. Þess vegna einmitt þarf að haga skattakerfinu þannig, að hinum duglegu og athafnasömu mönnum sé gert fært að starfa og njóta sín og skapa verðmæti í landinu. Og þegar litið er á stefnu þessa frv., þá verður einmitt að gæta þess, að hér er svo að segja enginn auður. Hér eru engir slíkir menn til, sem sumstaðar finnast erlendis, er sitja sýknt og heilagt með sveittan skallann við að klippa út arðmiða. Hér eru máske til sæmilega efnaðir menn, en það eru allt menn, sem hafa efnazt vegna eigin dugnaðar og eru að nota efni sín til nauðsynlegra framkvæmda og auka þar með þjóðarauðinn. Sökum okkar miklu fátæktar verðum við einmitt að hlynna að allri viðleitni til að skapa auð.

Hv. flm. féllst á, að sumir tollar verkuðu sem tekjuskattur, en spurði að því, hvort það væri ekki einfaldari leið að leggja þann hlutann beint á sem tekjuskatt. Ég svara því neitandi. Tökum sem dæmi tvo menn með 40 þús. kr. tekjum. Annar er sparsamur, en hinn eyðslusamur. Er þá ekki betra að taka tiltölulega meira með tollum í ríkissjóð af þeim, sem hvort sem er eyðir tekjum sínum í óþarfa? Hinn sparsami leggur ágóða sinn í atvinnufyrirtæki, bætir þar með efnahag þjóðarinnar og eykur atvinnuskilyrði. Með beinum tekjuskatti væru báðir skattaðir jafnt. En með háum tolli á óþarfavarningi, þá borgar sá meira í ríkissjóð, sem notar vín, tóbak og annan slíkan óþarfa. Er nú ekki rétt að láta þann peia borga meira en ráðdeildarmanninn? Óbeini tekjuskatturinn, sem felst í verðtollinum, sem settur er á óþarfa vörur, er því heppilegri en beinn tekjuskattur. — En hér er nú sannarlega ekki um það að ræða, að enginn tekjuskattur sé, því hann er nú einn stærsti tekjuliðurinn.

Hv. flm. talaði um, að alla skatta yrði að taka af þeim tekjum, er væru umfram þarfir. Þetta er nú ekki nema að nokkru leyti rétt. Geta ekki þarfirnar orðið nokkuð mismunandi? Er ekki réttara að haga skattalöggjöfinni þannig, að sem mestur verði tekjuafgangurinn? Er ekki einmitt með sköttum hægt að draga úr því, að eyðslan verði mikil? En það má einmitt gera með því að leggja háa tolla á óþarfa varning. Ég er sammála hv. flm. um það, að þjóðfélagið skapar á ýmsan hátt möguleika til fjáröflunar einstaklinganna. Til þess veitir þjóðfélagið m. a. réttarvernd o. fl. Sumt er líka þess eðlis, að bezt fer á, að ríkið framkvæmi það sjálft. Svo er t. d. um vita og hafnargerðir. Um þetta erum við sammála. En þá fer yfir takmarkið, ef ríkið styður einungis með annari hendinni, en kippir fótum undan þeim, er sýnir björgunarviðleitni, með hinni. Sú hönd væri eins þung og bjarnarhrammurinn í sögunni, þegar björninn ætlaði að slá fluguna af manninum, en rotaði hann um leið.

Ef svo langt væri gengið, sem lagt er til í þessu frv., þá er ég hræddur um, að það mundi draga úr krafti þeirra manna, sem athafnamestir eru. — Ég skal eigi deila lengur. Ég hefi sagt nóg til að sýna, í hvaða höfuðatriðum okkur greinir á. Læt ég því staðar numið.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð að þessu sinni. Hv. 1. þm. Reykv. hefir gefið í skyn, að það, sem okkur greinir á um, sé það, hvort skattleggja skuli óþarfa og munaðarvörur, eða afla ríkissjóði tekna með tekju- og eignarskatti. En þetta er að snúa málinu alveg við. Ég

hefi hvergi komið fram með neinar till. um að fella burtu eða lækka tolla á óhófs- eða munaðarvörum. Kaffi og sykur, sem að vísu eru ekki óþarfavörur að mínu áliti, eru, þótt frv. mitt yrði að l., tollaðar með allt að 40% af innkaupsverði, í stað 60%—85% nú. Ég hefi, í von um samkomulag, ekki farið fram á meiri lækkun að þessu sinni, en tel sjálfsagt síðar að lækka þennan toll enn meira. En ótvíræð óhófsvara eins og freyðandi kampavín er aðeins tolluð með 30% og það með samþ. hv. þm. (MJ). Þetta tel ég að mætti að skaðlausu hækka, ef við ekki — sem við ættum að gera — losnum alveg við slíkan innflutning. Að vísu er líka söluágóði af víninu, það skal ég játa. En kaupmenn og aðrar verzlanir skammta sér líka söluágóða af kaffi og sykri. Hann rennur bara ekki í ríkissjóð. En hann er engu léttari á kaupendum fyrir því. Loðkápur, gull og silfurskraut og þess háttar óþarfi er líka tollaður með aðeins 30% og gefur ekki ríkissjóði hálfar þær tekjur, sem kaffi- og sykurtollurinn einn gefur. En að þessu mun ég koma síðar í sambandi við breyt. á tollalöggjöfinni. Hv. þm. sagði mig hafa játað, að verðtollurinn yrði í framkvæmd einskonar tekjuskattur. Þessu hefi ég aldrei játað, enda á það sér ekki stað nema í sárfáum tilfellum, þegar um alveg ónauðsynlegar vörur er að ræða. Að vísu er þá tollurinn hærri af dýrari vörum, t. d. fatnaði, en þær endast þá líka lengur. Fátæklingarnir, sem ódýrt kaupa, þurfa alltaf að vera að kaupa, og borga verðtoll. Drýgstir tollar koma af þeim nauðsynjavörum, eins og sjá má á skýrslu minni, vörum, sem ómögulegt er án að vera, svo sem er algengur fatnaður o. fl.

Hv. þm. sagði, að við værum á undan öðrum þjóðum um hæð skattstigans. Já, skattstiginn er hærri hér en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. En sé aftur á móti litið á það, hve mikinn hluta af öllum tekjum sínum ríkið fær með þessum sköttum, þá nema beinir skattar miklu meiri hluta af heildartekjunum þar en hér, eru miklu hærri að tiltölu við tollana. Hér eru beinir skattar, þar með útsvör, um 40% af öllum tekjum ríkisins, en tolltekjur um 60%. Í Danmörku eru þessi hlutföll alveg öfug. Þar nema beinu skattarnir 60% af heildartekjum ríkisins, en þeir óbeinu 40%. Þó er þetta hlutfall ekki alveg rétt, að því leyti, sem tekjur af ríkisfyrirtækjum, svo sem pósti og síma, eru ekki taldar með í Danmörku, en hér er svo gert í meðaltölum áranna 1924—27. Beinu skattarnir í Danmörku eru því a. m. k. ⅔ hlutar allra teknanna. Ættu eftir sama hlutfalli að vera hér 10 millj. í stað 6, en tollarnir hér ættu eftir sama hlutfalli að vera 5 millj. í stað 9 millj.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að fátæktin væri svo mikil hér á Íslandi, að við yrðum að leggja allt kapp á efnaaukningarnar. Ekki skal ég neita því að þörf sé efnaaukningar, en ég býst hinsvegar við, að okkur hv. 1. þm. Reykv. greini allverulega á um það, hvernig efnahagsaukningunni megi heppilegast við koma. Ég tel okkur engu bættari, þótt við eignumst nokkrar millj. í viðbót, ef hagur almennings versnar eða batnar ekki.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt því jafnframt fram, að mismunur ríkra og fátækra væri ekki svipað því eins mikill hér á landi sem erlendis. Ég hefi oft heyrt þessu haldið fram áður, en það er hið mesta rangmæli, eins og hv. þm. getur sannfært sig um með því að kynna sér þær skýrslur, sem prentaðar eru í grg. frv. Þær sýna það, að örfá % af landsmönnum eiga mestan hluta eignanna og fá tiltölulega mestan hluta teknanna í sinn vasa. Vitaskuld er um minni upphæðir að ræða hér en erlendis, vegna þess, hve hér er allt í smærri stíl en þar. En hlutfallslega er munurinn engu minni hér en erlendis.

Það kann að vera, að hér sitji enginn með sveittan skallann við að klippa arðmiða, enda hygg ég, að þess séu ekki dæmi víða annarsstaðar. Auk þess munu þeir, sem svo eru settir, áreiðanlega ekki vera að sveitast við slíkt verk sjálfir, heldur fá sér aðstoð til þess. (MJ: Þetta var sagt í gamni). Jæja. — En í alvöru: Árið 1925 töldu einir 13 menn fram til eignarskatts nærri 11 millj. skattskyldra eigna, en 95% af öllu fólkinu átti ekkert eða nær ekkert.

Þá drap hv. 1. þm. Reykv. á það, að með því að tolla munaðarvörurnar mætti draga úr notkun þeirra. Það er nú í sjálfu sér þarflaust að vera að ræða þetta atriði í sambandi við þetta frv., því að hvorki

í því né öðrum frv. mínum er gert ráð fyrir að lækka tolla á þessum vörum, en annars væri hægt að ræða um það, hvort heppilegasta leiðin til að hafa tekjur af þessum svokölluðu munaðarvörum sé sú, að tolla þær. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar — og ég veit, að annar meðnm. minn í skattamálanefndinni er einnig þeirrar skoðunar —, að heppilegast sé að láta ríkið hafa einkasölu á munaðarvörunum, svo að það ekki einungis hafi skatttekjur af þeim, heldur njóti einnig verzlunarhagnaðarins, sem oft er geysimikill. Þá getur ríkið og haft hönd í bagga með innflutning á þeim og takmarkanir ef þörf þykir. Og ég vænti þess, eftir því, sem lá á bak við orð hv. 1. þm. Reykv. um áfengisverzlunina, að hann verði með því frv. um einkasölu á tóbaki, sem ég ásamt hv. 1. þm. N.-M. mun flytja hér í hv. deild.

Þó að hv. 1. þm. Reykv. játaði, að þjóðfélagið skapaði mönnum möguleika til tekjuöflunar, komst hann þó að þeirri endanlegu niðurstöðu í ræðu sinni, að sá hluti, sem ríkið eftir þessu frv. tæki af tekjunum, væri svo mikill, að það mundi draga úr framkvæmdalöngun manna. Ég hygg, að þetta sé mjög fjarri sanni. Þessi sami söngur hefir alltaf kveðið við frá því að fyrst var farið að tala um tekju- og eignarskatt, en reynslan hefir sýnt, að þetta er á engum rökum reist. Get ég sem dæmi bent á England og Þýzkaland, en í hvorutveggja þessu landi hefir auðsöfnunin ekki minnkað við tekju- og eignarskattinn, heldur þvert á móti vaxið. Þó er þessi skattur í báðum þessum löndum miklu hærri en hér er gert ráð fyrir. Tekjuskatturinn á Englandi nemur 45% eða 9 sh. á hvert pund, þegar um mjög háar tekjur er að ræða, en er yfirleitt 5 sh. af pundi, eða 20%, en þó að skatturinn sé svona hár, hefir þó ekki borið á því, að dregið hafi úr viðleitni manna til auðsöfnunar. Sú viðleitni virðist fremur aukast en minnka.

Ef einstakir liðir þessa frv. eru athugaðir, býst ég við, að menn muni sannfærast um, að ekki sé ástæða til að óttast neinn afturkipp í athafnalífinu vegna þess, hve það fari fram á háan tekjuskatt. Ég hygg t. d., að það muni ekki draga úr viðleitni manna til að afla sér 20 þús. kr., þó að þeir, eftir frv., eigi að greiða 2700 kr. í skatt af þeim, í stað 1800—1900 kr. eftir núgildandi l. Sama hygg ég að gegni, þó að um meiri tekjur sé að ræða. Eftir núgildandi l. nemur tekjuskatturinn af 50 þús. kr. 8900 kr., og ég er þess fullviss, að viðleitni manna til að afla sér 50 þús. kr. tekna muni ekki minnka, þó að skatturinn sé hækkaður upp í 10800 kr., eins og frv. gerir ráð fyrir. Það eru röskar 2000 kr., sem munar, og ég er ekki í neinum vafa um það, að slíkt verður ekki til að lama athafnalífið eða draga úr löngun manna og viðleitni til að afla sér þessarar fjárhæðar.

Auk þessa er á það að líta, að þeir, sem einkum koma til með að greiða þennan tekjuskatt, en það eru útgerðarfélög og einstakir atvinnurekendur, fá í móti, ef frv. mín ná fram að ganga, mikla ívilnun, þar sem er lækkun á tolli af þeim vörum, sem til útgerðarinnar þarf, svo sem salti, veiðarfærum og kolum.

Eftir núgildandi l. nemur verðtollurinn af kolum og salti um 3%, og eftir frv. meiri hl. skattamálanefndar (MG og H-Stef) 5%, en eftir mínum till. lækkar hann niður í 1%. Þetta hefir afarmikið að segja fyrir útgerðina og vegur að miklu leyti upp á móti þeirri hækkun á tekju- og eignarskatti, sem þetta frv. fer fram á.

Ágreiningurinn milli mín og hv. 1. þm. Reykv. er aðallega um það, hvort réttara sé að afla ríkissjóði tekna með tollum á nauðsynjavörum og framleiðsluvörum, eða með tekju- og eignarskatti. Hvort réttara sé t. d. að láta útgerðarfélögin, að því er þau snertir, greiða þúsundir króna í ríkissjóðinn í hreinum tapsárum með tollum á kolum og salti, eða láta þau greiða heldur hærri skatt af eignum sínum og tekjum, þegar vel árar. Hvort skattana eigi að leggja á þarfir eða ágóða og eignir.

Ég lít svo á, að það sé heppilegra, bæði fyrir þjóðfélagið og einstaklingana, og líka fyrir útgerðarfélögin, að þau séu látin greiða hærri skatt af tekjum sínum, þegar vel gengur og sleppa við skattinn í tapsárum.

Eftir núgildandi l. verða útgerðarfélögin að greiða þúsundir króna í toll af þeim vörum, sem til framleiðslunnar þarf, þó að stórtap sé á útgerðinni. Sjá allir, að það er hvorki réttmætt né sanngjarnt.

Hitt er þó ennþá ranglátara og heimskulegra, að láta fjölskyldumann, sem ef til vill verður að þiggja 100—200 króna framfærslustyrk, greiða um 300 krónur í ríkissjóðinn í tolla af nauðsynjum sínum og sinna.

Magnús Guðmundsson: Ég hjó eftir því hjá hv. þm. Ísaf., að hann taldi beinu skattana ekki nema meiru en 40% af öllum ríkistekjunum, en þá óbeinu 60%. (HG: Hlutföllin eru 41% á móti 59%).

Þetta atriði var tekið til athugunar af skattamálanefndinni, og ég man ekki betur en að niðurstaðan yrði sú, að skattarnir vægju salt, að hvortveggja skatturinn næmi jafnmiklu af ríkistekjunum.

Nú er það svo í sumum tilfellum, að álitamál getur verið, hvað beri að skoða sem beinan skatt og hvað sem óbeinan, og má því vera, að hv. þm. Ísaf. hafi komizt að þessari niðurstöðu af því, að hann telji þann skatt óbeinan, sem við meðnefndarmenn hans í skattamálanefndinni teljum beinan, en ég hygg þó, að varla geti borið hér svo mikið á milli af þessari ástæðu. A. m. k. slæ ég því föstu, að beinu skattarnir nemi hér um bil jafnmiklu sem óbeinu skattarnir, og undir þeim kringumstæðum finnst mér ekki rétt að hækka beinu skattana.

Hv. þm. Ísaf. tók Danmörku sem dæmi í þessu efni, en það verður að gæta þessa, að þar er um stærri þjóð að ræða en okkar, þjóð, sem á sín á meðal marga stóreignamenn, sem greiða gífurlega háan tekju- og eignarskatt. Þessir menn hækka þau hlutföll, sem hér er um að ræða. Hér á landi er þessum mönnum ekki til að dreifa; þeir eru ekki til. Af því leiðir svo, að okkar hlutföll eru lægri.

Ef tekjuskatturinn hér og í Danmörku er borinn saman, kemur í ljós, að hér er goldinn meiri skattur en þar af sömu tekjum. Og ég vil stinga því að hv. þm. Ísaf., að þó að tekjuskatturinn sé lægri í Danmörku en hér á landi, og flokksbræður hv. þm. fari þar með völd, hafa þeir þó ekki komið fram með till. um að hækka tekjuskattinn. Þeir hafa ekki séð sér það fært.

Ég vil benda á eitt atriði, sem er sérstætt um okkur Íslendinga, og það er það, hve atvinnuvegum okkar farnast misjafnlega frá ári til árs. Það er ekki óalgengt, að fyrirtæki, sem græðir 50 þús. kr. þetta árið, tapi sömu upphæð á því næsta. Til þessa verður að taka tillit í skattálögunum.

Meiri hl. skattamálanefndarinnar hefir ekki getað fallizt á að hafa meðaltalsreglu 2 til 3 ára, og af því leiðir, að ekki má skatta þessi fyrirtæki jafnhátt eins og ef gengið væri út frá jöfnum gróða. Ef gengið væri út frá meðaltalsreglunni, mundi fyrirtækið, sem ég nefndi í dæminu hér á undan, engan skatt greiða. Þegar þessari reglu er ekki fylgt, kemur skattgreiðsla á allar tekjur fyrra ársins, en aftur á móti enginn skattur á síðara árið. Skatturinn á aftur á móti að greiðast á síðara árinu, þegar tapið varð, og verður að taka tillit til þessa, þegar skatturinn er ákveðinn.

Ég þykist hafa sýnt það oft áður, að ég er vinveittur tekjuskatti, en ég er ekki blindur á það, að það verður að nota hann innan vissra takmarka.

Það er reynsla allra þjóða, að þegar skatturinn er farinn að verða mjög hár, fer að bóla á ýmsum göllum á honum. Fyrst er nú það, hve illt er að ná réttu framtali. Þá er það ennfremur galli, hve erfitt og jafnvel oft ómögulegt er að innheimta skattinn. Ég held, að ég megi segja, að í svo að segja hverjum landsreikningi verði að strika út hundruð þúsunda af þeim ástæðum, að ekki hefir verið unnt að ná skattinum inn. Ennfremur má benda á það, að eftir töflunum um, hvað tekjuskatturinn hefir numið frá því að hann var settur, kemur í ljós, að skatturinn er þrefalt hærri árið eftir góðæri en eftir illæri.

Þetta, sem ég nú hefi nefnt, eru gallar á þessum tekjustofni, frá ríkissjóði séð. Frá gjaldendanna hlið er auðvitað ekki nema fyllsta sanngirni í því, að þeir séu látnir borga minna, þegar illa árar, en það sýnir, að tekjuskatturinn er ekki nothæfur fyrir ríkissjóðinn, nema með öðrum sköttum.

Mér þykir þetta frv. vera seint fram komið, þar sem nú er liðinn fullur mánuður af þingi, og mér skilst, að það þýði lítið að vera að ræða málið. Ég skil þennan drátt hv. þm. Ísaf. á að bera fram frv. svo, að hann búist ekki við, að málið

nái fram að ganga á þessu þingi. Ég hefi þó ekki á móti því að ræða aðalatriði þessa máls, en ég verð að segja, að það er ekki hægt að búast við, að þm. geti sinnt þessu máli, auk allra annara mála, sem liggja fyrir þessu þingi, þegar það kemur ekki á dagskrá fyrr en þingannir eru að verða sem mestar.

Magnús Jónsson:* Hv. flm. sagði, að tekjuskatturinn í Danmörku næmi meira af ríkistekjunum en hér hjá okkur. Nú sést það í þeim töflum, sem hv. flm. hefir látið fylgja þessu frv., að tekjuskatturinn í Danmörku er helmingi lægri en hann yrði hér eftir frv., og aðeins lítið eitt hærri en eftir núgildandi lögum.

Þetta sýnir, hvað tölur geta verið varasamar. Þó að tekjuskatturinn sé lægri í Danmörku en hér á landi, nemur hann samt sem áður hlutfallslega meiru af ríkistekjum. Geta menn af þessu séð, að þó að tekjuskatturinn eigi ekki við hjá okkur, er hann fullkomlega eðlilegur tekjustofn í Danmörku, vegna þess, hve þar er margt hátekjumanna. Hér á Íslandi eru slíkir menn ekki til.

Auk þess er þessi samanburður við Danmörku dálítið villandi, og er ég ekki með því að drótta því að hv. flm., að hann sé að reyna að villa menn í þessu máli. Eins og hv. flm. tók fram, er mikill hluti af útgjöldum annara þjóða kostnaður af her og flota, auk þess sem mikið gengur til þess að mæta afleiðingum fyrri ófriða. Ef þetta væri strikað út, hygg ég, að það mundi koma í ljós, að tekjuskatturinn næmi hlutfallslega meiru hér en annarsstaðar. Margar þjóðir, t. d. Englendingar, taka mestan hluta ríkisteknanna með tekju- og eignarskatti. Þeir eiga hægt um vik með að fara ofan í vasa sinna mörgu auðugu borgara; þeir eru nú einu sinni svo vel settir. En það er ekki víst, að við getum leikið þetta eftir. Það má segja, að gott sé að geta farið til útlanda, og að þetta geri Pétur og Páll. En þar með er ekki sagt, að þetta geti allir gert. Við verðum að sníða okkar skattalöggjöf eftir vexti, en ekki eftir því, sem er í öðrum löndum.

Hv. flm. sagði, að alltaf hefði kveðið við frá því fyrsta sá söngur, að tekju- og eignarskatturinn mundi draga úr framkvæmdarlöngun manna. Þetta getur verið; ég hefi ekki kynnt mér þennan söng. Ég veit, að það kveður mikið að honum nú, og tel ekki ósennilegt, að svo hafi jafnan verið áður. Og mér finnst þetta ekki nema eðlilegt í alla staði. Það er sannanlegt, að hinn hái tekjuskattur hefir dregið úr mörgum fyrirtækjum. Ég hefi séð því haldið fram í ýmsum erlendum bókum, sem ég hefi lesið um hagfræðileg efni, að fjölmargir atvinnuvegir hafi verið gerðir ómögulegir, vegna þess, hve þeir voru hátt skattaðir. Og sé lagt fast að hinum ýmsu fyrirtækjum með þessum skatti, er hætt við því, einkum ef fyrirtækin berjast í bökkum, að þau fari að lækka kaupgjaldið. Það mætti segja mér það, að þessi hái skattur á framtakssemi manna og löngun til að reka stórfyrirtæki ætti sinn þátt í kaupdeilunum og atvinnuleysinu, sem nú er að lama allar þjóðir og enginn ræður við, sem jafnaðarmenn lofa að ráða bót á, en gefa þó upp, þegar þeim er trúað fyrir völdunum. Hér á Íslandi hefir að vísu dálítið verið um verkföll, en atvinnuleysi, sem orð sé á gerandi, þekkist hér ekki sem betur fer.

Ég skal ekkert um það segja, hversu mikinn þátt tekju- og eignarskatturinn á í þessum tveim þjóðfélagsbölum nútímans, en að hann eigi sinn mikla þátt í þeim — um það er ég ekki í neinum vafa.

Hv. flm. sagði, að beinu skattarnir kæmu sér betur fyrir útgerðarfélögin. Ég er honum sammála um það. En hv. flm. kom ekki inn á þá hliðina í þessu máli, sem snýr að ríkissjóði. Hvernig á ríkissjóðurinn, sem er bundinn af árlegum þörfum, að bjarga sér, ef tekjustofnar hans verða að engu vegna ills árferðis. Það er hart að þurfa að nota þessa skatta, en hjá því verður ekki komizt. Hins verður að gæta, að stilla sköttunum svo í hóf, að atvinnulífið geti fleytt sér yfir „dauðu punktana", hafi eitthvað afgangs frá góðu árunum til þess að mæta þeim vondu.

Mér fannst hv. flm. ganga alveg framhjá því, að mikið af hinum nauðsynlegu sköttum kemur fram í breyttu verðlagi og kaupgjaldi, svo að í raun og veru verða það atvinnufyrirtækin, sem bera þetta uppi.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hv. 1. þm. Skagf. vildi draga það í efa, að rétt væri frá skýrt um hlutfallið milli beinna skatta og tolla, en hann getur sannfærzt um, að ég hefi skýrt rétt frá, með því að fletta upp á bls. 28 í þskj. 137, því að þar er ítarleg grg. um málið og prentuð sundurliðuð skýrsla um skatttekjur ríkissjóðs árin 1924—27 samkv. rekstrarreikningi. Reynslan hefir orðið sú, að tollarnir hafa öll árin numið margfaldri upphæð á við beinu skattana, en vitanlega lendir meginþungi tollanna á fátæklingunum, sem hafa fyrir stórum fjölskyldum að sjá, en hinir, sem eru einhleypir eða vel efnum búnir, finna ekki svo mikið til þeirra og leggja tiltölulega minna af mörkum.

Hv. þm. gat þess með réttu, að aðrar þjóðir hefðu flestar miklar tekjur af tekju- og eignarskatti, og tiltölulega meiri en við. En hann fullyrti, að flestar þeirra sæktu skatt þennan aðallega í vasa nokkurra milljónamæringa. Rétt er það, að sumstaðar greiða milljónaeigendur allmikinn hluta tekju- og eignarskattsins. En hér á landi eru líka til milljónamæringar. Skýrslur þær, er fylgja frv. mínu, sýna, að hér eru þó nokkrir menn, líklega um eða yfir 10, sem eiga meira en milljónar virði hver, ef eignir þeirra væru metnar með sannvirði. Ég hygg, að í tiltölu við fólksfjölda og þjóðarauð eigum við Íslendingar fullkomlega sambærilegan fjölda milljónaeigenda við aðrar þjóðir. Og auðvitað eiga efnuðustu og tekjuhæstu mennirnir hér eins og annarsstaðar að greiða tiltölulega mest. En þeir gera það bara ekki. Hv. þm. virtist halda, að Englendingar legðu tekjuskatt og eignar aðeins á stóreignamennina. Ekki er þetta rétt. Þeir, sem kalla mætti miðlungsmenn að tekjum og eignum, greiða tiltölulega háan skatt í Englandi. Lægsti skattur þar er 10% af skattskyldum tekjum einstaklinga, en frádráttur er þar miklu meiri en hér, um 7000 kr. fyrir 5 manna fjölskyldu. Almennur tekjuskattur þar er 20%, en ofan á hann bætist svo stighækkandi yfirskattur (supertax) af háum tekjum, 40 þús. kr. og þar yfir, allt upp í 75% samanlagt. En því má ekki gleyma í þessu sambandi, að nauðsynjavörutollar eru svo til engir í Englandi, en einmitt þeir eru þyngstir fyrir alþýðuna hér.

Hv. þm. talaði um, að tekjuskattur væri misjafn frá ári til árs, og það er alveg rétt, og þess vegna er trauðla hægt að notast við hann eingöngu, en fasteignaskatturinn er hinsvegar tryggasti skattstofninn og bætir því upp tekjuskattinn ásamt með eignarskattinum, sem líka helzt nokkuð jafn frá ári til árs.

Hv. 1. þm. Reykv. tók svo til orða, að við vissum ekki, hve mörg félög væru í hættu stödd vegna of hás tekju- og eignarskatts. Mér er ekki kunnugt um eitt einasta félag, sem er í hættu vegna tekju- og eignarskatts. Þessa skatta greiða ekki önnur félög en þau, sem eiga verulegar eignir eða hafa verulegan arð. Ég hygg, að það séu aðrir skattar, sem eru félögunum hættulegri, og það eru þeir skattar, sem félögin verða að borga, hvort sem þau eiga nokkuð eða ekkert, — hvort sem þau græða eða tapa —, en það eru tollar af framleiðsluvörum. Þá á að lækka eða afnema. Þann veg er þessum félögum bezt hjálpað.

Þá beindi hv. þm. þeirri spurningu til mín, hvort afleiðingin af hækkuðum tekju- og eignarskatti yrði ekki sú, að kaupgjald hlyti að lækka. Skatturinn greiðist af hagnaði, þ. e. því, sem eftir er þegar búið er að greiða kaupgjald og allan annan kostnað. Hann hefir því engin áhrif á kaupgjaldið.

Ég drap á það áðan, að það væru aðrir skattar, sem væru hættulegri en tekju- og eignarskattur fyrir þau félög, sem berjast í bökkum. Það eru tollarnir á þeim nauðsynjavörum, sem félögin verða að kaupa, er reynist þeim þyngsti baggginn, og bezta ráðið til að létta undir með þeim er að lækka þessa tolla eða afnema með öllu.

Mér virðist sem hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Skagf. geri of mikið úr því, hvað tekju- og eignarskatturinn sé stopull, í samanburði við aðra tekjustofna ríkissjóðs, t. d. tollana. Meðaltal hans frá 1921 mun vera ca. 1200 þús. kr. á ári, og er það mikið yfir áætlun yfirleitt. Venjulegur áramunur á þessum skatti hefir verið 200—300 þús. kr., nema veltiárin 1925 og 1929, en þá fóru líka allir aðrir tekjuliðir stórkostlega fram úr því, sem áætlað var, og ýmsir miklu meira en tekjuskatturinn. Annars er það ekki

mikill galli, þótt skatturinn ár og ár fari verulega fram úr áætlun. Oftast hefir hallað á þá hliðina, og mun svo verða enn, ef sömu reglum er fylgt um áætlun teknanna.

Halldór Stefánsson: Ég tel ekki þörf á því nú við þessa umr. að ræða út til hlítar einstök atriði þessa máls, því að ég tel það víst, að frv. þetta verði látið ganga til nefndar, og að því loknu verði það athugað nánar.

Út af umr. samnm. minna í tolla- og skattanefndinni vildi ég þó segja nokkur orð, og þá einkanlega taka til athugunar hlutföllin milli skatta og tolla. Það er venja að skipta sköttunum í tvo flokka, beina og óbeina. Þetta eru að vísu stærstu flokkarnir, en í rauninni er rétt að aðgreina þetta nánar. Ég hefi hér fyrir mér skýrslu um tekjustofna ríkissjóðs og sveitar- og bæjarsjóða, og er þeim þar skipt í 5 flokka. Þeir eru þessir: 1) beinir skattar, 2) óbeinir skattar eða tollar, 3) atvinnutekjur, 4) eignatekjur, og loks 5) aðrar tekjur. — Beinu sköttunum má svo aftur skipta í undirflokka, sem falla ýmist til ríkissjóðs eða sveitar- og bæjarsjóða. Skal ég nú gera nánari grein fyrir þessari flokkun; og er það þá þannig:

a. Eiginlegir skattar:
   Fasteignaskattur,
   Tekju- og eignarskattur,
   Erfðafjárskattur,
   Stimpilgjöld,
   Bifreiðaskattur.
b. Skattar eða greiðslur fyrir sérstaka aðstoð:
   Aukatekjur,
   Leyfisbréfagjöld,
   Skólagjöld,
   Vitagjöld.
c. Skattur á atvinnurekstri:
   Lestargjald,
   Útflutningsgjald,
   Gjald af brjóstsykursgerð o. fl.
d. Útsvör (álögð).

Árið 1926 hefir 1. undirflokkur beinu skattanna numið 12,2% samanlagt til ríkissjóðs og sveitarsjóða; annar flokkurinn, sem eru gjöld fyrir sérstaka aðstoð, sem hið opinbera veitir, hefir samanlagt numið 5,6%; þriðji undirflokkurinn, sem er ýmiskonar skattur á atvinnurekstri, hefir numið 6,4%, og svo eru loks útsvörin, sem hafa numið 27,8%. Samanlagt hefir þetta, sem ég kalla beina skatta, numið 52%, en það er raunar ekki ágreiningslaust meðal manna, hvað megi að réttu lagi kalla beina skatta og hvað ekki.

Þá kem ég að tollunum, en þeim er skipt í tvo aðalflokka, annarsvegar er tollur á almennum þurftarvörum, en hinsvegar tollur á munaðarvörum. Tollur á þurftarvörum, sem vörutollur og verðtollur, hefir numið þetta ár 18,6%, en munaðarvörutollurinn, þ. e. a. s. tollur af víni, kaffi, sykri og tóbaki o. þ. h., hefir numið 22,5%. Samanlagt hafa þá þessir óbeinu skattar numið 41,1%. — Nú er þess að gæta, sem komið hefir og fram hér við umr. þessa máls, að tollur á munaðarvörum er ekki sambærilegur við aðra tolla, því að þær vörur, sem slíkir tollar hvíla á, eru menn ekki nauðbeygðir að kaupa fremur eða í stærra mæli en menn geta eða vilja.

Þá eru eftir aðrir þrír flokkar, sem gefa miklu minni tekjur en hinir, sem ég hefi talið, og má þá fyrst nefna atvinnutekjur, svo sem pósttekjur, símatekjur, tekjur af víneinkasölunni ásamt tóbakseinkasölu og steinolíueinkasölu, sem námu 2,6%. Þá koma eignatekjur, sem sé tekjur af fasteignum, vaxtatekjur, vaxtatekjur útdreginna veðdeildarbréfa og tekjur af bönkum, sem nema samanlagt 1,6%. Þá koma að síðustu aðrar tekjur, sem ekki er hægt að vita, í hvaða flokki eiga að teljast að réttu lagi, en það eru ýmsar og óvissar tekjur, sem nemur samtals 2,7%.

Niðurstaðan verður því sú, að það, sem kalla má beina skatta, nemur rúmlega 50%, tollar aftur 40%, og er þó þess að geta, sem fyrr er sagt, að tæpur helmingur af því fellur á vörur, sem eru almennar þurftarvörur. Loks eru aðrar tekjur tæp 7%.

Mér þótti rétt að gefa þetta yfirlit, þótt ég hinsvegar viti það, að um það geti orðið ágreiningur, hvað séu beinir skattar og hvað ekki. Þessi flokkun mín er byggð á því, hvað lagt er á sem beinir skattar, en ekki hvort hægt er að velta þeim á neytendur eða ekki, því að slíkt er undir ýmsum atvikum komið, sem geta verið mismunandi á mismunandi tímum.

Magnús Guðmundsson: Mér þótti vænt um að heyra þessa skýrslu, sem hv. 1. þm. N.-M. las upp, því að hún fór einmitt í þá átt, sem ég átti von á. Ég beindi því til hv. þm. Ísaf., að þegar hann skiptir sköttunum í beina og óbeina, þá er flokkun hans ekki rétt. Hann telur t. d. aukatekjur, eins og stimpilgjald, lestagjald, bifreiðaskatt og skólagjöld, til óbeinna skatta, en slíkt nær vitanlega ekki nokkurri átt. Það er t. d. enginn munur á lestagjaldi og fasteignaskatti; menn greiða þar gjöld af eign sinni, og sama er að segja um bifreiðaskatt. Ef á að skipta rétt í beina og óbeina skatta, þá á vitanlega allt það, sem ég hefi talið upp, að teljast til beinu skattanna, því að hitt nær vitanlega ekki nokkurri átt.

Þá sagði hv. þm., að tekjuskatturinn væri ekki eins misjafn og ég hefði látið í veðri vaka í aths. minni, en ég vil þá benda á það, að árið 1924 var hann 800 þús. kr., en árið 1929 2½ millj. Þessar tölur sýna, að það getur munað æðimiklu frá ári til árs, hvað skattur þessi nemur, og slíkt er vitanlega mjög óhentugt, og fjarri því, að hægt sé að miða við hann eingöngu.

Hv. þm. sagði, að það kæmi ekki til mála að lækka kaupgjaldið þótt tollar yrðu lækkaðir, því að fyrirtækin myndu græða stórum á því, að tollar lækkuðu, en ég vil beina athygli hans að því, að ef bæði atvinnurekendur og verkamenn græða á lækkun tollanna, þá hlýtur það að koma niður sem tap á ríkissjóðnum, nema aðrir skattstofnar komi í staðinn. Ef nú þessir nýju skattstofnar hvíla eingöngu á framleiðslunni, þá raskast það hlutfall, sem nú er. En raskist það hlutfall, þá á kaupið að lækka, ef gengið er út frá, að það sé nógu hátt nú eftir tilhögun okkar á skattamálunum.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hv. 1. þm. N.-M. og hv. 1. þm. Skagf. hafa viljað aðgreina beina og óbeina skatta með nokkuð öðru móti en ég, en sú eina rétta skilgreining er þannig, að beinir skattar teljast þeir, sem ekki eru yfirfæranlegir, þ. e. a. s., sem gjaldendur ekki geta velt yfir á aðra. Það er raunar stundum örðugt að greina á milli þess, hverjir skattar séu yfirfæranlegir og hverjir ekki. Um tekjuskattinn er t. d. það að segja, að hann getur verið yfirfæranlegur, ef hann er lagður á þurftartekjur, en sé hann greiddur af gróða og hátekjum, er hann ekki yfirfæranlegur. Stimpilgjaldið leggst á verð fasteignar eða vöru, og sama er að segja um bifreiðaskatt og lestagjald, hvorttveggja færist á kaupendur í hækkuðu vöruverði. Hinsvegar skal ég játa það, að skólagjöld ber að telja til beinna skatta, en sú upphæð er svo lítil, að hún breytir hlutfallinu ekkert.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði ennþá, að tekjuskatturinn væri mjög misjafn. Ég hefi að vísu játað, að nokkru getur munað á honum frá ári til árs, en munurinn er ekki eins mikill og hv. þm. vill vera láta, eins og ég sýndi fram á í fyrri ræðu minni. Hv. þm. benti á, að árið 1925 hafi tekjuskatturinn farið 100% fram úr áætlun. Þá fóru tekjurnar í heild 100% fram úr áætlun, svo það er ekkert sérstakt með tekjuskattinn. Og í ár hafa tekjur af áfengissölu farið meir en 100% fram úr áætlun, og sömuleiðis ýmsar aðrar tekjur 50—100% fram úr áætlun.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla einungis að benda hv. þm. Ísaf. á það, að ef sá einn skattur telst beinn, sem ekki er yfirfæranlegur, þá held ég, að fáir skattar séu beinir. T. d. munu allir telja fasteignaskattinn beinan skatt, og það gerir hv. þm. Ísaf., en það er mikið spursmál, hvort hann er ekki alltaf yfirfæranlegur í raun og veru. T. d. er skattur af húsum venjulega yfirfærður, því leigutakar borga hann. Eignarskattur er það eiginlega líka. Af þessu má ráða, að ef á að hafa þá skilgreiningu, sem hv. þm. vill, þá kemst maður í hreinar ógöngur og þá verða því nær engir skattar beinir. Í þessu er því hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. Ísaf. og útreikningar hans verða rangir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til. fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Fasteignaskattur.

Á 34. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um fasteignaskatt (þmfrv., A. 138).

Á 35. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagaskrá.
Á 37. fundi í Nd. 26. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Í sjálfu sér er óþarft að láta mörg orð fylgja þessu frv. Er það að formi til ekki ósvipað núgildandi lögum um fasteignaskatt. Gert er ráð fyrir verulegri hækkun yfirleitt á skattinum af lóðum og löndum, en aftur á móti talsverðri lækkun á húsaskattinum þar, sem hann er hæstur. Því verður ekki neitað, að verðhækkunin á löndum og lóðum hér á landi á síðustu árum er að mestu leyti til orðin vegna aðgerða hins opinbera. Hefi ég reynt að gera mér nokkra grein fyrir, hversu miklu þessi hækkun hafi numið á síðustu árum, eins og sjá má af grg. frv. Telst mér til, að síðan 1907 til þessa tíma hafi verð landa og lóða hækkað um nálægt 500%, en þess ber þó þar að gæta, að á þessum tíma hefir verð peninga lækkað mikið. Dýrtíðin er um 100—150% meiri og verðgildi peninga tilsvarandi minna en 1907. En á móti þessu vegur það talsvert, að matsverð fasteigna er yfirleitt sett úr hófi lágt, eða a. m. k. 50—80% neðan við sannvirði. Raunveruleg hækkun er því líklega um 400% á þessum 23 árum. Þá er nú á það að líta, að þeir, sem mestan hagnað hljóta af framkvæmdum hins opinbera, eru fasteignaeigendurnir, vegna verðhækkunar fasteignanna, sem framkvæmdir hins opinbera skapa. Er því ekki nema rétt og sjálfsagt, að þeir leggi mest til opinberra þarfa.

Það er að sjálfsögðu álitamál, hversu langt skuli ganga í því að skattleggja fasteignir. Menn líta vitanlega misjöfnum augum á það eins og hvert annað mál. En ég tel svo skammt gengið í þessu frv., sem frekast er hægt á þessu stigi. Ég vil geta þess áður en lengra er haldið, að hækkun verðs fasteigna er yfirleitt skaðleg þjóðfélaginu. Það er vitanlega eðlilegt, að fasteignir hækki sem nemi þeim upphæðum, er aðgerðir hins opinbera kosta, en heldur ekki meira. En þess eru mörg dæmi, að þær hafa hækkað margfalt meira en því nemur, og það án aðgerðar einstaklinga. Svo hefir það t. d. verið um lóðir í kaupstöðunum. Verðhækkun á þeim nemur yfirleitt margfalt meiru en þær umbætur, sem gerðar hafa verið, svo sem bryggjur, hafnarmannvirki, götur o. þ. h. hafa kostað. Fasteignaskattur hamlar slíkri óeðlilegri verðhækkun. Og það er tvímælalaust til hagnaðar bæði fyrir þjóðina og einstaklinga. Hækkað verð fasteigna kemur fram sem skattur á þá, sem landið nota, hvort sem skatturinn kallast leiga eða afborganir og vextir.

Þegar rætt var hér í fyrradag um frv. mitt um tekju- og eignarskatt, þá var talað um það, að skattstofnarnir þyrftu að vera þannig valdir, að sem minnstar breyt. yrðu á tekjuupphæð þeirri, er þeir gæfu af sér frá ári til árs. Fasteignaskatturinn hefir einmitt þennan kost. Hann gefur eftir eðli sínu jafnar og vissar tekjur í ríkissjóð frá ári til árs, þótt árferði sé misjafnt. Sama er að segja um eignarskattinn. Þessir tveir skattar bæta því fullkomlega upp óvissu tekjuskattsins.

Eins og hv. þdm. sjá, þá er allmikill munur gerður í frv. þessu frá því, sem er í gildandi lögum um flokkun fasteigna til skatts. Þeim er nú skipt aðeins í 2 flokka. En í frv. er lagt til, að flokkarnir verði fjórir. Áður voru flokkarnir aðeins: hús og jarðir. En vegna þess að miklu meiri hækkun hefir orðið á lóðum í kauptúnum heldur en á jörðum úti um sveitir, þá tel ég rétt að aðgreina þetta. Því er lagt til, að óbyggðar byggingarlóðir, sem oft ganga kaupum og sölum í gróðabralli, séu hæst skattaðar. Þá eru byggðar byggingarlóðir næst í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa. Í þriðja flokki jarðskattsins lenda allar aðrar jarðir og lendur og lóðir í smærri kauptúnum.

Þegar rætt er um skatt af jarðeignum, verða menn að gæta þess, að hann leggst

á jörðina sjálfa, en ekki beint á framleiðsluna, sem sjá má af því, að skatturinn er jafn, hvort sem jörðin er notuð eða ekki. Skattur af 5000 króna jörð er hinn sami hvort sem hún er vel eða illa setin, gefur af sér lítið eða mikið. Skatturinn hvetur því til að nota jörðina sem bezt. Til þess að gefa gleggri hugmynd um verðhækkun þá, sem orðið hefir á lóðum á síðari árum, skal ég geta þess, að allar lóðir í Reykjavík voru 1907 metnar á 2290 þús. kr. Eftir síðasta fasteignamati, frá 1920, að viðbættri hækkun vegna endurmats, hefir verð lóða og lendna í Reykjavík, miðað við árið 1926, verið um 17 millj. kr. Ég tel líklegt, að nú í ár, þegar nýja fasteignamatið verður framkvæmt, komist matsverð lóða og lendna upp í ca. 25 millj. kr., eða um 11 sinnum meira verð en 1907. Enda þótt það yrði nokkru minna, þá mun þó óhætt að fullyrða, að lóðaverðið hér hafi 10-faldazt á þessu árabili, frá 1907—1930. Þessi hækkun er um helmingi meiri en almenn verðhækkun lands á sama tíma er til uppjafnaðar á öllu landinu.

Enginn getur neitað því, að þessi gífurlega verðhækkun hafi skuggahliðar. Hún eykur húsaleigu og dýrtíð í bænum afskaplega. Og ég hygg, að enginn mótmæli því, að þessi verðhækkun, sem stafar nær öll frá aðgerðum hins opinbera, eigi að verða til gróða fyrir þjóðfélagið, en ekki eingöngu fyrir þá menn, sem klófest hafa lóðirnar, stundum aðallega til að braska með þær.

Í frv. er gert ráð fyrir þeim breyt. frá því, sem nú er í lögum, að skatturinn hækki á jörðum og lóðum, en húsaskatturinn lækki ekki óverulega.

Húsaskatturinn til bæjarins er hér nú 8‰, að viðbættu 1½‰ til ríkissjóðs, eða samtals 9½‰. En samkv. frv. mínu getur húsaskatturinn hér orðið mest 5‰, 2½‰ til ríkissjóðs og 2½‰ til bæjarsjóðs. Þar við bætist hreinsunargjald, sem má vera hæst 3‰. Alls getur því skatturinn samkv. frv. mínu orðið hæst 8‰, ef leyfið til að leggja hann og hreinsunargjaldið á er notað út í æsar. Lækkunin er því um 16%. Í sveitum, þar sem sýsluvegasjóðssamþykktir hafa verið gerðar, má mest leggja á fasteignir til þeirra þarfa 6‰. Að viðbættum fasteignaskatti af húsum til ríkissjóðs, sem er 1½‰, getur skattur á húseignum þar orðið 7½‰. Þar er ekki um neitt hreinsunargjald að ræða. Samkv. frv. verður skatturinn samtals 5‰ af húsum, ef sveitirnar nota sinn rétt til húsaskatts. Þar er því um 33% lækkun að ræða á húsaskattinum.

Ég hefi á bls. 9 í frv. gert nokkra grein fyrir því, hvernig breyt. þessi mundi verka. Í kaupstað, þar sem verðmæti lóðarinnar er 1/7 hluti af verði allrar fasteignarinnar, húss og lóðar, yrði skatturinn óbreyttur. Ef lóðin er minni hluti en 1/7, þá lækkar skatturinn, en hækkar eftir því, sem verðhlutfall lóðarinnar hækkar. Skatturinn myndi því lækka á öllum þorra húseigna hér, á öllum þeim húseignum, sem ekki standa á dýrustu lóðunum. En á þeim húseignum, sem standa á dýrustu lóðunum, sem kostað hafa máske 200—300 kr. hver fermeter, hækkar skatturinn vitanlega samkv. frv. En einmitt á þeim hefir hið opinbera skapað mesta verðhækkun. Í sveitum, þar sem sýsluvegasjóðsgjaldið hefir verið sett í hámark, mundi þar, sem hlutfallið milli jarðarverðs og húsaverðs er 5:8, skatturinn standa í stað. Ef fasteignamatið er athugað, þá sést, að þetta eru mjög venjuleg hlutföll. En þar sem jarðir eru miklum mun verðhærri en húsin, sem á þeim standa, hækkar skatturinn. Annars er enginn fastákveðinn húsaskattur nú nema 1½‰; sveitirnar leggja enga húsaskatta á nema sýsluvegasjóðsgjaldið. Svo þar sem sýslur nota sér ekki heimild um fasteignagjald til sýsluvegasjóða, hækkar skatturinn vitanlega.

Allir viðurkenna, að það sé sjálfsagt að fasteignirnar séu tekjustofn bæði ríkis og sveitarfélaga. Er því margt, sem mælir með því, að skatturinn sé lagður á í einu lagi og síðan skipt eftir ákveðnum hlutföllum milli ríkisins og sveitarfélaganna. En þótt þetta kæmi til umtals í n., þá þótti viðurhlutamikið að stíga það spor að forspurðum öðrum aðila, sveitarfélögunum. Þótti mér því rétt að sinni að ákveða aðeins skattinn til ríkissjóðs, en heimila jafnframt sveitarfélögunum að leggja á til sinna sjóða jafnháan skatt af fasteignunum. Innheimtan er sjálfsagt að sé sameiginleg.

Helztu nýmæli önnur í frv., frá því, sem

er í gildandi lögum, eru ákvæði 5. gr. frv. um það, hver borga skuli skattinn. Nú er fasteignaskattur af jörðum greiddur af leigjendum samkv. lögum. En samkv. 5. gr. frv. fer það eftir því, hve há leigan eða afgjaldið af jörðinni er, hvor skattinn greiði: eigandi eða leigjandi. Ef leigan er 6% af fasteignamati eða meira, þá greiðir eigandi skattinn, en sé hún 4% eða minna, þá greiðir leigjandi hann. Sé leigan milli 4% og 6%, skiptist greiðslan milli þeirra og fer skiptingin eftir reglum, sem fjmrh. setur.

Það kann að orka tvímælis, hvar þessi mörk eiga að vera. En ég vona, að sú hv. n., sem fær frv. til meðferðar, athugi, hvar réttlátast muni að setja þau. Hitt tel ég eigi, að geti orkað tvímælis, að ef leigjandi er látinn borga okurleigu eftir jörð eða lóð, þá sé næsta ósanngjarnt að láta hann borga skattinn líka.

Þá er og annað nýmæli í frv., það, að fasteignir sveitar- og bæjarfélaga séu undanþegnar skatti. Eignir ríkissjóðs eru það nú, svo réttmætt er, að eignir bæjar- og sveitarfélaga séu það líka, einmitt þegar þess er gætt, að þarna er um að ræða sameiginlegan skattstofn, sem þessir aðilar báðir skipta tekjunum af. Ég hefi gert lauslega áætlun um, hve miklu tekjuauki bæjar- og sveitarsjóða mundi nema eftir þessu frv., ef þau nota sér heimildina til að taka sama skatt og ríkissjóður til fulls. Telst mér svo til, að tekjuauki þeirra mundi verða um 650 þús. kr. á ári, eða um 1105 þús., í stað 455 þús., sem fasteignagjöld til þeirra nema nú. Tekjuauka sömu sjóða samkv. frv. um tekju- og eignarskatt má áætla minnst 950 þús. kr. Nemur þetta hvorttveggja um 1600 þús. kr. á ári. Útsvörin námu á öllu landinu 1926 alls 4 millj. og 200 þús. kr. Ef til vill hafa þau hækkað eitthvað síðan, en eru þó sennilega enn minna en 4½ millj. kr. Mundu því aukaútsvörin lækka um 36—40%, ef þessi tvö frv. yrðu að lögum og heimildirnar væru notaðar. Tekjuauki ríkisins af frv. þessu mundi nema um 600 þús. kr. Fasteignaskatturinn hefir verið nál. 250—260 þús. kr. undanfarin ár. Ef tekið er tillit til þeirrar hækkunar, sem væntanlega kemur fram við fasteignamat það, sem nú er framkvæmt, þá mundi þessi skattur samkv. frv. til ríkissjóðs ekki nema minna en 850 þús. kr. á ári, eða 600 þús. kr. meira en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Um þessa upphæð mætti þá lækka tolla á nauðsynjum, og ef frv. um tekju- og eignarskatt einnig yrði samþ., um 850 þús. kr. í viðbót, eða samtals um fullar 1450 þús. krónur.

Skal ég svo ekki mæla fleira að sinni, en óska, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til fjhn.

Halldór Stefánsson: Ég stend ekki upp til að mæla því í gegn, að mál þetta verði athugað og leyft að ganga til n. Ekki mun ég heldur mæla neitt sérstaklega móti frv. Ég tel einmitt líklegt, að ýms atriði þess gangi í rétta átt. Svo er t. d. um það að flokka fasteignirnar til skatts frekar en nú er gert og hafa skattinn á þeim flokkum misháan. Hitt er aftur álitamál, hve hár fasteignaskatturinn má vera. Ég skal t. d. benda á, að ef ákvæði 12. gr. eru notuð að fullu, þá verður skattur á óbyggðum byggingarlóðum 3%, eða hátt upp í það, sem taldir eru sæmilegir vextir af fasteign. Af byggðum lóðum yrði hann 2%, eða helmingur hæfilegra vaxta af fasteignum. Af jörðum yrði hann 1.6% og af húsum og þess háttar langlægst, ½%. Ég get hugsað mér, að ágreiningur geti orðið um það, hvort þetta er hæfilegur skattur eða ekki. Hygg ég, að mörgum þyki þetta of hátt.

Hitt er og álitamál, eins og hv. flm. gat um, hve mikill hluti fasteignaskattsins eigi að ganga til ríkisins og hve mikill til sveitarsjóða eða bæjarsjóða. Ef heimild 12. gr. er notuð að fullu, þá er það helmingur í hvorn stað. Fasteignir eru mjög eðlilegur tekjustofn sveitarfélaga, svo réttlátt væri, að þau nytu hans í fyllri mæli en ríkissjóður. Ég skal svo ekki rekja þetta frekar, enda vék hv. flm. að því.

Ef tekjur ríkissjóðs eftir þessum till. aukast um 600 þús. kr. á ári, þá rýrir það vitanlega skattþol sveitarfélaganna. Að vísu fæst nokkur hluti þeirrar hækkunar við það, að fasteignir hækka í verði, og er það eðlilegt. Ég vil benda á það í sambandi við þetta, að ef að því ráði verður horfið, sem við hv. 1. þm. Skagf. höfum gert till. um, að setja fastar reglur um út-

svör, þá mun þurfa að nota fasteignirnar sem skattstofn að allverulegu leyti. Er því varhugavert að hækka gjöldin til ríkissjóðs, vegna þess að því minna verður eftir af þessum skattstofni fyrir sveitarfélögin.

Eins og ég gat um í upphafi, vil ég ekki mæla gegn því, að frv. verði athugað og leyft að ganga til n. En ég vildi þó benda á þessi atriði til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Tolllagabreyting.

Á 34. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41, 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (þmfrv., A. 140).

Á 35. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 26. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég sagði nýlega í þessari hv. d., að skattalöggjöf okkar væri handahófsverk. Þetta sýna tollalögin rækilega. Ekki verður séð, að neitt hafi verið á það litið, hversu tollarnir koma niður, hvort þeir lenda á brýnustu þurftarlaunum og verða til þess að auka dýrtíð og koma fjölda fólks á vonarvöl. Aðeins á eina hlið hefir verið litið: tekjuþörf ríkissjóðs, en ekkert á gjaldgetu þeirra, sem tollana greiða. Tollarnir eru því þyngstir á mörgum þeim vörutegundum, sem almenningur, lágtekjufólkið, kaupir mest af. Og ofan á þessa tolla hefir svo verið bætt svo eða svo mörgum %, eftir því sem þörfin fyrir tekjur hefir heimtað í hvert sinn. Þetta sést ljóslega, ef athuguð er saga kaffi- og sykurtollsins. Þegar sá tollur var fyrst settur, 1890, var hann ákveðinn 5 aurar af sykurpundi, en 10 aurar af kaffipundi.

Þetta hélzt um hríð, en síðan var tollurinn af bæði sykri og kaffi hækkaður um 50%, upp í 15 aura og 30 aura af kg., án þess að nokkuð væri athugað frekar, hversu réttlátt það væri að afla ríkissjóði tekna með þessum tolli, eða hvort ekki væru aðrar tekjuöflunarleiðir réttlátari og hagfelldari. Enn voru svo kaffitollur og kaffibætistollur hækkaðir um 100%, upp í 60 aura af kg. Og loks var bætt við bráðabirgðaverðtolli 1924, 25%, ofan á þessa marghækkuðu tolla. Eftir allar þessar hækkanir var svo komið, að kaffitollurinn var kominn upp í 1 kr. af hverju kg. af brenndu kaffi og 75 aura af óbrenndu. Sykurtollurinn var þá og kominn upp í 19 aura af hverju kg. Kaffitollurinn hafði því ferfaldazt og sykurtollurinn tvöfaldazt á þessum árum.

Árið 1928 var snörp deila hér í þingdeildinni um það, hvort afnema skyldi 25% gengisviðaukann á kaffi- og sykurtolli. Það var loks gert, en þrátt fyrir þá lækkun er kaffitollurinn ennþá fyllilega ⅗ af innkaupsverði, eða 60%. Sykurtollurinn er enn hærri, hann er 66%, eða ⅔ af innkaupsverði. Af kaffibæti er tollurinn 85% af innkaupsverði. Til uppjafnaðar hækka þessir tollar vörurnar í verði um ca. 70%. Þar við bætist svo álagning verzlana. Þriðjungur til helmingur útsöluverðsins stafar af tollunum eingöngu. Ég veit, að margir hv. þm. kalla þessar vörur munaðarvörur og óþarfar. Að því er sykurinn snertir mótmæli ég þessu algerlega. Hann er í rauninni bein nauðsynjavara, vara, sem einkum er nauðsynleg þeim stéttum, sem búa við þau kjör að verða að sætta sig við fábreytni í matarhæfi. Og um kaffið er eiginlega sama að segja. Kaffinotkun er nú orðin svo almenn hjá öllum þorra landsmanna, að flestir telja kaffið nauðsynlegt og geta tæplega hugsað sér að vera án þess. En jafnvel þó að gengið væri inn á, að kaffið væri óþarfavara, þá nær engri átt að skattleggja þá, sem neyta þess, svo freklega sem hér er gert. Kaffi og sykur er

nú hærra tollað en svo að segja allt annað, sem inn er flutt, hversu óþarft og skaðlegt sem það er. Ef menn athuga lögin um verðtoll, þá sést, að hæsti flokkur verðtollsins er ekki nema 30%. Það er helmingi lægra en kaffitollurinn, og það er lítið meira en þriðjungur af tolli kaffibætis, og það er minna en helmingur af sykurtollinum. Kampavínstollurinn er ekki helmingur móts við sykurtollinn.

Ég hygg, að menn verði að játa, að það sé ekki nokkur minnsta sanngirni að leggja svo á eins algenga nauðsynjavöru og sykurinn er, hvort sem borið er saman við beina skatta eða tolla af óhófsvörum, skartgripum og glingri. Ég tel það ekki geta orkað tvímælis, að það sé miklu sanngjarnara að afla ríkissjóði tekna á annan hátt, svo sem með því að hækka nokkuð skatta af hátekjum og arðberandi eignum og nota sér einkasölu á ýmsum vörutegundum fyrir ríkissjóð.

Ég sé ekki ástæðu til að láta fleiri orð fylgja frv., en mælist til, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til fjhn. til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HG, HV, IngB, JÓl, JörB.

Ellefu þm. (SE, SÁÓ, TrÞ, BSv, ÁÁ, GunnS, HJ, HK, JJós, JAJ, JS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Einkasala á tóbaki.

Á 35. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um einkasölu ríkisins á tóbaki (þmfrv., A. 172).

Á 39. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:1 atkv.

Halldór Stefánsson: Ég hafði gert ráð fyrir, að hv. 1. flm. frv., þm. Ísaf., mundi fylgja frv. úr garði fyrir hönd okkar flm. En þar sem 1. flm. er ekki viðstaddur, en málið svo kunnugt frá fyrri tíð, og var auk þess lagt fyrir síðasta þing í sömu mynd og það er nú, þá sé ég ekki ástæðu til að hefja umr. um það, en vísa aðeins til grg. frv., er gerir grein fyrir, hvernig á frv. stendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:7 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. og 70. fundi í Nd., 1. og 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 172, n. 297 og 407).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ég hefi ekki frá mörgu að segja á þessu stigi málsins fyrir hönd meiri hl. n. Eins og menn munu hafa tekið eftir, er n. klofin; 3 nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþ., en tveir eru á móti.

Ástæður okkar meirihl.manna, a. m. k. tveggja, fyrir því að leggja til, að frv. gangi fram, eru eingöngu tekjuvonir þær, sem ætla má að fáist með samþykkt frv. En þar sem þetta er 2. umr. og engin brtt. liggur fyrir, sé ég ekki ástæðu til að hefja neinar almennar umr. um málið.

Ég skal aðeins geta þess, að það hefir komið til tals að verja tekjunum af einkasölunni í sérstökum tilgangi, sem sé til styrktar raforkuveitum í sveitum, en um það hefir nefndarhlutinn ekki tekið neina afstöðu, enda liggur það ekki fyrir. En ef till. kæmi fram um það, væri nógur tími til að ræða það við 3. umr., ef málið verður samþ. við þessa umr.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Þetta mál hefir verið hér oft áður rætt ítarlega í þinginu; seinast voru miklar umr. um það 1928.

Eins og kunnugt er komst þessi einka-

sala hér á 1. jan. 1922 og var lögð niður 1. jan. 1926. Ég vil nú leyfa mér að rifja upp, án þess að ég ætli að halda mjög langa ræðu, þær tekjur, sem ríkissjóður hafði af einkasölunni og tollum á þessum árum. Árið 1922 voru þær 339 þús. kr., 1923 634 þús. kr., 1924 878 þús. kr., 1925 1108 þús. kr. Svo var eins og kunnugt er, eftir að einkasalan var afnumin, hækkaður tollur á tóbaki. Þá voru tekjurnar sem hér segir: 1926 1134 þús. kr., 1927 900 þús. kr., 1928 1 millj. og 1929 eru þær áætlaðar 1249736 kr. Ég hygg, að það muni vera rétt, að þrátt fyrir það, að tollur var hækkaður, þegar einkasalan var afnumin, mun niðurstaðan hafa orðið sú, að tóbakið hafi orðið ódýrara á eftir. Það má vera, að það liggi að einhverju leyti í breyttu tóbaksverði.

Það, sem mér skilst vera auðsætt í þessu máli, og sem reynslan að sjálfsögðu sýnir, er það, að með báðum þessum leiðum má auðvitað útvega ríkissjóði tekjur. Aðalatriðið er hvor leiðin er betri. Og þá kemst maður alltaf að sama spursmálinu, hvort betur sé séð fyrir verzluninni með samkeppni eða einkasölu.

Eitt af fyrstu spursmálunum verður þá, hvort einkasalan geri betri innkaup en sú frjálsa verzlun. Á því veltur það, hvort varan verður ódýrari í landinu í samkeppni eða einokun.

Það gildir ekkert sérstakt um einkasölu á tóbaki frá því, sem er um aðrar einkasölur.

Í samkeppninni er það lífsspursmál fyrir hvern einstakling, sem við verzlun fæst, að ná sem beztum innkaupum og reka verzlunina með sem minnstum kostnaði. Í einkasölunni deyfist áhuginn fyrir þessu. Þar er enginn til að kontrollera innkaupin og einkasöluforstjórinn lifir alveg eins góðu lífi, hvernig sem innkaupin takast. Auk þess, þegar svo mikið er keypt í einu, geta orðið svo mikil mistök, þegar allt er á einni hendi, en allt öðru máli er að gegna þegar samkeppnin ræður. Hér skal ekki farið út í það, ef freistingarnar koma yfir þá einu hönd, sem hefir verzlunina í hendi sinni, þannig að verzlunin verði mjólkurkýr fyrir hann. Þá er auðvitað spillingin byrjuð. Ef komizt yrði aftur að þeirri niðurstöðu, að einkasala á tóbaki væri ódýrari og betri en frjáls verzlun, þá gengi sú röksemdaleiðsla lengra og það yrði farið að koma á sömu verzlunaraðferðinni á öðrum sviðum, svo niðurstaðan yrði sú, að við fengjum eintómar einkasölur. Annars verð ég að segja það, að það er í raun og veru einkennilegt, hvað menn eru minnislitlir, þegar þeir minnast þess ekki, hve einokunin gamla var djöfulleg fyrir þjóðina. Myndin af bóndanum með húfuna í hendinni fyrir framan feitan einokunardrjólann, biðjandi um rándýra vöru, ætti að sitja fastari í hugum manna en hún nú gerir. Og þó innlendir menn séu nú einokunarherrar, þá mun það sýna sig, þegar þeir eru búnir að ná miklu af verzluninni í sínar hendur, þá heimta þeir auðmýktina í augun og húfuna í hendina; þá getur það gamla endurtekið sig.

Eins og ég oft hefi lýst yfir, er ég á móti allri einokun. En einokun getur náð yfir stærra svið en þetta. Og hættulegust er einokunin, þegar hún er komin á fjármálatoppinn, þegar einokun er komin á bankana og þar með öll peningaverzlunin komin á eina hönd. Þá sjá menn fyrst, hvers þeir mega vænta.

Það hefir oft verið bent á það — og sýnist í raun og veru ástæða til að benda á það í hvert skipti, sem einokun er á ferðinni, sérstaklega þar sem hún sýnist eiga svo mikil ítök hjá ráðandi flokkum í landinu —, að ef peningaverzlunin færist æ meir og meir á eina hönd, þá muni spillingin stinga upp höfðinu.

Það hefir stundum hér á Alþingi verið tekið tillit til þess, hvað gilti annarsstaðar um þau mál, sem hér eru til umr., og þá einkum hvað gilti hjá Norðurlandaþjóðunum. En nú er það svo, að þær hafa sama sem enga einokun, og er því meiri ástæða til þess að taka tillit til þeirra, þar sem í Danmörku og Svíþjóð eru jafnaðarmannastjórnir. Það lítur út fyrir, að þær stjórnir treysti sér ekki inn á einokunarbrautina.

Menn hafa hér eitt augljóst dæmi upp á einokun. Það er síldareinokunin, sem búin er að standa hér um nokkur ár. Ég skal hreinskilnislega játa, að ég er ekki svo vel að mér í rekstri síldarverzlunar, að ég ætli að fara ítarlega út í það. En hitt er víst, að þann tíma, sem þessi ein-

okun hefir lifað, hafa sýnt sig ýms þau einkenni á henni, sem jafnan hafa fylgt allri einokun. Það er þó aðallega eitt atriði, sem ég sérstaklega vil minnast á, og það er það, að mér finnst það hvíla svo mikil hula yfir öllu því, sem gerist í þessari einkasölu. Og það er svo erfitt að fá skýrar myndir af því, sem gerist í þessari verzlun, þótt það virðist vera mjög auðvelt að gefa upplýsingar um ýms atriði, sem spurt hefir verið um. Það hefir t. d. verið mikið um það deilt nú síðastl. ár, hvort vantað hafi tunnur eða ekki. Því hefir harðvítuglega verið haldið fram af framleiðendum, að það hafi vantað tunnur, en það hefir verið borið til baka af forstjórum einkasölunnar. Ég get ekki dregið upp skýra og ábyggilega mynd af þessu máli. Hitt veit maður, að saltað muni hafa verið um 120 þús. tunnur. Þó hefi ég það ekki eftir skýrslum, heldur frá útgerðarmönnum, en það mun láta nærri.

Þá er annað atriði, sem talað hefir verið um og mér finnst einfalt að gefa upplýsingar um. Síldareinkasalan mun hafa orðið skaðabótaskyld vegna samninga, sem hún hefir gert, en ekki getað fullnægt. Hvað er það sanna í þessu máli?

Mér er sagt, að innihald síldartunnu hafi verið selt á 13 kr., sem er sama og að hver tunna hafi verið seld á 24 kr. En á sama tíma er verðið 40 kr. fyrir hverja tunnu síldar í Kaupmannahöfn. Hvað mikið hefir nú verið selt með háa verðinu og hvað mikið með lága verðinu? Og hefir einkasalan orðið skaðabótaskyld, og þá hve mikið og í hverju er sú skaðabótaskylda fólgin? Þessa hluti ætti Alþingi að vita fyrir löngu. En ég, sem er einn fulltrúi þjóðarinnar á þessu þingi, veit ekkert, hvað rétt er í þessu.

Mér var álasað hér á eldhúsdeginum af einum hæstv. ráðh. fyrir það, að ég skyldi leyfa mér að standa á móti einokun.

Ég hefi veitt því eftirtekt, að þegar útgerðarmenn selja, fá menn að vita það strax næsta dag, hvað selzt hefir fyrir mikið. Þetta gefur mönnum bendingu um það, hvernig markaðurinn er. En þegar síldareinkasalan selur, veit maður það ekki fyrr en seinna, stundum löngu eftir dúk og disk. Það er þessi hula, sem hvílir yfir öllu starfi einkasölunnar. En þegar selt er þannig, að ekkert má frétt ast, er ekki hægt að koma eins sterkri gagnrýni að, sem viðskiptalífinu er nauðsynleg. Þó að hún sé gerð ári síðar, hefir hún ekki þá þýðingu, sem hún ætti að hafa. Eða því má ekki reka verzlunina fyrir opnum tjöldum, svo öllum sé kunnugt um rekstur hennar? Og ef það er svo erfitt að fá að vita, hvað gerzt hefir við síldareinkasöluna, því er þá verið að halda lengra inn á þá braut? Og hvað ætli verði þá mikil birta yfir íslenzku verzluninni, ef hún kemst öll á eina hönd? (**ÓTh:** Er það svarta höndin?). Ég er enginn sérfræðingur í þessum einkasölumálum, en ég hefi varpað hér fram nokkrum spurningum sem maður, sem þykir undarlegt að fá ekki að vita meira um þessa verzlun.

Satt að segja trúi ég því ekki, að hæstv. stj. ætli að styðja þetta frv., svo að það komist í gegnum þingið. Það er kenni þó í lófa lagið að gera með tilstyrk jafnaðarmanna. En ég ætla að vara hæstv. stj. við því að fara að koma þessu máli í gegn nú, einmitt þegar lífsþráður hennar er svo mjög farinn að styttast.

Magnús Jónsson:* Ég kvaddi mér ekki hljóðs fyrr en hæstv. forseti ætlaði að fara að slíta umr., því að ég hélt, að einhver af hinum efnilegu vinum þessa máls myndi taka til máls á eftir hv. frsm. minni hl., en það lítur út fyrir, að þessi einkasala sé nú öllum heillum horfin, þar sem enginn vill með henni tala nema þessi fáu orð, sem hv. frsm. meiri hl. lét fylgja því. (**HStef:** Þetta er nú 2. umr.). Já, þetta er 2. umr., en málinu var hleypt í gegnum 1. umr. án þess að um það færu fram nokkrar almennar umr. Þetta er oft gert til vinnusparnaðar, til þess að þurfa ekki að endurtaka það við 2. umr., sem sagt hefir verið við 1. umr.

Ég skal ekki fara mjög langt út í þetta mál, en mér finnst ekki rétt að láta það fara hér í gegn án þess að segja, að álit mitt á því er óbreytt frá því, sem verið hefir.

Þegar tóbakseinkasalan var afnumin á þinginu 1925, var um leið hækkaður tó-

baks- og vindlatollur, og átti það að vega á móti þeim hagnaði, sem hafði orðið á tóbakssölunni þau ár, sem einkasalan hafði verið. Þá var því spáð, að þessi hækkun myndi ekki nægja til að halda ríkissjóði skaðlausum og tollhækkunin myndi verða til þess, að tóbakið yrði í hærra verði. Báðar þessar spár hafa sprungið á reynslunni.

Það hefir sýnt sig, að tóbakstollurinn hefir fullkomlega jafnað það, sem tóbakið áður gaf ríkissjóði í ágóða af verzluninni. Og það er almennt viðurkennt, að verðið hefir ekki hækkað, en gæðin aukizt, eins og yfirleitt er þegar samkeppnin fær að njóta sín.

Þegar um er að ræða einkasölu á einhverri vörutegund, eru það einkum tvær ástæður, sem til greina koma. Önnur er sú, hvort betra sé að afla ríkissjóði tekna með einkasölu eða tollaálagningu, en hin hvor verzlunarmátinn sé vænlegri til almenningsheilla, einkasala eða frjáls samkeppni. Við fyrri spurningunni ætti sú reynsla, sem þegar er fengin, að vera nægilega skýrt svar að því er tóbakseinkasöluna snertir. Aftur á móti geta verið til menn, sem hafa svo mikla ást á einkasölum yfirleitt, að þeir vilja koma þeim á, hvort sem ríkissjóður hefir hag af því eða ekki, og er þá eðlilegt, að þeir reyni fyrst að taka þær vörutegundir, sem mönnum er lítið annt um. Það er hin mesta hugsunarvilla, að hagur sé að því fyrir ríkið að koma í veg fyrir, að ágóði af tóbaksverzlun renni í vasa einstaklinga, þegar eins miklar tekjur fást í auknum tolli þegar verzlunin er frjáls, án þess að tóbaksverðið hækki, eins og af einkasölunni. En reynsla síðustu ára hefir sannað, að svo er, hvernig sem á því stendur. Hvort sem það stafar af því, að einstaklingarnir leggi meira kapp á að fá hagkvæm sambönd og að spara sem mest við verzlunarreksturinn, eða af því, að meira sé flutt inn þau árin, sem einkasala er, framhjá öllu eftirliti. Tóbaksnotkuninni er nú þannig varið, að ekki er líklegt, að mikið meira sé notað af tóbakinu eitt árið en annað. Að innflutningur tóbaks hefir verið meiri árin, sem verzlunin hefir verið frjáls, hlýtur því að stafa meðfram af öðrum orsökum. En að hafa einkasölu aðeins til að leggja á það tóbak, sem inn er flutt á leyfilegan hátt, sem svarar því, sem ella fengist í tollum af því tóbaki, sem með frjálsri verzlun væri flutt inn í stað þess, sem smyglað er framhjá einkasölunni, sjá allir, að er lítið hugsjónatakmark.

Ef taka á upp tóbakseinkasölu til þess að afla ríkinu tekna, og meðmælendur frv. hafa slegið föstu, að sá sé tilgangurinn, þá er það ekki annað en flóknari og langtum fyrirhafnarmeiri leið heldur en ríkið þarf til að komast ofan í vasa borgaranna. Einstaklingar, sem vilja græða peninga, geta ekki sagt við menn: borga þú mér þetta og þú hitt. Þeir verða að koma upp einhverjum fyrirtækjum eða viðskiptum; verða með öðrum orðum að gera einhverjum greiða og taka þóknun fyrir. Þetta er erfið leið til að afla peninga og krefst mikils dugnaðar og fyrirhafnar. Ríkið eitt þarf ekki að fara þessa leið. Það getur lagt það, sem því sýnist, af beinum og óbeinum sköttum á þegnana. Það getur t. d. sagt mönnum að greiða sér svo og svo margar krónur af hverju tóbakspundi, sem þeir kaupa. Sá, sem hefir svona mikið vald, á ekki að láta sér detta í hug að velja margfalt margbrotnari aðferð til að taka fé af sömu mönnum. Þegar um tvær leiðir er að velja að sama marki, er ekki annað en heimska að velja þá erfiðari. Hefði tóbakið orðið að hækka í verði við það, að lagður var á það tollur, sem gefur af sér sömu tekjur í ríkissjóð og einkasalan gerði, þá hefði fremur verið ástæða til að taka hana upp aftur. En reynslan hefir sýnt, að svo er ekki.

Ef fara ætti út í hitt atriðið, hvort einkasala og ríkisrekstur yfirleitt er til hagsbóta fyrir þjóðina, yrði það svo langt mál, að ég get ekki gert það nema mjög lauslega. En ég vil benda á það, að það er ekki eins ósanngjarnt og margir vilja halda fram að bera saman einkasölur nú og gömlu einokunina. Að vísu er mikill munur á því, að ágóðinn af einkasölum rennur ekki út úr landinu, og aldrei mundu verzlunarmenn einkasalanna fara eins skammarlega með viðskiptamenn sína eins og gömlu einokunarkaupmennirnir. En munurinn á einkasölu og einokun liggur allur í aukaatriðum. Tilgangurinn með gömlu einokun-

inni var sá sami og með einkasölunum nú; hún átti að skapa betra vöruverð, meiri vörugæði og tryggari innflutning. En árangurinn varð þveröfugur, og eins mundi fara enn. Það er bæði gömul og ný reynsla fyrir því, að ríkisverzlanir eru verr reknar en einstaklingsverzlanir. Það er ekki nema hrein undantekning, að það fáist maður til að veita ríkisverzlun forstöðu, sem vinnur að henni með eins miklum dugnaði og áhuga eins og hann ætti hana sjálfur. Það er eins og það komi óðara allt annar andi yfir viðskipti og framkomu manna, þar sem einhverskonar einræði kemst að, á hvaða sviði sem er. Ég get bent á eitt dæmi um áfengisverzlunina. Það er víst ákveðið, að henni skuli vera lokað kl. 12 á laugardögum. Nú atvikaðist svo, að ég varð var við það einn laugardagsmorgun, að áfengisverzlunin svaraði alls ekki í síma. Þegar grennslazt var um, hverju það sætti, var viðkvæðið það, að það væri svo mikið að gera. Hvernig ætli mönnum þætti þetta, ef um einhverja nauðsynjavöru væri að ræða? Ekki hafa einstaklingar, sem verzlun reka, það svona. Þeir sjá sinn hag í að geðjast viðskiptamönnunum og reyna að fullnægja þörfum þeirra sem bezt. En óðara þegar ekki er nema í einn stað að venda eftir einhverju, rís upp þessi derringur.

Ég get nefnt annað dæmi. Þegar franska myntin féll mest í verði á árunum, var ákaflega mikið pantað frá Frakklandi. Um tíma komu fleiri þúsund pakkar þaðan með hverju skipi. Það var auðvitað ekki verið að bæta við fólki á pósthúsinu, þó seint gengi að afgreiða alla þessa pakka. Mönnum var bara sagt að bíða, og svo urðu þeir kannske að bíða eina fjóra klukkutíma eftir að fá afhentan einn böggul. Það var hægt að segja sem svo: ja, þið getið ekki fengið pakkana senda nema í gegnum pósthúsið.

Það er mesti misskilningur, að frjálsa samkeppnin sé einkum til hagsbóta fyrir kaupmennina. Það er vegna neytendanna, sem henni ber að halda uppi. Hún er vitanlega ekki gallalaus, fremur en annað, en hún er áreiðanlega það bezta fyrirkomulag, sem enn hefir fundizt, til þess að tryggja almenningi þægilega afgreiðslu, vörugæði og lágt verð. Kaupmennirnir vildu auðvitað gjarnan fá einkasölur fyrir sig. Þeir hafa oft talað um það við mig, hvað samkeppnin þrengdi mikið að þeim og hnitmiðaði, að hvergi væri hægt að leggja á nema það allra minnsta. Að þeir yrðu að tefla á fremsta hlunn og gæta hins ítrasta sparnaðar í öllum rekstri, ef þeir ættu nokkurn hagnað að hafa. Á matvöruverzlun væri t. d. ekki hægt að lifa, nema fyrir einn mann í búð, sem getur litið eftir öllu sjálfur, smáu og stóru.

Ég sá nýlega eitt plagg, sem sýnir greinilega misskilning manna á einkasölum. Meiri hl. útvarpsráðsins leggur til, að tekin verði einkasala á útvarpstækjum, til að tryggja útvarpsnotendum góð tæki með vægu verði. Það er undarlegt, hvað menn eru veikir fyrir þessari hugsun. Ég mundi aftur segja, að til þess að tryggja, að menn gætu alltaf fengið beztu og nýjustu tækin, væri eina ráðið að hafa verzlunina frjálsa. Einn úr útvarpsráðinu, sem ég talaði við, sagði, að ef verzlunin með útvarpstækin væri frjáls, myndu verða flutt inn svo margskonar tæki, að erfitt yrði að hafa til varastykki í þau. En sannar þetta nú ekki einmitt mitt mál? Einkasalan myndi flytja inn eina tegund af tækjum, til þess að geta notað sömu varahlutina, og ekkert skeyta um að láta menn njóta framfaranna á þessu sviði, sem koma fram á nýjum og nýjum tegundum tækja ár frá ári. Þannig mundi hún tefja eðlilega þróun útvarpsnotkunarinnar.

Nei, eina leiðin til þess, að menn geti fengið réttar vörur fyrir rétt verð, er að hafa frjálsa samkeppni. Hún er sá hverfisteinn, sem heldur athygli manna sífvassri; sljóvgist athyglin, hafa menn ekkert upp úr krafsinu.

Reynslan er yfirleitt sú, að rekstur opinberra fyrirtækja verður dýrari heldur en rekstur einstaklingsfyrirtækja. Einstaklingarnir verða afkomu sinnar vegna að spara það, sem hægt er, við atvinnurekstur sinn, en þegar menn vinna fyrir ríkið, er þægilegra að heimta bara þetta og hitt, sem þurfa þykir.

Það er eftirtektarvert, sem enskur bókaútgefandi einn segir í bók, sem hann skrifaði til að andmæla ásökunum, sem

hann hafði orðið fyrir um það, að hann ætlaði sér óhæfilega mikil laun fyrir stjórn fyrirtækisins. Hann viðurkenndi, að hann hefði há laun, en þegar hann fór að bera þau saman við það starf, sem hann gegndi, þá kom í ljós, að hann fékk tiltölulega minna af veltufé þess fyrirtækis, sem hann stjórnaði, í laun heldur en starfsmenn ríkisins, sem vinna að útborgunum úr ríkissjóðnum, fá í þóknun af því fé, sem þeir greiða út, aðeins fyrir að taka féð úr ríkissjóðnum og greiða það þeim, sem við því eiga að taka. Þetta dæmi sýnir muninn á dugnaði einstaklinganna, sem keyrðir eru áfram af sporum samkeppninnar, og starfi þeirra manna, sem vinna í þjónustu ríkisins. Þessi munur gerir það að verkum, að þó meðmælendur einkasölunnar hafi ýms glæsileg pappírsgögn til þess að sýna ágæti hennar, verða þau öll gagnslaus fyrir dómstóli reynslunnar.

Þegar tóbakseinkasalan var afnumin árið 1925, voru tollar á tóbakinu hækkaðir í staðinn. Nú er farið fram á að koma einkasölunni á aftur, en ekki að lækka tollana. Þetta nær ekki nokkurri átt. Ef setja á upp einkasölu til að láta hana sýna ágæti sitt fram yfir tollaálagningu, þá verður auðvitað að afnema tollhækkunina, sem gerð var þegar einkasalan var lögð niður. Hitt yrði eilíf svikamylla, ef bæta ætti annað árið einkasölu ofan á tollana, en afnema hana hitt árið og hækka tollana í staðinn.

Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ef það er ætlun stjórnarflokkanna að keyra frv. þetta í gegnum þingið, þá tekst þeim það sennilega, en ég trúi því ekki fyrr en ég má til, að Alþ. stigi svo raunalegt spor.

Jón Auðunn Jónsson: Mér þykir vel hlýða nú að rifja dálítið upp það, sem gerðist á þinginu 1925, þegar rætt var um afnám tóbakseinkasölunnar. Eins og sjá má af þingskjölunum frá því þingi, t. d. grg. frv. um hækkun tóbakstollsins og frv. um afnám einkasölunnar, héldum við, sem að frv. þessu stóðum, því fram, að ríkið mundi hafa eins miklar tekjur af tóbakstollinum með þeirri hækkun, sem þá var samþ., eins og það hafði haft af einkasölunni og tollinum til samans. Aftur á móti hélt þáverandi minni hl. því fram, að ríkið mundi tapa 326 þús. kr. á ári á þessari breyt., að leggja niður einkasöluna en hækka tollinn. Andstæðingarnir byggðu útreikninga sína um tekjur einkasölu á tekjumesta árinu, sem sé árinu 1924, en þá voru tekjur ríkissjóðs af tóbakseinkasölu og tolli til samans 977 þús. kr. Minni hl. vildi ekki viðurkenna þau rök okkar, að frá þessum tekjum ætti að draga 67988 kr., sem greiddust vegna gengisbreyt. á árinu, og heldur ekki þær um 100 þús., sem græddust vegna 25% gengisviðaukans, því hann gerði það að verkum, að vörubirgðir einkasölunnar voru í 25% hærra verði í árslokin heldur en þeirra raunverulega verð var. Auk þess var einmuna góðæri árið 1924 og kaupgjald hátt. Hefir sennilega farið þá eins og endranær, þegar fólk hefir meiri auraráð en venjulega, að munaðarvörukaupin hafa verið óvenju mikil. Á þessu mikla tekjuári urðu tekjurnar af einkasölunni og tollinum til samans ekki nema 810 þús. kr., ef gróðinn af gengisbreyt. og tollviðaukanum er dreginn frá, og við héldum þá fram, að tollurinn einn með þeirri hækkun, sem við lögðum til, myndi gefa eins miklar tekjur, eða meiri. Minni hl. hélt aftur fram, að tolltekjurnar mundu ekki verða meiri en 651 þús. kr.

En hver hefir nú reynslan orðið? Við sögðum á þinginu 1925, að reynslan yrði að skera úr, þegar ekki var hægt að sannfæra hv. minni hl. með tölum. Við vissum þá, að við fórum mjög gætilega í áætlunum okkar, enda hefir reynslan orðið betri heldur en við gerðum ráð fyrir. Dómur reynslunnar er sá, að tolltekjurnar voru árið 1926 1134000 krónur. Það þótti ekki tiltökumál, menn bjuggust við, að birgðir mundu aukast í landinu og tolltekjurnar verða meiri en í meðallagi. 1927 voru þær 900 þús. kr., 1928 1 millj., og 1929, að því er hæstv. fjmrh. hefir skýrt frá við 1. umr. fjárl. 1249736 krónur, og er þó eitthvað ókomið í ríkissjóð af tolltekjunum 1929. Reynslan er sú, að ríkissjóður hefir haft 1124000 króna jafnaðartekjur árin 1926—1929 af tollinum einum. Það er sýnilegt, að hér skakkar mjög miklu frá því, sem minni hl. áætlaði 1925. Áætlun hans var 651

þús. kr., en áætlun okkar meirihlutamanna hinsvegar 900 þús. kr. Við færðum þá góð rök fyrir máli okkar, sem menn sjá, að hafa staðizt. En samtímis þessu verðum við auðvitað að líta á aðstöðu neytenda. Hafa þeir fengið lakari vöru með hærra verði eða betri vöru með lægra verði? Í desember 1925 lækkaði tóbaksverð einkasölunnar um 10%, en í janúar 1926, strax og nýr innflutningur var hafinn í frjálsri samkeppni, lækkaði verðið um 12%. Það er vitanlegt, að frumverðið lækkaði ekkert frá því í september 1925 þangað til í marz 1926, svo að verðlagið á heimsmarkaðinum gat ekki skapað þessa lækkun.

Þá er að líta á vörugæðin. Ég held, að enginn geti neitað því, að síðan einkasalan hætti, hefir vöruval verið meira, og meira af góðum vörum en meðan einkasalan var við lýði. Þegar einkasalan var sett á stofn árið 1921, var það eingöngu vegna þess, að þeir, sem henni fylgdu þá, þar á meðal ég, vildu reyna, hvort nást mundu meiri tekjur í ríkissjóð án þess að skaða neytendur en með gamla fyrirkomulaginu. Það voru fyrir löngu farnar að heyrast háværar raddir um, að rétt væri að reyna einkasölu, og þá var sjálfsagt að byrja á einhverri ónauðsynlegri vörutegund, munaðarvöru. En eins og ég hefi sýnt fram á, hefir reynslan skorið úr um þetta og sannarlega sýnt, að heppilegast er, fyrst og fremst fyrir ríkissjóð, að fara tollaleiðina. Það mætti að vísu segja, að lítið geri til, þegar um óþarfavöru er að ræða, hvort hún kosti 5—10% meira eða minna. En það er skylda ríkisvaldsins að vera ekki Þrándur í Götu þess, að neytendur fái góða og ódýra vöru.

Eins og menn sjá, eru þær niðurstöður, sem ég hefi komizt að, miður heppilegar fyrir einkasöluna; hið mikla veltuár 1924 er útkoma hennar mun verri en frjálsrar verzlunar 1926, 1927 og 1928, hvar af a. m. k. 2 fyrstu árin voru mjög léleg ár. Annars ætla ég ekki að fara að endurtaka þau rök, sem hv. 1. þm. Reykv. færði fyrir ágæti frjálsrar verzlunar fram yfir einkasölu. En það ætti að vera öllum ljóst af því, sem ég hefi sagt um útkomu einkasölunnar sálugu, að það væri a. m. k. ekki gert fyrir ríkissjóð og ekki heldur fyrir neytendur, ef nú yrði sett á stofn einkasala. — Það má segja, að innflutningurinn hafi aukizt fyrir það, að verzlunin er frjáls. Það er rétt að nokkru leyti, en við verðum að gæta þess, að þegar um einkasölu er að ræða, er eftirlit almennt um undanbrögð við innflutninginn mjög ófullnægjandi. Má vera, að það valdi nokkru um hina lélegu útkomu áranna 1922 til 1925, þó að það sé ekki eina ástæðan. Ég get ekki neitað því, að ég hefi heyrt sannorða menn segja, að í einum fjórðungi landsins hafi verið flutt mikið inn af tóbaki frá Færeyjum, meðan á einkasölunni stóð, en síðan einkasalan lagðist niður, hefi ég heyrt þá sömu menn segja, að fyrir þetta hafi tekið. Þetta er eðlilegt, af því að þegar menn hafa frjálsan aðgang að að kaupa inn og selja í samkeppni við aðra, líta þeir nokkuð eftir hver hjá öðrum. Það skaðar þá, ef óleyfilegur innflutningur á sér stað, en þegar um einkasölu er að ræða, skaðar það þá svo óendanlega lítið.

Jafnvel minni hl., sem vildi 1925 halda við einkasölu á tóbaki, viðurkennir, að löglegur innflutningur á tóbaki muni aukast um 12%; og hv. frsm. virðist í sinni ræðu viðurkenna, að óleyfilegur innflutningur eigi sér stað með einkasölufyrirkomulaginu, en hverfi, þegar verzlunin er gefin frjáls. En mikið af þeim rökum, sem hv. minni hl. færir fyrir sínu máli, eru tyllirök. Einkum gerir hv. minni hl. mikið til að gylla það, hvað einkasölufyrirkomulagið gefi miklu meira en tollurinn gefi, og slær óspart á þann streng, að við séum að rýra tekjur ríkissjóðs um 326238 kr. 85 aura. Hv. minni hl. er svo sem ekki í vafa um, hver upphæðin sé. Aurarnir eru teknir með! En reynslan hefir sýnt, að tekjur ríkissjóðs af tollinum einum eru í vondu ári 300 þús. kr. hærri en hið einstaka góðæri 1924 gaf með einkasölufyrirkomulaginu. Í þessu sambandi er ekki rétt að taka árið 1925, því að þá er verzlunin gerð upp. Ekki er heldur rétt að bera saman öll árin 1922, 1923, 1924 og 1925, af því að vitanlegt er, að einkasalan hlýtur að græða minna en í meðallagi á fyrstu árunum. Tekjur af tolli og einkasölu urðu 1922 524 þús. kr., 1923 742 þús. kr.

og 1924 903 þús. kr., en þar frá ber að draga a. m. k. 160 þús. kr., sem er verðhækkun vegna gengisviðauka og svo gengishækkun. Yfirleitt er svo um gengiságóðann, að hann hverfur í gengistapi, þegar gengið breytist. Auk þess er talinn til tekna verzluninni varasjóður, sem lagður var til hliðar, en nú má sjá, að er allur uppetinn í skuldatöpum. Aðeins nokkrar þús. eru eftir af 72 þús. kr. varasjóði.

Því hefir verið haldið fram, að ef einkasala kæmist á, yrði minna fé bundið í veltu en þegar um frjálsa verzlun er að ræða. Það var bent á það 1925, að tóbaksbirgðir í landinu voru 1921 rúm 1 millj kr., en í lok ársins 1924 360—370 þús. kr. En þess er ekki gætt, að birgðirnar komu ekki allar til greina í árslok 1924. Ótaldar voru þær birgðir, sem kaupmenn og kaupfélög höfðu í búðum sínum. Það hefir verið svo, að smásalar liggja með miklu meiri birgðir samanlagt en heildsalar, svo að menn sjá, að það fé, sem bundið er í verzluninni þegar einkasölufyrirkomulag er, er ekki minna en bundið er í verzluninni með frjálsri samkeppni.

Af því, sem ég hefi sagt um reynslu undanfarinna ára, er sýnt, að verðlag hefir verið lægra, neytendur fengið fjölbreyttari og betri vöru og ríkissjóður grætt meira í frjálsri samkeppni en með einkasölu. Hvaða ástæða er þá til að setja á stofn einkasölu? Ég get með engu móti séð neina ástæðu, nema þá, að hér eru til menn, sem vilja gera þetta að principmáli, án þess að hirða um afleiðingarnar. Og ég er satt að segja að vona, að þetta frv. sé fram borið nú eins og oft áður einungis til að sýna fastheldni við princip, en ekki í þeim tilgangi, að það verði samþ. Ég minnist þess ekki, að á síðustu árum hafi einkasölupostularnir viljað rökræða þetta mál á þingmálafundum, enda er það eðlilegt. Hv. þm. Dal. benti á, að það væri hæpið nú rétt fyrir kosningar að vera að skella á okkur einkasölu, því að það mega þeir vita, sem að þessu standa, að það verður ekki nema örlítið brot af kjósendum, sem getur fylgt flm. frv. og þeim, sem samþ. það.

Ef hv. stjórnarflokkur hinn stærri hefði trúað á þann málstað, sem hann hélt fram á þinginu 1925, er ekki óeðlilegt, að þeir hefðu skellt einkasölunni á strax og þeim gafst færi til. Þeir gátu „mótiverað" afstöðu sína með því að þeir hefðu áður á þingi 1925 sýnt nokkur rök, þar sem var hin fáránlega áætlun þeirra, og lokað augunum fyrir öllu öðru, meðan ekki var fengin fyllri reynsla en þá var fengin. En nú, eins og komið er, er það meira en lítið undarlegt, ef Framsóknarflokkurinn ætlar að fylgja þessu frv., og ekki annað sýnna en að þeir geri það bara til að þóknast þeim mönnum, sem hafa þetta að principmáli, nefnilega jafnaðarmönnum.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Það er vont að þurfa að afgreiða svona stór mál, þegar svo fáir eru á fundi sem hér eru nú. Ég vildi því mælast til að málinu yrði frestað.

Forseti (BSv): Ég hafði hugsað mér, að eitthvað mætti nú grynna á umr. um þetta mál, og hygg, að flestir, sem áhuga hafa fyrir því, séu hér staddir, með því að hv. þdm. máttu eiga von á, að það gæti komið fyrir. Atkvgr. um málið gæti hinsvegar beðið, ef því væri að skipta. **(SE:** Menn áttu enga von á næturfundi). Hér mun ekki heldur verða háður næturfundur að þessu sinni. **(ÓTh:** Er ekki hægt að fá fundarhlé, meðan þdm. eru að finna þingskjöl og annað um þetta mál? Það átti engin von á því í kvöld). — Ég get orðið við þessari ósk hv. 2. þm. G.-K. og veiti fundarhlé í 10 mínútur.

Ólafur Thors: Það er búið að ræða þetta mál svo mikið og upplýsa svo vel helztu atriði þess, að ég skal ekki þreyta hv. þdm. með langri ræðu. Það er ekki mikil von um árangur, þó að borin séu fram sterk rök. Það sést bezt á afgreiðslu síðasta máls (Ríkisrekstur á útvarpi). Þar lágu fyrir skýr og greinileg ummæli frá trúnaðarmönnum ríkisins, sem andmæltu frv. En stjórnarliðið tók ekki tillit til þess. — Um þetta mál verð ég að segja,

að það má undarlegt heita, ef menn ætla nú að innleiða aftur einokun á tóbaki, þar sem það er staðreynd, að vörugæðin hötnuðu og verðið lækkaði, en þó hafa aukizt tekjur ríkissjóðs, eftir að hún var afnumin.

En ég skal segja eins og ég meina. Ég veit vel, að þetta er ekkert annað en látalæti og skrípaleikur. Þetta mál var borið fram á þingi 1928 og það var aftur borið fram 1929. Í hvorugt skiptið var það látið ganga fram. Það dagaði uppi. Nú enn á seinustu dögum þingsins kemur það til 1. umr. í deildinni, þar sem það er lagt fyrir. Það er auðséð, hvernig það á að fara að þessu sinni. Þó að stjórnarliðið undir forustu hæstv. stj. gangi annars langtum lengra en hreinræktuðustu jafnaðarmannastjórnir í nágrannalöndunum, þá bregður nú svo undarlega við, að enginn úr stjórnarflokknum vill í alvöru, að ríkið taki einkasölu á þessari vöru. Hvers vegna? Það er vegna nánustu samherja og stuðningsmanna hæstv. ríkisstjórnar, þeirra, sem hafa þessa verzlun í höndum sér. Þó að hæstv. stj. þyki gott að geta tekið spón úr aski kaupmanna, þá er öðru máli að gegna, ef hennar indælu tryggu fylgifiskar eiga í hlut. Það eru hv. 2. þm. Reykv. og annar af forustusauðunum eða réttara sagt jafnaðarsauðunum í bæjarstj. Reykjavíkur, sem þessa verzlun reka. Þeir hafa aðaltekjur af henni sjálfir. Þeim hefir verið núið því um nasir. Þess vegna þora þeir ekki annað en látast vera með einkasölu samkv. kenningum sínum. Þeir vita, að öllu er óhætt. Ef stj. hefði verið nokkur alvara, þá hefði hún knúið málið fram á fyrsta þinginu, þegar hún var í meiri hl., heldur en nú á elleftu stundu, þegar dagar hennar fara að verða taldir. Eftir nýjar kosningar, þegar annar flokkur er tekinn við völdum, þá veit hún að einkasalan yrði afnumin. Hún veit, að æfidagar hennar fara að verða fáir.

Vegna þessa þarf ég ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Enda hafa ýmsir samflokksmenn mínir haldið svo greinilegar og ítarlegar ræður og fært tölur úr landsreikningunum sínu máli til sönnunar, að málið liggur glöggt fyrir. Og þegar engin alvara fylgir þessu frv., læt ég mér í léttu rúmi liggja, hvað gert verður við það hér í Nd. Komist það alla leið til 3. umr. í hv. Ed., þá veit ég að gullkálfur hv. 2. þm. Reykv. baular, þangað til ekki heyrist til einokunarhanans, og málið verður látið daga uppi.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ég gat þess við upphaf þessarar umr., að ekki væri ástæða til að hefja almennar umr. um málið fyrr en við 3. umr. Ég bjóst við, að hv. þdm. vildu gæta þingskapa. Nú hafa nokkrir hv. andstæðingar talað og tínt fram rök, sem þeir þykjast hafa móti frv. Að mestu leyti eru það ástæðurnar frá 1925, þegar tóbakseinkasalan var lögð niður. Í raun og veru eru það ekki nema tvær ástæður, sem færðar eru gegn frv., önnur sú, að engin tekjuvon sé af samþykkt frv., og hin, að vörugæðin verði minni en með frjálsri sölu. Þetta eru ástæður, sem jafnan eru taldar fram móti allri einkasölu. Þar sem þetta frv. er borið fram og rökstutt eingöngu sem tekjuöflunarfrv., er ekki þörf að ræða aðra ástæðuna. Það lítur út fyrir, að nokkur straumhvörf hafi orðið í huga manna, sem halda nú, að engar tekjur geti orðið af tóbakseinkasölu, því að í upphafi var tóbakseinkasalan sett eingöngu í því skyni. Aðgerðir andstæðinga tobakseinkasölunnar 1925 sýndu og sönnuðu, að menn trúðu ekki þeirri kenningu, að tekjur verði engar. Því að þegar einkasalan var afnumin 1925, var aðráði þeirra, sem felldu hana, samþ. **tollhækkun til að vega á móti tekjumissinum.** Með þessu hafa þeir sjálfir viðurkennt, að tóbakseinkasalan gaf og getur gefið tekjur. Gagnstæð staðhæfing þeirra nú er því einskis virði.

Álíka haldlaust er um vörugæðin, að þau verði minni undir einkasölu en frjálsri samkeppni. Ég man þá tíma áður en einkasalan kom, að sumar tegundir tóbaks voru þá miklu verri en nú er. Umbæturnar á tóbaksgæðunum komu einmitt með einkasölunni. Þetta á einkum við um reyktóbak. Aðrar tegundir voru mest þær sömu, t. d. munntóbak og rjól, og ég held, að ekki sé hægt að færa neinar sönnur fyrir því, að þær séu orðnar aðrar eða betri nú undir frjálsri samkeppni.

Hv. andmælendur hafa fleiri en einn sagt, að þeir skilji ekki, í hverju hagnað-

urinn geti verið fólginn. Ég get vel sagt þeim það. Fyrst og fremst fær ríkissjóður allan heildsöluhagnaðinn. Hann væri þá tekinn af þessum örfáu einstaklingum, er nú hafa gróðann. Það er einmitt þetta, sem hv. andmælendum er svo sárt um; þeirra hagsmuni vilja þeir vernda. (JAJ: Hafa þeir einkaleyfi?). Ætlar hv. þm. að neita því, að heildsalar ætli sér hagnað? — Annað atriði í þessu máli er, að því stærri innkaup sem hægt er að gera á einhverri vörutegund, því líklegra er, að hægt sé að fá lægra verð. Þetta er alkunnugt í viðskiptum. — Þriðja atriðið er, að eftir því sem reksturinn innanlands verður stórfelldari, má gera ráð fyrir tiltölulega minni rekstrarkostnaði á fyrirtækinu, miðað við veltuna. Þessi þrjú atriði sýna og sanna, að réttmætt er að búast við tekjum í ríkissjóð, ef þetta verður að lögum, enda er það sannað með þeirri staðreynd, að andstæðingar einkasölunnar hækkuðu tóbakstollinn, eins og áður er sagt, til þess að vega nokkuð upp á móti tekjumissinum af því að leggja hana niður.

Þá segja sumir hv. andmælendur, að ef menn vildu afla ríkissjóði meiri tekna, þá sé ekki annað en að hækka tollinn enn meir. Með því að hækka tollinn má fá meiri tekjur, allt þangað til tollálagningin verður svo mikil, að það fari að draga úr kaupum. Tollhækkunin mundi þá hækka verðið fyrir neytendum. En hér er ætlunin að ná tekjunum án þess.

Hv. andmælendur hafa æðimikið rætt um það, að þetta séu tóm látalæti, en annarsvegar segja þeir, að það sé gert af eftirlátssemi og hræðslu við jafnaðarmenn. Þessar ástæður stanga hver aðra, og þó geta menn ekki hætt að tönnlast á þeim báðum í senn.

Ég leyfi mér að spyrja þá, sem áttu frumkvæðið að því að setja einkasöluna á stofn, hvort þeir hafi einnig gert það af tillátssemi við jafnaðarmenn.

Þá var það einhver, sem var að hafa í frammi nokkurskonar ógnanir við stj. og stjórnarflokkinn í sambandi við mál þetta, og sagði, að það myndi ekki verða svo vinsælt, ef það næði fram að ganga, en myndi geta valdið falli stj. við kosningar. Ég hafði satt að segja búizt við öllu öðru en vinsamlegum ráðleggingum frá þeirri hlið til okkar framsóknarmanna, því að ég hafði búizt við, að andstæðingarnir yrðu mjög kampakátir, ef þeir gætu orðið stj. að falli, og myndu því láta frv. hlutlítið, svo að það næði fram að ganga til að spilla fyrir stj. við næstu kosningar. Maður skilur það líka á ýmsu öðru, að þessir menn eru ekki eins öruggir og þeir þykjast vera, heldur eru slíkar fullyrðingar aðeins í nösunum á þeim, því að þeir vita, að reyndin verður önnur, er til kemur.

Þá var einhver af andstæðingum málsins, sem sagði, að ef það væri rétt, að tóbakseinkasalan gæfi drjúgar tekjur í ríkissjóð, þá myndi því sennilega líkt farið með aðrar vörutegundir. Þetta má nú kannske til sanns vegar færa, en ég vil aðeins benda þeim hv. þm. á það, að allar vörutegundir eru ekki eins vel hæfar til einkasölu og munaðarvörur, en til þeirra verður tóbak að teljast.

Þá fékk hv. deild að heyra langan lestur um það, að hér væri verið að koma á einokun, og var þá óspart vísað til einokunarinnar gömlu, og það er náttúrlega von, að það sé gert, ef hv. þm. eru svo sljóir að miða eina vöru við allar. Hér er aðeins um eina munaðarvörutegund að ræða, og einkasala ríkisins á slíkri vörutegund er gerð til þess eins að auka tekjur heildarinnar, en áður fyrr voru það einstaklingar, sem tóku verzlunina á leigu og fengu hagnaðinn af henni. (ÓTh: Heldur hv. þm., að þetta hafi ekki líka verið boðorðið þá, að einokunin væri höfð í þágu heildarinnar?). Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. skilji þetta betur en þessi hv. þm., en ég geri ekki ráð fyrir að sannfæra hann, þótt ég færi að útskýra málið nánar fyrir honum.

Þótt næstir á undan mér hafi nú 4 andmælendur þessa frv. talað, hygg ég, að ég sé búinn að hrekja öll þau rök, sem þeir höfðu fram að færa, og hirði því ekki um að hafa mál mitt lengra, því að ég ætla ekki að fara að keppa við þá um mærð.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Það er farið að bera nokkuð mikið á því nú orðið hjá hv. fylgismönnum stj., að í hvert sinn, sem andstæðingarnir hreyfa

mótmælum gegn vandræðamálum þeirra eða stj., þá kalla þeir það óþarfa málþóf og orðalengingar, og skeyta því engu, þótt það liggi í augum uppi, að færð séu fram rök fyrir réttum málstað. Þetta virðingarleysi meiri hl. fyrir rökum minni hl. er ekki teikn upp á neitt gott.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að enginn efi léki á því, að einkasalan myndi auka tekjur ríkissjóðs stórum. En þá vil ég beina þeirri spurningu til hans, og vil fá ákveðið svar við henni, úr því að hv. þm. álítur þessa einkasölu blessun fyrir landið. Hvers vegna hefir þá stjórnarflokkurinn ekki fyrr borið þetta frv. fram? Hvers vegna hefir stjórnarflokkurinn vanrækt nú í 3 ár að samþ. þetta frv., ef það er eins gagnlegt og nú er látið uppi? Þetta hlýtur að stafa af einstakri vanrækslu og hirðuleysi, að hafa ekki fyrr reynt að koma fram þessu máli, sem þeir hafa slíka trú á. (HG: Laukrétt!). Laukrétt, segir hv. þm. Ísaf. og undirstrikar með mér þessa spurningu, og ég vænti þess fastlega, að henni verði svarað. Hvað hafa þessir trúuðu menn óttazt? Hafa þeir óttazt sína eigin samvizku eða áhrif minni hl.? En bendir þetta hik ekki til, að í rauninni sé trú þeirra veik?

Annars skal ég ekki fara langt út í þetta mál, því ég þóttist hafa gert allítarlega grein fyrir skoðun minni í fyrstu ræðu minni. Meginatriðið í þessu máli er það, hvort einkasalan geti haft meiri blessun fyrir þjóðina sem heild en frjáls verzlun. Er hugsanlegt, að einkasalan geri betri innkaup en kaupmenn, sem hafa náð í ágæt sambönd og hafa verzlað við erlenda framleiðendur um margra ára skeið? Ég fyrir mitt leyti er í engum vafa um, að hin frjálsa samkeppni gerir betri innkaup.

Ef það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að einkasala sé nauðsynleg á tóbaki, þá hlýtur það sama að gilda um allar aðrar vörur, og hvers vegna þá ekki að láta ríkið annast einkasölu á nauðsynjavörunum, því að það hlyti einnig að verða til ágóða fyrir ríkið? Ég hefi sýnt fram á það, að þótt tollarnir væru hærri, var samt vöruverðið lægra þegar hin frjálsa samkeppni fékk að sýna sig, og hverju er það að þakka?

Það er eitt, sem er eitur í beinum þeirra manna, sem berjast fyrir einkasölum, og það er þegar minnzt er á einokunina gömlu í því sambandi og gerður samanburður á þeim, en það er alltaf hætt við því, að eftir því, sem fleiri vörur eru færðar yfir á eina hönd, þá fari þeir annmarkar, sem einkenndu gömlu einokunina, að koma í ljós. Í fyrri ræðu minni dró ég upp mynd frá einokunartímunum, þegar bóndinn kom til kaupmannanna kengboginn af undirgefni með húfuna í hendinni og bað þá um að hafa vöruskipti við sig, en kaupmennirnir létu hann fá dýra vöru og tóku hans gegn smánarverði. Sú mynd ætti að vera öllum minnisstæð, því að þegar allt er komið á eina hönd, kemst á sama ástandið. Menn vita það vel, að þegar svo er komið, þá er það peningakúgunin, sem er í uppsiglingu, og það er þegar farið að sýna sig, hvernig þessi kúgun er farin að láta á sér bæra. Verkamennirnir eru farnir að tala um það í hálfum hljóðum, að ef t. d. einn banki sé í landinu, verði þeir að krjúpa fyrir þeim, sem þessum banka ráða, og þá verði þeir að hengja skoðanir sínar á snagann til þess að hægt verði að fá peningalán. Þar sjá menn einokunina í skýrri mynd. Hættan er sú, ef lífsnauðsynjar og peningaráðin eru færð yfir á eina hönd, að þá verði þeir menn þrælar í landinu, sem áður voru frjálsir borgarar, og ef þeir menn, sem fyrir þessum stofnunum standa, vilja beita valdi sínu til að koma á skoðanakúgun, þá sést, hvað af þessu hlýzt, og þá er gamla, svarta einokunin búin að halda innreið sína.

Þessir einokunarpostular, sem nú vaða uppi, ættu að hafa það hugfast, að hér er ekkert gaman á ferðum, heldur alvörumál, sem krefst samvizkusemi og sanngirni, en hjá þeim virðist sú tilhneiging rík, að skella skolleyrum við þeim óhrekjandi rökum, sem færð eru fram gegn öllum þessum einkasölum, sem þeir eru að berja fram. Það sýnir t. d. vel, hversu rík einkasölutilhneiging þessara manna er, að þeir reyna að koma á einkasölu á útvarpstækjum, en alstaðar annarsstaðar er slíkt álitið mesta óheillaráð, enda hvergi tekið upp nema hér. Það er kominn tími til að láta hæstv. stj. vita það, að það er kominn töluverður uggur

í menn um land allt við það, ef stj. heldur áfram á þessari einokunarbraut og ætlar að berja hvert ríkisrekstrarfrv. í gegn á eftir öðru.

Hinsvegar er ég nú þeirrar skoðunar, og dæmi ég þar eftir framkomu stjórnarliðsins í þessu máli, að ef það tryði á, að happ væri að tóbakseinkasölu, þá myndu þeir hafa lagt út í hana fyrir löngu síðan. Þess vegna er ég sammála hv. 2. þm. G.-K. um það, að þessi framkoma stj. virðist leikur einn, því að það er auðsætt, að málið verður ekki afgr. á þessu þingi, ef á að slíta því fyrir páskana, og þá hefir ekki verið mikil alvara á bak við ræðu hv. frsm. meiri hl.

Magnús Jónsson:* Það lítur út fyrir, að hv. meðmælendur þessa frv. hafi ekki mikinn áhuga fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga, því að þeir vilja sem minnst tala um það, og bendir það á, að þeir búist ekki við, að það verði afgr. á þessu þingi.

Hv. 1. þm. N.-M. kom dálítið inn á það atriði, að bera saman gömlu einokunina og þessa einkasölu, sem nú er verið að berja í gegn og ég hefi gert samanburð á í fyrri ræðu minni. Það er vitanlegt, að hér væri um glæpsamlegt atferli að ræða, ef hv. þm. væru að reyna að koma á því mesta böli, sem hefir dunið yfir þessa þjóð, og færa landsmenn aftur í þá ánauð, sem þeir eru nýsloppnir úr. Þessar tvær verzlunarstefnur eru að vísu ólíkar í sumum smáatriðum, en öll aðalatriðin eru hin sömu. Gamla einokunin var ekkert annað en ríkiseinkasala, þótt einstökum mönnum væri falið að hafa hana á hendi, því að konungurinn, sem var einvaldur í ríkinu, seldi verzlunina á leigu og tók nokkuð af þeim hagnaði, sem á henni varð. Stundum rak hann verzlunina fyrir eiginn reikning og hafði umsjón með henni að öllu leyti. Þess vegna er það auðvitað vitleysa, sem hv. frsm. sagði, að verzlunin hefði verið rekin til hagsbóta fyrir einstaka menn, því að þetta var ekkert annað en sú verzlunarstefna, sem þá ríkti, nefnilega „merkantilisminn". Þessi stefna var sprottin af þeim þjóðfélagsskoðunum, sem þá ríktu, og þess vegna er það hreinn barnaskapur og fáfræði að láta sér detta það í hug, að verzlunin hafi verið rekin með þessu fyrirkomulagi einungis til þess að auðga einstaka menn. Þessi stefna orsakaðist af því, að sú skoðun var þá einvöld, að það væri um að gera að halda peningunum í ríkinu og leggja sem mest höft á verzlunina til þess að auka atvinnu þegnanna, en menn höfðu þá ekki fengið skilning á því, að hagur þegnanna er beztur þegar frjálsræðið er mest. Meðmælendur þessa frv. hafa talað um það, að andstæðingarnir væru að búa til grýlur, er þeir héldu því fram, að slík frv. sem þessi miðuðu að því að gera menn ánauðuga, — en hver getur um það sagt nema þetta verði? Því er líka svo farið með þau fyrirtæki, sem ríkið rekur, að afgreiðsla vill þar oft verða treg, og er þá skemmst að minnast þess, þegar menn voru látnir bíða 4 klst. hér á pósthúsinu eftir að ná í böggla, sem komu frá Frakklandi. En því er svo farið með flm. þessa frv., að þeir eru fullir af vanalegum einkasöluderringi og vilja ekki taka neinum sönsum, þótt óhrekjandi rök séu færð fram í málinu og dæmi tekin frá reynslu liðinna ára. Menn mega minnast þess frá því er tóbakseinkasalan var, að þá var fluttur inn svartur tóbaksruddi, sem skemmdi menn í nefinu og hleypti bólgu í andlit þeirra, en aftur á móti neitaði einkasalan um skeið að flytja inn tóbak frá Brödrene Braun, af því að hún þóttist ekki komast að nógu góðum skilmálum við þá. Algengar tegundir, sem menn höfðu vanizt á að nota, fluttust ekki inn í landið, svo að þeir urðu annaðhvort að taka þann rudda, sem til var, eða þá ekki neitt. (**HV:** Þetta er vitleysa). Nei, það vita allir, að þetta er rétt. (**ÓTh:** Já, og svona er það líka með áfengisverzlunina). Aðalatriðið við þetta mál er það, að það á ekki að tryggja kaupmanninn, heldur hitt, að kaupendurnir fái rétta vöru fyrir rétt verð, en það verður bezt tryggt með frjálsri samkeppni.

Tilgangurinn með gömlu einokunina og hinar nýju einkasölur er alveg hinn sami, og afleiðingarnar verða eins, en hið eina, sem hægt er að segja til huggunar þessum einokunarpostulum, er það, að menn munu kannske fyrirgefa þeim, af því að þeir vita ekki, hvað þeir eru að

gera. Nei, gamla einkasalan komst á af misskilningi, og af sama misskilningnum er það sprottið, að reyna að koma á nýrri einkasölu.

Þá ætlaði hv. 1. þm. N.-M. að sýna fram á, að vænta mætti góðs af einkasölu, sökum þess í fyrsta lagi, að hún hirti heildsöluhagnaðinn, og í öðru lagi gæti hún gert miklu betri kaup erlendis, og í þriðja lagi yrði miklu minni rekstrarkostnaður. En þessu til sönnunar sýndi hann bara gömul pappírsgögn, sem hafa verið marghrakin bæði fyrr og síðar. Það hefir verið margsýnt fram á, að þrátt fyrir allt fái kaupmenn betri innkaup heldur en einkasalan. Þó að það megi slá þessari setningu fram: því meira vörumagn, því betri kaup, þá er það nú svo, að við verðum hér að líta nokkuð á mannlegt eðli eins og það birtist í reynslunni. Sá atvinnurekandi, sem verður að eiga viðgang sinn og velgengni undir því, að hann geri sem bezt kaup hvað verð og vörugæði snertir, hann hlýtur að leggja sig betur fram en hinn, sem veit, að ekki er í annað hús að venda til þess að fá vöruna, sem hann verzlar með. Sá, sem kaupir fyrir einkasöluna, hann gerir það auðvitað forsvaranlega, en hann er ekki knúður til að vanda sig eins og kaupmaðurinn í hinni frjálsu samkeppni.

Það var dálítið gaman, að hv. þm. virtist að nokkru leyti vera inni á okkar skoðun, þegar hann var að tala um, að svona óþarfavörur eins og tóbak væru hentugar til einkasölu. Hann virtist halda því fram, að einkasalan væri heppilegasti verzlunarmátinn með innkaup og alla hluti, og því þá ekki að innleiða einkasölu fyrst og fremst á nauðsynjavöru? Nei. Það var eins og leyndist einhver slæðingur í huga hv. þm. um það, að það gætu orðið slæm mistök á einkasölu, en það gerði bara minna til, þegar um óþarfavöru væri að ræða, eins og tóbak. Þarna erum við hjartanlega sammála, og ég gleðst yfir því, að hv. þm. skyldi vera inni á þessari sömu hugsun.

Þá þóttist hv. þm. hafa fundið ágæta sönnun fyrir því, að við í raun og veru játuðum, að það væri ekki eins hentugt, að ríkissjóður tæki tekjur sínar af tóbaki með tolli einum. Það er rétt, að þegar farið var fram á að hækka tóbakstollinn, voru menn mjög ósammála um það. Ég man sérstaklega, að Jakob Möller, sem þá var 1. þm. Reykv., áleit, að það ætti ekki að hækka tollinn. En samt sem áður var það gert í varúðar skyni, til þess að hafa fulla vissu, að ríkissjóður skaðaðist ekki á breytingunni. Ég hygg það láti mjög nærri, að skoðun þessa fyrrv. hv. þm. væri rétt. En tollhækkunin var skaðlaus, af því að það sýndi sig, að varan hækkaði ekki í verði. Annars er það helber hugsunarvilla hjá hv. þm. að ætla að telja það sem sönnun fyrir sínum málstað, að við hækkuðum tollinn, þegar einkasalan var afnumin. Því að þegar einkasala er, þá er hégómi að greina milli þess, hvað er tollur og hvað er verzlunarhagnaður. Það má hafa tollinn lágan og leggja þeim mun meira á vöruna, ef einkasala er, en allt kemur í sama stað niður. Og ef við ættum nú t. d. að gefa vínverzlun frjálsa, þá væri engin meining annað en hækka tollinn stórkostlega. Grundvöllurinn hjá okkar tóbakseinkasölu var sá, að hún áskildi sér miklu hærri gróða en hún þurfti og heldur en mundi verða í frjálsri verzlun. Þetta hefir glögglega komið fram. Þess vegna er það byggt á hugsanavillu, þegar hv. 1. þm. N.-M. hyggst geta sannað veilu í okkar skoðun í þessu máli. Hv. þm. var að tala um það, að sumir þeirra, sem voru með einkasölu áður, séu nú á móti. Þó að ég hafi alltaf verið á móti einkasölu, get ég samt skilið þá, sem vildu gera tilraun með hlut eins og þennan. Þessi tilraun var gerð, og tóbakseinkasalan stóð í nokkur ár. Síðan hefir verzlunin verið frjáls nú í nokkur ár, og það hefir sýnt sig, að einkasölu er engin þörf til þess að ríkissjóður fái sitt, heldur þvert á móti. Og einmitt þessa vegna er það svo miklu óafsakanlegra að vilja nú aftur fara að setja upp þetta margbrotna og erfiða form. Hitt get ég skilið, að jafnaðarmenn muni vera með þessari einkasölu eins og öðrum einkasölum; það er bara stefnumál.

Nú vil ég beina einni fyrirspurn til hv. 1. þm. N.-M. Hvernig stendur á því, að ríkissjóður hefir fengið meiri tekjur síðan verzlunin var gefin frjáls heldur en á einkasöluárunum, ef einkasölufyrir-

komulagið er miklu heppilegra í þessum þremur eða fjórum atriðum, sem hann minntist á?

Reynslan er ólygnust. Og ef reynslan mælir á móti kenningum, þá þýðir það það, að við verðum blátt áfram að endurskoða kenningarnar. Mér dettur í hug franska vísindafélagið, sem gaf þann úrskurð, að steinar gætu ekki komið úr loftinu. Steinarnir voru nú áþreifanlegir, en þessir vísindamenn — og þar á meðal voru margir hinir ágætustu vísindamenn — samþykktu, að steinar gætu ekki dottið úr loftinu. Síðan vita menn, að það er staðreynd, að steinar detta úr loftinu. Og nú veit ég, að þeir, sem ekki eru sérstakir einokunarpostular, hafa endurskoðað sína skoðun á einkasölu og látið reynsluna kenna sér.

Það er nú búið að prófa ýmsar einkasölur, og reynslan af þeim er sú, að það mun vera talið eitt af þeim stóru óhöppum, sem hentu menn, þegar sú þjóðfélagsstefna, sem styður einokunarstefnuna, náði yfirtökum í landinu um stund.

Héðinn Valdimarsson: Hv. 2. þm. G.-K. beindi nokkrum orðum til mín, og það gefur mér tilefni til að standa upp. Annars virðist mér það, sem hv. þm. hafa talað móti málinu, harla veigalítið. (**Einhver:** Ég held þessi hv. þm. hafi ekkert heyrt; hann hefir aldrei verið í deildinni). Ég var nálægur og heyrði mikið, og mér finnst hver ræðan annari lík.

Það er kunnugt, hvaða ástæður lágu til grundvallar fyrir því, að tóbakssalan var afnumin, sem hafði gefið ríkissjóði mikið fé. Það var lagt afarmikið kapp á það af íhaldsflokknum að leggja hana niður, og af tveimur ástæðum. Önnur var pólitísk frá stjórnmálamönnunum í flokknum, en hin var hagsmunaleg, runnin frá verzlunarstéttinni innan flokksins. Stjórnmálamennirnir sögðu hvað eftir annað, bæði í ræðu og riti, að tóbakseinkasalan væri höfuðvígi fyrir framsóknarmenn og jafnaðarmenn, og meðan hún stæði í þjóðskipulaginu, væri hvergi öruggt fyrir þá í landinu; fyrir henni væru menn, sem þeir töldu sér fjandsamlega í skoðunum. Og þar að auki væri þarna byrjað á nýju fyrirkomulagi, sem mundi — ef það næði að þróast — stöðugt vera hægt að benda á sem mótsetningu við þeirra fyrirkomulag. Svo að þetta var ærin hvöt fyrir þá til að leggja alla stund á að ríða þessa þjóðarstofnun niður.

Þá var það budda Íhaldsflokksins, verzlunarstéttin, sem leggur peninga til blaða og kosninga. Kaupmenn litu svo á málið, sem tekinn væri biti úr munni sér, og ef einkasalan væri kveðin niður aftur, mundu þeir græða það fé, sem lenti í ríkissjóði frá einkasölunni. Þeir lögðu þess vegna fram mikið fé þessi árin til blaða og „agitationa" úti um landið á móti þessu fyrirtæki. En þegar einkasalan var afnumin, fór nokkuð á annan veg en íhaldsmenn hugðu, bæði stjórnmálamenn og kaupmenn, enda ekki hægt að krefjast framsýni af þeim í slíkum málum frekar en öðrum. Niðurstaðan varð auðvitað sú, að þeir, sem höfðu starfað við einkasöluna, hugsuðu sér, að gaman væri að láta þeim ekki verða kápuna úr því klæðinu að svæla undir sig alla tóbaksverzlunina. Þessir menn, sem íhaldsblöðin höfðu árum saman rægt og sagt að ekkert skynbragð bæru á verzlun, höfðu þegar svo var komið ánægju og metnað af því að reyna sig við kaupmannastéttina í hinni marglofuðu frjálsu samkeppni, hæfileikamælikvarða íhaldsins. Þá var stofnuð Tóbaksverzlun Íslands, sem síðan hefir starfað og hefir yfir 60% af allri heildsölunni með tóbaksvörur. Þetta fyrirtæki hefir gefizt ágætlega fyrir sína eigendur, og mun óhætt að telja það eitt af arðmestu fyrirtækjum, sem hér eru í landinu. Þetta eru auðvitað vonbrigði fyrir þá, sem bjuggust við að ná undir sig öllum arði af tóbakssölunni. En þeir hafa huggað sig við það, að betra sé lítið en ekki neitt og þeir hefðu þó einhver smábein að naga.

En beri maður að öðru leyti saman þetta fyrirkomulag, sem nú er, þar sem eitt einkafyrirtæki hefir meira en helming af tóbakssölunni, og afgangurinn skiptist milli margra smærri, og svo hitt, að ríkið hafi alla söluna, þá hygg ég það þurfi nokkuð magnaðan íhaldsmann til að segja, að núverandi fyrirkomulag sé betra. Það vita allir, sem til þekkja, að bæði að því leyti, að ágóðinn lendir í vösum einstakra manna, en ekki í ríkissjóðnum, og frá verzlunarlegu sjónarmiði er

einkasala ríkisins hagkvæmari. Þeir hv. þm., sem talað hafa móti þessu frv., hafa gerzt svo djarfir að halda fram, að tóbakseinkasala fengi lakari innkaup heldur en verzlanir einstakra manna. En tóbakseinkasalan fékk einmitt betri kjör á öllum sviðum, þar sem reynt var, heldur en þeir, sem höfðu umboð fyrir sömu verksmiðjur áður. Þetta er auðvelt að sanna, að það var ekki ein einasta verksmiðja, sem Landsverzlunin skipti við, sem gaf ekki ríkinu að einhverju leyti betri kjör, annaðhvort með lengri gjaldfresti og óbreyttum kjörum eða með meiri afslætti en umboðsmenn höfðu áður. Og nú fá heildsalar hér einnig lakari innkaup á tóbaki en Landsverzlunin.

Hvað rekstrarkostnaði viðvíkur, þá er hann miklu meiri nú við heildsöluverzlunina heldur en nokkurntíma við tóbakssölu ríkisins. Þetta er eðlilegt, af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst af því, að einkasalan hafði alla verzlunina, svo að kostnaðurinn skiptist niður á mikla veltu, og í öðru lagi af því, að nú verða tóbakskaupmenn að leggja mikið fé fram til þess að selja vöruna, en áður kom salan af sjálfu sér, þar sem ekki var nema í eitt hús að venda. En mikill sölukostnaður er auðvitað óþarfur frá þjóðfélagslegu sjónarmiði.

Af þessu leiðir það, að þótt Tóbaksverzlun Íslands gefi góðan arð, þá verður sá arður samanlagður við arð annara innflytjenda miklu minni en ef ríkið hefði tóbakið á sínum höndum. Þetta er svo einfalt, að þeir, sem hafa nokkra nasasjón af verzlun, ættu að geta skilið það, að stærstu fyrirtækin, sem sameina meira undir einn hatt, fá ódýrari rekstur og betri kjör.

Það mætti minnast á ýmislegt fleira. Hjá ríkinu liggur t. d. miklu minna fjármagn í vörubirgðum en hjá einstaklingum, því að hver einstakur verður að hafa birgðir, en einkasalan getur reiknað söluna nákvæmlega út.

Mér dettur ekki í hug að ganga inn á þá hugsun, sem ég hefi orðið var hjá nokkrum hv. framsóknarmönnum, að tóbakið væri eiginlega sú eina vara, sem ríkið ætti að reka verzlun með. Ég álít, að þær reglur, sem ég hefi nefnt, gildi að miklu leyti um verzlunina við útlönd.

Nú hefir hv. 2. þm. G.-K. á sinn venjulega vinsamlega hátt látið hér í ljós, að ég mundi í raun og veru ekki vera með því, að ríkið tæki að sér tóbaksverzlunina, vegna þess að ég ætti hluti í Tóbaksverzlun Íslands. Ég á þar að vísu ekki nema einn tuttugasta hluta af höfuðstólnum, en nægilega mikið til þess, að það gefi góðan arð. En ég verð að segja, að hvernig sem hv. 2. þm. G.-K. mundi hegða sér í slíku tilfelli, þá er ég ekki það mikill ræfill, að ég vinni það fyrir nokkrar krónur að ganga frá sannfæringu minni. En það er sannfæring mín, að þessi vörutegund sé miklu betur komin hjá ríkinu en einstökum mönnum, af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar talið, svo að hvað sem hv. 2. þm. G.-K. álítur um það, þá mega menn trúa því, að mér er full alvara, að þetta frv. nái fram að ganga.

Það hafa nú ýmsir talað mikið um einokun, og allt tal þeirra ber vott um litla þekkingu á verzlunarsögu Íslands. Það er nú svo, að hörmungarnar á einokunartímabilinu voru ekki í raun og veru af því, að það var einkasala á vörum, heldur af því, að einkasalan var fengin í hendur einstökum kaupmönnum. Það var eins mikill munur á hörmangaraverzluninni og konungsverzluninni eins og á nótt og degi. Það voru flestir sammála um það, að þegar konungur hafði verzlunina í sínum höndum, m. ö. o. þegar rekin var landsverzlun, þá var verzlunin betri, en þegar kaupmenn voru einráðir, þá var verzlunin svo ill sem hugsazt gat.

Hér með okkur Íslendingum er nú barizt um einkasölu eða samkeppnisverzlun, á sinn hátt eins og áður var barizt um konungsverzlun eða hörmangaraverzlun. Hörmangaraverzlunin byggðist á „frjálsri samkeppni“, þó að hún að vísu hafi verið einráð yfir markaðinum, en konungsverzlunin er hliðstæð landsverzluninni nú, með þeim mun, að að því leyti sem stjórnarfarið er nú lýðfrjálsara getur þjóðin sjálf haft áhrif á það, hvernig verzlunin verður. Það er því í raun og veru sami meginmunurinn á hörmangaraverzluninni og konungsverzluninni annarsvegar og samkeppnisverzluninni og einkasölu hinsvegar, þegar einkasalan er rekin af mönnum, sem vilja

hag hennar sem beztan, en ekki kosta kapps um að eyðileggja hana í augum almennings, eins og vill brenna við, þegar íhaldsmenn og íhaldsstj. hafa með hana að gera. Vil ég í því sambandi skírskota til þess, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um afgreiðsluna á pósthúsinu. Á þeim árum sat íhaldsstj. að völdum og því engin furða, þótt misfellur væru á í þessum efnum. Þó að um opinber fyrirtæki sé að ræða, er hægt að reka þau illa, og mikil hætta á, að svo verði, þegar þeir menn, sem fara með stjórn þeirra, hafa engan skilning á málinu né vilja til þess að vinna fyrir heildina.

Hv. þm. Dal. tók það sem dæmi þess, hve fráleitt væri að halda áfram á þessari braut, ef sett væri upp einkasala á bifreiðum. Ég álít þetta vel til fallið, og mér er kunnugt um það, að þar eru mér margir sammála, þó að ekki séu þeir flokksbræður mínir. Hingað er hrúgað inn hverri bifreiðategundinni á fætur annari. Fjölmargar þeirra reynast illa og með mörgum tegundunum fylgja engir varahlutir. Því vill það oft brenna við, þegar menn, sem litla þekkingu hafa í þessum efnum, eiga í bílakaupum, að þeir kaupa einhverja nýja tegund og verða svo að standa uppi atvinnulausir um lengri eða skemmri tíma, ef til vill 3—4 mánuði, á meðan verið er að ná í varahluti í þessa bíla, sem ekkert er til að gera við með, ef þeir bila. Ég álít, að full ástæða sé til þess að rannsaka, hvort ekki mætti draga úr þessum innflutningi á nýjum bifreiðategundum og fá í þeirra stað haldkvæmar og góðar tegundir með nægilegum varahlutabirgðum fyrir þarfir landsmanna.

Sama máli gegnir um ýmislegt fleira. T. d. er mikil hætta á því, að bátamótorar verði ofurseldir þessum sömu örlögum. Hingað eru fluttar ótal tegundir af þeim, og er það mörgum íhugunarefni, hversu mikill tími og peningar fara þar til spillis, vegna þess, hve margar hinar nýju tegundir reynast illa.

Hv. 1. þm. Reykv. tók nokkur dæmi um það, hversu hin frjálsa verzlun, sem hann svo kallar, hefði gefið góða raun. Nefndi hann t. d. það til, að eftir að tóbakseinkasalan var lögð niður, hefði verðið á tóbakinu ekki hækkað, þrátt fyrir hina auknu tolla, sem á það voru lagðir. En það vildi nú til fyrir andstæðinga tóbakseinkasölunnar, að í lok þess árs, sem hún hætti, varð mikið verðfall á tóbaki, og af þeim ástæðum þurftu þeir, sem tóku við af einkasölunni með verzlun á tóbaki, ekki að hækka verðið, þó að tóbakstollurinn væri hækkaður. Þetta stendur því alls ekki í sambandi við það, að tóbakseinkasalan var lögð niður, heldur var það bein afleiðing þess verðlags, sem á þessum tíma var á tóbaki á heimsmarkaðinum.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi það sönnun þess, hversu heppilegra það væri fyrir ríkið að taka tekjur sínar með tolli en einkasölu, að tekjurnar af tóbakstollinum færu alltaf vaxandi. En nú er á það að líta, að tollurinn er mestur á vindlingum, en tiltölulega lítill á rjóli og munntóbaki. Aftur á móti snýst sala tóbaksins meira og meira um vindlinga, því að vindlinganotkunin fer stöðugt í vöxt, hér á landi sem annarsstaðar, eins og innflutningsskýrslurnar bera ljóst vitni um. Má gera ráð fyrir, að á næstu árum muni vindlinganotkunin fimmfaldast, miðað við vöxt hennar undanfarið. Þessar ástæður liggja til þess, hversu tollatekjurnar af tóbakinu hafa aukizt. Það á engar rætur í því fyrirkomulagi, sem nú er á tóbaksverzluninni. Slíkt er misskilningur einn, að svo sé.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að einkasala á hverju sem væri hefði alltaf vonda vöru á boðstólum. Hefði hann fengið að kenna á því sjálfur, þegar tóbakseinkasalan var hér. Þá hefði ekki verið völ á öðru neftóbaki en svörtum rudda, sem gerði hvert nef skinnlaust. Mér er ekki kunnugt um það, hvað skinnhúðin í nefi hv. 1. þm. Reykv. er sterk, en hitt er mér fullkunnugt um, að tóbakseinkasalan vandaði ekki síður val sitt á rjóli en öðru tóbaki. Féll að vísu niður um tíma innflutningur á rjóli frá einu aðalfirmanu á því sviði, vegna einhverra misbresta á samkomulagi, en tóbakseinkasalan flutti inn frá byrjun neftóbak frá því firma, sem mesta neftóbaksverzlun hefir haft hér á landi og alþekkt er undir nafninu „Brödrene Braun“. Ef hv. 1. þm. Reykv. hefir því verið orðinn skinnlaus í nefinu vegna vonds neftóbaks, stafar það af því,

að hann hefir hætt að nota hinar gömlu og viðurkenndu tegundir og snúið sér að einhverjum nýjum, eða þá að sannfæring hv. þm. fyrir því, að tóbakseinkasalan hlyti að verzla eingöngu með vont tóbak, hefir verið svo sterk, að hann hefir fengið fleiður í nefið við tilhugsunina um það, að hann væri að taka einkasölutóbak í nefið.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar en ég hefi gert. Hér er um að ræða mjög verulegt fjáröflunarfrv., þar sem telja má víst, að tóbakseinkasalan muni gefa af sér í árlegar tekjur fullar 200 þús. kr., án þess að íþyngja þurfi almenningi í verðlagi. Er þar gengið út frá því, að tóbaksnotkunin haldist óbreytt, en allar líkur benda til, að tóbaksnotkunin muni fremur vaxa en minnka, og gefur það náttúrlega meiri gróða af einkasölunni.

Hv. 2. þm. G.-K. lét það í ljós, að sú mundi ekki meiningin, að þetta frv. ætti fram að ganga á þessu þingi. Ég skal játa það, að mér er ekki kunnugt um, að Framsóknarflokkurinn hafi sem slíkur tekið afstöðu til þessa frv., en tveir af meðnm. mínum eru meðmæltir frv., og hefi ég enga ástæðu til að væna þá um það, að þeir ætli frv. ekki fram að ganga, né heldur þeirra flokkur.

Við jafnaðarmenn höfðum hugsað okkur að leggja annan grundvöll fyrir þessu máli á þessu þingi, en við hurfum frá því, og það varð úr, að hv. þm. Ísaf. flytti þetta frv. ásamt hv. 1. þm. N.-M. Við höfðum hugsað okkur að bera fram frv. um það, að sett yrði á stofn einskonar landsverzlun, sem starfaði í deildum og hefði með að gera hin ýmsu verzlunarfyrirtæki ríkisins og annaðist þar að auki öll efnisinnkaup þess. Stofnun þessa væri síðar hægt að auka eftir þörfum, með því að bæta við nýjum deildum. Ríkið þarf að láta gera efniskaup árlega fyrir stórfé, t. d. á efni til síma, byggingarefnum, kolum, lífsnauðsynjum o. þ. l., og virðist því ekki nema sjálfsagt að sameina þetta allt undir eina og sömu framkvæmdarstjórn. Nái þetta frv. fram að ganga, sem ég vona fastlega að verði, sé ég ekkert því til fyrirstöðu að sett verði á stofn slík innkaupaskrifstofa í sambandi við tóbakseinkasöluna, enda þótt það sé ekki fyrirskipað í lögum. Þar sem hið opinbera á annað borð þarf að sjá um þetta, er sjálfsagt að sameina það undir einn hatt, enda vænti ég þess af hæstv. stj., að það verði gert, ef frv. verður að lögum. Ég er viss um það, að á þeim liðum sparast mikið fé, sem nú fer í milliliði.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv., enda hefir það þegar verið rætt nokkuð frá báðum hliðum, en ég vildi þó drepa lítillega á þetta mál út frá sjónarmiði, sem ekki hefir komið fram ennþá.

Það er enginn vafi á því, að það er rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að ríkið getur fengið fullar 200 þús. kr. tekjur árlega með því að taka tóbaksverzlunina í sínar hendur og reka hana á heildsölugrundvelli, án þess þó að íþyngja þurfi neytendunum með hækkuðu verðlagi. Náttúrlega er þetta ekki fundið fé, heldur tekið frá heildsölunum, en gróðinn er þó annars eðlis en fengist með því að hækka verðið á þessari nautnavöru með auknum tollum.

Það hefir verið talað mikið um það síðustu tvö ár, að nauðsyn bæri til, að ríkið styddi með fjárframlögum raforkuveitur til sveita og í hinum smærri þorpum. Kaupstaðirnir hafa betri aðstöðu í þessu efni vegna fjölmennis síns, sérstaklega þó Reykjavík, því að hér er fólkið flest og tiltölulega auðvelt að ná til hins bezta vatnsfalls, sem völ er á.

Ef Alþingi hugsar til þess í alvöru að bæta raforkuveitunum við á áætlun sína, má ekki fara eins og fór um berklavarnirnar, að bætt sé á ríkissjóðinn miklum útgjöldum án þess að jafnframt sé séð fyrir að afla tekna. Hefi ég fært það í tal við ýmsa þm., hvort ekki væri því ráð að láta gróðann af hinni væntanlegu tóbakseinkasölu renna til rafveitnanna. Mætti bæta slíku ákvæði inn í frv. við 3. umr., að ágóðanum yrði varið til þess að styrkja, hvort heldur væri einstaka menn eða félög, í að koma sér upp raforkuveitum, eða ef menn vildu síður fella þetta inn í frv., mætti taka það fram í l. um raforkuveiturnar.

Eins og stendur er verið að rannsaka kostnaðarhliðina á þessu máli, og hefir komið í ljós, að margir og miklir erfið-

leikar eru við það bundnir. Einn þeirra er sá, að það er að verða meira og meira áberandi, að eins og enn er varið kunnáttu hinna beztu manna við að leiða rafmagn, lítur út fyrir, að okkur verði um megn að koma upp svo öflugum leiðslum, sem nauðsynlegar eru, til þess að hægt sé að hafa rafmagnið til hitunar. Til þess að það yrði unnt þyrfti að leiða meira rafmagn um dreifbýlið heldur en efnalitlir menn geta risið undir af eigin rammleik. Og til að hjálpa þeim þarf fé, og það fé álít ég syndlaust að taka á þann hátt, sem fyrr er á drepið.

Það má telja vafalaust, að hin öra þróun smáraforkuveitnanna haldi áfram á næstu árum. Sá smiður, sem mest gengi hefir haft í þessum efnum, er búinn að færa svo út kvíarnar, að hann getur nú haft 15 menn á vinnustofu sinni við að smíða raforkuvélar mikinn hluta ársins. Er þó langt frá því, að hann hafi undan þeim kröfum, sem gerðar eru til hans víðsvegar um land, að mestu um virkjun fyrir einstök heimili.

Ég álít rétt að tryggja þennan tekjustofn, sem felst í þessu frv., og slá því föstu, að honum skuli varið til að styrkja jöfnum höndum einstaklingsveitur og félagsveitur, en engu síður þær fyrrnefndu, því að þar hefir það sýnt sig, að þróunin er mest. Það mundi gera þetta mál hugþekkara þeim, sem eru andvígir því, og skapa þannig möguleika fyrir því, að hægt yrði að mætast á miðri leið, þar sem þeir menn, sem mest hafa spjallað um raforkunotkun í sveitum, hafa ekki sýnt fram á neina leið til þess að afla peninga í sjálfar rafveiturnar. Hefir leikið á því nokkur vafi, hvort hugur fylgdi máli.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Mér þótti leiðinlegt, að ég skyldi ekki geta verið viðstaddur alla ræðu hv. 2. þm. Reykv., en ég hygg þó, að ekkert hafi komið fram í henni, sem ég hefi ekki rakið, með tilvísun til þeirra aths., sem ég hefi áður gert.

Ég heyrði, að hv. þm. hélt því fram, að ástæða væri til að taka upp einkasölu á mótorum, vegna þess að það hefði sýnt sig, að oft vantaði varastykki í þá. Ég held, að það sé lítil ástæða til að ætla, að einkasala myndi sjá fyrir þessu. Það sýndi sig a. m. k. í tunnuleysinu á síldarvertíðinni í sumar, að með einkasölu er engin trygging fengin fyrir því, að ekki verði vöntun á hinum og þessum nauðsynjavörum.

Eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv. gefur mér tilefni til að gera þá fyrirspurn til hæstv. stj., hvort sú hugmynd sé komin fram í samráði við hana, að haga innkaupum ríkisins á einokunargrundvelli. Vænti ég, að hæstv. stj. gefi mér svar við því.

Út af ræðu hæstv. dómsmrh. vil ég taka það fram, að ég tel það ekki viturlegt að taka vissa tekjustofna ríkisins og leggja þá til hliðar í ákveðin fyrirtæki. Og ég get ekki látið mér detta það í hug, að það verði til að gera einkasölufyrirkomulagið gómsætara en ella. Ég sé ekkert unnið við það að fara að búta ríkissjóðinn niður í ýmsa smásjóði.

Hvað það snertir, að tóbakseinkasalan muni gefa 200 þús. kr. í aðra hönd, leyfi ég mér að vísa til þeirra röksemda, sem ég hefi áður fært fram.

Því miður hefi ég aðeins leyfi hæstv. forseta til stuttrar aths., og verð því að láta þetta nægja.

Ólafur Thors: Ég vil svara einstökum atriðum í ræðu hv. 2. þm. Reykv. nokkrum orðum. Hann var að rekja sögu einkasölunnar og sagði, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði barizt fyrir afnámi hennar í því augnamiði að afla fjár þeim einstöku kaupmönnum, sem verzluðu með tóbak. Þetta er grundvallarmisskilningur hjá hv. þm. Það, sem vakti fyrir Sjálfstæðisflokknum, var það, að haga tóbaksverzluninni svo, að allir aðiljar mættu hafa sem mestan hag af henni.

Það er rétt hjá hv. þm., að starfsmenn einkasölunnar náðu í bróðurpartinn, þegar einkasalan var lögð niður. En á það ber og að líta, að slík framkoma verður með engu móti talin flekklaus. Þessir menn notuðu þá aðstöðu, sem þeir sem landslaunaðir menn höfðu, og þann kunnugleik, sem þeir höfðu hlotið í þjónustu ríkisins, til þess að ná undir sig því bezta úr viðskiptum einkasölunnar. Þetta er ef til vill rétt hjá þeim, frá

siðferðissjónarmiði þeirra séð (HV: Það var siðferðisleg skylda okkar), en ég myndi bera kinnroða fyrir slíka framkomu, og hygg ég, að fleirum myndi vera þann veg farið.

Hv. þm. sagði frá því, að gamla einkasalan hafi fengið betri kjör en kaupmenn. Ef svo er, hvers vegna lækkaði þá tóbaksverðið þegar einkasalan hætti, þrátt fyrir þótt tóbakstollurinn hækkaði að miklum mun? (HV: Verðlækkun úti). Ónei. Það er margupplýst, að verðsveiflur á tóbaki hafa verið líkar eftir að einkasalan hætti og í hennar tíð.

Hv. þm. segir ennfremur, að arður þeirra, sem tóku við viðskiptum einkasölunnar, sé tiltölulega minni en einkasölunnar áður, vegna þess að minni verzlunarfyrirtæki séu dýrari í rekstri hlutfallslega en þau stóru. Þetta er sjálfsagt rétt, svo langt sem það nær, en þess ber að gæta, að á móti hlutfallslega ódýrari rekstri einkasölunnar vegur það, að hún hlýtur að fá verri innkaup. Það er nú einu sinni svo, að samkeppnin er sporinn á hið mannlega eðli, og ekki sízt á sviði verzlunar og viðskipta.

Hv. þm. hneykslaðist mjög á þeim getsökum mínum, að hann kærði sig nú ekki svo mjög um að missa þann arð, sem hann hefir nú af tóbaksverzluninni. Það má vel vera, að hv. þm. hafi batnað síðan ég þekkti hann, en eftir mínum kunnugleikum á þessum manni, þá held ég, að hann hafi jafnan haft nokkra hliðsjón af eigin hag. Ég skal ekki lá honum þetta út af fyrir sig, en hitt situr illa á þessum manni, að reyna að varpa yfir sig hræsnisblæju óeigingirninnar og ósérplægninnar. Ég skal aðeins benda hv. þm. á það, að hann hefir ekki gert mikið til þess að koma olíueinkasölufrv. á framfæri hér á þingi, og sýnir það bezt, hver alvara liggur að baki þessum einokunarfrv. hv. þm. Það má vel vera, að hv. þm. sé ekki eins annt um tóbaksgróða eins og olíugróða, en þó er ætlan mín, að hv. þm. myndi gráta þurrum tárum, þótt bæði þessi frv. sofnuðu svefninum langa á þessu þingi.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. dómsmrh. Mig undrar stórlega sú ræða, ef ræðu skyldi kalla, því að hún var mest sundurlaust rugl, eins og oft endranær. Mér er annars ekki vel ljóst, hvaða erindi hæstv. ráðh. átti inn í deildina að þessu sinni. Hann er vanur að láta ekki sjá sig dögum saman, en nú kemur hann um miðnætti og fer að tala í þessu máli. Síðan kemur hann með þá hlægilegu uppástungu, að láta arðinn af tóbakseinkasölunni renna til raforkumálanna í sveitum. Þetta sýnir einkar vel, hvern hug hæstv. ráðh. ber til þessa þjóðþrifamáls, því að hann veit það ósköp vel, að ekki verður um neinn arð að ræða, heldur tap. Og þetta, sem ekkert er, það vill hæstv. ráðh. leggja til framkvæmda þessu langstærsta framfara- og menningarmáli þessarar þjóðar. Hæstv. ráðh. óð svo elginn að vanda, um raforkumálin almennt, ruglaði öllu saman og fór rangt með, þar sem hann kom því við. Komst hann t. d. í mótsögn við nál. þeirrar n., sem um þessi mál hefir fjallað að undirlagi hæstv. atvmrh. Álit n. var það, að kostnaður af almenningsveitu yrði ca. 300 kr. á heimili, en af einkaveitu 1000 kr. Þetta fór hæstv. ráðh. rangt með eins og annað. Annars ætla ég mér ekki að elta ólar við rugl ráðh., en vil aðeins, að það komi greinilega fram, að þessi uppástunga hans var beinlínis hláleg, af því að samkv. henni á að veita fjárfúlgu, sem aldrei verður til, til þessara framkvæmda. En ef hæstv. ráðh. vill sýna þessu stórmerka máli nokkurn stuðning, þá ætti hann a. m. k. að ganga inn á að leggja til hliðar vissa fjárfúlgu árlega af ríkistekjunum í þessu skyni. En þetta vill ekki ráðh., af því að hann veit, að með því væri málinu tryggður framgangur. Það er ekkert til skaðlegra góðum málum en að látast vera að koma með uppástungur um framkvæmd þeirra, aðeins til þess að blekkja og til þess að sýnast. Það er mjög óviðfelldin aðferð að vilja láta taka vissa tekjuliði ríkissjóðs til vissra framkvæmda. Hitt er eðlilegra, að allar tekjur ríkisins falli ríkissjóði, en síðan sé veitt úr honum fé til þeirra framkvæmda, er Alþ. ákveður, eins og hv. þm. Dal. hefir réttilega bent á. Hæstv. ráðh. ætti þess vegna, ef hann vill vinna þessu máli, að koma með uppástungu um, að viss hundraðshluti ríkisteknanna skuli árlega renna til raforkumálanna.

Slík uppástunga væri að vísu dálítið barnaleg, en hún væri þó óskaðleg, og ég gæti eftir atvikum sætt mig við hana, ef stjórnarflokkarnir vildu sinna henni. En í þessu sundurlausa rugli hæstv. ráðh. um raforkumálin í sambandi við tóbakseinkasöluna felst beinlínis skaðleg hugsun, því að á þann hátt fellur raforkumálinu ekkert fé, og er því slík uppástunga fram komin beinlínis til þess að granda málinu á hinn ódrengilegasta og lævíslegasta hátt.

Héðinn Valdimarsson: Það er út af orðum hv. 2. þm. G.-K., sem ég þarf að segja nokkur orð. Hann talaði um eitt atriði, sem sýnir greinilega muninn á siðferðishugsjónum okkar beggja. Hann heldur því fram, að vegna þess að ég hafði unnið í þjónustu ríkisins og fengið ýmsa þekking á þessum sviðum, þá megi ég ekki, þegar ég hefi verið rekinn úr þjónustu ríkisins fyrir atbeina íhaldsins, nota mér þessa þekking mína, vegna þess, að það komi í bága við hagsmuni kaupmannanna. Eftir þessum hugsanagangi á þjóðin að vera sama og kaupmenn. Ég taldi það hinsvegar skyldu mína að sýna, að sú þekking, sem ég hafði sem starfsmaður ríkisins, væri a. m. k. ekki minna virði en þekking kaupmannastéttarinnar almennt. Mér bar siðferðisleg skylda til þess. En hvar skyldu þeir dæmi, að menn, sem í annara þjónustu hafa unnið og skipta um stöður, noti sér ekki þá þekkingu og reynslu, er þeir hafa áður fengið, hvað þá, þegar fyrirtæki það, sem þeir hafa unnið við, er lagt niður og þeir geta á engan hátt keppt við það. Svo að einungis eitt dæmi sé tekið, er uppruni Kveldúlfs allur byggður á reynslu Milljónafélagsins sáluga í Viðey. Annars get ég sparað mér að eiga orðaskak við slíka menn sem hv. 2. þm. G.-K. Hann er kunnur að meiri ósvífni og frekju í orðadeilum en títt er um sæmilega innrætta menn. Hann hefir þann sið að hella sér yfir andstæðinginn með óbótaskömmum og upplognum sökum af allra verstu tegund. Hann svífst ekki að bera menn svívirðilegum getsökum, þessi blásni belgur. Hann ætti að spara sér allan rembing, því að af alþjóð manna á Íslandi er hann álitinn sá þm., sem gersneyddastur er almennum siðgæðis- og drengskaparhugmyndum. Ég blikna ekki fyrir þessum persónulegu aðdróttunum hans til mín; hann er of auðvirðilegur maður til þess, að á honum sé mark tekið um þessa hluti. Hans synduga og drengskaparlausa fortíð á hinum opinbera vettvangi grípur fyrir kverkar þessum lítilsiglda glamrara, þegar hann hyggst að bera andstæðinga sína slíkum sökum, sem hann hefir nú á mig borið. Ég get því sparað mér að eyða fleirum orðum að hv. 2. þm. G.-K.

Ég skal aðeins drepa á eitt atriði, sem nokkru máli skiptir. Því er oft haldið fram, og mjög ranglega, að við jafnaðarm. eigum ekki að vera riðnir við verzlunarfyrirtæki í stórum stíl. Þetta er vitanlega á engum rökum byggt. Við verðum að lifa á vinnu okkar í því þjóðfélagsskipulagi, sem nú er, eins og allir aðrir menn, og verzlun er ekki annars eðlis í sjálfu sér en ýmiskonar önnur atvinna. Verkamaðurinn á eyrinni, sjómaðurinn á skipunum, bóndinn og vinnumaðurinn í sveit, verzlunarmaðurinn í búðinni eða í skrifstofunni, starfsmaðurinn í ríkisins þjónustu vinna allir í þjónustu þess þjóðskipulags, sem nú er, enda þótt fjölda margir þeirra óski eftir og vinni að breytingu þess í jafnaðarskipulag, sem væri fyrir alla heildina. En auk þess ber sérstaklega að líta á það, að ef fleiri jafnaðarmenn hefðu verzlunarfyrirtæki með höndum, þá myndu þeir gefa Alþingi allar upplýsingar viðvíkjandi atvinnurekstrinum, í stað þess að kaupmenn íhaldsins neita jafnan að láta nokkuð slíkt í té, og ekki nóg með það, heldur nota þeir líka peningana frá atvinnurekstrinum til þess að varna því, að Alþingi geti fengið ábyggilegar upplýsingar um hag og ástand atvinnugreinanna, svo að örðugra veitist að koma fram endurbótum á þeim, almenningi í hag, en þeim sjálfum í óhag. Til þess nota þeir blaðakostinn. Hér kemur fram mikill mismunur og eftirtektarverður, og má af þessu marka hið staðlausa fleipur íhaldsins um þessa hluti.

Um till. hæstv. dómsmrh. skal ég vera fáorður. Það er nokkurnveginn augljóst, að slíkum rafveitum í sveitum verður aldrei komið á nema á kostnað kaupstaðanna. Í þessu efni má vísa til nál. þess, sem hv. fjhn. hefir haft til athugunar.

Ríkið verður að leggja fram fé, en kaupstaðirnir borga, undir núverandi skattafyrirkomulagi. Þetta er alveg auðsætt. En ef fara á þessa leið, þá er ekki nema gott að finna einhvern tekjustofn, sem hægt er að segja að hvíli ekki beint á almenningi, eins og t. d. verzlunargróði af tóbakseinkasölunni.

Jón Auðunn Jónsson: Ég verð að segja það, að mig undraði stórlega ræða hv. frsm. meiri hl. Það kom greinilega fram, að hann veigraði sér við að halda uppi beinni vörn fyrir einkasöluna, enda kom hann varla nálægt kjarna málsins. Hann reyndi alls ekki að hrekja þær tölur, sem ég bar fram til stuðnings mínu máli. T. d. gat hann alls ekki hrakið það, að nú eru tekjur ríkisins af tóbaki 300—400 þús. kr. meiri en meðan einkasalan var. Hann gat heldur ekki hrakið það, að tóbakið lækkaði þegar á fyrsta mánuði eftir að einkasalan hætti. Hv. þm. veit þetta mjög vel, og treystir sér því ekki til að koma inn á það, heldur reynir hann að vaða elginn um þau atriði, sem minna máli skipta. Einkasalan hafði lækkað tóbaksverðið í desember um 10%, en í janúar, þegar verzlunin var gefin frjáls, lækkaði það um 12% þrátt fyrir tollhækkunina. Ríkissjóður hefir fengið miklu meiri tekjur af tóbakinu eftir að verzlunin var gefin frjáls. Þetta hefir hv. 2. þm. Reykv. ekki getað hrakið. En þetta eru staðreyndir, sem ekki má ganga framhjá. Eitt af því, sem á þinginu 1925 var talið einkasölu til ágætis, var það, að með því yrði betra að hefta óleyfilegan innflutning tóbaks frá útlöndum. Þessi röksemd hefir ekki heyrzt að þessu sinni, enda er það alkunnugt, að meðan einkasalan var, þá var flutt inn óleyfilega tóbak í stórum stíl, sérstaklega á Austfjörðum. Ég get bent á eitt dæmi, sem allir kannast við, þegar hv. 1. þm. S.-M. sagði um tóbak, sem honum var boðið: „Þetta er færeyskur ruddi". Það var sem sé alkunnugt, að meðan einkasalan stóð yfir, var flutt inn óleyfilega feikn af tóbaki frá Færeyjum.

Hv. frsm. sagði, að það hefði orðið að hækka tóbakstollinn, til þess að ríkið hefði sömu tekjur og meðan einkasalan starfaði. Þetta er ekki rétt, því að það hefði meira að segja mátt lækka tollinn um leið og verzlunin var gefin frjáls. Jafnaðartekjur einkasölunnar árlega voru 764 þús. kr., en jafnaðartekjur fjögurra síðustu ára af tóbaki eru 1 millj. 123 þús. kr. á ári. Þó er í þessum tekjum einkasölunnar talinn gengishagnaður á einu ári, sem nam 69 þús. kr., og ennfremur 90 þús. kr., sem vörubirgðir voru hækkaðar vegna 25% tollgengisviðaukans 1925. En þrátt fyrir þetta verða núverandi tekjur af tóbakstolli þó stórkostlega miklu meiri en af einkasölunni áður. Hv. frsm. sagði, að við hefðum viljað auka tekjur ríkisins, þegar við vorum með því 1921, að ríkið tæki í sínar hendur verzlun með tóbak. Þetta er ekki rétt. Það, sem fyrir okkur vakti, var það, að reyna þetta fyrirkomulag, öðlast reynslu í þessum efnum. En sú reynsla er á þann veg, að okkur dettur aldrei í hug að styðja slíka einkasölu framar. Hv. þm. þarf ekki að undrast þetta, því að hann myndi t. d. ekki vilja ala kú, sem mjólkaði ekki meira en t. d. 1400 potta, þó hann í upphafi hafi keypt hana til reynslu. Nei, hann myndi áreiðanlega slátra henni og kaupa sér aðra betri kú, sem mjólkaði t. d. 3000 potta. Eins er okkur sjálfstæðismönnum farið; við höfum séð, að einkasalan gefur minna af sér heldur en ef verzlunin er frjáls.

Hv. frsm. vill með einkasölunni ná gróða heildsalanna af tóbaksverzluninni. Þetta er síðasta hálmstráið. Nú er þessum málum þann veg háttað, að öllum er það í sjálfsvald sett að komast hjá heildsölum, og á Vesturlandi er það t. d. svo, að kaupmenn verzla beint við útlönd. Ef það eru nú duglegir menn, þá ná þeir að jafnaði sæmilegum kjörum og geta þá grætt töluvert á því. En ef svo er ekki, þá verður hagnaðurinn vitaskuld lítill eða enginn. Þeir kaupmenn, sem minna eru framtakssamir, verzla þá frekar við heildsalana, og gjalda þar framtaksleysis síns. En látum þá um það. Og það verða engin lög frá Alþingi, sem geta verndað þá menn, sem jafnan verzla í skuldaverzlun, eða gefið þeim jafna aðstöðu við þá, sem alltaf verzla skuldlaust.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að sjálfstæðismenn reyndu að ræggja fyrirtæki andstæðinga sinna. Þetta er mjög ómaklega

mælt, því að sjálfstæðismenn gleðjast yfir því, þegar menn, þótt andstæðingar þeirra séu, geta boðið betra verð fyrir vöru sömu tegundar en aðrir. Því að það er eitt af okkar höfuð-„princípum", að verzlunin sé frjáls og hver maður geti notað sína hæfileika og aðstöðu til þess að skapa sér betri skilyrði. Ég vil segja hv. 2. þm. Reykv. það, að ég ann honum og hans fyrirtæki mjög vel þess gróða, sem hann hefir af olíu eða tóbaki, ef hann selur vöru sína við sama eða betra verði en aðrir. Hitt er annað mál, sem heyrzt hefir hér í umr., að hann hafi notað aðstöðu sína, þegar hann var í þjónustu ríkisins, til að útvega sér upplýsingar og sambönd, til þess að skapa sér betri aðstöðu heldur en kaupmenn hafa almennt. Slíkt hlýtur að teljast viðsjárvert, sérstaklega ef því er svo hagað, að þegar maður er búinn að reka eigin verzlun í 3—4 ár, þá er skellt á einkasölu og keppinautar hans útilokaðir, þannig að hann getur selt sínar vörubirgðir, og fær svo að erfa einkasöluna eftir fáein ár. En það var sérstaklega þessi veila í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem ég vildi benda á.

Jóhann Jósefsson: Það var einhverntíma undir eldhúsdagsumr. hér, að hæstv. forsrh. lét svo um mælt, þegar hann hafði ekki við að svara þeim ádeilum, sem sjálfstæðismenn beindu að stj., að honum fyndist þetta skrípaleikur. Ég verð að segja, að mér virðist allt þetta tóbakseinkasölustand, sem stj. og flokkar hennar eru að burðast með, ganga skrípaleik næst.

Hv. frsm. (HStef) hefir algerlega gengið framhjá öllum rökum í þessu máli. Hv. þm. N.-Ísf. er búinn að margskora á hann að sýna nokkra veilu í þeim útreikningi, sem hann hefir gert, og sem við vitum, að hefir stoð í landsreikningum og öðrum opinberum gögnum. Nei, það er ekki verið að hugsa um það, heldur er verið að bisa við að koma á einkasölu aftur, hvað sem það kostar.

Hv. jafnaðarmenn eiga góða daga hér á þingi, þegar þeirra stefnumál og hjartans áhugamál eru tekin upp af „bændastjórninni" og þingbændum og borin fram „nolens volens", þannig að jafnaðarmenn geta setið brosandi og lesið „Manninn frá Suður-Ameríku" og þurfa ekki að skipta sér af neinu. Það er eiginlega óhætt að segja, að ekki mannfleiri þingflokkur en jafnaðarmenn eru hafi komið ár sinni sæmilega fyrir borð.

Þegar tóbakseinkasalan, sem var ákaflega illa þokkuð af landsmönnum, var afnumin, þá hafði ég allmikil afskipti af því máli. En eins og hv. þm. N.-Ísf. er búinn að benda á og stjórnarliðar geta ekki með nokkrum rökum mótmælt, þá hafa allar hrakspárnar, allar dylgjurnar og rógurinn, sem kom þá fram í ræðum þess manns, sem nú er orðinn dómsmrh., og annara fylgismanna einkasölunnar, fallið um sjálft sig. Það hefir komið í ljós, að þrátt fyrir alla verðlækkun á vörunni hefir ríkið fengið meiri tekjur en við þorðum að gizka á. En samt sem áður er þeim málefnið svo hugarhaldið, þessum forvígismönnum ófrelsis og hafta, að þeir hika ekki við að steypa aftur einokun yfir landsmenn. Það er nú búið í bili að hressa hv. 1. þm. N.-M. svo upp, að hann berst öruggur fyrir stefnumálum stj. Ef ekki er hampað framan í hann einhverjum fríðindum, hefir hann allt á hornum sér, en svo þegar hann er smurður, fer þm. þegar á stað; þetta er nú eitt skiptið, sem hann hefir verið „smurður" — ég trúi hann sé nýbakaður endurskoðandi í Útvegsbankanum —, enda er hann nú allákveðinn að mæla með einkasölu. Hann hafði bara engin rök í málinu, þau voru látin liggja milli hluta.

Það verður annars nógu gaman að heyra, þegar hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Ísaf. fara að leiða saman hesta sína um verzlunarmál á kosningafundum í vor. Ég þekki ekki mismuninn þar á milli. Hv. þm. Ísaf. má fara að gæta að sér, að „Framsókn" fari ekki fram úr honum í kapphlaupinu um að leggja sem mest höft og helsi á verzlun landsmanna. Ég geri þó ekki ráð fyrir, að hv. þm. Ísaf. kalli nú allt ömmu sína í þessum efnum. (**Einhver þm.:** O, hún er nú dáin!). Satt er það, en mér virðist svo örugglega að einokunarverkinu gengið af flokknum, sem kennir sig við bændur, að sócíalistar mega fara að gæta að sér.

Það er nú viðurkennt, að þessar þjóðnýtingar- og ófrelsiskenningar eru fast að því mannsaldri á eftir tímanum. En það

er til marks um þroskaleysi Íslendinga, og sérstaklega þess flokks, sem nú ræður lögum og lofum í þinginu, að hér glápa menn á hugmyndir, sem fyrir löngu er búið að varpa fyrir borð hinumegin hafs. Menn dreymir t. d. ekki um það á Englandi, þar sem þó er verkamannastjórn, að hneppa verzlun brezka heimsríkisins í neina fjötra, og sama er að segja um Danmörku og Þýzkaland.

En hér á landi eira þessir menn engu. Þeir eru eitthvað svo þroskalausir, að þegar þeir hafa völdin um tíma, er um að gera að kollvarpa sem mestu af því, sem fyrir er í þjóðfélaginu, og koma með annað í staðinn, án þess að því er virðist að athuga, að slíkt athæfi hefnir sín ávallt sjálft. En í rauninni má segja, að til þess að gera skýrari afstöðu milli hinna frjálslyndu og ófrjálslyndu manna fyrir landskjörið sé það gott, pólitiskt skoðað, að einmitt stjórnarflokkarnir, framsóknar- og jafnaðarmenn, sækja svo fast að hneppa verzlun landsins í einokun; það ætti að opna augun á landsmönnum fyrir því, hverju þessir flokkar berjast fyrir. Svo er það alltaf látið kveða við úr herbúðum stj., að við hinir séum með málþóf. Það kemur ekki fyrir nú orðið það deilumál, að ekki sé komið með þá mótbáru, að við andstæðingarnir viljum beita málþófi. Það, sem liggur á bak við þetta, er sami andinn og kom fram hjá stjórnarliðinu í fyrra, þegar það skar niður umr. um stjórnarfyrirkomulagið í síldareinkasölunni. Því grípa þeir ekki alltaf til þess örþrifaráðs? Þá losnuðu þeir við þær ádeilur, sem við eftir þingræðisreglum höfum leyfi til að koma með. En bak við nöldur og eftirtölur stjórnarliðsins liggur auðvitað þessi hugsun: Þið eruð í minni hl., og þið eigið að þegja. Það er þessi kúgunarandi. Þess vegna er t. d. Tíminn látinn fiska upp, hve lengi við höfum talað á eldhúsdegi. Þess vegna er þetta sífellda nöldur og vanþóknun yfir því, að við stjórnarandstæðingar notum málfrelsi okkar á þingi.

Hv. þm. N.-Ísf. minntist á eitt atriði, sem núv. hæstv. dómsmrh. dró mjög fram á þingi 1925, þegar einkasalan var afnumin. Hann var heldur en ekki á því, að ekki lægju hreinar hvatir hjá þessum kaupmönnum, mér og mínum líkum, sem börðust fyrir því, að verzlunin yrði gefin frjáls. Okkar markmið væri svo sem að losa tóbaksverzlunina úr höndum Landsverzlunarinnar, til þess að „svíkja tolla", eins og hann komst að orði. En það voru strax gerðar þær ráðstafanir til að koma í veg fyrir tollsvik, er reyndust fullnægjandi, og ég veit ekki betur en að almennt sé álitið, að hvað tóbakið snertir eigi sér ekki mikil tollsvik stað. A. m. k. heyrist ekki mikið um það talað.

Ég ætla ekki að skipta mér af deilum hv. 2. þm. Reykv. og þeirra þm. Sjálfstæðisflokksins, sem talað hafa. Það var bent á, að hann hefði hirt reiturnar, eftir því sem hægt var, þegar tóbakseinkasalan var afnumin. Hann sat eftir í hrúgunni og gramsaði í. Hann segir sjálfur, að það hafi verið skylda sín að nota þá þekkingu, sem hann hafði öðlazt í „faginu", tóbaksverzluninni. Ég ætla ekkert að lá honum það eftir atvikum. Eins og hv. þm. virðist koma fram í opinberu lífi, var ekki nema eðlilegt, að hann hefði það eins og hann hafði.

Annars fer að verða nokkuð broslegt, ef það á að ganga svo til með skiptandi áhrifum stjórnmálaflokkanna, að ýmist er verið að setja á stofn einkasölur eða afnema þær. Við vitum, að þeir, sem mest græða á því, eru forstjórarnir, sem eru í ríkisins þjónustu, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagðist hafa verið, en sem verða svo heildsalar, til þess einn góðan veðurdag að geta selt allar birgðirnar til ríkisins, og orðið aftur auðmjúkir þjónar ríkisins.

Það er svo lítil festa í þessu, að það er raunalegt, að stjórnmálaflokkar skuli ekki vera þroskaðri en svo, að þingið þurfi að eyða tíma og peningum til þess að ræða það nú, hvort ekki sé nauðsynlegt að innleiða aftur tóbakseinkasölu, þrátt fyrir það, þótt búið sé að sýna og sanna, að afnám hennar var ekki til skaða, heldur gróða fyrir ríkissjóð og ótvíræður gróði fyrir alla, sem nota þessa vöru.

Mér datt í hug við þessar umr., að þjóðin sé undir nokkurskonar martröð hinna pólitísku valdhafa í landinu, þessara tveggja flokka, sem í raun og veru renna saman í flestöllum málum, og í verzlunarmálunum eru einn flokkur. Þessir flokkar sitja um hvert tækifæri til þess

að fá hefta framtakssemi þjóðarinnar, bæði á verzlunarsviðinu og öðrum sviðum. Þetta er úrelt aðferð á okkar tímum, úrelt kúgunaraðferð, sem þessir valdhafar vilja beita þjóðina, og það er sannarleg martröð, sem hin íslenzka þjóð lifir undir, meðan slíku fer fram.

Um rök þýðir ekki að ræða, á reikningslega útkomu þýðir ekki að benda; á sanngirni þarf ekki að minnast, því það er ekki nema ósanngirni að vænta úr þessum herbúðum. Stefnan er þessi, að leggja sem mest af lífi þjóðarinnar undir ok fámennrar klíku, hvort sem hún heitir síldareinkasala, olíueinkasala eða tóbakseinkasala, eða hvaða nafni sem hún nefnist. Svo sjáum við, hvernig það gengur til, þegar slíkt fyrirkomulag er komið á í hverri grein. Maður man slaginn, sem stóð 1925 um að breyta tóbaksverzluninni úr ófrjálsri verzlun í frjálsa. Og maður sér glögglega, hvernig til tekst, þegar þessar stofnanir, eins og t. d. síldareinkasalan, eru komnar á fót. Þær eru gerðar að pólitísku vígi og athvarfi, og það er ómögulegt fyrir einstaklinga þjóðfélagsins að ná þar nokkrum rétti. Það safnast utan um þetta skjaldborg af pólitískum spekúlöntum og málaliðsmönnum, sem standa gegn öllu því, sem heitir gagnrýni á þessum ríkisstofnunum. Dirfist nokkur að finna að stjórn þeirra, er hann óðar lagður í einelti með blaðaskömmum og hafður að skífu fyrir eiturörvar málaliðsins.

Mér virðist, að það væri rétt fyrir hæstv. stj., þar sem hún hefir öll tök á þessu máli, að keyra tóbakseinkasöluna í gegn á þessu þingi með afbrigðum og beita til þess öllum meðulum, sem til eru. Því að það verður að líta svo á, fyrst komið er fram á síðustu daga þingsins, að stj. áliti hér mikið þjóðþrifamál á ferðinni, úr því að eyða má tíma þingsins í þetta. En það skulu þessir herrar vita, að við sjálfstæðismenn teljum okkur ekki skylt að steinþegja við vitleysunni.

Málþóf eða ekki málþóf, — það má kalla það hvað sem menn vilja. En við hvaða mál, sem valdhafarnir, jafnaðarmenn og framsóknarmenn koma með, og sem dregur úr frelsi einstaklinganna til þess að bjarga sér, hvort sem það eru verzlunarfjötrar eða önnur höft, þá munu sjálfstæðismenn standa þéttir í fylkingu til þess að mótmæla óhreinskilninni, mótmæla kúgunartilraununum og mótmæla blekkingunum og öðru því, er þeir beita sér til framdráttar, jafnaðarmannaflokkurinn og Framsóknarflokkurinn — flokkarnir, sem bera ábyrgð á stjórninni og ráða að mestu gangi mála á þessu þingi.

Ólafur Thors: Það var eitt atriði úr ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég ætlaði að athuga. Hv. þm. sagði, að það væri til marks um hina mismunandi lífsskoðun mína og sína, að ég teldi hann ekki hafa farið með öllu heiðarlega að, eða það hafi a. m. k. ekki verið til neins sóma, hvernig hann hefði setzt í reitur Landsverzlunarinnar. Hann taldi það bera vott um spillingu, að skilja ekki, að hann hefði aðeins gert skyldu sína. En ég leyfi mér að leiða athygli hv. þdm. að því, að þessi þm. hefir notað sér þá aðstöðu, sem hann sem launaður starfsmaður ríkisins hafði fram yfir aðra borgara þjóðfélagsins, til þess að efla eigin hagsmuni sína í samkeppninni við aðra borgara. Bækur þessa fyrirtækis og verzlunarsambönd voru ekki eign þessa hv. þm. fremur en annara landsmanna. Það, sem rétt hefði verið að gera, var að leggja þessi gögn fram, almenningi til þeirra nota, sem hann gæti af þeim haft, en hitt var rangt, að nota þau til framdráttar einstökum manni. Þetta er það, sem hv. þm. hefir gert, og þetta er það, sem ég er að víta.

Hv. þm. sagði, að við sjálfstæðismenn öfunduðumst yfir hverjum eyri, sem félli í skaut annara en okkar sjálfra, og rægðum fyrirtæki annara manna. Ég get nú sagt það, því að ég hefi reynslu fyrir því, að það eru einmitt jafnaðarmenn, hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræður hans, sem mest hafa gert í þessu þjóðfélagi, að undanskildum einum manni, hæstv. dómsmrh., til þess að rægja einstaka menn. Svo að ekki mega þeir mikið um það tala.

Hvað hitt snertir, sem hv. þm. sagði, að ef jafnaðarmenn ættu verulegan hlut í fleiri fyrirtækjum en þeir eiga nú, mundi almenningur fá fleiri skýrslur um fyrirtækin, þá vil ég spyrja: Hvers vegna hefir hv. þm. ekki gefið skýrslu um það, sem almenning varðar meira en tóbakið, nefnilega steinolíusöluna? Ég hefi heyrt, að

hún hafi grætt yfir 300 þús. kr. á síðasta ári, hún hafi selt 27 þús. tunnur og ágóðinn verið 12 kr. af tunnunni, eða alls 324 þús. kr. Þetta er haft eftir einum starfsmanni í verzluninni; ég kann ekki skil á, hvað er hæft í því, en það væri bezt, að hv. þm. gæfi skýrslu um þetta, fyrst hann álítur það svo nauðsynlegt. En um þessa verzlun vil ég að öðru leyti segja það, að ég vissi til, að hún borgaði einum hluthafa í arð upphæð, sem svaraði 9 kr. gróða á hverja selda steinolíutunnu. Ég hefi umsögn sjálfs hluthafans fyrir þessu. Slíkt álag á nauðsynjar almennings er ekki aðeins óhóflegt, það er **okur.** Okur, sem form. Dagsbrúnar, aðaleigandi steinolíuverzlunarinnar, umboðsmaður hins vellauðuga erlenda stórgróðafélags, British Petroleum, þingmaðurinn Héðinn Valdimarsson, ætti ekki að miklast af.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég læt mér í léttu rúmi liggja, þótt hv. þm. telji mig, öðrum frekar, líkjast útblásnum belg. Líkingin er þó ekki heppileg, — sérstaklega er hún tvíræð þegar hún er framborin af þessum þm., sem óneitanlega er ekki ósvipaður belg, sem búið er að troða í svona allt að því sem hægt er.

Héðinn Valdimarsson: Ég þarf ekki að svara hv. þm. miklu, en þó hafa nokkur þau orð borizt að mér, sem ég vil ekki með öllu láta ósvarað.

Það, sem mér finnst mestu máli skipta, er, að stofnað verði nýtt fyrirtæki, tóbakseinkasala. Hv. þm. hélt því fram, að þeir, sem störfuðu við tóbakseinkasöluna, hefðu haft bækur og skjöl fyrirtækisins fyrir sér. Þetta er rétt, en ég get ekki séð, hvernig þeir hefðu átt þess vegna að hafa séraðstöðu til að geta náð sér í nauðsynleg sölusambönd, sem hún hafði. Nöfnin gat hver kaupmaður séð á tóbakspökkunum, sem þeir seldu sjálfir. Um söluskilmálana var líka mörgum kaupmönnum kunnugt, enda urðu þeir ekki sömu eins og hjá Landsverzlun.

Viðvíkjandi olíuverzluninni gleymdist mér að mótmæla því, er hv. þm. sagði, að ég mundi ekki verða með því, að ríkið tæki hana að sér. (**ÓTh:** Það fullyrði ég nú alveg). Hv. þm. veit þó, að hæstv. stj. þarf engin ný lög til að taka hana að sér. Hún getur hagnýtt sér þau einkasölulög, sem til eru nú. Það er því nokkuð öðruvísi ástatt um steinolíu og tóbak. Með því að uppfylla 3 skilyrði er hægt að koma olíueinkasölu á, útvega nægilegt fjármagn, tryggja sér fast viðskiptasamband erlendis og setja löggjöf, er nokkurnveginn tryggi útistandandi skuldir, og þó er hægt að uppfylla síðasta skilyrðið með söluskilmálum frá einkasölunni án löggjafar. En það er miklu stærra mál en einkasala á tóbaki.

Um hagnað minn af olíuverzluninni verð ég að gleðja hv. þm. með því, að það er ekki rétt, sem hann sagði, hvorki um tunnutöluna eða um hagnaðinn af hverri tunnu. Það er svo fjarri réttu máli allt saman, að augljóst er, að hv. þm. hefir enn einu sinni leyft sér að fara með fullkomna lygi. Annars er það mál ekki hér til umr., en ef það kæmi fyrir nefnd, mundi ég geta gefið allar upplýsingar um það mál.

Forseti (JörB): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið.

Jón Auðunn Jónsson: Mætti ég óska þess, að atkvgr. sé frestað, með því að svo margir þm. eru farnir heim.

Forseti (JörB): Það hefir verið venja að fresta ekki atkvgr. nema um fjárlög, þegar gera má ráð fyrir, að atkvgr. standi lengi yfir.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Ég álít ekki rétt, að stórmál sem þetta, sem hefir mikla þýðingu fyrir þjóðina, sé afgr. hér, þegar marga þm. vantar á fund.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. forseti hlýtur að vita það, að sumir þm. eru ekki í bænum og eru nú fjarverandi þess vegna. (**HV:** Hvenær koma þeir?).

Forseti (JörB): Það er rétt, að ekki eru allir þm. nú í bænum, en mér finnst ekki rétt, að afgreiðsla mála sé undir því komin. Hv. þm. Dal. talaði um að láta ekki þetta góða málefni gjalda þess, að þm. eru ekki á fundi, en á því verða þeir, sem fjarverandi eru, að bera ábyrgð. Mér

finnst það í mesta máta óhyggilegt að fresta atkvgr., þó þm. séu ekki á fundi og hafa engin forföll tjáð.

Ólafur Thors: Ég skyldi ekki vera á móti því, að þessi regla, sem hæstv. forseti gat um, gilti, svo að forseti neiti að fresta atkvgr. En það er svo oft og einatt, að forseti frestar atkvgr. eftir tilmælum ríkisstj. Ég veit t. d. ekki annað en að annað stórmál, fimmtardómsfrv., hafi verið afgr. með öllu í hv. Ed. nú í kvöld, nema frestað atkvgr. eftir ósk hæstv. ríkisstj. En þegar frestað er atkvgr. í Ed. samkv. ósk hæstv. stj., finnst mér sanngjarnt að fresta hér atkvgr. eftir ósk stjórnarandstæðinga.

Forseti (JörB): Ég vil benda á, að þetta mál er til 2. umr. og engar brtt. eru við frv., og skiptir því ekki máli, þótt nú sé gengið til atkv. Þeir, sem ekki vilja framgang málsins, geta því ekki hindrað afgreiðslu þess, þar sem engar brtt. liggja fyrir.

Hvað hv. Ed. snertir finnst mér ekki þurfa að taka tillit til þess, heldur halda við aðalvenju. — Gagnvart því, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að ég hafi frestað atkvgr. annara mála, hefi ég ekki gert það nema um fjárlög. Má vera, að þesskonar hafi tíðkazt áður, þó ekki á þessu þingi, eða þegar margir þm. hafa verið fjarverandi eða atkvgr. margbrotin. Ég held því, að ég hafi fært fram fulla ástæðu til þess, að atkvgr. fari fram. (**Forsrh.:** Atkvæði!).

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil minna á það, að hæstv. 1. forseti þessarar deildar (BSv) sagði það nú í kvöld, að hér yrði enginn næturfundur, og munu sumir þm. þess vegna hafa gengið af fundi þegar 10 mín. fundarhléið var. Mér finnst það því hart, ef orð hans eiga ekki að standa. Auk þess tefur þessi atkvgr. þingið örlítið á morgun og hefir engin áhrif á, hvort þingið stendur lengur eða skemur. Það stóð líka eins á í hv. Ed. í kvöld. Þar var líka 2. umr.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil aðeins benda á, að ef atkvgr. er nú frestað, tefur það afgreiðslu þessa máls um 1 dag.

Forseti (JörB): Ef ummæli hv. þm. N.-Ísf. eru rétt .... (**JAJ:** Það heyrðu margir). Já, ég efast ekki um það, að hv. þm. fari hér með rétt mál, en mér var ókunnugt um, að hæstv. 1. forseti hefði haft þessi ummæli. En fyrir þessa sök mun ég fresta atkvgr. til morguns.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, Þorl.J, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB.

nei: MG, MJ, ÓTh, PO, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS.

Fjórir þm. (BSv, EJ, GunnS, SE) fjarstaddir.

2.—15. gr. samþ. með 15:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:9 atkv.

Á 76. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ.

nei: JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, PO, EJ, BSv.

Átta þm. (HK, JJós, ÓTh, SE, SÁÓ, BSt, BÁ, GunnS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 172).

Á 76. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 6 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 516).

Jón Þorláksson: Ég vil geta þess, áður en gengið er til dagskrár, að máli þessu var vísað til fjhn., en fundur hefir ekki verið haldinn í n. síðan.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Út af orðum hv. 3. landsk. vil ég geta þess, að ekki er rétt, að eigi hafi verið haldinn fundur í n. um málið, en hitt er rétt, að hvorki hann né hv. 6. landsk. voru á þeim fundi. Hefði sjálfsagt verið rétt að kveðja þá á fundinn, en haldið var, að þeir væru þá bundnir við annað. En hvort nál. það, sem hér liggur fyrir, er nál. meiri eða minni hl., skal ég ekki dæma um.

Björn Kristjánsson: Ég vil geta þess, að ég var alls ekki boðaður á fundinn, og og var ég þó staddur hér, er hann var haldinn.

Forseti (GÓ): Mér var kunnugt um þessa deilu, og tel ég miður, að hún skyldi koma upp hér í hv. deild, þar sem annars er svo gott samkomulag. Vil ég nú spyrja, hvort 2. umr. geti ekki farið fram um málið nú og 3. umr. eftir nokkurn tíma.

Jón Þorláksson: Ég hefði kunnað betur við, að málið hefði verið tekið fyrir á fundi í n., þar sem allir hefðu verið viðstaddir. Hinsvegar skal ég ekki hafa á móti því, að önnur umr. fari fram nú, ef svo er litið á, að málið sé ekki endanlega afgr. frá n.

Forseti (GÓ): Verður þá gengið til dagskrár, og tekur hv. frsm. meiri hl. til máls.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég óska ekki eftir að koma hér fram með neinum framsögumannsrétti. En allir vita, að hér er aðeins um ágreining um stefnur að ræða, og því geta nefndarfundir ekki haft mikið að segja í slíku máli.

Frv. þetta er samið að tilhlutun mþn. í skattamálum og flutt í Nd. af formanni fjhn. þar, sem jafnframt er í mþn. Það liggur eigi fyrir í tölum, hve miklu innflutningur á tóbaki hefir numið tvö síðustu árin. En álitið er, að tekjur af heildsölu með þessa vöru nemi um 200 þús. kr. á ári. Að vísu er erfitt að sýna fram á þetta í tölum. En þegar litið er á tollana, verður að ætla, að innkaupsverðið sé allmikið. Held ég því, að eigi sé óvarlegt að áætla, að tóbakseinkasalan myndi gefa 180—200 þús. í ríkissjóð. Nú sem stendur veitir erfiðlega að uppfylla þarfir ríkissjóðs. Og þess er vert að geta, að þessi aðferð hefir verið notuð áður í tekjuaukaskyni, og þá reyndist hún svo vel, að upphafsmaður hennar, hv. 1. þm. Skagf., lét svo um mælt, að hún hefði uppfyllt allar kröfur, sem til hennar voru gerðar. Þetta stendur í Alþt. frá þeim tíma. Þetta er nægileg sönnun þess, að hér er um fastan og góðan tekjustofn að ræða. Annars er ekki ástæða til að vera að fjölyrða um málið, þar sem það hefir verið rætt af þjóð og þingi í mörg ár. Hér liggur fyrir að fá því fullsvarað, hvort Alþingi vill fara þá leið, að ríkið taki þennan tekjustofn í sína þjónustu. Að deila um stefnur hefir enga þýðingu. Ef Ed. er ósammála Nd. um þetta mál, þá fellir hún það, og við því er ekkert að segja.

Hér eru engin atriði, sem þarf að lagfæra. Baráttan er um stefnur. Læt ég því þessi orð nægja til að fylgja málinu úr hlaði.

Jón Þorláksson: Þótt fjhn. sé ekki búin að fjalla um þetta mál, þykir mér þó — úr því að annar nm., sem fylgir því, hefir þegar stutt það — rétt að gera grein fyrir því, hvers vegna ég get ekki fallizt á frv.

Sú tilhögun, sem þar er farið fram á, var reynd hér árin 1922—25. Í ársbyrjun 1926 var einkasalan lögð niður og tekjur ríkisins teknar með tolli eingöngu. Þegar einkasalan var lögð niður, var tollurinn hækkaður nokkuð til að slaga upp í verzlunarhagnaðinn, en þó ekki svo mikið sem útreikningar sýndu, að þyrfti að vera til þess að jafnast á við eldri toll að viðbættum nettóágóða, heldur var slakað til um toll á neftóbaki og munntóbaki. Hefði nú mátt búast við, að tekjur ríkisins af tóbakinu hefðu rýrnað, en nú liggja fyrir tölur um tekjur ríkisins af þessari vöru í landsreikningum frá 1926—27—28, og

hefi ég borið saman síðustu þrjú árin, sem verzlunin hefir verið frjáls, og síðustu þrjú ár einkasölunnar og tekið meðaltal af tekjum ríkissjóðs þessi ár. Fyrsta árið, sem einkasalan starfaði, brugðust tekjur af tóbaki tilfinnanlega, vegna óeðlilega lítils innflutnings. Ég sleppi þess vegna því ári, til að halla ekki á einkasöluna.

Tölurnar sýna, að meðaltekjur af einkasölunni í þrjú ár, ásamt tolli, hafa verið 873 þús. kr. En hin þrjú árin, eftir breytinguna, verður meðaltalið 1042 þús. kr. Munar því að meðaltali á ári 169 þús. kr. á því, hve frjálsa fyrirkomulagið gefur ríkissjóði meiri tekjur en einkasalan, þrátt fyrir það, þótt tollur væri ekki hækkaður sem svaraði verzlunarágóða, þegar breyt. var gerð. Og þrátt fyrir þetta hefir verðið á tóbakinu lækkað.

Þessi tekjuaukning stafar af því, að tóbaksnotkun hefir orðið meiri með frjálsa fyrirkomulaginu en með einkasölunni. Þeir, sem vilja venja menn af tóbaki, geta því fundið kosti hjá einkasölunni. En það er staðreynd, að frjálsa verzlunin hefir gefið ríkissjóði 169 þús. kr. meira í tekjur að meðaltali en einkasalan, og þó er tóbakið ódýrara.

Mér finnst rétt að fara nokkrum orðum um gang málsins að þessu sinni. Frv. þetta er borið fram af þeim hv. þm. Ísaf. og hv. 1. þm. N.-M., sem báðir áttu sæti í mþn. í skattamálum. Málið var til meðferðar í þeirri nefnd, og 12. nóv. síðastl. klofnaði n. í málinu. Flm. þessa frv. vildu leggja til einkasölu á tóbaki á næsta þingi, á líkum grundvelli og borið var fram í frv. því á þinginu 1929, sem hv. 2. þm. Reykv. flutti þá. Þessi meiri hl. í mþn. sendi svo málið með bréfi til ráðuneytisins og lagði til, að þessi tilhögun yrði lögleidd og gerði ráð fyrir 200 þús. kr. tekjuauka af henni á ári. „þegar frá líður". En engin grg. eða rökstuðningur fylgdi þessu. Þeir óskuðu svars sem fyrst frá stj. um það, hvort hún vildi flytja frv. um málið á þingi, og kváðust flytja það sjálfir, ef stj. gerði það ekki. Í grg. frv., sem flutt er í febrúar, segja þeir, að fjmrh. hafi tjáð þeim, að frv. yrði ekki lagt fyrir þingið. M. ö. o., fjmrh. vill ekki leggja þetta frv. fyrir þingið, og ég skil afstöðu hans vel. Fjmrh. var einnig mótfallinn einkasölufrv. því, sem hér var á ferðinni í fyrra. Þetta er eðlileg afstaða hjá honum, því að ljóst er, að af þessari breyt. stafar tekjurýrnun, einkum fyrsta árið.

Í grg. frv. er vitnað í frv., sem hv. 2. þm. Reykv. flutti í fyrra, um líkur fyrir þessum 200 þús. kr. ágóða. Ég hefi gert leit í þskj. frá 1929 um þetta mál, og sé þar þá staðhæfingu, að tóbakseinkasalan muni gefa af sér 200—300 þús. kr. á ári. En hvergi er sýnt, hvernig þetta megi verða. Það er heldur ekkert undarlegt, þó að flm. hafi viljað leiða hjá sér útreikning um þetta, því að þetta getur ekki átt sér stað, nema hækka tollana eða verðið á tóbaki í einkasölunni.

Þá er eigi alllítill munur á ákvæðunum um álagningu á tóbakið í frv. 1929 og þessu frv. Í frv. frá 1929 er gert ráð fyrir 10—35% álagningu, miðað við verð vörunnar með tolli. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir 10—70% álagningu, miðað við verð vörunnar hér á landi án tolls. Er ekki gott að segja, hve mikil áhrif þessi framfærsla hefir á tóbaksverðið. Fjhn. hefir leitt þessa rannsókn hjá sér. En rekstrarkostnaður tóbakseinkasölunnar sálugu nam 100 þús. kr. á ári. Ég held, að óhætt sé að halda því fram að órannsökuðu máli, að mikill hluti af þessari framfærslu í frv. gangi til greiðslu á rekstrarkostnaði. Þá væri og ástæða til að rannsaka, hvort framfærslan leiddi til hækkunar á verðinu.

Þess ber að gæta, að um leið og ríkið tekur tóbaksverzlunina í sínar hendur, missir ríkissjóður nokkrar tekjur, en það eru skattar og gjöld af heildsöluálagningu tóbaksverzlananna. Eftir að einkasalan var lögð niður, hafa sem sé risið hér upp sérstakar tóbaksheildverzlanir — áður fengust smásalar mest við tóbaksverzlun og gerðu sín innkaup sjálfir. Ríkið hefir nú tekjur af þessum atvinnurekstri. Hinsvegar eru ríkisstofnanir bæði undanþegnar útsvari og tekjuskatti.

Afstaða málsins er þá sú: að frjáls verzlun hefir gefið 169 þús. kr. meira af sér að meðaltali í þrjú ár en einkasalan í önnur þrjú, og er tekjuaukningin því meiri en vænta má eftir fólksfjölgun; að fjmrh. hefir ekki viljað leggja frv. fyrir þingið; að forvígismönnum máls-

ins ber ekki betur saman um tekjur af einkasölunni en svo, að hv. 2. þm. Reykv. gerir ráð fyrir 200—300 þús. kr. tekjum, en hv. 2. þm. S.-M. gerir nú ráð fyrir 180—200 þús. kr. tekjum, og að báðar tölurnar eru, að því er séð verður, byggðar algerlega á ágizkun, ekki sjáanlegt, að nokkrir útreikningar hafi verið gerðir til þess að byggja þessar tölur á, eða að unnt sé að rökstyðja þær með neinum slíkum útreikningi. Niðurstaðan af athugun á þessu hlaut líka að verða sú, að ekki væri ómaks vert fyrir ríkissjóð að fara inn á þessa braut.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að hér væri ágreiningur um stefnu. Það er rétt að nokkru leyti og að nokkru leyti ekki. Það má segja, að milli Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins sé ágreiningur um stefnu. Við sjálfstæðismenn stöndum vandlega á verði um hina frjálsu verzlun, því að okkur er ljóst, hver óhagur það er fyrir almenning, ef bundin eru viðskipti hans. Alþýðuflokksmenn hafa öfluga trú á forsjón kjörinna fulltrúa í öllum greinum og vilja leggja sem mest vald í hendur þeirra, og ekki sízt ráðin yfir því, hvar einstaklingarnir megi kaupa sér bita og sopa og með hvaða verði. Fyrir Framsóknarflokknum hefir mér skilizt, að þetta væri ekki stefnumál. Ég hefi tekið eftir yfirlýsingum frá leiðtogum hans á undanförnum árum, og þeir hafa yfirleitt talið sig fylgjandi frjálsri verzlun, en gætu þó hugsað sér að víkja frá henni, ef sérstakar ástæður mæltu með, svo sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Þegar svo stendur á, skil ég ekki, hvernig einn hv. þm. Framsóknarflokksins getur risið upp og sagt, að ekki þýði að deila um þetta mál nú, af því að algerður stefnumunur sé milli flokks síns og Sjálfstæðisflokksins. Mér finnst flokkurinn skyldugur að gera sér grein fyrir, hvort nú séu fyrir hendi þær sérstöku ástæður, sem hann telur, að einar geti knúið sig til fylgis við einkasölu.

Ég hefi sýnt fram á, að ekki sé í nokkru af þeim skjölum, sem fyrir liggja, gerð tilraun til að sýna, að ríkissjóður fái meiri tekjur en hann hefir nú af tóbaki, nema þá með því, að verð þess væri hækkað stórkostlega. Og væri það ráð tekið, gætu þó tolltekjurnar minnkað, af því að kaupgeta þyrri og verzlunarmagnið rýrnaði, sérstaklega ef illt væri árferði.

Ég held þess vegna, að frá sjónarmiði Framsóknarflokksins hefði verið sérstök ástæða til að gefa málinu athygli í nefnd.

Satt að segja varð ég alveg hissa, þegar form. fjhn., hv. 2. þm. S.-M., greip til þess að skjóta út svokölluðu meirihlutanál., vélrituðu, á laugardagskvöldið var, um það leyti, sem verið var að ljúka 3. umr. fjárl. hér í d. Ég fór að leita í gerðabók n. til þess að sjá, hvernig á þessu stæði. Þar stóð bókað, að nokkru áður þetta sama kvöld, kl. 9½, meðan umr. stóðu sem hæst, hafi nefndin komið saman hér í hliðarherbergi. Hv. 1. þm. G.-K. hafi vantað, en n. hafi samþ. að afgreiða þetta tveggja lína nál., sem aðeins eru meðmæli með frv., en gerir enga grein fyrir efni þess. Búið var þá að bæta tveimur mönnum í fjhn., en þeim var ekki boðaður fundurinn, það var viðurkennt af öllum, og fimmti nefndarmaðurinn kveður sér ekki boðað heldur. Mér sýnist þetta bera vott um ógnarlegt óðagot í þessu máli, sem að vísu væri skiljanlegt, ef það væri sérstakt stefnumál Framsóknarflokksins, eins og hv. 2. þm. S.-M. virtist halda. En það er misminni hans, og ef hann vissi betur, þá væri framkoma hans óskiljanleg.

Ég vil láta í ljós þá ósk, að hv. 2. þm. S.-M. sem form. fjhn. gangist fyrir því, hvort sem það verður áður en þessari umr. er lokið eða á eftir, að hv. fjhn. taki það til rannsóknar, hvort líkur séu til þess, að ríkissjóður geti fengið nokkrar auknar tekjur af þessu, án þess að verð vörunnar hækki.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekkert að athuga við skýrslu hv. 3. landsk. þm. í þessu máli og tilheyrandi. Ég býst við, að hún sé rétt í aðalatriðunum, það sem hún nær. Framsögu minni og því, sem hann sagði, bar þar ekkert á milli.

Þau andmæli, sem hann bar gegn frv., voru, að hann staðhæfði, að einkasala mundi ekki gefa neinn tekjuauka fram yfir þær tolltekjur, sem nú renna í ríkissjóð, án þess að verð tóbaks hækkaði, og í öðru lagi taldi hann, að frv. gengi í öfuga átt, þar sem það vildi svipta ríkið

tekjum, sem það hefði af tóbaksheildsölum sem skattþegnum. Almennt skoðað get ég ekki skilið, að það stafi þá af öðru en að tóbaksheildsalar leggi ekkert á þá vöru, svo að ekki sé um verzlunarhagnað af henni að ræða, hvorki fyrir kaupmenn né þótt einkasala væri, en þessir heildsalar greiði af einhverjum öðrum tekjum skatta sína og gjöld. En tilfellið er, að óhætt má gera ráð fyrir, að þeir hafi hagnað af tóbaksverzluninni. Og þá er víst, að hann færist yfir til einkasölunnar, ef hún verður sett upp. Nema þá að reksturinn yrði miklu dýrari hjá henni en þeim. En það virðast ekki miklar líkur til þess, því að reynslan sýnir, að reksturinn er ódýrari í einu lagi heldur en ef honum er skipt í marga staði. Þó að heildverzlun með þessar vörur sé að talsvert miklu leyti á einni hendi, líklega allt að helmingi, þá er þó hinn hlutinn dreifður meðal margra.

Þennan mismun á rekstrarkostnaði hefði hv. 3. landsk. þm. átt að taka til greina í samanburði sínum.

Því verður ekki neitað, að tekjur af tóbakinu hafa yfirleitt farið hækkandi, síðan tóbakseinkasalan var afnumin. En þá verður að gera meiri samanburð um það, hvort innflutningur hafi vaxið. Þar er mjög erfitt að komast að fastri niðurstöðu, en eftir því, sem ég veit bezt, hefir hann aukizt mikið, og af því mun þessi hækkun stafa, a. m. k. að nokkru leyti. Við getum endalaust haldið áfram að deila um þetta aftur og fram, meðan ekki fást næg gögn til fullra sannana og nákvæmra útreikninga eftir skýrslum. Til þess þyrfti að kanna, auk innflutnings, þær birgðir, sem liggja fyrir frá ári til árs. Það gagnar því lítið, þó að fjhn. eða einhver þdm. settist niður nú að reikna.

Ég held, að öllu athuguðu, að það eina rétta sé að ganga úr skugga um, hvort hv. Ed. lítur svipað á málið og hv. Nd., að þessi vara sé þess eðlis, að hún sé hentug til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Reynsla er nokkur frá árunum 1922 til 1925 og bendir ótvírætt í þá átt, að svo sé.

Hv. 3. landsk. þm. hneykslaðist á því, að ég talaði um stefnur og um Sjálfstæðisflokkinn og Alþýðuflokkinn. Þó viðurkenndi hann, að foringjar Framsóknarflokksins hefðu hvað eftir annað lýst yfir því á þingi og annarsstaðar, að þeir viðurkenndu, að einkasölustefna ætti rétt á sér með vissar vörutegundir. (JÞ: Ég hefi aldrei talað um einkasölustefnu). Þetta frv. er borið fram sem tekjuöflunarfrv. og er því alls ekki óskylt stefnumálum Framsóknarflokksins að því leyti. En ef menn viðurkenna ekki, að rétt sé að nota einkasölu, þá er um mismunandi stefnu að ræða.

Hitt get ég látið mér í léttu rúmi liggja, þó að hv. 3. landsk. þm. segi, að ég og aðrir menn, sem um málið hafa fjallað, hafi ekkert fram að færa annað en órökstuddar staðhæfingar. Þá má segja, að líkt standi á hjá báðum hliðum. Þó getum við, sem mælum með frv., vitnað í reynsluna frá árunum, þegar einkasalan stóð. Sjálfur flm. þessarar hugmyndar, hv. 1. þm. Skagf., sagði árið 1925, að tóbakseinkasalan hefði í engu brugðizt þeim vonum, sem menn upphaflega gerðu sér um hana. (JÞ: Þær hafa þá ekki verið miklar). Ég hygg, að finna megi í þingtíðindum þær tölur, sem hann reiknaði með, og þær munu fyllilega hafa staðizt reynsluna.

Ég hefi ekkert á móti því, að málið sé tekið fyrir í fjhn. að nýju, eins og hv. 3. landsk. þm. vill. Hitt er annað mál, hvort hann hefir von um samkomulag þar. Ég vildi fá yfirlýsingu hans um það, hvort hann vill reyna að ná samkomulagi við þann vilja, sem komið hefir fram til þess að leysa málið. Fáist hann og flokksbræður hans ekki til að ganga inn á einhverja leið til samkomulags, sé ég ekki annað en að bezt sé að láta atkv. skera úr sem fyrst.

Björn Kristjánsson: Ég vildi staðfesta með fáum orðum það, sem hv. 3. landsk. þm. skýrði frá, að við þrír úr fjhn., hv. 3. landsk., hv. 6. landsk. og ég, vorum ekki boðaðir á fund, þegar málið var tekið fyrir í fjhn. Ég skoða því svo, að málið hafi alls ekki verið rætt enn í n. á lögmætan hátt og sé því eftir að gera það. Málið er það umfangsmikið, að sjálfsagt var, að það væri rætt af öllum í n., alveg jafnt hvort sem allir voru sammála eða ekki. Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að ef allir væru sammála, þá mætti ræða frv. Það

er ekki venjulegt að setja nefndarmönnum slík skilyrði.

Það er vitanlegt, að málið þarfnast afarmikillar athugunar, því að reynslan er búin að sýna ávexti einkasölustefnunnar, og einmitt þessi starfsemi, ríkiseinokun á tóbaki, hefir staðið hér nógu lengi til þess, að sýnilegt var, að hún gefur ríkissjóði engar tekjur umfram það, sem tollurinn veitir. Hún var sett á stofn og reynd, og Alþingi komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að leggja hana niður. Þá fæ ég ekki skilið, að nokkrum hv. þm. skuli geta verið kappsmál að reisa hana við aftur, þegar áreiðanlegt er, að hún yrði aftur afnumin eftir ein 2—3 ár. Reynslan, sem fengin er, ætti að vera nóg, þegar ekki er einu sinni hægt að benda á nokkrar einustu líkur til þess, að einkasalan mundi reynast betur í annað sinn og gefa ríkissjóði meiri tekjur en tollinum nemur. Hér getur því ekki verið um neina tekjuaukning að ræða, heldur á aðeins að greiða atkv. um, hvort hjálpa eigi sócíalistum til þess að koma stefnumálum sínum fram. Framsóknarflokkurinn á því um það eitt að velja, hvort hann vill taka upp sócialistastefnu hreina og ómengaða; um það eitt hlýtur atkvgr. að snúast.

Ég ætlaði ekki að segja nema fá orð. Eg er ekki fær um það að halda langar ræður, er ekki nógu sterkur til þess.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Þorláksson: Ég hefi ekki miklu að bæta við það, sem ég hefi áður sagt út af ummælum hv. 2. þm. S.-M. Hann sagði, að það væri gefinn hlutur, að skattatekjur af heildverzlun á tóbaki yfirfærðust til einkasölunnar, en það er alls ekki svo víst. Það er margt fleira í svona máli heldur en það, sem kemur fram á yfirborðinu. Sérstaklega er það nú svo, að ef ýmist er verið að setja á fót einkasölu eða afnema hana, þá má vita það, að þau erlendu verzlunarhús og þær erlendu tóbaksverksmiðjur, sem hingað selja vörur að nokkrum mun, munu hafa sína umboðsmenn hér og greiða þeim hundraðshluta af vörunni þau tímabil, sem einkasalan er notuð alveg eins og þegar verzlunin var frjáls. Einkasalan mun ekki njóta þessa hluta af verzlunararði heildsöluhúsanna, sem fólgið er í umboðslaunum frá þeirri aðaltóbaksverzlun, sem þeir skipta við. Hitt geri ég ráð fyrir að sé rétt að einhverju leyti, að aukning á tóbakstekjum síðustu ár stafi af auknum innflutningi, því að til þess að um tekjuaukningu sé að ræða með óbreyttum tolli verður innflutningurinn að vaxa. Hitt held ég sé alveg rétt, sem ég sagði, að ef á að draga úr notkun tóbaks, þá sé einkasalan ein af þeim leiðum, sem færar eru til þess, en rýrir þá um leið tekjur ríkissjóðs.

Um nefndarstörfin sagði hv. þm., að hann vildi vinna að þeim, ef við hinir vildum ná samkomulagi við sig, ég og hv. 4. landsk., annars væri það bara tímaeyðsla. En það þarf alltaf tvo aðilja til þess að ná samkomulagi, og hv. þm. hefði alveg eins getað snúið því við og sagzt vilja fara í nefndarstörfin, ef hann gæti náð samkomulagi við okkur hina. Málið er algerlega óupplýst, og þó að hv. þm. hafi nokkuð bundið hendur sínar með því að hleypa út þessu svokallaða meirihlutaáliti á þskj. 516, þá ætti hann eftir afstöðu síns flokks að geta litið á málið með sanngirni og horfið frá því að innleiða þessa einkasölu, ef rannsókn leiðir í ljós, að það hafi engin veruleg áhrif á tekjur fyrir ríkissjóð, nema því aðeins, að tóbaksverð hækki. En vilji menn auka tekjur ríkissjóðs með hækkuðu tóbaksverði, þá er miklu brotaminna að gera það með því að hækka tollinn.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég á víst ekki eftir nema stutta aths. við þessa umr., og ég get líka látið mér það nægja, því að ef málið kemur til 3. umr., gefst tækifæri til að ræða það betur, en komi það ekki til 3. umr., má láta hér staðar numið. Ég vil aðeins segja nokkur orð út af því, sem ég skaut til hv. 3. landsk., hvort vænta mætti nokkurrar samvinnu í n. frá hans hendi, ef það kæmi til n. aftur. Hann svaraði ekki öðru en því, að ég gæti spurt sjálfan mig, hvort ég vildi nokkra samvinnu. En það eitt kalla ég samvinnu, að málinu verði fram-

gengt. Það er engin samvinna, ef ég krefst þess, að hv. 3. landsk. gangi algerlega inn á mitt mál, eða ef hann krefst þess, að ég fallist á hans mál, en hitt stend ég við, að ef hann vill vinna að framgangi málsins með mér, þá er ég við því búinn.

Hann var eitthvað að tala um það, að ég væri óþarflega búinn að binda hendur mínar gagnvart mínum flokki með útgáfu nál. Ég hefi þar í öllu farið eftir minni sannfæringu og ekki spurt flokkinn um það að neinu leyti. Hitt verður að skeika að sköpuðu, hvort það er í samræmi við flokkinn eða ekki.

Ég get svo látið útrætt um þetta mál að sinni. Ég vona, að málið komi til 3. umr. og þá fáum við tækifæri til að ræða betur um það, hv. 3. landsk. og ég.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:6 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 8:6 atkv.
9.—15. gr. samþ. með 8:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

Á 83. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og með því að þessi var síðastur fundur deildarinnar, varð frv. ekki útrætt.

---

35. Átta stunda vinnudagur í verksmiðjum.

Á 38. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um átta stunda vinnudag í verksmiðjum (þmfrv., A. 190).

Á 42. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv. er borið fram eftir áskorun verkamannafélaga víðsvegar um landið, sérstaklega frá Siglufirði, og er aðeins miðað við síldarbræðslu- og fiskmjölsverksmiðjur. Frv. fer fram á að lögákveða vinnutíma þar ekki lengri en 8 tíma.

Eins og hv. þm. vita, er mjög óholl vinna við þessar verksmiðjur, og mestan eða allan hluta starfstíma þessara verksmiðja er unnið samfleytt allan sólarhringinn, svo að vinnutíminn er venjulega 12 tímar fyrir hvern mann.

Til þess að skýra, hvaða verksmiðja þetta frv. nær til, vil ég lesa upp útdrátt úr lista, sem ég hefi fengið frá verksmiðjustjórum:

Verksmiðja G. Johnsen. Starfsfólk: 24 karlmenn, 2 konur. „Hekla", Vestmannaeyjum. Fiskmjöl. Starfsfólk: 20 karlmenn, 2 konur. G. J., Keflavík. Fiskmjöl. Starfsfólk: 12 karlmenn. Síldarbræðsluverksmiðjan í Krossanesi. Starfsfólk: 50 karlmenn. Síldarbræðsluverksmiðja Goos, Siglufirði. Starfsfólk: 50 karlmenn. Síldarbræðsluverksmiðja dr. Paul. Starfsfólk: 40 karlmenn. Hf. „Fiskimjöl" Hafnarfirði. Starfsfólk 15 karlmenn. Hf. „Andvari", Sólbakka. Síldarmjöl. Starfsfólk: 40 karlmenn. „Kveldúlfur", Hesteyri. Síldarmjöl. Starfsfólk: 60 karlmenn. Dr. Paul, Norðfirði. Fiskimjöl. Starfsfólk: 20 karlmenn. Evanger, Raufarhöfn. Síldarmjöl. Starfsfólk: 30 karlmenn. Fiskimjölsverksmiðjan á Kletti í Reykjavík. Starfsfólk: 12 karlmenn.

Alls eru þetta 380 manns, og virðist full ástæða að hafa löggjöf um þetta efni, til þess að vernda heilsu þessa fólks. Ég leyfi mér að lesa upp kafla úr bréfi, sem mér var skrifað um þetta mál frá Siglufirði, sem upplýsir þetta nokkru nánar. Fyrst er skýrt frá því, að á Siglufirði sé vinnutími nokkuð óreglulegur í verksmiðjum þessum, og á undanförnum árum hafi ekki verið farið eins að á öllum stöðum. Þó hafi allar verksmiðjurnar það sameiginlegt að láta hvern verkamann vinna 10—12 tíma á sólarhring. Vil ég þá lesa kafla úr sjálfu bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó hefir verið brugðið aðeins út af þessari venju, gerðar tilraunir um það, á hvern hátt verksmiðjan mætti hagnast sem bezt á störfum verkamannsins. Það nýjasta á því sviði var notað s. l. sumar. Skal ég í fáum orðum lýsa því:

Verkamennirnir eru ráðnir upp á þau kjör að skila 60 vinnutímum á viku fyrir mánaðartaxtakaup og einnig að skuldbinda sig til að taka eftirvinnu, sem nemur 12 tímum á viku — gegn eftirvinnukaupi — eða vinna 12 tíma á sólarhring hverjum, en verksmiðjustjóri ákveður, hvenær og hvernig þessum 12 tímum er skilað. Framkvæmdin var þannig, að verkamennirnir voru látnir **vinna tvisvar 6 tíma á sólarhring.** Urðu þeir því að þola það að hafa tvo vinnudaga á sólarhring hverjum. Hvers vegna er þetta gert? Vegna þess, að verksmiðjueigendur er búnir að sjá það, fyrst og fremst, að með sex tíma vinnu í einu fái þeir verkamenn alltaf óþreytta, verksmiðjan getur alltaf gengið með fullum krafti allan sólarhringinn án þess að verkamenn gefist upp eða hafi ekki við *vélunum. En hvaða áhrif hefir þetta á* verkamennina? Þeir þurfa að ræsta sig mjög vandlega tvisvar á dag, þegar þeir koma úr þessari óþokkalegu og óhollu vinnu, svo að heimili þeirra ekki alveg gerspillist af ólofti og ódaun, sem fylgir þessu verki. Fer eðlilega langur tími í þetta. Lífnaðarhættir manna verða þannig, að þegar ekki er verið í verksmiðjunni, hafa þeir engan tíma til annars en sofa eða matast, — til þess að safna kröftum fyrir starf á nýjan leik. Útkoman er því þessi: Þeir vinna, borða, sofa og vinna, — lifa að öllu leyti eins og skynlausar skepnur — hafa aldrei neina tómstund til hvíldar og hressingar eða fristund til annara sinna þarfa. Þetta er á einn veg 6 stunda vinnudagur, en **dagarnir** eru bara helmingi fleiri, í stað þess, að **verkamennirnir** ættu að vera helmingi fleiri. Með 12 stunda vinnudegi er hægt að viðhafa 6 stunda vinnudag á kostnað verkamannanna, því að tala þeirra er sú sama, sem 12 stundir í einu væru unnar í einu. Hitt er sannanlegt, að með tvískiptum vöktum á sólarhring (12 og 12 tíma) geta vélarnar ekki unnið nema 20—22 tíma á sólarhring, vegna þess að um matartíma verður að stöðva vélarnar, en ákveðin tala manna þarf ávallt að vera við verkið í einu. Ein verksmiðjan breytti til þrjú síðustu árin, sem hún starfaði hér, verksmiðja hinna sameinuðu íslenzku verzlana. Verksmiðjustjórinn, B. Vestesen, skýrði Ivar Vennerström, ríkisþingmanninum sænska, svo frá því, er hann var hér á ferð, að sér gætist bezt að 8 stunda vinnudeginum, bæði vegna verkamannanna og sérstaklega vegna fyrirtækisins sjálfs. Frásögn hans er eitthvað á þessa leið:

Þessi verksmiðja er byggð með það fyrir augum, að 10 menn starfræki vélarnar í einu með tvískiptum vöktum. Þá getur verksmiðjan unnið úr 240 síldarmálum (150 l.) á sólarhring — eða 20—22 tímum, því að matarhlé dregst frá. Þar sem ekki er hægt að koma við fleiri mönnum í einu við vinnuna, er þýðingarlaust að láta vélarnar vinna hraðar heldur en verkamennirnir geta afkastað eða fylgt þeim eftir á svo löngum vinnudegi (12 tíma). En til þess að afkasta *meiru þurfa þær að ganga hraðar.* En þá þarf líka að skipta um menn ekki sjaldnar en á 8 stunda fresti. Til þess þarf verksmiðjan að bæta við sig 5 mönnum á hverja vakt, eða 10 mönnum í allt, m. ö. o. 50% vinnuafls. Þá verður vinnunni hagað þannig, að 10 menn vinna sína 8 tíma á sólarhring og vökurnar verða þá þrjár. Verksmiðjan fær 24 vinnutíma úr sólarhring fyrir vélarnar og þær voru látnar ganga hraðar en ella. Útkoman varð sú, að í stað 240 mála vinnslu á sólarhring með gamla laginu, komst verksmiðjan upp í 430 mála vinnslu á sólarhring. Verkamennirnir hagnast á þessu og geta lifað eins og menn, og verksmiðjan hagnast miklu meira fjárhagslega, þar sem 50% aukning verkamanna gefur af sér um 100% aukna framleiðslu.

Eitt atriði er enn ekki minnzt á, og það er óloftið, sem síldar- og fiskimjölsverksmiðjumenn verða að vinna við. Það er enginn efi á, að það er ekki á allra færi að halda heilsu til lengdar og anda stöðugt ofan í sig slíkri pest. Enda er þessi atvinna almennt álitin mjög heilsuspillandi. Það segir sig sjálft, að menn, sem keppast við vinnu, muni teyga óspart mjölrykugt og pestarþrungið loftið. Oft er svo mikið mjölryk frá verksmiðjunum, að sporrækt er á götum Siglufjarðar. Fólk getur alls ekki opnað

glugga á húsum sínum, því að það er sama og hleypa ryki og ódaun inn í híbýlin.

Verksmiðjuiðnaður er svo stutt á veg kominn hér á landi, að ekki er undarlegt, þótt almenningur hafi ekki veitt því eftirtekt, hve margir hafa spillt heilsu sinni vegna vinnu í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum".

Ég hygg ég þurfi ekki að bæta miklu við þetta. Í þessu bréfi koma fram nægilegar upplýsingar og rök fyrir þessu máli. Ég leyfi mér að stinga upp á, að frv. verði að lokinni umr. látið ganga til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 38. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (þmfrv., A. 191).

Á 42. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson):* Til skýringar þessu litla frv., sem við hæstv. forseti berum fram, skal ég aðeins rifja upp, hvernig þær greinar í skipulagslögunum eru, sem farið er fram á að breyta. — 13. gr. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem koma í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi gert breytingar á honum".

Hér er farið fram á þá breytingu, að einhver ákveðinn frestur sé settur, sem menn þurfi að bíða eftir að vita, hvort skipulagsuppdrátturinn verði staðfestur eða ekki.

Eins og 28. gr. er orðuð, er það alveg augljóst, að drátturinn getur orðið eins langur og vera vill, og þá má ekkert gera á því svæði e. t. v. um mjög langan tíma, þó að allt annað fyrirkomulag verði samþ. síðar. Þetta er ósanngjarnt gagnvart þeim, sem eiga verðmætar eignir. Virðist ekki ósanngjarnt að setja hér eitthvert tímatakmark. Hér er miðað við tvö ár. Sé ekki búið að staðfesta fyrirkomulagsáætlun innan tveggja ára, fellur hún úr gildi og þar með þetta bann á eigninni. Greinin er þannig orðuð, með leyfi hæstv. forseta:

„Allar skaðabætur, svo og þóknun til matsmanna, skulu greiðast úr bæjar- og hreppssjóði, nema um yfirmat sé að ræða. Þó verður eigi krafizt, að skaðabætur séu greiddar fyrr en skipulagsbreytingin kemur til framkvæmda, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir".

Hér er farið fram á, að síðari málsgr. falli niður.

Í stjskr., 63. gr., er sagt, að engan megi skylda til að láta eign af hendi, nema almennings þörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.

Nú er augljóst, að eins og maður getur ekki sagt, að fullt verð komi fyrir, þótt eignin sé metin til **einhvers** verðs, eins verður það heldur ekki sagt, ef verðið fyrir spjöll á eignum verður ekki goldið fyrr en tugum ára eftir matið, þ. e. þegar skipulagsbreytingin fer fram, farið er að leggja vegi, reisa hús o. s. frv. Þá getur svo farið, að sá, sem sviptur er eign, fái ekki neina greiðslu fyrir. Með þessu er höggið ákaflega nærri ákvæðum stjskr., og þar að auki er augljós hin mesta ósanngirni í þessu fyrirkomulagi. Um þetta ættu að gilda alveg sömu reglur og um annað eignarnám, að eignin sé metin og komi fullt verð fyrir þegar í stað, eða eins og um semur.

Við höfum flutt þetta frv. eftir tilmælum n., sem kosin var af Fasteignafélagi Reykjavíkur. Það er þegar komið fram, að þetta ákvæði í gildandi lögum fer mjög ónotalega í bága við ráðstöfunarrétt manna yfir eignum sínum.

Ég læt staðar numið um þetta að sinni, en legg til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Raforkuvirki.

Á 39. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki (þmfrv., A. 198).

Á 42. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Í lögum frá 3. nóv. 1915, nr. 51, um rafmagnsveitur, var svo fyrir mælt, að sveitarstjórnir gætu tekið í sínar hendur einkasölu rafmagnstækja í sínum umdæmum, ef þar hefði verið komið á fót rafmagnsveitu til almenningsþarfa.

Þegar svo vatnalögin voru sett, féllu þessi lög úr gildi, og voru engin lög sett önnur um rafmagnsveitur þar til árið 1926. Þá voru samþ. lögin um raforkuvirki. En einhverra ástæðna vegna hefir láðzt að taka upp í þau lög ákvæðin frá 1915 um rétt sveitarfélaga til að taka upp einkasölu rafmagnstækja. Ennfremur vantar alveg í þau lög ákvæði, er heimili sveitar- og bæjarfélögum að ákveða hámarksverð á rafmagni frá raforkuvirkjum, öðrum en vatnstöðvum, sem einstakir menn eða félög eiga og reka.

Allvíða hér á landi hafa einstaklingar eða félög reist mótorstöðvar til þess að selja rafmagn frá, og sumstaðar hefir slíkum stöðvum verið veittur einkaréttur til sölu á rafmagni. Skortir alveg lagaheimild til þess fyrir bæjar- og sveitarfélög að ákveða hámarksverð á slíku rafmagni, þar sem ekki er gerður samningur við eigendur stöðvanna og ákvæði um verðlag á rafmagninu tekin upp í hann.

Mér er kunnugt um, að stj. og vegamálastjóri líta svo á, að ekki sé hægt að ákveða neitt hámarksverð þar, sem þessu er þannig fyrir komið, og geta þá eigendur stöðvanna alveg ráðið verðinu og skattlagt þá, sem rafmagnið kaupa, eftir vild. Á Ísafirði á hlutafélag rafmagnsstöðina, þá einu, sem í bænum er, og hygg ég, að ég skýri þetta mál bezt með því að lesa upp bréf, sem bæjarfógeti sendi til stj. í haust viðvíkjandi rafmagnsverðinu og viðskiptum bæjarstjórnar og hlutafélagsins. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Saga málsins er í fáum orðum á þessa leið: Hinn 18. ágúst 1920 fékk h/f Raflýsingarfélag Ísafjarðar leyfi bæjarstjórnar samkvæmt meðfylgjandi útskrift til þess að setja á stofn rafmagnsstöð með mótorafli fyrir bæinn. Að vísu er eigi tekið fram með beinum orðum, að leyfi þetta sé einkaleyfi, en þó er gert ráð fyrir, að setji bærinn upp rafmagnsstöð, sem knúð er með mótorafli, innan tilgreinds tíma, skuli hann kaupa stöð félagsins. Síðan hefir félagið verið eitt um að selja rafmagn í bænum, bæjarstjórnin engum öðrum veitt slíkt leyfi, og stöðin þannig verið rekin sem einkasala væri. Stöðin er byggð á dýrasta tíma, og svaraði ekki vöxtum framan af, þó rafmagnið væri selt á kr. 1,75 hver kilowattstund. Aldrei hafa þó eigendur stöðvarinnar orðið að greiða neitt framlag til hennar umfram hlutafé. Síðar jókst notkunin og var breytt nokkru til um starfshætti stöðvarinnar. Einnig minnkaði rekstrarkostnaður við lækkað kaupgjald og við það, að olía lækkaði mjög í verði. Fór þá Raflýsingarfélagið fyrst að kaupa upp hlutabréf sín, og síðan að borga vexti til hluthafa, í fyrsta sinn 1927—1928, þó að það lækkaði ljósagjaldið niður í kr. 1,20 kw.stund.

Árið 1927—1928 greiddi félagið 10% vexti af hlutafénu. **Á þessu ári hefir það greitt 25% og jafnframt gefið von um meiri arð á yfirstandandi reikningsári.** Ber það vott um blómlegan hag félagsins, að bæjarstjórnin taldi ekki fært að

una þessu háa rafmagnsverði notendanna vegna. Sjálfur notar bærinn rafmagn fyrir um 12000,00 kr. á ári.

Samkvæmt skilyrðunum fyrir leyfinu á hann kröfu á sama ljósgjaldi og félagsmenn. En þegar þeim er greiddur svo óeðlilega hár arður, verður það til þess að dylja hið raunverulega ljósgjald þeirra, þar sem ýmsir menn í rauninni greiða lítið eða ekkert fyrir ljós sín á þennan hátt, og er þannig farið í kringum skilyrði bæjarins. Rafmagnið er auk þess almennt notað í bænum, og er að áliti bæjarstjórnar orðinn óþarflega hár skattur á bæjarbúum. Var því fyrst leitað eftir því við Raflýsingarfélagsstjórnina, hvort hún vildi ekki góðfúslega lækka þennan ósanngjarna taxta, og fjárhagsnefnd falið málið til meðferðar. Árangur þeirrar málaleitunar er svar stjórnar félagsins, er hér fylgir í afriti. Vildi fjárhagsnefnd til samkomulags samþykkja 1 krónu taxta, en því var ekki sinnt.

Nú þegar þess er gætt, hve hagur félagsins stendur ágætlega, hluthöfum greitt sem áður segir 25% í ársarð af hlutafé, og gefin von um meiri arð á næsta ári, og svo hins, að rafmagn er selt frá mótorstöð í Hafnarfirði, sem byggð var á sama eða svipuðum tíma, fyrir kr. 0,80 kw.stund til ljósa, en kr. 0,50 til iðnaðar, virðist ekki ósanngjarnt, að tillögur bæjarstjórnar um 90 aura til ljósa og 60 aura til iðnaðar nái fram að ganga, og það því fremur, sem félagið ætti með þeim taxtasamþykktum að geta greitt hluthöfum í árlegan ágóða 8—10%".

Þetta bréf var sent til stjórnarráðsins 7. nóv. síðastl. Hefir það haft það til athugunar síðan og sent það vegamálastjóra til athugunar. En hann lítur svo á, að félaginu sé heimilt að ákveða verð rafmagnsins.

Hinsvegar verður því ekki mælt bót, að félagið haldi þessu gífurlega háa verði áfram, til þess að geta greitt hluthöfum 25% eða meira í arð á ári, því að með þessu er lagður óhæfur skattur á aðra bæjarbúa.

Í frv. er farið þess á leit, að sveitar- og bæjarfélögum, þar sem eins stendur á og á Ísafirði, verði veitt heimild til að ákveða verðið eins og sanngjarnt þykir. En ef ágreiningur verður milli stöðvareiganda og bæjarstjórnar, skal stjórnin skera úr og ákveða verðið. Vil ég ekki trúa öðru en því, að Alþ. sjái nauðsyn þessa máls og vilji bæta úr augljósum göllum laganna. Að endingu vil ég mælast til, að frv. verði vísað til allshn.

Jón Auðunn Jónsson: Ég ætla mér ekki að koma fram með mótmæli gegn þessu frv., en vil aðeins gefa frekari upplýsingar um Raflýsingarfélagið, sem ég á einn hlut í, þótt ég hafi ekki sótt fundi félagsins á síðasta ári, eða verið að öðru leyti viðriðinn starfsemi þess.

Í 11 ár var hluthöfunum ekki greiddur neinn arður af fé því, sem þeir höfðu lagt fram, en á síðastl. ári fengu þeir 25%. Orsökin til þessa mun hafa verið sú, að félagsstj. gerði ráð fyrir, að félagið yrði leyst upp, því að bæjarstj. hafði ákveðið að virkja foss og framleiða þannig rafmagn fyrir bæinn. Félagið er hinsvegar mjög illa statt, og ég veit til þess, að hlutabréfin hafa verið seld fyrir 30—50%, enda hygg ég, að það geti tæplega skilað meiru af hlutafé.

Ég skal ekki mæla því bót, að félagið greiddi hluthöfum 25% í arð, en eins og ég gat um, þá var ástæðan sú, að gera mátti ráð fyrir, að það gerði upp og hætti starfsemi sinni, er bærinn hefði komið þessari fossavirkjun í framkvæmd.

Í sjálfu sér er ég ekki á móti því, að ríkisstj. ákveði hámarksverð eftir till. sveitar- eða bæjarstjórna, en vil aðeins taka það fram, að hvergi nema í Hafnarfirði hefir rafmagnsverð, þar sem það er framleitt með mótorafli, verið lægra en á Ísafirði. Í Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Stokkseyri og Eyrarbakka er það t. d. alstaðar hærra.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það var í rauninni alger óþarfi af hv. þm. N.-Ísf. að gefa þessar upplýsingar, sem hann veitti hv. deild, því að ég hafði tekið þetta mestallt fram í minni ræðu. Ég hygg auk þess, að það sé ekki rétt hjá hv. þm., að félagið standi sig illa, því að á síðustu árum hefir félagið keypt inn bréfin og eignir þess hafa aukizt til muna, svo ég hygg, að bréfin standi í mjög sæmilegu verði. (JAJ: Ég skal selja hv. þm. mín bréf fyrir 50%, og það með mikilli á-

nægju). Ég þakka auðvitað fyrir gott boð, en ég ætla mér ekki að fara að græða á því að okra á rafmagni til almenningsþarfa. Og ég tel Alþingi sæmilegast að girða alveg fyrir það, að einstaklingar geti grætt á slíku. — Að endingu vil ég segja það, að mér hefði þótt eðlilegra, að félagið hefði lagt fé sitt í varasjóð, frekar en að greiða 25% í arð, ef það hefði viljað búa sig undir uppgerð eða er svo illa statt sem hv. þm. hefir viljað gefa í skyn.

Pétur Ottesen: Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann viðhafi nafnakall, til að ganga úr skugga um, hve margir hv. þdm. eru fjarverandi. Æski ég þessa í samræmi við þá atburði, sem nú nýlega hafa gerzt.

Forseti (JörB): Ég get gjarnan haft nafnakall, því þá kemur í ljós, hverjir eru fjarverandi og hverjir ekki. Hinsvegar veit ég ekki, hverjir hafa fengið leyfi hjá hæstv. 1. forseta, því að hann er ekki við hér í deildinni, en ég mun viðhafa nafnakall.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MJ, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

nei: EJ, PO.

Níu þm. (GunnS, HK, IngB, JJós, MG, MT, ÓTh, SE, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Verzlunar- og útvegsbanki Íslands.

Á 38. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Verzlunar- og útvegsbanka Íslands (þmfrv., A. 200).

Á 40. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hélt, að það væri venja að leita álits flm., áður en mál eru tekin af dagskrá. Þótt það hafi nú ekki verið gert hér, vil ég lýsa yfir því, að við föllumst á, að málinu sé frestað nú, ef hæstv. forseti vill lofa því, að láta það koma fyrir fyrst mála næstk. mánudag.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvers vegna þetta frv. hefir verið tekið svo fljótt á dagskrá, en annað frv. um svipað efni frá mér o. fl. fæst ekki tekið til umr., og er þó miklu lengra síðan það kom fram.

Forseti (BSv): Ástæðan til, að frv. hv. 2. þm. Reykv. hefir ekki enn komið til umr., er einkum sú, að engin rödd hefir komið fram um það, hvorki frá hv. flm. né öðrum, að þessu máli þyrfti að hraða. Skilst mér, að samþykkt þessa frv. byggist á því, að fram nái að ganga frv. það um Íslandsbanka, sem nú liggur fyrir hv. Ed. Hinsvegar miðast samþykkt frv. hv. þm. V.-Ísf. og meðflm. hans við það, að frv., sem er fyrir hv. Ed., falli úr sögunni. Vænti ég því, að hv. þdm. skiljist, hvers vegna frv. hv. þm. V.-Ísf. er tekið fyrr á dagskrá. En til þess að gera nú öllum jafnhátt undir höfði, skal ég taka bæði frv. á dagskrá fyrst mála á mánudag.

Héðinn Valdimarsson: Ég æski þess, að okkar frv. verði á undan hinu á dagskránni.

Pétur Ottesen: Ég hafði nú frekar búizt við, að frv. þetta gengi hér gegnum þrjár umr. í dag heldur en að það yrði tekið út af dagskrá. En svo er nú komið sem komið er um það, og vegna þess, hve lítið er liðið af venjulegum fundartíma, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hafi annan fund þegar að þessum loknum og taki þar fyrir einhver þeirra mörgu mála, er nú bíða afgreiðslu í hv. deild.

Forseti (BSv): Þessi aths. hv. þm. Borgf. er fyllilega réttmæt, og hafði ég þegar ákveðið, að annar fundur skyldi

haldinn í dag. Liggur dagskrá hans hér tilbúin.

Sigurður Eggerz: Síðan ég bað um orðið, hafa hv. flm. lýst yfir því, að þeir sætti sig við, að málið sé tekið af dagskrá, og hæstv. forseti lofað að taka það fyrir á mánudag. Hefi ég því í rauninni lítið að segja, en vil aðeins leggja áherzlu á, að það verði þá tekið fyrir fyrst mála.

Á 41. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Ég skal geta þess, að fram hefir komið krafa frá hv. þm. V.-Ísf. um það, að frv. um Verzlunar- og útvegsbanka Íslands verði tekið á dagskrá á mánudag fyrst allra mála. Nú hafa flm. frv. um Útvegsbanka einnig krafizt þess, að það mál verði fyrsta mál á dagskrá á mánudag. Nú er vitanlega ekki hægt að verða við hvorumtveggja þessara tilmæla. Mér skilst, að Útvegsbankafrv. standi í allnánu sambandi við afdrif Íslandsbankafrv. í Ed. Hinsvegar gengur frv. um Verzlunar- og útvegsbanka í öfuga átt við Íslandsbankafrv., sem nú er í hv. Ed., og tel ég því réttara að taka það fyrr á dagskrá. Annars munu engin bein ákvæði vera til um slík tilfelli, en með hliðsjón af 41. gr. þingskapa vil ég þó bera þetta undir hv. d. í byrjun fundar, til þess að einskis réttur sé fyrir borð borinn.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil að vísu ekki hafa á móti því, að atkv. deildarinnar séu látin skera úr þessu atriði, enda get ég það ekki. En hitt þykir mér þó undarlegt, að okkar frv., sem beðið hefir miklu lengur, skuli vera tekið síðar á dagskrá. Það þykir mér iskyggilegt, ef taka á upp þá reglu, að meiri hl. ráði hver mál skuli tekin á dagskrá og í hverri röð. Fer þá að verða lítill réttur minni hl.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er að vísu rétt, að frv. okkar er síðar fram komið en frv. hv. 2. þm. Reykv. En það sannar þó ekki, að okkar frv. sé í raun og veru yngra, því að undirbúningur þess hófst snemma, en vitanlega var ekki hægt að bera það fram fyrr en að loknum þeim undirbúningi. Það þarf því engan að undra það, þótt okkar frv. sé fyrr tekið til umr., og eru engin rangindi í því fólgin. Það segir sig sjálft, að fyrst þarf að gera út um afdrif Íslandsbanka, áður en Útvegsbankafrv. er tekið til umr.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil minna hv. þm. V.-Ísf. á það, að þótt hans frv. verði fyrr tekið til umr. á næsta fundi heldur en okkar frv., þá er það þó engin fullnaðarafgreiðsla, því það á eftir að fara í gegnum 2 umr. hér í deildinni og svo í gegnum Ed. Og það er óvíst, hvort þessara mála verður hlutskarpara að lokum, þótt frv. hv. þm. V.-Ísf. verði með rangindum troðið fyrr á dagskrána á mánudaginn. Hvað undirbúningi þess frv. viðvíkur, þá hugsa ég, að ekki sé gott að ákveða, hvenær það hefir fæðzt í hugum hv. þm., svo að ef á að fara eftir því, þá býst ég við, að lengi geti orkað tvímælis um röð mála á dagskrám. Vitanlega er þingskjalstala frv. það eina, sem hægt er að hafa til hliðsjónar um þessa hluti.

Á 42. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Sundhöll í Reykjavík.

Á 43. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík (þmfrv., A. 212).

Á 45. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Ólafsson): Meðal hinna merkustu framfara hins nýja tíma eru efalaust þær, er lúta að eflingu íþrótta. Vil ég þar sérstaklega nefna þá íþrótt, sem fegurst er og nytsömust allra íþrótta, sundið. Hvaðanæfa af landinu berast fjárveitingarvaldinu beiðnir um styrki til þess að reisa sundskála og sundlaugar og til þess að halda uppi sundkennslu. Af

þessu má sjá, að almenningur skilur nú til nokkurrar hlítar, hvers virði það er að kunna sund. Mönnum er nú almennt ljóst, að sundíþróttin er eitthvert öflugasta heilsumeðal kynslóðarinnar. Ekkert er betur fallið til þess að blása þjóðinni kjark og þor í brjóst en iðkun íþrótta. Auk þess ber á það að líta, að sundíþróttin kemur mörgum að liði í lífsháska, og það má ganga út frá því sem vísu, að ef sundíþróttinni er gaumur gefinn af hinu opinbera, þá mun hún gefa mörgum manninum líf á ókomnum öldum. Fyrir Reykjavík er þetta sérstaklega mikilsvarðandi mál, þar sem um útgerðarbæ er að ræða, þar sem meginþorri bæjarbúa sækir á sjó einhvern tíma æfinnar. Reykjavík má því sízt verða eftirbátur annara landshluta hvað sundíþróttina snertir. Þetta hefir mönnum skilizt, og því var það, að núv. hæstv. dómsmrh. flutti á þinginu 1928 frv. um sundhöll í Reykjavík. Þá lá fyrir þinginu áætlun um það, hvað slíkt fyrirtæki myndi kosta uppkomið, en áætlun þessi reyndist síðar mjög af handahófi og vanefnum ger og lítt á henni að byggja. Framkvæmd þessara laga var því frestað, í samráði við dómsmálaráðuneytið, sem þetta mál hefir til umsagnar og ráða, vegna þess að auðsætt þótti, að áætlunin væri of lág. Það kom sem sé í ljós við nánari rannsókn, að áætlunin 1928 var svo lausleg, að skakkaði fullum helmingi. Auk þess kom það á daginn, að ef hugmyndin um þrjár sundlaugar ætti að framkvæmast, þá færi hinn raunverulegi kostnaður langt fram úr tvöfaldri áætlun frá 1928. Stóð nú í nokkru þófi um þetta um hríð. Loks var áætlun bæjarstj. hrundið, og þegar ný áætlun var gerð vorið 1929, þá gerði hún ráð fyrir að kostnaðurinn næmi 400 þús. króna. Í þá áætlun vantaði þó eitt, sem hæstv. dómsmrh., og reyndar margir fleiri, hafa lagt mikla áherzlu á, nefnilega að veitt sé kölduim sjó í laugina, byggð sjólaug í sundhöllinni. Sá aukakostnaður, sem af því leiðir, hefir verið áætlaður um 80 þús. króna, svo að heildarkostnaður sundhallarinnar er samkvæmt nýjustu áætlun 480 þús. kr.

Nú vil ég biðja menn vel að gæta þess, að það eru fleiri en Reykvíkingar, sem gagn hafa af þessari væntanlegu sundhöll. Í bænum er saman kominn fjöldi fólks af öllu landinu, og allir helztu skólar landsins eru í Reykjavík. Vitaskuld yrði sundhöllin notuð afarmikið af skólafólki og stæði því frjáls til afnota sem bæjarbúum. Ennfremur vil ég benda á það, að Reykjavík leggur svo mikið af mörkum til ríkisins, að sízt ætti að telja það eftir, þótt það legði þessu menningarmáli bæjarins nokkurn stuðning. Hygg ég, að Reykjavík sé vel að því komin að njóta dálítillar velvildar af hálfu þings og fjárveitingarvalds, þegar um slíkt stórmál er að ræða.

Eins og ég gat um áðan, gerir áætlunin frá því í fyrra ekki ráð fyrir þeim kostnaði, sem sjólaugin hefir í för með sér. Ennfremur hafa menn tekið eftir því, að í áætlunina vantar einnig klefa fyrir baðgesti til þess að klæða sig í, og áhöld til þess að hreinsa vatnið. Þetta eykur kostnaðinn töluvert. Sjóinn verður að leiða sunnan úr Skerjafirði, og er sá kostnaður lauslega áætlaður 70 þús. kr. ásamt lauginni sjálfri. Húsameistari ríkisins hafði ekki gert ráð fyrir nægilega mörgum baðgestum, að því er talið er, og því er álitið, að þurfi að fjölga klefunum. Bæjarstj. Reykjavíkur hefir falið okkur að fara þess á leit við Alþingi, að það veiti styrk til þess að koma sundhöllinni upp, sem nemi helmingi kostnaðar, eins og þegar reistar eru steyptar sundlaugar úti um land. Vonum við, að Alþingi sýni þann skilning á þessu mikla menningarmáli höfuðstaðarins, og reyndar alls landsins, að það sjái sér fært að leggja því það lið, sem fram á er farið. Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara fleirum orðum um þetta að svo komnu, en óska, að því verði vísað til 2. umr. og til fjvn. Hygg ég, að þar eigi það bezt heima, en annars geri ég það að engu kappsmáli. Þó skal ég geta þess, að mér virðist geta orkað tvímælis um það, hvort þessi 100 þús. kr. fjárveiting þarf ekki endurnýjunar við, til þess að ráðh. geti innt hana af hendi. Væntanlega tekur n. það sérstaklega til athugunar.

Magnús Guðmundsson: Ég verð að segja, að ég efa það stórlega, að nægilegt sé að gera þá breytingu, sem frv. á þskj. 212 ráðgerir. Mér skilst, að lögin frá

7. maí 1928 setji það beinlínis að skilyrði fyrir 100 þús. kr. framlagi ríkissjóðs, að sundlaug verði fullger og tekin til afnota eigi síðar en sumarið 1930. Nú vita allir, að sundhöllin verður ekki tilbúin í sumar, og falla því lögin alveg úr gildi, nema meiri breyt. sé gerð en þetta frv. ráðgerir. Þessa aths. vildi ég gera, en það, sem aðallega kom mér til að standa upp, voru þau orð í grg. frv., að „eftir margvíslegar samningaumleitanir við ríkisstj. og tilraunir húsameistara að draga sem mest úr kostnaði, fékkst loks samþykki ráðh. á uppdrætti, sem bæjarstj. samþykkti, og telur kostnaðinn vera 480—500 þús. kr., sem að áliti borgarstjóra er of lágt". — Eftir þessum orðum að dæma lítur út fyrir, að bæjarstj. hafi átt í höggi við hæstv. dómsmrh. um að draga úr kostnaðinum við byggingu sundhallarinnar, og að hann hafi lagzt á móti því. Þykir mér þetta undarlegt, þar sem sami ráðh. flutti frv. á þinginu 1928 um að byggja sundhöll, er væri meir en helmingi ódýrari en sú, er þetta frv. ræðir um. Vil ég því spyrja hv. flm., hvort þeir álíta þessa afstöðu hæstv. ráðh. hafa verið orsök þess, hversu framkvæmdum hefir seinkað í málinu, og að þær skuli nú fyrst vera að byrja, og hvort þeir álíti það orsök dráttarins, að hæstv. ráðh. vildi ekki staðfesta uppdráttinn né ganga inn á þær till., sem bæjarstj. gerði til þess að draga úr kostnaðinum af byggingu sundhallarinnar.

Flm. (Jón Ólafsson): Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að það getur orkað tvímælis, hvort dómsmrh. hefir heimild til þess að greiða þessar 100 þús. kr., eftir orðalagi laganna frá 1928. En ég held þó, að hann muni gera það, svo framarlega sem verkið er hafið á þessu ári, því að þó að verkið eigi að vera fullgert í júlí í sumar, þá getur það varla talizt svo afgerandi atriði, að ríkið sjái sér ekki fært að veita fé til verksins fyrir þá sök eina.

Mér skildist á hv. 1. þm. Skagf., að hann vildi fá að vita, hvað farið hefði á milli bæjarstj. og hæstv. dómsmrh. út af þessu máli. Ég er nú ekki svo nákunnugur því, að ég geti skýrt frá því, enda skiptir það litlu máli. En hitt veit ég, að ávallt hefir þótt eitthvað vanta í áætlanir húsameistara ríkisins, og þótt ýmist of háar eða of lágar. Ennfremur hefir hæstv. ráðh. haldið því stöðugt fram, að í sundhöllinni þyrfti að vera sjólaug, og neitað að samþykkja uppdráttinn að öðrum kosti.

Upphaflega var ætlazt til, að laugarnar yrðu 3, ein fyrir íþróttamenn, önnur til kennslu, en sú þriðja átti að vera sjólaug. En þegar betur var aðgætt, kom það í ljós, að það myndi verða svo dýrt, að það færi langt fram úr áætlun. Þetta var líka gert í sambandi við það, að bærinn kæmi upp sundlaug til þess að kenna börnum úr barnaskólanum. Um þessa laug til kennslu náðist ekki samkomulag við hæstv. dómsmrh., og var því horfið að því, í sambandi við íþróttamenn, að hafa aðeins eina sundlaug og svo 8x10 m. sjólaug. Að öðru leyti en þessu veit ég ekki til, að hafi verið nokkurt ósamkomulag milli hæstv. ráðh. og bæjarstj. Reykjavíkur. Að vísu var það með ákveðnum skilyrðum, að hæstv. dómsmrh. veitti samþykki sitt til, að sjólaugin skyldi tekin með. Það má vel vera, að bæjarfulltrúar Reykjavíkur, eða sá bæjarfulltrúi, sem líka er þm. Reykv. og flytur þetta frv. með mér, geti lýst því betur, hvort ósamkomulagið milli bæjarstj. og hæstv. dómsmrh. hafi verið nokkuð annað en það, sem ég nú hefi skýrt frá. Mun á báða bóga hafa verið tog nokkurt um þessi atriði. Var þó að síðustu, í öllum aðalatriðum, farið eftir till. hæstv. dómsmrh. í þessum efnum.

Held ég svo, að það hafi ekki verið fleira, sem hv. 1. þm. Skagf. spurði um.

Magnús Jónsson: Það er aðeins vegna aths. hv. 1. þm. Skagf. um það, að þótt þetta frv. yrði samþ., væri það tæplega einhlítt. Það skilyrði, að sundhöllin skyldi fullbúin fyrir árslok 1930, mundi standa eftir sem áður. Þetta þarf að leiðrétta. Tilætlun mín var sú, að þessi breyt. næði út að orðunum í 1. gr. l. frá 1928: „.... með þeim skilyrðum, sem hér segir". Þessi frv.gr. ætti þá að vera þannig:

„Upphaf 1. gr. laga nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram helming kostnaðar við byggingu sundhallar í Reykjavík, sem nú er í smíðum, allt að 250 þús.

krónum, með þeim skilyrðum, sem hér segir".

Hér er skýrt fram tekið, hvað eigi að takast framan af 1. gr. laganna frá 1928. Þetta vona ég, að n. sú, sem fær málið til meðferðar, athugi, fyrst henni hefir verið bent á það.

Pétur Ottesen: Út af þeirri till., sem fram hefir komið, um að vísa þessu máli til fjvn., vil ég geta þess, að á þinginu 1928 var þessu máli vísað til menntmn. Ég sé enga ástæðu til þess að breyta til um nefndarskipun nú og vil að málinu sé vísað til menntmn.

Magnús Guðmundsson: Það er alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að þetta mál var í menntmn. á þinginu 1928. Samt sem áður felli ég mig vel við till. hv. flm., að vísa því til fjvn. Það stendur nú svo á, að sú n. er nálega búin að ljúka störfum sínum, að afgr. fjárl.frv. Þess vegna virðist mér hún hafa nægan tíma til að athuga þetta mál, og trúi ég n. mjög vel til þess. Það er ekki hægt að neita því, að eðlilegast er, að svo stórt framlag sem þetta verði borið undir fjvn., enda ætla ég, að það hafi verið gert á þinginu 1928, þótt sú n. fengi það ekki beinlínis til athugunar. Mér finnst því réttast, að þessu máli sé vísað til fjvn., án þess þó ég vilji gera þetta að kappsmáli.

Það er sjálfsagt rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það þyrfti að breyta orðalagi frv., og skal ég því ekki fara frekar út í það. Ég vil aðeins beina því til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, að hún útvegi sér upplýsingar um það, hvað fyrir sig hefir gengið í þessu máli. Fyrst svo stendur á, að ráðh. sá, sem mál þetta heyrir undir, getur ekki verið hér við, er sjálfsagt, að n. afli sér þessara upplýsinga. Ég segi þetta ekki af því, að ég á nokkurn hátt rengi það, sem hv. flm. hefir sagt um afskipti hæstv. dómsmrh. af þessu máli, heldur vegna þess, að hér er enginn til andsvara af hans hálfu. Þó veit ég ekki nema hæstv. forsrh. geti gefið einhverjar upplýsingar í þessu máli. (**Forsrh.:** Mér er málið alveg ókunnugt). Fyrst hæstv. forsrh. veit þetta ekki, er enginn úr stj. hér, sem geti tekið til andsvara í málinu. Skal ég því ekki fara frekar út í það hér, en áskil mér rétt til þess, þegar málið kemur frá n. Vona ég, að n. komi þá með upplýsingar um allt, sem gerzt hefir og máli skiptir.

Pétur Ottesen: Ég vil benda hv. 1. þm. Skagf. á það, að þótt fjvn. skili bráðum áliti sínu, er langt frá því, að störfum hennar sé lokið. Fyrir henni liggur fjöldi erinda, sem upplýsingar vantar um og verða ekki afgreidd fyrr en til 3. umr. N. hefir því nóg með sinn tíma að gera við að undirbúa fjárlögin.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að á öndverðu þingi var máli um Skeiðaáveituna þröngvað upp á nefndina. Þessu máli hefir n. ennþá ekki getað sinnt. Ef n. nú á að fá nýtt mál til meðferðar, sem líka þarf upplýsinga um, er ég hræddur um, að nokkuð tefjist fyrir n. að afgr. fjárlögin. Það hefir líka verið fundið að því hér, að n. hafi ekki lokið svo fljótt störfum sem æskilegt væri. En hvað mun þá verða, ef á að fara að hlaða á hana óskyldum störfum?

Flm. (Jón Ólafsson): Ég hefi ekki margt að segja, því hv. 1. þm. Skagf. tók það fram, sem ég vildi sagt hafa.

Ég get ekki annað skilið en þetta mál eigi heima hjá fjvn., því hún hefir næstum því lokið störfum sínum. Ég er hræddur um, að jafnmiklum iðjumanni og hv. þm. Borgf. myndi bregða við, ef hann hefði ekkert að starfa. Mér finnst það því reglulegt gustukaverk að láta hann hafa eitthvað að starfa.

Þetta frv., sem hv. þm. var að tala um, hefði mátt afgreiða einhverntíma milli funda. Það, að frv. hefir ekki verið afgr., er ekki beinlínis því að kenna, að nefndin hafi ekki haft tíma til þess, heldur vegna þess, að n. þótti ekki nauðsyn að afgreiða það fyrr en hún gæti tekið það til rækilegrar athugunar. Að vísu var þrem mönnum úr n. falið þetta verk, en þar sem þess var krafizt, að koma fjárl. frá sem fyrst, þótti þeim engin nauðsyn að eyða tíma í að taka ákvörðun um þetta frv. Það ætti ekki að þurfa að daga uppi þess vegna.

Ég skal ekki þrátta við hv. þm. Borgf. Mig langar sízt af öllu til að fá mál í fjvn.,

en þetta mál finnst mér algerlega eiga þar heima. N. verður að athuga og gera till. um, hversu mikið og hvernig skuli veita þessa upphæð, sem hér er farið fram á.

Pétur Ottesen: Mér finnst leitað nokkuð langt eftir ástæðu til þess að vísa þessu máli til fjvn., ef það á að vera í gustukaskyni við einstaka nefndarmenn. Sýnir það vel, við hvaða rök þessi till. styðst, þegar grípa verður til slíks neyðarúrræðis sem þessa.

Fjvn. hefir frá upphafi haft tvo fundi á hverjum degi, 1½—2 tíma árdegis og alltaf 2—3 tíma á kvöldin. Nefndarmennirnir hafa jafnframt sinnt þingstörfum, og verður því varla ætlazt til meiri nefndarstarfa af þeim. Og ég ætla að biðja hv. þm. (JÓl) að taka eftir því (**JÓl:** Eftir hverju?), að ef hann er að gera gustukaverk á mér sérstaklega, getur það ekki byggzt á öðru en því, að hann líti svo á, að ég sé hlédrægur við að vinna nauðsynleg störf í nefndinni. Hv. þm. geta þar haft þá skoðun, sem þeim sýnist.

Flm. (Jón Ólafsson): Ég ætla að taka það fram, til þess að hv. þm. Borgf. misskilji ekki það atriði, hvers vegna ég vildi vísa málinu til n. hans, að það var mest í spaugi sagt. Hv. þdm. vita það allir, að hv. þm. Borgf. er hinn mesti iðjumaður, sem kann því illa að vera iðjulaus. Það var vegna þess, að ég sagði þessi orð, sem hann var að reyna að snúa út úr.

Ingólfur Bjarnarson: Mér finnst rétt að taka í sama strenginn og hv. þm. Borgf., að það er undarleg till. hjá hv. 3. þm. Reykv. að vilja vísa þessu máli til fjvn.

Hv. þm. Borgf. hefir skýrt það svo vel, að n. hefir fyrst um sinn meira en nóg að starfa. Þarf ég ekki að skýra það frekar.

Ég vil skjóta því til hv. 3. þm. Reykv., að mig furðar á því, að hann skuli telja, að n. hafi lítið að gera. Ég vil benda á það, að störf hennar að þessu sinni hafa ekki gengið það greitt, að ástæða sé fyrir hann að ætla, að hún hafi nægan tíma til að taka fleiri mál að sér en henni ber. Þátttaka sumra nm. hefir heldur ekki verið svo mikil, að það yrði til að flýta fyrir störfum hennar, og er ekki víst, að það verði frekar hér eftir en hingað til. Mig furðar á því, að hann skuli ekki hafa tekið þetta með í reikninginn.

Flm. (Jón Ólafsson): Það hefir komið fram till. um að vísa þessu máli til allsh. og get ég verið því samþ.

Vegna þess, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, vil ég geta þess, að framan af þinginu var ég dálítið tímabundinn, meðan ég var á fiskiþinginu, og gat þess vegna ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar. Ég kærði mig þá heldur ekki um þátttöku í þeim, og þess vegna þurftu nefndarstörfin ekki að tefjast. (**IngB:** Það voru fleiri). Ég álít, að n. sé skipuð þeim mönnum, sem iðulega sækja fundi, en ég skal fúslega játa, að ég gat ekki komið á fundi um nokkurn tíma, og bið ég velvirðingar á því, eins og ég hefi áður gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:2 atkv. og til fjvn. með 12:7 atkv.

Á 83. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. fjvn., á þskj. 547, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Dómkirkjan í Reykjavík.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um að umsjón og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sé fengið söfnuði hennar í hendur (þmfrv., A. 272).

Á 55., 67., 69. og 77. fundi í Nd., 17. og 31. marz, 2. og 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Kirkjuráð.

Á 55. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjuráð (þmfrv., A. 279).

Á 67., 69. og 77. fundi í Nd., 31. marz, 2. og 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

42. Utanfararstyrkur presta.

Á 55. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um utanfararstyrk presta (þmfrv., A. 280).

Á 67., 69. og 77. fundi í Nd., 31. marz, 2. og 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

43. Iðja og iðnaður.

Á 57. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað (þmfrv., A. 309).

Á 59. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson):* Með lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað, var gerð tilraun til þess að skipa málum þessa atvinnuvegar landsmanna með lögum. Það má náttúrlega segja, að slíkt spor, sem stigið var með þessum lögum, orki nokkuð tvímælis, eftir því hvernig litið er á tilgang slíkra ákvæða. Annarsvegar er frelsi manna til atvinnunnar, athafnafrelsið, og ef þau takmörk eru óvarlega sett, getur það orðið til þess að auka dýrtíð og erfiðleika í landinu. Hinsvegar er nauðsynlegt að setja ýmsar reglur um slíka atvinnugrein sem iðnað, til þess að tryggja þá, sem njóta starfa iðnaðarmanna, fyrir því, að það séu menn, sem ekki kunna starfið og geti því ekki látið nema svikna vöru af hendi.

Um mörg störf er það svo, að þeir, sem láta vinna verkið, geta ekki ætíð dæmt um, hvort það er vel unnið eða ekki. Þeir verða oft að treysta því, að þeir, sem verkið vinna, kunni það og fær maður stjórni því, svo að það verði sæmilega af hendi leyst. Það þarf því að tryggja það, að aðrir fáist ekki við þessi efni en þeir, sem fengið hafa þann undirbúning, sem nauðsynlegur er.

Þar sem hér er aðeins um smámál að ræða, skal ég ekki fara frekar út í það. Ég vil aðeins geta þess, að iðnaðarmenn eru ekki fullkomlega ánægðir með l. frá 1927 og hafa fundið til þess, að breyta þarf einstökum atriðum og gera þau fyllri og nákvæmari. Þeir hafa talað um þetta við þm. og óskað eftir, að þeir bæru hér fram frv. um þetta efni. Síðast hafa þeir nú skrifað þm. bréf það, sem birt er hér sem fylgiskjal með þessu frv. á þskj. 309, sem við hv. þm. N.-Ísf. flytjum. Þar er farið fram á nokkrar breyt. frá því, sem nú er, en þær eru flestar mjög smávægilegar. Þó eru sumar allverulegar, t. d. að fella burt ákvæði 13. gr., er undanþiggur þá menn frá að hafa iðnbréf, sem einungis reka iðnað með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri. Það er því farið fram á, að einnig þessir menn þurfi iðnbréf.

Þá er einnig farið fram á, að mörg ákvæði laganna, sem nú ná aðeins til kaupstaða, skuli einnig taka hér eftir til allra kauptúna.

Þá er í 3. lagi farið fram á, að enginn megi taka nemendur til iðnaðarnáms nema sá, sem hefir meistarabréf.

Þessar 3 óskir Iðnráðsins sáum við flm. ekki fært að taka til greina að svo komnu.

Ég fyrir mitt leyti vil fylgja 3. atriðinu, því það er stórt atriði, að enginn taki nemendur nema hann sé til þess fær. En mér finnst réttast, að sú breyt. komi smátt og smátt. Við tökum því ekkert af þessu, en berum hér fram frv. í 3 gr., og skal ég taka þetta fram um þær:

1. gr. er breyting á 1. tölul. 18. gr. lag-

anna frá 1927, en hann er um það, að ef enginn maður er til í kauptúni eða kaupstað, sem rekur tiltekna grein iðnaðar, má veita manni iðnbréf, þótt hann uppfylli ekki skilyrði laganna. Eftir frv. á hér við að bætast, að iðnbréfið gildi þá ekki nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda beri bréfið það greinilega með sér. Þetta sýnist vera ógætni í lögunum. Það nær vitanlega engri átt, að menn geti streymt til slíkra staða og fengið þar iðnbréf og farið svo jafnharðan til annara staða, þar sem skilyrðin eru strangari, og fengið þar þann rétt, sem þeir hafa, sem uppfylla skilyrði laganna. Mér finnst rétt, að þau bréf gildi aðeins þar, sem svo illa er ástatt um iðnaðarmenn. Ég held þetta geti varla orkað tvímælis.

Aðalatriði þessa frv. er í 2. gr. Þar er farið fram á, að sett verði á stofn, eða réttara sagt löghelgað ástand, sem þörfin hefir skapað. Það er, að skipað sé iðnráð í kaupstöðum landsins, til þess að sjá um framkvæmd þessara og annar laga, sem til eru og sett kunna að verða um iðnað. Ég sagði, að hér væri farið fram á að löghelga ástand, er þörfin hefði skapað, því að hér í Reykjavík hefir verið komið á fót iðnráði, sem hefir haft það hlutverk að gæta þess, að þessum lögum og öðrum væri hlýtt. Skal ég ekki fjölyrða frekar um þetta. Vona, að hv. þdm. sjái, hver nauðsyn er á þessu. Hér er verið að koma upp svipaðri stofnun og Búnaðarfélagið og Fiskifélagið er fyrir hina tvo stærstu atvinnuvegi landsins. Þeir, er þennan atvinnuveg stunda, geta sjálfir valið sér menn, sem eigi tillögurétt um þeirra málefni, og í kaupstöðum landsins á það að vera iðnráð, sem sjái um framkvæmd laganna. Þeir eiga t. d. að sjá um, að nemendur læri það, sem þeir að lögum eiga að læra hjá þeim, sem taka þá til kennslu, þeir, sem ganga undir sveinspróf, hafi rétt til þess, brotthlaupnir nemendur séu ekki teknir af öðrum meisturum, hvort rétt sé að slíta samningi. Það þarf ekki annað en að líta á þetta til þess að sjá, hve erfitt það er fyrir þá, sem laganna gæta, að hafa eftirlit með þessu. Það verður ekki í neinu lagi, nema stéttin sjálf hafi rétt til að gæta þess. Það er eins eðlilegt, að iðnaðarmenn hafi fulltrúa um landið, sem gæti þess, að lögunum sé framfylgt og lög sett, eins og Búnaðarfélagið hefir það.

3. breytingin, sem farið er fram á, er smávægileg. Hún gengur út á það, að menn, sem stunduðu iðn áður en lögin frá 1927 komu til framkvæmda og leyft var að halda þeirri iðn áfram, fái nú ókeypis iðnbréf. Það virðist rétt, að allir, sem iðn mega reka, hafi iðnbréf og fái ella engan starfa. Þá verður líka hægara að hafa eftirlit með lögunum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég vona, að hv. deild sýni þessu frv. þá vinsemd að vísa því til 2. umr. og að umr. lokinni til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Gelding hesta og nauta.

Á 61. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um gelding húsdýra (þmfrv., A. 338).

Á 67., 69. og 74. fundi í Nd., 31. marz, 2. og 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Lárus Helgason): Þetta mál er svo einfalt, að ég tel ekki þörf að ræða það, en óska, að það verði látið ganga til 2. umr.

Hákon Kristófersson:* Ég held, að það þurfi gaumgæfilegrar athugunar, hvort hér er ekki stofnað til vandræða með hliðsjón af lögunum, ef á að lögbjóða, að hestar séu svæfðir, þegar þeir eru geltir.

Það eru ekki nema einstöku menn, sem kunna það hér á landi. Ég held því, að það væri rétt, að menn kynntu sér þessa hluti, áður en farið er að lögbjóða svæfingu. Ég hefi umsögn eins dýralæknis um það, að það geti verið skaðlegt fyrir hesta, að þeir séu svæfðir, og dæmi munu til þess, að hestar hafa ekki vaknað aftur. Og ef svæfing getur orðið til þess, að menn tapi góðum gripum, þá tel ég verr farið en heima setið. Þetta yrðu góð lög fyrir þá, sem hefðu komið þeim á pappírinn, en framkvæmdin yrði verri.

Þetta frv. er vafalaust fram komið af því menn hafa fundið, að fyrirkomulagið hefir ekki verið gott, og það er síður en svo, að ég vilji gera lítið úr þeirri góðu viðleitni, að meðferð á dýrum verði betri en áður. En hvers vegna vilja hv. þm. þá ekki líka gera svona ráðstafanir um geldingu sauðfjár, enda þótt sú dýrategund sé nokkru tilfinningarminni en þær, sem hér eru nefndar? Ég skýt þessu fram aðeins til athugunar, en ég er hræddur um, að framkvæmdir verði ekki miklar í þessum efnum fyrstu árin, þó að þetta frv. verði að lögum.

Frsm. (Lárus Helgason):* Hv. þm. Barð. segir, að það þurfi að kenna mönnum að svæfa dýr, áður en farið er að lögleiða svæfingu. En ég veit ekki betur en frv. feli þetta í sér. Það er ætlazt til þess, að þeir einir fari með þessi svæfingarlyf, sem hafa leyfi dýralæknis eða héraðslæknis til þess, svo að ég sé ekki, að þetta sé á miklum rökum byggt hjá hv. þm.

Hv. þm. hélt, að framkvæmd þessa máls yrði erfið eða ómöguleg. Það þykir mér næsta undarlegt, ef svo þarf að vera. Sýslunefndirnar eiga að sjá um þetta, og þeim verður innan handar að sjá um, að nógu margir menn séu, sem kunna þetta verk.

Hv. þm. spurði, hvers vegna sauðfé hefði ekki verið tekið undir sama lagaákvæði. En það er nú svo, að það er talsverðum vafa undirorpið, hvort það er svo handhægt eða svo auðvelt að koma því við, svo að n. sleppti því, í þeirri trú, að þegar menn eru komnir upp á það að nota þessa aðferð við stærri skepnur, þá verði einnig farið að nota hana við þær minni.

Í fyrra lá fyrir þinginu samskonar frv. og þetta. Það var flutt eftir tilmælum Dýraverndunarfélags Íslands, og það er einnig svo um þetta frv. Mig furðar á því, að menn skuli ekki geta fallizt á, að þetta frv. nái fram að ganga. Okkur þykir vafalaust öllum vænt um hestana, okkar þörfustu þjóna, svo að okkur ætti ekki að finnast of mikið fyrir þá gert, þó að við tækjum upp þessa aðferð, en hún kemst seint á, ef á að bíða eftir, að menn taki hana upp ótilkvaddir. Mér er reyndar kunnugt um það, að einstöku menn í mínu byggðarlagi eru farnir að svæfa hesta, þegar þeir gelda þá, og hefir það gefizt prýðilega. Meðulin, sem notuð hafa verið, eru venjuleg svæfingarmeðul frá héraðslækninum, og munu þau því geta gengið hvar sem vera skal, ef rétt er með þau farið. Það er minni vandi að svæfa gripi en menn. Það hefir oft komið fyrir, þegar héraðslæknar verða að svæfa menn, að þeir hafa haft menn sér til hjálpar, sem ekkert hafa lært í læknisfræði, og gefizt vel. Það má því fullkomlega treysta því, að í hverri sýslu megi finna menn, sem geti leyst vel af hendi það verk, sem hér um ræðir.

Ég vænti, að ekki þurfi langar umr. um málið að þessu sinni. Ég skil ekki annað en að hv. þdm. hljóti að geta fallizt á, að þetta er þarft mál og réttmætt. Þessi aðferð er búin að ganga allt of lengi við þarfasta þjóninn, og væri vel, ef tækist að ráða bót þar á. Þess vegna ættu allir hv. þm. að vera samtaka í að stuðla að því, að þeir tímar séu á förum, sem svo illa hefir verið farið með hestana. — Ég ætla svo ekki að halda lengri ræðu, nema ég neyðist til þess vegna ummæla, sem fram kunna að koma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:2 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Þetta frv. gengur nú með flugvélarhraða gegnum hverja umr. af annari. Þótt málið sé sjálfsagt gott og gagnlegt og mikið mannúðarmál, þá finnst mér þó hæpið að samþ. frv. alveg óbreytt. En þess er varla kostur að bera fram brtt., nema þá skriflegar, þegar málið er drifið gegnum deildina á fáum mínútum. Orðalagið er að vísu ekki gott, hvorki á 1. né 2. gr., en þó læt ég það vera, ef ekkert væri verra. En það eru ákvæði 3. og 4. gr., sem gera samþykkt frv. sérstaklega óskyggilega. Í 3. gr. segir, að brot gegn lögum þessum varði sektum, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum gildandi lögum. Nú sýnist mér, að mikið hljóti að vanta á það, að nægilega margir menn, sem hafa þekkingu til að gelda þau dýr, er um ræðir í 1. gr., geti haft þá leikni og þekkingu í meðferð svæfingarlyfja, sem heimtuð er í 2. gr. Eftir 3. gr. sýnist eins og þessir menn eigi að sæta sektum, og er þetta ákvæði enn hæpnara fyrir þá sök, að 4. gr. mælir svo fyrir, að lögin gangi í gildi 1. jan. 1931. Nú er svo nýbúið að taka upp þessa aðferð við geldingar, að ég efa stórlega, að sýslunefndunum verði kleift að útvega nægilega mörgum mönnum kennslu á þessu tímabili. Hvað sem líður ákvæðum þriggja fyrstu gr. frv., þá held ég, að það væri hyggilegt að breyta 4. gr. þannig, að lögin gangi ekki í gildi fyrr en 1. jan. 1932.

Það sakar minna heldur en frágangur frv. sjálfs, þótt rökstuðning þess fari öll í bága við ákvæðin. Það kemur til með að hverfa, þegar lögin verða prentuð í Stjórnartíðindum. En þó er meinlaust að benda á, að í grg. er talað um geldingu húsdýra almennt, hversu ómannúðleg hún hafi verið, og úr því þurfi að bæta. Ef síðan er litið á frv., eru þar ekki nefnd á nafn önnur húsdýr en naut og hestar, og er það óneitanlega ekki lítil þrenging á því sviði, sem frv. er markað í grg., og raunar einnig í fyrirsögninni.

Eftir þeim viðtökum, sem þetta frv. hefir fengið hér í kvöld, skil ég ekki annað en það sigli hraðbyri gegnum Alþingi. Til þess að koma í veg fyrir, að samþykkt þess verði til þess, að menn verði sektaðir í stórhópum, eingöngu af því að þeir höfðu ekki tíma til að fara eftir boðum laganna, mun ég bera fram brtt. við 4. gr., í þá átt, sem ég nefndi áðan. Einnig væri sérstök þörf á að koma með brtt. við fyrirsögn frv., svo að hún gefi ekki í skyn, að það sé um allt annað heldur en það er. Má vera, að einnig komi skrifleg brtt. um það atriði.

Hákon Kristófersson:* Hv. 1. þm. Árn. hefir nú tekið fram margt af því, sem ég ætlaði mér að segja, en þó skal ég bæta nokkru við. — Það verður varla talin nein nýlunda, þótt stórmál séu afgr. með afbrigðum frá þingsköpum svona rétt í þinglokin. En þó sætir það undrum, að þvílíkt mál sem þetta skuli vera afgr. þannig, að ómögulegt er eða illmögulegt að bera fram brtt. Skal ég við engan deila um það, hvort andstaða mín gegn þessu frv. sé af því sprottin, að ég sé minni dýravinur en aðrir, eða af einhverjum öðrum orsökum. En þó finnst mér hálft í hvoru, að þessi dýravinátta, sem gripið hefir suma hv. þm. nú hinar síðustu klukkustundir þingsins, kunni að stafa af því, að þeir finni til sektar gagnvart þeim mönnum, er í landinu búa, fyrir framkomu sína hér á Alþingi. Nú er eins og þeir ætli að bæta ögn fyrir sér með göfugri framkomu gagnvart dýrunum. — Ég vil alveg neita því, að hér sé um nokkurt stórkostlegt nauðsynjamál að ræða, eins og m. a. segir í grg. frv. Málið er ekki merkilegra en svo, að engum hefir komið til hugar að bera það fram, fyrr en nú fyrir örfáum dögum. Og það er víst, að mörg stærri mál munu fá að bíða afgreiðslu, er þessu þingi lýkur. (**SÁÓ:** Það á ekki að deila um þetta mál!). Ég held nú, að hv. 4. þm. Reykv. hafi deilt um mörg mál, sem ósæmilegra er að deila um en þetta. Vanalegum, skynsemi gæddum mönnum hefði þótt þurfa að deila um

það, hvort heldur ætti að flytja fáeinar tunnur af hafnarbakkanum út í Esju núna eitt kveldið, eða hvort skipið ætti að bíða hér alla nóttina eftir þessum tunnum. (SÁÓ: Þetta er ekki þingmál). Ég kem aðeins með þetta til samanburðar, svo að það sjáist, út af hverju hv. 4. þm. Reykv. telur sæmandi að deila.

Ég held, að allvel hefði farið á því, að málið hefði gengið skipulegan og venjulegan gang gegnum þingið. Ef hv. þm. eru svo fullir af umhyggju fyrir skepnunum, sem þeir nú láta, þá er næsta undarlegt, að ekkert skuli bóla á þeim áhuga fyrr en komið er að þingslitum. Ég get tekið undir með hv. 1. þm. Árn., að það geti verið viðsjárverður hlutur að leggja háar sektir við brotum á þessu, meðan þekking manna á aðferðinni er ekki næg.

Ég býst svo við, að ekki þýði að tala meira um þetta mikla menningarmál, — að dómi hv. flm. sjálfra, en sem þó var ekki ofar í þeim en það, að þeir vöknuðu fyrst til þess á síðustu stundu. Ég vildi láta þess getið, að ég get fullyrt, að ekki verður frekar farið eftir þessum lögum en hverjum öðrum pappírslögum frá Alþingi fyrr og síðar, svo að umbætur hv. þm. ná þá ekki tilgangi sínum einu sinni enn.

Magnús Guðmundsson: Ég vil ekki blanda mér neitt inn í þessa deilu, en mér finnst fyrirsögn frv. ekki svara til innihaldsins. Ég vil því leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. við fyrirsögn frv. — Skal ég svo ekki segja fleira.

Forseti (BSv): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við frv. Önnur er frá hv. 1. þm. Árn., svo hljóðandi:

„Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1932".

Hin er frá hv. 1. þm. Skagf., svo látandi:

„Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um geldingu hesta og nauta".

Mun ég leita afbrigða fyrir þær báðar í einu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verða þskj. 544, I—II) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég held, að sá ótti, sem fram kom hjá tveimur hv. dm. um að framkvæma þessi lög sé með öllu ástæðulaus. Mér er kunnugt um það úr Borgarfjarðarsýslu, að a. m. k. utan Skarðsheiðar hefir þessi aðferð nær eingöngu verið notuð síðustu árin. Það var maður, sem fæst við geldingu, sem tók þetta upp hjá sjálfum sér og hefir farizt það ágætlega úr hendi. Honum ætlaði í fyrstu að ganga erfiðlega að fá klóróform, en fyrir atbeina annara tókst það samt. Og eftir þá reynslu, sem hann hefir fengið, hefir hann haft það á orði, að ef hann ekki gæti fengið klóróform, þá mundi hann hætta að gelda hesta. Sama mun vera viðar upp tekið í Borgarfjarðarsýslu, og að ég hygg líka í Mýrasýslu. Í Borgarfjarðarsýslu mun því nálega enginn hestur vera geltur nú án þess að hann sé svæfður. Einnig er það kunnugt, að svæfing hefir verið notuð mikið í Norðurlandi. Dýralæknirinn á Akureyri hefir ferðazt um Norðurland og svæft þá hesta, sem hann hefir gelt. Þeir, sem séð hafa báðar þessar aðferðir, eru alveg sannfærðir um það, að ekki er hlítandi við gamla ástandið og að sjálfsagt er að verja hestana þeim kvölum af skurði, sem þeir verða fyrir, ef þeir eru geltir ósvæfðir. Það er alveg rétt, sem hv. form. landbn. sagði, að þetta er menningar- og mannúðarmál. — Hv. þm. Barð. er eitthvað að minnast á hordauða. Mér er nú ekki kunnugt um neitt slíkt. Og a. m. k. gefur Borgarfjarðarhérað ekkert tilefni til slíkra ummæla, enda er nú hv. þm. ekkert sérstaklega kunnugur þar. — Þá held ég, að ástæðulaust sé að fresta framkvæmd þessa um tvö ár, eins og hv. 1. þm. Árn. hefir gert till. um. Ég er viss um, að þetta veldur engum örðugleikum í höndum aðgætinna manna, og þar sem talsverð þekking er fengin um þetta víða um land, þá mun það ekki vera of hörð krafa, að lögin komi til framkvæmda þegar á næsta ári. Þykir mér vel á því fara, ef hægt verður að nota þann skamma tíma, sem eftir er af þessu þingi, til að greiða götu þessa mannúðarmáls.

Jörundur Brynjólfsson: Mér hefir ekki dottið í hug að mæla á móti því, að æskilegt sé að svæfa dýr við geldingu, en ég

vil, að sú varúð sé höfð í frammi, að mönnum gefist tími og kostur að afla sér þess kunnugleika, sem til þess þarf. Mér er það kunnugt, að mjög víða um land kunna menn alls ekki að svæfa eða fara með svefnlyf. Því hygg ég, að sá tími, sem frv. tiltekur, sé of naumur til þess að menn almennt geti verið búnir að læra þessa aðferð fyrir næsta vor. Ég vil því, að mönnum gefist nægilegur frestur til að læra svæfingaraðferðina. Hv. þm. Borgf. sagði, að þessi aðferð væri notuð utan Skarðsheiðar. En það svæði er ekki nærri helmingur Borgarfjarðarhéraðs. Ég veit, að þessi aðferð hefir verið notuð á stöku stað, en ekki heldur meira. Ég vil því, að áður en löggjafarvaldið fer að hegna mönnum fyrir vanrækslu í að svæfa við geldingu, þá gefi það mönnum um leið hæfilegan frest til að læra aðferðina.

Þá er enn eitt atriði í frv., sem gerir mig hálfhikandi um að samþ. það. En það eru ákvæði 2. gr., þar sem hverjum manni, sem þetta kann, er heimilað að fá svæfingarlyf. Ég held, að í þessu geti fólgizt hætta. Ég hygg, að betur fari að það sé vitað, að þessir menn hafi þekkingu, varfærni og þá aðgæzlu, sem heimtandi er, þar sem skylt er að láta slíkt efni til þeirra. Það má að vísu segja, að brtt. mín bæti ekkert úr þessu. En þetta heyrir þó beinlínis undir hana, því verði hún samþ., þá gefst meiri tími til að vanda val á slíkum mönnum.

Þetta allt virðist mér sanna það, sem ég áður sagði, að frv. þessu er ábótavant bæði að efni og orðfæri. Ég get því ekki fylgt þessu frv. óbreyttu, en ég álít, að mín brtt. bæti þó nokkuð úr, ef hún verður samþ.

Frsm. (Lárus Helgason):* Hv. 1. þm. Árn. taldi hæpið, að hægt væri að samþ. þetta frv. óbreytt, enda kom hann með brtt. við það. M. a. fann hann að því, að greinar frv. væru óskýrt orðaðar. Kannske hefir það verið yfirsjón landbn. að fara ekki í smiðju til hv. þm. og fá hann til að semja frv. um. Þá hefðu ekki orðið gallarnir á orðalaginu. Ég held nú samt, að þeir, sem skilja mælt mál, telji gr. ekki óljósar. Og allir sjá, hver kjarni frv. er. Um það er engin spurning. En kjarni frv. er sá, að skepnurnar séu ekki lengur kvaldar að nauðsynjalausu. Hvað lærdóminum viðvíkur, þá er hann ekki annar en sá, að kunna að fara með klóróform. Og ég sé ekki, að það sé svo vandasamt, að meira þurfi en ár til að menn læri það. Í hverju héraði landsins er læknir, sem getur kennt það, og auk þess höfum við fjóra dýralækna. Væri ekki ofverk þeirra að gefa út erindi um það, hvernig menn skyldu að fara við notkun svæfingarlyfs. — Ég tók það fram áður, og hv. þm. Borgf. hefir líka bent á það, að menn hafa af sjálfsdáðum komizt upp á að nota það. Og það er vitanlegt, að þetta hefir gengið vel þar sem það hefir verið reynt. Ég veit, að svo er það í mínu byggðarlagi, og hv. þm. Borgf. segir hið sama úr sínu. En hér á Alþ. er verið að reyna að gera þetta mál flókið. En það er öðru nær en að það sé það. Ég sé ekkert á móti því, að menn um allt land geti að tilhlutun sýslunefnda lært að fara með efnið. Það er ekki svo mikill vandi. Meira að segja eru í hverju læknishéraði fleiri og færri menn, sem kunna þetta. Það er ekki meiri vandi að svæfa skepnur en menn. Ég hefi nokkrum sinnum aðstoðað við að svæfa menn og farnazt vel. Hv. 1. þm. Árn. vildi halda því fram, að hverjum manni væri heimilt að fara með efnið. Ég segi nei. Það er ekki öðrum heimilt en þeim, sem sýslunefnd tiltekur.

Hv. þm. Barð. var að furða sig á því, að þessu máli væri hraðað svo mjög gegnum þingið, að til þess væru notuð afbrigði, þar sem ýmsum stórmálum væri ekki hraðað. Ég tel einmitt, að auðveldara sé að hraða smærri málunum, vegna þess að þau eru einfaldari, þegar nauðsyn er á að koma þeim fram. Hann taldi mikla bót, ef brtt. hv. 1. þm. Árn. væri samþ. Það mundi mikið bæta úr heimsku landbn. En mér er sama, hvort hv. þm. kallar frv. heimskulegt eða ekki. Hv. deild mun skera úr því, og undir þann úrskurð vil ég beygja mig. — Hv. þm. þótti undarlegt, að þetta frv. skyldi vera látið bíða fram á síðustu stund og áleit, að áhugi fyrir því hefði þá fyrst vaknað. En frv. þetta hefir orðið að bíða af sömu ástæðu og mörg önnur mál, af þeim hlut, að þau hafa ekki komizt að. En það er eðlilegt, að því sé hraðað, þar sem það er einfalt mál, en nauðsynlegt að það gangi fram. — Um

brtt. er það að segja, að ég tel hvoruga þeirra nauðsynlega. Og till. hv. 1. þm. Árn. er beint til spillis, þar sem hún frestar framkvæmd laganna um eitt ár.

Till. frá hv. 1. þm. Skagf. er meinlaus, en ekki nauðsynleg. Ég veit ekki betur en að hestar og naut séu húsdýr. Er því fyrirsögnin ekkert rangnefni á frv.

Sé ég svo enga ástæðu til að tefja hv. deild lengur með ræðu minni. Óska þess eins, að frv. verði samþ.

Jörundur Brynjólfsson: Það er leiðinlegt, hvað hv. þm. V.-Sk. er orðsjúkur. Það kemur í ljós í hverju máli, sem frá hv. landbn. kemur, að ef fundið er með rökum að gerðum hennar, þá kastar hann hnútum að þeim, sem það gera. En hv. þm. hefði samt í þetta sinn getað sparað sér þetta hnútukast. Ég hefi ekkert verið að seilast til landbn. né gengið í skrokk á henni, þótt það hefði mátt. En slíkt má vitanlega alltaf gera, að finna að störfum n.; það játa ég. Mér fannst því, að ummæli hv. þm. væru óþarflega hvöss, en ég ætla þó ekki að kvarta, þótt hann sneri svona við ummælum mínum. Ég tók það fram í upphafi, að öllum væri ljóst, hvað við væri átt, þótt ekki væri það vel orðað. Ég treysti mér fljótlega til að orða frv. um, svo það væri bæði gleggra og nær íslenzku máli. Hv. þm. V.-Sk. skal ég til smekkbætis lesa fyrstu málsgr. grg. þeirrar, er fylgir frv. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gelding húsdýra hefir löngum verið mjög ómannúðleg hér á landi. Þessi margra alda ósiður verður að leggjast niður sem allra fyrst fyrir fullt og allt, en það gerist ekki á stuttum tíma, nema með lagaákvæðum, þó vitanlegt sé, að nokkrir dýravinir eru þegar búnir að taka upp þá aðferð, sem frv. þetta stefnir að".

Þarna er beinlínis verið að tala um að leggja niður gelding húsdýra. En um hvað er svo frv.? Um ekkert annað en gelding húsdýra. Hv. þm. V.-Sk. tók það samt svona illa upp, að ég sagði, að frv. væri ekki heppilega orðað.

Ég veit vel, að víðsvegar um landið kunna menn ekki að svæfa. Ég held því, að ekki veitti af einu ári til að kenna mönnum það. Ég veit að vísu, að læknar kunna þetta og einstaka menn kunna þetta, en almennt kunna menn það ekki, og það í stórum héruðum.

Viðvíkjandi sölu á svæfingarlyfi, sem um getur í 2. gr., þá veit ég það, að bannað er að selja öðrum en þeim, sem lært hafa að svæfa. En það þarf að tryggja, að þessir menn hafi næga þekkingu til að fara með lyfið, og í frv. er ekkert bann lagt við því, að þeir megi nota það til annars. Væri þó viðkunnanlegra og varlegra að hafa slíkt í frv., um það getur ekkert álitamál verið; það er svo sjálfsagt. Og þótt manni eins og hv. form. landbn. sé treystandi til að fara með slíkt lyf, þá er ekki öllum jafnvel treystandi til þess.

Frsm. (Lárus Helgason):* Ég skal litlum tíma eyða. Hv. 1. þm. Árn. er að tala um 1—2 vor, sem sé upp á að hlaupa. En þetta má læra á hvaða tíma árs sem er, og nú er heilt ár upp á að hlaupa, því gelding fer yfirleitt ekki fram fyrr en á þessum tíma árs.

Ég vildi bara benda á, að þetta er rangfærzla. Hv. 1. þm. Árn. má snúa út úr grg. þessa frv., ef hann vill leggja sig eftir því; ég tel að n. sé alveg ómeidd fyrir því.

Forseti (BSv): Hv. þm. eru beðnir að lengja ekki umr. meir með óþörfu pexi.

Jörundur Brynjólfsson: Það munum vera við, sem andmælum þessu frv., sem pexum að dómi hæstv. forseta.

Maður skyldi ætla, að hv. þm. V.-Sk. sé ekki vaxinn upp í sveit á Íslandi. Hann man víst ekki, að það er vani að gelda hesta snemma á vorin, og samkv. lögum á það að vera búið fyrir tiltekinn dag, eða í þetta sinn eftir fáa daga. Fyrir þann tíma eiga menn víst að vera búnir að læra þetta. Geldingu nauta þarf varla að telja með. — Annars er auðséð, að ekki þýðir fyrir mig að andmæla þessu frv. Um röksemdir er ekkert hirt, og þó menn verði neyddir til þess að brjóta sum ákvæði þessa frv., ef að lögum verður, og önnur ákvæði þess stór varhugaverð, á samt að drífa það í gegn.

Frsm. (Lárus Helgason): Ég ætla bara að benda á, að það stendur í frv., að lögin

gangi í gildi 1. janúar 1931, svo að það er ekki rétt hjá hv. 1. þm. Árn., að þessi ákvæði gangi í gildi nú þegar. (**JörB**: Hvenær á að vera lokið geldingu hesta árlega?).

Sveinn Ólafsson: Ég álít ekki þörf að ræða þetta mál meira, en ég vil taka undir með hv. 1. þm. Árn. og fleirum um það, að undirbúningur þessa máls er ekki góður. Ég sé aðeins eina aðferð rétta til þess að afgreiða það, og hún er sú, að vísa því til stjórnarinnar, og geri ég það að till. minni.

Ólafur Thors: Ég held, að það séu ekki nema 30—40 ræður, sem búið er að halda um þetta mál.

Hér liggur fyrir stjfrv., sem ætla mætti, að hæstv. ríkisstj. legði nokkurt kapp á, að fram megi ganga. En nú eru búnir þrír fundir í dag og þetta frv. hefir verið tekið út af dagskrá hvað eftir annað til að rýma fyrir tveimur öðrum frv., sem ekki verður séð, að mikið velti á. Tel ég því rétt, að hæstv. forseti stöðvi þessar óþörfu umr., svo hin stærri málin fái afgreiðslu.

Forseti (BSv): Svo liggur í tilhöguninni með þessi mál, að hv. landbn. hefir beðið mig að koma þessum málum fram. Eina ráðið til þess var að halda kvöldfundi fleiri en einn nú í kvöld og leita afbrigða um afgreiðslu málanna. Búizt var við, að umr. um þau yrðu litlar eða engar. En um benzínskattinn var álitið, að yrðu mjög langar umr. En ég skal taka benzínmálið seinast og hafa þá þrjá fundi um það, ef ekki verða of langar umr.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi taka undir með hv. 2. þm. G.-K., að úr því að frv. um innflutningsgjald af benzíni er ekki enn komið til umr., þá væri æskilegast, að það kæmi ekki fyrr en á morgun. Ég þarf líka að vakna snemma.

Ólafur Thors: Ég ætla ekki að ráðast á hæstv. forseta fyrir tillögun hans á gangi málanna nú á þessum síðustu og verstu dögum þingsins, því að hann á það ekki skilið. En varlega skyldi hann treysta þessum hv. þm., sem þykjast ætla að verða stuttorðir um smámálin, en halda svo einar 30 ræður.

Annars kann ég vel við, að það sjáist í Þingtíðindunum, að mér stendur ekki á sama um þetta stjfrv. Það er gamalt mál, og var einu sinni kallað litla ljóta frv. Ég hefi gaman af að vera flm. fyrir hæstv. stj. í því!!

ATKVGR.

Till. 1. þm. S.-M. um að vísa málinu til stj. felld með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÁÁ, HStef, HJ, HK, IngB, JJós, JörB.

nei: SÁÓ, ÞorlJ, BSt, EJ, HV, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, BSv.

HG greiddi ekki atkv.

Sex þm. (BÁ, GunnS, JAJ, JÓl, JS, MT) fjarstaddir.

Brtt. 544,I samþ. með 16 shlj. atkv.

— 544,II felld með 13:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, ÞorlJ, BSt, EJ, BSv.

nei: HStef, HJ, HK, IngB, JörB, SvÓ, TrÞ, ÁÁ.

HG, JJós greiddu ekki atkv.

Sex þm. (JAJ, JÓl, JS, MT, BÁ, GunnS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed., með fyrirsögninni: **Frv. til l. um geldingu hesta og nauta.**

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 545).

Á 79. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til **1. umr.**

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til landbn. með 7 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

45. Lax- og silungsveiði.

Á 62. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lax- og silungsveiði (þmfrv., A. 343).

Á 67. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég ætla ekki að fjölyrða um málið að þessu sinni. Ég vildi aðeins óska þess, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og landbn.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja það, að mér finnst undarlegt, að hv. flm. þessa frv. skuli ekki vilja hafa fyrir að gera grein fyrir þeim mörgu og víðtæku breyt. á laxveiðalöggjöfinni, sem hér liggja fyrir, enda þótt viðleitni hafi verið sýnd til þess í grg. þeirri, sem frv. fylgir. Það er svo stutt síðan frv. var útbýtt, að lítill tími hefir unnizt til að athuga það, með því að annir hafa verið miklar í deildinni. Mér var það samt ljóst undir eins við fyrsta lestur þessa frv., að hér var um víðtækar breytingar að ræða. Þó að ég hafi haft lítinn tíma, vil ég til athugunar fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, drepa á nokkur atriði.

Það er náttúrlega ekkert óeðlilegt, þó að breytingar komi við þessi lög, þar sem þau eru frá 1886. En eftirtektarvert er það, hve vel hefir verið gengið frá þessari löggjöf, úr því menn hafa getað hlítt henni þangað til nú. Mér virðist það stafa að nokkru leyti af því, að héraðsstjórnirnar hafa samkv. þessum lögum haft þessi mál að nokkru leyti í sínum höndum og getað hagað þeim eftir því, sem hentugast var í hverju héraði, en eins og menn vita, hagar mjög misjafnt til með lax- og silungsveiði, eftir því hvar það er á landinu.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er mjög horfið frá því ráði að láta héraðsstjórnirnar hafa nokkurt vald í þessu efni, heldur á að setja allsherjarlöggjöf, er gildi fyrir landið í heild.

Í 2. gr. frv. er það ákvæði, að ekki megi byggja jörð nema veiði sú, er henni tilheyrir, fylgi með. M. ö. o., jarðeiganda er óheimilt að taka veiði undan jörðinni, þegar hann byggir hana. Ennfremur er samkv. þessari gr. manni, sem býr á eignarjörð sinni, óheimilt að leigja veiði þá, sem jörðinni fylgir, nema til stangarveiði, og þó ekki lengur en 10 ára tímabil í einu.

4. liður 2. gr. mælir svo fyrir, að ef réttur til stangarveiði er skilinn við landareign samkv. 3. málsgr., þá sé löglegt, að landeigandi jafnframt afsali sér rétti til annarar veiði í vatninu það tímabil, sem stangarveiðin er við landareignina skilin. Eftir þessu varðar það ekki við lög, þó að landeigandi leigi öðrum veiðirétt í þessu tilfelli, en undir öllum öðrum kringumstæðum er það óheimilt. Þannig er landeiganda meinaður ráðstöfunarréttur á veiði sinni að mestu leyti. Þarna virðist mér nokkuð langt gengið í því að takmarka eignarrétt manna. Þetta er því fremur ástæðulaust, sem hér væri ekki um aukna friðun að ræða, því að þótt jarðeigandi leigði einhverjum veiði, þá mundu veiðilögin gilda um veiði hans að öllu leyti engu að síður.

Í 3. gr. frv. er svo ákveðið, að þar sem svo stendur á, að veiðiréttur hefir verið skilinn við jörð, þá hafi landeigandi rétt til að leysa hann til sín, en veiðieigandi geti þá aftur á móti krafizt, að allir þeir, sem þar eiga innlausnarrétt, leysi veiðina til sín, hver fyrir sínu landi. Þessar innlausnir mega fara fram eftir mati.

Mér virðist þörf á að athuga, hvort hér sé gengið of langt í því að takmarka eignarrétt þeirra manna, sem hér kynnu að eiga hlut að máli, að krefjast þannig, að þeir láti eign sína af hendi án þess að um nokkurt eignarnám sé að ræða. Þegar svo stendur á, að ekki eru allir samtaka að krefja sér þessa réttar, getur sá, sem veiðiréttinn á, krafizt þess að þeir, sem ekki kærðu sig um að innleysa sinn veiðirétt, leysi hann einnig inn. Þetta ákvæði er eðlilegt og sjálfsagt til að tryggja það, að sá, sem veiðiréttinn hafði, sitji ekki eftir með það af veiðisvæðinu, sem minnst er varið í. En ákvæðið er aftur á móti varhugavert gagnvart þeim mönnum, sem eru skyldaðir til að innleysa

þessi fornu veiðiréttindi, sem væru þeim ef til vill lítils virði. Það er því nærgöngult við þá að setja svona ákvæði.

Yfirleitt finnst mér 3. gr. ganga of langt í því að takmarka eignarrétt manna, en vafasamt, hvað mundi vinnast við það, þó að henni yrði framfylgt.

Þessi ákvæði ná ekki þar til, sem um sameign er að ræða, t. d. sveitarfélags. Mér virðist þetta vera bending frá hv. flm., að hér sé vísir að því, að verið sé að fara inn á þá hæpnu braut — — —[1])

Þá eru hér teknar nokkrar greinar upp úr vatnalögunum, sumar lítið breyttar, en aðrar nokkuð breyttar. Ég ætla ekki að fara neitt út í það, en náttúrlega er sjálfsagt fyrir hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að bera þessi ákvæði saman við ákvæði vatnalaganna.

Þá kemur III. kafli frv., um skrásetningu veiðivatna, veiðiskýrslur o. fl. — Ég sé ekki ástæðu til að fara út í það neitt verulega, en vík kannske að því síðar í sambandi við annað frv.

Þá er IV. kaflinn, og hann byrjar á því að banna, að veiða megi lax í sjó. Hingað til hefir þetta, eins og kunnugt er, verið heimilt, og enda komið nokkuð á rekspöl að veiða lax í sjó. Mér er t. d. sagt, að hér inni í Leiruvogunum hafi það verið stundað með góðum árangri, og eins er mér kunnugt um, að svo hefir verið gert í Hvalfirði. Eins og þetta mál horfir við nú og án frekari skýringa finnst mér það varhugavert að vera að banna veiði í sjó, og vil ég, í sambandi við ákvæði frv. um þetta, benda hv. flm. á það, að hann gerir hér mun á því, hvort nýlega er farið að stunda veiðina eða hún hefir verið stunduð um nokkurt árabil. Þannig er gert ráð fyrir því í þessum ákvæðum, að þar, sem farið er að stunda þessa veiði áður en fasteignamatið 1922 var gert og þar sem tekið er tillit til hlunninda af þessari veiði, megi halda áfram veiði, þótt öllum öðrum, sem seinna hafa byrjað, sé það algerlega bannað. Ég skal nú t. d. í þessu efni benda á, að það eru tvær jarðir við norðanverðan Hvalfjörð, sem þannig hagar til, að löndin liggja saman. Á annari var fyrir allmörgum árum byrjað að veiða lax í sjó, og þegar matið fór fram, var þessara hlunninda getið í mati jarðarinnar og visst tillit tekið til þess við jarðamatið. Eftir þessu ákvæði mætti þessi bóndi halda áfram að veiða í sjó, en bóndinn á hinni jörðinni, sem byrjað hefir veiðiskap fyrir nokkrum árum, verður að hætta. Mér þykir þetta einkennilegt ákvæði í lögunum, þótt ég verði að játa, að það sé athugavert að svipta þær jarðir hlunnindum, sem komin eru í fasteignamat þeirra. Nú er líka á það að líta í þessu sambandi, að þegar veiði er bönnuð í sjó, eru líka eyðilagðir allir þeir fjármunir hjá mönnum, sem þeir hafa lagt í slíka útgerð, og hún er töluvert dýr; þetta er því töluvert harkaleg aðferð, og þar sem þetta á að stuðla að því, að meiri veiði verði í ánum en ella, virðist ekki ósanngjarnt, að þeir, sem þannig missa veiðirétt sinn og á þann hátt eru gerð verðlaus fyrir þeim töluvert dýr veiðitæki, fengju einhverjar bætur. Virðist það og vera í samræmi við önnur ákvæði frv., t. d. um ófriðun sels, að þar sem selveiði er lögð niður, eigi fiskveiðendur að greiða þeim, sem leggja niður selveiði, bætur fyrir. Mér finnst því, að hér gæti töluverðs ósamræmis, og vil ég ennfremur benda á það, að þetta ósamræmi kemur víða í ljós í þessu frv., og í því sambandi vil ég minna á, að afleiðingar af þeim breyt., sem hv. flm. leggur til, gera það að verkum, að verðgildi ýmsra jarða samkv. fasteignamatinu mun breytast ákaflega mikið fyrir ákvæði frv.

Þá er hér og nýtt ákvæði um það í 15. gr., að eigi megi hafa ádrátt í ósum, í sjó eða á leirum við sjó, og ekki megi stunda veiðiskap í árósum eða ósum við stöðuvötn nær en sem nemi 100 metrum upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Slík ákvæði hafa vitanlega í för með sér mjög miklar breyt. á veiðiskap; eins og nú er tíðkað, getur verið að það sé að einhverju leyti nauðsynlegt, en ég vil leggja mjög ríka áherzlu á það við hv. landbn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún kynni sér sem víðast staðhætti í þessum efnum og dragi sínar ályktanir af því. Í minu kjördæmi geri ég ráð fyrir að þetta muni hafa allveruleg áhrif á veiðarnar víða.

1) Hér vantar kafla í ræðuna frá hendi þingskrifara. — P. O.

Þá kemur hér í þessum sama kafla, að eigi megi veiða lax nema á tímabilinu frá 1. júní til 15. september. — Það er nú eitt af þeim ákvæðum, sem héraðsstjórnirnar hafa haft á sínu valdi, hvenær veiði sé byrjuð og hvenær henni skuli hætt; er það vitanlega byggt á því, að það er mjög mismunandi, hvenær lax gengur í einstakar ár. Vil ég t. d. benda á ákvæðin í Borgarfjarðarsýslu, að í Hvítá er heimilt að byrja veiði 20. maí, en aftur í Laxá í Borgarfirði er ekki heimilt að byrja fyrr en 15. júní. Þetta er vitanlega miðað við það, að lax gengur á svo mismunandi tíma í þessar ár, og þess vegna virðist mér að þetta ákvæði, sem hér er farið fram á að setja, falli alls ekki saman við það, t. d. sem héraðsstjórnin í Borgarfirði hefir álitið, að heppilegt væri um það, hvenær byrja skyldi að veiða í héraðinu, og sem vitanlega er byggt á margra ára reynslu þar í þessu efni. Þetta vildi ég ennfremur biðja hv. n. að taka til athugunar, og ég vil í þessu sambandi benda á það, að ég tel mjög varasamt og ekki hagkvæmt að setja ein og sömu ákvæði um þetta fyrir land allt; ég held, að það væri miklu réttara, að haldið sé hinum eldri ákvæðum, eins og þau eru í hinum gildandi lögum, að leyfa viðkomandi héraðsstjórnum að ákveða um það, hvenær veiði skuli byrja og hvenær henni skuli hætt. Á þann hátt verður það bezt samræmt við staðhætti alla.

Þá kemur hér ákvæði um það, að sá tími skuli allmikið lengdur, sem net eigi að liggja í landi í hverri viku, eða úr 36 klst., sem mun vera í gildandi lögum, og upp í 60 klst. Þetta á vitanlega að stuðla að því, að laxinn hafi greiða göngu upp í árnar, og getur það ef til vill haft við mikil rök að styðjast á ýmsum stöðum, en hitt virðist mér, að þar sem um stórár er að ræða, eins og t. d. Hvítá og Ölfusá, að það geti síður átt þar við, þegar svæðið, sem netin liggja yfir út í árnar, er svo tiltölulega lítið, samanborið við breidd ánna landa á milli. Ennfremur eru hér gerðar mjög miklar breyt. um ádráttarákvæði. Flestum mun koma saman um það, að það, sem sé einna hættulegast fyrir lax- og silungsveiði, sé ádráttur á hrygningarstöðum, því að það er alkunna, að sumstaðar er hægt að ganga mjög nálægt laxi á þann hátt. Það er þess vegna svo ákveðið, að það megi aldrei draga á nema 4 daga í hverri viku og aldrei nema annað dægrið. Ennfremur eru miklu viðtækari heimildir í þá átt að takmarka ádráttarveiði í þessu frv.; þannig er það, að ráðh. er heimilt að banna alla ádráttarveiði í hyljum undir fossum, og ennfremur þar, sem netalagnir eru, innan 20 metra fjarlægðar frá þessum stöðum, þannig að hér er gengið mjög langt í þá átt að takmarka og jafnvel leggja niður með öllu ádráttarveiði, og ég sé það nokkurn veginn í hendi mér, að eftir ákvæðunum í þessu frv. mun a. m. k. ein jörð í minu kjördæmi, þar sem þriðjungur verðmætis jarðarinnar byggist á laxveiðihlunnindum, að eftir þessu munu öll laxveiðahlunnindi verða tekin af þessari jörð.

Það er náttúrlega sjálfsagt að athuga og virða fullkomlega nauðsyn slíkra takmarkana, en hinsvegar verður þó jafnframt að gæta þess að ganga ekki svo langt í þessum efnum, að einstakar jarðir, sem kannske hafa ekki aðstöðu til veiði nema ádráttar, missi hlunnindi sín með öllu, úr því að ádráttarveiði er leyfð á annað borð. Og ég vil þá benda á það, að þar sem svona verður á þessum stað og þar sem frv. gerir ráð fyrir að veita nokkra tilhliðrun um sjávarveiði, þá er líka ástæða til, þar sem jarðir eru sviptar svo og svo miklu af verðgildi sínu með slíkum ákvæðum, að nokkrar bætur komi þar fyrir. — Ég bendi á þetta til hægðarauka fyrir þá n., sem fær þetta mál til meðferðar. Annars er, til viðbótar við þær takmarkanir, sem beinlínis eru settar í þessu frv., ráðherra gefið ákaflega mikið vald og þeim veiðimálastjóra, sem á að skipa samkv. þessu frv., — nokkuð á borð við það, sem átti að veita úttektarmönnum hreppanna í ábúðarlagafrv., sem nú liggur fyrir þessu þingi. — Annars stingur það allmikið í stúf við allar þessar auknu takmarkanir á ádráttarveiði, að lengdur sé tíminn, sem draga má á í hverjum sólarhring, frá því, sem er í núgildandi lögum, og er mér það hreinasta ráðgáta, hvernig á því stendur.

Þá skal ég nú hlaupa yfir nokkuð langan kafla hér og minnast þá aðeins stuttlega á þann kafla, sem lýtur að friðun

vatnasilungs. Þar á nefnilega að banna alla veiði, aðra en dorgar- og stangarveiði, á tímabilinu frá 27. september til 31. janúar ár hvert, og er þetta miðað við það, að silungur er friðaður að haustinu, og þess vegna þykir ástæða til að banna slíka veiði. Nú er það alkunna, að í ýmsum stærri veiðivötnum er veiði mikið stunduð á þeim tíma; gæti ég trúað, að þeim brygði mjög við, sem búa við Þingvallavatn t. d., því að það er öllum vitanlegt, að þeir veiða mikið á þessum tíma, og svo er það víðar hér á landi með önnur veiðivötn.

Þá er og ráðh. heimilað í þessum sama kafla að banna að nokkru eða öllu leyti silungsveiði, aðra en dorgar- og stangarveiði á tilteknum svæðum, þar sem hitasilungur safnast saman; býst ég við að þar sé átt við Mývatn, og ennfremur þar, sem mikil silungsgengd er til hrygningar og talið er að hætta stafi af.

Þá er ég kominn út að VI. kafla, um veiðitæki og veiðiaðferðir. Þar er t. d. ákvæði um það, að lagnir, sem eigi hafa verið notaðar síðasta veiðitíma áður en lög þessi komu í gildi, megi ekki taka til notkunar nema ráðh. leyfi eftir tillögum veiðimálastjóra. Mér finnst þetta ákvæði nokkuð einkennilegt, og þar sem ekki virðist vera bannað að taka upp nýjar lagnir, sé ég enga ástæðu til að banna þetta frekar, en vitanlega verður það að hlíta ákvæðum núgildandi laga, og svo ákvæðum þessa frv., þegar það er orðið að lögum. En ég sé ekki, við hvað það styðst að banna að taka upp eldri lagnir, því að það er nefnilega svo, að lagnir breytast mjög mikið, áin grynnist og dýpkar á víxl, svo að það verður að taka upp nýjar lagnir og leggja niður aðrar, eftir því hver breyt. hefir á orðið næsta vetur á undan.

Þá eru hér ákvæði í þessum sama kafla um stærð neta, möskvastærð þeirra og annað þess háttar, en ég skal ekki fara að ræða það, til þess hefi ég ekki næga þekkingu, og skal því halda mér við ádráttinn. Þar er sagt, að ekki megi draga á yfir meira en ⅔ hluta árinnar. Ég býst við, að það verði mjög erfitt að ákveða slíkt nákvæmlega, því ef á að leyfa ádrátt á annað borð, þá verður tæplega hægt að halda honum innan þessara takmarka, enda gengur hv. n. og hv. flm. inn á það í aths. sínum, og því fremur verður erfitt að fylgja þessu ákvæði, þar sem algerlega er bannað að hafa fyrirstöðunet, og heldur ekki má vera með grjótkast, eins og algengt er við ádrátt, svo að ég býst við, ef á að fylgja nákvæmlega þessu ákvæði, að það sé alveg sama og að banna ádráttarveiði.

Ég minntist á það áðan, við ákvæðið, að ekki mætti hafa ádráttarnætur nær ósum en 200 metra, að það er algerlega sama og að banna ádrátt, og endurtek ég því þá ósk mína til hv. n., að hún taki þetta til rækilegrar athugunar í sambandi við það dæmi, sem ég nefndi áðan.

Það eru settar nokkuð meiri takmarkanir en áður um það, hvað fastar veiðivélar megi ná langt út í árnar. Áður var það víst svo, að veiðivél mátti vera úti í miðri á, en nú ætla ég, að það sé ekki nema ⅓ af breidd árinnar. Ég býst nú við því, að í breiðum og vatnsmiklum ám muni þetta valda lítilli breyt. frá því, sem nú er, en hinsvegar býst ég við, að þetta muni verða til þess að hefta eða draga úr lagnetaveiði sumstaðar í smærri ám. En það verður líka að taka það til athugunar, að ekki er sumstaðar svo þröngur rammi um lagnetaveiði, að mönnum sé þó ekki algerlega fyrirmunuð sú veiði í smærri ánum, en það er auðvitað hlutverk þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að afla sér upplýsinga um það hjá einstökum þm., hvernig þetta muni koma við í einstökum héruðum, þar sem um laxveiði er að ræða og þeir þekkja til.

Þá er líka lengt nokkuð bilið, sem má vera á milli lagna eftir endilöngu. Það var áður 60 metrar, en er nú lengt upp í 100 metra. Það fer náttúrlega eftir staðháttum, hvort þetta kann að rekast á við nauðsynina á hverjum stað.

Þá er ég nú kominn að VII. kaflanum í þessu frv. Ég bendi aðeins á þau atriði, sem ég hefi við mjög fljótan yfirlestur þessa frv. rekið augun í og þykir ástæða til að vekja athygli hv. landbn. á. VII. kaflinn er um fiskvegi og önnur mannvirki í veiðivötnum. Það segir svo í 36. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegum né nær neðra mynni þeirra en 50

metra og nær efra mynni þeirra en 30 metra".

Það er nú skýring um það að finna í frv., hvað séu fiskvegir, og það skilst mér, að heyri undir það, hvort sem settur er laxastigi í foss ellegar að sprengt er þannig úr fossinum, að laxinum sé kleif uppganga. Skilst mér, að þá verði algerlega bönnuð öll veiði í hylnum undir fossinum og líka á 30 metra svæði fyrir ofan fossbrúnina, og þar sem hér er skilyrðislaust bönnuð öll veiði, verður að taka það til athugunar. Það má heldur ekki veiða á stöng í þeim hyl, sem er undir fossinum, né heldur nota önnur veiðitæki, því að hér er um skilyrðislaust bann að ræða.

Þá hafa verið tekin upp í frv. lög, sem samþ. voru á síðasta þingi um fiskiræktarfélög, þó talsvert breytt. Ég vil biðja hv. landbn. að taka þann kafla vel til athugunar og þær breyt., sem eru á frv. frá þeim lögum, sem afgr. voru í þessu efni á síðasta þingi. Ég skal ekki minnast á mörg af þeim atriðum nú, það er helzt eitt, sem ég vildi drepa á, en það er kostnaður af fiskiræktarfélögunum, hvernig honum skuli jafnað niður. Þar er gerð breyt. á þeim lögum, sem samþ. voru í fyrra. Þau lög kveða svo á, að kostnaðinum skuli jafnað niður eftir veiðimagni hverrar jarðar, en í frv. er gert ráð fyrir að ¼ kostnaðar verði jafnað niður á jarðirnar eftir fasteignamati jarðanna. Þetta, að miða við veiðimagn, hlýtur að vera réttlátara, því að fasteignamat veiðijarða fer alls ekki að öllu leyti eftir því, hversu háttað er um veiðina. Þar kemur margt annað og því óskylt til greina. Þess vegna álít ég ekki rétt að víkja frá þeim grundvelli, sem lagður var í fyrra í þessu efni. Ég nefni þetta nú til að beina athygli hv. landbn. að því og vona, að hún taki það til íhugunar. Þetta er talsverð breyting á lögunum frá því í fyrra og þarfnast því gaumgæfilegrar athugunar.

Þá kemur IX. kafli, sem er um ófriðun sels. Það mál er alþekkt hér í deildinni. Á undanförnum þingum hefir legið fyrir frv. frá þm. Árn. um ófriðun sels í Ölfusá, en það hefir ekki gengið fram, af því þar er ætlazt til, að ríkissjóður borgi það atvinnutap, sem ábúendur selveiðijarðanna yrðu fyrir vegna ófriðunarinnar. Hinu var enginn á móti, að ófriða sel, þar sem hann gerði usla í laxveiðinni, ef þeir, sem þar ættu hagsmuna að gæta við laxveiðina, borguðu það tjón, sem selláturseigendur biðu við ófriðunina.

Nú hefir hv. flm þessa frv. smeygt þessu ákvæði inn í frv., að ríkissjóður beri þennan kostnað að svo miklu leyti, sem hann á jarðir þær, sem hér ræðir um, að svo miklu leyti, sem það tap ynnist ekki upp með aukinni veiði á jörðunum sjálfum. En ég álít, að þeir, sem eiga þarna hagsmuna að gæta og hafa von um aukna lax- eða silungsveiði, ef selur væri ófriðaður, eigi að borga þetta, en ekki aðrir. Á þessu vil ég vekja athygli n.

Þá er X. kafli um stjórn og eftirlit veiðimálanna. Frv. kveður svo á, að atvmrh. skuli hafa yfirumsjón allra veiðimála og skipa veiðimálastjóra og veiðimálanefnd sér til aðstoðar. Veiðimálastjóri skal skipaður til fimm ára og vera launaður af ríkissjóði, en veiðimálanefndina skipa 3 menn. Búnaðarfélagið skal tilnefna einn, Fiskifélagið annan og atvmrh. þann þriðja. Þetta fyrirkomulag á að vera svo þangað til samband íslenzkra fiskiræktarfélaga kann að verða stofnað.

Um kostnað við veiðimálanefnd segir frv. svo:

„Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en kostnaður við starf hennar greiðist úr ríkissjóði".

Þetta orðalag orkar tvímælis, og er sjálfsagt að orða þessa málsgr. öðruvísi og nær því, sem hv. flm. mun hugsa sér með henni.

Þá á að skipa eftirlitsmenn við veiðivötn, svo marga sem nauðsyn þykir til. Þeir eiga að hafa eftirlit með, að lögunum sé hlýtt. Þá er heimtuð nákvæm mánaðarleg skýrsla yfir veiði hvers manns, sem eftirlitsmennirnir eiga að safna. Laun sín skulu þeir fá úr sýslusjóði.

Það hljóta að vera miklir erfiðleikar að framfylgja þessum ákvæðum, og þykir mér líklegt, að þau verði ekkert nema bókstafurinn, a. m. k. fyrst um sinn, en kostnaðarsamt hlýtur þetta að verða.

Þar sem eftirlitsmenn eru ekki, eiga hreppstjórar að taka að sér starf þeirra. Að því er séð verður eiga þeir enga borgun að fá fyrir það starf, heldur er þessu

starfi bætt á hreppstjórastörf þeirra án sérstaks endurgjalds.

Þá er XI. kafli, um styrkveitingar til fiskiræktar. Þar er gert ráð fyrir, að borgað skuli 1.50 kr. á hvert dagsverk fyrir byggingu klakstöðvar. Klakstöðvar eru nauðsynlegar, og þarf því að láta þær njóta allrar velvildar.

Þá kemur XII. kafli, sem er um skaðabætur. Þar er eitt atriði, sem ég vildi benda á. Það er 2. liður í 69. gr. Sá liður hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmætt erindi".

Þetta ákvæði virðist mér nokkuð hart, og er líklegt, að það yrði til þess, að saklausir menn yrðu sektaðir. Menn verða að sanna, að þeir hafi átt þarna lögmætt erindi. Það getur nú nokkuð farið eftir því, hvað lagt er í það orð, hvað kallað er lögmætt erindi. Mér virðist þarna gengið lengra í sektarákvæðunum en annars er venjulegt að gera, þó að full ástæða sé til að setja sektarákvæði um alla misnotkun og veiði í heimildarleysi. Það er því ástæða til að taka þennan lið til athugunar og breyta þar orðalagi. (JÓl: Þetta er sniðið eftir landhelgislögunum). Landhelgin er innan ákveðinnar línu, og engir eru teknir þar, nema þeir séu staðnir þar að ólöglegum veiðum. En eftir þessu frv. á að sekta hvern þann, sem er utan þjóðvegar með veiðistöng, ef hann hefir ekki lögmætt erindi, þótt hann sé ekki staðinn að neinum ólöglegum athöfnum. Á þessu er mikill munur.

Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég er þakklátur hv. form. landbn. fyrir að hafa hlustað á þessa ræðu mína, þó að hv. flm. frv. hafi kosið þann tíma til að ræða um frv., sem venja er að hafa fyrir kaffihlé.

Forseti (JörB): Út af þessum síðustu orðum hv. þm. vil ég geta þess, að þetta er ekki alveg rétt. Núna er klukkan ekki nema nokkrar mínútur yfir 4, en hv. þm. byrjaði að tala kl. 3½, svo að mér þótti ekki taka að slíta í sundur ræðu hans.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. þm. Borgf. lét í ljós undrun sína á því, að ég hefði ekki fylgt þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum. Það er rétt, að í frv. eru allmörg ákvæði, sem brjóta talsvert í bág við eldri ákvæði og eru nýmæli í okkar laxveiðilöggjöf. Að því leyti var það rétt, að frv. er þess vert, að því fylgi nokkru frekari grg. en enn er orðið. Ástæðan til þess, að ég lét enga framsöguræðu fylgja frv. var sú, að allmjög var liðið á fundartímann og ég vildi eigi tefja fyrir því, að málið kæmist til nefndar. En þó fer því fjarri, að ég hafi nokkuð á móti því, að aths. við frv. komi nú fram. Ég set því ekkert út á það, þótt hv. þm. Borgf. kæmi nú með sínar aths. til að lýsa sjónarmiði sínu, þótt ég sé honum hinsvegar í nær engu atriði sammála. Ýms af þeim atriðum, sem hv. þm. tók til meðferðar, eru þess eðlis, að það hefir mikla þýðingu fyrir málið, hvernig Alþingi snýst við þeim, og vil ég því gera þeirra grein frá mínu sjónarmiði. En ég hlýt að draga mál mitt mjög saman, því að ég býst við, að sumum hv. þm. finnist nú önnur enn alvarlegri störf framundan í kvöld, þar sem er framhald eldhúsdagsumræðna, og má búast við, að mál mitt verði sundurlausara fyrir þessar sakir.

Fyrst sagði hv. þm. Borgf., að þar sem laxveiðilöggjöfin hefði staðið því nær óbreytt frá 1886 og fram á þennan dag og ekki hefði orðið vart sérlegrar óánægju með hana, mætti það virðast benda í þá átt, að þessi löggjöf væri nú við hlítandi. En þetta er enganveginn svo. Laxveiðilögin, sem sett voru 1876 og breytt nokkuð 1886 voru engan veginn sett með góðu samkomulagi. Hagsmunir þeirra, sem ofar og neðar búa með ánum, rákust þá á, eins og þeir hafa gert síðan, og mikið var þá um þetta deilt. — Niðurstaðan af þessum deilum varð sú, að laxveiðalöggjöfin varð mjög ófullkomin, eins og glöggum mönnum var þegar ljóst árið 1886, er lögin voru sett. Enda mun það vera mála sannast, að ef þessum lögum hefði nokkurntíma verið framfylgt eins og þau hljóða, hlyti þeim að vera löngu breytt. En lögin hafa verið margkrossbrotin út við sjó og upp til dala. Það er illt að þurfa að segja þetta, en það er svo.

Tilgangur okkar, sem þetta frv. höfum samið, hefir verið sá, að gera lögin svo úr garði, að unnt yrði að halda þau og að þau gætu orðið til heilla fyrir alda og óborna. Hversu þetta hefir tekizt, skal ég ekki um dæma, en það er hyggja mín, að fái þessi lög að standa um hríð, muni þau reynast gagnleg og verða til þess að auka þessi hlunnindi landsmanna.

Hv. þm. drap síðan á nokkur einstök atriði frv., sem hann taldi mjög til hins verra, og skal ég nú snúa mér að þeim.

Hv. þm. var mjög á móti takmörkunum þeim, sem frv. gerir á veiði á ýmsum stöðum. En þetta er einmitt eitt helzta atriðið í breytingunni á gildandi löggjöf og sérlega áríðandi, að vel sé frá því gengið. Má raunar segja með nokkrum sanni, að við höfum ekki mikla reynslu í þessu efni, en það hafa aðrar þjóðir, og við það hefir nefndin mjög stuðzt. Lífnaðarhættir og ganga lax og silungs er með hinum sama hætti hér og í öðrum löndum, og því má nota þeirra reynslu. Það hefir alstaðar sýnt sig, að nauðsynlegt er að takmarka mikið veiðina, til að geta haldið þessum hlunnindum handa framtíðinni. Laxveiðin sérstaklega hefir alstaðar farið sáminnkandi, og eftir því sem veiðiaðferðir hafa batnað, hefir aukizt hættan á því, að hún yrði upprætt með öllu. Með óbreyttri löggjöf hér, og ef menn fara að nota öll þau fullkomnari tæki, sem nú þekkjast, til laxveiði, ásamt meira fjármagni, má búast við, að veiðin verði upprætt með öllu á fáum árum.

Í þessa átt bendir og reynsla annara þjóða, og er illt að hafa ekki tíma til að skýra hér frá henni með nokkurri nákvæmni.

Fyrsta atriðið til takmörkunar á laxveiði er það, að við leggjum til, að hún sé með öllu bönnuð í sjó. Þetta er ekki af því, að sérstök hætta stafi af sjávarveiðinni eins og er, heldur vegna hættunnar, sem yfir vofir, ef hún eykst. Þarna höfum við einmitt annara reynslu að fara eftir. Við Ameríkustrendur hefir veiðin verið mjög mikil áður, bæði í sjó og ám. En sakir þess, hve kappsamlega sjávarveiðin hefir verið stunduð, hafa þessi hlunnindi þorrið stórkostlega, og á síðari árum er laxganga í ár afarmikið minni á sumum stöðum, t. d. við Newfoundland. En það þarf ekki að fara til Ameríku til að fá þessa reynslu. Í Danmörku hefir sjávarveiði verið stunduð um langa hríð og með þeim árangri, að laxgengd í ósalt vatn er nærri horfin. Munu Danir hafa misst alla von um að geta úr þessu bætt eða bjargað laxveiðinni. Í Svíþjóð var veiðiskapur eitt sinn mikill, en vegna sjávarveiði þvarr hann mikið er fram í sótti. Nú er það svo með Svíum, að jarðaverð styðst m. a. við þessi hlunnindi, og því hefir þar ekki verið að því horfið ennþá að banna sjávarveiði með öllu. En í Svíþjóð er mikið um það rætt að bjarga laxveiðinni, og þar mundu menn fegnir vilja, að aldrei hefði verið komizt eins langt og orðið er út á þá braut að veiða lax í sjónum. En nú er svo mikill hluti af ágóðanum af þessari veiði horfinn inn í jarðaverð í landinu, að ekki þykja tiltök að svo komnu að banna hana með öllu. — Þá er Noregur. Þar var laxveiðiskapur í ám áður mjög mikill og drjúg tekjulind. En hann hefir minnkað mikið á síðustu árum. Norðmenn hafa gert ýmislegt til að halda við veiðinni og auka hana aftur, t. d. byggt mörg klakhús. En nú er svo komið, að 85% af veiðiskap Norðmanna eru í sjó, og mörg klakhúsin standa tóm, vegna þess að í ánum fæst ekki nægur lax í þau. Í Noregi hefir mikið verið um það rætt að banna með öllu sjávarveiði á laxi, og hafa verið skipaðar þar nefndir til að athuga þetta. Vegna þess hve veiðin er almenn, hafa þeir þó ekki treyst sér til að banna hana alveg. En þeir vildu fegnir, að þeir hefðu aldrei byrjað á henni. Norðmenn hafa reist harðar skorður við því, hvernig haga megi sjávarveiðinni, en telja þó hæpið, að þeir fái borgið laxveiðinni í landinu, fyrst veiði í sjó er ekki með öllu bönnuð. — Það er þessi reynsla annara þjóða, sem við eigum nú að nota okkur, og byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. Við eigum að banna algerlega laxveiði í sjó, áður en hún er orðin nokkur atvinnuvegur í landinu. (JAJ: Hvernig er það með laxveiðina í Alaska?). Ég get svarað hv. þm. því, að ég efast ekki um, að laxinn í Alaska sé sömu náttúrulögum háður og annarsstaðar á hnettinum. Hann deyr út, ef hann kemst ekki í ferskt vatn til að halda sér við.

Hv. þm. Borgf. drap á, að í frv. væru ýmsar takmarkanir, sem snertu réttindi manna, t. d. hvernig væri ráðstafað innlausn á réttindum, ef veiði hefir verið leigð eða seld frá jörð. Þetta var með ráðnum hug gert af okkur nm. Við töldum bezt, að veiði fylgi þeim jörðum, sem áður hefir fylgt. Þetta eru hlunnindi, sem hafa fylgt jörðunum frá fornri tíð, og koma þá bezt að notum, að þau séu eign almennings. Má því ekki samkv. frv. skilja veiði frá jörðum eða ábúð, nema um stuttan tíma í senn, og það einungis stangarveiði um mest 10 ára bil í senn, nema sérstaklega standi á og ráðherra og veiðimálastjóri eða veiðimálanefnd leyfi. Þótt með því móti, sem ráð er fyrir gert í frv., sé nokkuð þrengt að umráðarétti manna, þá er það ekkert nýmæli, að löggjafarvaldið setji slík ákvæði, þegar almenningsheill krefst þess, að slíkar takmarkanir séu gerðar. Í þessu tilfelli er vissulega ástæða til að láta slíkt ráða.

Þá þótti hv. þm. athugaverð ákvæði 3. gr., sem fjalla um það, að eigendum jarða sé heimilt að krefjast innlausnar á fráskildum veiðiréttindum hver fyrir sínu landi, ef meiri hl. krefst þess. Ég er nú sannfærður um það, að þar sem veiðiréttur á annað borð er nokkurs virði, þá verði menn sammála um að innleysa hann. Það er áreiðanlega mikill áhugi fyrir því um land allt, að veiðirétturinn fylgi þeim jörðum, sem hann hefir áður fylgt. Og ég er viss um, að menn vilja mikið á sig leggja til þess að tryggja, að þessi réttur fylgi jörðum þeirra.

Hv. þm. drap á sjávarveiði og kom þar fram með skoðun, sem fer algerlega í bága við skoðun n. Hv. þm. vill ekki viðurkenna, að sjávarveiði sé hættuleg, og telur, sem er, að hún hafi stundum borið góðan árangur. En þótt svo sé, þá er öðru nær en að það sanni það, að þessi veiði sé ekki hættuleg og skaðleg. Það er einmitt sjávarveiðin og takmarkalítil veiði í árósum, sem hefir orðið orsök þess, að veiðin hefir þorrið. Ég býst varla við því, að hv. þm. hafi kynnt sér, hvernig veiði var háttað fyrr og nú. Það eru að vísu ekki til ljósar sagnir frá fyrri tímum, en þó eru til allvíða um land heiti á ám (laxár), sem gefa nokkra hugmynd um þetta. En þegar safnað var drögum til jarðabókar Árna Magnússonar, þá kemur það nokkuð vel í ljós, hversu þá hefir verið ástatt. Og ég skal benda á, hvernig það var þá, til að sýna nokkuð, hvað það gildir að stunda veiðina óskynsamlega. Ég skal lesa upp tölur, er sýna fjölda veiðijarða í hverju héraði, þegar safnað var drögum til jarðabókar Árna Magnússonar, og til samanburðar geta þess, hvernig það er nú.

	Jarðab. Á. M.	1928
1. Árnessýsla	50	38
2. Gullbr. og Kjósars. ..	26	8
3. Mýra- og Borgarfjs. ..	90	60
4. Húnavatnss.	85	46
5. Skagafjarðars.	55	13
6. S.-Þingeyjars.	21	9
Samtals	327	174

Af þessu má sjá, að veiðijörðum hefir fækkað afarmikið á landinu, en auk þess er víða svo, að þar sem áður var mikil veiði, er nú lítil eða nálega engin veiði. Og þess ber einnig að gæta, að svona er komið, þrátt fyrir mjög ófullkomnar veiðiaðferðir á liðnum tímum. En með nýtízku veiðiaðferðum er fljótlega hægt að uppræta það, sem eftir er. En í veg fyrir það verður að koma með lögum. Það er því ekki rétt að segja, að varhugavert sé að banna veiði í sjó. Það er miklu nær að snúa setningunni við, og væri þó ekki nógu sterkt að orði kveðið, því með mikilli veiði í sjó má hreint og beint uppræta allan lax. Og það mun brátt sýna sig, að klak og skynsamlegar veiðiaðferðir gefa fljótlega beinan gróða. Þótt veiði minnki máske í bili, þá eykst hún fljótlega og verður þá arðsamari, bæði vegna meiri veiði og vegna þess að minni tími fer í veiðiskapinn, þegar laxgengdin hefir vaxið.

Hv. þm. talaði þá um bann gegn veiði í sjó og þótti kenna nokkurs ósamræmis, að n. vill leyfa þá veiði, sem er fyrir löngu byrjuð, en banna þá, sem væri nýlega byrjuð. — Við því er það að segja, að einhversstaðar verður að leggja merkjalínur. En ég held, að þetta ákvæði verði hvergi tilfinnanlegt. Það ákvæði nær ekki nema til örfárra manna.

Þá drap hv. þm. á, að það væri í alla

staði eðlilegt að greiða þeim bætur, sem yrðu að eyðileggja veiðitæki vegna þeirrar veiði, er þeir hefðu haft í sjó, en sem væri þeim ekki lengur heimil, og að það væri jafneðlilegt eins og að greiða bætur fyrir útrýmingu sels. Og í sambandi við þetta gat hann þess, að frv. um útrýmingu sels hefði fallið hér í deildinni af því þingið hefði ekki viljað ganga inn á það, að ríkið greiddi bætur til landseta sinna. — Ég verð nú að segja það, að mér þykir leiðinlegt að heyra þetta, ef það er rétta ástæðan fyrir því, að þingið vill ekki hlynna að veiði, sem snertir fjölda manns, vegna þess að það teldi eftir einhverjar smábætur, er það yrði að greiða um stund vegna eyddrar selveiði. — En þetta er hreint ekki sambærilegt við bætur fyrir veiðitæki. Fyrir selalátur koma því aðeins bætur, að þau hafi staðið lengi og séu friðlýst. (PO: Hér er verið að taka af mönnum rétt!). Það má kannske segja svo, en ekki þó meiri en á ýmsum öðrum sviðum, t. d. um bann gegn veiðum í landhelgi. Hv. þm. drap á, að samkv. frv. mundu sumir missa mikil veiðiréttindi. Það er mjög leiðinlegt, ef svo verður. En ég held, að ekki ætti að þurfa að fara svo. Hv. þm. drap á eina jörð í Borgarfirði, sem mundi tapa sínum veiðirétti við þetta. En ég held nú, að svo mundi ekki fara. Ég býst við, að undanþáguákvæðið í 15. gr. 3. lið eigi við í því tilfelli, er hv. þm. nefndi. Í þeirri gr. er heimild til að veita undanþágu, ef það er ekki hættulegt vegna fiskigöngu. (PO: Þessi heimild kemur þar ekki að liði!). Ef svo er, þá er rétt að taka það til athugunar og leiðrétta, ef það kemur ekki í bága við fiskigöngu. Það er vilji okkar að koma í veg fyrir það, að menn séu ástæðulaust sviptir rétti sínum.

Þá drap hv. þm. á ádráttarveiði og þær skorður, sem reistar eru gegn henni, og um friðun. N. taldi nauðsynlegt að búa þessi ákvæði svo úr garði. Menn kunna að líta misjöfnum augum á það, hvað nauðsynlegt þykir, en ég hugsa, að n. hafi ekki gert þessa kröfu harðari en nauðsyn ber til. Um friðunina er það að segja, að í veiðilöggjöf, þar sem ár eru yfirleitt styttri en hér, er ákveðin 72 stunda friðun, t. d. hjá Norðmönnum. Og það er meira að segja hægt að auka þá friðun. Við höfum lagt til 60 stunda vikufriðun, og er það sízt um of. Það má vera, að þegar veiðiskapurinn er kominn í gott horf, þá þurfi ekki að hafa þessi ákvæði eins ströng. En það er þá hlutverk þeirra tíma að laga það. Það er mín persónulega skoðun, að ég hefði kosið gagnvart laxakistum að hafa friðunartímann enn lengri.

Hv. þm. drap á, að óhyggilegt væri að ákveða veiðitímann með löggjöf, þar sem hið sama gilti naumast um allt land, og sagði, að laxinn hagaði misjafnlega göngu sinni, færi fyrri í sumar ár en aðrar. Þetta er að vísu rétt, en eftir þeirri reynslu, sem fengin er um að héraðsstjórnir ákveði þetta, þá leizt n. ómögulegt að hafa þetta öðruvísi en hún leggur til. Væru þau ákvæði, sem nú eru um þetta, látin halda sér, þá gengju þau allt of nálægt fiskistofninum. Viðvíkjandi hinu friðlýsta svæði um árósa og leirur leizt n. nauðsynlegt að setja reglur til þess að fiskur kæmist í ár og gæti haldið áfram göngu sinni. Þess ber og að gæta, að aðstaða þeirra, sem við árósa búa, til veiðiskapar er miklu betri en þeirra, sem búa ofar við ár. Fiskurinn nemur staðar jafnan fyrir mynni árinnar, fyrst er hann kemur úr sjó og fer upp í árnar um flóðið og til baka aftur með útfallinu. Þetta gerir hann nokkrum sinnum á meðan hann er að venjast ferska vatninu. Svo þegar hann er lagður af stað upp í árnar fyrir fullt og allt, heldur hann áfram ferð sinni. Sami fiskur gengur því margsinnis fram með landi þess, er við ósa býr, en við það verða veiðilíkurnar meiri. Eru þeir því þrátt fyrir þessar takmarkanir betur settir en þeir, sem ofar búa.

Þá drap hv. þm. á þá takmörkun, sem gerð er um silungsveiði. Er það gert vegna þess, að hrygningartími hans er þá byrjaður, enda oftast lítið um veiði eftir og um þann tíma. Á öðrum tímum fá menn þetta líka margborgað með meiri veiði.

Þá drap hv. þm. á lagnirnar samkv. 25. gr. frv., þar sem leyfi ráðh. og veiðin. þarf til að taka upp nýja lögn. N. þótti nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði, svo fyrir það væri byggt, að menn settu upp nýjar lagnir, sem skaðlegar væru göngu fiskjar. Ákvæðið um millibil lagna er líka gert í sama tilgangi. Sama er að segja um frið-

un kringum fossa. Öll eru þessi ákvæði til þess gerð að tryggja viðhald og göngu fiskjarins.

Þá talaði hv. þm. um eftirlitsmenn, hreppstjóra o. fl. Ef um eftirlitsmenn skipaða er að ræða, þá fá þeir laun fyrir það, en þar sem þeir eru hvort sem er ráðnir til þess, þá er ekki gert ráð fyrir sérstakri borgun. Þetta þótti n. sanngjarnt.

Þá drap hv. þm. á 2. lið 69. gr. og þótti það ákvæði fullstrangt. Hér eru ákvæði, sem eru alveg sambærileg við landhelgisveiðarnar. Og þetta ætti ekki að koma að sök, því manninum ætti að vera hægt að sanna, hvernig á för sinni stæði, ef hann hefir ekki ætlað sér að veiða, en er þó með veiðarfæri.

Ég hefi þá stiklað á nokkrum atriðum, sem hv. þm. Borgf. minntist á, en ekki farið út í málið að öðru leyti eins og það verðskuldaði. Ég skal aðeins, áður en ég lýk máli mínu, drepa á tvær prentvillur í frv. Önnur er á bls. 7 í byrjun 21. gr., þar sem talað er um bann gegn því að selja lax frá 20. sept. til 1. júlí, en á að vera til 1. júní. Hin er á bls. 42 í greinargerð. Þar segir, að ársfriðun sé 2½ mánuður, en á að vera árlegur veiðitími. Fleiri prentvillur geta vel leynzt þar. Þetta bið ég hv. þdm. að taka til greina.

Að lokum vildi ég beina orðum mínum til hv. landbn. og vænti þess, að hún hraði svo störfum, að frv. megi komast í gegn á þessu þingi. Það er hin mesta nauðsyn að ráða bætur á þessum málum nú, en það verður því erfiðara og kostnaðarsamara að ganga frá málinu sem það dregst lengur. Samkv. því verðl., sem er á þessum hlunnindum, má reikna árlegar tekjur um ¼ úr millj. En allar horfur eru á, að verðmæti veiðinnar komist bráðlega upp í ½ millj., án þess að veiðin aukist til muna. Nú eru frystihús að rísa upp víðsvegar og kæliskip eða frystiskip fara nú að flytja laxinn á erlendan markað. Því má gera ráð fyrir, að innan skamms tíma hækki verðið. Þá mætti auka árlegar tekjur upp í tugi millj. að öllum líkindum, ef við kunnum að hagnýta okkur vatnsföllin okkar og frjómagn þeirra til framleiðslu þessara fisktegunda. Ekkert verður gert til þess án þess að ný löggjöf komi til. Þá fjarlægjast með hverju ári möguleikarnir, sem nú blasa við augum. Ég vænti þess, að hv. Alþingi sé ljóst, hvað hér er um mikið þjóðnytjamál að ræða.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Túnyrkja í Nesjum í Hornafirði.

Á 64. fundi í Nd., 27. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um túnyrkju í Nesjum í Hornafirði (þmfrv., A. 355).

Á 69., 74. og 77. fundi í Nd., 2., 8. og 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Það munu nú vera meir en 3 vikur síðan frv. þetta kom fram, og þótt það hafi verið sett á dagskrá tvisvar sinnum eða svo, þá hefir það verið svo aftarlega, að það hefir aldrei orðið fyrir þeirri náð að komast til umr. Og þar sem komið er alveg að þingslitum, þykist ég sjá, að mál þetta nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Ég hafði hugsað mér í upphafi að flytja allítarlegt erindi um tilgang þessa frv., en þar sem búast má við, að hv. þdm. séu nú þreyttir orðnir eftir þá sennu, sem háð hefir verið nú tvær stundir um þetta stórmál, sem hér var á dagskrá síðast og sem verið var að fresta umr. á, þá mun

ég stytta mál mitt og fara fljótt yfir sögu, enda er grg. frv. allrækileg og getur orðið þeim til skýringar, sem hana vilja lesa.

Það er öllum ljóst, sem til þekkja í Austur-Skaftafellssýslu, að upp frá Hornafirði, austan Hornafjarðarfljóts, er undirlendi allmikið og grösugt, sem nefnt er Nes eða Nesjasveit. En fyrir ofan sveitina er fjallgarður með dölum, smærri og stærri, og eru fjallendi þessi mjög gróðurlítil. Í sveitinni skiptist á hóllendi og þess á milli mýrlendi mikil, og er allt undirlendi vaxið grasi. Í Nesjasveit eru 24 jarðir og á þeim jörðum eru nú 30 búendur fyrir utan íbúana í Höfn, sem eru hátt á annað hundrað.

Þrátt fyrir það, þótt Nesjasveit sé yfirleitt grösug, þá eru þar þó ekki neinar sérlegar engjajarðir, því þó að undirlendið sé allt grasi gróið, þá er þó nokkur hluti af því mýrlendi, óhæft til slægna, bæði vegna bleytu, þýfis og sneggju. Þar að auki er það ókostur mikill, að svo að segja allar engjar eru þýfðar og ómögulegt að koma við heyvinnutækjum. Tún voru áður víðast þýfð, og hefir meginhluti jarðabótavinnunnar gengið til að slétta þau. Er því verki nú að mestu lokið og nýlega byrjað að færa túnin út, þó ekki enn nema á stöku stað. Þá kem ég að því, að vegna þess hvað afréttarlönd eru lítil, er sauðfé í Nesjum rýrt á haustin, og af því að engjahey eru mjög létt, þá verður að gefa sauðfé mikið á veturna, þó að mjög sé snjólétt að jafnaði. Þar á mýrlendinu er líka mjög kvillasamt. Ormaveiki hefir geisað þar með stuttu millibili á seinni árum og valdið afarmiklu tjóni. Og ef eitthvað ber út af með fóður eða tíðarfar, er ætíð hætt við megnum afföllum vegna ormaveikinnar. Eins og nú er komið, er mjög erfitt að halda sauðfé við á útheyi, og því síður bæta það. Af þessum ástæðum er því sauðfjárbúskapurinn orðinn afardýr, óviss og afnotarýr. Þar við má og bæta, að eftir því sem fólkshaldið verður dýrara og erfiðara og yfir höfuð allur búrekstur kostnaðarsamari, eftir því borgar sauðfjárrækt sig lakar og lakar á þessum stað, og ekki neitt viðlit að fjölga þeim bústofni.

Aftur á móti er héraðið miklu betur fallið til nautgriparæktar, enda er sumarbeit þar góð fyrir kýr. Menn finna því þörfina meir og meir að breyta um búskaparlag. Sveitin verður að taka upp kúabúskap, en til þess að sú breyt. geti orðið, þarf að leggja í stórfellda ræktun, er framkvæmd sé á tiltölulega stuttum tíma. Að vísu eru nokkrir byrjaðir að færa út tún, en eins og gerist og gengur, fer það hægt, þar sem hver potar sér, og yfirleitt lítil efni fyrir hendi til þess að hrinda af stað stórfelldum framkvæmdum. Ef allt er látið reka á reiðanum, tekur slík breyt. á búskaparháttum, sem þarna er þörf og ég hefi í huga, marga áratugi. (MG: Þarna kæmi þegnskylduvinnan að gagni). Ég hefi ekki haft neina sérlega tröllatrú á henni, og hefi heldur ekki búizt við, að framkvæmd hennar sé svo nærri, að stórverk yrðu gerð fram yfir það, sem unnið er nú. — Þessi ræktun, sem hér er um að ræða, mundi taka marga áratugi, ef ríkið hjálpaði ekki. En hér þyrfti að fjölga kúm á **fáum árum**, svo að hægt yrði að koma upp mjólkurbúi með líku sniði og gert hefir verið austanfjalls. Og því er þetta frv. flutt til þess, að bændur á þessu svæði geti á fáum árum, með öflugum félagssamtökum og töluverðum styrk úr ríkissjóði, komið breytingum á á **skömmum tíma.**

Það er gert ráð fyrir að rækta 300 hektara á ekki lengri tíma en 8 árum, og skal það fúslega játað, að hér er um mikið og stórt fyrirtæki að ræða. Það er ekki minna fyrirtæki en að byggja eina af þessum minni háttar höfnum, sem nú er á dagskrá að byggðar verði. Og það er ákveðinn sæmilegur styrkur til þeirra hlutfallslega eins og hér er farið fram á, og jafnframt gert ráð fyrir, að ríkið ábyrgist allt hitt. — Mér finnst alveg eins réttmætt, að lagt sé til svona stórfelldra jarðræktarfyrirtækja álíka styrkhæð, enda er ég þess fullviss, að það rentar sig ekki síður fyrir þjóðfélagið.

Ef Nesjasveit væri gert verulega vel til góða — við skulum segja að þar væri ræktað svona helmingur af ræktanlegu landi, eða um 1600 hektarar —, þá mundu býli geta ferfaldazt að tölu eða meira. Því það skal fúslega játað, að með frv. þessu vakir fyrir mér, að jörðum verði skipt í sundur og býlum fjölgi til stórra muna í sveitinni.

Ég get nú trúað, að sumir hv. þdm.

kunni að snúast ekki sem bezt við þessum till. mínum, enda virðist ekki mikill áhugi hjá þeim að hlusta á mál mitt, þar sem margir eru horfnir úr deildinni og flestir stólar auðir. Get ég því búizt við, að einhver kunni að segja sem svo:

Hvað vilja þeir þarna í Hornafirði vera að fara fram á aukastyrk? Láti þeir sér nægja jarðræktarstyrkinn eins og hinir!

Þar til er að svara, að hér er um tilraun að ræða, breytingu á búnaðarháttum á stuttum tíma, og þessi breyt. krefur svo mikils fjárframlags til ræktunar, að það getur ekki gengið nema með öflugum samtökum, góðri stjórn og forgöngu kunnáttumanna í þessum greinum. Og svo er það líka, að eftir því sem fróðir menn hafa reiknað út, þá er sá styrkur, sem farið er fram á í frv., tæpum ⅕ hærri en jarðræktarstyrkurinn er eftir núgildandi lögum.

Ég hefi það skrifað hér á blað hjá mér, af manni í Búnaðarfélagi Íslands, hve mikið myndi samkv. jarðræktarlögunum verða veitt á einn hektara. Skiptist þetta þannig: Ræktun á 1 hektara telst 200 dagsverk; ef girt er nokkuð stórt stykki, má áætla girðingu ca. 30 dagsverk, framræslu um 70 dagsverk. Öll ræktun á ha. verður því um 300 dagsverk, og styrkurinn þá 300 kr.

Það, sem hér er farið fram á, er þá að aðeins 60 kr. hærri styrkur sé veittur á ha. en jarðræktarlögin gera ráð fyrir, því að ég ætlast auðvitað ekki til þess, að Jarðræktarfélagið fái annan styrk en nefndur er í frv. Svo að þetta eru engin ósköp; það verða þá um 18000 kr., sem ríkið mundi leggja til þessara merkilegu tilrauna, fram yfir það, sem það annars myndi gera samkv. jarðræktarlögunum.

Auk ræktunar myndi náttúrlega koma til greina ýms kostnaður annar í kjölfar þessa, t. d. gripahúsabyggingar, kostnaður við mjólkursamlag o. fl. Og þótt það eigi að borga sig síðar og smátt og smátt, þá þarf mikið fé að leggja fram í byrjun.

Það má segja, að ekkert hafi nýlega komið fyrir þessu líkt, en ég vil þó minna á það, að ríkissjóður hefir tekið að sér að láta gera tvö eða fleiri áveitufyrirtæki, sem ég held, að í raun og veru liggi alveg á ríkinu. Ég veit ekki betur en að ríkið hafi alveg tekið að sér Skeiðaáveituna, og Flóaáveitan hvílir víst mikið til á ríkinu, svo að það væri ekki að undra, þótt ríkið styrkti eina túnræktartilraun á þann hátt, sem frv. fer fram á, bæði með allríflegum styrk og heimild til lánveitingar úr Búnaðarbankanum.

Það er gert að skilyrði, að hlutaðeigendur leggi fram sjálfir jafnóðum ⅕ hluta, og er það skilyrði fyrir því, að ríkisstyrkurinn fáist.

Eftir því sem frv. mælir fyrir, er miðað við, að á öllum jörðum í sveitinni verði ræktaðir 300 ha. alls. Er búizt við, að það fari nokkuð eftir stærð jarðanna, hvað mikið yrði ákveðið að ræktað yrði á hverju býli; á þeim, sem hafa mikið land, ætti að rækta meira, enda meiri kraftar til ræktunar og framlags.

Ætlazt er til að stofna ræktunarfélag með samvinnusniði, sem hefði það hlutverk með höndum að annast um að koma þessu í framkvæmd; hefði það sínar samþykktir, sem heyrðu undir staðfestingu atvmrh. Ætlazt ég til, að allar jarðir taki þátt í ræktun, og í samþykkt sé ákveðið, hve mikið land sé ætlað til ræktunar á hverju býli.

Það er ætlazt til, að ræktunin sé félagsvinna. Unnið sé í félagi að skurðgerð og jörð brotin með dráttarvél, og ef til vill með hestaverkfærum, en allt sé þetta skipulagt af Búnaðarfélagi Íslands, og það hafi einnig eftirlit með ræktuninni og meti kostnað við hana, og miðast ræktunarstyrkurinn við það mat.

Það einasta, sem ég hefi óttazt í þessu máli, er það, hvort bændurnir myndu komast fram úr svona fyrirtæki fjárhagslega. Því að þótt landið sé talið auðræktað, er mikið fé, sem þarf til að rækta 300 ha. Og það væri alls ekki gerlegt, ef aukningar afurðir yrðu ekki til að bera uppi kostnaðinn.

Ég vil nú gera ráð fyrir, að menn héldu áfram með sauðfé að einhverju leyti; það yrði vissari eign en nú, þegar hægt væri að fóðra það á kjarnfóðri, ræktaðri töðu. Svo má vona, að upp gæti risið innan skamms samlagsbú, með ca. 200 kúm. Og ef reiknað er með meðalnyt, samkv. skýrslum nautgriparæktunarfélaganna, 2400 lítrar á kú, yrði árleg mjólkurframleiðsla til sölu 480 þús. lítrar á

ári, og ef maður reiknar nettóverð 18 aura líter, yrði hin aukna framleiðsla 86400 kr. Af því yrði að greiða vexti og afborganir af ræktunarlánum, byggingum á gripahúsum o. s. frv.

En þar sem það virðist heldur daufur áhugi fyrir málinu hér í hv. þd., þá ætla ég ekki að þreyta þá fáu menn, sem hér sitja, með því að halda lengri ræðu um þetta mál. Ég hafði vonazt eftir, þegar ég bar frv. fram, að það yrði svo snemma á dagskrá, að það mætti ganga til landbn. og yrði athugað þar rækilega, og hún gæti borið málið undir Búnaðarfélag Íslands o. s. frv. En þar sem svo er áliðið þings, býst ég alls ekki við, að það gangi fram á þessu þingi. Ég vil aðeins mælast til þess við hv. d., að hún leyfi málinu að ganga til 2. umr. Til landbn. hefði það átt að fara, en ég býst ekki við, að hún hafi tíma til að athuga það, og verða það forlög allmargra mála á þessu þingi, að þau dagar uppi, en ég vona, að þó svo fari um þetta mál, þá rísi það upp aftur síðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj atkv. og til landbn. með 15:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

47. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928 (þmfrv., A. 384).

Á 69. og 70. fundi í Nd., 2. og 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er aðallega fernskonar breyting á l. um byggingar og landnámssjóð, sem í þessu frv. felst.

1. gr. frv. hljóðar um það, að fella skuli niður fyrri málsl. 4. gr. laganna. En það urðu nokkur mistök á undirbúningi þessa frv., og flyt ég þess vegna brtt. við það. Við sáum okkur um hönd og leggjum til, að öll 4. gr. umræddra laga falli burt. Hún er þess efnis, að ákveða, undir hvaða lánaflokk hvert lán skuli falla. Nú eru rentuflokkarnir þrír. Virðist okkur óþarfi að hafa þá svo marga; leggjum við því til, að lægsti flokkurinn — rentulaus lán með jöfnum afborgunum á 50 árum — falli niður og að öll lán til nýbýla falli undir annan rentuflokk. Lítum við svo á, að tæplega sé rétt að ýta undir þær framkvæmdir, sem ekki geta borið lán með 3½% árlegri greiðslu í vexti og afborgun.

Þetta verður mikill stuðningur fyrir sjóðinn, og þeim mun meiri, sem minna þarf að verja úr honum til þessarar starfsemi. Sömuleiðis hefir sú breyt. verið gerð með þessu, að þau nýbýli, sem byggð eru á landi, sem að nokkru leyti er ræktað, falla undir sama flokk og endurbyggingar á jörðunum. Þetta leiðir af sér heldur lakari kjör þeirra, sem lán taka, en það er samt fyllilega réttmætt. Af brtt. á þskj. 405 leiðir, að því er slegið föstu, að einungis þessi flokkur lendir í lánaflokki með 3½% vöxtum. Öll hin lánin borgast með 5% í 42 ár.

Þá kemur 2. brtt. Hún er þess efnis, að þau býli, sem byggð eru á óræktuðu landi, skuli ekki njóta betri kjara en hin, sem byggð eru á ræktuðu landi. Það er óréttmætt, því að eðlilegast er, þegar byggja á nýbýli, að byrjað sé á því að rækta landið; enn menn verða að byrja á því að byggja til að fá betri lánskjör.

3. brtt. er við hina nafntoguðu 9. gr., um hvað dýrt megi selja. Í núgildandi lögum er svo ákveðið, að ekki megi leigja dýrara en fyrir 4% af landsverði og 2% af húsverði, en á þennan hátt er ómögulegt að lána gegn afgjaldskvöð út af kirkjujörðum. Þessu þarf að breyta og hækka ofurlítið hundraðstöluna.

Ennfremur er í 3. gr. frv. þessi klausa: „Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn

tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans".

Eins og vitanlegt er, er með byggingar- og landnámssjóði verið að veita mikil hlunnindi þeim, sem lán taka, til þess að þeir menn, sem á jörðunum búa, njóti sjálfir hlunnindanna, en ef þeir selja, er sanngjarnt, að þeir geti ekki selt hlunnindin líka, og þá verða þeir að endurgreiða lánin með venjulegum vaxtakjörum, sem sérstaklega eru miðuð við veðdeild Búnaðarbankans.

Þá kemur 4. gr., sem heimilar, að stjórn sjóðsins megi lána til fyrirmyndarbúa með sömu lánskjörum og til nýbýla. Það hefir mikið verið um það rætt að koma upp fyrirmyndarbúum í sveitum landsins, og t. d. hefir verið rætt mikið um það í Búnaðarfélagi Íslands. En margir líta svo á, að hentugast sé að reka slík bú á kostnað og ábyrgð einstakra manna undir yfirumsjón Búnaðarfélags Íslands. Ef þetta yrði gert, yrði hægt að setja sérstaklega hæfa menn til að reka þau. Ég skal í þessu sambandi geta þess, að því hefir verið haldið fram af ýmsum, að nauðsyn bæri til að koma upp fyrirmyndar búfjárræktarbúi. Ef einhver veldist til þess, sem hefði almenningsorð á sér fyrir kunnáttu í þeim efnum, væri honum mikill styrkur að geta fengið lán úr þessum sjóði, þannig að sjóðurinn yrði einskonar millileið á milli opinbers rekstrar og einstaklingsrekstrar.

Loks kemur brtt. við 18. gr. Þar er svo ákveðið, að stjórn sjóðsins skuli hafa sér til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sé búnaðarmálastjóra, leiðbeinanda um húsagerð til sveita og þriðja manni, sem atvmrh. nefnir til. — Við lítum svo á, að þetta sé óþarft, enda hefir reynslan sýnt, að slíkt fyrirkomulag gerir alla stjórn sjóðsins þunglamalegri. Það er erfiðara að stjórna þegar um 6 menn er að ræða en 3. Stjórnin getur fengið sér sérfræðing til aðstoðar. Hún hefir þegar yfir að ráða leiðbeinanda við húsagerðir, og hann mætti hafa áfram. Þessi brtt. er því hrein sparnaðartillaga.

Ég er þá búinn að skýra frá aðalefni frv. og vil óska, að það verði afgr. sem fyrst. Það segir sig sjálft, að ekki er hægt að komast hjá ósamræmi í lánveitingum, ef nú á að byrja að veita lán á þeim grundvelli, sem lögin ákveða, og breyta þeim svo síðar meir.

Magnús Guðmundsson: Ég vil fyrst og fremst nota þetta tækifæri til að hreyfa atriði viðvíkjandi þessum lögum, sem ég hefi áður spurt um, en ekki fengið svar við, sem sé, hvort fyrirætlunin sé, að sjóðurinn eigi sjálfur að greiða árlegar afborganir til ríkissjóðs af því láni, sem væntanlega verður tekið handa honum. Það er auðsætt, að ef sjóðurinn á á ári hverju að greiða afborganir af lánum, fer svo, að eftir að búið er að lána bændum þessar 5 milljónir, hættir lánsstarfsemin alveg og 5 millj. kr. eru eins og krækiber í ámu til þess að byggja upp sveitirnar.

Annars kemur mér ekkert undarlega fyrir, þó að það sé þegar komið í ljós, að þessum lögum þurfi að breyta. Það er búið að segja það fyrir löngu, að 9. gr. er svo úr garði gerð, að ómögulegt er að una við hana. Stjórn Búnaðarbankans hefir nú séð þetta og reynir að ráða bót á því að nokkru leyti. En ég efast um, að þær breyt., sem hv. þm. Mýr. bar fram, séu nægilegar. Við skulum taka til dæmis jörð, sem er í leiguábúð virt á 2000 kr. (landverð). Á henni er byggt fyrir 7000 kr. og fengið loforð um lán úr byggingar- og landnámssjóði. Nú má aðeins taka í eftirgjald 4% af landverðinu — en það verða 80 kr. — og 2% af húsverðinu — en það verða 140 kr. Samtals er þetta 220 kr. En í byggingar- og landnámssjóð verður að borga 350 kr. á ári vegna lánsins. Hvar á að taka þær 130 kr., sem upp á vantar? Það sjá allir, að í þessu er ekkert vit. Nú hefir komið fram till. um að breyta hundraðstölunum í 5% og 3%. Þá er hægt að fá í eftirgjald 100 kr. + 210 kr. = 310 kr. Enn vantar 40 kr. upp á, sem eigandinn verður að gefa með eigninni fyrir það að hann hefir látið byggja á henni með ágætum kjörum. Þetta er hrein vitleysa. Það má ekki taka svona aftur með annari hendinni það, sem gefið er með hinni. Annaðhvort verður að

heimila hærra eftirgjald, eða að það er rangt með öllu af því opinbera að styðja byggingu á þessum stað.

Það er annað atriði í 9. gr., sem sízt er betra, sem sé það, að hefta sölu á eigninni. Einkum er þetta ranglátt, þegar um eigendaskipti er að ræða, sem ekki er hægt að komast hjá, eins og t. d. við erfðir. Það er haft að viðbáru, að koma verði í veg fyrir brask, en slíkt er fjarri lagi. Þetta er eignarnám hjá sumum erfingjunum, og brask er ómögulegt að hindra með lagafyrirmælum.

Út af 5. gr. vil ég taka það fram, að ég skil hana svo, að þegar fyrri málsgr. 18. gr. fellur niður, sé þar með burt fallin sú nefnd, sem á að vera í ráðum. Ég er þessu meðmæltur. Mér finnst mesti hégómi að hafa 6 manna nefnd til að ákveða lánin. Annars vil ég segja það um lán úr þessum sjóði, að þau hafa farið í ýmsa staði, sem ég hélt, að þeim mundi ekki vera ætlað að fara. Ýmsir stórbændur hafa fengið lán, en ég verð að segja, að það er ekki í samræmi við það, sem látið var í veðri vaka og lögin mæla fyrir um. Ég get að vísu ímyndað mér, að erfitt sé fyrir stjórn sjóðsins að vita nákvæmlega, hverjir hafi brýna þörf fyrir lán og hverjir ekki, vegna þess að þau vottorð hér að lútandi, sem heimtuð eru, hafa litla þýðingu. Ég þekki þess dæmi, að maður hefir fengið lán, sem hæglega hefði getað byggt fyrir peningainnstæðu, sem hann á hjá öðrum.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál fari til landbn., og ég vona, að hún athugi, hvort ekki er ástæða til að breyta meiru en frv. ráðgerir. Það er virðingarvert af stjórn Búnaðarbankans að vilja laga stærstu misfellurnar, en þessar breyt. ganga bara of skammt.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég get því miður ekki svarað þeirri fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf., hvort það sé Búnaðarbankinn sjálfur eða byggingar- og landnámssjóður, sem á að greiða þetta. Ég veit ekki til, að neitt hafi verið um það rætt við stjórn Búnaðarbankans og engin ákvörðun um það tekin. Eftir að ég kom í stjórn Ræktunarsjóðsins hefir ekkert legið fyrir um þetta þar.

Annars er ég alveg sammála hv. þm. um útreikning hans, ef 9. gr. verður látin standa óbreytt, og þess vegna eru brtt. við 9. gr. fram komnar. Hitt verður að athuga betur, hvort nógu langt er gengið. Ég skal geta þess, út af því dæmi, sem hv. þm. tók, að þó að afgjaldið hrykki ekki fyrir afborgunum, er með afborgununum verið að safna eign, svo að ekki er eingöngu um vexti að ræða. Þess vegna er ekki sanngjarnt, að leiguliði bæði afborgi og greiði vexti.

Um það, hvort lánin hafi farið í ýmsa staði, sem þau áttu ekki að lenda í, skal ég ekkert segja, en stjórn byggingar- og landnámssjóðs hefir ekkert fyrir sér annað en það, sem heimtað er samkv. fyrirmælum laganna. Slík vottorð hafa alltaf legið fyrir, og við höfum ekki álitið, að við höfum haft leyfi til að vefengja skýrslur valinkunnra manna. Annars mætti auðvitað gera það að skilyrði, að hverri lánbeiðni fylgi útdráttur úr eignaskýrslu lántakanda. Ef svo er, að menn hafi fengið lán, sem hefðu getað byggt af eigin rammleik fyrir innstæðufé, hefir sjóðsstjórnin verið of auðtrúa gagnvart þeim, sem hún átti að trúa. Það verður þá að hafa einhverja aðra aðferð til að fá vottorðin.

Magnús Guðmundsson: Það er hart, að fyrirmæli þessara laga skuli vera svo óljós í mikilvægustu atriðum, að enginn geti úr skorið hvað rétt sé, ekki einu sinni sjálf bankastjórnin. Ég vil því skjóta því til hv. landbn., hvort henni virðist ekki ástæða til að setja ákvæði inn í lögin, er kveði skýrt á um, hver á að borga afborganir af væntanlegu láni sjóðsins, hann sjálfur eða ríkissjóður. Ég veit, að eins og nú er skilja menn þetta á ýmsa vegu. Ef ríkissjóður greiðir afborganirnar, geta 5 millj. kr. alltaf verið í veltu.

Ég skal ekki segja, nema hægt væri a. m. k. fyrst um sinn að komast af með 5 millj., sem alltaf væru í veltu, svo að árlega væri hægt að lána út það, sem inn kæmi. Ég er að sönnu hræddur um, að ekki liði á löngu þangað til þörf væri að bæta við. En það mundi þó verða talsvert lengri tími en með hinu fyrirkomulaginu, ef sjóðurinn á sjálfur að annast útborganir.

Hv. flm. sagði, að það væri ekki svo, að

eigendur jarðanna fengju ekkert fyrir sína peninga, sem þeir legðu út, því að þeir eignuðust húsið smátt og smátt. En hann verður að gæta að því, að hann má ekki reikna sér nema 3% af því, sem hann leggur í húsið, jafnvel eftir hans tillögu, og auk þess er eðlileg fyrning hússins. Það er þess vegna langt frá að hann safni nokkurri verulegri eign í húsinu.

Viðvíkjandi því, að lán færu til óverðugra manna, þá var ég ekkert að ávíta stjórn sjóðsins fyrir það. Mér er það vitanlega alveg ljóst, að þessi vottorð, sem heimtuð eru í lögunum, eru alls ekki ábyggileg, alls ekki hægt að treysta þeim yfirleitt. Og þó að stjórn sjóðsins sé vítalaus, fara lánin samt annað en til var ætlazt. En þetta sýnir það, að vottorðafyrirkomulagið er óhæft og þarf að breyta því. Það væri náttúrlega miklu betra eins og hv. flm. (BÁ) stakk upp á, að lánbeiðandi sendi eftirrit af sínu eignaframtali. Væri miklu meiri trygging í því en vottorðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 384, 405, n. 479).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Hv. flm. þessa máls, þm. Mýr., flutti ítarlega ræðu um það við 1. umr.; sé ég því ekki ástæðu til að vera langorður, þar sem hv. landbn. hefir fallizt á frv. að mestu leyti. N. hefir aðeins lagt til, að gerðar væru á því nokkrar smávægilegar breyt., eins og sjá má af nál.

Ég vil samt með fáum orðum minnast á aðalbreyt. frv. frá gildandi lögum. Er þá fyrst ákvæði um að 4. gr. falli burt. Hún ákvað, að byggingar á jörðum og nýbýlum á ræktuðu landi skyldu sitja fyrir nýbýlum á óræktuðu landi um lán. Þetta hefir verið tekið svo bókstaflega, að bankastjórnin hefir ekki séð sér fært að lána til neinna nýbýla á óræktuðu landi. Það hefir að vísu ekki verið mikið sótt eftir slíkum lánum, en það þykir þó rétt að veita bankastj. heimild til að veita þau, ef álitlegir menn eiga í hlut, eða aðrar ástæður mæla með því. Eftir viðtali við bankastj. Búnaðarbankans mun áfram verða fylgt þeirri reglu að miklu leyti, að láta byggingar á ræktuðu landi sitja fyrir, en með þessum ákvæðum opnast leið til þess, að hitt sé þó ekki alveg útilokað.

Við 3. gr. frv. flytur landbn. ofurlitla brtt. Eftir henni má jarðareigandinn leigja jörð sína fyrir 5% af jarðarverðinu og 4% af húsaverðinu. Það kom í ljós, að eins og lögin voru upphaflega, þurftu jarðeigendur eiginlega að gefa með jörðunum, ef þeir leigðu þær samkv. fyrirmælum laganna. Á þessi breyt. að bæta úr því, og munu landeigendur sleppa skaðlausir, ef brtt. er samþ.

3. brtt. n. er þess efnis, að 4. gr. frv. falli burt. Í nál. er tekin fram skoðun meiri hl. n. á því atriði, en ég er ekki sammála hinum nm. að því er það snertir.

Þá flytur n. brtt. um það, að auka við frv. einni gr., um breyt. á 3. gr. laganna. Það hefir komið í ljós, að bankastj. er erfitt að átta sig á, hvort umsækjendur eru svo efnum búnir, að þeir geti hæglega fengið fé annarsstaðar eða hvort þeir hafa þörf fyrir hjálp sjóðsins. Landbn. áleit tryggast í þessu efni, að umsækjendur sendu afrit af skattskýrslum sínum með umsókn. Ætti það að fyrirbyggja, að stórefnum búnir menn fái lán úr þessum sjóði, sem ætlaður er til stuðnings þeim fátækari.

Vænti ég svo, að hv. d. fallist á frv., með þeim breyt., sem landbn. leggur til, að gerðar verði á því.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil í öllum aðalatriðum styðja þetta frv., sem flutt er eftir tilmælum bankastjóra Búnaðarbankans. Þó þykir mér mjög leitt, að þurfa skuli að gera breytingar í þá átt að gera lánskjör fyrir nýbýli á óræktuðu landi örðugri. Þó ætla ég ekki að fara að hefja gagnrýni á það atriði, þar sem lítið mun veitt af slíkum lánum, og reynslan mun þá sýna, hvort þau kjör, sem nú er gert ráð fyrir, verða of erfið eða ekki.

Ég er alveg sammála því atriði, að bankastj. eigi að fá heimild til að veita

lán til nýbýla á óræktuðu landi, og að hún fái að ráða, hvað mikið hún gerir að því. Það getur undir mörgum kringumstæðum verið sjálfsagt að veita slík lán.

Samhliða því, að búskapurinn fer nú að verða meira og meira rekinn með vélum, fækkar fólkinu á heimilunum. Það mun ekki líða á löngu, þar til hægt verður að framfleyta jafnmiklum bústofni á heimilum með helmingi færra fólki heldur en hægt var um síðustu aldamót. En þegar fólki fækkar á hverju heimili, er óhjákvæmilegt að fjölga heimilunum, ef sveitirnar eiga að blómgast og njóta starfskrafta þess fólks, er þar elst upp. Ég þekki t. d. tvær opinberar jarðeignir, sem reisa mætti á 8 nýbýli. Og á þeim stöðum er mikill áhugi hjá unga fólkinu á því að vera kyrrt í sveitinni sinni, ef það fengi land til ræktunar. Það er því vel, að ekki sé útilokað með formslegum erfiðleikum, að hið opinbera geti hlaupið undir bagga á slíkum stöðum. Ég geri ráð fyrir, að áfram verði aðallega lánað til bygginga á gömlum býlum, en lögin mega ekki hindra það, að hægt sé að lána til nýbýla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Hv. landbn. leggur til, að felld verði úr frv. heimildin til að lána til fyrirmyndarbúa, eins í hverjum fjórðungi. Ég vil geta þess, að ég er mjög hlynntur þessari hugmynd þess af bankastjórum Búnaðarbankans, sem nú er tilvonandi þm. Nú hygg ég að hv. þm. Mýr. flytji brtt. við þessa gr., til að gera það ljósara, að aðeins er átt við lán til bygginga á fyrirmyndarbúunum. Meiningin er, að eitt slíkt bú komist upp í hverjum landsfjórðungi; yrði það einskonar viðbót við búnaðarskólana, og mundu þau annast kennslu í ýmsum vinnubrögðum. Það er hart, að hvergi skuli vera af hálfu landbúnaðarins neinn staður, sem menn geta gengið að og sagt t. d.: ég vil læra fjárhirðingu. — Að vísu eru til mörg góð heimili, sem menn gætu lært á fjármennsku, en það er enginn viss staður til nú, sem menn geta gengið að. Á Hvanneyri eru ekki skilyrði til að kenna fjárhirðingu. Á Hólum eru þau aftur allgóð, og verður sennilega tekin upp slík kennsla þar. En það yrði þá líka eini staðurinn á landinu. En fjárhirðingin er dálitið mismunandi víðsvegar á landinu eftir staðháttum, og hafa menn því ekki alstaðar gagn af sömu kennslunni. Það væri t. d. ekkert vit í að ætla sér að innleiða fjármeðferð, sem tíðkast í snjóahéruðum á Norður- og Austurlandi, hér á Suðurlandsundirlendinu. Meðferð fjár á alstaðar að vera góð, en ekki alstaðar sú sama. Er því nauðsynlegt, að hver fjórðungur hafi fyrirmyndarbú fyrir sig.

Ég hygg, að þegar hv. þm. Mýr. er búinn að bera fram till. um að veita lán til fyrirmyndarbúa í skýrari mynd og ákveðnari en upphaflega, að hún verði aðgengilegri fyrir hv. landbn., og vona ég, að hún haldi þá ekki fast við að vera á móti henni.

Bjarni Ásgeirsson: Ég þakka hv. landbn. fyrir fljóta afgreiðslu á þessu máli. Get ég verið henni í flestum atriðum sammála og mæli með brtt. hennar á þskj. 479, að þeirri 3. undantekinni, sem er um að fella niður 4. gr. frv. Hæstv. dómsmrh. hefir gert nokkra grein fyrir, hvað fyrir okkur vakir með þeirri gr., og skal ég því ekki fara mikið út í það.

Búnaðarkennslunni er nú verið að breyta í þá átt, að leggja meiri áherzlu á verklega kennslu en áður og að láta fara fram ýmsar hagnýtar tilraunir í sambandi við hana. Af því ekki gilda sömu reglur um allt land, vegna ólíkra skilyrða, er nauðsynlegt að koma upp fyrirmyndarbúum sem víðast. Og við teljum heppilegra að velja úr nokkra framúrskarandi menn og styðja þá með ódýrum lánum til að koma upp fyrirmyndarbúskap og verklegri kennslu, heldur en að láta ríkið reka öll slík bú.

Ég vildi því mælast til, að 3. brtt. n. yrði felld. En eins og hæstv. ráðh. gat um, ber ég fram skriflega brtt. við greinina, til að gera það skýrara, að aðeins er átt við lán til bygginga, sem fyrirmyndarbúin þarfnast, en ekki til bústofns eða búrekstrar. Lái ég ekki hv. n., þó hún vildi fella niður gr., ef hún hefir skilið hana þannig. Vona ég, að hv. n. geti fallizt á að láta 4. gr. frv. standa þannig breytta:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi“, o. s. frv.

Forseti (BSv.): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Mýr. Vil ég bera undir hv. d., hvort hún heimili þau afbrigði, að till. komist að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 508) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson: Það virðist ekki vera ágreiningur nema um einn lið þess frv., sem hér liggur fyrir, um það, hvort 4. gr. þess skuli niður felld eða ekki. Hv. þm. Mýr. og hæstv. dómsmrh. hafa nú mælt gegn því, að hún væri felld úr frv. Færðu þeir fram þau rök, að nauðsynlegt væri að koma upp fyrirmyndarbúum sem víðast, til að annast tilraunir og verklega kennslu; lagði hæstv. ráðh. aðaláherzluna á kennslu í fjárhirðingu. Sagði hann, að hvergi væri til staður á landinu, þar sem menn gætu komið og sagt, að þeir vildu læra fjárhirðingu. Þetta er mesti misskilningur. Það eru fleiri eða færri heimili í hverju héraði, sem mundu taka menn til að nema fjármennsku, ef nokkrir vildu læra hana. Og þau myndu eflaust veita betri fræðslu heldur en þó farið væri að tildra upp svokölluðum fyrirmyndarbúum. Reynslan hefir þegar nokkuð sýnt þetta. Ýmsir menn hafa sótt um að koma upp kynbótabúum; þeir hafa fengið meðmæli sýslunefnda og síðan fengið styrk frá Búnaðarfélagi Íslands. En hver hefir svo útkoman orðið? Hún hefir orðið sú, að víða er féð hjá þessum mönnum verra heldur en hjá bændunum í kring. Fyrirmyndarbú verða ekki til fyrir það, þó einhverjir komi og segist ætla að koma upp fyrirmyndarbúi. Fyrirmyndarbú eru til í hverjum fjórðungi, í hverri sýslu, hverjum hreppi á landinu. Þau eru sköpuð af framtaki og hagsýni einstakra ágætismanna, sem aldrei hafa styrks notið. Til slíkra manna er eitthvað að sækja fyrir þá ungu menn, sem vilja læra að búa. Þeir hafa sýnt það með dugnaði sínum og atorku, hverju hægt er að ná upp af hinum íslenzka jarðvegi, sýnt, að hægt er að komast lengra heldur en fjöldanum tekst að komast.

Ég álít alls enga tryggingu fyrir því, þó farið sé nú að veita einhverjum 4 mönnum byggingarstyrk, að hjá þeim rísi upp bú, sem skara fram úr. Og það reka engir fyrirmyndarbú með tómum byggingum. Þessa menn mundi vanta rekstrarfé. Og búpeningur þeirra gæti hrunið niður úr bráðapest eða önnur óhöpp hent þá, og þá væru byggingarnar til lítils gagns. Það er því fremur vit í 4. gr. frv. óbreyttri heldur en brtt. hv. þm. Mýr., því eftir henni hefði mátt halda „fyrirmyndarbúunum" alveg uppi. En það var aftur brot á tilgangi sjóðsins og gegn anda þessara laga.

Af þessum ástæðum tel ég ekkert unnið við að samþykkja þessa lánsheimild handa bankastjórunum. Hinsvegar gæti Búnaðarfélagið stuðlað að því með litlum tilkostnaði, að menn geti fengið tilsögn í fjármennsku á góðum heimilum, og fengið þar þær fyrirmyndir, sem almenningi kæmu að beztum notum.

Ég býst við, að þá yrði leitað til þeirra, sem reka fyrirmyndarbú og hafa sýnt það í verkinu, að búrekstur þeirra sé til fyrirmyndar. Til slíkra bænda eiga menn alltaf erindi til að afla sér fræðslu, bæði um vinnubrögð, fjárrækt og jarðrækt. Það getur verið eins og hæstv. dómsmrh. sagði, að sitt lærist í hverjum staðnum, eitt í þessum og annað í hinum, og þá geta menn valið um. Með þessu fyrirkomulagi mundi það tvennt vinnast, að menn gætu lært af beztu bændunum, og það mundi kosta búnaðarfélögin mjög lítið fé. Svona vil ég að fyrirkomulagið sé, en ekki, að farið sé að reisa stórbú fyrir mikið fé. Afleiðingin af því yrði sú, að búnaðarfélögin og ríkissjóður yrðu nauðbeygð til að kosta allan rekstur búanna, hvernig sem hann gengi. Ég sé því fyrir minn part ekki ástæðu til að samþ. þessa till. út af fyrir sig af þessum ástæðum, sem ég tilgreindi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil útskýra lítið eitt nokkur atriði, sem ég held, að hv. 2. þm. Skagf. hafi ekki skilið rétt. Fyrir það fyrsta fór hann ekki alveg rétt með orð mín um það, hvernig hægt væri að læra fjármennsku. Ég tók til dæmis, ef ungur maður kæmi til hv. þm. og segðist vilja læra fjármennsku á Reynistað. Það væri mjög líklegt, að hann tæki við honum, en hann er alls ekki skyldugur til þess. Þetta var það, sem ég

vildi taka skýrt fram um þetta fyrirkomulag, sem hv. þm. talaði um, að menn lærðu ýmislegt viðvíkjandi búskap hjá fyrirmyndarbændum. Hitt var algerlega rangt hjá hv. þm., að það hefði verið gert að nokkru ráði í ýmsum héruðum landsins, að ungir menn leituðu upp úrvalsheimili og kæmu sér þar fyrir til að kynnast fyrirmyndarbúskap. Ég þekki aðeins eitt dæmi upp á þetta, að ungur maður hafi farið í annað hérað til að kynna sér einhverja grein í fyrirmyndarbúskap. Sá maður var Sigurður Sigurðsson ráðunautur. Hann fór ungur sunnan úr Flóa norður í Bárðardal til að læra fjármennsku. Það er eina dæmið, sem ég þekki í því efni. Þessi viðleitni hjá Sigurði Sigurðssyni var í rétta átt. Hann fór úr sínu héraði norður í Þingeyjarsýslu til að kynna sér alla meðferð á fé, því að þar var fjárræktin komin á hærra stig en í Flóanum.

Við, sem erum með þessu frv., viljum ekki spilla fyrir því, að menn læri sem mest á góðum heimilum. Þetta er bara viðbót og til þess að setja líf í þetta, af því unga fólkið hefir vanrækt þetta. Það eru til mörg myndarleg heimili, þar sem ungar stúlkur geta lært t. d. matreiðslu og alla hússtjórn. En þessi heimili geta ekki kennt öllum þeim stúlkum, sem þurfa að fá fræðslu í þessu. Þess vegna hefir verið komið á fót húsmæðraskóla, þar sem er verkleg kennsla fyrir þær stúlkur, sem vilja búa sig sérstaklega undir það að verða húsmæður. En þar með er ekki lögð niður þessi kennsla á heimilunum. Skólinn er til viðbótar við heimilin og þeim til stuðnings. Það, sem þetta frv. fer fram á, er alveg hliðstætt þessu. Það á að stofna skóla í sveitunum til að bæta það fyrirkomulag, sem nú er. Húsmæðraskólinn, skólinn á Staðarfelli og skólinn á Blönduósi eru allir yfirfullir, og að sumum þeirra er þrefalt meiri umsókn en hægt er að taka á móti. Þetta sýnir, að ungu stúlkurnar vilja fá að læra á þessum heimilum, og það er ekki búið að fullnægja þeirri þörf ennþá. Og það mundi verða alveg sama máli að gegna um þá skóla, sem nú er í ráði að stofna. Ég held því, að þegar hv. 2. þm. Skagf. athugar, að það er ekki á neinn hátt verið að spilla fyrir þeirri miklu kennslu, sem hægt er að fá á heimilunum sjálfum, þá verði hann ekki eins mótsnúinn þessu. Með þessu er verið að vinna fyrir ókomna tímann. Það yrði eitthvað léttara að fá lán, ef sjóðsstj. eða bankastj. vildi láta gera þetta, og sér í lagi ef Búnaðarfélagsstj. vildi láta gera það, og það yrði aldrei lagt út í þessar framkvæmdir, nema Búnaðarþingið hefði ályktað, að þetta skyldi verða gert. Búnaðarþingið hefir ekki mikil fjárráð. Það hefir þó styrkt t. d. kynbótabú, sem yfirleitt hafa misheppnazt. En það hefir ekkert fé til þessara bygginga, en gæti þó ef til vill styrkt þessa starfsemi lítið eitt. Þó að þessar tilraunir, sem gerðar hafa verið, hafi ekki borið mikinn árangur, mega menn ekki láta hugfallast fyrir það. Menn byggja skip og leggja út á hafið, þó að skipin strandi stundum. Hér er líka um dálítið annað að ræða en kynbótabúin. Hér er að ræða um verklega kennslu meðal sveitamanna. Í stuttu máli sagt, þá fara þessar framkvæmdir ekki að öllu eins og hér yrði samþ. Það er ómögulegt. Það verður, eins og hv. þm. sagði, að taka tillit til svo margs annars, þegar til framkvæmdanna kemur. Það er auðskilið mál, að Búnaðarfélagið hefir fyrst og fremst á hendi stjórn þessara búa og skipar öllu niður eins og hentugast þykir í hverjum stað. Þessi bú mundu alltaf eiga undir högg að sækja með styrk, og þannig gæti Búnaðarfélagið alltaf haft það í hendi sinni, hvaða form yrði haft á öllum vinnubrögðum. Ég hefi orðið þess var, að breyt. sú, sem hv. þm. Mýr. hefir flutt, hefir gert þessa tillgr. aðgengilegri fyrir suma, og máske meiri hl. landbn., þannig, að þegar þeir sáu, að því var fyrirgert, að nokkur eðlisbreyting væri viðvíkjandi sjóðnum, þá voru a. m. k. ýmsir úr n., sem líta svo á, að þetta sé lítilfjörleg till. fyrir sjóðinn, en geti seinna meir orðið til gagns fyrir landbúnaðinn.

Bjarni Ásgeirsson: Ég get verið fáorður um þetta mál, því að hæstv. dómsmrh. hefir tekið ómakið af mér. Ég ætla aðeins að taka það fram, að þótt hv. 2. þm. Skagf. mælti kröftuglega á móti frv., þá voru það í sjálfu sér engin mótmæli, því að hann sýndi fram á, að til væru ýmis

fyrirmyndarbú, þar sem ungir menn gætu lært margt sér til gagns. En mér virtist það ganga eins og rauður þráður í gegnum ræðu hans, að þessi bú, sem nú er verið að tala um að stofna, verði eitthvert ónýtt fálm út í loftið, sem aldrei geti orðið til gagns, og ef hann gengur út frá því, að það sé áreiðanlegt, að svo fari, þá get ég vel skilið, að hann skuli vera á móti frv. En nú skulum við hugsa okkur, að við leituðum uppi þessa góðu bændur, sem hafa sýnt það í verkinu, að þeir kunna að búa, og við vildum sjá og læra hjá honum, hve mikið hægt væri að bæta jörðina með góðum lánum, þá skil ég ekki, hvernig þessi bóndi gæti kennt það, enda þótt hann væri fyrirmyndarbóndi.

Ég vil ganga út frá því að óreyndu, að ef styrkur verður veittur til fyrirmyndarbúa, þá verði leitað að þeim mönnum, sem hafa sýnt það, að þeir kunna vel að búa, og þeir verði styrktir til að halda áfram að sýna það gegn því, að þeir kenni og leiðbeini ungum mönnum, sem til þeirra koma og óska eftir fræðslu. Það, sem ber hér á milli mín og hv. 2. þm. Skagf., er það, að hann hefir ekki trú á því eins og ég, að það muni takast að velja nógu góða menn, en ekki það, að hann sé í sjálfu sér óvinveittur málinu.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það þarf meira en byggingarnar einar. Þær eru einskis virði, ef enginn er bústofninn, en ég geri ráð fyrir, að ef þetta kemst til framkvæmda, þá verði þeir bændur valdir til þessara búa, sem gætu haft nógu mikinn og góðan bústofn.

Ég skal þá ekki orðlengja þetta meira. Ég býst við, að málið sé orðið það mikið rætt, að öllum sé orðið það nægilega ljóst.

Jón Sigurðsson: Hæstv. dómsmrh. sagði, að ég hefði sagt, að menn ættu að læra þetta hver á sínu heimili. Þetta er alls ekki rétt. Ég sagði, að á mörgum heimilum væri hægt að fá betri fyrirmynd en líkindi væru til, að þessi fyrirhuguðu fyrirmyndarbú gætu gefið. Jafnframt þessu tók ég það skýrt fram, að ég ætlaðist til, að þessi góðu bú yrðu ekki einungis þeim til fyrirmyndar, sem þar ættu heima, heldur gætu þeir menn, sem vildu, komið þangað og kynnt sér þessi heimili, og Búnaðarfélagið tæki þátt í þessu með því að skapa þessum mönnum aðstöðu til að dvelja á þessum heimilum um lengri eða skemmri tíma. Slíkt fyrirkomulag tel ég miklu heillavænlegra en þó að farið væri að tildra upp þessum svokölluðu fyrirmyndarbúum.

Þá minntist hæstv. dómsmrh. á húsmæðrafræðsluna í þessu sambandi. Hann sagði, að margar stúlkur lærðu á fyrirmyndarheimilum, og þó væru allir húsmæðraskólar fullir. Þetta getur verið alveg rétt, en mér er líka kunnugt um, að búnaðarskólarnir eru ekki fullir. Þar eru rekin fyrirmyndarbú, eins og allir vita, og meðan þeir eru ekki fullskipaðir af búfræðinemum, sýnist ekki ástæða til að setja á stofn fleiri skóla, sem eiga að kenna það sama eða líkt. (BÁ: Hér er aðeins um verklegt nám að ræða). Já, ég minnist á þetta aðeins af því, að hæstv. dómsmrh. nefndi húsmæðrafræðsluna til samanburðar.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég vildi leita uppi fyrirmyndarbú og láta unga menn læra þar. Þetta er alveg rétt. Það er það, sem fyrir mér vakir. Ég vil ekki spyrna á móti því, að ungir menn eigi kost á góðum fyrirmyndum, því að þær geta orðið þeim til mikils gagns. Ég vil bara fara aðra leið til þess en hæstv. ráðh., og ég held, að sú leið sé bæði heppilegri og ódýrari. Ég vil nefnilega fara þá leið, að búnaðarfélögin semji við fyrirmyndarbændur, sem taka svo að sér að leiðbeina mönnum í því, sem þeir vilja, svo sem öllum heyskaparstörfum, t. d. allskonar vélavinnu, ennfremur jarðrækt og skepnuhirðingu, sitt á hverjum stað, eftir því hver veitir bezta fræðslu í hverju starfi. Á þennan hátt er hægt að fá betri fræðslu en með því að eiga að læra allt á sama stað, því að þessi fyrirmyndarbú mundu varla veita eins góða fræðslu á öllum sviðum og margir beztu bændur til samans.

Hv. þm. Mýr. sagði, að ég hefði hugsað mér, að þessi bú yrðu eitthvert ónýtt fálm eða tildur; það væri hægt að semja við ágæta bændur. Já, það væri hægt, en það er ekki eins víst, að það yrði gert. Búnaðarfélagið hefir nú í 3 undanfarin ár haft eitt slíkt fyrirmyndarbú, og ekki hefir það fengið neinn fyrirmyndarbónda þangað, heldur útlærðan landbúnaðar-

kandídat. (BÁ: Það er allt annað). Þetta mun nú samt hafa verið svona, og það var komið í haust til fjvn. og átti að fá tugi þúsunda til þessa bús. (Forsrh.: Það er tilraunabú). Eftir flutningi málsins fyrir n. skildist mér, að það ætti að vera til fyrirmyndar fyrir sérstaka landshluta.

Samkv. þeirri reynslu, sem fengizt hefir, þá er í mínum augum mjög lítil sönnun fyrir því, að þeir menn, sem valdir yrðu, séu starfi sínu vaxnir. Eins og ég benti á áður, þá hafa umsóknir komið fram um eitt og annað, t. d. til að fá stöðu við kynbótabú, og ég býst við, að það sé oft svo, að þeir menn, sem sækja fastast um slíkar stöður, séu hvað óliklegastir til að geta leyst þau störf vel af hendi.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Það hefir verið þrefað dálítið um eina brtt., sem meiri hl. hefir komið með, sem byggist á því, að 4. gr. falli burt, því að það hefði komið í bága við aðaltill. að veita lán til fyrirmyndarbúa yfir höfuð. En nú er komin fram till. frá hv. þm. Mýr. um það, að veita megi lán til bygginga á slíkum búum, og með því að það getur ekki komið í bág við tilgang sjóðsins, þá eru tveir af nm. samþykkir þessari brtt. og halda ekki fram brtt. um að fella niður 4. gr. Ég hefi alltaf verið þeirrar skoðunar, að bezt væri, að sem flest fyrirmyndarbú væru í landinu. Þeim sveitum, sem eiga einhvern mann, sem er til fyrirmyndar í búskap, vegnar miklu betur. Þegar einhver sveit á hugsjóna- og dugnaðarmann, þá getur það orðið til að reisa við búskap í heilli sveit. Það er ekki víst, að þeir séu vel efnum búnir: það getur vel verið, að þeir séu miður efnum búnir, og þá er það ekki úr vegi að styrkja þá af opinberu fé. Ég er ekki þar með að segja, að það eigi að stofna slík fyrirmyndarbú í hverri einustu sveit á landinu, en hitt er ekki of mikið, þó að á öllu landinu séu 4 fyrirmyndarbú í verklegum efnum. Ég játa það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, að sem betur fer eru margir bændur okkar fyrirmyndarmenn, sem ungir menn geta mikið lært af. Nú er þetta að breytast á margan hátt; bændur eiga nú miklu erfiðara en áður, vegna mannfæðar. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

Bjarni Ásgeirsson: Ég held, að það sé einhver misskilningur í deilum okkar hv. 2. þm. Skagf. Mér virtist hann blanda saman tilraunabúi Búnaðarfélags Íslands og þessum búum, en þar er um tvennskonar bú að ræða. Ég get hugsað mér framkvæmdir á þessum búum svipað því, sem hann hefir stungið upp á, nefnilega, að búið verði falið einhverjum fyrirmyndarbónda úr sveit, en hugsa mér ekki, að þarna eigi að gera tilraunir með allt milli himins og jarðar, sem snertir búskap, heldur verði á hverju búi nokkrar greinar búskapar, sem viðkomandi maður hefir helzt sýnt sig færan í.

Jón Sigurðsson: Ég er þakklátur hv. þm. fyrir að hann viðurkenndi, að mín hugmynd væri réttmæt. En þá er hann kominn inn á það, að hann býst við, að þessir menn séu helzt efnamenn. En það stríðir raunverulega á móti reglum sjóðsins, að efnuðum mönnum sé helzt veitt lán úr honum. Og þó að maðurinn væri bjargálnamaður, eða varla það, — hvernig ætlast hv. þm. til, að sjóðsstj. fari að? Það er búið að byggja stórar og dýrar byggingar, og svo sýnir það sig, að maðurinn er ekki fær um að reka fyrirmyndarbú. Hvernig á þá að fara að? Ekki verða byggingarnar teknar af honum.

Ég vil aðeins benda á það viðvíkjandi þessum fyrirmyndarbúum, að það er í raun og veru ekki hægt að koma fjölda manns að t. d. við fjármennsku. Nei, það verður betra, að 1—2 menn komi sér fyrir hjá góðum fjármönnum, því að það eru ekki líkur til, að hægt sé að koma mannsöfnuði þar að. Ég held því, að skaðlaust sé, þótt þessi heimild yrði niður felld. — Hv. þm. A.-Sk. þarf ég ekki að svara, þar sem hann sagði allt hið sama og hv. þm. Mýr.

Bjarni Ásgeirsson: Þótt ég sé dauður, vil ég svara þeirri fyrirspurn, sem beint var til mín, nokkrum orðum.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að lán til fyrirmyndarbúa yrðu veitt efnamönnum, og þau ákvæði, sem að þessu lúta, kæmu því í bága við tilgang sjóðsins. Það er nú eng-

an veginn víst, að það verði eingöngu efnamenn, sem þessi lán hljóta. Í þessu efni verður fyrst og fremst litið á hæfileika manna og dugnað, og framkvæmdasemi og góður efnahagur fer eigi ávallt saman, enda skil ég ákvæðin svo, að heimilt sé að veita lánin, án tillits til þess, hvort maðurinn er efnaður eða ekki.

Þá spurði hv. þm., hvað sjóðsstj. gerði, ef maður, sem slíkt lán hefði fengið, reyndist ekki fær um að reka fyrirmyndarbú. Því er til að svara, að rekstur slíkra búa verður undir eftirliti Búnaðarfélagsins, og Búnaðarfélagið verður því að sjá um, að maðurinn sé starfi sínu vaxinn, og geta vikið honum burt, ef hann reynist það ekki. (JS: Og eins þótt hann eigi jörðina sjálfur?). Þá verður að láta hann endurgreiða lánið. Annars er þetta framkvæmdaratriði, sem heyrir undir stj. Búnaðarfélagsins.

ATKVGR.

Brtt. 479,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 405,1 (ný 1. gr., verður 2. gr.). samþ. með 17 shlj. atkv.

— 405,2.a. samþ. án atkvgr.

— 405,2.b. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 479,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 508 samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 14:5 atkv.

Brtt. 479,3 sjálffallin.

5.—6. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 509).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 509).

Á 78. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 509, 568, n. 569).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. og brtt. 568. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:3 atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Það var haldinn fundur í landbn. í morgun til þess að athuga þetta frv., en einungis meiri hl. n. var mættur. Við höfum samt athugað frv. eftir föngum og borið okkur saman við bankastjóra Búnaðarbankans, sem það er upphaflega komið frá. Skal ég nú í stórum dráttum gera nokkra grein fyrir þeim breyt., sem frv. gerir á núgildandi lögum.

Fyrsta aðalbreyt., sem í frv. felst, er að 4. gr. laganna falli burt. Með því er það alveg lagt á vald bankastj. Búnaðarbankans, hvort lán skuli veitt til að endurreisa gamla bæi, eða til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi. Eftir 4. gr. gildandi laga ganga gamlir bæir fyrir í þessum efnum og nýbýli á ræktuðu landi, en með þessari breyt. eru nýbýli á óræktuðu landi gerð jafnrétthá.

Önnur breyt. er við 5. gr., og er aðeins smábreyt. Er mælt svo fyrir, að lán til nýbýla á óræktuðu landi skuli standa afborgana- og vaxtalaus fyrstu fimm árin, en síðan endurgreiðast á 50 árum.

Loks er 3. gr. frv., sem gerir allmikla breyt. á 9. gr. gildandi laga. Hnígur hún í þá átt, að tryggja betur rétt eigenda en samkv. gildandi lögum. Nú má eftirgjald af uppbyggðri jörð ekki fara fram úr

4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs, en samkv. þessu frv. má það nema allt að 5% landverðs og 4% húsaverðs. Þetta er töluverð réttarbót fyrir eigendur jarðanna. Ennfremur er bætt nýrri málsgr. við 9. gr. laganna, sem gengur út á það, að ef lán er greitt áður en það er fallið í umsaminn gjalddaga, þá sé lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem hann hefir notið við að fá féð úr sjóðnum.

Ennfremur er stj. sjóðsins heimilt að lána til fjögurra fyrirmyndarbúa, eins í hverjum landsfjórðungi, enda sé í því farið eftir till. Búnaðarfélagsins. Meiri hl. virðist þetta réttmætt og fellst á þessa breyt. Þá má enn geta þess, að skilyrðin til nýbýla í sveitum skal hér eftir ákveða í reglugerð, en ekki bindast af lögum. Nefndin er eftir atvikum samþykk öllum þessum breyt.

Ég gleymdi að geta þess í sambandi við 5. gr., að samkv. Búnaðarbankalögunum getur ekki lengur átt við að fela stj. Ræktunarsjóðsins umsjá sjóðsins. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að tala lengra mál fyrir þessu, nema andmæli komi fram.

Jón Þorláksson: Ég á brtt. á þskj. 568, við 4. gr. þessa frv., um að hún orðist á þann veg, að 9. gr. laganna falli burt.

Ég benti rækilega á það, þegar lögin um Byggingar- og landnámssjóð lágu fyrir þinginu 1928, að í 9. gr. þeirra væru alveg óhæfileg ákvæði, sem mæltu svo fyrir, að ekki mætti leigja fasteignir, sem skuld hvíldi á við sjóðinn, hærra en sem næmi 4% af landverði og 2% af húsaverði, miðað við síðasta fasteignamat. Ég sýndi greinilega fram á það, að slíkt ákvæði gerði landeigendum með öllu ókleift að leggja fé í húsabætur, nema með stóru tapi. Þetta hefir og komið á daginn, og þess vegna hefir nú komið fram till. um að hækka leiguna upp í 5% af landverði og 4% af húsaverði. Þetta er að vísu tilraun til þess að bæta úr mestu misfellunum hvað leigujarðir snertir, en óneitanlega virðist það undarleg uppástunga um umbætur, að leyfa meira eftirgjald af landinu en af húsunum. Þetta sýnir glögglega, að mönnum er ekki ljóst, hversu mikil nauðsyn og hversu miklir erfiðleikar eru á því, að húsa slíkar jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð. Ákvæði gr. eru aðvörun til landeigenda um að leggja ekki í húsabætur á jörðum, sem þeir þurfa að leigja út. Finnst mér þetta undarleg ákvæði, þar sem það er alkunnugt, að fátt er nauðsynlegra að gangi fram en húsabætur á sveitabýlum. Tilgangur þessara laga er að greiða fyrir húsabótum í sveitum, og má það vel vera um sjálfseignarjarðir, en um leigujarðir er þetta ákvæði til stórrar fyrirstöðu hvað húsabætur snertir.

Þá er stungið upp á því í þessu frv., að aftan við 9. gr. bætist mjög undarlegt og óvenjulegt ákvæði um það, að leggja skuli refsigjald á skuldunauta sjóðsins, ef þeir vilji greiða upp skuldir sínar við sjóðinn innan hins umsamda gjalddaga. Þetta er svo furðulegt ákvæði, að varla er hægt að taka það alvarlega. Hvers á nú sá aumingja maður að gjalda, sem kýs heldur að eiga eign sína skuldlausa, ef hann má því við koma? Eða er nokkur hætta á því, að sjóðurinn geti ekki komið þessu fé aftur á vöxtu með eins góðum kjörum? Eða er þetta fé tapað? Ég get tæplega skilið, að sjóðurinn verði nokkru sinni í vandræðum með að koma fé sínu út með slíkum kostakjörum, sem þar eru. En ef það er nú ekki til óhagræðis fyrir sjóðinn, að landeigandi greiði upp skuld sína, hvað meinar þá löggjafarvaldið með því að leggja refsigjöld á þessa menn? Mig vantar æðimikið skýringar á þessu. Helzt dettur mér í hug sú skýring, að undanfarin ákvæði þessarar gr. séu svo óeðlileg og á móti réttri hugsun, að menn leiðist beinlínis lengra út í slíkar fjarstæður af þeim orsökum. Þessi 9. gr. leggur kvaðir á fasteignir, sem lán hvíla á úr sjóðnum, kvaðir, sem aldrei hafa áður þekkzt um fasteignir einstakra manna. Greinin gerir þá beinlínis ófjárráða um eignir sínar; enginn samningur, er snertir þessar fasteignir, er gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstj., og ekki má söluverð þessara eigna fara fram úr síðasta fasteignamati. Nú er það svo um fasteignamat, að það er að jafnaði gætilegt, og verður að vera það. En af því leiðir aftur það, að sannvirði fasteignar er að jafnaði fyrir ofan fasteignamatið. Þetta er mjög eðlilegt, enda er þetta svo í reynd-

inni. Þess vegna virðist það ærið hart, að neyða menn til þess að selja eignir sínar undir sannvirði, en slíkt er svo sem í samræmi við annað í þessari gr. — Öll gr. er tilraun til þess að nota þessi fríðindi, sem ríkissjóður leggur fram til þess að hressa upp á býlin í landinu, til að gera bændur ófrjálsa að umráðum yfir fasteignum sínum. Þetta eru hugsjónir jafnaðarstefnunnar, og þetta er hið eina, sem eftir er af hinu upphaflega frv. hæstv. dómsmrh., annað en fyrirsögnin. Það mun koma fram, að það reynist ómögulegt að hafa þessa gr.; hún hlýtur að verða felld burt áður en langt um líður, því að þegar búið verður að veita svo mörg lán úr sjóðnum, að lánþegar fara að fá pólitíska þýðingu, þá munu þeir heimta, að gr. sé afnumin. Annars er það nánast sagt af hlífð við hæstv. núv. dómsmrh., að þessari gr. var leyft að vera eftir, til þess að hann ætti þó eitthvað í frv. Það væri því betri vottur um skynsemi og dómgreind hv. þm. á 1000 ára afmæli þessarar stofnunar, að þeir tækju þessa gr. til athugunar og fyndu, að hún er að öllu leyti óhæf, og létu skynsemi sína leiða til þess, að hún verði nú þegar felld burt, heldur en að bíða þess, að svo margir finni til ranglætis hennar, að burtfellingu hennar verði hrundið fram af þeim.

Ég ætla nú að svo stöddu ekki að segja meira um þessar brtt. mínar. Ég ætla aðeins að leiða athygli hv. þdm. að öðru atriði, viðvíkjandi framkvæmd þessara laga, sem ég hefi rekið mig á og sýnir, hvað það er varhugavert að vera að búa til og lögfesta óeðlilegar og mismunandi reglur um lánveitingu slíkra sjóða.

Eins og þeim mönnum er kunnugt, sem hafa veitt eftirtekt ákvæðum núgildandi laga um vaxta- og afborganakjör, þá eru þessi kjör hagstæðari fyrir þá, sem reisa nýbýli, heldur en þá, sem taka lán til þess að endurreisa íbúðarhús á sveitaheimilum. Og þó að breyt. sé gerð á þessu ákvæði í frv. því, sem hér liggur fyrir, þá helzt þó þessi mismunur, þannig að sá, sem tekur lán til þess að reisa nýbýli, á aðeins að greiða 3½% í árgjald í 50 ár, en af öðrum lánum — þar með lánum til byggingar íbúðarhúsa — 5% í 42 ár. M. ö. o., ef maður tekur 10 þús. kr. lán, á hann að greiða 350 kr. á ári, ef því er varið til nýbýla, en 500 kr. á ári, ef það fer til þess að reisa við og byggja upp gömlu býlin.

Menn voru fljótir að finna það út, hvernig ætti að nota sér þetta. Ég varð var við það á ferðalögum mínum síðastl. vor, að til voru menn, sem voru að sækja um lán úr sjóðnum til þess að reisa nýbýli, á þann hátt, að skilja dálitinn part frá jörðinni. Þessi partur náði heim undir bæinn. Á þessum parti átti svo að gera nýbýli og var sótt um lán til þess. Nýbýlið stóð þá rétt við hliðina á gömlu bæjarhúsunum og kom að öllu leyti í stað þeirra. Það er aðeins þetta form, sem þarf að vera, þ. e. að taka hæfilegan skika af jörðinni og stofna þar nýbýli, og svo verður höfuðbólið nytjað fyrir nýbýlið. Eða hví skyldu menn ekki leggja það á sig að skrifa og borga þinglýsingagjöld til þess að sleppa við að borga 150 kr. af hverjum 10 þús. kr., sem teknar eru að láni?

Ég held þess vegna, að þessi mismunur sé, eins og ennþá stendur, ákaflega óheppilegur, og þar að auki held ég, að enn sem komið er sé miklu brýnni og meira aðkallandi þörf að bæta þau býli, sem fyrir eru og reynast ónóg til þess að framfleyta einni fjölskyldu viðunanlega, heldur en að stofna nýbýli, sem fyrst um sinn verða ennþá erfiðari viðfangs en gömlu býlin að því er snertir möguleikana til að veita fjölskyldu sæmilega framfærslu. Því það er nú svo, að afkoman í sveitum er svo bágborin sem hún nú er fyrst og fremst af því, að allar jarðirnar framfleyta ekki nógu stóru búi til þess að afurðir þess geti veitt einni fjölskyldu sæmilega framfærslu með þeim lífsþægindum, sem fólk yfirleitt gerir kröfu til nú á tímum. Mér finnst því réttast að snúa sér fyrst að því að bæta þær meinsemdir, sem fyrst og fremst kreppa að, heldur en að dreifa kröftunum og gera tilraun til þess að leiða ofurlítið fleiri landsmenn út í þá sömu erfiðleika, sem svo margir hafa kiknað undir. Þegar búið er að bæta býlin í landinu svo, að þau geti veitt fólkinu sæmilega afkomu og það hefir sýnt sig, að fólkið, sem þau nytjar, unir hag sínum vel í sveitunum,

þá er fyrst kominn tími til að reyna að fjölga býlunum og ná fleira fólki í sveitirnar. Þar með vil ég þó ekki segja, að ekki geti á einstaka stað staðið þannig á, að góð skilyrði séu fyrir því að koma nýbýlum upp nú þegar, en ég efa, að slíkar undantekningar séu fyrir hendi nema þá í sjávarþorpum eða hverfum, þar sem fólkið getur stundað aðra atvinnu jafnframt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég þarf ekki að svara hv. 3. landsk. neinu verulegu, af því þessi hugmynd hans um 9. gr. er nú orðin nokkuð gömul og þekkt og hefir, að hans eigin skoðun, aldrei haft mikið fylgi með þjóðinni, og hefir það ekki farið vaxandi.

Það, sem vakir fyrir hv. 3. landsk. og vissum hluta manna, er, að ríkissjóður leggi fram fé í framkvæmdir hjá einstaklingunum, þannig, að eignin vaxi í verði. Fyrsti eigandi fær þá reist myndarlegt hús af styrk úr ríkissjóði, en ef eigendaskipti verða, er eignin svo dýr, að ekki er hægt að nota hana. Þessi styrkur, sem á bæði að vera einstaklingunum og þjóðfélaginu til gagns, kemur þá aðeins einstaka manni að notum.

Ég vil minna hv. þm. á, að á þinginu 1925, þegar hann beitti sér fyrst gegn þessu máli hér í þessari hv. deild, lagði hann áherzlu á það, að þessi hjálp myndi hafa spillandi áhrif á siðferðislíf þeirra, sem styrksins nytu. Þeir myndu þá skoða sig sem betlara fyrir bragðið. Hv. þm. lagði þá áherzlu á að fresta málinu hér í deildinni, því það væri óheppilegt, að menn fengju slík vildarkjör úr ríkissjóði til húsabygginga. Nú hefir hv. þm. horfið frá þessari skoðun sinni, því að í fyrra bar hann hér fram frv. um raforkuveitur utan kaupstaða, sem byggðist á sömu hugsun, nema hvað fjárframlög úr ríkissjóði voru þar enn meiri. Hv. þm. hlýtur því að sjá, að hann er ekki lengur á móti 9. gr., heldur á móti sinni fyrri skoðun. Hv. þm. hefði ekki dottið í hug að gefa bændum millj. kr. í rafmagn, ef hann hefði verið eins viss um það árið 1929 eins og hann var árið 1925, að slík framlög hefðu siðspillandi áhrif á þann, sem við tæki. Það er því skoðanabreyt. á bak við þetta hjá hv. þm. Hann hefir nú snúið frá sinni fyrri skoðun og á skoðun mína, sem kom fram í frv. 1925.

Ég get sagt hv. þm., að fyrsta árið eftir þetta voru margir bændur hér á landi, sem lögðu trúnað á þessa skoðun hv. 3. landsk. og héldu, að það væri óheppilegt að hafa svo niðursetta vexti til bygginga. En svo hvarf þessi mótstaða og allur sá gauragangur, sem þyrlaðist upp út af 9. gr., datt niður. Ég skoða þetta sem forngrip, sem fundinn var einu sinni upp til þess að tefja framgang góðs máls.

Þá kom hv. 3. landsk. með sína gömlu firru, að vilja fella 9. gr. niður. Ég ætla því lauslega að útskýra, hvað vakir fyrir bankastjórunum með þessari viðbót við 9. gr., sem hv. 3. landsk. er svo mikið á móti.

Það, sem átti að fyrirbyggja með 9. gr., var það, að þegar ríkissjóður er búinn að leggja fram stórfé í byggingu fyrir einstakan mann, geti hann selt eignina svo háu verði, að næsti eigandi sé engu betur farinn en áður, en fyrsti eigandi þurfi aldrei að greiða nema nokkurn hlut af húsverðinu. Menn vita það vel, að það eru í raun og veru ekki reiknaðir neinir verulegir vextir af húseignum í sveit. Dugnaðarbóndinn Ágúst Helgason í Birtingaholti hefir t. d. mikið gert fyrir þá jörð. Ég má segja, að landeignin væri metin á 9000 kr., en húsin á 16000 kr. Ég man eftir því, að hann sagði við mig fyrir nokkrum árum — það var áður en 9. gr. kom til sögunnar —, að þegar hann hætti, væri ómögulegt fyrir son sinn, sem við tæki, að borga bankavexti af fasteignamatinu, en það væri nær 30 þús. kr. Hann yrði því að leggja húsaverðið með jörðinni, til þess að hægt væri að búa á henni.

Ég tek þetta dæmi um þennan þekkta mann og þessa þekktu jörð, af því að það er svo áberandi, en sömu tilfellin eru um allt land, þar sem bændur hafa lagt mikið í sínar jarðir, t. d. girt eða sléttað. Það er því stærsta vandamál ábúandans, hvernig hægt sé að hindra það, að jörðin, eða sérstaklega húsin, verði of dýr þeirri kynslóð, sem við tekur. Sú djarfa hugmynd, sem hv. þm. Ísaf. (HG) og hans flokksmenn hafa haldið fram bæði á fundum og hér á Alþingi, að ríkið kaupi allar jarðirnar, er líka alveg fjarstæða.

Því það, sem bændur langar til, er að vera sjálfseignarbændur og láta börn sín svo taka við. En það er þó svo, að á fundaferðum mínum út um land hefi ég orðið var við, að þessari kenningu er samt sem áður að vaxa fylgi, af því að ungir bændur sjá engin sköpuð ráð til að taka við jörðunum af feðrum sínum, ef þeir eiga að borga fulla vexti af öllu. Og það er ekki eingöngu fasteignamat, sem þarf að borga af. Það er enn hærra verð, eins og hv. 3. landsk. tók réttilega fram. Ég tek það sem dæmi, hvernig þessi stefna er að vinna sér fylgi, af því að nú er skórinn að kreppa að í þessu efni.

3. leiðin, sem hv. 3. landsk. benti á og mest mun vera dáð innan hans flokks, er „spekúlation" í lóðum. Sú stefna hefir nú fullt svigrúm til að njóta sín, nema hvað 9. gr. takmarkar þetta. Aftur er það stefna Alþýðuflokksins, að ríkið kaupi jarðirnar og leigi þær síðan út aftur. Þessi stefna hefir hingað til haft lítið fylgi í sveitum, en er nú eitthvað að vinna á, af því að stefna hv. 3. landsk. er farin að gefast svo illa.

Framsóknarflokkurinn er milliflokkur í landinu. Það er stefna hans, sem táknuð er í 9. gr., að styðja að því, að „spekúlantar" nái ekki í jarðirnar til þess að gera þær svo dýrar, að það sé drápsbyrði fyrir hverja kynslóð að greiða vexti til þeirra, sem einhverntíma áður hafa átt þær. Ég held því, að það sé alveg vonlaust fyrir hv. 3. landsk. að vera að halda því fram, að stefnan í 9. gr. sé dauð. Nei, það er stefna, sem er í vexti.

Hv. þm. virðist ekki skilja viðbótina við 9. gr., sem er 4. gr. frv. á þskj. 509. Þar er talað um það, að ef einhver lánþegi greiðir upp fyrir umsaminn tíma lán, sem hvílir á jörð, þá geti stj. bankans látið hann greiða nokkra uppbót á lánið. Það, sem liggur þessu til grundvallar, er það, að það er undir sumum kringumstæðum rétt, að lán sé ekki endurborgað, t. d. þegar eljusamur maður hefir ráð á því að endurborga eða selur barni sínu jörðina við lögleg ábúendaskipti. Ég álít, að núv. stj. Búnaðarbankans hafi fullan skilning á þessu máli og láti þá ekki greiða neina viðbót. En ef t. d. lánið er búið að standa í 35 ár, hefir ríkið borgað allmikinn part af vöxtunum, og er því farið að eiga part af eigninni, og finnst mér þá rétt, að bankanum sé borgað það, sem hann hefir létt undir með framleiðslu á jörðinni, ef seljandi ætlar að fá „spekulations"-gróða af sölu á jörðinni. Það er að vísu erfitt fyrir stj. að hafa eftirlit með þessu, en þetta er gert til þess, að ríkið fái sitt aftur frá þeim, sem vilja fara með jarðirnar úr framleiðslunni og út í „spekulationina". Og þetta er sá skoðanamunur, sem alltaf helzt milli mín og hv. 3. landsk. og hans flokks. Ég vil styðja framleiðsluna, en þeir vilja styðja „spekulationina".

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson):* Hæstv. dómsmrh. hefir að miklu leyti svarað hv. 3. landsk., en ég ætla að bæta dálitlu við. Mér skildist hv. 3. landsk. hafa eitthvað að athuga við fyrstu breyt. um að heimila lán til nýbýla. En ég held, að það ákvæði sé nauðsynlegt. Ég álít, að það sé alls ekki rétt að taka ekki fullt tillit til þeirrar hreyfingar, sem gerir vart við sig alstaðar á landinu, að skipta stórum jörðum í margar smærri, vegna þeirra breyt., sem orðið hafa á atvinnuháttunum. Nú er ekki lengur hægt, eins og í gamla daga, að reka búskap á stórum, lítt ræktuðum jörðum. Til þess þarf miklu fleira vinnufólk en nú er hægt að hafa. Einnig er mjög óheppilegt að láta þessar stóru jarðir liggja ónotaðar. Enda er reynslan sú, að menn vilja skipta stórum jörðum á milli barna sinna, og þá er mjög eðlilegt, að í einstökum tilfellum, þegar öruggt er, að um heilbrigt fyrirtæki sé að ræða, sé heimilt að veita lán. Búnaðarbankinn vill þess vegna fá slíka heimild, en bankastj. mun ekki nota hana, nema þegar sérstaklega stendur á. Undir góðri bankastj. þurfum við alls ekki að óttast, að þetta verði misnotað.

Aðalmótbárur hv. 3. landsk. snúast um 9. gr., en þó getur hann ekki haft neitt á móti þessum breyt. á 9. gr., því að þær miða að því að gera gr. aðgengilegri fyrir hann og þá, sem eru sömu skoðunar og hann. Hv. 3. landsk. hélt því fram, að ekki væri hægt að byggja upp á leigujörð, nema skaðast á því. Ég býst við, að það hafi verið satt, — maður fær ekki lán nema með 4% vöxtum, en leigði hinsvegar fyrir 3%. Nú er það hækkað upp í 4%,

svo að menn ættu að vera skaðlausir. Það er ekki tilætlunin — og má ekki vera — að hjálpa mönnum til að græða á því að byggja yfir aðra. Tilætlunin er sú, að sem flestir geti fengið boðleg hús með þolanlegum kjörum, og hlunnindin eiga að koma ábúandanum sjálfum til gagns.

Hv. 3. landsk. var mjög óánægður með viðbótina við 9. gr. Ég skal játa, að hún er ekki í svo föstu sambandi við það, sem á undan er komið, sem æskilegt væri, ef ekki fylgdi skýring bankastj. Það er ekki rétt að hegna þeim manni, sem vill greiða sínar skuldir. Ef bóndinn getur borgað lánið án þess að lenda í braski, á hann að eiga þess kost, og ekki sæta hegning fyrir. Búnaðarbankastj. vill bara hafa heimild til að fá endurgreiddan mismun á vöxtum, ef sá bóndi, sem um er að ræða, lendir í einhverju braski. Mér finnst fyllilega réttmætt að setja þetta skilyrði. En það hefði verið skýrara frá þessu gengið, ef ekki hefði verið þetta flaustur á öllu nú síðustu dagana. Og eins og ég hefi áður tekið fram, eiga aths. hv. þm. við lögin eins og þau eru, en ekki brtt.

Hv. 3. landsk. sagði, að hæstv. dómsmrh. ætti orðið lítið í þessum lögum. Þetta skiptir nú ekki miklu máli, en ég verð samt að mótmæla fullyrðing hv. þm., því hæstv. dómsmrh. á alveg ómótmælanlega hugmyndina að þessum lögum. Það var hann, sem fyrstur flutti hugmyndina inn í þingið. Síðan hefir svo þessi hugmynd þroskazt og skýrzt, eins og alvanalegt er. Ég skal ekki neita því, að það má að vísu deila um það, hvort heppilegt hefði verið að hafa sérstakan gróðaskatt, eins og hæstv. dómsmrh. hugsaði sér í öndverðu, eða ekki, en aðalhugsun frv. hefir haldið sér, að öðru leyti en því, að gróðaskatturinn hefir verið felldur niður. Hæstv. dómsmrh. á mikinn heiður og fulla þökk skilið fyrir að eiga frumkvæðið að þessum lögum, en hreint ekkert ámæli.

Jón Þorláksson: Hv. 6. landsk. fór að gera að umtalsefni mótstöðu mína gegn frv., sem flutt var á þinginu 1925, samnefndu þessum lögum. Eins og vænta mátti, hafði hv. þm. annaðhvort misskilið aðstöðu mína eða gleymt, á hverju mótbárur mínar voru byggðar. Þær voru sem sé byggðar á tveim atriðum: Í fyrsta lagi því, að ákvæði frv. um fjárútvegun var hrein og bein fjarstæða og svo fáránlega samið, að gerðar voru að umtalsefni stofnanir, sem ekki voru til, og í öðru lagi þeim ákvæðum frv., sem drefjar eru eftir af 19. gr. þessara laga. Í upphaflega frv. var svo langt gengið, að það mátti segja, að bændur, sem áttu að fá lán úr sjóðnum, væru settir á bekk með sveitarómögum að öllu leyti öðru en því, að þeir héldu sínum kosningarrétti. Og ég átti þann metnað fyrir hönd bændastéttarinnar íslenzku, að ég vildi ekki bjóða henni þetta. Hæstv. ráðh. sagði, að sá gauragangur, sem orðið hefði út af 9. gr., hefði alveg fallið niður. Nei, þetta frv. sýnir, að hann er einmitt farinn að bera sína ávexti. Þær brtt., sem fram eru bornar, eru vottur þess, að aðfinnslur mínar við 9. gr. voru á fullum rökum byggðar.

Hæstv. dómsmrh. snerist enn einu sinni í kringum sjálfan sig, þegar hann var að útlista það, að það mætti ekki koma fyrir, að vaxtaívilnunin frá ríkissjóði yrði að gróða fyrir einstaklinginn, en samt segir hann, að allt sé þetta gert í því skyni, að vinna að því að koma upp sjálfseignarstétt. Vegna hvers er nú þörf á vaxtaívilnun í sveitum? Af því að húsin renta sig ekki, sem kallað er. Jarðirnar bera ekki fulla vexti af byggingunni. Er þá nokkur hætta á því, að húsið seljist fyrir svo hátt verð, að seljandinn geti náð vaxtaívilnun við söluna? Nei, alls engin. Það, sem verið er að reyna að forðast með ákvæðum 9. gr., er ekkert annað en hugarburður. Hinsvegar getur það komið fyrir, að eftir svo sem einn mannsaldur verði orðnar þær breyt., að jarðirnar þoli að bera fulla vexti af verði húsanna. Hvernig geta þær breyt. orðið? Með því einu móti, að mannsaldursstarf verði lagt í að rækta jarðirnar. Sú starfsemi er styrkt af ríkissjóði, án þess að lagðar séu nokkrar kvaðir á ábúandann. Það hefði þó legið nær að setja einhver skilyrði inn í þá löggjöf, af því að jarðræktin eykur verð jarðanna, um leið og hún eykur afurðir þeirra, en það gerir húsið ekki. En setjum svo, að býlið sé á einum mannsaldri gert svo gott, að það þoli að bera fulla vexti af húsinu. Eru það þá of mikil verðlaun til þess manns, sem lagt hefir allt sitt

starf í það, þó að hann fái að selja jörðina fyrir sannvirði? Ég segi nei. En hvernig fer svo á þeim jörðum, þar sem ræktunarstarfsemin tekur 2 mannsaldra? Þar eru menn verðlaunaðir á þann hátt, að þeir fá að selja sín býli fyrir sannvirði. En hinir, sem eru röskari til framkvæmdanna, mega það ekki. Ég sé enga sanngirni í þessu og veit, að það verður ekki látið standa. Það eru óljós áhrif frá kenningum sócialista, sem rugla framsóknarmönnum sýn.

Hæstv. dómsmrh. komst í hina mestu mótsögn við sjálfan sig, þegar hann sagði fyrst, að með þessu frv. væri lagður grundvöllur að sjálfseignarstétt bænda í landinu, og rétt á eftir, að eftir 35 ár væri ríkið farið að eiga drjúgan part í jörðunum. Sannleikurinn er sá, að hér er allt í þoku fyrir framsóknarmönnum; þeir halda, að þeir séu búnir að finna einhverja millileið á milli eignarréttar og eignarréttarleysis, sem aldrei hefir þekkzt í heiminum.

Hv. frsm. meiri hl. tók vel í aðfinnslur mínar og viðurkenndi, að í raun og veru væri ekki vel frá gengið í frv., en treysti stj. Búnaðarbankans til að halda framkvæmdum í þessu efni í réttu horfi. Ég vantreysti bankastj. ekki heldur, og ég veit, að þess verður ekki langt að bíða, að lögunum verði breytt aftur. Þá má að sjálfsögðu laga þær misfellur, sem nú eru á frv. vegna naumleika tímans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

2. gr. felld með 7:7 atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 568 felld með 8:5 atkv.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

5.—7. gr. (verða 4.—6. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 580, 581).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 581. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8:2 atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson):* Það varð svo við atkvgr. í dag um þetta mál, að 2. gr. þessa frv. var felld niður. Hún miðaði eingöngu að því að heimila stjórn Byggingar- og landnámssjóðsins að veita lán til byggingar á nýbýlum á óræktuðu landi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, jafnvel þótt fyrir lægju beiðnir til að endurreisa sveitabæi, sem ekki væri hægt að fullnægja. En eftir núgildandi lögum er þetta tæplega heimilað, en eins og bent var á í dag, geta verið til ýms atvik, sem réttlæti þetta. Ég held því, að atkvgr. í dag hafi farið svo sem hún fór fyrir misgáning hv. þm., og í trausti þess, að hv. dm. sjái þetta, flyt ég hér brtt. á þskj. 581, sem heimilar stj. að veita lán til allt að 10 nýbýla á ári. Þetta verður því ekki mikill styrkur, þegar það eru ekki fleiri býli en þetta, og vona ég að hv. deild geti fallizt á það.

Í samræmi við það, sem samþ. var í dag, legg ég til, að síðari málsgr. 4. gr. falli niður, og vona ég því, að hv. dm. sjái, að þessi brtt. mín sé sanngjörn.

Páll Hermannsson:* Þótt ég líti svo á, að Byggingar- og landnámssjóður eigi fyrst og fremst að ganga til þess að byggja upp gömlu býlin, þá skil ég það samt, að vel geti staðið svo á, að nýbýli ættu að koma til greina. Þess vegna mun ég geta aðhyllzt þessa brtt.

Þá er það annað atriði, sem kom fram í umr. í dag, sem mig langaði til að minnast örlítið á.

Hv. 3. landsk. sagðist hafa gengið úr skugga um það á ferðalögum sínum í sumar, að miklar líkur væru fyrir því, eða jafnvel vissa, að menn misbrúki sum ákvæði laganna um lán, þannig að menn noti þau lánskjör, sem ætluð eru til að byggja nýbýli á ræktuðu landi, án þess að réttar ástæður séu fyrir hendi.

Ég verð í rauninni algerlega að mótmæla því, að hv. 3. landsk. geti á þessu stigi málsins gengið úr skugga um þetta. Ég verð að álíta, að reynsla og tími leiði það bezt í ljós, hvort þetta hafi verið misnotað. Því enda þótt tekið væri lán, þannig að árlegt gjald væri 3½% í 50 ár, og byggður nýr bær og það haft sem ástæða, að jörðinni eigi að skipta og gamli bærinn fylgi einum hlutanum, þá er engin

reynsla fengin fyrir því, að gamli bærinn verði lagður niður og hinn komi í staðinn. Sú reynsla er a. m. k. ekki fengin enn. Og ég held það sé ekki algengt, að bændur vilji falsa þannig verk sín, eða valda því falsi, að nota lánin til annars heldur en þeir þykjast ætla að nota þau. Á því ári, sem hefði getað gefið reynslu um þetta, hefi ég ekki orðið var við, að væri neitt útlit fyrir, að menn hefðu slíka aðferð í huga. Ég mótmæli því, að nú sé hægt að fullyrða, að bændur noti sér þennan möguleika. Það er ekki hægt að segja fyrir víst um það, hvað **getur** komið fyrir í framtíðinni, en ég er hissa, að hv. 3. landsk. skuli slá því föstu nú, að bændur muni reyna að nota sér þetta. Ég heyrði hann ekki nota neitt ef-yrði um það, og gat ég því ekki látið það fara framhjá mér ómótmælt.

Hitt er mér ljóst, að mikið veltur á góðu eftirliti, bæði um þetta atriði og önnur. Ágæti Byggingar- og landnámssjóðsins byggist t. d. mikið á því, að í gegnum hann er hægt að sjá svo um, að húsin, sem byggð eru, séu eins og þau þurfa að vera, hentug og endingargóð. Það er aðalatriðið, að byggingarnar, sem lánað er til, séu gerðar eins og gert er ráð fyrir, eins og það er aðalatriði, að jarðabæturnar, sem styrktar eru samkv. jarðræktarlögunum, séu vel unnar. Það má ekki kasta því fé, sem ríkið lætur af mörkum til framkvæmda, í illa gerð og óvönduð mannvirki.

Jón Þorláksson: Ég vil ekki láta hafa það eftir mér, að ég hafi sagt bændur vilja falsa verk sín, þó ég gerði ráð fyrir, að þeir noti sér svona glompu á lögunum til að ná hagfelldari kjörum. Ég sýndi fram á það í dag, og það ekki að ástæðulausu, hvernig hægt er að fara kringum lögin og fá lán með þeim kjörum, sem ætluð eru nýbýlum, til að byggja upp gamla bæi. Það er löggjafans sök, en ekki bændanna; ég bjóst bara við, að bændurnir væru svo hyggnir að athuga, hvað langt má komast án þess að brjóta lögin.

Ástæðan til þess, að ég greiddi atkv. á móti 2. gr. frv. við 2. umr., var sú, að ég vildi ekki láta falla niður það almenna ákvæði 4. gr. laganna, að lán til að endurreisa gamla bæi skuli ganga fyrir lánum til nýbýla. En ég get með ánægju gengið inn á þá miðlunartill., sem hv. 6. landsk. flytur nú.

Jón Baldvinsson:* Ég hefi litið svo á, að ákvæði 4. gr. laganna ættu einkum við nýbýli í nánd við kaupstaði, og hefi því verið henni samþykkur. En í nál. meiri hl. kemur fram, að bankastj. vill takmarka lánveitingar til nýbýla mjög, en áður mátti lána jöfnum höndum til nýbýla á ræktuðu landi og til að byggja bæjarhús á gömlum býlum. En það er varla um annað ræktað land að ræða til að byggja á en í umhverfi kaupstaðanna, nema þá ef býlum er skipt, og vildi ég þess vegna halda í 4. gr.

Við till. hv. 6. landsk. get ég nokkurnveginn sætt mig, ef það má skilja hana svo, að lánað verði jöfnum höndum til nýbýla í nánd við kaupstaðina. Að vísu er til sérstök lánadeild, sem ætlað er það verkefni að styrkja byggingu smábýla kringum kaupstaðina, en hún er lítil og þörf kaupstaðarbúanna hinsvegar mikil á því að byggja á eigin ræktuðum blettum utan kaupstaðarins.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hygg, að frá sjónarmiði hv. 4. landsk. hafi hann unnið óhappaverk í dag, er hann studdi að því að fella 2. gr. frv., því ég get ekki skilið hann öðruvísi en hann telji rétt að styrkja nýbýlabyggingu bæði í sveitum og við kaupstaði, þó hann leggi meiri áherzlu á nýbýli umhverfis kaupstaðina. Það hefir sýnt sig, að meira er leitað eftir lánum til slíkra býla, og mun svo eðlilega verða áfram. Því var stofnuð sú sérstaka deild til að styðja grasbýli við kaupstaði, sem hv. 4. landsk. átti þátt í að skapa.

Það er eðlilegra, þó hv. 3. landsk. vildi fella 2. gr. Frá sjónarmiði íhaldsins var það alveg rétt. Það er trúaratriði allra íhaldssamra manna, að heimilunum í sveitunum eigi ekki að fjölga. Hv. 3. landsk. vill láta alla heimilafjölgunina vera á mölinni. En þetta er bara vitleysa, og ekkert annað. Það liggur í augum uppi, að þegar fólkinu á heimilunum fækkar um helming, vegna þess vinnusparnaðar, sem aukin vélanotkun hefir í

för með sér, þá verður sveitaheimilunum að fjölga. Jörðunum verður að skipta.

Ég skil það, að hv. 3. landsk. vill ekki láta lána til neinna nýbýla úr Byggingar- og landnámssjóðnum. Og hv. 6. landsk. hefir víst gert gott verk með því að reyna að brúa þá gjá, sem aðskilur menn í þessu máli, með brtt. sinni. Get ég fallizt á hana til bráðabirgða. En það munu ekki verða háð mörg þing, þangað til sú krafa kemur fram, að veitt séu lán jöfnum höndum til nýbýla og bygginga á gömlum býlum. Það verður aldrei lengi friður með það að útiloka að mestu leyti nýbýlin frá Byggingar- og landnámssjóðnum.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson):* Ég get þakkað hv. 3. landsk. fyrir undirtektir hans við brtt. mína, og eiginlega hv. 4. landsk. líka.

Raunar er með brtt. fyrst og fremst átt við nýbýli í sveitum. Mér finnst meiri þörf á, að ríkið styðji þau með hagfelldum lánskjörum; þau geta tæplega borið sömu vaxtakjör og nýbýli í nánd við kaupstaði. Enda hefir nú nokkuð verið séð fyrir lánsþörfum til smábýla kringum kaupstaði.

Jón Baldvinsson:* Það er ekki nema eðlilegt, að hæstv. dómsmrh. sé eitthvað ofurlítið ergilegur, þegar rætt er um lögin um Byggingar- og landnámssjóð, því satt að segja eru þau nú ekki orðin nema svipur hjá sjón, samanborið við hið upphaflega frv. hæstv. ráðh. Og ég get sagt það hæstv. ráðh. til hróss, að mér þótti frv. betra eins og hann gekk frá því heldur en lögin eru nú.

Í meðferð íhaldssamra þm. hefir það tekið þeim breyt., að það kemur nú varla að hálfu gagni við það, sem því var ætlað. Að vísu mun hafa verið dálítið losaralega gengið frá frv. að sumu leyti, einkum að því er snerti tilgang sjóðsins. Hygg ég það hafi byggzt með fram á því, hvað mönnum hættir til að miða allt við sitt eigið hérað. Þó hentugast sé í einhverri sveit á Norðurlandi að skipta býlunum, er alls ekki víst, að svo hagi til alstaðar. Sumstaðar getur verið réttara að byggja nýbýli saman í hverfum; en að því hefir hæstv. ráðh. ekkert stutt. Og ég veit ekki, hvort öll þessi gömlu býli, sem byggja á upp, eru þannig, að rétt sé að endurreisa þau. Framtíðarstefnan er sú, að færa saman byggðina, einnig í sveitunum. Fólkið helzt ekki lengur við á hinum dreifðu býlum.

Þó allt virðist „plan"laust í landbúnaðarmálunum hér, þá finnst mér ég þó eygja það, að stefnan færist heldur í þá átt, að byggðin eigi að færast saman í hverfi. T. d. finnst mér benda í þá átt, að samþ. hefir nú verið að koma upp fyrirmyndarbúum. Þaðan ætti að geta breiðzt út þekking á bættum vinnubrögðum og vélum, sem ekki geta komið að notum nema byggðin sé svo þétt, að samvinna um vélanotkun og afurðasölu geti þróazt. Slík samvinna er nauðsynleg til þess að býlin geti borið sig.

Að ég hafi gert rangt, er ég greiddi atkv. móti 2. gr. frv., get ég ekki viðurkennt. Og ég tel nauðsynlegra að styðja nýbýli við kaupstaði, því þar geta menn haft aðra atvinnu jafnframt, sér til stuðnings.

Jón Þorláksson: Ég mun ekki ergja hæstv. dómsmrh. með löngu svari. Það ódæði, sem ég hefi framið í þessu máli, er það, að ég hefi reynt að halda í eitt af höfuðatriðunum í ákvæðum laganna um það, hvernig fé sjóðsins skuli ráðstafað. Út af því dregur hæstv. ráðh. þá ályktun, að ég vilji alls ekki heimilafjölgun í sveitunum. Mér þykir hann með þessu vera farinn að fara heldur niðrandi orðum um þau lög, sem hann er stundum svo fíkinn í að eigna sér. Haldi hann þannig áfram, vona ég að hann láti einhverntíma í ljós andúð sína gegn 9. gr. þessara laga líka.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er ekki margt, sem ég þarf að hrekja af því, sem hv. 3. landsk. hefir sagt. Hann getur ekki neitað því, að með nafni sjóðsins er gert ráð fyrir, að hann vinni bæði að byggingum og landnámi. Og æfinlega þegar ég hefi haft afskipti af einstökum atriðum laganna, hefi ég haldið fram, að það ætti að lána til nýbýla og gamalla býla jöfnum höndum. En fyrir rás viðburðanna hafa nú nýbýlin orðið útundan, m. a. til samkomulags við menn eins og hv. 3. landsk.

Það þótti goðgá, þegar ég lagði fyrsta uppkastið að þessum lögum fyrir þingið, að hjálpa átti mönnum til að byggja upp niðurniddar jarðir. Það var kallað að verðlauna þá, sem færu illa með jarðir sínar. Nú heldur hv. 3. landsk. verndarhendi sinni yfir því ákvæði, að „niðurniddu býlin" skuli sitja fyrir lánum. Og það þótti skömm fyrir bændur 1925 að taka við lánum, sem ríkið að einhverju leyti greiddi vexti af. Nú eru menn fallnir frá þeirri skoðun. Og nú flytja jafnvel íhaldsmenn hverja till. á fætur annari um samskonar stuðning til bænda, t. d. till. um raftaugar og frv. um skurðgröfur. Ég get ekki annað en glaðzt yfir því, að menn eru nú farnir að skilja þetta og beygja sig fyrir kröfum tímans.

ATKVGR.
Brtt. 581 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 85. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 583).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv., og leitaði forseti leyfis um afbrigði til að taka það til meðferðar.

Haraldur Guðmundsson: Ég mun greiða atkv. á móti því, að afbrigði séu leyfð við þetta mál, svo framarlega sem ekki verður tekin til umr. till. mín um takmörkun áfengisveitinga í sambandi við hátíðahöldin.

Magnús Guðmundsson: Þar sem nú fyrir lítilli stundu síðan hefir af hálfu Framsóknarflokksins verið neitað um afbrigði fyrir eitt mesta áhugamál míns kjördæmis í hv. Ed., þá mun ég nú greiða atkv. á móti afbrigðum, til þess að hefna mín þó dálítið.

Forseti (JörB): Hv. þm. verða að gera það upp við sjálfa sig, hvernig þeir greiða atkv.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð af hálfu stj., en deildin synjaði þeirra, og með því að þessi var síðastur starfsdagur deildarinnar, varð frv. ekki útrætt.

---

48. Jöfnunarsjóður ríkisins.

Á 69. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um jöfnunarsjóð ríkisins (þmfrv., A. 390).

Á 73., 75. og 77. fundi í Nd., 7., 9. og 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það blæs ekki byrlega fyrir framgangi þessa máls á þessu þingi, ef svo er, sem mér heyrist á sumum hv. þm. og hæstv. stj., að nú sé komið fast að þinglokum. Þykir mér mjög leitt, ef svo fer, því að ég er þess fullviss, að frv. þetta, ef það yrði að lögum, mundi verða til mikilla bóta fyrir fjölmennustu stétt landsins, verkalýðinn, þá menn, sem selja öðrum vinnu sína. Nú eykst óðfluga ár frá ári sú upphæð, sem hið opinbera leggur fram til verklegra framkvæmda. Síðustu 4 árin hefir það skipt milljónum á ári hverju, þótt aðeins sé talin sú fúlga, sem ríkissjóður leggur fram. Við þetta bætist svo það fé, sem héruðin, sýslufélög og bæjarfélög leggja fram til móts við ríkissjóð í ákveðnum hlutföllum. Til sýsluvega leggja héruðin til jafns við ríkissjóð. Til bryggjugerða og lendingarbóta er framlag héraðanna tvöfalt á við tillag ríkissjóðs og til skólahúsbygginga o. fl. leggja héruðin fram ½ til ⅔ kostnaðar. Þótt um allmikið fé sé að ræða, sem ríkið leggur fram til verklegra framkvæmda, þá er það því ekki nema hluti af þeirri upphæð, sem varið er til þessa.

Ég hefi tekið saman yfirlit um tekjur ríkissjóðs á árunum 1922—1928, samkv. landsreikningunum, og athugað, hvað lagt hefir verið á þessum árum úr ríkis-

sjóði til verklegra framkvæmda. Eru það einkum fjárveitingar í 12., 13., 14. og 16. gr. fjárl., og ennfremur þær framkvæmdir, er máli skipta, sem unnar eru samkv. sérstökum lögum. Yfirlitið er á þessa leið:

Ár	Tekjur ríkissjóðs	Áætlað til verklegra framkv.	Eytt umfram fjárlagaveiting	Eytt til verklegra framkv. samtals
1922 ..	um 10.2 millj.	um 1368 þús.	um 684 þús.	um 2052 þús.
1923 ..	— 9.0 —	— 683 —	— 444 —	— 1127 —
1924 ..	— 11.6 —	— 865 —	— 177 —	— 1042 —
1925 ..	— 16.8 —	— 540 —	— 523 —	— 1063 —
1926 ..	— 13.1 —	— 1500 —	— 888 —	— 2388 —
1927 ..	— 11.8 —	— 2280 —	— 571 —	— 2851 —
1928 ..	— 14.2 —	— 2103 —	— 910 —	— 3013 —

Sé þessi skýrsla athuguð, kemur í ljós, að meðaltekjur ríkissjóðs samkv. landsreikningunum 1922—1928 hafa verið liðlega 12 millj. kr. árlega, og við þessa meðalupphæð er miðað í frv. Þetta virðist vera hinar venjulegu árlegu þarfir ríkissjóðs. Skýrslan sýnir og, að tekjur ríkissjóðs hafa verið geysilega misjafnar þessi ár. Árið 1923 eru þær 9 millj., og er þess þó að gæta, að þá var lágt gengi á krónunni, en 1925 urðu tekjurnar nálega 17 millj., eða fast að því tvöfaldar, og var þó gengið komið þá í það horf, sem nú er. Þessar misjöfnu tekjur sýna greinilega hagsveiflurnar í landinu. Þegar árferði er gott og atvinnulíf fjörugt, eru tekjurnar mestar að krónutölu, en í verri árum kemur í þær afturkippur. Af því leiðir, að atvinna, er hið opinbera veitir, er meiri, þegar vel árar, en í rýrum árum, þegar er lítið um atvinnu.

Tilgangur frv. er að koma því lagi á, að það fé, sem varið er til verklegra framkvæmda og hefir numið 4—5 millj. kr. árlega síðustu árin, að meðtöldu framlagi héraðanna, verði meir notað, þegar atvinnubrestur er, en aftur á móti heldur dregið úr opinberum framkvæmdum, þegar atvinnulíf er fjörugt og nægileg atvinna. Á síðasta ári hafa bæði lögboðnar greiðslur og umframgreiðslur til verklegra framkvæmda farið langt fram úr því, sem áður hefir verið. Samkv. bráðabirgðaskýrslu hæstv. fjmrh. hefir árið 1929 verið varið til verklegra framkvæmda umfram fjárlagaheimild eitthvað á aðra millj. króna á sama tíma sem atvinnulíf landsmanna hefir staðið með óvenjulega miklum blóma. Vegamálastjóri skýrði frá því, þegar fjvn. innti hann eftir, hvers vegna ekki hefði verið unnið að sumum þjóðvegum fyrir allt það fé, sem veitt hafði verið til þeirra, að ekki hefðu fengizt nægilega margir menn til vinnunnar. Um þetta veldur auðvitað miklu sú ósæmilega háttsemi vegamálastjórnarinnar, að greiða minna fyrir vinnu við vegagerðir og brúarsmíðar en einstakir menn gjalda í verkalaun í sömu héruðum. En nokkru hefir það valdið, að atvinnuframkvæmdir einstaklinga voru óvenjulega miklar og fólksfrekar. Á þessum 7 árum, sem skýrslan nær yfir, hafa umframgreiðslur til verklegra framkvæmda numið til jafnaðar um ½ millj. kr. á ári. Skýrslan sýnir ennfremur þann sorglega sannleika, að minnst hefir verið unnið að opinberum framkvæmdum einmitt þau árin, sem atvinnurekstur einstaklinga var daufastur og atvinnuleysi fólksins mest. Árið 1923 var t. d. aðeins unnið fyrir liðlega 1 millj. króna, en árið 1928, sem var óvenjugott ár, voru umframgreiðslur til verklegra framkvæmda úr ríkissjóði 910 þús. kr., eða með framlagi héraðanna sennilega fast að 1½ millj. kr., og alls hefir þá verið unnið fyrir hátt á 5 millj. að opinberum framkvæmdum, og þó fyrir enn meira síðastliðið ár.

Það er ekki tilgangur þessa frv. að draga úr venjulegum verklegum framkvæmdum ríkissjóðs. Þvert á móti. Það er gert ráð fyrir, að venjulegri gjaldaþörf ríkissjóðs sé fullnægt, áður en farið er að safna í jöfnunarsjóð. En ákveðinn hluti þeirra tekna, sem verða umfram miðlungstekjur og stjórnirnar til þessa hafa eytt eins og þeim hefir sýnzt, verður samkv. frv. lagður til hliðar í ákveðn-

um tilgangi, þeim tilgangi, að auka atvinnu í erfiðum árum, þegar einstaklingar verða að draga saman seglin. Samkv. skýrslunni hefði jöfnunarsjóði átt að hlotnast árin 1922—1928 1,4 millj. kr., sem verja hefði mátt til framkvæmda á þeim árum, sem sérstök þörf var að auka verklegar framkvæmdir til atvinnubóta, að mati þeirra aðilja, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frv.

Það þarf væntanlega ekki að benda á, að óvæntum tekjum ríkissjóðs verður á engan hátt betur varið en þann, að gera tvennt í senn: að auka atvinnu í landinu, þegar atvinnuskortur er, og að koma í framkvæmd nauðsynlegum mannvirkjum. Og það kemur þjóðinni að beztum notum, ef það er ákveðið, að nokkrum hluta þessara tekna ríkissjóðs skuli jafnan varið til slíkra framkvæmda. Með því að verja fé í vegagerðir, brúarsmíðar, skóla- og sjúkrahús er öll þjóðin að leggja í sparisjóð fyrir ókomnar aldir, jafnframt því, sem hún bætir atvinnu og atvinnuskilyrði fjölda fólks. Sannleikurinn er sá, að þessi sparisjóður ávaxtar féð allra sparisjóða bezt. Ónotað starfsþrek er glatað verðmæti. Og hver maður, sem vinnur fyrir sér, veitir með því öðrum atvinnu. Og sameign þjóðarinnar, eins og vegir, brýr, símar og skólar, sjúkrahús etc., eru þær eignir, sem koma þjóðinni að beztum notum. Þó að tekjur jöfnunarsjóðs kunni að virðast ekki stórfenglegar, þá er enginn vafi á því, að mjög má atvinnu jafna milli ára jafnvel með þeim tekjum aðeins, sem honum mundu hafa hlotnazt undanfarin ár. En það er víst, að tekjur sjóðsins hljóta að aukast, eftir því sem árin líða. Og með því að miða við meðaltekjur ríkissjóðs 1922—1928, er alveg víst, að sjóðnum eru tryggðar tekjur á hverju ári, því að tekjur ríkissjóðs hljóta að fara vaxandi, eftir því sem ár líða.

Auk þessa er í 4. gr. frv. heimilað að veita kaupstöðum og kauptúnum fé úr jöfnunarsjóði til verklegra framkvæmda, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi úr sveitar- eða bæjarsjóði. Við þetta aukast stórum þær framkvæmdir, sem sjóðurinn leggur fé til. Ef eitthvert ár væri veitt til framkvæmda úr jöfnunarsjóði ½ millj. kr., og auk þess 200 þús. kr. til kaupstaða, gegn tvöföldu framlagi, þá væri hægt að vinna fyrir 1,1 millj. kr. umfram veitingar fjárlaga. Auk þess mundu sveitarfélög vera miklu fúsari á að ráðast í fyrirtæki til atvinnubóta, ef þau ættu vísan styrk úr jöfnunarsjóði til þeirra framkvæmda.

Árið 1928 var lagt fyrir Alþingi frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, og fékk það þungar viðtökur í þeirri hv. deild, sem það var lagt fram í. Hér í þessari hv. deild hefir oft verið rætt um tryggingar. Undirtektir hafa ekki verið svo góðar sem vænta mætti, og einkum hafa ýmsir andmælt atvinnutryggingum. Má m. a. sjá það af því, að þegar till. til þál. um alþýðutryggingar var afgr. héðan frá hv. deild, var fellt niður ákvæðið um, að mþn. skyldi semja frv. um atvinnuleysistryggingar. Hv. deild hlýtur þó að sjá, að á einhvern hátt verður að sjá hag atvinnulausra manna borgið. Þar sem hún virðist ekki vilja setja upp þannig lagaðar tryggingar, að atvinnulausir menn fái greidda dagpeninga, þá eru ekki önnur ráð til þess að bæta úr atvinnuleysi, þegar atvinnurekstur einstaklinga verður að draga saman seglin, heldur en að hið opinbera auki þá framkvæmdir sínar.

Ég leyfi mér að vænta góðra undirtekta undir þetta frv. Ef hv. deild er sammála um það, að málið sé gott og gagnlegt, þá efa ég ekki, að nægur tími er til þess að afgreiða það. Hitt veit ég, að snúist einhverjir hv. þdm. í gegn því, ekki sízt ef það er heill flokkur, þá eru litlar líkur til þess, að frv. gangi nú fram. En með fylgi góðra manna má þó koma því í gegn á þessu þingi, þótt seint hafi lánazt að fá það tekið til umræðu.

Sigurður Eggerz: Ég skal fúslega játa, að ég er ekki búinn undir að tala í þessu máli, því að ég hefi ekki veitt því eftirtekt fyrri en alveg nýlega. Ég mun því að þessu sinni aðeins tæpa á nokkrum atriðum.

Hv. flm. minntist á þann sið, sem hefir verið á undanförnum árum, þegar góðæri hefir komið og tekjur farið fram úr áætlun, að stj. hefir tekið sér bessaleyfi og varið því fé á ýmsan hátt. Þetta kom greinilega í ljós við umr. um fjárauka-

lögin 1928. En við þær umr. var því einnig slegið föstu, að fulla virðing ætti að bera fyrir fjárlögum sem öðrum lögum, og mætti ekki víkja frá þeim, nema stj. gæti fært til alveg sérstakar ástæður. Hinsvegar væri ekki leyfilegt, þótt um nauðsynlegar framkvæmdir sé að ræða, að fara yfirleitt fram úr föstum liðum fjárl. Í raun og veru er ekki um óráðstafað fé að ræða, þó að tekjuafgangur verði, — eða er ekki nóg af holum fyrir hann? Ég hefði haldið, eins og fjárhag vorum er komið nú, að ekki veitti af því að nota afgang góðu áranna til þess að sporna við, að skuldaaukningin vaxi oss yfir höfuð. Ég hygg það góða fjármálastefnu að nota góðærin til þess að grynna á skuldunum. En það er auðséð af lánsheimildum þeim, sem nú hafa verið samþ. á þessu þingi, hve skuldirnar sækja upp á við, þótt góðæri sé. Ég hygg, að flestir muni geta verið samþykkir þessum hugleiðingum.

Það, sem hér er farið fram á, er hið sama, sem oft bólar á. Hér á með sérstökum lögum að ráðstafa ákveðnum hluta af tekjum ríkissjóðs í framtíðinni. Það er svipuð hugmynd, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann vildi láta taka ákveðinn hluta af ágóða tóbakseinkasölunnar og leggja til ákveðinna fyrirtækja. Ég hygg ekki viturlegt að samþykkja lög, sem taka fram fyrir hendur fjárveitingarvaldsins í hvert skipti og gera þær ráðstafanir fyrir framtíðina, sem leggja bönd á tekjur ríkissjóðs. Það er ekki hyggileg leið fyrir oss, þar sem fjárhagurinn er ekki betri en svo, að ekki veitir af því, sem árlega kann að verða afgangs, til þess að vinna upp halla slæmu áranna. Ég er mótfallinn slíkum ráðstöfunum fyrir framtíðina, og ef farið er út á þessa braut, má alltaf brjóta upp á nýjum verkefnum, sem í sjálfu sér hafa samúð landsmanna, svo að vant er að sjá, hvar lendir.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil benda hv. þm. Dal. á það, að langmestu af tekjum ríkissjóðs er beinlínis ráðstafað með lögum. Hv. þm. sagðist vilja nota góðu árin til þess að lækka skuldirnar, og því vil ég benda honum á það, að þetta getur vel orðið, þótt 25% af því fé, sem reynist fram yfir tekjuáætlun, verði látið í jöfnunarsjóð; samt eru 75% eftir. Með frv. er ætlazt til, að þessi hluti, 25% umframteknanna, sé ekki laus til ráðstöfunar fyrir stjórnirnar, sem hingað til hafa notað umframtekjurnar eins og þeim sýnist, heldur sé þeim gert að skyldu að leggja það fé í jöfnunarsjóðinn, svo að það verði handbært, er að kreppir og atvinna brestur. Ég veit, að hv. fjvn. er mér sammála um það, að hæstv. stj. beri að virða fjárlögin og sinna ekki kröfum um frekari fjárútlát en þau heimila, og því sé rétt að takmarka vald stj. í þeim efnum. Það má náttúrlega segja, að bezt væri að geta séð fyrir árferðið og athafnalíf þjóðarinnar, og hvort úr því muni draga eða ekki, en þegar við erum t. d. að semja fjárl. fyrir 1930, þá höfum við enga hugmynd um, hvernig atvinnulífið verður 1931, hvort verkafólk geti þá fengið svo stöðuga atvinnu, að það geti lifað sæmilegu lífi. Ef svo færi, að atvinnulífið yrði dauft, þá myndi það hafa aukna eymd og aukin sveitarþyngsli í för með sér, og þá myndu menn sjá, að betra hefði verið að leggja fé í sjóð á góðu árunum til þess að bæta úr atvinnuleysi mögru áranna. Það er það, sem hver hagsýnn bóndi myndi gera. Vona ég, að þetta láti vel í eyrum hinnar hæstv. bændastj.

Magnús Jónsson:* Hv. þm. Dal. hefir sagt margt af því, sem ég ætlaði að segja, svo að ég hefi ekki miklu við að bæta. Ég verð þó að segja það, að mér finnst mjög hæpið, að þetta mál nái fram að ganga að þessu sinni, þótt það væri máske hægt, ef því væri mjög hraðað, en þar sem hæstv. stj. leggur ekkert til málanna, þá er varla von, að mikið verði gert. Ég játa það með hv. flm., að á bak við þetta frv. liggur heilbrigð hugsun, því að full ástæða virðist vera til þess, að sú atvinna, sem ríkið veitir, geti verið sem jöfnust frá ári til árs. Þessi hugsun er náttúrlega góð, en hinsvegar er ég hálfhræddur um, að þetta frv. hafi ekki verið eins vel undirbúið og skyldi, því að við fljótan yfirlestur virðist mér sem það geti rekizt á sjálft sig.

Í frv. er ákveðið, að af því fé, sem er fram yfir 12 millj., skuli ¼ leggjast í

jöfnunarsjóð, og geri ég þá ráð fyrir, að þar sé átt við ¼ af því öllu, en nú skulum við gera ráð fyrir, að tekjurnar séu frá ári til árs 13, 14 eða 15 millj. kr. og því sé öllu ráðstafað í fjárl., — hvernig á þá að leggja fé í jöfnunarsjóðinn? Nú getur einnig svo farið, að einstakir liðir, sem áætlaðir eru í fjárl., fari svo fram úr áætlun, að til þessa fjár verði að grípa, og er þá t. d. skemmst að minnast dýrtíðaruppbótarinnar hér um árið.

Mér virðist við fljóta yfirvegun, að þetta geti því verið galli á frv., en hið rétta í þessu máli er, eins og hv. þm. Dal. tók fram, að þingið fari varlega, er það afgreiðir fjárl., og stj. fari varlega með fé ríkissjóðs, en sói því ekki í óþarfa. Ef tekjuafgangur yrði á góðu árunum, ætti svo að safna fénu í mikla sjóði, sem hægt væri að grípa til, ef þörf krefði og erfið ár gengju yfir landið.

Ég virði fyllilega þá hugsun hv. flm., sem liggur á bak við frv., en hinsvegar álít ég meðferð fjárins hljóta að fara eftir því, hvað heppnir við erum með þing og stj. landsins.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess, að þegar umr. hófust um þetta mál, var ég upptekinn við annað starf og hefi ekki getað tekið fyrr til máls.

Ég skal strax lýsa yfir því, að ég álít rétta hugsun felast á bak við þetta frv., nefnilega þá, að stuðla að því, að atvinnan frá ári til árs megi verða sem jöfnust. Þessa gerist ekki sízt þörf í okkar þjóðfélagi, þar sem munurinn á afkomu áranna er mjög mikill, þannig að þjóðfélagið verður að draga úr öllum framkvæmdum, ef að herðir. Þess vegna get ég sagt, að sú grundvallarhugsun, sem felst á bak við þetta frv., er rétt, og þetta er einmitt eitt af þeim verkefnum, sem þarf að leysa, en hinsvegar er ekki hægt að búast við því, að málið verði afgr. á þessu þingi, þar sem frv. kemur fram rétt í þinglokin, en mörg mál fyrir, sem þarf að afgreiða, og auk þess hefir þetta mál fleiri hliðar, sem vel þarf að athuga. Ég óska, að málinu verði vísað til nefndar, og milli þinga er hægt að ræða um það í blöðunum, til næsta þings.

Jón Sigurðsson:* Ég vildi víkja að nokkrum atriðum þessa máls, og skal ég þá fyrst taka það fram, að það hefir verið nokkuð rætt í fjvn. Hv. flm. hefir þarna bent á eina leið, sem hægt er að fara í þessu efni, en þar sem fleiri leiðir geta komið til greina, álít ég sízt vanþörf á að athuga þær nokkru nánar. Ég hygg, að þær leiðir muni liggja út úr ógöngunum, sem eru ekki síður álitlegar en þessi, og hefi ég hugsað mér að benda á eina. En áður en ég vík að því nánar, vil ég benda á það, að í því frv., sem fyrir liggur, eru tekjurnar miðaðar við 12 millj. kr., eða eins og meðaltal nokkurra undanfarinna ára hefir verið. Hinsvegar er það vitanlegt, að tekjurnar fara hækkandi, en það gera útgjöldin líka, þannig að ég lít svo á, að ekki sé hyggilegt að miða við þessa upphæð. Því að þá gæti vel farið svo, að nýja skatta yrði að leggja á þjóðina til þess að fullnægja þeirri kröfu, sem þarna myndaðist á ríkissjóðinn. — Í öðru lagi skal ég benda á það, að frv. ákveður, að Alþýðusamband Íslands og stjórn Búnaðarfélagsins skuli gera till. um, hvernig fénu skuli varið, ef þröng ár kæmu, en ég verð að segja, að mér þætti það nokkuð nýstárleg aðferð, sem hér yrði beitt, ef atvinnurekendur ættu engan tillögurétt að hafa, enda virðist engin ástæða til að ganga framhjá þeim.

Þá vil ég benda á aðra leið, sem ég hefði talið miklu æskilegri, og hún er sú, að þegar tekjuafgangur yrði á góðu árunum, þá skuli hann lagður í sjóð, sem svo má grípa til, ef þörf krefur og harðnar í ári. Ég viðurkenni fyllilega þá þörf, sem er á því að jafna útgjöldin milli áranna, því að vitanlega er ástandið ófært eins og það var árið 1923, þegar varð að stöðva vega- og brúagerðir sökum þess, að fjárskorturinn var svo mikill. Hinsvegar er það mjög bagalegt þegar bezt lætur í ári og mest framkvæmdalifið í landinu, og þar af leiðandi mest eftirspurn eftir fólki, að þá skuli ríkið láta framkvæma mest. Þetta getur leitt til þess, að vinnukraftarnir hverfi úr sveitunum, sem þó mega ekkert missa sökum fólkseklunnar, og svo segir ríkið þessum mönnum upp, þegar harðnar í

ári, og setur þá út á gaddinn. Þess vegna verður að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt, og að þessu má ekki hrapa, heldur verður að búa svo um hnútana, að þau ákvæði, sem sett verða, komi að fullu gagni. Það, sem ég álít nauðsynlegt í þessu efni, er fyrst og fremst það, að allir útgjaldaliðir verði teknir upp í fjárl., en þá þurfa þau að vera betur gerð heldur en tíðkazt hefir til þessa. Það dugir ekki að hafa það eins og nú er, að skrifstofustjórarnir eða einhverjir menn í ráðuneytinu hripi þau upp eins og þau hafa áður verið, án þess að taka til athugunar, á hverju þjóðin hefir þörf. Ég hefi veitt því eftirtekt, að sumar fjárupphæðirnar hafa staðið í fjárl. ár eftir ár án nokkurra breytinga, og fjvn. hefir fylgt þessari sömu reglu, en þetta er auðvitað ófært sleifarlag, því að þingmenn og almenningur eiga að fá rétta hugmynd um, hver eru hin raunverulegu útgjöld ríkissjóðs. Ég vildi jafnvel ganga svo langt að setja þau ákvæði í lög, að ríkisstj. væri ekki heimilt að greiða nema vissa prócenttölu af því fé, sem kynni að verða fram yfir tekjuáætlunina, eða þá því fé, sem veitt yrði til framkvæmda hvert ár. Ég vil t. d. taka 5% af 12 millj. kr., það yrðu 600 þús. kr., og skil ég ekki í öðru en það myndi ærið nóg fé fyrir stj. til að hafa handa í millum til aukaútgjalda. Hitt nær vitanlega ekki nokkurri átt, að stj. geti ausið út fé svo milljónum skiptir án þess að fá samþykki Alþingis til þess áður, því að vitanlega er það Alþingi, sem hefir fjárveitingarvaldið, en ekki stj. Ef þingið heldur áfram að fara eins varlega í sakir við afgreiðslu fjárl. eins og það er vant, þá er ekki vafi á því, að það myndi verða allmikill tekjuafgangur, en þá mætti leggja það fé í sjóð, sem ekki yrði notað til að borga afborganir og vexti af lánum. Til þessa sjóðs mætti svo grípa, þegar erfiðu árin kæmu, og framkvæmdirnar gætu þannig haldið áfram jafnt og þétt frá ári til árs, eins og ekkert hefði í skorizt.

Þetta myndi áreiðanlega ná tilgangi sínum, en ég álít hitt mjög varasamt, að leggja þær kvaðir á ríkissjóðinn, sem hann getur máske ekki staðið við, ef hann er skilyrðislaust bundinn við það að leggja þúsundir eða jafnvel milljónir í varasjóð.

Enginn má þó skilja orð mín þannig, að ég sé með þessu að álasa hv. flm., heldur þvert á móti, því að ég tek undir það með honum, að nauðsyn beri til að jafna framkvæmdum ríkisins milli áranna, og koma þannig í veg fyrir það böl og það atvinnuleysi, sem erfiðu árin hljóta að hafa í för með sér, ef ekkert er gert til að afstýra því.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég hefi enga ástæðu til að þakka sérstaklega fyrir þær undirtektir, sem frv. þetta hefir fengið, hvorki hjá hæstv. stj. né þeim hv. þm., sem talað hafa um málið, því að þótt sumir þeirra hafi sagzt viðurkenna, að hugsunin, sem felst á bak við frv., væri að vísu góð, þá töldu þeir eigi fært, né heldur æskilegt, skildist mér, að afgreiða málið á þessu þingi.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að svo gæti farið, að árlegar tekjur ríkisins yrðu t. d. 13 millj. kr., og að þá einu millj., sem þá yrði umfram 12 millj., þyrfti að nota til að jafna gjaldaliði, sem of lágt væru áætlaðir, og spurði, hvernig þá ætti að leggja vissan hluta af þessari einu millj. í jöfnunarsjóð. Mig furðar satt að segja á því, að hv. þm. skuli hafa borið fram svona barnalega spurningu. Um tillög til jöfnunarsjóðs gildir í þessu tilfelli alveg sama og um tillög til t. d. Ræktunarsjóðs og Byggingar- og landnámssjóðs. Þeir fá sitt, þótt enginn tekjuafgangur sé. Í frv. er alls ekki miðað við tekjuafgang, heldur hitt, að tekjur fari fram úr vissri upphæð. Þessa sömu skýringu vil ég um leið gefa hv. 2. þm. Skagf. — Þá töldu þeir báðir, að önnur leið væri ráðlegri til að afstýra atvinnuleysi erfiðu áranna, og hún væri sú, að láta jafnan allan tekjuafganginn ganga til jöfnunarsjóðsins.

Ég fyrir mitt leyti hefði ef til vill getað fallizt á það fyrirkomulag, að tekjuafgangur hvers árs rynni allur í jöfnunarsjóð, því að með því móti yrðu tekjur hans sennilega miklu meiri en eftir frv. — ef ég hefði von um, að slíkt næði fram að ganga. En þetta stingur mjög í stúf við skoðun flokksmanns þeirra, hv. þm. Dal., sem vildi láta verja tekjuafganginum til að borga skuldir. (JS: Hann tók

undan afborganir og vaxtagreiðslur). Segjum það. En lausu skuldir vondu áranna? Hvenær eiga þær að greiðast, ef ekki í góðærinu. Ég álít, að taka eigi allar greiðslur í fjárlög, og stj. eigi svo að vera bundin við þau. En tekjuafgangurinn hlýtur að minnka við það á pappírnum, ef þess er gætt við samningu fjárl., að þau séu eins nærri hinu raunverulega ástandi og hægt er.

Með því að leggja kvöð á ríkissjóð, eins og til er ætlazt í frv., þegar tekjur hans fara yfir 12 millj. króna, eru sjóðnum tryggðar tekjur á hverju ári, en um leið tekið tillit til þess, ef verja þarf tekjuafganginum að einhverju leyti til greiðslu á skuldum eða annara gagnlegra hluta.

Magnús Jónsson:* Skýring hv. flm. ber það með sér, að ef enginn tekjuafgangur verður, þá verður að greiða tillagið til sjóðsins með nýjum sköttum eða þá taka lán til þess, sem auðvitað kæmi seinna niður á borgurunum. Frv. er því allt annars eðlis en það virtist í fyrstu. Það virtist svo, sem leggja ætti í þennan sjóð, þegar vel stæði á fyrir ríkissjóði, eða m. ö. o. safna á góðu árunum til hinna slæmu. En nú á ríkissjóður að greiða tillagið, hvort sem lætur vel eða illa í ári, því að það er engin sönnun fyrir góðum fjárhag ríkissjóðs, þó að tekjur komist upp fyrir eitthvert lágmark. Sjóðurinn ætti því ekki að heita jöfnunarsjóður, heldur atvinnubótasjóður, eða eitthvað annað.

Hér er auðsjáanlega um nýjan skatt að ræða, því að ef enginn tekjuafgangur er, verður að taka lán til að greiða tillagið, og það lán kemur niður á gjaldendunum aftur.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hv. 1. þm. Reykv. virðist ekki vera sem bezt að sér í skattamálum. Hér er um engan nýjan skatt að ræða. Skattar og tollar nema afarmisjafnlega miklu frá ári til árs, þótt lögin séu óbreytt, skattstigi og tollataxtar. Veldur því mismunandi árferði og innflutningur. Hér er aðeins um það að ræða að ráðstafa til sérstakra framkvæmda nokkrum hluta teknanna, ef þær fara yfir visst lágmark, 12 millj. króna á ári.

Magnús Jónsson:* Það þýðir ekki fyrir hv. flm. að renna frá því, að ef tekjum, sem eru umfram 12 millj. kr., hefir verið eytt, þá verður að taka lán eða leggja á nýja skatta til að greiða framlagið til jöfnunarsjóðs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HStef, HG, HK, HV, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: EJ.

Níu þm. (BÁ, GunnS, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, SE, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 15:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Lýðskóli með skylduvinnu nemenda.

Á 71. fundi í Nd., 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (þmfrv., A. 418).

Á 73. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 418, n. 501 og 505).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):* Mér finnst það varla sæmandi að láta málið ganga í gegnum 2. umr. án þess a. m. k. að frsm. n. skýri frá afstöðu þess hluta, sem þeir tala fyrir.

Þrír menn í menntmn. hafa orðið sammála um, að sú hugsun, sem liggur til grundvallar þessu frv., að ungir menn leggi á sig vinnu nokkurn tíma á ári hverju og þiggi fyrir skólavist að vetri, sé a. m. k. það heilbrigð og álitleg, að rétt væri að leyfa einhverju héraði, sem þess óskaði, að ríða á vaðið.

Ég skal játa, að það má finna ýmislegt til að hafa á móti þessari hugsun. M. a. hefi ég orðið var við að menn væru að reikna út, hvað þessi vinna með venjulegu dagkaupi næmi miklu, og hafa þá fengið út, að þetta skólagjald væri ákaflega hátt. Og þetta er rétt. En við þetta er það að athuga frá mínu sjónarmiði, að hér er ekki um að ræða vinnu, sem á að meta til peninga, heldur tvær hugmyndir, sem í þessu eru samræmdar: Þegnskaparvinnuhugmyndina, og svo nauðsynina á unglingaskóla.

Ég hefi fyrir mitt leyti verið heldur hlynntur þegnskaparvinnu og teldi vel farið, ef eitthvert hérað vildi taka þá hugmynd upp til reynslu. Hún er of stórt atriði til þess að skella henni á allt landið í einu. En aðgengilegri verður þessi þegnskaparvinna fyrir unga fólkið, ef það fær eitthvað í aðra hönd, og sérstaklega það, sem allir vilja fá, sem sé skólavist.

Út frá þessari hugsun gaf ég út nál. í fyrra. Sú aðalbreyt., sem ég gerði þá á málinu, var sú, að ég sá ekki ástæðu til þess að samþ. heimildarlög fyrir allt landið, eftir óskum, sem hafa aðeins komið úr einu héraði. Ég vildi því breyta frv. þannig, að þessi heimild skyldi aðeins vera fyrir það hérað, sem óskirnar hafa komið frá.

Til þess að menn sjái, að hér er ekki um neinn óskaplegan háska að ræða, má á það benda, að það er meiningin að búa mjög sterklega um, hversu ríkar óskir þurfi að koma til þess að þetta komist í framkvæmd. Alþingi er ekki að demba neinu yfir héruðin, sem þau ekki vilja, en hitt er ekkert athugavert, þótt það gefi einu héraði leyfi til að prófa þessa hugmynd, ef þess er óskað.

Ég skal ekki ganga gegnum einstakar gr. frv. Nál. ber það með sér, að við höfum ekki búizt við, að málið gengi fram nú, og þess vegna höfum við ekki borið fram þær brtt., sem við hefðum annars e. t. v. orðið sammála um.

Sigurður Eggerz: Satt að segja finnst mér nál. ótrúlega stutt um þetta stóra mál og heldur lítill ákafi í hv. frsm. minni hl., að hann skuli ekki einu sinni biðja um orðið, þegar er þó verið að brjóta upp á nýrri meginreglu í fræðslumálum vorum.

Það er alltaf vert að veita því eftirtekt, þegar fram koma nýjar stefnur á einhverju sviði, einkum þegar höfundar þeirra berjast fyrir þeim af miklum áhuga, og þegar þeim tekst að fá marga merka menn á sitt mál. Og þannig stendur einmitt á nú, þar sem t. d. 1. flm. þessa máls er einn af fremstu mönnunum í stjórnarflokknum. Þegar jafnnákominn maður stj. eins og hv. þm. Mýr. og margir fleiri ágætismenn flytja þetta frv., er allt útlit fyrir, að það séu að verða straumhvörf í grundvallarstefnu alþýðufræðslunnar hér. Þessi nýja stefna er í þá átt, að hver sýslunefnd má koma upp unglingaskóla handa sínu sýslufélagi, þannig að ríkissjóður undir þeim kringumstæðum, sem frv. ræðir um, leggur fé til skólabyggingar, en sýslan rekur skólann, með því að leggja álögur á unglingana, sem skólann eiga að sækja. Hugsunin, sem á bak við þetta felst, er að koma á einskonar átthagabandi. Er það ekki í samræmi við gamla málsháttinn: Heimskt er heima alið barn. Hver unglingur á að vinna þegnskylduvinnu í sínu héraði og fá fyrir skólaréttindi í skóla þess, en ekki neinum öðrum skóla. Ef t. d. maður úr Rangárvallasýslu, sem ynni 7 vikna skylduvinnu í sinni sýslu, sem svarar til 400 króna skólagjalds til sýsluskólans, áliti Laugarvatnsskóla betri og vildi þess vegna fara í hann, þá yrði hann að greiða aftur skólagjald þar. Yrði hann þannig að greiða hærra skólagjald heldur en nokkursstaðar þekkist hér nú. Með þessu er verið að binda menn við skóla sinnar sýslu.

Af því mér virðist með þessu frv. lagður nýr grundvöllur að fræðslufyrirkomu-

laginu, ef samþ. yrði, vil ég vekja athygli á því, að þessi nýja stefna virðist gagnstæð þeirri stefnu í skólamálum, sem núverandi fræðslustjórn hefir fylgt. (ÁÁ: Rétt). Ég álít, að það sé miklu heppilegra, að 2 eða fleiri héruð hafi einn sameiginlegan skóla heldur en að þau hafi fleiri og lakari. Þess vegna vildi ég ekki láta setja á stofn menntaskóla á Norðurlandi, heldur bæta menntaskólann hér sem bezt. Það er áreiðanlega betra að hafa einn skóla verulega góðan á Suðurlandsundirlendinu heldur en að hafa þrjá lélega.

En hér er eiginlega verið að útiloka menn frá að fara í góðu skólana. (MG: Það er engum bannað). Ekki bannað að vísu, en eins og ég benti á, verða menn fyrst að vinna fyrir skólaréttindum í héraði sínu og síðan að borga aftur skólagjald, ef þeir vilja fara í annan skóla; mundi það útiloka marga frá því að velja þann skóla, sem þeir álíta beztan.

Ég hefði ekki verið að fjölyrða um þetta, ef aðeins einn maður hefði staðið að þessari nýju stefnu; en þegar margir af helztu þm. standa að því, verður ekki komizt hjá að taka það til athugunar.

Það er ekki aðeins frá skólalegu sjónarmiði, að ég er mótfallinn þessu frv. Ég er yfirleitt á móti allri þegnskylduvinnu og hefi verið. Mér finnst ekkert betra að leggja á menn 7 vikna vinnu heldur en að leggja á menn gjald, sem svarar því, er vinnan kostar. Það hefði áreiðanlega þótt óheyrilegt, ef farið hefði verið fram á að skylda menn til að greiða 400 kr. gjald til sýsluskóla, hvort sem menn hefðu viljað nota hann eða ekki. Það er eins og hv. þm. viti ekki, að vinnan er mönnum sama og peningar.

Ég vil að síðustu skjóta því til hæstv. ríkisstj., hvort það vakir fyrir henni að innleiða alveg nýja grundvallarstefnu í skólamálunum. (**Forsrh.**: Stj. er sannarlega ekki neitt riðin við þessi ósköp!).

Einar Jónsson:* Eftir að ég hefi lesið nál. þeirra merku manna, sem skipa menntmn. þessarar hv. d., virðist mér þetta merkilega mál vera álika vel statt hér á hv. Alþ. eins og heima í Rangárvallasýslu. Þó 7 merkir þm. — eða 6, svo ég ekki telji sjálfan mig með — flytji nú þetta frv. fyrir hinn mæta sýslumann okkar Rangæinga, þá er ég hræddur um, að því fylgi ekki mikil alvara frá þeirra hálfu. Og af því ég er hreinskilinn maður, verð ég, þó mér þyki það sárt, að segja það sama um alvöru Rangæinga sjálfra yfirleitt í þessu máli; auðvitað að undanteknum sýslumanninum, sem berst fyrir þessu af heilum huga. Sýnir afgreiðsla sýslunefndarinnar á þessu máli það meðal annars. Það er nú komið svo mikið í móð að afgreiða með rökstuddri dagskrá, að jafnvel sýslunefndirnar eru farnar að apa það eftir okkur hérna. Var skólamáli þessu vísað frá með svohljóðandi dagskrá, síðast er það kom til umr. hjá sýslunefndinni:

„Með skírskotun til samþykktar sýslunefndarinnar á aukafundi hennar 1928 leggur nefndin til, að tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá".

Ég verð að viðurkenna, þó mér sé það ekki ljúft, að með þessu dekri sýnir sýslunefndin hreint alvöruleysi í málinu. Hefði hún verið einhuga og áköf í að koma þessu máli fram, þá hefði hún ekki samþ. þessa dagskrá. Sýndi hún þarna áhugamáli sýslumannsins minni stuðning en árið áður. Ég tel ekki rétt að leyna afstöðu manna þarna austur frá til þessa máls og er ekkert feiminn við að lýsa áhugaleysi þeirra, þó þeir lesi það eftir mér í þingtíðindunum.

Ég játa það, að sýslumaður okkar berst fyrir þessari hugmynd sinni í hinni beztu meiningu. Og e. t. v. verð ég einhverntíma að játa, að ég hafi verið hér heldur andvígur góðu máli. Því ég hefi frá því fyrsta verið hræddur um, að ef ein sýsla tæki upp þetta fyrirkomulag, mundi það verða til þess að flæma þaðan burt eitthvað af unglingum á þeim aldri, sem þeir eiga að vinna skylduvinnuna. Því unglingarnir eru ekki síður gefnir fyrir frjálsræði og að vera óháðir en hinir eldri. Og ég get ekki hrint frá mér þeirri hugsun, að betra væri fyrir Rangárvallasýslu að byggja sjálf skóla, með venjulegum styrk frá ríkinu, og að hann væri síðan rekinn eins og aðrir lýðskólar á landinu. Ég held það væri hættuminna fyrir hana heldur en þó hún fengi skóla byggðan á kostnað ríkisins, sem hún ætti svo að sjá um rekstur á sjálf. En eins og margsinnis hefir verið bent á,

ættu Sunnlendingar líklega að láta sér nægja einn góðan lýðskóla. Og nú er kominn upp skóli, sem ætti a. m. k. fyrst um sinn að geta uppfyllt óskir manna um góðan skóla. M. ö. o.: Þegar nú búið er að kosta mjög miklu fé til Laugarvatnsskólans, sem ég ekki sé eftir, ættu nú Rangæingar að vera samtaka Árnesingum í að styðja hann og nota.

En til þess ég verði nú ekki gersamlega í andstöðu við sjálfan mig sem flm. þessa frv., vil ég geta þess, að mér finnst hafa verið farið mjög illa að við Rangæinga í skólamálunum. Þegar samkomulag var komið á milli Árnesinga og Rangæinga um skólabyggingu, og nefnd, sem það var falið, hafði valið Árbæ í Rangárvallasýslu fyrir skólasetur, var gengið framhjá þeim stað og skólinn byggður á Laugarvatni. Ég er ekki að segja, að það hafi verið óheppilegri staður, en þetta var dálítið hart gagnvart Rangæingum.

Að lokum læt ég þess getið, að ég held, að nál. í þessu máli sé eitthvert lélegasta verk, sem ég hefi séð frá svo merkum mönnum.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):* Mér þótti hv. þm. Dal. gerast æríð háfleygur út af þessu máli; var sem hann sæi sýnir. Þóttist hann sjá af flutningi þessa frv., að ný grundvallarstefna í skólamálum væri að ná tökum á þingi og þjóð. Ég held þetta sé mesti misskilningur hjá honum. Það hefir ekkert komið fram á þessu þingi, sem bendir á, að menn séu að hverfa frá þeirri stefnu í skólamálum, sem ríkt hefir á undanförnum árum. Sést það m. a. af því, að á þeim tveim þingum, sem þetta frv. hefir legið fyrir, hefir einmitt verið komið skipulagi á alþýðufræðsluna í landinu, með lögum um unglingaskólana í sveitum í fyrra og nú með lögum um gagnfræðaskóla. Ætlunin með þessu frv. er aðeins sú, að koma upp sýsluskólum til að fylla upp í það skólakerfi, sem nú er, skólum, sem allir, er ekki fara í aðra skóla, geta notið nokkurrar fræðslu í. Lýðskólanna, sem nú eru til, getur ekki notið nema dálitill hópur manna. En hugmyndin, sem fyrir upphafsmanni þessa máls vakir, er að koma á **almennri** unglingamenntun.

Hv. þm. Dal. var alvarlegur yfir því, að með þessu frv. væri verið að fara fram á að setja einskonar átthagaband. Ég mundi vera alvarlegur með honum, ef um nokkuð slíkt væri að ræða. En það er hin mesta fjarstæða, og skil ég ekki, því hv. þm. heldur slíkri skoðun fram. Í Danmörku var bæði átthagaband og herskylda. Herskyldan er þar enn, og dettur engum í hug að telja hana nokkuð í áttina til átthagabands. Og þó hér sé talað um, að skólaréttindi fylgi vinnuskyldunni, ætti það ekki að vera talin nein aukabyrði.

Annars vil ég benda hv. þm. á það, sem sagt er í nál. meiri hl., að við viljum ekki samþykkja frv. óbreytt. En af því fyrirsjáanlegt er, að frv. verður aldrei útrætt á þessu þingi, sáum við ekki ástæðu til að eyða tíma í að bera fram brtt. Vil ég benda mönnum á nál. mitt í þessu máli frá í fyrra; ég er alveg á sömu skoðun enn. Þar er brtt. í þá átt, að þeir, sem stunda nám annarsstaðar, skuli undanþegnir skylduvinnunni. Er það alveg sjálfsagt. Einnig flutti ég brtt. um það, að þessi heimild skyldi fyrst aðeins ná til Rangæinga, og að ⅔ af sýslubúum þyrftu að vera þessu fyrirkomulagi fylgjandi til þess að taka mætti það upp.

Að síðustu sagði hv. þm., að hann væri andvígur þegnskylduvinnu yfirleitt. Þar kom fyrst skýring á andstöðu hans í þessu máli. Ég hefði ekki mælt með þessu frv., ef ég hefði ekki verið því fylgjandi, að þegnskylduvinnuhugmyndin væri reynd einhversstaðar. Ég lít ekki síður á þetta frv. sem þegnskylduvinnufrv. heldur en frv. um nýtt skólafyrirkomulag. Ef menn álíta hollt fyrir unga menn að vinna saman að útivinnu nokkrar vikur undir góðri stjórn, þá ætti ekki skólavistin að spilla fyrir. — Ætla ég svo ekki að svara hv. þm. Dal. fleiru, en beina nokkrum orðum til eins af flm. frv., hv. 1. þm. Rang.

Ég verð að segja, að mér finnst við í meiri hl. n. vera komnir nokkuð milli tveggja elda. Fyrst fáum við ádrepu frá hv. þm. Dal. fyrir að vera ekki á móti frv., og síðan aðra álíka frá hv. flm. fyrir hálfvelgju í málinu. En það hlýtur að byggjast á misskilningi hjá hv. 1. þm. Rang. Hefir hann líklega ekki tekið tillit til þeirra ástæðna, sem færðar eru fyrir því í nál., að

meiri hl. tók ekki frv. til nánari athugunar. — Annars finnst mér það koma úr hörðustu átt, að hv. 1. þm. Rang. skuli bregða okkur um hálfvelgju. Ég veit eiginlega ekki, hvernig hægt er að sýna meiri tviveðrungsháttheldur en með því að tala á móti frv., sem maður flytur sjálfur.

Ingólfur Bjarnarson:* Ég hefi verið að bíða eftir því, að einhver af þeim ágætu skólafrömuðum, sem að þessu frv. standa, útskýrði það dálítið rækilega. Nú hefir einn hv. flm. staðið upp og sagt, að frv. þetta sé flutt af hinu mesta alvöruleysi, bæði af hálfu flm. hér og þess héraðs, sem upptökin á að þessu máli. Það er öll skýringin.

Annars er þetta allmerkilegt frv., því ég a. m. k. minnist þess ekki, að ég hafi séð annað jafngersamlega ótækt frá mínu sjónarmiði.

Ef á að leggja þetta til grundvallar, hefði það fyrst og fremst þær afleiðingar, að aðeins helmingur unglinga fær aðstöðu til að ganga í þessa skóla, nefnilega karlmennirnir. Kvenfólkinu er bægt frá. Í öðru lagi er með þessu lögð svo þung kvöð á þá, sem skólavist eiga að fá eftir þessum lögum, nefnilega karlmennina, að ófært má teljast. M. ö. o. er með þessum ákvæðum svo að segja komið í veg fyrir, að neinir unglingar geti notið alþýðumenntunar. Ríkið hefir nú að undanförnu lagt talsvert af mörkum til þess að hjálpa unglingum til að afla sér fræðslu. Fyrst og fremst hefir það greitt helming þess kostnaðar, sem leiðir af byggingu skólahúsanna, á móti helmingsframlagi frá héruðunum, og þar að auki hefir ríkið styrkt fræðsluna með því að kosta rekstur skólanna að mestu leyti.

Hv. flm. þessa frv. segja: „Það er bezt, að ríkið byggi skólana, við skulum sjá um reksturinn". En hvernig ætla þeir sér þá að sjá um reksturinn? Ekki á sýslu- eða bæjarfélagið að kosta það. Nei, það á að lenda á unglingunum, ungu karlmönnunum. Kvenfólkið á ekkert að fá. Þetta er mjög einfalt og fyrirhafnarlítið fjárhagslega. En ég þekki það vel, að flestir, sem eru á aldrinum frá 16—20 ára, eru lítt efnum búnir. Þeim reynist því mörgum fullerfitt að borga þessar 60—80 kr., sem af þeim er krafizt auk þess kostnaðar, sem beinlínis leiðir af dvöl þeirra í skólunum, svo sem fæði og húsnæði. Þó reyna þeir að kljúfa þann kostnað. En ég veit ekki, hvað það gjald er margfalt, sem þetta frv. fer fram á, að lagt verði á unglingana, en það mun láta nærri, sem hv. þm. Dal. sagði, að þetta gjald sé 300—400 kr., en svo hátt gjald er unglingum ofvaxið. Þeir, sem mæla með þessu frv., vilja ef til vill segja, að þessir menn eigi oft aðstandendur, sem geti hjálpað þeim, en barnaheimili munu sjaldan vera svo efnum búin, að þau geti hjálpað börnunum mikið fjárhagslega. Með þessu frv. er því komið í veg fyrir, að unglingar geti fengið alþýðlega fræðslu, sem menn hljóta þó að viðurkenna, að sé nauðsynleg og góð.

Um þegnskylduvinnuna sjálfa vil ég segja það, að vafasamt er, hvað hún er holl eða heppileg; það eru a. m. k. skiptar skoðanir um það. Ég get ekki séð, að unglingarnir öðlist mikla menntun við það, þó að þeir vinni kauplaust í 7 vikur fyrir sýslu- eða bæjarfélagið. Það er hvort sem er engin trygging fyrir því, að þessum störfum verði stjórnað svo vel, að neitt megi læra þar af; unglingarnir eiga bara að vinna þarna eitthvað, og þess háttar fræðslu held ég að megi fá víða. Ég þekki marga unglinga, sem hafa unnið að vegagerð í 7, 10 og upp í 20 vikur á ári, og ég hefi ekki getað séð neinn mun á þeim fyrir það. Svo er líka annað. Ef þetta frv. yrði að lögum, mundu hér um bil allir unglingar fara úr sinni sýslu, þegar þeir væru 18 ára, til að koma sér hjá þessari vinnu. Það yrðu ef til vill ekki allir, en margir yrðu þeir, sem reyndu að losna við þessa kvöð með því að telja sig þetta ár til heimilis einhversstaðar þar, sem þeir gætu komizt hjá þessu.

Ef þetta verður að lögum, eiga sýslubúar að ráða, hvort þetta verður framkvæmt eða ekki. En hverjir eru það þá, sem eiga að gefa samþykki sitt til þess? Það eru ekki unglingarnir, — það eru ráðandi mennirnir í sýslunni, sem skera úr. Þetta mál var til umr. á síðasta sýslufundi í þeirri sýslu, sem frv. er komið úr.

Þá var því vísað frá með rökstuddri dagskrá. Á þingi þykir það nú ekki vera nein meðmæli.

Komist þessi ákvæði til framkvæmda, þá lætur ríkissjóður byggja skólahús fyrir 120—200 þús. kr. En hvað á að gera við þau hús, ef þar verður aldrei skóli? Það stendur í 4. gr. Þau eiga að falla til ríkisins, ef ekki er farið að nota þau 20 árum eftir að þau eru fullgerð. En hvað hefir það í för með sér, nema fjárútlát fyrir ríkissjóð að byggja skólahús, sem aldrei er svo notað?

Það, sem vakir fyrir þeim, sem hafa komið þessu frv. á framfæri, er bara það, að sem minnst fé sé lagt til alþýðufræðslu, en það álít ég, að Íslendingum sé ekki samboðið að samþykkja, og allra sízt á þessu þingi.

Magnús Guðmundsson: Þessu máli hefir verið sýnd mikil athygli hér í þessari deild, enda hefir farið svo, að allir flokkar hafa rofnað. Flokksbræður berjast, en þeir taka höndum saman, sem annars eru ekki vanir að vera sammála. Meiri hl. n. hefir tekið það fram, að hann gangi ekki út frá því, að frv. nái fram að ganga eins og það er nú, en áskilur sér rétt til að koma með brtt. við það. Þær brtt. eru ekki bornar fram nú, vegna þess að komið er að þinglokum. Það er illt, að þessar brtt. koma ekki fram nú, því að það gefur andmælendum frv. betri aðstöðu, er þeir geta sagt, að þeir viti ekki, hverju á að breyta. En það er sannarlega ekki rothögg á nokkurt frv., þótt eitthvað þurfi að breyta því. Slíkt er algengt, og tæpast við því að búast, að 2—3 menn geti samið það frv., er allir 42 þm. vildu samþ. gersamlega óbreytt. Þeir hv. þm., sem hafa mælt á móti þessu frv., hafa alveg gengið framhjá einu veigamiklu atriði, nefnilega því, hvað miklar verklegar framkvæmdir verða í hinum ýmsu héruðum landsins, ef þetta frv. verður að lögum og kemst til framkvæmda. Það hefir oft verið talað um það með réttu, að nauðsynlegt sé, að sem mestar verklegar framkvæmdir verði í landinu. Þess vegna væri hægt að vinna landinu ómetanlegt gagn með þessu. Nú ganga aðeins fáir menn í skóla tiltölulega, en með þessu frv. er stuðlað að því, að allir fái skólamenntun og borgi með vinnu. Og ég álít, að fyrirkomulagið eigi að vera þannig, að menn geti sótt aðra skóla, ef þeir vilja. Það væri ánægjulegt að sjá unglingana vinna þannig að framfaramálum héraðs síns og fá fræðslu í staðinn. Ef þetta fyrirkomulag kæmist til framkvæmda, mundu þeir, sem eru 18 ára nú, sjá annan svip á héraði sínu, ef þeir litu yfir það, þegar þeir væru orðnir 50 ára. Og þeir mundu blessa þessa tilhögun, er þeir sæu afleiðingarnar og framfarirnar. Það mundu ekki verða margir unglingar, sem reyndu að flýja úr sveit sinni, þó að þeir ættu að fara í þessa vinnu, þegar þeir eiga von á að fá skólavist í staðinn og vinnan fer til að bæta átthagana.

Hv. þm. S.-Þ. kom með margar og miklar getsakir um það, að þeir menn, er um þetta frv. hefðu fjallað, væru bæði heimskir og illgjarnir. Þetta eru ómaklegar getsakir. Það er hugsjón, sem liggur bak við þetta frv. Sú hugsjón hefir vaknað hjá manni, sem hefir trú á, að hún verði hans héraði til mikilla framfara og að það ríði á vaðið og gefi öðrum héruðum gott dæmi í þessum efnum. Þetta er það, sem fyrir höfundi frv. vakir, og mér sýnist það gott og göfugt, en ekki ljótt.

Það hefir verið sagt, að þetta mundi verða til að kæfa unglingafræðsluna í landinu. En það þarf ekki að verða, ef sú breyt. er gerð á frv., að þeir, sem sækja aðra skóla, falli ekki undir þessi lög. Þetta verður einnig til þess, að margir, sem ekki ætluðu að ganga í neinn skóla, fá þarna skólamenntun. Ég hefi alltaf verið hlynntur hugmyndinni um þegnskylduvinnuna, þó að ég sjái, að hún hljóti að mæta mikilli mótspyrnu. Í okkar strjálbyggða og illa ræktaða landi verður tæpast unnið nógu mikið nema eitthvert ákvæði líkt þessu verði leitt í lög. Ég er sannfærður um það, að þótt menn þykist sjá marga annmarka á þessu fyrirkomulagi, mundi samt fara svo, að ef einhver sýsla hefði haft þetta fyrirkomulag í 30—40 ár, þá væri hún komin langt á undan öðrum sýslum í verklegum framkvæmdum, og þá mundu menn hætta að hæðast að því, sem hún hefði gert.

Hv. þm. S.-Þ. sagði, að ekki væri verið að spyrja unglingana um þetta mál. Það er alveg rétt, en hver spurði unglingana,

þegar sett voru lögin um unglingaskólana? Það er nú einu sinni svo, að þeir, sem fullveðja eru, ráða fyrir unglingana. Það er því engin mótbára, þó að ekki eigi að spyrja unglingana.

Ég er sannfærður um, að unglingarnir hefðu gott af þessari vinnu. Ég geng út frá því, að hún yrði ekki löng á degi hverjum, og er alveg ósmeykur við það, að vinnan muni verða reglu- og stjórnlaus, eins og hv. þm. S.-Þ. sagði. Ég sé enga ástæðu til að efast um, að sýslufélögin geti haft stjórn á vinnu alveg eins og t. d. vegamálastjórinn getur það eða hver annar, sem lætur framkvæma eitthvert verk. (**IngB:** Það er ekkert séð fyrir því í þessu frv.—**LH:** Unglingarnir eru nú ekki iðjulausir heima). Nei, þess vegna verða þeir það ekki þarna heldur. (**LH:** Það er ekki hægt að missa þá að heiman). Þetta er nú ekki nema einu sinni á æfinni. Herskyldan kemur sér líka illa fyrir aðrar þjóðir, og þó er hún lögð á þær. Við verðum að athuga það, að allir verða að inna af hendi skyldur í þágu þess opinbera, og það er ekki nema eðlilegt, að slíkar skyldur hvíli á öllum. Það er líka hart að leggja tolla og skatta á nauðsynjavörur, sem fátæklingar þurfa að nota og eru í mestu vandræðum með að borga.

Þá minntist hv. þm. S.-Þ. á, að lítið væri hugsað fyrir því, hvað gera ætti við skólahúsin, ef skóli legðist niður. Hann hélt helzt, að þau mundu bara standa þar auð. En ég held, að það mætti þó a. m. k. nota þau fyrir unglingaskóla. (**IngB:** Er það þá víst, að héraðið vilji leggja nokkuð á móti?). Það er engin ástæða til að halda, að þau héruð séu ófúsari til þess, sem hafa þetta fyrirkomulag hjá sér. Það mundi alls ekki vera minni menningarþorsti hjá þeim, sem hefðu komið þessari skylduvinnu á hjá sér. Í frv. eru þau ákvæði, að ef skólinn leggst niður innan 20 ára, þá á ríkið húsið. Ég get þessa til þess að sýna, að það mun ekki fara með húsin eins og hv. þm. S.-Þ. gat sér til.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en áskil mér rétt til að svara þeim andmælum, sem fram kunna að koma.

Bjarni Ásgeirsson: Ég skal viðurkenna, að þegar ég gerðist flm. þessa máls, þá var það nokkuð með hálfum huga gert. Ég þekkti það frá í fyrra, að málið mundi eiga erfitt uppdráttar, og þar sem mjög var áliðið þings er málið kom nú fram, bjóst ég ekki við, að það mundi ná fram að ganga að þessu sinni. Hinsvegar gerðist ég flm. þess af því, að mér virtist — og virðist enn — svo falleg og göfug hugsun liggja á bak við það; og þegar forgöngumaður málsins, með meiri hl. sýslunefndar að baki sér, beitir sér fyrir að koma slíku máli fram, þá fannst mér skylda að gera mitt til að lofa þinginu enn að fjalla um það.

Það hefir nú teygzt talsvert úr umr., og ætla ég ekki miklu við þær að bæta.

Frv. þetta hefir tvær hliðar, eða réttara sagt, það hefir tvær fallegar hugsanir að geyma, sem sé þegnskylduvinnu og ungmennafræðslu. Ég hefi jafnan verið þegnskylduvinnuhugmyndinni hlynntur. Og þó að hún sé hér fram borin í dálítið annari mynd, er ég henni fylgjandi, því að hér er ekki farið fram á annað en að unglingar í þeim sýslum, sem taka upp lýðskóla með því fyrirkomulagi, er frv. ráðgerir, eru þvingaðir til þess að afla sér þeirrar menntunar, sem telja verður nauðsynlega hverjum og einum og í hvaða stöðu sem hann er.

Ég skal viðurkenna, að þetta kemur ekki að fullum notum, ef lítill meiri hl. sýslunefndar er með því að koma slíkum skóla upp, en kannske meiri hl. sýslubúa á móti. Ég hefði kunnað betur við, að ákveðin hefði verið einhver tala kosningabærra manna í sýslunni, sem þyrfti til þess að mæla með því að koma upp skólanum. Því þegar trygging er fengin fyrir því, að meiri hl. sýslubúa sé með, þá er allt í lagi.

Hv. þm. Dal. talaði um, að með frv. þessu væri verið að koma á unglingana einskonar átthagafjötrum, og fór um það lítilsvirðandi orðum. Mér finnst, að hann hefði fremur átt að nefna átthagatryggð í sambandi við þetta mál, því að það gengur eins og rauður þráður í gegnum frv., að með því er verið að glæða tryggð unglinganna við heimahagana. Það er óþarft að fara lítilsvirðandi orðum um frv. vegna þessa, því að svo mikið rót og los er komið á æskulýðinn, að ef þetta fyrirkomulag, sem frv. nefnir, yrði til þess að auka tryggð unglinganna til sveit-

anna og festa þá í þeim, þá er sannarlega ekki ástæðulaust, að frv. þetta er fram komið.

Eitt meðal annars, sem fundið hefir verið frv. þessu til foráttu, er það, að með því sé verið að kasta þungum byrðum á herðar unga fólksins, en eldri mennirnir að smokra sér undan þeim. En þetta er ekkert annað en misskilningur frá upphafi til enda. Það er nú vitanlegt, að þessir æskumenn eru börn sveitamanna, og þá um leið aðalfyrirvinna heimilanna, svo að þessar byrðar, sem lagðar eru þeim á herðar með skylduvinnunni, lenda ekki á þeim einum, heldur óbeinlínis á heimilunum. Og það gildir sama, hvort menn losa sig undan vinnunni með peningagjöldum. Gjöldin koma fram í vinnu og óbeinlínis á alla starfandi menn í sýslunni.

Hv. þm. S.-Þ., sem mælti kröftuglegast á móti frv., fann því aðallega til foráttu, að kvenfólk væri útilokað frá því að ganga í þessa skóla. Ég skal játa, að frá mínu sjónarmiði er þetta galli á frv. En mér finnst auðvelt að laga þetta í meðferð málsins, ef menn vilja svo, og mætti þá setja inn í frv., að kvenfólk hefði aðgang að skólanum með sömu skilyrðum og karlmenn.

Þá skal ég leyfa mér að leiðrétta lítilsháttar misskilning, sem orðið hefir vart í umr. um það, að þeir, sem ætluðu sér að ganga í aðra skóla, hefðu tvöfalda byrði að bera, en hugmynd Björgvins sýslumanns hefir verið sú, að koma inn ákvæði í frv., sem útiloki þetta, og hefir enda lýst því yfir, að hann geti gengið inn á breyt., sem kynnu að verða gerðar á frv. í þessu efni.

Ef sett verður inn í frv. ákvæði um, að nokkuð mikinn meiri hl. kosningabærra manna innan sýslunnar þurfi til þess að óska eftir, að slíkum skóla verði komið á fót, og ef þetta verður svo samþ. af sýslunefnd, þá mundu miklu færri verða til þess að smokra sér undan skylduvinnunni, því að það mundi þá þykja minnkun.

Annars tel ég litlar líkur til, að frv. nái fram að ganga að þessu sinni, en þótti þó rétt að tala fyrir því þessi fáu orð, sem ég hefi nú sagt.

Forseti (BSv): Þetta mál hefir nú verið rætt alllanga stund og margir á mælendaskrá enn, svo að dagurinn mun vart endast, ef ljúka á umr. Sé ég því ekki önnur ráð en að fresta umr. og taka málið af dagskrá, til þess að bjarga öðrum málum, sem meiri líkindi eru til, að nái fram að ganga á þessu þingi.

Sigurður Eggerz: Fæ ég þá ekki orðið til þess að bera af mér þær sakir, sem á mig hafa verið bornar?

Forseti (BSv): Hv. þm. Dal. mæltist til þess, að hv. þm. Mýr. talaði á undan. En þó mér þyki umr. þessar orðnar langar um mál, sem vitanlegt er, að ekki kemst í gegnum 2. umr. á þessu þingi, þá mun ég samt gefa hv. þm. Dal. orðið, og vona þá, að hann beri sakir bæði af sér og öðrum.

Sigurður Eggerz: Ég skal hvorki þreyta hæstv. forseta né aðra hv. þdm. með löngu máli; ég ætla aðeins að tala örstutt.

Það sést nú af þeim ræðum, sem haldnar hafa verið um þetta mál, að það er nokkuð til í því, sem ég hefi áður bent á, að með frv. þessu er verið að leggja nýjan grundvöll undir skólamál landsins, og það er líka rétt, eins og hv. 1. þm. Skagf. tók fram, að þetta mál hefir klofið báða aðalflokka þingsins, svo að góðir og gamlir flokksbræður eiga nú í harðri deilu sín á milli, hvort ráðlegt sé að byggja skólamál landsins upp á þessum nýja grundvelli eða ekki.

Eins og frv. liggur fyrir hefir það ekki verið hrakið, að hér er um bönd að ræða, sem gera unga menn ófrjálsa um það að leita gæfunnar utan átthaganna. Með skylduvinnunni er lögð kvöð á alla æskumenn sýslunnar, svo að þeir eru ekki lengur frjálsir menn. Þetta kalla ég átthagabönd, og hæli því hver sem hæla vill; ég geri það ekki. Ég skal líka benda á, að þeir menn, sem fara í aðra skóla — eins og frv. liggur nú fyrir, — tapa því gjaldi, sem þeir áttu heimting á að fá fyrir vinnu sína.

Það hefir verið mikið rætt um það í sambandi við þetta mál, að þegar sú þegn-

skylda er komin á, sem frv. ráðgerir, þá muni héruðin breytast og líta öðruvísi út; það verði lagðir vegir, byggðar brýr o. s. frv., en menn gleyma því, að ræktuðu blettir sveitanna verða færri, því á meðan allir æskumenn sveitanna eru bundnir í vegavinnu, verður ekki unnið að ræktun heima fyrir. Hugsum okkur t. d. fátæka ekkju, sem á tvö börn, er vinna fyrir heimilinu. Hvílíkur óheyrilegur skattur væri það ekki, sem lagður væri á hana með því að taka börnin frá heimilinu á þeim tíma, sem sízt má við, og láta þau í vegavinnu einhversstaðar í sýslunni.

Hv. þm. S.-Þ. benti réttilega á, að kvenfólk hefði ekki aðgang að þessum skólum, eða væri meinað að komast undir þetta nýja skólafyrirkomulag, og hv. þm. Mýr. sagði, að þetta væri smágalli á frv. eins og það er fram borið. En ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. Mýr. og aðra, sem honum fylgja í þessu máli, hvort það séu smágallar á skólalöggjöf landsins, að til séu margir skólar, sem kvenfólk er útilokað frá að sækja. Hvílíkt víðsýni í skólamálum! Kvenfólkið ætti að minnast þess við kosningarnar næstu, að efst á landskjörslista standa menn, sem eru flm. þessa frv., er fer fram á að útiloka yngismeyjar sveitanna frá því að afla sér aukinnar menntunar heima í sýslunum.

Þessari skylduvinnu, sem frv. ráðgerir að komið verði á heima í sýslunum, hefir verið jafnað saman við herskyldu annara þjóða. En herskyldan hefir jafnan þótt þung kvöð á þjóðunum og eitt af stærstu áhugamálum þeirra að reyna á einhvern hátt að draga úr henni. Það verður því ekki annað sagt en að það sé lagleg kenning og í samræmi við 1000 ára minningu Alþingis að enda þetta þing með slíkum hugsunarhætti og komið hefir fram í ræðum þeirra hv. þdm., er mælt hafa með frv.

Ég hirði svo ekki um að hafa þessi orð fleiri, enda munu örlög þessa frv. ráðin, sem betur fer. Að lokum vil ég taka það fram viðvíkjandi höfundi þessa frv., Björgvin sýslumanni Vigfússyni, að ég efast alls ekki um, að honum sé þetta áhugamál og beri það fram í góðu skyni, enda er það merkilegt að því leyti, að geta fengið svo marga menn til fylgis við frv., sem eftir mínum dómi er í algerðri andstöðu við þá stefnu, sem hingað til hefir ráðið í skólamálum.

Umr. frestað, og málið var ekki á dagskrá tekið framar.

50. Innflutningsgjald af benzíni.

Á 79. fundi í Nd., 14. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um innflutningsgjald af benzíni til viðhalds vegum (þmfrv., A. 489).

Á 79, 80. og 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, HJ, HK, IngB, JörB, BSv.

nei: MJ, SÁÓ, EJ, HG, HV.

Sjö þm. (MT, BÁ, GunnS, JJós, JAJ, JÓl, JS) fjarstaddir.

Héðinn Valdimarsson: Úr því að hv. frsm. (ÓTh) þorir ekki að taka til máls, skal ég gera það í hans stað. Og einkennilegt er, ef ekkert á að heyrast frá meiri hl. fjhn. þessarar deildar um málið.

Á þinginu 1927 kom fram frv., sem kallað var „litla, ljóta frv.“ Það var flutt af hv. 2. þm. G.-K. og mætti svo miklum fjandskap, bæði í blöðum og í þessari deild, að hann varð því fegnastur, þegar hann fékk því vísað frá. Enginn skyldi halda, eftir því sem heyra mátti á þeim viðtökum, að nokkur framsóknarmaður mundi nokkru sinni ljá því máli fylgi sitt. En hvað skeður á því herrans ári 1930, annað en að fjmrh. flokksins lætur bera það fram að nýju, og hv. 2. þm. G.-K. fær þá ánægju, eins og hann sjálfur segir, að gerast frsm. hæstv. stj. í málinu. Ég get ekki hugsað mér meiri endaskipti en þetta. Mismunurinn er ekki annar en sá, að frv., sem hv. 2. þm. G.-K. flutti um árið, var þó aldrei kallað annað en „litla,

ljóta frv.“, en þetta mætti heita „stóra, ljóta frv.“. Skattur af bifreiðum er þannig nú, að miðað er við hestorkur vélanna. Þess vegna er t. d. jafn skattur á fólksflutningabifreiðum, hvort sem þeim er ekið meira eða minna, hvort sem það eru lítið notaðar einkabifreiðir eða almennar mannflutningabifreiðir, sem daglega eru á ferðinni. En þetta þótti ekki nema rétt, vegna þess að sjaldkeyrðar einkabifreiðir eru flestar „luksus“-vagnar. Vörubifreiðir hafa hingað til ekki greitt nema ¼ skatts á við hinar. En eftir þessu nýja frv. á að greiða 7 aura af hverju kílói af benzíni í benzínskatt. Eftir frv. 1927 voru það aðeins 2,50 kr. á 50 kíló, eða 5 aurar á kílóið, svo að þetta gengur 40% lengra. Nú má gera ráð fyrir, að bifreiðir, sem hafa langar áætlunarferðir, eyði árl. 6000—10000 kílóum, og verður þá skatturinn 420—700 kr. á hverja, því að innflutningsgjaldið bætist auðvitað við þau 2—3 þús. kr., sem þessi árseyðsla nemur fyrir bifreiðina. Allir sjá, að þetta verður margfaldur skattur fyrir flutningabifreiðir, sem nú bera um 60 kr. skatt árlega. Það er ekkert smáræði, sem taka á í ríkissjóðinn af þessum atvinnuvegi. En þessi skattur kemur til þess að leggjast á alla flutninga með bifreiðum, mann- og vöruflutninga, og bætir enn einni hindruninni við hinar erfiðu samgöngur hér á landi. Það er einkennilegt, að á sama tíma sem ríkið gerir allt til að styrkja strandferðir, kaupir ný strandferðaskip og styrkir flóabáta, allt með ærnum framlögum og álögum, — þá kemur fram till. um sérstakan skatt á flutninga á landi. Allir vita, hve mikið hefir breytzt við það, að landflutningar bötnuðu, en mestri breyt. hafa bifreiðarnar valdið. Það eru ekki lítil áhrif, sem sambandið við Suðurlandsláglendið hefir á Reykjavík t. d., og virðist fremur vera ástæða til að tengja það betur en hitt. Og ráðið, sem hæstv. stj. vill taka upp, er að leggja skatt á þessar nauðsynlegu samgöngur.

Fyrir nokkrum öldum var þetta svo, að þeir, sem um vegina fóru, áttu að borga það, sem þeir kostuðu. Hingað og þangað á veginum voru sett hlið, þar sem skatthheimtumenn sátu og stöðvuðu hvert farartæki, sem komast vildi í gegn, og enginn fékk að halda leiðar sinnar, fyrr en hann hafði greitt sinn hluta af vegagerðarkostnaðinum.

En hér með þessu frv. er vegatollurinn ekki lagður á alla vegfarendur, heldur á þá eina, sem fara um veginn eða flytja í **bifreiðum**. Það á ekki að skattleggja þá, sem fara fótgangandi eða með hesta og hestvagna. En taki menn til athugunar, að bifreiðar eru áreiðanlega hagkvæmasta og bezta samgöngutækið, þá er ljóst, að hér er vissulega verið að fara ranga leið.

Því hefir verið haldið fram, að þessi skattur sé eðlilegur vegna þess slits, sem verður á vegum af völdum bifreiða. Hefir verið bent á það, því til sönnunar, að samskonar skattur sé í sumum nágrannalöndum. Hér er þó ólíku saman að jafna. Í fyrsta lagi eru í þeim löndum öðruvísi vegir en hæstv. stj. mun hugsa til að leggja hér. Hér eru ekki lagðir nothæfir bifreiðavegir, og ekki hugsanlegt, að þeir verði gerðir, meðan núverandi vegamálastjóri er við stýrið. Vegir þeir, sem nú eru lagðir, eru flestir svo mjóir, að háski er að, og að öðru leyti af allt annari gerð en vegir í öðrum löndum. Þar eru vegir malbikaðir, en sú vegagerð er afardýr, og er því frekar ástæða til þess að skattleggja bifreiðar í þessu skyni í þeim löndum.

Að öðru leyti er þar einnig farið með skattinn á annan veg en hér er gert ráð fyrir. Erlendis er hann víðast söluskattur og fellur til héraðanna. Með því er það tryggt, að skattinum sé varið til vegabóta þar, sem hann er greiddur. Hér á að leggja gjaldið í sameiginlegan sjóð, og er það á valdi vegamálastjóra, hvar því fé er varið til vegabóta. Þó að í frv. standi, að þeir vegir gangi fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða, þá hafa þeir, sem skattinn greiða, enga vissu fyrir því, að honum verði eytt á sömu stöðum sem hans er aflað. Hér á Suðurlandi er langmestur hluti bifreiða og mest ekið, en eigendur bifreiða hafa enga sönnun fyrir því, að skattinum verði varið mest til vega hér sunnanlands. Hér hafa gjaldendur því ekki hina sömu trygging sem þeir hafa, er greiða þennan skatt í öðrum löndum, að gjaldið komi þeim aftur að gagni.

Í þessu frv. er að auki margt, sem ekki er augljóst. Að vísu lítur út eftir 1. gr.,

að skatturinn skuli lagður á vöruna með umbúðum, því að þar stendur: „Auk vörutolls skal greiða ....“. En vörutollur er einnig lagður á þyngd umbúðanna. Þó er þetta ekki tekið fram berum orðum, sem rétt hefði verið. Í 3. gr. segir svo: „Í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, skal setja ákvæði um endurgreiðslu aðflutningsgjalds af benzíni, er sönnur eru færðar á, að notað hafi verið eða notað verði til annara véla en bifreiða“. Vegamálastjóri, sem hefir samið þessa löngu grg. frv., skýrir frá, að vélar, sem brenna eingöngu benzíni, séu mjög lítið notaðar í fiskibáta. Kveðst hann hafa þetta eftir Fiskifélagi Íslands. Það hlýtur að vera rangt, að Fiskifélag Íslands hafi gefið þessar upplýsingar. Mér er fullkunnugt um það úr steinolíuverzluninni, að fiskibátar nota talsvert mikið af benzíni, og mun tala þeirra skipta hundruðum. Mér er ekki ljóst, hvernig feður þessa frv. hafa hugsað sér að greina í sundur það benzín, sem notað er til báta og bifreiða. Það er augljóst, að seljandinn getur ekki borið ábyrgð á því, til hvers benzínið er notað. Til hans kemur maður og biður um 50 eða 100 lítra af benzíni. Hvernig á hann nú að vita, hvort það á að nota í bifreið eða trillubát? Það kemur meira að segja oft fyrir, að sami maður á hvorttveggja, bifreið og bát með benzínhreyfli. Hér eru möguleikar til þess að fá endurgreiddan tollinn af benzíni, sem notað er til bifreiða, ef menn vilja hafa sig til þess. Það er m. ö. o. verið að opna mönnum leið til þess að svíkja skattinn. Ef þessu ákvæði er hinsvegar sleppt, til þess að koma í veg fyrir misnotkun, þá er kominn nýr stórskattur á trillubátaútveginn, sem á síðustu árum hefir virzt ætla að verða mjög arðvænlegur atvinnurekstur, er gæti framfleytt mörgum fjölskyldum. Þetta gjald nemur sem sé hvorki meira né minna en kr. 12.50 á hverja tunnu.

Vegamálastjóri gefur það í skyn í grg. sinni, að það sé ekki óhugsandi, að verð á benzíni muni ekki hækka um það, sem tollinum nemur. Ég hygg, að fáir hv. þm. hafi þannig lagað gáfnafar, að þeir fáist til þess að trúa því, að kaupmenn haldi áfram að selja benzín með sama verði, þó að á það sé lagður 20% tollur. Það er alveg áreiðanlegt, að verðið hækkar, ekki um þessa sömu upphæð, heldur eitthvað meira. Þeir, sem vöruna selja, verða auðvitað að leggja eitthvað á tollinn, samsvarandi álagningunni á vöruna. Þeir hafa sömu áhættu af þeim hluta kostnaðarins við vöruna, bæði rýrnun og skuldatöp, og ennfremur vaxtatöp. Það er ekkert smáræði, sem verður að leggja út fyrir tollinn, því að hvergi er í frv. gert ráð fyrir tollgeymslu. Ég skal t. d. benda á einn innflytjanda, sem yrði hart úti að þessu leyti. Shell-félagið flytur sitt benzín inn í stórsendingum, tveggja ára birgðir í senn, og ætti eftir frv. að greiða allan tollinn í einu fyrirfram. Þetta er auðvitað minna atriði, en það sýnir þó, hvernig gengið er frá frv.

Þá kemur næsta skrefið, hvað þeir bifreiðaeigendur gera, sem aka fyrir aðra. Þeir reyna eðlilega að koma tollinum aftur á þá, sem við þá skipta, þá, sem ferðast með bifreiðum, og þá, sem flytja á þeim, hvort sem það er nú fiskur í bæjunum eða vörur upp um sveitir. En bifreiðaeigendur verða einnig að leggja meira á flutninginn en tollinum nemur.

Það má því ganga að því vísu, að verði frv. samþ. og tollurinn samkv. því nemur 200 þús. kr., þá mun það kosta almenning tvöfalt eða meira. Mismunurinn fer í ýmislegan kostnað, eins og ég hefi bent á. Þykir mér það nokkuð dýr innheimta fyrir ríkissjóð, ef leggja þarf annað eins á landsmenn og tollinum nemur.

Það er sagt, að hér sé bændastjórn. (SE: Sumir segja nú annað). Það verður ekki séð af þessu frv. Samkv. því eiga þeir að gjalda mest, sem þurfa lengstan flutning, búa fjarst kauptúnum. Það mun koma í ljós, að þetta „stóra, ljóta frv.“, sem hér er á ferðinni, mun ekki verða eins vinsælt meðal bænda og hæstv. stj. og meiri hl. fjhn. virðist ætla.

Yfirleitt verð ég að segja það, að sú stefna, sem liggur á bak við þetta frv., að menn eigi að gjalda til ríkissjóðs eftir því, hve mikil not þeir hafa af þeim hlutum, sem ríkissjóður kostar, er alröng. Það yrði þá nokkuð flókið skattakerfi, ef ganga ætti inn á þá braut að reikna út fyrir hvern og einn, hve mikil not hann hefir af framkvæmdum ríkissjóðs, og láta hann svo gjalda skatt eftir því. Ég veit, að hv. þdm. eru svo bibliufróðir, að þeir

kannast við þessi orð: Faðir minn refsaði yður með svipum, en ég mun refsa yður með gaddasvipum. — Það er þetta, sem hæstv. stj. hefir sagt við þjóðina í þessu „stóra, ljóta frumvarpi".

Halldór Stefánsson: Aðeins nokkur orð út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um afgreiðslu þessa máls í fjhn., að hún hafi verið einkennileg, og ekki bókað, að málið hafi verið afgr. Það er rétt, að ekkert er um þetta bókað, en engu að síður er málið afgr. frá n. á fundi 11. þ. m. af þeim 4 nm., sem mættir voru á fundinum. En málið var afgr. með fyrirvara, sem fólst í því, hvort líkur væru til þess, að málið næði fram að ganga á þessu þingi. Þættu slæmar horfur á því, fannst nefndinni ekki ástæða til þess að taka frv. upp. En af þessu var frestað til næsta fundar að bóka nokkuð um afgreiðslu málsins. Þessi fundur var boðaður skriflega daginn áður, og hafa allir nm. merkt á fundarboðið, sem ég held hér á, að þeir hafi séð það. Hinsvegar skal ég taka það fram, að hv. 2. þm. Reykv. lét þess getið við nafn sitt á fundarboðinu, að hann mundi eiga erfitt að mæta á fundi á þeim tíma. — Þykist ég nú hafa skýrt nægilega, hvernig lá í afgreiðslu málsins frá fjhn.

Frsm. (Ólafur Thors): Það er mér í fersku minni, að rætt var um það hér í hv. deild fyrir 2 árum að leggja nýja skatta á þjóðina. En mig rekur ekki minni til, að hv. 2. þm. Reykv. hafi þá haldið jafnhjartnæma ræðu um álögurnar á þjóðina og hann nú gerir. Þá var með hans atkv. samþ. að leggja á þjóðina nýja skatta, sem áætlaðir voru 860 þús. kr. árlega, en allir vissu, að mundu gefa af sér yfir 1 millj. kr. og munu í reyndinni hafa numið 12—13 hundr. þús. kr.

Ég verð að þakka hv. 2. þm. Reykv., að hann minntist á frv. mitt um þetta efni frá árinu 1927. Því var þá þunglega tekið, ekki sízt af núv. stjórn, en það er eins og hæstv. dómsmrh. mundi hafa orðað það: Það er stefna Ólafs Thors, sem hefir sigrað. Þegar ég bar þetta mál fram á þingi 1927, gat ég þess, að þessi stefna væri að ryðja sér til rúms erlendis. Nú er það sannanlegt, að margar nágrannaþjóðir hafa lögfest þennan skatt. Það var því rétt, sem ég sagði þá, þó að hæstv. núv. dómsmrh. bæri þá brigður á það. (HG: Það liggur vel á hv. þm.). Já, það liggur vel á mér. Það er alltaf skemmtilegt, þegar mönnum bætist lið í áhugamálum sínum, og einkum hafi menn ekki vitað vonir til liðsauka úr þeirri átt. Það er sérstaklega ánægjulegt fyrir mig að mæla hér fyrir þessu „stóra, ljóta frv." hæstv. stjórnar, sem hv. 2. þm. Reykv. kallaði svo, þar sem hæstv. núv. dómsmrh., sem kallaði frv. sama efnis, sem ég flutti á þingi 1927, „litla, ljóta frv.", hefir í mörg ár notað það að rógsmáli um mig í blaði sínu og talið, að tilgangur frv. hefði verið sá einn að hlífa „Kveldúlfi" við skatti. Auðvitað er mér ánægja, alveg óblandin ánægja, að stjórnin, og þar með sjálfur dómsmrh., kemur nú til mín og beiðist þess, að ég flytji nú sama frv., og þó nokkuð ýkt, fyrir hana. Það er ekki nóg með, að mér þannig veitist sú ánægja, að sjá rógberann kyngja rógnum, heldur hlotnast mér líka það, sem meiru skiptir, að sjá fram á, að ein af mínum þörfu till. muni í náinni framtíð ná fram að ganga.

Um frv. sjálft er það sama að segja, sem ég tók fram á þingi 1927, að með því er farin sanngjarnleg leið til þess að láta þá, sem mestu sliti valda á vegum, greiða mestan kostnað af viðhaldi þeirra. Núgildandi lagafyrirmæli ætlast að vísu til þess, að það aukna slit, sem varð á akvegum við komu bifreiða hingað til lands, yrði greitt af bifreiðunum sjálfum. Hinsvegar tókst þá ekki að finna fyrirkomulag, sem nægði til þess. Þá var ákveðinn bifreiðaskattur eftir hestaflatölu vélanna, sem á að falla niður eftir þessu frv. En hestaflafjöldinn er enginn mælikvarði á það slit, sem bifreiðar valda á vegum, því eins og allir vita, geta bifreiðar með aflmiklum vélum staðið kyrrar mikinn hluta árs og valda þá engu sliti á vegum, þegar öðrum bifreiðum með litlum vélum er ekið sýknt og heilagt. Þetta er sannleikurinn, sem ég kom auga á 1927 og olli því, að ég flutti þá samskonar frv. Og það er viðurkenning þessa sannleika, sem veldur því, að nú verði farin þessi sanngjarna leið í málinu.

Ég hygg sanngjarnt að leggja skatt á benzín, af því að það er nokkuð óyggj-

andi mælikvarði á yfirferð bifreiða. Ef til vill eru aðrar leiðir sanngjarnari, en þá mun vera erfitt að framkvæma þær. Ég gæti t. d. hugsað, að bifreið með stórri vél og benzínfrek sliti vegum minna en bifreið með minni vél, sem þyrfti að flytja meiri þunga. En því hefi ég aðhyllzt þessa leið, að hún er hvorttveggja í senn, sanngjörn og þó auðveld í framkvæmd.

Um það, hversu sanngjörn þessi leið er, nægir að vísa til þess, hve víða hún hefir verið lögtekin, einkum í nágrannalöndunum. Benzínskattur er nú lögfestur í Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Svíþjóð, Sviss, Þýzkalandi, Austurríki, Danmörk og Bandaríkjum Norður-Ameríku. Ég veit með vissu um þessi lönd, en þetta getur verið leitt í lög í fleiri ríkjum, þótt ég viti ekki.

Menn geta deilt um, hvort skatturinn sé of hár. Þessi upphæð er samkv. till. vegamálastjóra. Hún er miðuð við það, að viðhaldskostnaður vega hefir sífellt aukizt, og hefir vegamálastjóri látið í ljós, að verði fjár ekki aflað til viðhalds vega með sérstökum fyrirmælum, þá muni vegaféð ganga meir og meir til viðhalds og að því skapi minna til nýrra vega. Bændur verða að hafa það hugfast, að brýnustu samgöngubæturnar eru vegir. Vegamál þeirra þjóða, sem hafa tekið benzínskattinn í þjónustu vegaviðhalds, eru víðast komin í sæmilegt horf, en með öðrum þjóðum eru vegamálin skemmra á veg komin. Það er og trúa mín, að þótt ég viti, að skatturinn lendir í bili að einhverju leyti á eigendum bifreiða og þeim, er bifreiðar nota, þá mun þess ekki langt að bíða, að þeir hinir sömu fái skattinn endurgreiddan, því að með bættum vegum minnkar slit á vélum og gúmmí, en flutningsgjöld geta lækkað, en hagnaður bifreiðaeigenda þá orðið meiri.

Hv. 2. þm. Reykv. er sjálfur bifreiðareigandi og veit það vel, að vondir vegir valda mestu um hið óhæfilega slit, sem er á bifreiðum hér á landi. (HV: Vegirnir verða ekki bættir meðan núv. vegamálastjóri fær að ráða). Þetta er ástæðulaus aðdróttun. Ég var viðstaddur, þegar hv. 2. þm. Reykv. kastaði þessu fram í fjhn. í viðurvist vegamálastjóra. Vegamálastjóri viðurkenndi, að vegirnir væru of mjóir, en takmörkun á fé því, sem hann hefði yfir að ráða, neyddi hann til þess að mjókka vegina meir en hann hefði kosið. Fjárskorturinn hefði sett sér tvo kosti: annaðhvort að mjókka vegina eða stytta þá. Hann kaus heldur að mjókka þá. — Hann benti ennfremur á það, að Norðmenn hafa tekið upp sama sið til þess að reyna að leggja þá vegi á 75 árum, sem ætlunin hafði verið að leggja á 100 árum.

Ég er sannfærður um það, að frv. er viturlegt og að þjóðin fær fljótt endurgoldið það fé, sem hún leggur fram í þessu skyni, og ég er einnig viss um, að hin erlendu félög, sem hér selja benzín, munu taka á sig nokkuð af tollinum, þótt stærsti benzínsali þeirra hér á landi, hv. 2. þm. Reykv., fullyrði, að benzínverðið muni hækka.

Þessu til sönnunar get ég bent á það, að í þeim löndum, sem benzínskattur hefir verið lagður á, er benzínverðið svipað og í öðrum löndum, sem ekki hafa notfært sér hann. Í Belgíu er skatturinn t. d. 10 aurar og verðið 28 fyrir hvern pott, en í Englandi er enginn skattur, og þá skyldu menn ætla að potturinn væri þar 10 aurum ódýrari, en svo er það ekki, heldur er hann aðeins 2 aurum lægri. (HV: Það er skattur á benzíni í Englandi). Olíukongurinn ætti náttúrlega að vita þetta, en ég fer hér eftir skýrslu, sem ég hefi fengið hjá vegamálastjóra, og honum treysti ég fyllilega. (HV: Skýrslan er röng). Ég get ekki beygt mig undir það, þótt hv. 2. þm. Reykv. komi fram með slíkar fullyrðingar, enda hefir hann að gæta hagsmuna erlendra húsbænda sinna. (HV: Ég hefi enga erlenda húsbændur). Af því fer nú tvennum sögum, en hvað um það, þessi skýrsla bendir til, að félögin taki 8 aura af þessum skatti á sínar herðar; og ég gæti lesið upp mörg önnur lönd, sem hið sama mætti segja um, en ég skal aðeins taka skýrasta dæmið, en það er Ítalía. Þar er skatturinn 24 aurar, og því skyldu menn ætla, að verðið væri 24 aurum hærra en í Englandi, eða 50 aurar, en svo er það ekki, heldur kostar potturinn þar 36 aura.

Nú skulu menn ekki halda, að ég álíti mig sérfræðing í þessum málum. Fjarri fer því; heldur styðst ég við þau plögg og þær upplýsingar, sem vegamálastjóri hefir látið mér í té. Samkv. þeim upplýs-

ingum hefir það sýnt sig, að reynsla annara þjóða er sú, að verðið hækkar ekki, þótt skattur sé lagður á benzínið, en af því má draga þá ályktun, að benzínframleiðendur taki skattinn á sínar herðar.

Þetta er aðeins örlítið brot af þeim rökum, sem ég hefi fram að færa í þessu máli, en þar sem nú er orðið áliðið nætur, vil ég ekki tefja tímann með löngum umr., enda er mér ekki grunlaust um, að andstæðingar frv. muni reyna að beita málþófi og reyni með því að koma i veg fyrir, að málið verði afgr., þar sem nú mun skammur tími eftir af þingi. Þó vildi ég vekja frekar athygli á, að það mun ástæðulaust að óttast, að þessi skattur muni lenda á þeim, sem um vegina fara, því endurgreiðslan, sem bílaeigendur fá, mun lýsa sér í minna sliti á bifreiðunum.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þegar rætt væri um þennan skatt, yrðu menn að taka tillit til þess, að notendur gætu alltaf svikizt undan skatti að meira eða minna leyti. Það kann að vera nokkuð til í því, en alltaf má þó hafa svo hönd í bagga með þeim, að ekki verði mikil brögð að slíku. Hv. þm. ætti að bera þennan skatt saman við tekju- og eignarskattinn, — því að er hann ekki einmitt byggður á ráðvendni og að menn telji rétt fram? Ef menn vilja svíkja benzínskattinn, þannig að þeir telji það benzín notað til báta, sem notað er til bíla, þá má vel vera að þeir geti það, en á þessu er ekki frekari hætta en með framtalið til tekju- og eignarskatts. En hv. þm. og flokksbræður hans hljóta að líta svo á, að byggja megi á réttu framtali og réttum skýrslum manna. Hitt væri dauðadómur á þeirra eigin skattastefnu, sem sé þá, að vilja helzt afla ríkissjóði allra tekna með skattstofni, sem einmitt byggist á framtali sjálfs skattgjaldanda.

Ég vænti þess fastlega, að farið verði eftir till. vegamálastjóra í þessu efni, því að ef viðhald vega á að vera gott hér á landi, er þetta sú eina leið, sem hægt er að fara.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Jónsson:* Ég verð að játa, að það kom mér dálítið á óvart, að þetta mál skyldi tekið fyrir, því að ég bjóst alls ekki við því. Ég hefi því ekki haldið þeim punktum saman, sem ég var búinn að rita niður hjá mér, því að ég hugði, að málið kæmi ekki framar á dagskrá. Mér sýnist vera svo mikill þytur í deildinni út af því, að afbrigði skyldu vera felld, að ég ætla að setjast niður rétt á meðan hann er að líða hjá. (Forseti hringir). Þótt hv. þdm. séu að tala um annað, get ég hæglega lesið skrifurunum eitthvað fyrir, og skal gera það með ánægju.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á tvær allstórvægilegar breytingar. Önnur breyt. er falin í því, hvernig skattur á bifreiðum skuli innkallaður, og hin er sú, að hann á að verða þrisvar sinnum hærri.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um þetta hvorttveggja og víkja þá fyrst að þeirri gífurlegu hækkun, sem þarna á að eiga sér stað. Það liggur í augum uppi, að menn eins og ég, sem hafa alltaf verið á móti því að skattleggja bifreiðar, geta þá heldur ekki verið fylgjandi því, að hækka þann skatt til muna. **(Forseti BSv:** Vill hv. þm. afsaka augnablik. Skrifstofustjóri skýrir svo frá, að prentsmiðjan sé opin og að hv. þm. geti fengið brtt. sínar prentaðar, ef þeir hafi þær tilbúnar eftir 20 mínútur, en annars fái þeir þær prentaðar í fyrramálið). Ég veit nú ekki, hvort ég á hægt með bæði að skrifa og tala í einu, en maður verður víst að gera hvorttveggja.

Þegar bifreiðaskatturinn var settur á 1921, og eins síðar, þegar um hann hefir verið talað, þá hefir því verið mjög borið við, að samskonar skattur væri í öðrum löndum. Ég verð nú að segja það, að mér finnst þetta engin röksemd, því að við ættum að vera svo sjálfstæðir, að við þyrftum ekki að hlaupa til og apa allt eftir öðrum þjóðum. Ástandið var allt annað þar en hér, þegar skattinum var komið þar á. Þar voru flutningstæki fyrir hendi, sem gátu annazt allan flutning á fólki, nefnilega járnbrautirnar, og þar við bættist, að þær voru reknar af ríkinu, og því bar skylda til að sjá um, að þær yrðu ekki fyrir meiri halla en þörf væri á. Þess vegna er það ofureðlilegt, að skattur hafi verið lagður á bifreiðar í þeim löndum, þar sem svo var ástatt, því ella

myndu ríkin hafa beðið gífurlegan halla á járnbrautunum. Svo er það athugandi, að þar gera menn mikið meira fyrir bifreiðar en hér, því að þar eru allir vegir malbikaðir, en hér er aðeins hugsað um að hafa vegina slarkfæra, en með því móti verður akstur miklu dýrari.

Það mætti kannske verja það, að skattur væri lagður á bifreiðar, ef honum væri varið til að gera vegina betri, því að þá myndi féð renna í sama vasann, þar sem auðvitað er miklu minna slit á bifreiðum, ef vegir eru góðir. Þá gæti ég hugsað mér, að einhver hóflegur bifreiðaskattur borgaði sig fyrir bílana, þannig að fargjöld og farmgjöld þyrftu ekki að hækka verulega. En nú er svo langt frá því, að um slíkt sé að ræða, að það er beinlínis verið að leggja þennan þrefalda skatt á bílana án þess að bæta vegina. Ætlunin er sú, að framkvæma fyrir þennan skatt alveg það sama, sem annars er nú framkvæmt fyrir aðrar tekjur ríkissjóðs. M. ö. o.: Bifreiðaskatturinn á að komast á án þess að vegirnir verði betri eða bifreiðaakstur gerður nokkuð ódýrari en áður.

Á það ber yfirleitt að líta, að hér eru engin önnur flutningatæki til á landi, sem eru neitt svipuð því, sem aðrar þjóðir hafa. Á sjó eru samgöngutækin nokkuð lík, en aftur á móti á landi er ekkert, sem kemur okkur í námunda við aðrar þjóðir, annað en bílarnir. Enda hefir það komið í ljós, að með vondum vegum og illri aðstöðu hafa bílarnir svo að segja útrýmt annari umferð eftir vegunum, og það meira að segja svo, að ekki er einusinni notað það, sem maður skyldi halda að síðast yrði útrýmt: Að reka skepnur eftir vegunum, því að þær eru jafnvel fluttar í bifreiðum, þótt dýrt sé.

Ég vil því fullyrða, að með bifreiðaskatti, og því frekar sem hann er hærri, er verið að leggja skatt á samgöngurnar, sem eru einhver frumstæðasta þörf mannanna. Það er heldur haft á móti því að leggja innflutningstoll á nauðsynjavörur. En hér er verið að skattleggja þær nauðsynlegustu samgöngur, sem við eigum. Ég tek undir með öðrum hv. þm., sem líkti þessu við það, að beinlínis væri lagður skattur á vegina.

Það þarf ekki annað en líta á eitt atriði í þessu sambandi til þess að sjá, hve gífurlega ósanngjarn allur bifreiðaskattur er og hve ólík aðstaða löggjafarvaldsins er til samgangna á sjó og landi. Ríkið leggur fram stórfé til þess að gera ódýrari samgöngur á sjó, en það er ekki nóg, að samgöngur á landi séu ekki styrktar, heldur er lagður á þær þungur skattur. (Einhver: Er ekki tekinn tollur af kolum?). Jú, en ég veit ekki annað en að tollur sé líka tekinn af benzíni og öllu, sem til bifreiða heyrir, bæði vörutollur og verðtollur, og það tel ég nokkuð tilsvarandi því, að tollur er tekinn af kolum. En aftur á móti líkist þessi fyrirhugaði benzínskattur meira því, þegar talað var um að leggja stimpilgjald á farseðla þeirra, sem ætluðu að fara með skipum. Það þótti mesta fjarstæða. En með þessu frv. er farið hiklaust fram á að leggja þannig stimpilgjald á alla farþega, sem með bifreiðum ferðast. Þetta álít ég afarmikið ósamræmi.

Annars finnst mér merkilegt, að það skuli falla í svona góðan jarðveg að leggja slíkan skatt á samgöngurnar, sem hverri þjóð ríður mest á að gera sem hagstæðastar. Ég held, að varla sé hægt að leita í óheppilegri átt með skattstofn heldur en að ætla sér að skattleggja samgöngurnar.

Þegar bifreiðaskattsfrv. var borið fram fyrst á þinginu 1921, kom ekkert ljóst fram, hver væri hinn eiginlegi tilgangur með þessum skatti. Á umr. var sumpart að sjá, að þetta væri nokkurskonar „luksus"-skattur, vegna þess, hve bifreiðarnar væru óþarfar. Fyrst síðar kemur í ljós, að hér sé um skatt að ræða vegna vegaviðhalds. Nú er sagt, að þurfi að leggja þennan skatt á af því, að ómögulegt sé að fá fé til viðhalds veganna, nema með þessum hætti.

Ég er á móti þessu út frá þeirri grundvallarreglu, að ekki eigi að taka sérstaka tekjustofna í einhverju ákveðnu skyni. Mér finnst það vera að binda hendur þingsins og þeirra, sem þarna eiga að ráða, allt of mikið. Það þætti auðvitað fávíslegt með afbrigðum, ef t. d. væri lagt til, að tekjuskatturinn gengi til þess að launa embættismenn, og þar fram eftir götunum. Það er eins og sagt er um menn, sem hafa peningana í mörgum hólfum í buddunni, og vilja aðeins verja úr þessu hólfinu til þessa o. s. frv. Þetta

er engin búmennska. Ríkið á að verja úr sínum sameiginlega sjóði til alls, sem með þarf. Það er því ekkert annað en yfirborðsástæða, að vegunum fáist ekki haldið við nema með þessum bifreiðaskatti. Það ætti þá heldur að segja, að mönnum fyndist bifreiðaskattur heppilegri tekjustofn heldur en aðrir skattar.

Árið 1921 komst sú breyt. inn undir meðferð málsins á þingi, að leggja skyldi þennan skatt í sérstakan sjóð til þess að leggja slitlag á vegi. Í grg. þessa frv. er því lýst yfir hiklaust, að aldrei hafi verið farið eftir þessu, enginn sjóður hafi verið stofnaður, heldur hafi skattinum verið varið árlega jafnóðum til viðhalds og umbóta yfirleitt á þjóðvegum. Það hefði verið fróðlegt að vita það fyrr, að hér hefir aldrei verið fylgt lögunum.

Sanngirnin í því að verja bifreiðaskattinum sérstaklega til viðhalds á vegum, út frá því að þær slíti mikið vegunum, kemur í ljós, þegar litið er á málið í heild. T. d. kom fram á þingi 1921, að þáv. þm. Ísaf. hreyfði því, hvort mönnum fyndist sanngjarnt, að t. d. fjöldi bifreiða á Ísafirði væri skattlagður til viðhalds þjóðvegum, þar sem hvergi þar í nánd væri nokkur þjóðvegarspotti.

Miklu stórfelldara dæmi ranglætisins get ég bent á hér í Reykjavík. Hér er sægur af bifreiðum, sem aldrei kemur út fyrir borgina, en eyðir tugum potta af benzíni og ætti því að borga mikinn skatt, án þess að koma nokkurntíma á þann veg, sem verið er að styrkja. Það fer þá að verða veruleg ástæða til þess að taka Laugaveginn í þjóðvegatölu, ef á að skattleggja bifreiðar til viðhalds vegum, sem þær koma aldrei á. — Ég skal svo ekki tala fleira um bifreiðaskattinn út af fyrir sig, en hefi leyft mér að gera þessar aths. út frá því, að hér er farið fram á að þrefalda þennan skatt.

Ég ætla þá að víkja örfáum orðum að hinu atriðinu, hvort rétt muni vera að breyta þessum bifreiðaskatti, ef gengið er út frá því, að hann eigi endilega yfir okkur að ganga og á okkur að sitja, eins og litur út fyrir, því að þá er hann, í því formi sem hann nú er, mjög ósanngjarn. Hann er lagður, að því er kallað er, á hestorku vélarinnar, en svo segja mér kunnugir menn — sjálfur er ég ekki bifreiðarstjóri —, að hestorka vélarinnar sé reiknuð út eftir reglum, sem gera það að verkum, að það sé alls ekki hestorkan, sem miðað er við, heldur viss einkenni á vélunum, bulluvídd mótorsins, en ekki tekið tillit til slaglengdar. Af þessu stafar, að vélar af sérstakri gerð teljast með hærri hestaflatölu heldur en þær hafa raunverulega. Þetta gerir skattinn enn ósanngjarnari, og tafla, sem birt er í ástæðunum fyrir frv., sýnir þetta glöggt.

Þetta er eitt fullgild ástæða til þess að breyta lögunum, og einmitt út frá þessu lagði sú nefnd til, sem hafði málið til meðferðar á þinginu 1927, að málið væri afgr. með áskorun til stj. um að leggja fyrir næsta þing frv., þar sem þessum bifreiðaskatti væri breytt í sanngjarnara horf. Var sérstaklega bent á, að skatturinn yrði greiddur í fleiri hlutum heldur en hann var þá og er. Þetta hefir hæstv. stj. látið undir höfuð leggjast. Ekkert slíkt frv. hefir hún borið fram, fyrr en nú eftir svona mörg ár, og þá er það byggt á þeim grundvelli, sem n. vísaði frá sér 1927, aðeins sá munur, að hann er hærri nú. En þá var bent á, að hægt væri að dreifa þessum skatti þannig, að hann yrði réttlátari, t. d. með því að miða að ⅓ við toll á benzíni, að nokkru leyti við toll á togleðurshringum og að nokkru leyti við þunga vélanna. Þá mætti og bæta úr þeim mikla ófullkomleika þessa frv. að ívilna ekki flutningabifreiðum. Það mætti gera með því að sleppa þeim við þungaskattinn.

Ég skal viðurkenna, að ein ástæðan fyrir þessu frv. er skynsamleg, sem sé sú, að það, sem slíti vegunum, sé ekki út af fyrir sig bifreiðarnar eða hestorkufjöldinn, heldur hvað vagnarnir aki mikið eftir vegunum, og þess vegna sé rétt að miða við benzínið. En ég hefi sýnt fram á, hve haldgott þetta verður, þegar í hlut eiga bifreiðar, sem nota mikið benzín, en aka aldrei eftir þessum vegum.

Það allra ósanngjarnasta við þetta er þó, hvað flutningabifreiðar verða ákaflega hart úti. Stundum hefir verið talað um, að bifreiðar mættu kallast „luksus"-bifreiðar. En það er víst, að ein tegund þeirra verður aldrei „luksus"-bifreiðar, og það eru flutningabifreiðarnar. Ég skil ekki, hvaða ánægju menn gætu haft af

því að kaupa sér flutningabifreið og aka með sand og möl og kol um bæinn. Þess vegna er ekki nema sanngjarnt, að einmitt þessi tegund bifreiða beri töluvert minni skatt. En það kastar svo tólfunum við þessi umskipti, að fyrst og fremst er skatturinn með þessu frv. þrefaldaður, og auk þess, þar sem flutningabifreiðum var ívilnað svo áður, að þær borguðu ekki nema ¼ á móts við aðrar bifreiðar, þá yrðu þær nú að greiða töluvert meira en fólksflutningabifreiðar, vegna þess hvað þær eru mikið notaðar. Auk þess er það, að þær bifreiðar, sem aldrei koma út fyrir bæinn og á þá vegi, sem verið er að styrkja með skattinum, eru fyrst og fremst flutningabifreiðar.

Mér þykir heldur ólíklegt, að þeir bændur, sem búa alllangt frá sjó, geti sætt sig við frv. eins og þetta. Það kom ákaflega greinilega í ljós, þegar frv. var borið fram 1921 um bifreiðaskatt. Þá sá einn þm. Suðurlandsundirlendisins sér ekki annað fært en að flytja brtt. um, að undanþiggja mætti frá skatti bifreiðar, sem væru sérstaklega notaðar til aðdráttar fyrir sveitabændur. En er þetta ekki vottur um, að hér er um flutningatæki að ræða, sem er óhæfilegt að nota sem skattstofn, sérstaklega þegar á að taka skattinn svo háan sem þetta frv. ætlast til?

Ég skal svo fara að ljúka máli mínu. Því hefir verið borið við, m. a. í umsögn vegamálastjóra, að vegirnir séu svo dýrir, að ekkert fé fáist til nýrra vega, heldur fari allt í viðhald. En mér er bara spurn: Á hvern hátt er betra að gera við vegi fyrir það fé, sem fæst með bifreiðaskatti, heldur en það fé, sem kemur inn á annan hátt? Það liggur þá næst að meta, hvort bifreiðaskattur sé sanngjarnari heldur en hækkun á einhverjum öðrum tekjuliðum ríkissjóðs. Og ég trúi ekki öðru en að megi finna aðra leið réttlátari heldur en þá að skattleggja allra nauðsynlegustu flutningatæki í landinu.

Það er undarlegt, að stj. skuli eftir slíkt veltiár fara fram á að hækka þennan skatt á bifreiðum. Það er látið heita svo, að hér sé ekki um nýjan skatt að ræða, heldur aðeins verið að ná í peninga til viðhalds vegunum, en þó er vitanlegt, að það er hægt að annast með öðrum og betur fengnum tekjum ríkissjóðs.

Ég get því ekki fellt mig við þessa breyt., að taka upp benzínskatt fyrir hestorkuskatt, þótt hann sé ósanngjarn. En það er þó smávægilegt hjá þeirri ósanngirni að hækka benzínskattinn svo gífurlega mikið.

Haraldur Guðmundsson: Áður en ég vík að frv. sjálfu og einstökum greinum þess, get ég ekki stillt mig um að fara nokkrum orðum um vinnubrögðin á þessu þingi.

Hv. dm. er kunnugt, hverjum brögðum þm. eru beittir af hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsetum á stundum. Það lítur út fyrir, að stj. standi í þeirri meiningu, að það sé eiginlega hún, sem eigi að ráða því, hvaða mál ljúkast á þinginu. Hæstv. stj. ætti að vera nóg að vera hæstráðandi milli þinga, þótt hún fari ekki að taka fram fyrir hendur þingsins á síðustu dögum þess. En það lítur út fyrir, að hún ætli sér það, þegar hún dembir inn í þinglok mjög vanhugsuðum frv., sem hún ætlast svo til, að verði lokið í báðum deildum, og öðrum gagnlegri og betur undirbúnum málum verði bægt frá afgreiðslu. Að ég ekki tali um, þegar slíku offorsi er beitt, að dagskrá er brjálað hvað eftir annað og hver fundurinn haldinn ofan í annan fyrirvaralaust. — Að ég drep á þetta nú, stafar af því, að þetta frv. er eitt þeirra, sem á að drífa í gegnum þingið á þennan hátt. En þar sem telja má nokkurnveginn víst, að það kemst ekki í gegn á þessu þingi, ef þinginu á að vera lokið á næstu dögum, þá er ekkert nema kostnaður og tímatöf að vera að fást við það nú.

Það má segja um þetta frv., að það markar stefnu í tveimur meginatriðum. Ég skal fyrst athuga hið stærra. Hið fyrra er, hvort vegir eigi hér eftir sem hingað til að vera vegfarendum frjálsir til afnota, eða að leggja eigi sérstakan skatt á vegfarendur. Hingað til hafa vegir verið öllum frjálsir til afnota, hvort sem menn hafa farið þá akandi, gangandi eða ríðandi. Sá siður þekktist að vísu áður í ýmsum löndum, að ferðamenn voru skattlagðir með brúar- eða vegargjaldi. Var þá sett þverslá á veginn og engum hleypt yfir fyrir hana, nema hann greiddi „bommu"-tollinn, eða þá brúartollinn fyrir að fá að fara yfir brýrnar. En slíkt er

nú alstaðar fyrir löngu síðan lagt niður í öllum siðmenningarlöndum. Og þróunin hnígur yfirleitt að því að afnema sérgjöld einstaklinga, en framkvæma almennar umbætur fyrir fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Þessi stefna er þverbrotin í þessu frv. Það er einmitt gert ráð fyrir, að beztu farartækin séu skattlögð og þeir, sem á þeim fara, því engum dylst það, að þótt skattur þessi greiðist fyrst af eigendum bílanna, þá færist hann frá þeim og yfir á notendurna. Og bæði benzínsalarnir og bifreiðaeigendurnir leggja á þennan toll álagningarupphæð fyrir áhættu og vanhöldum, sem almenningur svo verður að borga auk sjálfs tollsins. Hitt meginatriðið, sem hér kemur til greina, er það, hvernig afla beri ríkissjóði tekna, hvernig það verður gert á heppilegastan hátt. Á að gera það með tilliti til gjaldþols manna, eða ekki? — Ég veit ekki, hverju hv. þm. svara því. En eitt er víst, og það er, að þetta frv. brýtur ekki í bág við þá meginstefnu, sem íhaldsflokkurinn hefir fylgt í skattamálum, heldur þvert á móti. Lítur því út fyrir, að Framsókn sé nú ráðin í því að taka upp stefnu Íhaldsins í skattamálum. Beinir skattar eru áætlaðir á þeim fjárl., sem nú eru fast að því komin að fá afgreiðslu, 1½ millj. kr., og er þá meðtalinn fasteignaskattur og erfðafjárskattur. En innflutningsgjöldin eru eftir sama frv. áætluð fast að 6 millj. kr., eða 4 sinnum hærri upphæð. Af þessari upphæð eru svo 4,1 millj. kr. tollur á nauðsynjavöru, en um 1,7 millj. á munaðarvöru. Nú vill hæstv. fjmrh. bæta ¼ millj. kr. tolli á nauðsynjar fólksins ofan á þær 6 millj., sem fyrir eru. Af þessu er ósvikið íhaldsbragð. Mér blandast ekki hugur um, að þegar litið er á þessi hlutföll, þá er býsna langt gengið í því að leggja skattana á nauðsynjar fólks, í staðinn fyrir að leggja þá á skattgetuna. Bílaskatturinn var 1928 70 þús. kr., en frv. þetta gerir ráð fyrir 210—215 þús. kr. Er hann því hækkaður um 200%. — En sagan er ekki öll sögð með þessu. Hækkun þessi kemur svo sem ekki jafnt niður á alla bíla. Hún lendir langmest á þeim, sem nota þurfa bíla til vöruflutninga. Einkum kemur hún hart niður á þeim, sem eiga langt til aðdrátta, svo sem bændur flestir, og einnig á fiskflutningabílum, mjólkurflutningabílum og öðrum bílum, sem ganga allt árið og þurfa að nota mikið benzín. En einkabílar, sem efnamenn hafa sér til skemmtunar, verða því nær skattfrjálsir, eða a. m. k. skattur á þeim lækkar til stórra muna.

Ég skal játa það, að ríkissjóður hefir þörf fyrir tekjuauka fram yfir það, sem áætlað er í fjárl. Í þeim eru ekki öll kurl fram tínd gjaldamegin. Það vantar t. d. alveg lið, er nemur um 360 þús. kr., sem eru vextir og afborgun af þeim 3 millj. enska lánsins, sem lagðar voru til Íslandsbanka, áður en Útvegsbankinn tæki við búi hans. Ég benti á þetta, þegar bankamálið var til umr., en því hefir ekki verið sinnt, að setja þennan óhjákvæmilega útgjaldalið inn í fjárl.

Mér er sagt, að stj. sé einráðin í því að láta tvö frv. um breyt. á jarðræktarlögum ganga fram nú. Annað fer fram á 50 þús. kr. útgjöld, hitt frv. fer fram á þrefalt meira. Ég skal því játa, að ríkar ástæður séu fyrir hendi til að sjá ríkissjóði fyrir auknum tekjum. Mig furðar það aðeins, hve seint stj. vaknar til viðurkenningar á því. En þótt stj. hafi ekki séð þetta, þá hafa þó einstakir þm. séð það og viljað bæta úr því á sanngjarnan hátt. Hv. 1. þm. N.-M. var ásamt mér flm. að frv. um einkasölu á tóbaki. Það frv. mundi gefa ríkissjóði 70—80 þús. kr. meiri tekjur en tekjuauki yrði eftir þessu frv., eða yfir 200 þús. kr.,. og því frv. væri hægt að ljúka, þótt þingi yrði slitið á morgun. Það frv. hefir verið afgr. héðan úr þessari hv. deild og er komið nokkuð áleiðis í hv. Ed. — En svo undarlega hefir við brugðið, að eftir að fæðingarhríðar benzínfrv. byrjuðu, hefir tóbakseinkasölufrv. ekki sézt þar á dagskrá. Ég heyri sagt, að ríkisstj. álíti þetta frv. nauðsynlegra en tóbakseinkasölufrv. Ég hefi þó ekki viljað trúa þeim orðrómi, en reynslan sker úr því, hvort hann er sannur. Ég verð að segja það, að ég öfunda ekki ríkisstj. af því að láta bera þetta frv. fram. Og það má dæmalaust heita í þingsögunni, hvernig það er flutt. Fyrst vildi frsm. þess ekkert segja. En þegar hann svo loks talaði, þá var ræða hann ekkert annað en spott og spé og háðglósur til stj. Ég öfunda stj. ekkert af flutningi þessa máls né framsögumanni.

Eins og frá hefir verið skýrt, þá var frv. að efni til mjög svipað þessu upphaflega flutt á Alþingi 1926, ætla ég, af frsm. þess nú, hv. 2. þm. G.-K. Einn af núv. ráðherrum fór þá hörðum orðum um frv. En þó hefir þetta frv. stórversnað síðan, eins og sýnt var fram á í gærkvöldi. Ég verð að segja það, að stj. gat varla fengið eða fundið sárari svipu á sjálfa sig nú í þinglokin en einmitt þetta frv. Og ég held, að hún hafi heldur ekki getað fundið neinn hentugri mann til að bregða þessum písk á bak sér en einmitt hv. 2. þm. G.-K., enda hefir hlakkað drjúgum í honum. (ÓTh: Það er bara dómsmrh., sem ég nota þennan písk á!). Dómsmrh. er í stj., ef ég man rétt.

Það er leiðinlegt að þurfa að segja þann sannleika, að eftir því, sem árin færast yfir stj., hneigist hún mjög í hina verri átt. Stóra og litla íhaldið dregst nær og nær hvort öðru. Í skattamálunum eru íhöldin nú orðin alveg sammála. Flaustrað hefir verið gegnum þingið með afbrigðum framlenging á verðtolli, sem upphaflega var settur 1924 og átti þá aðeins að vera til bráðabirgða, ekki lengur en meðan sterlingspundið færi ekki niður úr 26 kr. Þar voru Framsókn og Íhald sammála. Samkomulag varð og um það með Íhaldi og Framsókn að breyta ekki tekju- og eignarskattslögunum. Bæði íhöldin eru andvíg lækkun á kaffi- og sykurtollinum, þrátt fyrir það, að hann er nú hærri en tollur á nokkurri glys- eða óhófsvöru.

Ég sagði í upphafi máls míns, að vítavert væri að bera fram svo síðla þings jafnvanhugsað frv. og þetta er. Það hefir enginn tekið fyrir einstakar gr. þess, og ég ætla ekki að gera það heldur. En ég get ekki stillt mig um að fara nokkrum orðum um grg. frv. og þá skatta, sem fyrir voru á bifreiðum. Auk þess benzíntolls, sem á skal leggjast og er 7 aurar á lítra samkv. frv., eða 20—25% af núverandi benzínverði, þá haldast líka þeir innflutningstollar, sem nú eru á bifreiðum og einstökum hlutum til þeirra. Vörutollur er nú á bifreiðum, sem inn eru fluttar, 20 kr. á tonn. Á bifhjólum, bifreiðahlutum, hjólböndum og gúmmíslöngum er vörutollurinn 60 kr. á tonn. Auk þess er 15% verðtollur á bifreiðum, bifhjólum og að nokkru á bifreiðahlutum. Þetta allt eru skattar, sem leggjast á bifreiðarnar og varahluti til þeirra, þegar inn er flutt. Og þeim er ekki létt af. Hinn skatturinn, sem nú er á bifreiðum, en létt verður af samkv. frv., er hestorkuskatturinn. En með því að létta honum af er mestu létt af þeim, sem mest gjaldþol hafa, þeim, sem hafa efni á að eiga einkabifreiðar. Það er ekki glögglega sýnt í grg. frv., hverju benzínskatturinn muni nema árlega, en eigi að síður er hægt að reikna það út. Þannig mundi hann 1928 hafa numið 210—215 þús. kr. En hestorkugjaldið nemur sama ár um 70 þús. kr. Síðan leitast höf. grg. við að gera grein fyrir því, hversu miklu þetta muni nema fyrir notendur, en það er sú hliðin, sem að landsmönnum snýr almennt. Ég hygg, að útreikningar grg., séu nærri lagi hvað þá hlið snertir, er að ríkissjóði snýr. En áætlunin um það, hvað flutningsgjöld þurfi að hækka vegna lítragjaldsins, benzíntollsins, nær þar á móti ekki nokkurri átt. Sú áætlun er mesta hringavitleysa. — Vegamálastjóri — en hann mun vera höf. frv. og grg. — telur, að fargjöld muni ekki þurfa að hækka um meira en 1% og vöruflutningagjöld um 1—1½. Sá flutningur, sem nú kostar 10 kr., ætti eftir því ekki að hækka nema um 10 aura. Ef þetta væri rétt, þá ættu flutningsgjöld árlega nú ekki að nema minna en 13 millj. kr., því að 1% af þeirri upphæð yrði 130 þús. kr., en það er áætlaður tekjuauki. Nú er talið, að til séu á landinu um 1000 bifreiðar alls, allar tegundir, og þar með taldar einkabifreiðar. Hver bifreið ætti þá að aka fyrir 13 þús. kr. á ári til jafnaðar. Ég er viss um, að þetta er fjarri öllu lagi. H. u. b. ⅓ hluti af verði útfluttrar vöru ætti að ganga til borgunar á bifreiðaakstri, ef útreikningar þessir væru réttir. Nær slíkt vitanlega engri átt. Ég hefi ekki haft tíma til að prófa fleira en þetta. En sé svipað um fleiri atriði, sem ekki er ósennilegt, held ég, að engin vanþörf sé að athuga málið til næsta þings.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni. Ég greiði hiklaust atkv. gegn því, ef til atkv. kemur. Mér þykir leitt, að ríkisstj. skyldi verða til þess að flytja þetta frv., og enn leiðara, hve mikið kapp hún leggur á að berja það

fram. En ég óska henni til hamingju með þennan óvænta stuðningsmann sinn, hv. frsm. Og svo læt ég hana og frsm. eigast við.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég hefi hlustað á nokkuð af ræðum hv. andstöðumanna þessa frv. Og það virtist, er frv. kom hér til 1. umr., að líkt væri og tekinn hefði verið tappi úr stíflu. Þeim varð svo brátt, að þeir tóku til máls á undan frsm. En um það er ekki að fást. Þegar vökvinn verður svona laus í mönnum, þá verða þeir að losa sig.

Hv. þm. Ísaf. hefir flutt hér langt mál og gerzt einskonar siðameistari um það, hvernig þing og stjórn ættu að haga sér um framburð mála. Fannst honum mjög á bresta, að slíkt væri í svo góðu lagi sem ætti að vera. Mér finnst nú, að þessi hv. þm. hafi líka viljað ráða nokkru um, hvað hér er sagt og gert. Og eftir framkomu hans sjálfs, þá satt að segja furðar mig á því, að hann skuli undrast það, þótt stj. og flokkur hennar vilji líka nokkru um það ráða, hvaða mál tekin eru á dagskrá og í hverri röð þau eru afgr.

Ég skil ekki í því, að hv. þm. Ísaf. skuli vera ennþá svo skilningssljór á þessa hluti að láta sér detta í hug að halda því fram í alvöru, að stj. megi ekki hafa afskipti af því, hvernig er farið með hennar mál. Það er álíka og þegar sami hv. þm. var að tala um vegina, hvort þeir væru frjálsir eða ófrjálsir. Ég veit ekki, við hvað hv. þm. á með þessu. Ef hann á við bifreiðaskatt, þá er sá skattur til nú og vegirnir því jafnfrjálsir eða ófrjálsir, þó þetta frv. verði samþ. Hér er því ekkert nýtt á ferðinni. Þeir hv. þm., sem mælt hafa í gegn þessu frv., hafa alveg ætlað af göflunum að ganga; þeir hafa talað eins og hér væri á ferðinni skattur, sem ekki hefði verið til áður og væri óþekktur í heiminum. Þeir látast ekki vita, að bifreiðaskattur er í flestum nágrannalöndum, og það hærri en hér er lagt til. Þeir látast ekki heldur vita, að það rekur að því, að óhjákvæmilegt verður að hækka skattinn hér vegna hins stórkostlega vegaviðhalds. Annað mál er það, hvort byggja eigi skattinn á þessum grundvelli. Þó veit ég það, að þessi grundvöllur er réttari en sá, sem vér höfum nú.

Það þarf engan að furða, þótt þessi hækkun á bifreiðaskattinum sæti andmælum. Allir þeir, sem voru hér á þingi, þegar fyrsta bifreiðaskattsfrv. kom fram, muna vafalaust, hvílík ógnarherferð var þá farin. Þá var — alveg eins og nú — símað út um allt land og pöntuð mótmæli gegn skattinum. Þau mótmæli komu auðvitað, eins og um var beðið, en þau stafa af skilningsleysi þeirra, sem þau hafa sent. Það er eins og þeir hv. þm. hafi ekkert lært, sem geta ekki skilið, að sanngjarnt er að leggja vegaskatt á bifreiðar.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að skatta ætti að miða við gjaldþol almennings og ekki ætti að leggja skatt á nauðsynjar. Vill hv. þm. halda því fram í alvöru, að allar bifreiðaferðir séu nauðsynlegar? Ég hygg margar bifreiðaferðir ónauðsynlegar, og ég tel sanngjarnt, að skattur sé greiddur af ónauðsynlegum bifreiðaferðum, sem slíta vegunum. Ég skil, að hv. þm. Ísaf. sé gramur yfir því, að frv. kom fram, af því að það fellur ekki við hans skoðun í skattamálum og hv. þm. mun hafa það á tilfinningunni, að hans skattastefna hefir engan byr í þinginu.

Hv.. þm. kvaðst furða sig á því, að stj. skyldi leyfa sér að koma fram með frv. um skatt á bifreiðum. Það er eins og hann áliti, að enginn skattur eigi að vera á bifreiðum, eða þá að núgildandi skattur sé sá eini réttláti. En ég veit ekki, hvað er ranglátur skattur, ef ekki hestorkuskattur á bifreiðum. Þennan skatt á að miða við það slit, sem vegurinn verður fyrir af hverjum vagni. Þess meira, sem vagninn er notaður, þess hærri skattur. Sé hann lítið notaður, spillir hann veginum minna, og þá er skatturinn lægri, og benzíneyðslan er nákvæmasti mælikvarðinn, sem hægt er að fá. Ef bifreiðaskattur gefur talsverðar tekjur, þá er auðið að gera vegina svo úr garði, að slit á bifreiðum verði minna og því ódýrara að aka. Að öðrum kosti höfum vér ekki efni á að kosta svo miklu til viðhalds vegum, að í lagi verði og við sé unandi.

Hv. 2. þm. Reykv. var í sinni ræðu með hótanir um, að benzínið skyldi hækka meira en tollinum næmi. Það er gott að heyra þetta frá þeim manni, sem hefir mikinn hluta benzínverzlunarinnar í landinu. En þessar hótanir hv. þm. dæma sig sjálfar. Einnig hótaði hann fyrir hönd

bifreiðaeigenda, að akstur skyldi hækka meir en skattinum næmi. Það er gott, ef hv. þm. þykist hafa umboð annara til slíkra hótana, en það skal ég láta hann vita, að þessar hótanir munu ekki draga úr því, að frv. nái fram að ganga.

Hv. þm. talaði um, að þeir, sem langt ættu að flytja, yrðu að greiða hærra flutningsgjald. Sér er nú hver spekin! Ég býst ekki við, að vegalengdir breytist neitt, þó að þessi skattur komist á, og þeir, sem lengst þurfa að flytja, þurfa alltaf að greiða meira en hinir, en þeir greiða ekki hlutfallslega meira en aðrir fyrir þennan skatt.

Þá minntist hv. 2. þm. Reykv. á, að yrði 3. gr. frv. felld niður, þá kæmi skattur á trillubátaútveginn. Ég skil ekki, hverskonar röksemd þetta er, þar sem 3. gr. er sett til þess að koma í veg fyrir skatt á bátana. Þarf ekki mikla speki til þess að sjá, að skattur kemur á bátana, ef greinin verður felld niður.

Þessir hv. þm., sem nú hafa haldið langar ræður, hafa talað um, að stj. sækti fast að koma þessu máli fram. Ég skal benda þeim á, að stj. hefir ekki talað í málinu fyrr en nú, og þeir vita ekki, hversu fast hún sækir það. En hún telur þennan skatt miklu sanngjarnari en þann núv. og að bifreiðaskatturinn megi og eigi að hækka, þar sem það er eina leiðin til þess að gera vegina betri en þeir eru nú.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eltast við allt, sem fram hefir komið hjá andstæðingum frv. Þeir tala um það sem einhverja goðgá að koma hér á benzínskatti. Þó vita allir, að benzínskattur er víða til í menningarlöndum, og miklu hærri víða en hér er farið fram á. Ég ætla, að Danir leggi ekki annað fram til vega en bílaskattinn. Svona líta þeir á málið, þó að þessum hv. þm. þyki ekki mega nefna benzínskatt hér. Þessu frv. fylgir allnákvæm greinargerð, þar sem sýnt er fram á, hvernig þessum skatti er háttað í nágrannalöndunum, og gerð grein fyrir, hver þörf er á auknum tekjum til þess að halda við vegum. Hér hefir nýlega verið samþ. að bæta allmiklu við það vegakerfi, sem ákveðið er í vegalögunum að hvíli að öllu á ríkissjóði. Sú viðbót mun óhjákvæmilega kosta allmikið aukið fé til viðhalds vegum. Ég hygg það misskilning hjá þessum hv. þm., sem allir eiga heima í Reykjavík, að bændur mundu verða mótfallnir hækkun á bifreiðaskattinum. Bændur hafa miklu meiri áhuga en svo á því, að vegir verði lagðir og gerðir svo úr garði, að þeir geti notað bifreiðar. Þeir finna glöggt muninn á þægindum og sparnaði við það að geta notað bifreiðar. Þeir finna tjónið, sem þeir verða fyrir, þegar vegir eru svo slæmir, að bifreiðar geta ekki gengið. Ég hygg, að þessir hv. þm. ættu ekki að vera að burðast með ástæður, sem þeir þekkja ekkert til.

Mér skildist á hv. 1. þm. Reykv., að hann teldi þennan skatt svo mikla goðgá, af því að margar bifreiðar í Reykjavík kæmu aldrei á þjóðvegina. Má vera, að svo sé um eitthvað af vöruflutningabifreiðum. Þrátt fyrir það hefir verið og er skattur á þessum bifreiðum. Ég skal viðurkenna, að þessum skatti verður aldrei komið svo fyrir, að ekki verði einhver snefill af ósanngirni. Öllum tolllögum fylgir einhver ósanngirni. Og þó að þessir hv. þm. legðu höfuðin í bleyti, mundu þeir aldrei geta fundið nokkurn skatt, sem enginn snefill af ósanngirni væri samfara.

Það er ekki svo að skilja, að ég ætli að standa hér og deila um hvert smáatriði, sem andstæðingar frv. hafa fundið því til foráttu. Þeir hafa talað um það einhliða og af miklu skilningsleysi. Það er ekki við því að búast, að til nokkurs sé að halda uppi deilum við þá, sem ráðnir eru í því fyrirfram að sinna engum rökum. Ég ætla því að bíða og sjá, hvað setur.

Jóhann Jósefsson: Ég skal ekki lengja mikið umr.; álít, að ekki sé gerandi leikur að því, eins og nú er komið, að lengja þingið eða umr. Þó vildi ég lýsa afstöðu minni í sem fæstum orðum.

Það er alveg ljóst, að frv. hefir þann kost að auka tekjur ríkissjóðs. Eftir því, sem fram hefir komið og grg. frv. bendir til, eru allar líkur til þess, að tekjuaukinn nemi 150 þús. kr. á ári. Verður því ekki mótmælt, að eigi að miða skattinn við það, hve mikið bifreiðarnar nota vegina, þá kemur þessi skattur jafnast niður. Það kunna að vera fleiri kostir á þessu frv., en þetta er hið helzta.

Þá koma ókostirnir. Í fyrsta lagi er hér

um skatt að ræða, sem er aukning þeirrar tegundar skattstofna, sem kalla má skatta á nauðsynjar. Ég tel samgöngur eitt af mestu nauðsynjamálum. Í öðru lagi tel ég það ekki kost, að skattinum er létt af óþarfabifreiðum, sem menn hafa eingöngu sér til skemmtunar, en einmitt þá tegund fellst ég á að skattleggja þyngra heldur en t. d. vörubifreiðar.

Að því er snertir notkun þess fjár, sem ríkissjóður fær inn með þessu móti, þá er svo frá því gengið í frv., að ég get ekki fellt mig við það, þar sem skattinum er eingöngu varið til viðhalds þjóðvegum.

Ég hefi enga löngun til þess að halda uppi nokkru málþófi, og skal því ekki taka það upp, sem aðrir hafa sagt. En ég vil taka undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um benzínnotkun báta. Í grg. frv. segir, að bátar noti lítið benzín, og er Fiskifélag Íslands borið fyrir. Það kann að vera, að Fiskifélagið hafi einhverjar skýrslur um þetta, en þó hygg ég, að ekki verði sagt, að benzín sé lítið notað til báta. Ég skal og benda á, að þar sem benzín er bæði selt til bifreiða og báta, er hreint ekki annmarkalaust að gera þar grein á milli, og þar sem um svo háan skatt er að ræða, er talsverð freisting að fara í kringum hann og enginn hægðarleikur fyrir þá að vita, sem láta benzín af hendi, hvort það verður notað til bifreiða eða báta.

Hv. 1. þm. Reykv. gat þess, að hv. þm. N.-Ísf. hefði bent á það á þingi 1921, að til væru héruð, þar sem engir væru þjóðvegir, og nytu þau einskis góðs af bifreiðaskatti, sem væri eingöngu ætlaður til þjóðvega. Nú skal ég leyfa mér að benda á, að í mínu kjördæmi eru um 50 bifreiðar, flest vörubifreiðar, sem eru í stöðugri notkun. Þegar ég nú íhuga aðra ókosti þessa frv., þá bætist þessi við, að gagnvart mínu kjördæmi er þetta hreinn aukaskattur, sem kemur kjördæminu hinsvegar að engum notum, þar sem svo er um hnútana búið í frv., að hann getur ekki komið Vestmannaeyjum að neinu gagni, því að þar er enginn þjóðvegur. Svo að jafnvel þótt þeir kostir séu á frv., að það eykur tekjur ríkissjóðs, þá er það ekki nægilegt til þess að vega upp á móti ýmsum ókostum þess, en þó keyrir um þverbak frá sjónarmiði mínu og míns kjördæmis, að það nýtur einskis eyris af skattinum. (PO: En brtt. á þskj. 549?). Ég er að ræða um frv. eins og það liggur fyrir, enda veit ég ekki, hvernig brtt. reiðir af. Ég verð að segja, að ég treysti mér ekki til þess að vera frv. fylgjandi, a. m. k. ekki í því formi, sem það er nú.

Umr. frestað, og var frv. ekki á dagskrá tekið framar.

51. Bókhald.

Á 36. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bókhald (þmfrv., A. 185).

Á 38. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og þetta frv. ber með sér, er það flutt eftir tilmælum dómsmrh. Aðaltildrögin til þess, að þetta frv. er fram komið, eru þau, að lögreglustjórinn í Reykjavík, eftir að hann hafði orðið þess fullvís, að bókhald við ýms fyrirtæki hér í bæ væri ekki fullnægjandi og að gildandi lög um bókfærsluskyldu væru ófullnægjandi, sendi dómsmrn. erindi 25. nóv. síðastl., þar sem hann benti á nauðsyn þess, að bókhaldslögin yrðu endurskoðuð. Að samningu frv. hafa unnið tveir bókfærslufróðir menn og einn lögfræðingur. Má því vænta þess, að í aðalatriðum sé frágangur frv. sæmilegur.

Ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði og get því ekki talað um málið frá faglegu sjónarmiði, en mér virðist nokkur trygging felast í því, að íslenzka verzlunarráðið hefir eindregið mælt með því, að frv. yrði að lögum. Að vísu hefir verzlunarráðið gert nokkrar aths. við frv., en þær hafa verið teknar til greina, svo að það virðist ekki ástæða til að efast um, að frv. sé í samræmi við það, sem fróðustu menn á þessu sviði álíta rétt.

Ég geri ráð fyrir því, að lögfræðilegur frágangur frv. sé sæmilegur. Annars verður sú hlið málsins væntanlega athuguð í n.

Skal ég svo láta staðar numið, en óska, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 185, n. 344).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég mun hafa getið þess við 1. umr. þessa máls, hver tildrög eru til þess, að þetta frv. er fram komið.

Lögreglustjórinn hér í Reykjavík lét að gefnu tilefni athuga bókfærslu hjá allmörgum atvinnurekendum hér í Reykjavík á síðastl. sumri, og það kom þá í ljós, að víða var bókfærslu mjög ábótavant, ekki svo mjög fyrir það, að eigi væri fylgt gildandi lögum um bókhaldsskyldu, heldur af hinu, að þau lög eru orðin úrelt og eiga ekki lengur við.

Eftir að þessi rannsókn hafði farið fram, skrifaði lögreglustjórinn dómsmrn. og óskaði þess, að á því yrði ráðin bót, með því að breyta hinum gildandi lögum um bókhaldsskyldu þannig, að allmargir fleiri atvinnurekendur yrðu gerðir bókhaldsskyldir og að í lögunum yrði nánara ákveðið, hvernig haga skyldi bókhaldi. Lagði hann eindregið til, að lögleitt yrði tvöfalt bókhald í öllum þeim atvinnurekstri, sem bókhaldsskyldur yrði.

Nú hefir allshn. þessarar deildar haft þetta frv. til meðferðar um alllangan tíma og athugað það gaumgæfilega. Hún hefir einnig borið sig saman við einn af þeim mönnum, sem staðið hafa að samningu þessa frv., og hann hefir útskýrt fyrir n. frv. í heild og einstakar gr. þess.

N. féllst á, að nauðsynlegt væri að breyta þessari löggjöf, og hefir í meginatriðum ekkert sérstakt við frv. að athuga. En hinsvegar hefir henni þótt rétt að leggja til nokkrar breyt. á frv., sem eru fremur veigalitlar, en hníga flestar að því, að rýmra verði fyrir hina smærri atvinnurekendur um það, að þurfa að hafa umfangsmikið bókhald.

Tel ég þá rétt að fara örfáum orðum um hinar einstöku brtt.

1. brtt. er í 3 stafl. og við 2. gr. A-liðurinn er aðeins umorðun á liðnum, vegna þess að n. taldi rétt bæði að breyta ofurlítið orðalagi á greininni og einnig að bæta inn í fleiri atvinnugreinum heldur en í frv. stóðu. Það eru klæðskerar og gosdrykkjagerðir, sem n. hefir bætt inn í. Engin meginbreyt. er annars gerð á þessum 5. lið 2. gr.

B-liður till. fer fram á, að 12. liður í 2. gr., „læknar", falli burt, og er það vegna þess, að n. taldi ekki ástæðu til, að læknar væru skyldir til að hafa jafnvíðtækt bókhald og þessi 2. gr. laganna skipar fyrir um. Hinsvegar þótti n. rétt að gera læknum í kaupstöðum, sem reka sérstæða atvinnu, að skyldu að hafa þannig bókhald, að á hverjum tíma mætti fá glöggt yfirlit yfir aukatekjur þeirra. Hefir n. því með c-lið brtt. lagt til, að aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., sem skipar fyrir um það, að læknar og prestar í kaupstöðum skuli halda sjóðbók. N. þótti sem sé full ástæða fyrir því, að prestar í kaupstöðum, sem ætla má, að hafi allmiklar aukatekjur, væru skyldaðir til að halda sjóðbók. Hinsvegar taldi hún nægilegt, að þessir embættismenn héldu aðeins sjóðbók, þar sem ekki er um nema eina tekjugrein að ræða.

2. brtt. n. er aðeins afleiðing af c-lið 1. brtt., því að það var nauðsynlegt að breyta þá orðalagi 6. liðs 3. gr., þar sem búið var að fella læknana út úr 2. gr.

3. brtt. er við 4. gr. og er þess efnis, að lögreglustjórum sé heimilt að undanþiggja smærri atvinnurekendur, sem féllu undir ákvæði 2. gr., frá því að hafa jafnfullkomið bókhald og þeim er annars fyrirskipað. Taldi n. nokkra ástæðu til þess, sérstaklega fyrst í stað, þar sem um eldri fyrirtæki væri að ræða, sem gæti verið, að væru svo smá, að það ylli nokkrum óþægindum að hafa fullkomið tvöfalt bókhald. Álítur n., að lögreglustjórum sé fyllilega trúandi til þess að ákveða um þetta í hverju einstöku tilfelli. En þetta gerir það að verkum, að fyrirmæli 2. gr. verða ekki eins fortakslaus og þau hefðu annars verið.

Þá er 4. brtt., sem er við 6. gr. Það er fremur lítilfjörleg breyt. Hún er aðeins í samræmi við það, sem kemur fram á öðrum stöðum í lögunum, að það geti

verið nægilegt að halda sjóðbók, en ekki reglulega dagbók, þótt tvöfalt bókhald sé, og þótti n. rétt að gera þessa orðabreyt. á 6. gr. í samræmi við það, sem stendur annarsstaðar.

5. brtt. er við 18. gr., um að orðin „eftir atvikum" falli aftan af gr. Gr. fjallar um sektir við brotum gegn 5. gr., og eru þær frá 5—200 kr. N. fannst óþarft, að þetta stæði þar, en annars skiptir það ekki svo miklu máli.

Þá er 6. og síðasta brtt. við 20. gr., sem er líka um sektir. Það má segja, að hún sé fremur orðabreyt. en efnisbreyt., af því að það má vænta þess, að meiningin með 20. gr. sé, að smærri brot varði aðeins sektum, en hún verður ekki skilin öðruvísi en svo, að brot gegn 10., 11. og 13.—15. gr. varði sektum og fangelsi. En n. þótti ekki ástæða til, að svo hart væri að gengið, en hinsvegar sjálfsagt, að ef um þau atvik er að ræða, sem nefnd eru síðar í gr., þá varði þau fangelsi eða betrunarhúsvinnu.

Ég skal geta þess, að þessi breyt. er orðuð af hv. þm. Seyðf., og ég tel, að það sé nægileg trygging fyrir því, að brtt. sé betur orðuð frá sjónarmiði lögfræðingsins heldur en hún var áður, og vænti ég því þess, að hún verði samþ. Hinsvegar er ekki með þessu að neinu leyti dregið úr refsiákvæðunum. Þau virðast vera mjög rúm, og eiga líka að vera það, vegna þess að brot gegn þessum greinum geta verið ákaflega mismunandi.

Fyrir hönd n. hefi ég þá ekki meira að segja. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., og hefir eftir ítarlega athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að full þörf muni vera á því, að þessi löggjöf um bókfærslu verði endurskoðuð. Telur n., að eftir atvikum sé sæmilega bætt úr því með þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 344,1.a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 344,1.b. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 344,1.c. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 344,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 344,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 344,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 344,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 344,6 (ný 20. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
21.—24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 362, 379).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 379. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Björn Kristjánsson: Ég ætla ekki að tala um frv. yfirleitt, þó að mér virðist það ganga of langt, með því að skylda nálega alla verzlunarmenn til að hafa tvöfalt bókhald. Þessum lögum mundi sennilega verða beitt harðlega hér í Reykjavík, en ég efast um, að það sama verði upp á teningnum annarsstaðar, af því að verzlunarmenn úti um land kunna alls ekki tvöfalda bókfærslu, og lögreglustjórarnir, sem eiga að hafa á hendi eftirlit, sennilega ekki heldur. N. hefir samt dregið ofurlítið úr þessu, og ég er henni þakklátur fyrir. Sjálfur flyt ég eina till., á þskj. 379. Ég legg til, að felld verði úr 6. gr. frv. orðin: „þeir, sem hafa sjálfvinnandi peningakassa, geymi renninginn með ástimpluðri niðurstöðutölu sem fylgiskjal með innfærslunni", af því að þetta veldur þeim, sem peningakassa hafa, allmikils ómaks, og alveg einskisverðs ómaks. Aðalástæðan fyrir till. minni er þó sú, að flestir peningakassar í þessum bæ eru svo, að þeir telja ekki upp, svo að það yrði alls ekki hægt að framfylgja þessu ákvæði 6. gr. Þetta mundi auk þess skapa mikið misrétti og

draga úr því, að menn hefðu slíka kassa, þó að það væri kannske nauðsynlegt. Þá er það, að renningarnir geta orðið æðilangir, allt að því 2 metrar á dag, og er næstum óhugsandi, að nokkur telji þá saman. Einnig má á margan hátt fara í kringum þetta ákvæði, t. d. með því að láta telja saman á miðjum degi, halda síðan áfram sölu og telja saman aftur á kvöldin. Þá má klippa renninginn í sundur og geyma aðeins efri partinn, og enginn getur vitað, að svik hafi verið höfð í frammi. Kaupmaðurinn getur líka hæglega tekið við peningum án þess að láta þá fara í gegnum kassann. Það er því engin trygging sköpuð með þessu ákvæði frv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Út af hinum almennu aths. hv. 1. þm. G.-K. ætla ég ekki að segja margt. Hann gat þess, að þessum lögum mundi bara verða beitt í Reykjavík, en ekki úti um land, af því að úti um land kynnu menn ekki tvöfalda bókfærslu. Þó að ég sé ekki bókfærsluvanur, held ég ekki, að tvöfalda bókfærslan sé eins mikið galdraverk og hv. þm. virðist halda. Hún veldur engum óþægindum við þá stofnun, sem ég vinn við, heldur gerir hún þvert á móti verkið mun léttara en ella. Og ég skal geta þess, að mér er kunnugt um, að mjög margar verzlanir úti um land nota tvöfalda bókfærslu. Það er engin ástæða til að halda, að erfitt verði að framfylgja lögunum, því að þar sem um mjög lítil viðskipti er að ræða, má alltaf veita undanþágu. Það er búið að fyrirskipa tvöfalt bókhald hjá lögreglustjórum, enda hafa þeir venjulega skrifara, sem kunna það, þó að þeir kunni það ekki sjálfir.

Ég bar brtt. hv. þm. undir þann mann, sem var með okkur í ráðum og hefir unnið að samningu frv., og honum fannst hún alveg ástæðulaus. Ég geri mjög lítið úr þeirri mótbáru hv. þm., að menn færu að „svindla“ með þetta. Það getur auðvitað komið fyrir, og er ómögulegt við að gera, ef menn hafa það eitt í huga að misnota lögin. Lögin verða að gera ráð fyrir, að hér sé aðeins um heilbrigða bókfærslu að ræða. Það er gengið út frá því, að hvenær sem er eigi allt að vera í lagi, og þegar menn geta á hverri stundu átt von á eftirliti, er það töluverður hemill á sviksamlegt framferði. Það er undarlegt, að þeir menn hér í hv. d., sem mest skyn ættu að bera á verzlunarmál, skuli leggja á móti frv. Verzlunarráð Íslands hefir þó gefið því sín beztu meðmæli. Enda er það svo, að ef það er rétt, að Íslendingum beri nauðsyn til að mennta sína verzlunarstétt betur en nú er gert, er það eitt aðalskilyrðið, að þeir kunni vel að færa bækur, sem sýni raunverulegan hag fyrirtækisins á hverjum tíma. Ég hugsa, að mörg fyrirtæki bíði tjón við það, að bókfærslan er ekki í góðu lagi. Það er hreinasti misskilningur að halda, að þetta frv. sé aðallega fram komið til að koma í veg fyrir óráðvendni. Það er engu síður fram komið til þess að hjálpa verzlunarmönnum til að koma á góðri og skipulegri bókfærslu. Ég vona fastlega, að hv. d. samþ. frv.

Jón Þorláksson: Ég get vel fallizt á það, að æskilegt sé að fá ítarlegri fyrirmæli um bókhald en til eru í gildandi lögum. En hinsvegar vil ég undirstrika það, sem hv. 1. þm. G.-K. sagði, að frv. gengur of langt, bæði um það, hversu margir skuli vera bókhaldsskyldir, en sérstaklega um það, að heimta tvöfalda bókfærslu. Það er svo, að fyrir þá, sem mjög eru orðnir vanir tvöfaldri bókfærslu, er hún mjög aðlaðandi, og þeir vilja helzt ekki aðra nota. Og fyrir vana menn veldur það ekki daglega erfiðleikum. En þó er þessi bókfærsluaðferð talsvert erfið, og liggur það einkum í útbúnaði bókanna og tilhögun bókfærslunnar sjálfrar; fjölbreytnin er meiri. Og um áramót er talsvert vandasamt að byrja rétt innfærslur eða að opna og loka ársreikningum.

Ég þori að fullyrða, að það eru aðeins fáir menn, sem fyrst um sinn eru færir um að annast tvöfalda bókfærslu; ekki af því, að þeir geti ekki fært rétt inn í bækur í dálka, heldur af því, að þeir hafa ekki tök á að koma bókfærslunni í rétt kerfi, að byrja ársreikninga og loka þeim svo að ekki skeiki.

Fyrir fjölda af þeim mönnum, sem munu heyra undir ákvæði 2. gr., er einföld bókfærsla fullnægjandi og hin flóknari aðferð óþörf með öllu. Sú veila er á undirbúningi þessa máls, að ekki hefir

verið leitað umsagnar annara aðila en verzlunarráðs Íslands. Og það hefir að sjálfsögðu óskað eftir, að allir, sem verzlunarleyfi hefðu, væru skyldaðir til þess að hafa tvöfalda bókfærslu. Og það er ekki nema eðlilegt, að verzlunarstéttin vilji, að gerðar séu strangar kröfur til manna um kunnáttu til bókhalds, til þess að sporna fremur við aðstreymi til þessarar stéttar og verzlunarstarfa yfirleitt. En það hefir ekki verið leitað umsagnar þeirra stétta um þetta frv., sem þurfa að hafa daglegt bókhald, og það er t. d. iðnaðarmannastéttin. Það er naumast rétt að leggja svona víðtæka og erfiða bókfærsluskyldu á iðnaðarstéttina að henni forspurðri. Iðnráðið í Reykjavík er fulltrúi iðnaðarstéttarinnar, á sama hátt og verzlunarráðið er fyrir verzlunarstéttina.

Mér er hulin gáta, hvers vegna þetta frv. hefir aðeins verið borið undir verzlunarráðið, sem áður hefir haft þessa skyldu um tvöfalda bókfærslu, en ekki undir iðnráðið, sem enga bókfærsluskyldu hafði áður innan sinna vébanda, og þar sem þetta nýmæli heimtar einmitt af iðnaðarmönnum, að þeir taki nú upp tvöfalda bókfærslu. Þeir hljóta því að þurfa að kaupa vinnu til bókhalds. Þessar kröfur hljóta að veita þeim mönnum, sem gengið hafa í verzlunarskóla, aukna atvinnu.

Ég skal viðurkenna það, að hv. allshn. hefir rýmkað nokkuð um ákvæði frv.; en þó geta þau alls eigi talizt vandalaus fyrir þá af borgurum þjóðfélagsins, sem ekki hafa hingað til vanizt tvöföldu bókhaldi, en verða nú skyldaðir til þess. Ég álít, að frv. hafi ekki fengið nægilegan undirbúning, og geti tæplega fengið hann á þessu þingi. Enda væri enginn skaði skeður, þó að afgreiðsla þess biði til næsta þings, ekki sízt, ef það gæti orðið til þess, að lagfæring fengist á því.

Mér er ekki ljóst af því, sem fram hefir komið í umr., í hvaða tilgangi á að skylda alla stærri atvinnurekendur í landinu til þess að færa þetta tvöfalda bókhald; en það má geta sér til, að það eigi að gera skattanefndum auðveldara fyrir að ákveða eignar- og tekjuskatt hlutaðeigenda. Og má það til sanns vegar færa, enda er það í sjálfu sér gott. En eftir minni reynslu er sveitabúskapur það svið atvinnurekstrar, sem nú er mest áfátt um grundvöll fyrir réttlátri skattaálagningu, en eftir þessu frv. er fjölmennasta stéttin, bændurnir, undanþegin bókhaldsskyldu, þó þar séu mestir erfiðleikar á að fá rétt framtöl til skatts og komast að réttri niðurstöðu um ákvörðun skattsins. Þetta á jafnt við um landbændur og þá, sem stunda sjávarútveg. Það er erfiðast að ákveða, hvað hár tekju- og eignarskattur skuli lagður á bændur og útvegsmenn; það liggur í eðli atvinnuveganna. Meðan ekki er fundið ráð til þess að bæta úr skattheimtunni hjá þessum aðilum, þá tel ég vafasamt, að þessi lög reynist heppileg, ef það er tilgangurinn með þeim að gera skattheimtuna auðveldari og vissari en hún er nú. — Mér finnst satt að segja, að ef sett verða lög um bókhald, þá lægi máske næst að gera kröfurnar víðtækari um einfalda bókfærslu en hér er gert í þessu frv., og láta lögin þannig ná til fleiri einstaklinga og stétta. En ég er sannfærður um, að kröfurnar um tvöfalda bókfærslu eru teygðar út í öfgar og verða ekki framkvæmdar nema hér í Reykjavík, af því að menn kunna ekki tvöfalda bókfærslu. Meira að segja, sjálfir sýslumennirnir kunna ekki tvöfalda bókfærslu. (IP: Þeir fá bækur með fullkomnum formum). Ég þekki þetta fullt eins vel og hv. 2. þm. S.-M. Þeir fá bækur að vísu, og það er í sjálfu sér vandalítið fyrir þá að færa tölurnar í rétta dálka, þegar búið er að útbúa bækurnar og flokka efnið; en þeir hafa ekki þá þekkingu, sem til þess þarf að skipa efninu rétt niður, sérstaklega þegar nýjar atvinnugreinar bætast við. En það eru vandkvæði við tvöfalda bókfærslu, og þegar sýslumenn eiga að dæma um, hvernig hún sé framkvæmd, þá geta þeir það ekki.

Ungir menn, sem eru flinkir og vel að sér í þessum efnum og geta fært tvöfalt bókhald, skilja ekki hvað miklir örðugleikar fylgja því fyrir óvana eldri menn, sem eru því ókunnugir.

Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. G.-K., að það er leiðinlegt að eiga að geyma þessa reikninga sem fylgiskjöl með bókunum í 10 ár, og sé ég ekki, hvað það hefir að þýða.

Það er ýmislegt fleira í frv., sem á-

stæða er til að drepa á; en ég hefi ekki séð mér fært að bera fram brtt. við frv.; það er svo margþætt mál og vandasamt að setja takmarkalínu á milli þeirra, sem ættu að hafa tvöfalda bókfærslu, og hinna, sem gætu komizt af með einfalt bókhald. Mér sýnist réttast að láta málið sofna á þessu þingi. En ég ætla að lofa frv. að fara óáreittu til Nd., enda þótt mér sé ljóst, að það þarf að fá betri undirbúning.

Erlingur Friðjónsson: Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. sé það ljóst, að með þessu frv. er ætlazt til þess, að krafizt verði meiri þekkingar af þeim, sem fást við bókfærslu, en hingað til hefir verið. Það er vitanlegt, að meiri þekkingu og leikni þarf til þess að færa tvöfalt bókhald heldur en einfalt. Þó fer það mjög eftir stærð og fjölbreytni fyrirtækjanna, hvað erfitt er að færa bókhaldið. Séu fyrirtækin ekki margþætt, þá er bókhaldið auðvelt. Þetta er því mjög mismunandi og ekki eins erfitt og hv. 3. landsk. vildi telja.

Og þegar á það er litið, að ekki er talið gerlegt að komast af með einfalt bókhald hjá stærri fyrirtækjum, þá er eðlilegt, að samskonar kröfur séu smám saman gerðar til hinna smærri. Ég held, að það sé ástæðulaust að greina á milli stærri og smærri fyrirtækja í þessu efni, af því að bókhaldið er svo auðvelt fyrir þau minni.

Hv. 3. landsk. talaði um, að iðnaðarmenn mundu þurfa að kaupa sér aðstoð, ef þeir yrðu skyldaðir til þess að færa tvöfalt bókhald, en annars ekki. Þetta getur varla verið rétt. Erfiðleikar eru ekki meiri við tvöfalt bókhald en einfalt, þegar menn hafa einu sinni lært að færa tvöfalt bókhald. Það verður að gera kröfur til þess, að þeir, sem þurfa að færa tvöfalt bókhald, hafi lært það. En svo mun það reynast auðvelt og einfalt í framkvæmd hjá litlum fyrirtækjum. Hv. 3. landsk. var að vitna í það, að hann hefði fært tvöfalt bókhald. Ég vona, að hann efist ekki um, að ég hafi gert það líka. Ég hefi fært tvöfalt bókhald bæði sem iðnaðarmaður og verzlunarmaður, og tala því af eigin reynslu um þessi efni.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég hefi fáu að svara, af því að hv. þm. Ak. hefir líka tekið af mér ómakið. Hv. 3. landsk. talaði um, að tvöfalda bókhaldið væri svo erfitt fyrir óvana menn, en ef það hefði ekki verið, þá kvaðst hann ekki hafa neitt á móti því. Hv. þm. sagði, að bókhaldið væri mjög mismunandi, og það er rétt. Við margþætt og umfangsmikil fyrirtæki er tvöfalt bókhald erfitt — en þar mun einfalt bókhald reynast mun erfiðara, og ég hygg, að það muni sanni næst, að við lítil fyrirtæki sé tvöfalt bókhald auðveldara, ef hægt er að færa það eftir réttum reglum.

Hv. þm. gat þess, að frv. væri illa undirbúið, og nefndi sem dæmi, að það hefði aðeins verið leitað umsagnar verzlunarráðs Íslands, en ekki iðnráðsins. N. sá ekki ástæðu til að leita umsagnar eða tillagna frá fleiri aðilum um frv., enda er það undarlegt, að iðnráðið hefði farið að leggja á móti þessari lagasetningu. — Ég hygg, að iðnaðarmenn leggi kapp á að undirbúa sem bezt þá menn, sem þeirra atvinnugrein stunda, og hér í Reykjavík hafa þeir iðnskólann til þess.

Ég geri ráð fyrir, að ef leitað hefði verið umsagnar iðnráðsins um þetta frv., þá hefðu svörin verið svipuð og frá verzlunarráðinu. Og þar sem það er almennt viðurkennt, að tvöfalt bókhald hefir mikla yfirburði yfir einfalt bókhald, þá verður að hlíta því, og ekki sízt vegna þess, að við smáfyrirtæki reynist það auk heldur léttara.

Þá kom hv. 3. landsk. að því, að tilgangurinn með þessu frv. væri sá, að gera skattanefndum auðveldara að komast að vissri niðurstöðu um efnahag og rekstrarhag einstakra manna og fyrirtækja. Hv. þm. gerði að vísu lítið úr þessari aðstöðu, sem skattanefndirnar fá, en ég tel hana mjög þýðingarmikla og hægara eftir en áður að finna hinar raunverulegu tekjur einstakra manna og fyrirtækja.

Hv. þm. taldi, að þetta næði ekki fyllilega tilgangi sínum, af því að fjölmennustu stéttirnar, þar á meðal bændurnir, væru ekki látnar hlíta bókhaldsskyldunni samkv. þessu frv., og þess vegna yrði jafnerfitt að finna tekjur þeirra eins og áður. Þó að þetta sé að vísu rétt, þá dregur það ekkert úr gildi frv. gagnvart öðrum stéttum í landinu. Og þar sem auðveldara verður að finna tekjur þeirra

manna og stofnana, sem frv. tekur til, þá verð ég að líta svo á, að það sé til mikilla bóta.

Þá minntist hv. þm. á brtt. hv. 1. þm. G.-K. og var henni heldur mótfallinn og taldi, að það væri leiðinlegt að geyma fylgiskjölin ár eftir ár. Það má að vísu segja svo, að það sé leiðinlegt, en það er eigi að síður nauðsynlegt. En um þessi fskj. gildir hið sama og fskj. annara reikninga, að þau eiga að vera til skýringar og samanburðar.

Jón Þorláksson: Það þýðir ekkert að eiga orðakast um þetta við hv. 2. þm. S.-M. Það er gersamlega rangt hjá honum, að það valdi ekki sérstökum örðugleikum fyrir einstaka menn og fyrirtæki, sem ekki hafa efni á því að hafa bókhaldara, að færa tvöfalt bókhald. Og það er líka erfiðara fyrir smærri fyrirtæki, af því þau skortir færa menn til þess, og af öðrum þeim ástæðum, sem ég hefi áður nefnt. Einföld bókfærsla er þannig, að haldin er sjóðbók og viðskiptabók. En slík bókfærsla getur dugað flestum smærri fyrirtækjum. (IP: Já). Tvöföld bókfærsla er allt annað. Ef hv. þm. heldur, að það sé tvöföld bókfærsla, þá er hann ekki búinn að læra frv. nógu vel. Til tvöfaldrar bókfærslu eru margir aðrir reikningar heimtaðir í frv. Í sjóðbók eru innfærð tekjur og gjöld fyrirtækisins, og í viðskiptabók skuldir og inneignir viðskiptamanna. Tvöföld bókfærsla er þægileg fyrir þá, sem geta komið henni við. En þá er svo bezt, að menn hafi kunnáttu til að færa bækur sínar rétt á þann hátt. En tvöföld bókfærsla er vandasöm þeim, er eigi hafa lært hana, og hætt er við, að hún geti orðið til ills eins í höndum fákunnandi manna, þannig að bókhaldið sýni skakkar niðurstöður. (IP: Getur það ekki líka komið fyrir í einfaldri bókfærslu?). Ekki það sem hún nær. Þeir, sem vilja færa bækur rangt, geta auðvitað gert það, hvor bókfærsluaðferðin sem notuð er. Reikningar þeir, sem krafizt er sem fylgiskjala, koma ekki í veg fyrir þetta, enda verður aldrei litið á þau fylgiskjöl, þegar búið er að færa inn í bækurnar. Þeir, sem vilja, geta haft fylgiplaggið rangt, þótt þeir færi rétt inn í bækurnar.

Björn Kristjánsson: Hv. 3. landsk. hefir sagt flest af því, sem ég vildi sagt hafa. Hv. frsm. sagði, að ég hefði mælt á móti endurbótum á bókfærslunni. Það er alls ekki rétt, heldur taldi ég, að frv. þetta væri þýðingarlaust sem liður í eftirliti með því, hvort beitt væri svikum eða ekki. Ég hefi ekki á móti frv. í sjálfu sér, en mér er kunnugt um, að ýmsar stærri þjóðir en vér gera ekki svona strangar kröfur. Bókfærslulög Dana eru frá 1912, og þar er einfalt bókhald leyft. Sama mun vera að segja um Noreg, og í Bretlandi, þar sem býr þó stærsta verzlunarþjóð heimsins, eru engin bókhaldslög. Hinsvegar er vitanlega venja hjá stærri verzlunum og verksmiðjum o. s. frv. að hafa tvöfalt bókhald. Svona er misjafnlega á þetta litið í hinum ýmsu löndum, að í einu landinu er talið bráðnauðsynlegt að hafa tvöfalt bókhald, en annarsstaðar eru engin lög til um bókfærslu.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég skal ekki dæma um hinn sögulega fróðleik hv. 1. þm. G.-K. í þessum efnum. Það kann að vera, að sumar nágrannaþjóðirnar hafi ekki lög um viss atriði, en víst er það, að almennt er viðurkennt, að tvöfalt bókhald sé fullkomnara og tryggara en einfalt, og það skiptir mestu máli. Það, sem haft er á móti tvöföldu bókhaldi, er það, að fyrirtækin eigi erfitt með að kosta það. En mér virðist, að það fyrirtæki, sem á annað borð getur haft bókhald, ætti þá að geta haft betra bókhald. Bókfærslu verða viðskiptastofnanir að hafa hvort sem er, og þó að tvöfalt bókhald kynni að leiða af sér einhvern kostnaðarauka í byrjun, þá er það viðurkennt af þeim, sem til þekkja, að það borgi sig í framkvæmd.

ATKVGR.

Brtt. 379 felld með 7:7 atkv.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 362).

Á 68. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Vélgæsla á mótorskipum.

Á 36. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum (þmfrv., A. 194).

Á 38. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Ég flutti í fyrra frv. um sama efni, sem að sönnu gekk dálítið lengra en þetta. Því frv. var þá vísað til sjútvn. og var þar dálítið breytt, aðallega í þá átt, að draga úr réttindum vélgæzlumanna. Nú er frv. flutt óbreytt að mestu eins og sjútvn. gekk frá því í fyrra. Frv. dagaði uppi í Nd., en náði samþ. í þessari hv. deild. Nú er það flutt á ný.

Aðalkjarni frv. er það, að vélgæzlumenn geti með æfingu unnið sig upp í að fara með stærri mótorvélar heldur en gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Eins og stendur veita vélgæzlunámskeiðin ekki rétt til þess. Þau veita vélgæzlumönnum aðeins rétt til að fara með 12—50 hesta mótorvélar. En þörfin krefur þess, að menn þessir megi fara með stærri mótorvélar, vegna þess að notkun stærri mótorvéla fer sívaxandi. Er því gert ráð fyrir því, að þegar þessir menn hafi verið yfirvélgæzlumenn við þessa mótorvélastærð í 12 mánuði, þá öðlist þeir rétt til að fara með 50—100 hestafla vélar, að öðrum undirbúningi undangengnum, sem gert er ráð fyrir í lögunum. — Ég vona, að frv. þessu verði hér vel tekið, eins og var í fyrra. Í fyrra var því vísað til sjútvn., og vona ég, að því verði, að umr. lokinni, vísað til sömu n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 222).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Ég get verið fáorður um þetta frv. Sjútvn. leggur einróma til, að frv. verði samþ., og þar sem þetta er samskonar frv. og það, sem fékk góðan byr hér í hv. d. í fyrra, þá tel ég ekki ástæðu til að láta fleiri orð fylgja því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 194).
Á 51. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

53. Lækningaleyfi.

Á 38. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi (þmfrv., A. 204).

Á 39. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Ég geri ekki ráð fyrir, að fyrir þessu litla frv. þurfi langa framsögu. Það skýrir sig að mestu sjálft, og ennfremur er það skýrt í grg.

Það virðist ekki hægt að telja það ósanngjarnt, þó að sú kvöð, sem frv. gerir ráð fyrir, sé lögð á lækna, sem útskrifast frá Háskóla Íslands og þar með öðlast *lækningaleyfi* samkv. 1. gr. laga 11. júlí 1911, um lækningaleyfi. En hinsvegar er þess að geta, að eigi allsjaldan kemur það fyrir, að erfiðlega gengur að fá lækna í ýms héruð landsins. Þetta ætti því ekki að geta talizt svo mikil kvöð, að hún megi virðast ósanngjörn, sérstaklega þegar þess er gætt, að hún gildir ekki nema tvö fyrstu árin eftir prófið. Ef ekkert slíkt ber við á þeim tveimur árum, eru þeir leystir undan kvöðinni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, því að málið er svo ljóst, að ekki þarf að skýra það.

Halldór Steinsson: Ég verð að segja það, að mér finnst þetta frv. vera nokkuð nýstárlegt og alveg einstakt í sinni röð. Það fer fram á, að læknaefni, sem hafa lokið prófi við háskólann, megi skylda til að gegna annaðhvort héraðslæknisstörfum eða störfum á spítala a. m. k. 1 ár, áður en þeir fá lækningaleyfi. Innihald þessa frv. er sem sé að fara fram á þegnskylduvinnu fyrir þessa stétt landsins.

Á síðustu árum hefir engin veruleg ekla verið á læknaefnum. Árlega útskrifast svo margir úr háskólanum, að það má segja, að ástandið sé orðið þannig, að hið gagnstæða eigi sér stað, sem sé að læknarnir séu orðnir of margir. Þess vegna held ég, að engin hætta sé á því, að læknar fengjust ekki til þess að gegna þessum störfum, bæði héraðslæknisstörfum og á spítölum; þeir mundu beinlínis verða neyddir til þess vegna fátæktar, án þess að þvingunarráðstafanir þyrftu að koma til greina.

Svo kemur fram í þessu frv. ranglæti gagnvart einstökum læknum, því að ekki þarf á að halda nema örfáum — einum, tveimur eða þremur — læknum í þessu skyni, en allur fjöldi læknaefna mundi sleppa við þessa þvingun, og þar með kæmi fram ranglæti og misrétti, ef þetta yrði að lögum. Ég skal taka sem dæmi, að maður að afloknu prófi ætlaði sér að verða sérfræðingur í einhverri grein læknisfræðinnar og sigldi til að afla sér frekari menntunar. Þegar hann væri svo búinn að eyða 2—3 árum til þessa náms og kæmi hingað til að setjast að sem sérfræðingur, þá gæti stj. skipað honum að sitja í héraðslæknisembætti eitt ár. Nú er það vitanlegt, að á flestum námsmönnum hvíla miklar skuldir, og þá verður þessi maður ofan á þann kostnað að kaupa sér sérstök verkfæri og setja upp „apótek", ef hann ætti að vera héraðslæknir í eitt ár, og þetta verður honum ónýtt að meira eða minna leyti að árinu loknu. Í þessu felst því mjög mikið ranglæti.

Þá finnst mér satt að segja kenna dálítils ósamræmis í frv. sjálfu, þar sem sagt er, að læknaefni fái ekki lækningaleyfi, fyrr en þeir eru búnir að gegna héraðslæknisstörfum í eitt ár; m. ö. o., þeir hafa þá ekki lækningaleyfi, þegar þeir gegna þessum störfum. Það er því spurning, hvort ekki mætti beinlínis kæra þá fyrir að stunda lækningar án lækningaleyfis. Það þarf að orða þetta nákvæmar, svo að ekki sé ósamræmi í því.

Ég held því fram, að þetta fyrirkomulag sé algerlega óþekkt alstaðar annarsstaðar, a. m. k. í öllum menningarlöndum. Ég hefi leitað upplýsinga um þetta og komizt að raun um, að það þekkist hvergi.

Ég held, að þessi þvingunar- eða kúgunarleið gegn hverri stétt þjóðfélagsins sem er sé ekki heppileg. Og eins og nú er ástatt, er samkomulagið ekki sem bezt milli læknastéttar landsins og ríkisstj., og þetta yrði sízt til að bæta það, heldur

mundi það miða að því að ýfa það miður ákjósanlega samlyndi, sem á sér stað milli þessara aðila.

Yfirleitt kann ég illa við það, að beitt sé þvingunarráðstöfunum við hvaða stétt landsins sem er, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef slík kúgunarlög kæmu fram við hverja aðra stétt sem væri, mundi það vekja mikla óánægju.

Flm. (Ingvar Pálmason): Mér kemur hálfundarlega fyrir, hvernig hv. þm. Snæf. tekur í þetta frv. Hann segir, að frv. sé nýstárlegt, og skal ég ekki bera á móti því, að slíkt hefir ekki verið í lögum hér áður, og má vel vera, að það sé ekki „praktiserað" í nágrannalöndunum. En það út af fyrir sig, að hér er um nýmæli að ræða, finnst mér hvorki vera meðmæli né andmæli.

Hann segir, að þetta sé þegnskylduvinna, sem lögð sé á eina stétt í þjóðfélaginu, en aðrar stéttir séu ekki beittar neinu slíku. Það kann svo að vera, að þetta megi telja þegnskylduvinnu, en ég hygg samt sem áður, að ekki sé venja með þegnskylduvinnu, að hún sé greidd með fullum launum, en það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að full laun verði greidd fyrir starfið. Mér er sama, hvað þetta er kallað; það hefir út af fyrir sig ekkert að segja, og frá mínu sjónarmiði er þegnskylduvinna ekki neitt ljótt eða ósæmilegt, sem sé verið að bjóða þegnum landsins; því mér finnst það bera vott um, að traust té borið til þeirra, sem verða fyrir því að vinna hana, sérstaklega þegar ekki þarf að vera neitt fjárhagslegt tjón fyrir hlutaðeigendur samfara henni. Hefir það því í raun og veru ekkert gildi, hvort menn líta á þetta sem þegnskylduvinnu eða ekki, þar sem ekki er krafizt neinnar vinnu nema full greiðsla komi fyrir.

Hv. þm. Snæf. sagði, að frv. væri óþarft, af því að engin ekla væri á læknum. Ég efast ekkert um, að nógir læknar séu til. En það er þó svo, að læknishéruð hafa staðið og standa læknislaus og verið þjónað af nágrannalæknum; eru það oftast afskekktustu og erfiðustu héruðin, sem fyrir því verða, enda er það skiljanlegt. En þess ber að gæta, að þeir, sem þar búa, þurfa líka á læknum að halda. Og þegar þarf að gæta þessara hagsmuna einstakra héraða, finnst mér vera hóflega í farið, að skylda þá, sem eru nýbúnir að ljúka prófi, til að vinna þar gegn fullum launum.

Þá taldi hv. þm., að þetta frv. væri mikið ranglæti gagnvart einstökum mönnum. Ég get ekki fundið það, því að það er ekki neitt ranglæti sýnt neinum, þótt ekki verði þörf á að nota þessi ákvæði og einhverjir losni við skylduna.

Hv. þm. nefndi dæmi um sérfræðing, sem væri búinn að afla sér sérmenntunar í ákveðnu augnamiði og ætlaði að gera hana að lífsstarfi sínu, en yrði tekinn og settur í eitt ár til að gegna héraðslæknisembætti. Fyrst og fremst eru frekar litlar líkur til þess, ef það er rétt, sem hv. þm. heldur fram, að enginn skortur sé á læknum, að slíku yrði beitt við þessa menn. En í annan máta, ef þetta kæmi fyrir, sem varla yrði, nema verulegur skortur yrði á læknum, þá finnst mér ekki vera kippt allri von undan framtíð þess manns. En ég tel ekki ástæðu til þess að gera ráð fyrir slíku, því að það kæmi ekki fyrir nema í verulegri læknaeklu.

Hv. þm. minntist á, að kenndi ósamræmis í frv. Ég skal ekkert deila við hann um það, en ég get ekki fundið, að svo sé. Hann taldi, að eftir frv. gætu menn ekki fengið lækningaleyfi, fyrr en þeir væru búnir að gegna héraðslæknisembætti í eitt ár, og þess vegna væri eftir frv. sjálfu jafnvel hægt að kæra þá fyrir að gegna læknisstörfum í þessum héruðum, sem þeir væru settir í. Ég held, að þetta sé ekki réttur skilningur hjá hv. þm., vegna þess að það stendur, eins og hann veit sjálfur, í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Þó er það skilyrði fyrir því, að þeir læknar, sem próf hafa tekið, haldi þeim rétti til lækninga" o. s. frv. Þeir hafa fengið réttinn samkv. þessum lögum, en ef þeir hafa neitað að verða við þessari kvöð, þá halda þeir ekki réttinum lengur. Þannig skil ég frv., og ég held, að hver maður, sem vill lesa frv. án þess að snúa út úr, hljóti að skilja það eins. Svo að ég tel það ekki byggt á fullum rökum, að ósamræmi sé í frv. En hinsvegar er það sjálfsagður hlutur, að reynist það svo við rannsókn í n., mundi ég taka þeim leiðréttingum, sem væru til bóta.

Hv. þm. nefndi í þessu sambandi kúgun. Mér finnst nokkuð langt gengið að kalla þetta kúgun. Ef það er rétt hjá honum, að heldur séu of margir læknar en of fáir, þá finnst mér það ekki vera kúgun. Það skyldi þá vera, að mætti réttlæta slík ummæli á þann hátt, að það væri miklum mun arðsamara að stunda lækningar sem „praktiserandi" læknir en sem héraðslæknir. Ég býst við, að hv. þm. vilji finna orðum sínum stað á þann hátt. Ég þekki ekki til þess, en það má vel vera, að það gefi meiri arð, en þá er þetta ekki kúgun, þá er það sanngjörn kvöð frá þjóðfélagsins hálfu til manns, sem hefir fengið með aðstoð ríkisins tækifæri til að komast í þessa arðvænlegu stöðu, að hann gegni héraðslæknisembætti í eitt ár. Það er engin ástæða til að gera úlfalda úr þessu frv., því það virðist vera nokkuð erfitt að heimfæra það undir nokkurskonar kúgun.

Að síðustu minntist hv. þm. á, að ekki væri sem bezt samkomulag milli læknanna og ríkisstj. Í það mál ætla ég ekki að blanda mér neitt. Ég held, að það geti legið utan við þetta frv. að öllu leyti og að sízt ætti að blanda því inn í. En ég vil benda á, að fyrir mér vakir, að þetta frv. sé ekki samið með tilliti til neinnar sérstakrar stjórnar. Ef þetta frv. yrði að lögum, mundi það geta orðið að notum fyrir þjóðina lengur en einhver viss ríkisstj. situr.

Ég hefi ekki getað sannfærzt af rökum hv. þm. um að þetta frv. sé svo mikill gallagripur, að það eigi ekki rétt á því að ganga fram. Ég vildi mega vænta þess, að þótt læknar séu, þá litu þeir óhlutdrægt á málið og gerðu ekki tilraun til að leggja annað eða meira inn í þetta frv. en virkilega í því felst.

Vona ég, að hv. d. leyfi því að ganga til 2. umr. og hv. allshn.

Halldór Steinsson: Ég þarf ekki að svara hv. flm. miklu. Hann vildi ekki viðurkenna, að hér væri um þegnskylduvinnu að ræða, þar sem starfið væri fullborgað. En starf getur verið þegnskylduvinna jafnt fyrir því, þó að það sé launað. Það er þegnskylduvinna, ef menn eru **skyldaðir** til að gegna einhverjum störfum, hvort sem þau eru borguð eða ekki. Hv. flm. taldi þegnskylduvinnu góða, og skal ég ekkert deila um það; en það er ekki rétt að beita henni við einstakar stéttir út af fyrir sig. Að öðru leyti hefi ég ekkert á móti þegnskylduhugmyndinni.

Hv. flm. vildi ekki kannast við, að ósamræmi væri í frv. En ég get ekki betur séð en ósamræmi sé í þessu skilyrði, að menn fái ekki gildandi lækningaleyfi nema hafa áður gegnt héraðslæknisstörfum í eitt ár. (IP: Það er skilyrði fyrir að **halda** lækningaleyfi). Nei, það er skilyrði fyrir að fá lækningaleyfi. Annars er þetta ekkert aðalatriði; ég vildi aðeins vekja eftirtekt þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, á því.

Hv. flm. þótti það of hart að orði kveðið, að kalla þetta kúgun við læknana, og sagði, að ekki yrði um neitt slíkt að ræða, ef það væri rétt, að nóg væri af læknum. En það getur eins verið að ræða um kúgun, þó meira en nóg sé af læknum. Það er ekki víst, að þeir, sem fyrir skyldustarfinu verða, hafi ástæðu til að gegna því, og getur það komið illa við. Þetta kemur því í bága við sjálfsákvörðunarrétt manna.

Annars skal ég ekki vera að þrátta mikið við hv. þm. út af þessu; og ég mun ekki leggja á móti því, að frv. þetta fari til n., þó ég hafi litla von um, að það lagist svo þar, að viðunandi verði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 8. apríl, var útbýtt nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 444, og á 75. fundi í Ed., 11. apríl, nál. frá minni hl., á þskj. 471, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

54. Almennur ellistyrkur.

Á 38. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (þmfrv., A. 205).

Á 40. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Á Alþingi 1929 bárum við hv. þm. Snæf. og ég fram frv. um breyt. á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk. Þessu frv. var vel tekið hér í deildinni og var afgr. til Nd. með 13 shlj. atkv., eftir að gerðar höfðu verið á því nokkrar breyt., sem við flm. gátum eftir atvikum sætt okkur við. En í Nd. andaði kaldara í garð frv. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. í Nd. (HStef) gerði grein fyrir áliti fjhn. á þskj. 414 (sjá A-deild Alþt. 1929), og talaði hann af fullum skilningi um nauðsyn þess að hækka ellistyrkinn. En því miður kom fram vöntun á þessum skilningi hjá öðrum hv. þm. í Nd. Einkum bar á þessu skilningsleysi hjá hv. 2. þm. Reykv. (HV) og hv. þm. Ísaf. (HG), þótt undarlegt megi virðast, því að sjálfsagt þykjast þeir bera hag gamalmennanna fyrir brjósti ekki síður en aðrir. Þessir hv. þm. kölluðu frv. hégóma og kák og fóru um það fleiri óvirðingarorðum, sem ég hirði ekki að rekja hér. En umr. snerust þó einkum um ímyndaða örðugleika á framkvæmd laganna á því ári, sem þau gengju í gildi.

Hið eina, sem var eitthvað í áttina til þess að geta talizt rök á móti frv., var það, að frv. myndi tefja fyrir framgangi væntanlegrar almennrar tryggingarlöggjafar. En á þeirri löggjöf bólar ekki ennþá. Að vísu er komin fram till. um skipun mþn. til að athuga alþýðutryggingar. En sú till. kom líka fram á síðasta þingi, án þess að hún fengi afgreiðslu, og má því búast við, að bið geti orðið á almennri löggjöf um þetta efni.

Ég ætla ekki að endurtaka það, sem sagt var um málið í fyrra, en vil aðeins taka það fram, að þetta frv. er ekki sett til höfuðs almennri tryggingarlöggjöf. Þetta frv. er einmitt spor í áttina til slíkrar löggjafar, sem ég tel sjálfsagða og nauðsynlega.

Frv. á þskj. 205 er shlj. frv. eins og það lá fyrir Sþ. í fyrra. Ég gerði þá grein fyrir efni þess í grg. og framsöguræðu, og sama gerði hv. 1. þm. N.-M. í Nd., og læt ég mér nægja að vísa til þess. Vil ég vona, að hv. Nd. hafi aukizt svo áræði, að hún sjái sér fært að samþykkja frv. að þessu sinni.

Frv. var athugað svo gaumgæfilega í fjhn. í fyrra og hér í hv. deild, að ég álít, að það ætti ekki að þurfa að vísa því til nefndar að þessu sinni.

Fjmrh. (Einar Árnason): Mál þetta er kunnugt hér í d. síðan í fyrra. En ég sakna þess, að ekki hefir verið tekið tillit til þess vilja, er fram kom hér í fyrra, sem sé, að hrepps- og bæjarfélög leggi fram skerf á móti tillagi ríkissjóðs og einstaklinga. Vona ég því, að n. sú, er fær málið til meðferðar, taki þetta atriði til athugunar.

Ég er sammála hv. flm. um það, að nauðsynlegt er, að tryggingarmálin komist í betra horf, en ég fæ ekki séð, að þeim tilgangi verði náð, þó að þetta frv. verði samþ. Þetta frv. er í rauninni aðeins kák, þegar litið er á, hvílíka undirbyggingu tryggingarmálin þurfa. En mér skilst, að hv. flm. vilji ekki bíða, enda þótt nú sé verið að rannsaka þessi mál og vinna að undirbúningi þeirra. En það má hv. fhn. ekki halda, að þeir menn, sem ekki geta fellt sig við þetta frv., geti ekki haft skilning á tryggingarmálunum.

Ég vona, að hv. n. taki til greina þær till., sem fram komu í fyrra og ég hefi þegar drepið á.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Mér kom ræða hæstv. fjmrh. ekki á óvart, því að hann talaði mjög svipað þessu í fyrra. En ég vil geta þess, að þar sem ekki náðist samkomulag hér í deildinni í fyrra um framlög sveitar- og sýslusjóða, þá álítum við vænlegast að leggja frv. fyrir nú eins og það lá fyrir Sþ. í fyrra. Hitt væri sannarlegt „kák", að fara að bera frv. fram í þeirri mynd, sem vitanlegt er, að Nd. vill ekki sætta sig við.

Hæstv. fjmrh. sagði, að frv. væri kák. Ég hefi margsagt, að ég skoða þetta frv. aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun, þangað til tryggingarmálin eru komin í það horf, sem þau eiga að komast. Ég er því ekki sammála hæstv. fjmrh., að frv. þetta eigi engan rétt á sér, heldur sé kák eitt. Vegna þess hvílíka undirbyggingu — undirbún-

ing — tryggingarmálin þurfa, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, tel ég frv. nauðsynlega endurbót á ellistyrktarsjóðslögunum, þar til annað fullkomnara skipulag kemst á þau mál. Að ætla sér að leiða menn af með fyrirheitum um tryggingarlöggjöf einhverntíma í fjarlægri framtíð, má líkja við að stinga dúsu upp í barn. Menn, sem vilja láta þetta mál liggja í þagnargildi þar til hin fyrirheitna tryggingarlöggjöf kemst á, skilja ekki, hve brýn sú þörf er, sem hér er um að ræða.

Að endingu vil ég segja það, að ef á að setja þessa aðilja inn í frv., sveitarsjóði og sýslusjóði, þá verður það til að fella frv. í Nd., en það áliti ég illa farið. Frv. þetta, ef það verður að lögum, bætir allmikið úr því ástandi, sem er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 382).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Frv. sama efnis sem þetta lá hér fyrir þinginu í fyrra, og gekk þá í gegnum báðar deildir þingsins, en ágreiningur varð allmikill um þetta mál milli deildanna, svo að það fór til Sþ. og var fellt þar.

Frv. er flutt af hv. 2. landsk. í því formi, sem það var tvívegis samþ. í Nd. í fyrra. Fjhn. þessarar d. lagði það til í fyrra, að einum aðila væri bætt inn í lögin sem gjaldanda, nefnilega bæjar- og sveitarfélögum, en það var ágreiningsatriðið, sem varð frv. að fótakefli. Nú þar sem þingskipun hefir ekki breytzt frá því í fyrra, þá má ætla, að frv. verði siglt í strand, ef inn í það ætti að bæta sömu ákvæðum, sem urðu því að falli þá. Því hefir n. ákveðið að bera ekki fram þær breyt., sem hún bar fram í fyrra, þótt meiri hl. áliti þær hinsvegar alveg réttmætar, því að hann lítur svo á, að þetta geti verið heppileg millileið, þótt það verði ekki endanleg lausn málsins. Þar sem 3. gr. gerir ráð fyrir nokkuð annari aðferð við úthlutun styrksins, og þar sem meira fé kemur til úthlutunar, vill meiri hl. ekki leggjast á móti frv., því að frv. þetta bætir að nokkru úr þörfum gamalmenna frekar en gildandi lög. Ég geri ráð fyrir, að ekki líði á löngu þar til þessum ellitryggingarmálum verði skipað á fullkomnari hátt en nú er, en það ætti ekki að vera því til fyrirstöðu, að frv. nái fram að ganga, og mætti þá skoða það sem bráðabirgðaráðstöfun. Hinsvegar vil ég geta þess, að hv. 4. landsk. gat þess, að hann myndi ekki geta fylgt frv. þessu, en væri ekki ákveðinn í því, hvort hann bæri fram brtt. eða ekki, og úr því að hún er ekki komin fram, geri ég ekki ráð fyrir, að hún komi, nema þá við 3. umr. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en vænti þess, að hv. deild láti það ganga fram.

Ingibjörg H. Bjarnason: Þar sem ég er fyrri flm. þessa máls, sé ég mér skylt að segja nokkur orð við þessa umr., og vil ég þá byrja á því að þakka hv. meiri hl. fyrir góðar undirtektir við málið, þar sem hann leggur til, að það nái fram að ganga. Þar sem ég við 1. umr. þessa máls gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni, vil ég ekki þreyta hv. d. með langri ræðu, enda ekki ástæða til, þar sem meiri hl. hv. n. hefir sýnt svo góðan skilning á málinu.

Meiri hl. tekur það réttilega fram á þskj. 382, að ef frv. nái að verða að lögum, þá sé það stór bót frá því, sem verið hefir. Við flutning málsins í fyrra tók ég það líka fram, að þetta væri engin endanleg lausn á málinu, heldur aðeins bót í bili, en hún væri því betri, því fyrr sem frv. næði fram að ganga. Þess vegna þótti mér það leitt, að svo skyldi þetta mál fara í fyrra, að frv. var hrakið milli deilda og síðan fellt í Sþ., því að það hefði vissulega verið hægur vandi að bæta úr göllunum, þegar endanleg lausn málsins yrði gerð. Málið fékk góða afgreiðslu hér í þessari hv. d., en það var eitt aðallega, sem fjhn. beggja deilda greindi á um, og það var, hvort sveitar- og bæjarfélög skyldu gjaldskyld eða ekki, og svo hitt, hvort ráðlegt væri að hækka nefskattinn. Ég er þess fullviss, að sjálfsagt sé að gæta þess, að þeim verði í hóf stillt, en þeir eru nú orðnir nokkuð algengir hér, eins og í öðrum nágrannalöndum vorum,

en þar sem þeir, sem skatta hafa greitt, geta orðið aðnjótandi hærra styrks en fé það nemur, sem þeir hafa lagt, þá sé ég ekki ástæðu til að líta á þetta sem óheillavænlegan nefskatt.

Ég vil taka það fram, að á það hefir verið bent, að ellistyrkurinn, sem hver einstaklingur hefir borið frá borði, hefir verið svo lítill, að hann hefir ekki bætt úr þörfinni svo nokkru nemur, en þessu vildum við, ég og hv. meðflm. minn, reyna að bæta úr að einhverju leyti, enda mun með þessu móti koma meira fé til úthlutunar en áður. Þetta verður á tvennan hátt. Fyrst og fremst þannig, að tillagið er aukið frá öllum þeim, sem eru á aldrinum 18—60 ára, og svo kemur meira fé til úthlutunar en áður, og er þetta tvennt til stórra bóta. Hæstv. stj. er hér ekki stödd, en mig hefði langað til að beina nokkrum orðum til hæstv. fjmrh., sem lagðist fast á móti þessu frv. í fyrra og vildi láta sveitar- og bæjarfélög leggja fram fé, en hv. frsm. er nú búinn að benda á, að það var ekki vinsælt í Nd., svo að ég mun ekki víkja að því frekar. Hæstv. fjmrh. sagði þá, að það væru takmörk fyrir því, hverju mætti hlaða á ríkissjóðinn, en ég hygg nú, að mörgu óþarfara sé hlaðið á hann en þessu. Þar sem nú frv. fer ekki fram á neina hækkun á ríkissjóðsframlagi, þá vona ég, að hæstv. stj. sýni þessu máli fulla velvild og bregði ekki fæti fyrir það eins og í fyrra. Ágreiningsatriðin voru svo mikil þá, að okkur flm. fannst ekki rétt að taka málið upp með öðru formi en hv. Nd. samþ. það, en svo kunna hv. þdm. söguna, málið fór fyrir Sþ. og féll þar með litlum atkvæðamun.

Þótt það kunni að láta illa í eyrum að hækka nú eingöngu persónuframlagið, þá lít ég svo á eins og í fyrra, að engan verkfæran mann muni um hækkun, sem nemur einni krónu á karla, en fimmtíu aurum á kvenmenn.

Hæstv. fjmrh. sagði í fyrra, að þótt gjald þetta væri að vísu ekki hátt, þá drægi það sig saman, er slík gjöld hlæðust að mönnum úr mörgum áttum. Ég vil snúa þessu við og nota þessi orð sem meðmæli með frv., að það munar um það fyrir sjóðinn, þegar þessi lágu gjöld koma öll á einn stað, en þessu til sönnunar get ég bent á útreikninga þá, sem frsm. fjhn. Nd. gerði í fyrra. Hinsvegar er ég sannfærð um það, að enginn vinnufær karl né kona lætur sig muna um að greiða þetta gjald. Ég vildi leyfa mér að minna á þennan útreikning, sem gerður var í Nd. í fyrra, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég lesa hann upp. Er þar gerður svo hljóðandi samanburður á tekjum sjóðsins eins og þær eru og eins og þær hefðu orðið eftir þeim till., sem fram komu í málinu:

	Tekjur þús. kr.	Úthlutun þús. kr.	Vextir þús. kr.
Lögin	173	97,7	75,3
Frv. flm.	286	165,4	120,6
Frv. Ed.	297	222,3	75,5
Till. fjhn. Nd. ..	229	176,7	52,8

Þessi útreikningur mun standast þá prófraun, ef menn vilja fara að athuga, hvort hann sé réttur.

Ágæti þessa máls verður bezt sannað með ummælum hæstv. fjmrh., þar sem hann segir í einni ræðu sinni, að sveitarsjóðirnir mundu fá framlag sitt margfaldlega endurgreitt, þótt þeir kæmu inn sem nýir gjaldendur, því að færri yrðu þá þurfandi sveitarstyrks. Betri meðmæli með frv. er naumast hægt að fá frá þeim manni, sem skipar sæti fjármálaráðherra Íslands. Ég vísa til þessara meðmæla í Alþt. frá 1929, C-deild, 230. dálki.

Í núgildandi lögum frá 1909 er gert ráð fyrir, að veita megi 200 kr. styrk sem hámark. En eins og ég tók fram í fyrra, hefir þessu hámarki aldrei verið náð. En það er auðvelt að reikna út, að ef frv. nær fram að ganga, þá mun því hæglega verða náð, þegar svo stendur á, að ástæða þykir til að veita hæsta styrk, sem hægt er að veita.

Ég get alveg fallizt á það, sem hv. frsm. fjhn. sagði í ræðu sinni, að þessa breyt. á ellistyrktarsjóðslögunum ber ekki að skoða, samkv. ummælum mínum á síðasta þingi og ummælum mínum nú, sem neina endanlega lausn á þessu máli, heldur aðeins sem millibilsástand, sem getur í engra sanngjarnra manna augum annað en bætt úr mikilli þörf. Ég tel maklegt að styðja þá menn, sem reyna eftir fremsta megni að bjarga sér sjálfir í lengstu lög, með því að þiggja ekki sveitarstyrk, og það geta þeir miklu betur, ef þessi styrkur

verður allmiklu meiri, og hjálpar þeim þannig til að bjarga sér sjálfir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég vona, að hv. þdm. sjái, að hér er enginn voði á ferðum, og geti gengið inn á efni frv. og það, sem ég hefi sagt í þessu sambandi um tilgang þess, sem er að hjálpa í bili þeim, sem eru að reyna að bjarga sér sjálfir, án þess að þurfa að leita til sveitar sinnar eða annarar hjálpar, sem mörgum hrýs hugur við að leita.

Jón Jónsson: Ég tel að sjálfsögðu gott, að eitthvað sé gert til þess að auka það fé, sem kemur til úthlutunar sem ellistyrkur. En ég er eigi að síður hálfhræddur um, að þetta frv. sé aðeins að setja nýja bót á gamalt fat. Og hinsvegar vona ég, að öll tryggingarmálin verði tekin til rækilegrar meðferðar áður en langt um líður.

Það er þó ekki svo að skilja, að þótt ég búist ekki við, að þetta frv. verði til mikilla bóta, og vænti þess hinsvegar, að meiri háttar bót komi innan skamms, þá vilji ég spyrna á móti því, að þessar litlu bætur nái fram að ganga. En mér finnst samt, að verði að hafa þær þá ögn ríflegri. Sérstaklega sakna ég þess, að ekki er tekinn upp í frv. sá tekjustofn, sem talað var um í fyrra, sem sé að gera sveitarfélögum að skyldu að leggja eitthvað til þessara sjóða. Mér finnst misráðið að gera það ekki, úr því að farið var á stað með þetta á annað borð. Í fyrra var gert ráð fyrir, að sveitarsjóðir legðu fram jafnmikið og ríkissjóður, og það hefði ekki hækkað tekjur sjóðsins svo lítið.

Hv. 2. landsk. sagði eitthvað á þá leið, að þetta frv. fæli ekki í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þetta er misgáningur, því að ég sé ekki betur en að framlag ríkissjóðs hækki úr 1.00 kr. upp í 1.50 kr. Ríkissjóður hefir lagt fram á síðasta ári 45 þús. kr., svo að þessi hækkun nemur allt að 25 þús. kr. En kæmi svo þarna til viðbótar eitthvert viðlíka gjald frá sveitarsjóðum, þá væri þetta orðið um 50 þús. kr. Ég hefi ekkert á móti því að leggja þessa kvöð á herðar sveitarfélögum, því að úthlutun ríflegs ellistyrks er áreiðanlega til þess að létta fátækraframfærsluna. Og það er langtum skemmtilegra, að þessi stuðningur kæmi fram sem heiðurslaun, eins og ellistyrkurinn á að vera, og þá yrði hann mönnum heldur hvöt heldur en þessi leiðinlegi sveitarstyrkur.

Mér finnst því, að við eigum að taka upp í frv. till. frá því í fyrra. Þótt þær hafi ekki hlotið samþykki í Nd. í fyrra, er ekkert um það sagt, að þær geti ekki gengið fram nú við nánari athugun.

Í sambandi við þetta vil ég minnast á eitt atriði í ellistyrktarsjóðslögunum, sem gæti komið til mála, að ég flytti brtt. við. Í lögunum er nú gert ráð fyrir, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluti ellistyrk, en það er óljóst, hvort nokkur yfirdómur er til um þá úthlutun. Og því miður hefir maður rekið sig á, að þetta er ekki svo tryggt sem skyldi. Ýmsar sveitarstjórnir hafa því miður allt of mikla tilhneigingu til þess að taka tillit til, hvort umsækjandinn er sveitlægur í þeirri sveit eða ekki; en það er að brjóta anda laganna, því að það er tekið fram, að aðeins skuli taka tillit til ástæðna hans. Mér hefði því þótt æskilegt, að heimildarákvæði væri sett til þess, að þeir umsækjendur um ellistyrk, sem þykjast verða mjög hart úti, geti leitað réttar síns til einhvers æðri úrskurðarvalds. Ég mun því athuga til 3. umr., hvort ekki sé rétt að tryggja betur rétt þeirra gamalmenna, sem þarna koma til greina.

Ingibjörg H. Bjarnason: Ég skal svara hv. 6. landsk. því í sambandi við þennan skakka útreikning minn um hækkun á framlagi ríkissjóðs, að þessi aths. hans er rétt. Mér láðist að geta þess áðan, að framlag ríkissjóðs hækkar auðvitað um 50 aura á hvern gjaldskyldan mann. En þessi hækkun er ekki ægileg, þegar verið er að rétta mörgum hjálparhönd.

Hv. þm. kannaðist við, að gott væri að auka úthlutunarféð. Þetta er aðalatriðið, sem vakir fyrir okkur flm. Hann taldi illa farið, að ekki skyldi farin sú leið, sem ég við 1. umr. málsins tók fram, að við sáum okkur ekki fært að fara nú. Það var ógerningur að taka frv. upp nú og flytja það á sama grundvelli, sem Nd. var fjandsamleg í fyrra. En við treystum því, að menn hefðu e. t. v. eitthvað kynnt sér þetta mál betur og séð, að hér er engin hætta á ferðum, heldur er aðeins verið

að reyna að auka það fé, sem ellistyrktarsjóðirnir ráða yfir til styrktar gamalmennum, sem eru 60 ára og þaðan af eldri. Það er verið að hjálpa ofurlítið mönnum, sem e. t. v. hafa unnið langt og gott starf, en eru efnalausir að loknu æfistarfi og eru í lengstu lög að halda sér frá sveit.

Þetta var það, sem vakti fyrir okkur flm., og að fara að flytja það, sem skynsemi okkar sagði okkur, að hefðist ekkert upp úr, nefnil. að flytja frv. í sama búningi og það var fellt í á síðasta þingi, það álitum við ekki gerlegt.

Ég skal taka það fram, að þessi lög eru aðeins til bráðabirgða. Það er búið að skora á stj. a. m. k. á tveim undanförnum þingum að undirbúa tryggingarlöggjöf, en ekkert er reyndar farið að bóla á þeim framkvæmdum enn. En þótt þetta frv. nái skammt og sé aðeins það, sem sumir kalla kák, mega menn ekki setja það fyrir sig, ef með því er að nokkru hægt að bæta úr því illa ástandi, sem er.

Að setja nýja bót á gamalt fat er gott orðatiltæki, þar sem það á við. Þetta er oft gert, og þykir ekki nema kostur að bæta gamlar flíkur með nýjum bótum, þegar efnið er samstætt. Ég sé ekki, að þessi bót, að auka úthlutunarféð, sé nein fjarstæða, og hún verður ekki óvinsæl. Hitt skal ég játa, að það hefði orðið meiri aukning, ef frv. hefði náð samþykki eins og það var afgr. frá þessari hv. d. í fyrra. En úr því sem er, þá var ekki til nokkurs hlutar að taka málið upp á grundvelli, sem ómögulegt var að fá samþ. í fyrra.

Um þann möguleika, að hv. Nd. kynni nú að vera komin á aðra skoðun í þessu máli en í fyrra, þá hefi ég litla trú á því. Það er því miður allt of sjaldgæft, að menn snúi frá villu síns vegar, þegar þeir hafa bitið sig fasta í eitthvað.

Hv. þm. talaði um, að eiginlega væri engin trygging fyrir því, að ellistyrktarfénu væri æfinlega úthlutað án allrar hlutdrægni. Ég skal fúslega viðurkenna, að ákvæði í núgildandi lögum um það er nokkuð rúmt, og brtt., sem kæmu þar til bóta, væru æskilegar. Það væri ágætt, ef hv. þm. sæi sér fært að koma með einhverjar slíkar brtt., sem tryggðu betur, að úthlutun á hverjum tíma væri ekki háð ýmsum atvikum, eins og nú er.

Ég vona, að hv. þdm. taki með skilningi og velvild í þetta mál og leyfi því fram að ganga, ekki aðeins til 3. umr., heldur einnig út úr deildinni. Finnst mér þá ástæða til að vænta þess, að hv. Nd. sjái sér fært að afgreiða frv. til fullnustu á þessu þingi, þar sem það verður lagt fyrir hana eins og hún samþ. það í fyrra, áður en það var lagt fyrir Sþ. og fellt þar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 205, 447).

Guðmundur Ólafsson: Ég flyt brtt. við þetta frv. ásamt hv. 6. landsk., á þskj. 447.

Samskonar frv. og þetta var hér á ferðinni í fyrra, en dagaði þá uppi. Er ekki ómögulegt, að svo fari enn, þar sem nú er mjög liðið á þingtímann. Þrátt fyrir það fannst okkur jafnmikil ástæða til að reyna að koma þessum brtt. í gegn, fyrst um er að ræða breytingar á þessum lögum á annað borð.

Þeir, sem telja nauðsynlegt að hækka tekjur ellistyrktarsjóðanna — og það munu flestir gera —, ættu að geta fallizt á þessar brtt. Tekjur sjóðanna aukast vitanlega mikið við það, ef sveitar- og bæjarsjóðir eru skyldaðir til að greiða til þeirra jafnmikið og ríkissjóður.

Þó ætti sveitar- og bæjarsjóðum ekki að vera íþyngt mikið með því, þótt þessar brtt. væru samþ., því nokkuð mundi kostnaðurinn við fátækraframfærið minnka og gjöldin þannig aðeins færast yfir á annan lið. Því meiri ellistyrkur sem greiddur er, því minni hlýtur fátækrastyrkurinn að verða.

Aðalmótbáran gegn þessum brtt. verður e. t. v. sú, að hv. Nd. var því andvíg í fyrra að láta sveitar- og bæjarsjóði gjalda til ellistyrktarsjóðanna. En þó hv. þm.

séu nú yfirleitt mjög staðfastir menn, þá veit maður þó til, að fyrir hefir það komið, að þeir skipti um skoðun, og ekki er alveg útilokað, að slíkt hafi hent einhverja í hv. Nd. að því er snertir þetta mál.

En ef svo færi, að hv. Nd. vildi ekki sjá frv. með þessari breyt., þá býst ég við, að við hv. 6. landsk. mundum geta samþ. það þegar það kæmi hingað aftur, þó breyt. okkar væru felldar úr því í Nd. En við viljum vita, hvort ekki er hægt að fá frv. samþ. þannig, sem við álítum það koma að mestu gagni.

Þá er það 3. brtt., sem ég skal minnast á. Hún er um það, að á eftir 16. gr. laganna komi ný gr. um það, að þeir, sem þykjast verða fyrir ranglæti við úthlutun styrksins, geti leitað réttar síns, með því að kæra til sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Það sjá allir, að þetta er nauðsynlegt, og því nauðsynlegra, sem gert er ráð fyrir, að styrkurinn verði hærri. Vona ég, að hv. flm. frv. athugi þetta; hefir það sennilega aðeins verið af óaðgæzlu, að þeir tóku þetta ákvæði ekki upp í frv. sitt í fyrstu.

Það er alveg eins nauðsynlegt, að mönnum sé gefinn kostur á að kvarta yfir úthlutun ellistyrksins eins og niðurjöfnun útsvaranna. Þó unnið sé samvizkusamlega, getur öllum nefndum mistekizt að úthluta réttlátlega. Í brtt. er gert ráð fyrir, að ef einhverjum umsækjanda finnst hann ekki fá það, sem honum ber, í samanburði við aðra, geti hann kært til bæjarstjórnar eða sýslunefndar, og á hún þá að skera endanlega úr um það, hvað hann á að fá og hvaðan það sé greitt.

Ég held allir hljóti að viðurkenna, að báðar þessar breyt. séu til bóta. Og ég verð að telja það hættulaust fyrir framgang málsins, þó þær væru samþ.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er vegna brtt. þeirra hv. þm. A.-Húnv. og hv. 6. landsk., að ég tek til máls. Ég get fallizt á, að það væri gott og blessað, ef nokkrar líkur væru til, að þær næðu fram að ganga.

Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, miðuðum við flm. frv. nú við meðferð hv. Nd. og Sþ. á því í fyrra. Við gerðum ekki ráð fyrir, að það næði fram að ganga með þeim ákvæðum, sem felld voru í Nd. í fyrra. Hv. þm. A.-Húnv. gaf í skyn, að ef Nd. gæti ekki fallizt á brtt., þá væru þeir hv. 6. landsk. reiðubúnir að samþ. frv. án þeirra, þegar það kæmi hingað aftur. En það mundi tefja málið, og hvað lítil töf sem er getur verið háskaleg fyrir framgang þess, þar sem talað er um að slíta þingi fyrir bænadaga. Annars lýsi ég því yfir, að það mundi engan hafa glatt meira en mig, ef hægt hefði verið að koma frv. í gegnum þingið með þessum breyt. Því meiri tekjur sem sjóðunum eru ætlaðar, því meira fé kemur vitanlega til úthlutunar, og það er aðalatriðið, sem fyrir okkur flm. vakir.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði um, að þó þm. væru mjög staðfastir menn, gæti komið fyrir, að þeir skiptu um skoðun, og viðurkenni ég það. Ef þeir hefðu nú einmitt breytt um skoðun á þessu máli síðan í fyrra, þá mundi það horfa allt öðruvísi við nú. En ég tel þó mjög hæpið, að byggja megi á því, að svo hafi viljað til. Og okkur flm. mundi þykja það mjög illa farið, ef tilraun okkar til að auka styrkinn til gamalmenna yrði enn að engu, og hygg ég, að fleiri hv. dm. líti svo á. Ég verð því að vara alla þá, sem vilja eindregið, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, við því að greiða 1. og 2. brtt. á þskj. 447 atkv.

Öðru máli er að gegna með 3. brtt.; hana tel ég til bóta, og hún getur varla stofnað málinu í hættu. Ef mér hefði dottið í hug, vegna persónulegs kunnugleika á úthlutun styrksins, að hlutdrægni ætti sér stað, þá hefði ég sjálf tekið upp þetta ákvæði. En ég hefi aldrei orðið slíks vör hér í Reykjavík. En ég viðurkenni, að hlutdrægni í úthlutun styrksins getur átt sér stað, og því er rétt að setja þennan varnagla í frv.

Held ég, að ég hafi svo ekki fleira um þetta að segja. Ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með 1. og 2. brtt. á þskj. 447, en greiði 3. brtt. atkv. með ánægju.

Guðmundur Ólafsson: Ég þarf ekki að svara hv. flm. frv. miklu. Hann taldi brtt. í sjálfu sér til bóta; hafði hann aðeins það á móti 2 þeim fyrri, að hann óttaðist, að þær yrðu málinu að falli, ef samþ. væru, vegna þess hvað orðið er áliðið

þingtímann. Ég verð nú að segja það, að það er sök hv. flm. sjálfra, að frv. er ekki fyrr á ferðinni. Það er að vísu búið að vera nokkurn tíma í n., en það hefði líka verið hægt að leggja það fyrr en gert var fyrir þingið.

Það, sem hv. flm. var að tala um, að þinginu ætti að slíta fyrir bænadaga, kemur mér heldur ókunnuglega fyrir sjónir. Og þar sem vitað er, hvað frv. þetta hefir eindregið fylgi í þessari hv. d., get ég ekki viðurkennt, að því sé mikil hætta búin, þó hv. Nd. gerði einhverjar breyt. á því aftur.

Hv. flm. kvaðst geta greitt 3. brtt. atkv., og þarf ég því ekki um hana að tala.

Halldór Steinsson: Ég hefi ekkert nema gott um þessar brtt. að segja. Þær ganga í þá átt að hækka þá upphæð, sem ellistyrktarsjóðirnir fá til úthlutunar, og er það alveg í samræmi við það, sem fyrir okkur flm. frv. vakir. Ég er heldur ekki eins svartsýnn um framgang málsins, þó þessar brtt. væru samþ., eins og hv. meðflm. minn. Er það einkum vegna þess, að hæstv. forseti þessarar d. er meðflm. brtt., en hann getur miklu ráðið um það, hvort hægt yrði að koma frv. gegnum þessa hv. d. aftur, ef því yrði breytt í hv. Nd.

Ég ætla að eiga það á hættu að greiða atkv. með till., því að ég treysti því, að málið tefjist ekki svo, að þetta verði ekki að lögum, þó að till. verði samþ. — Um síðustu brtt. vil ég segja það, að mér finnst hún nauðsynleg. Fátæklingar verða að geta skotið því til æðra úrskurðarvalds, hvort styrknum sé rétt úthlutað eða ekki.

Jón Baldvinsson: Þegar þetta mál kom fyrir fjhn., vildi ég ekki leggja til, að frv. yrði samþ., vegna þess að ég áleit, að gera þyrfti víðtækari breytingar en hér liggja fyrir, en ef svona smábreyt. eru gerðar með frv., er hætta á, að það dragist að gera þær breyt., sem þarf, og mér finnst það alveg sjálfsagt, að sveitar- og bæjarsjóðir taki þátt í greiðslum til ellistyrktarsjóðanna. Það stendur næst þeim, þar sem auknar tekjur sjóðanna verða þeim til svo mikilla hagsbóta. Þó að sum þau ákvæði, sem hér ræðir um, séu öðruvísi en ég hefði helzt viljað, þá mun ég greiða atkv. með frv. Í brtt. á þskj. 447 er á ýmsan hátt farið í svipaða átt og ég hefði farið, ef ég hefði borið fram brtt. við frv., og mun ég því fylgja þeim.

Ingibjörg H. Bjarnason: Ég get verið þakklát hv. deild fyrir þann velvildarhug, sem hún hefir sýnt þessu máli. Ég vil þó sérstaklega þakka hæstv. forseta fyrir þann mikilvæga stuðning, sem hann hefir sýnt málinu með brtt. sínum, og fyrir þá yfirlýsingu, að þótt svo illa færi, að þær breyt., sem verða nú að líkindum gerðar á frv., væru felldar úr í Nd., þá mundi hann samt vilja fylgja frv. eins og það kæmi frá þeirri hv. d. Þetta allt vekur traust hjá mér, svo að ég vona nú, að málið komist áfram.

Ég get verið hv. 4. landsk. sammála um það, að þörf væri á gagngerðari breytingum en hér er gert ráð fyrir. En þótt ekki sé lengra farið, bætir frv. þetta þó að miklum mun úr því ástandi, sem nú er. Þess er ekki vanþörf, því að eins og er, þá er ekki hægt að veita svo smáa styrki, að allir, sem sækja, geti fengið einhverja úrlausn. Eins og kunnugt er, þá er hámarksstyrkur 200 kr., en því hámarki hefir víst aldrei verið náð og engin líkindi til, að svo verði meðan lögin eru óbreytt. En í frv. okkar er farið fram á, að meira fé verði lagt til þessara sjóða, og verði það samþ., eykst sú upphæð að mun, sem til úthlutunar kemur, og með henni það gagn, sem sjóðirnir geta gert.

Mér virðist blása mjög byrlega fyrir þessu máli, eins og það horfir við nú, og ég er vongóð um, að frv. nái samþ. hér í hv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 447,1 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 447,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 447,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 451).

Á 76. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, LH, MG, MJ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HJ, HG, HK, HV, IngB, JÓl, BSv.

nei: MT, ÓTh.

SE, HStef greiddu ekki atkv.

Átta þm. (PO, SÁÓ, TrÞ, BSt, BÁ, EJ, JJós, JAJ) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Fátækralagabreyting.

Á 68. fundi í Ed., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927 (þmfrv., A. 395).

Á 70. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Hv. þdm. hafa haft tækifæri að kynna sér frv. til l. um breyt. á fátækralögunum, á þskj. 395, sem hér liggur fyrir. Það er borið fram samkv. ósk mæðrastyrksnefndarinnar. En sú n. er skipuð fulltrúum 15 félaga og hefir starfað nú allt að því heilt ár. Ég skal nefna félög þessi, svo að hv. þdm. geti séð, að það stendur æðimikill vilji bak við þessa breyt., sem frv. felur í sér. Þau eru: Kvenréttindafélag Íslands, Bandalag kvenna, Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna, Thorvaldsensfélagið, Hvítabandið, eldri deild, Hvítabandið, yngri deild, Hið ísl. kvenfélag, Lestrarfélag kvenna í Reykjavík, Ljósmæðrafélagið, Kristilegt félag ungra kvenna, kvenfélagið „Hringurinn", Verkakvennafélagið Framsókn, Trúboðsfélag kvenna, Barnavinafélagið Sumargjöf, Hjúkrunarfélagið Líkn.

Nefndin hefir, eins og ég gat um áðan, starfað á annað ár og unnið aðallega að því að safna skýrslum um hag einstæðra mæðra víðsvegar á landinu, í því skyni að byggja síðar á þeim skýrslum till. um mæðrastyrk frá löggjafans hálfu. Vegna þess að þetta er stórt starf, hefir n. haft fasta upplýsingaskrifstofu í tæpt ár fyrir þessar einstæðu mæður. Hafa margar konur leitað til n., sem hafa verið í vandræðum, t. d. að fá barnsmeðlag greitt af barnsföður eða því um líkt.

Við þessa starfsemi hefir n. komizt að raun um, að einstæðum mæðrum er oft mjög erfitt að fá lögskipað meðlag greitt af barnsföður, sem getur m. a. stafað af því, að hann dvelji annarsstaðar, eða þá þrjóskist við að borga. Eins og nærri má geta, verður einstæðum og úrræðalitlum konum oft erfitt um að innheimta þetta gjald, þegar faðirinn vill ekki greiða það góðfúslega. Þurfa þá greiðslur meðlagsins að fara gegnum hendur bæjar- eða sveitarstjórnar. Verður oft reyndin sú, að sveitar- eða bæjarstj. telur sér því aðeins skylt að greiða meðlagið, að móðir barnsins eða nánustu aðstandendur hennar, t. d. foreldrar, séu með öllu vanmegnugir að standa straum af uppeldi barnsins á eigin spýtur.

Nú sjá allir, hve mikil fjarstæða slíkt er á þeim tíma, sem við lifum á, að hafa slík fyrirmæli í lögum. Það getur tæplega talizt réttlæti, að heilsulítil móðir eða lúnir foreldrar hennar hafi allan tilkostnað við uppeldi barnsins, en faðir þess losni við greiðsluskyldur sínar, ef telja má, að móðirin og hennar nánustu vandamenn geti séð barninu borgið.

Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna frá 1921 mæla svo fyrir í 18. gr., að framfærslu og uppeldi óskilgetinna barna skuli svo hagað, sem hæfa þykir högum þess foreldris, sem betur er statt. Það virðist því auðsætt, að barnsföður ber að leggja fram sinn hluta til framfærslu barnsins, því að sjaldnast er barnsmóðir svo efnum búin eða aðstandendur hennar, að ekki sé full þörf fyrir meðlag barnsföður til uppeldis og framfærslu barnsins.

Það hefir komið mjög greinilega í ljós, að við lögin frá 1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna varð mikil breyt. á lífskjörum og lífsskilyrðum barnanna. Það er auðvitað með það fyrir augum, sem þessi nefnd hefir hafið starf sitt. Hún starfar aðallega á þeim grundvelli að reyna að tryggja það, að hinir ungu þjóðfélagsborgarar fái það uppeldi þegar frá byrjun, sem gefi þeim skilyrði til þess að verða nýtir og heilbrigðir menn.

Til sönnunar því, sem ég sagði um betri kjör barna nú, vil ég leyfa mér að lesa nokkur orð úr grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er eftirtektarvert, að dauðshlutfallstala óskilgetinna barna lækkar um helming á 4 ára tímabilinu 1920—25, eða fyrstu árin eftir að lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna eru í gildi, frá því sem var á næsta tímabili á undan, 1916—20, eða úr 111,5 af þúsundi niður í 63,5 af þúsundi. Á sömu tímabilum breytist dánartala skilgetinna barna úr 62,5‰ niður í 50,6‰".

Þetta er úr skýrslu, sem er allskostar ábyggileg og enginn getur rengt. Það er því greinilegt, að hin endurbætta löggjöf 1921 hefir stutt mjög að bættri heilsu þessara barna frá því, sem var á næsta tímabili á undan. Yngri skýrslur um þetta eru ekki til.

Þó að fleiri ástæður kunni að vera til þessarar lækkunar, þá má telja víst, að lögin um rétt óskilgetinna barna hafi átt sinn þátt í að minnka barnadauðann, og þá einkum það ákvæði, að mæður skulu eiga skilyrðislausan rétt til að fá meðlag greitt af dvalarsveit sinni. Það hefir orðið þyngst á metunum til að bæta lífsskilyrði barnanna.

Það er á þessum óræku tölum byggt, þegar mæðrastyrksnefndin leggur eindregið til, að fátækralögunum verði breytt í samræmi við áðurnefnd lög, þannig að mæðrum sé tryggður skýlaus réttur til að fá meðlag samkvæmt löglegum meðlagsúrskurði greitt af dvalarsveit sinni, sem svo auðvitað á kröfu til að fá það endurgreitt af barnsföður eða framfærslusveit hans. Þetta er það, sem n. leggur mesta áherzlu á. En að sjálfsögðu vakir fyrst og fremst fyrir n., að sem bezt sé séð fyrir velferð barnanna. Það er öllum ljóst, að heilsa og þroski barnanna fer svo að segja algerlega eftir því, við hvaða lífskjör þau eiga að búa fyrstu ár ævi sinnar. Þetta frv. er í 3 greinum, og það, sem ég nú hefi sagt, snertir 1. gr.

Þá kem ég að 2. gr. frv., sem er breyt. á 36. gr. fátækralaganna. Fyrsta málsgr. er óbreytt frá núgildandi lögum. Önnur málsgr. sömuleiðis, að öðru leyti en því, að við hana er aukið orðunum: og ekki er fátækrastjórn o. s. frv. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa nokkur orð úr frv., sem að þessari breyt. lúta: „Ekki er fátækrastjórn heimilt að taka sveitabörn frá góðum heimilum, þar sem vel fer um þau, þótt lægra meðlag fáist greitt með þeim annarsstaðar".

Þetta er ekki nema örlítil breyt., en reynist oft örlagarík. Eins og kunnugt er, þá eru hér á landi engin sérstök heimili enn sem komið er fyrir umkomulaus börn, sem sveitar- og bæjarstjórnir geta ráðstafað börnum til. En eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, þá hefir alla tíð reynzt tiltölulega auðvelt hér á landi að útvega slíkum börnum góðan samastað. Og heimili, sem taka slík umkomulaus börn, gera það langoftast af mannkærleika, en ekki vegna meðlags, sem oft er býsna lágt, eins og allir vita.

Þess eru óteljandi dæmi, bæði fyrr og síðar, hverju ástfóstri fósturforeldrar umkomulausra barna hafa tekið við þessi börn. En margar þessara fósturmæðra eða foreldra eru ekki svo efnum búin að geta tekið börnin meðgjafarlaust; það er líka á allra vitorði. Það kemur oftlega fyrir, að útvega má börnum samastað fyrir eitthvað lægri meðgjöf en á því góða heimili, þar sem bezt fer um barnið, en það er með öllu óverjandi að taka tillit til þess, bæði vegna barnsins og eins fósturforeldranna, enda er það algerlega gagnstætt fátækralögunum. 34. gr. mælir svo fyrir, að ekki megi halda undirboð á framfærslu þurfalings. Vil ég með flm. þessa frv. leggja mikla áherzlu á, að lögbannað verði að taka barn úr góðra manna höndum, þótt hægt sé að spara eitthvað á lægra meðlagi með því að flytja það.

Um 3. málsgr. 2. gr. get ég verið fáorð. 36. gr. fátækralaganna mælir svo fyrir, að ekki megi skilja hjón samvistum,

nema með samþykki þeirra. Ennfremur mælir sama gr. svo fyrir, að fátækrastj. þurfi leyfi foreldra til þess að taka barn frá þeim, nema heimilið sé siðspillandi fyrir barnið og illa fari um það. 3. málsgr. 2. gr. frv. er því eðlileg viðbót við 36. gr. fátækralaganna, eins og hún nú er orðuð.

4. málsgr. 2. gr. frv. er í samræmi við 64. gr. fátækralaganna, þar sem ákveðið er, að dvalarsveit, sem vanrækir að framkvæma fátækraflutning, missir rétt til endurgreiðslu frá framfærslusveit á styrk þeim, sem þurfamaður þiggur frá þeim tíma, sem flutningur hefði átt að fara fram og þangað til hann er framkvæmdur.

5. málsgr. 2. gr. frv. er til þess að taka af allan efa um það, að þegar ekki verður af fátækraflutningi fjölskyldu eða móður og barna eða barns, vegna þess að framfærslusveit getur ekki útvegað henni dvalarstað á sama heimili, þá skuli dvalarsveit ekki missa endurgreiðslurétt sinn.

Ýmislegt af því, sem ég hefi sagt, er tekið fram í grg. En ég hefi lagt minn skilning í grg. og leitast við í sem fæstum orðum að skýra betur efni frv. og þær kröfur, sem í því felast. Vona ég, að hv. þdm. geti léð því fylgi sitt og sjái, að hér er um sannarlegt mannúðarmál að ræða.

Ég vænti þess svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

56. Óskilgetin börn.

Á 68. fundi í Ed., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (þmfrv., A. 396).

Á 70. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Hv. þdm. hafa væntanlega kynnt sér frv. það, sem hér liggur fyrir, og hefir verið prentað upp, vegna þess að því fylgdi áður röng greinargerð.

Eins og frv. á þskj. 395, um breyt. á fátækralögunum, er þetta frv. einnig flutt eftir tilmælum mæðrastyrksnefndarinnar. 1. gr. frv. er borin fram til þess að koma samræmi á nokkur atriði í fátækralögunum og lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, um meðlag með börnum og greiðslu þess. Eins og segir í grg. frv., liggur breytingin í því, að fella burt það ákvæði, að dvalarsveit barns beri aldrei að greiða meira en meðalmeðlag, en hinsvegar sé skylt að greiða meðlagið eftir því, sem ákveðið er eftir meðlagsúrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni.

2. gr. er þess efnis, að frestur til að krefjast barnsfararkostnaðar er lengdur úr 6 mánuðum í 12 mánuði. Þetta er í samræmi við það, að barnsfaðernismál má draga að höfða í eitt ár frá fæðingu barnsins. Þar sem oft dregst að höfða slík mál fram á síðustu stund, er þá oft orðið um seinan að krefjast barnsfararkostnaðar af dvalarsveit, og er þá umstangsmikið að fara að leita úrskurðar stjórnarráðsins og bíða eftir honum. Vona ég, að hv. deild taki þessu frv. vel og vísi því að lokinni þessari umr. til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.